Um 4. gr.

Með hliðsjón af reynslu ársins 1950 eru tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. áætlaðar 1 935 000 kr.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 4 844 843.00	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 412 709.00	
			kr. 3 432 134.00
2.	Lán í dönskum krónum		— 351 775.00
3.	Lán í £ (£ 70 250-0-0)	kr. 3 210 425.00	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 3 210 425.00	
4.	Lán í $ ($ 82 500.00)	— 1 346 400.00	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 346 400.00	
5.	Lán hjá Alþjóðabanka (£ 38 281-0-0)	— 1 749 442.00	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 749 442.00	
			Kr. 3 783 909.00

Vextir og afborganir af föstum lánum 1952 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1.a.) Kr.	
2 600.00	390.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
5 237.00	6 801.00	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
450.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
2 206.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
624.00	3 467.00	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
1 256.00	5 232.00	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
40 684.00	70 450.00	Innanríkislán 1940.
270 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
115 500.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
78 574.00	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
100 000.00	100 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1947.
2 442.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi Kvenfélagsins Hringsins, Kópavogi.
7 200.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán A-flokkur.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán B-flokkur.
374 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins o. fl. (l. 90/45).
150 000.00	3 264 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabankans og gjaldeyrissjóðs.
50 000.00	1 000 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1948 (vegna iðgjalda o. fl. 1947 og 1948).
49 500.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna síldarflutninga veturinn 1947—48.
6 060.00	50 765.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara, Rvík.
2 500.00	50 000.00	Lán vegna sýslumannsbústaðar í Vík í Mýrdal.

Vextir: Kr.	Afborganir: Kr.	
30 240.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
13 200.00	10 000.00	Lán vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (ræktunarland fyrir þorpið).
12 069.00	8 046.00	Skuld við börn Geirmundar á Hóli, N.-Múlasýslu (úttektarverð húsa á Eiðaskólajörðinni Hóli í Hjaltastaðaþinghá).
479 663.00	1 630 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands „til þess að greiða yfirdráttarskuldir í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum“.
2 000.00	10 000.00	Lán vegna kaupa á landshafnarjörðinni Rifi á Snæfellsnesi.
222 750.00	1 800 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta frá 1949.
180 000.00	1 500 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna lána og framlags í sambandi við óþurrkana 1950.
44 550.00	162 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
22 500.00	37 500.00	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands (yfirtekin lán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar).
61 500.00	115 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
9 000.00	200 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Skriðuklausturs.
101 680.00	571 945.00	Lán hjá Fiskveiðasj. vegna smíði Svíþjóðarbáta.
88 650.00	855 000.00	Lán til byggingar Þjóðminjasafnshúss.
32 208.00	214 721.00	Lán hjá Styrktar- og lánasjóði vegna Svíþj.báta.
156 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1950.
160 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951 (áætl.)
450 000.00	750 000.00	Lán vegna Skuldaskilasjóðs 1950 (hjá Landsb.).
4 844 843.00	17 389 501.00	
÷ 1 412 709.00		
3 432 134.00		

Til frádráttar þessari vaxtaupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta), 1) vextir af stofnlánabréfum vegna togara, kr. 402 775.00; 2) vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara, kr. 218 234.00, og 3) vextir af 8.7 millj. stofnlánadeildarbréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur að handveði vegna Svíþjóðarbáta, kr. 217 500.00, samtals kr. 838 509.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir, innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar, kr. 199 200.00, og endurgreiddir vextir vegna láns Skuldaskilasjóðs 1950, kr. 375 000.00 (ríkissjóður greiðir 6% vexti til Landsbankans, en lánar út með 5% vöxtum). Frádráttur samtals kr. 1 412 709.00.

Boðin voru út tvö happdrættislán á árinu 1948, samtals kr. 30 000 000.00 og eiga þau að greiðast upp í einu lagi árið 1963. Með því að leggja árlega til hliðar kr. 1 968 304.00 samtals, eins og lagt er til í frumvarpinu, og geyma féð á vöxtum í Landsbankanum, verður handbær nægileg fjárhæð árið 1963 til endurgreiðslu lánanna, miðað við þá vexti, sem bankinn greiðir af slíkum innstæðum.

II. Erlend lán:

1. Lán í Danmörku:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1.b.) Kr.	
2 443.00	5 057.00	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909, til Vífilsstaðahælis.
21 493.00	108 507.00	Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
6 250.00	27 058.00	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
38 941.00	90 473.00	Det Forenede Danske Livsforsikrings-Aktieselskab Hafnia, 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
38 941.00	90 473.00	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927.
40 800.00	170 000.00	Köbenhavns Handelsbank 1950, vegna smíði varðskipa.
148 868.00	491 568.00	danskar krónur eða
351 775.00	1 161 575.00	íslenzkar krónur.

2. Lán í Bretlandi:

Vextir:	
£ 56 250-0-0	Togaralán 1949 (£ 1 250 000-0-0).
÷ £ 56 250-0-0	Sama upphæð til frádráttar innborgaðir vextir frá togurunum (1. afborgun 1. marz 1953).
£ 14 000-0-0	Tvö bráðabirgðalán, hvort að upphæð £ 175 000-0-0, vegna togara.
÷ £ 14 000-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innborgaðir vextir frá togurunum.
0	

3. Lán í U. S. A.:

Vextir:	
$ 57 500.00	Lán hjá Export Import Bank, Washington, 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. (1. afb. 1956) ($ 2 300 000.00).
÷ $ 57 500.00	Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 25 000.00	Lán 1949—50 vegna Laxár- og Sogsvirkjana ($ 2 000 000.00).
÷ $ 25 000.00	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum (1. afb. 1956).
0	

4. Lán hjá Alþjóðabanka:

Vextir:	
£ 38 281-0-0	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000-0-0 (L. 151 800 — S. 723 200.00).
÷ £ 38 281-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
0	

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður alls 3.5 millj. kr. eða um 1 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Er þetta byggt á því, hver kostnaðurinn varð við síðasta þinghald, en líka tekið tillit til aukinnar verðlagsuppbótar á laun vegna hækkaðrar vísitölu. Þegar undirbúningur fjárlagafrv. hófst í júnímánuði varð að taka ákvörðun um með hvaða vísitölu skyldi reiknað á næsta ári. Var reynt að gera sér grein fyrir

þessu eins og útlitið var þá og varð niðurstaðan sú, að gert var ráð fyrir að greidd verði uppbót á laun samkvæmt vísitölu 141, þannig að á öll fastalaun greiðist 23% og 18% á laun, er samsvara 1830 kr. mánaðarlaunum eða minna, samkv. bráðabirgðalögum nr. 75/1951.

Um 10. gr.

I. 1. Risnufé ráðherra hefur reynzt of lágt áætlað undanfarin ár, enda verðlag stöðugt hækkandi. Er lagt til, að veittar verði 40 000 kr. til þessara útgjalda á næsta ári.

2. *Stjórnarráðið.* Þessar breytingar hafa verið gerðar á starfsliði ráðuneytanna: Bætt er við einum fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu vegna aukins starfa við framkvæmd hinnar nýju löggjafar um meðferð opinberra mála. Gert er ráð fyrir, að í fjármála- og félagsmálaráðun. og forsætis- og menntamálaráðuneytunum. verði fjölgað um fulltrúa í hverju ráðuneyti fyrir sig, er vinni hálfan daginn. Loks er bætt við á launaskrá viðskiptamálaráðun. launum dr. Benjamíns Eiríkssonar, sem ráðinn hefur verið ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og viðskiptamálum. Grunnlaun annarra starfsmanna ráðuneytanna lækka um tæp 50 þús. kr., sem stafar af því, að kaup ræstingarkvenna, sem fært var á þennan lið í fyrra, er nú talið með öðrum kostnaði stjórnarráðsins, en sá liður hækkar aftur á móti um 50 þús. kr. frá því sem nú er.

3. *Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.* Breytingar á starfsmannahaldi eru ekki aðrar en þær, að ráðinn hefur verið II. fl. fulltrúi í ríkisbókhaldið, en fækkað um einn bókara hjá ríkisféhirði. Grunnlaunahækkunin stafar af mismuninum á launum þessara starfsmanna og einnig að nokkru leyti af aldurshækkunum.

Kostnaður við útgáfu Stjórnartíðindanna og ríkisreiknings hækkar frá fyrra ári um 63 þús. kr., vegna stórhækkaðs verðs á pappír og prentun. Einnig er lagt til, að til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu sé áætlað 60 000 í stað 30 000 í núgildandi fjárlögum. Þessi kostnaður hefur verið of lágt áætlaður áður.

II. *Hagstofan.* Gert er ráð fyrir sömu starfsmannatölu og áður, en hækkun á grunnlaunum stafar af færslu nokkurra starfsmanna í hærri launaflokk til samræmis við launagreiðslur annars staðar. Pappír og prentun hagskýrslna hækkar verulega eða úr 70 þús. í 103 þús., vegna aukins kostnaðar.

III. 1.—8. *Utanríkismál.* Algerlega hefur verið farið eftir tillögum utanríkisráðun. um launagreiðslur í sendiráðunum. Alls hækkar kostnaður við sendiráðin um 230 800 kr.

5. Ferðakostnaður hækkar um 45 000 kr. Sú nýbreytni er tekin upp samkvæmt ósk dómsmálarn., að sundurgreina kostnað við samninga við erlend ríki og alþjóðaráðstefnur eftir því, hvort slíkir samningar og ráðstefnur fara fram á vegum utanríkisrn. eða annarra ráðuneyta. Hækka þeir liðir, er tilheyra utanríkisþjónustunni um 150 000 kr. samtals frá núgildandi fjárlögum, en nýr liður upp tekinn vegna hinna ráðuneytanna, 200 000 kr. Eru þessar áætlanir miðaðar við reynslu undanfarið.

Liðurinn til upplýsingastarfsemi hækkar um 25 000 kr. og til kjörræðismanna um 7 400 kr. Alls nemur hækkun á liðunum 9.—14. 427 400 kr.

Fjárhagsráð. Þar hefur orðið allmikil breyting í seinni tíð. Hefur samkvæmt skýrslu fjárhagsráðs verið fækkað starfsliði þar um 40 manns frá því flest var og nemur sparnaður í launagreiðslum kr. 1 306 136. Fækkun starfsfólks skiptist á hinar ýmsu deildir þannig:

	Fækkun starfsliðs	Sparnaður kr.
1. Fjárhagsráð	5	186 794
2. Innflutnings- og gjaldeyrisdeild ..	11	489 000
3. Skömmtunarskrifstofan	24	630 342
	40	1 306 136

Áætlun um kostnað við fjárhagsráð er ekki tekin í fjárlagafrv. í þetta sinn, þar sem alltaf er óvíst um fyrirkomulag þeirra mála, sem þar er fjallað um, en því er treyst, að leyfisgjöldin hrökkvi fyrir útgjöldum.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Grunnlaun óbreytt. Kostnaður við útgáfu hæstaréttardóma hækkar um 10000 kr., vegna hækkunar á pappír og prentunarkostnaði. Annar kostnaður hækkar um 15 000 kr.

2. *Borgardómaraembættið.* Gert er ráð fyrir sömu tölu starfsmanna og áður og grunnlaun því nálega hin sömu og í fyrra. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 31 200 kr., mest vegna þess að húsaleigan, þ. e. grunnleigan, var greidd fyrir fram til 10. jan. 1952 og hún því ekki verið tekin með í áætlun á undanförnum árum, heldur aðeins vísitöluhækkunin, en á næsta ári þarf bæði að áætla fyrir grunnleigu og vísitöluuppbót. Annar kostnaður hækkar um 10 000 kr. vegna hækkandi verðlags, einkum á pappír, ritföngum og bókum.

3. *Borgarfógetaembættið.* Starfslið hið sama og áður og grunnlaun því sama sem óbreytt. Aðrir liðir hækka um 8000 kr.

4. *Sakadómaraembættið.* Fækkað hefur verið um einn starfsmann og lækka því grunnlaun samkv. því. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 76 840 kr., og er þar miðað við núverandi kostnaðarverð. Ræstingarkostnaður hafði verið nokkuð lægri en samningar fagfélags ræstingarkvenna greina, en hefur nú verið hækkaður í 2000 kr. á mánuði auk verðlagsuppbótar. Mestu munar þó á húsaleigu, en um hana hefur verið gerður nýr samningur mjög til hækkunar, nemur húsaleigan nú 6 820 kr. á mánuði. Þá er gert ráð fyrir, að annar kostnaður hækki um 58 600 kr.

5. *Lögreglustjóraembættið.* Starfslið óbreytt. Aukavinna hækkuð um 16 000 kr. Aðrir liðir hækka um rúm 40 þús. kr., sem verður að teljast eðlileg hækkun vegna aukinnar dýrtíðar.

6. *Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.* Grunnlaun því sem næst óbreytt. Bætt hefur verið við tveimur fulltrúum, í Keflavík vegna herliðsdvalarinnar, og í Suður-Múlasýslu, en fækkað um einn starfsmann á Akureyri. Enn fremur fellur niður nokkur aukavinnugreiðsla á móti. Launahækkanir þessu samkvæmt og vegna aldursuppbótar nema í grunnlaun 53 000 kr. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 180 þús. kr. Af skrifstofukostnaðinum, sem er rúmar 3 milljónir, er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnunin endurgreiði 700 000 kr., og eru það lík hlutföll og gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum.

7. *Hreppstjóralaun.* Grunnlaun áætluð þau sömu og þau reyndust 1950.

8. *Lögreglukostnaður.* Grunnlaun ríkislögreglunnar eru 7000 kr. lægri en á þessa árs fjárlögum. Aðrir liðir hækka flestir allverulega vegna vaxandi dýrtíðar. Þannig hækkar bifreiðakostnaður um 80 000 kr., áhöld o. fl. um 10 000 kr. og liðurinn einkennisföt um 19 300 kr.

Kostnaður við varðstofuna í Keflavík hækkar um 25 þús. kr. og annar löggæzlukostnaður um 100 000 kr., og hefur reynslan sýnt, að þessi liður má ekki lægri vera.

Tekinn er upp nýr liður til sumargæzlu á Raufarhöfn 10 000 kr.

Loks er hluti ríkissjóðs af löggæzlukostnaði í Reykjavík áætlaður hinn sami og í fyrra, samkv. tillögum dómsmálaráðherra, sem telur, að ekki þurfi hækkun á þessum lið.

9. *Landhelgisgæzlan.* Búizt er við, að þessi kostnaður aukist um rúmlega þriðjung eða um 3.259 millj. kr. Bæði vegna þess að hið nýja varðskip, sem verið er að byggja í Danmörku, verður væntanlega í notkun allt árið, en einnig vegna hækkaðs kaupgjalds og annars útgerðarkostnaðar.

10. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Breytingar ekki aðrar en þær, sem stafa af hækkaðri vísitölu og verðhækkun yfirleitt.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Launabreytingar ekki aðrar en sem stafa af aldurshækkunum starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 52 þús. kr. Aftur á móti hækka tekjur um 75 000 kr. Rekstrarhalli eykst um rúmar 37 þús. kr.

c. *Vinnuhæli á Kvíabryggju.* Á þessa árs fjárlögum eru veittar 125 000 kr. til rekstrar hælisins. Vinnuhæli þetta er ekki tekið til starfa, en gert er ráð fyrir, að það verði rekið á næsta ári, og er kostnaður við það talinn muni nema 250 000 kr. á árinu. Þar sem þessa árs fjárveiting er óeydd, en verður geymd til næsta árs, er lagt til, að veitt verði á næsta ári 125 000 kr.

11. *Til byggingar fangahúsa.* Þessi fjárveiting er hækkuð um helming og er þó aðeins hluti þess, sem dómsmálaráðuneytið telur nauðsynlegt.

14. Laun *sjó- og verzlunardómsmanna* hækka úr 25 000 kr. í 60 000 vegna hinnar nýju löggjafar um sjó- og verzlunardóma, sem koma til framkvæmda allt næsta ár.

17. *Félagsdómur.* Bætt er við fjárveitingu til útgáfu III. bindis félagsdóma 23 000 kr.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Starfslið óbreytt. Ferðakostnaður og annar kostnaður hækkar um 4000 kr. hvor liður. Lækkun tekna stafar af því, að næsta ár fer fram aukaskoðun aðeins, og eru þá skoðunargjöldin lægri.

2. *Verksmiðju- og vélaeftirlitið.* Starfslið óbreytt. Húsaleiga hefur hækkað úr 300 kr. í 800 kr. á mánuði. Ferðakostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður áður. Lagt til, að fjárveitingin verði hækkuð um 8000 kr.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Starfsmannafjöldi óbreyttur. Hækkun grunnlauna úr 420 þús. í 452 stafar af aldurshækkunum á laun starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr. Hefur þessi liður verið allt of lágt áætlaður áður.

4. *Löggildingarstofan.* Starfslið óbreytt frá fyrra ári. Annar kostnaður hækkar um 12 þús. kr.

5. *Skipulag bæjar- og sjávarþorpa.* Tala starfsmanna óbreytt frá fyrra ári. Bætt er við nýjum lið til kaupa á mælingatækjum 36 000 kr. Aðrir liðir hækkaðir lítið eitt.

6. *Matvælaeftirlitið.* Tala starfsmanna og grunnlaun óbreytt frá fyrra ári. Annar kostnaður hækkar um 25 000 kr.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.*

a. Fiskmatið. Grunnlaun óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 5000 kr. og ferðakostnaður um 20 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

b. Síldarmat. Grunnlaun lækka allverulega, með því að fækkað hefur verið um 2 síldarmatsmenn með hálfs árs launum hvor. Aftur á móti er tekinn upp nýr liður, tímakaup síldarmatsmanna 24 000 kr.

c. Laun kjötmatsmanna hækka um kr. 2 295, sem svarar til 17% uppbótar á launin, sem virðast hafa verið vantalin í fyrra.

d. Hið sama gildir um laun ullarmatsmanna. Hækkun 5 319 kr.

10. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 18 000 kr.

Aðrir liðir þurfa ekki skýringar við.

Um 11. gr. C.

I. 1. a. *Tollstjóraskrifstofan í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 7 247 kr., sem stafar af mismun á aldurshækkunum, viðbótarlaunagreiðslu vegna sumarleyfa og að einn tollinnheimtufulltrúi hefur verið færður á tollgæzluna. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 60 000 kr., vegna þess að útrunninn er samningur um húsnæði það, sem skrifstofan hefur haft til afnota undanfarið, og hækkar húsaleigan frá því, sem verið hefur. Reynslan hefur sýnt, að annar kostnaður hefur verið allt of lágt áætlaður, og er lagt til, að hann verði hækkaður um 125 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík* Grunnlaun hækka um 41 544 kr., sem stafar af því, að þar er nú færður einn tollheimtufulltrúi, sem áður var færður á launaskrá skrifstofunnar, enn fremur eru aldurshækkanir. Starfsmannafjöldi á launaskrám skrifstofunnar og tollgæzlunnar í Reykjavík samanlagt er hinn sami og í fyrra. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 150 000 kr., vegna þess að leiga fyrir húsnæði það, sem tollgæzlan hefur haft til umráða í Hafnarhúsinu, hefur nú verið hækkuð mjög eftir að nýju húsaleigulögin gengu í gildi, auk þess sem tollgæzlan hefur orðið að taka á leigu viðbótarhúsnæði gegn því að láta af hendi skúr og bragga við austurhöfnina, sem var lítt nothæft leigupláss. Annar kostnaður hækkar einnig mjög verulega eða um 140 000 kr. samkv. reynslu undanfarinna ára.

b. 2. *Tollgæzla utan Reykjavíkur.* Grunnlaun lækka, vegna þess að fækkað hefur verið föstum tollmönnum um 1½ mann. Annar kostnaður, og er þar í innifalinn kostnaður við sumargæzlu á Siglufirði og víðar, er hækkaður um 50 þús. kr. Ekki hefur þó tollvörðum verið fjölgað, en liðurinn bersýnilega of lágt áætlaður áður.

II. *Ríkisskattanefnd.* Starfslið óbreytt og grunnlaun sömu og áður.

Skattstofan í Reykjavík. Föstum starfsmönnum hefur fjölgað um tvo, sem hefur í för með sér hækkun grunnlauna um tæp 50 þús. kr. Lausavinna hækkar að sama skapi í reynd, þótt ekki sé svo í áætlun frumvarpsins, þar sem vinnukostnaður þessarar stofnunar hefur í fjárlögum verið allt of lágt settur.

Annar kostnaður hækkar í frv. um 275 000 kr. Hefur kostnaður við þessa stofnun farið langt fram úr áætlun undanfarið, og er nú reynt að fara sönnu nær en áður.

Um 11. gr. D.

Gert er ráð fyrir, að þessi liður hækki um 700 000 kr. vegna stórum hækkaðs verðlags á pappír og prentun.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 3000 kr.

II. *Laun héraðslækna* eru áætluð þannig: Grunnlaun 1 882 þús. kr. Verðlagsuppbót 660 þús. kr. eða alls kr. 2 542 175, og er það í samræmi við raunverulegar launagreiðslur miðað við, að öll héruð séu skipuð. Grunnlaun 1950 urðu 1 811 þúsund kr.

IV. *Ríkisspítalarnir.*

A. *Landspítalinn.* Í tillögum heilbrigðisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að bætt sé við sæfingarlækni á hálfu kaupi aðstoðarlæknis auk ráðskonu í borðstofu og 3 vinnustúlkum. Ráðning ráðskonu og fjölgun vinnukvenna hefur ekki verið samþykkt og laun þeirra því felld af launaskrá. Grunnlaunahækkun um 77 þús. kr. vegna launa sæfingalæknis og hækkunar á kaupi starfsfólks samkv. samningi við hlutaðeigandi stéttarfélag. Aðrir liðir hækka allverulega vegna hækkandi verðlags á matvælum og öðrum nauðsynjum, og á þetta einnig við um hina spítalana.

B. *Fæðingardeild Landspítalans.* Þessi stofnun hefur verið í stöðugum vexti síðan hún var sett á laggirnar og er það enn. Má búast við auknu starfsmannahaldi á næsta ári, frá því sem áætlað var í fyrra, enda þegar búið að fjölga starfsliði. Lagt er til, að grunnlaun hækki um 160 þús. og aðrir liðir samsvarandi.

C. *Kleppsspítalinn.* Bætt er við einum aðstoðarlækni vegna stækkunar spítalans. Læknir þessi á einnig að fara með nýtt heilaritunartæki, er spítalinn hefur eignazt með samþykki Alþingis. Aðrar hækkanir grunnlauna samkv. samningi við starfsfólkið.

Tala starfsfólks á hinum sjúkrahúsunum er óbreytt, en hækkun grunnlauna stafar af aldurshækkunum og samningum um kauphækkun.

Daggjöld hafa verið hækkuð frá 1. júní s. l. í 46 kr. á Landspítala og 38 kr. á öðrum spítölum og nemur hækkunin 12.2% á Landspítala og 15.6% á öðrum

spítölum. Rekstrarhalli spítalanna er áætlaður 8 464 106 kr. eða 2 232 173 kr. meiri en á þessa árs fjárlögum.

V. *Til berklavarna.* Laun lækka um 9000 kr., sem var þóknun til manns, er nú lætur af störfum í þágu berklavarnanna. Framlag til berklavarnanna hækkar vegna hækkunar daggjalda á spítölum. Liðurinn hækkar alls um 682 963 kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla samkv. l. nr. 78/1936.* Þessi liður hækkar um 1 898 922 kr. Þessi mikla hækkun stafar af hækkuðum daggjöldum og fjölgun rúma á Kleppi, en auk þess er gert ráð fyrir, að ellihrumleiki og ellisjúkdómar verði taldir framvegis til þeirra sjúkdóma, sem falla undir ákvæði laga nr. 78/1936. Er gert ráð fyrir, að þessi breyting ein muni auka þessi útgjöld um 630 þús. kr.

VIII. Lagt er til, að styrkur til *heilsuverndarstöðva* hækki um 35 þús. kr. vegna fjölgunar slíkra stöðva og nýrrar löggjafar um ónæmisaðgerðir.

IX. *Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla o. fl.* hækkar um 50 000 kr. og er það í samræmi við, að margir liðir til verklegra framkvæmda hækka um 10%.

XVII. *Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum.* Fjárveitingin hefur ekki hrokkið undanfarið, og er lagt til, að hún hækki um 8000 kr.

XXI. *Styrkur til ýmissa sjúklinga.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 10 000 kr.

XXIX. *Ljósmæðralaun.* Hækkun 230 þús. kr. Þessi hækkun byggist á reynslu síðasta árs og hækkun verðlagsuppbótar.

Aðrir liðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

Um 13. gr.

I. *Stjórn og undirbúningur vegamála.*

1. Laun: Hækkun grunnlauna stafar eingöngu af aldurshækkunum starfsmanna.

2. Ferðakostnaður og til aðstoðar og mælinga: Lagt er til, að liðurinn hækki um 50 000 kr. vegna vaxandi ferðakostnaðar, dýrari dvalarkostnaðar og hærri vinnulauna við alla aðstoð.

II. a. *Til nýrra akvega* er ætlazt til að verði varið 8 085 000 kr., og er það 10% hærra en á þessa árs fjárlögum.

b. *Til viðhalds.* Samkvæmt tillögum vegamálastjóra er lagt til, að til viðhalds verði ætlað 17.5 millj. kr., en það er um 25% hærra en þessi kostnaður varð 1950 og nær þó tæplega þeirri hækkun á viðhaldskostnaði, er þegar er orðinn síðan, að sögn vegamálastjóra.

IV. *Fjallvegir.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 25 000 kr.

V. *Til áhalda.* Samkvæmt tillögum vegamálastjóra er lagt til, að fjárveitingin verði hækkuð um 200 000 kr. frá því, sem áður var. Getur liðurinn ekki lægri verið, ef nokkra vél á að kaupa.

VI. *Til sýsluvega.* Tillög til akfærra sýsluvega hækki um 25 000 kr. 3. liður á núgildandi fjárlögum, til vélakaupa sýsluvega, falli niður.

IX. Þar sem engar tillögur lágu fyrir um framlög til ræktunarvega eru þeir liðir felldir niður.

XI. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu hækki um 12 000 kr.

XIV. Iðgjöld til slysatryggingarinnar lækki um 10 000 kr.

XV. Gjöld vegna laga um orlof hækki um 10 000 kr.

Aðrir liðir er lagt til, að standi óbreyttir frá því sem ákveðið er í þessa árs fjárlögum.

Um 13. gr. B.

I. Í tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir 5 220 000 kr. rekstrarhalla á strandferðunum á næsta ári. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur gert tillögur um að mæta þessum halla að nokkru leyti með hækkunum á farmgjöldum og upp- og útskipunargjöldum. Með hliðsjón af áætlunum forstjórans

um tekjuauka af þessum ráðstöfunum hefur rekstrarhallinn verið áætlaður 3 620 000 kr.

Ekki þykir ástæða til að sundurliða rekstrarkostnaðinn í fjárlögum, og er því aðeins tekinn rekstrarhallinn.

II. Lagt er til, að styrkur til flóabáta og vöruflutninga verði 850 000 kr., og er það 125 000 kr. lægra en í núgildandi fjárlögum.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Tala starfsmanna er hin sama og áður og grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar allverulega eða um tæpar 150 þús. kr., en samkv. fenginni reynslu er óhætt að hækka tekjur af ýmiss konar starfsemi stofnunarinnar, þannig að halli á rekstrinum, sem gert er ráð fyrir að greiðist úr sérleyfissjóði, er heldur minni en samkvæmt núgildandi fjárlögum.

IV. *Til umbóta við Geysi.* Lagt er til, að varið verði 50 000 kr. til að kaupa þann hluta af hinu skipulagða svæði við Geysi, sem er ekki eign ríkisins.

Um 13. gr. C.

Grunnlaun eru lítið eitt lægri en í núgildandi fjárlögum vegna mannabreytinga. Rekstrarkostnaðarhækkanir eru ekki aðrar en svarar almennum verðhækkunum.

Lagt er til að verja til hafnargerða og lendingarbóta 4 120 000 kr., og verði 500 000 kr. af þeirri fjárhæð varið til landshafnar í Rifi.

Tekið er upp í lögbundið framlag til hafnarbótasjóðs 1 450 000 kr.

Framlag til ferjuhafnar er hækkað um 90 000 kr.

Um 13. gr. D.

Fylgt hefur verið í meginatriðum tillögum flugráðs með breytingum flugmálaráðuneytisins.

1. Grunnlaun hækka um rúmar 11 000 kr. vegna aldurshækkana.

II. Grunnlaun hækka nokkuð við lendingarstjórn á Reykjavíkurflugvelli, en tilsvarandi lækkun er á flugumferðarstjórn vegna alþjóðaflugþjónustunnar.

Í tillögum flugráðs er gert ráð fyrir tveimur verkstæðum, vélaverkstæði og trésmíðaverkstæði, sem samtals eiga að kosta rúmar 1 458 000 kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum af verkstæðum þessum, og eigi heldur gerð grein fyrir nauðsyn þeirra fyrir flugvellina. Í núgildandi fjárlögum er sérstök fjárveiting til vélaverkstæðis, 419 035 kr. Með hliðsjón af launahækkunum er nú tekin sameiginleg fjárveiting til verkstæða 781 742 kr., og er það miklu lægra en tillögur flugráðs. Þetta þarf þó frekari athugunar en hægt var að ljúka áður en gengið var frá fjárlagafrumvarpinu.

III. Vegna yfirtöku Keflavíkurflugvallar verður mikil hækkun á þessum lið. Er tekin upp sams konar sundurliðun á kostnaði og við Reykjavíkurflugvöll.

IV. Lagt er til, að veittar verði 500 000 kr. til annarra flugvalla og sjóflughafna.

IX. Rekstur blindflugskólans fellur niður sem sérstakur kostnaðarliður, en kostnaður við þjálfun starfsmanna í flugvallarekstri hækkar um 25 000 kr., og er þá gert ráð fyrir að greiða af þessum lið fyrir námskeið flugmanna og blindflugkennslu.

XII. Endurgreiðsla á kostnaði vegna alþjóðaflugþjónustunnar hefur nú fengizt hækkað úr 82½% í 88%. Verður því um nokkra lækkun að ræða á þessum lið, þrátt fyrir aukinn kostnað.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar 3.7 millj. kr. Er gert ráð fyrir 1 millj. kr. auknum tekjum af Keflavíkurflugvelli, en allmikil lækkun er á tekjum Reykjavíkurflugvallar. Fylgdu því engar skýringar frá flugráði, og þarf það frekari athugunar.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Grunnlaun óbreytt. Ljós og hiti hækkar um 2000 kr., var of lágt áætlað í fyrra. Aðrir liðir óbreyttir.

II. Fylgt er áætlun biskups um *laun sóknarpresta og prófasta,* og er þá reiknað með, að öllum prestaköllum sé þjónað, þar sem launin eiga að renna í prestakallasjóð, þegar brauð er prestslaust um tíma. Embættiskostnaður presta, sem er 500 til 700 kr. á ári, auk verðlagsuppbótar, eftir tölu kirkna og mannfjölda, hækkar lítið eitt vegna hækkaðrar vísitölu.

Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum er lagt til, að veittar verði 500 000 kr. og mun ekki af veita. Hækkun 200 000 kr.

Styrkur til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar hækkar um 250 kr. og styrkur til málgagns fyrir þjóðkirkjuna um 2500 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskóli Íslands.* Tala starfsmanna óbreytt. Grunnlaun hækka um kr. 23 904, sem stafar af, að þrír kennarar hækka úr dósentslaunum í prófessorslaun. Sendikennarar Dana, Norðmanna og Svía hækka um 600 kr. hver. Alls nema þessar hækkanir 27 315 kr., en lækkanir 3 411 kr., þannig að hækkunin verður alls 23 904 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 37 000 kr. og ýmis gjöld um 60 þús. kr. Bætt er við nýrri fjárveiting til kaupa á tannlækningaáhöldum 45 000 kr. Aðrir liðir ýmist lítið eða ekki breyttir.

b. *Tilraunastöðin á Keldum.* Tala starfsmanna óbreytt og grunnlaun lítið eitt lægri en áður. Annar kostnaður hækkar um 11 000 kr. Alls nemur hækkun á þessum lið um 35 000 kr.

III. *Fræðslumálaskrifstofan.* Tala starfsmanna óbreytt og grunnlaun hin sömu. Annar kostnaður hækkar um 35 000 kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 25 000 kr., sem stafar af því, að fjölgað er um einn kennara. Stundakennsla hækkar um 52 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting um 25 000 kr. Viðhald húsa um 20 000 kr. og náms- og húsaleigustyrkurinn um 10 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Grunnlaun hækka um tæplega 4000 kr. vegna aldurshækkana starfsmanna. Stundakennsla um 57 000 kr. Ljós, hiti og ræsting um 25 000 kr. Námsstyrkir um 75 000 kr. og annar kostnaður um 5 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

VI. *Kennaraskólinn.* Grunnlaun óbreytt. Stundakennsla hækkuð um 21 540 kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 3000. Aðrir liðir óbreyttir.

Gert er ráð fyrir, að stofnuð verði ný deild, handíðadeild, við kennaraskólann, og er kostnaður við hana áætlaður 235 903 kr.

VII. *Sjómannaskólinn.* Grunnlaun hækka um rúm 4000 kr. vegna aldurshækkana, aukakennsla hækkar um 9500 kr., hiti, ljós og ræsting um 20 000. Til áhaldakaupa um 5000 og annar kostnaður um 2000 kr.

VIII. *Vélstjóraskólinn.* Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Aftur á móti hækkar stundakennsla um 70 800 kr. Stafar þessi hækkun fyrst og fremst af of lágri áætlun í fyrra, en auk þess af fjölgun rafmagnsdeilda um eina, fjölgun nemenda, og að tekin verður upp kennsla í meðferð véla. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5000 kr. og annar kostnaður um 11 000 kr.

IX. *Sjómannaskólahúsið.* Þó að ýmsir liðir í áætluninni breytist, er gert ráð fyrir, að hallinn verði hinn sami og í fyrra.

X. 1. *Bændaskólinn á Hólum.* Grunnlaun óbreytt, stundakennsla hækkar um 3 856 kr., til verklegs náms um 5000 kr., hiti, ljós og ræsting um 25 000 kr. Viðhald um 15 000 kr. og til vélaverkstæðis um 10 000 kr.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Grunnlaun óbreytt, stundakennsla hækkar um 5 574 kr., til verklegs náms um 17 000 kr. Hiti, ljós og ræsting um 13 000 kr. og viðhald um 60 000 kr. Þar í innifalið að leggja inn ný salerni í skólahúsið. Til

framhaldsdeildar er ætlað 70 000 kr. eða 15 000 meira en í fyrra. Bætt er við 2 nýjum liðum til vélaverkstæðis 25 000 kr. og til viðgerðar og stækkunar á fjósi staðarins 70 000 kr.

3. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 000 kr., viðhald um 5000, til raforkuframkvæmda 10 000 og annar kostnaður um 2 500 kr.

XI. *Iðnfræðsla.* Liðurinn hækki um 65 000 kr. samkvæmt tillögum atvinnumálaráðuneytisins.

XII. *Verzlunarskólar.* Vegna aukins kostnaðar er lagt til, að liðurinn hækki um 15% eða alls um kr. 24 875.

XIII. *Almenn barnafræðsla.* Grunnlaunahækkun kennara í föstum skólum 815 þús. kr. stafar af aldurshækkun og fjölgun kennara vegna aukins nemendafjölda og fjölgun fastra skóla. Grunnlaun farkennara lækka nokkuð við það, að föstum skólum er komið á stofn þar, sem áður var farkennsla. Ráðskonum við heimavistarskóla fjölgar, og hækka því launagreiðslur til þeirra. Endurgreiðsla á ¼ af rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 800 000 kr., byggt á reynslu s. l. árs og ágizkun um framtíðina. Kostnaður við bygging barnaskóla hækkar um 10% frá síðustu áætlun. Aðrir liðir ýmist óbreyttir eða lítið hækkaðir.

XIV. *Gagnfræðamenntun:*

1. *Alþýðuskólinn á Eiðum.* Grunnlaunahækkunin stafar af aldurshækkun kennara. Gert er ráð fyrir, að verknámskennsla sé aukin allverulega og bætt við hálfum launum eins kennara. Einnig er gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna verknámsins, bæði innrétting á vinnustofum og til áhaldakaupa 60 000 kr., og er það nýr liður. Þá þarfnast kirkja staðarins viðgerðar, og er lagt til, að veittar verði í því skyni 15 000 kr.

2. *Til héraðs og gagnfræðaskóla.* Grunnlaunahækkun 890 þús. kr., sem stafar af of lágri áætlun á síðustu fjárlögum, fjölgun kennara, við stækkun skólanna og aldursuppbót. Hins vegar var hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði, þar með talin stundakennsla, áætlaður ríflega í fyrra og hækkar nú tiltölulega lítið, með því líka að ýmsir stundakennarar hafa verið gerðir að föstum kennurum.

3. Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla hækki um 10%.

4. *Til námsstjóra við framhaldsskóla.* Grunnlaun óbreytt. Ferðakostnaður hækki um 10 000 kr.

7. *Til unglingafræðslu.* Liðurinn hækki um 10 000 kr.

XV. 1. *Húsmæðrafræðsla.* Grunnlaun hækka vegna aldursuppbótar starfsmanna. Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna hækkar um 48 850 kr.

2. Til byggingar húsmæðraskóla: hækkar um 10%.

3. Til húsmæðraskóla á Löngumýri: hækki um 25 000 kr.

4. Til húsmæðrakennaraskólans. Grunnlaun hækki um 2130 kr. Stundakennsla lækkar um 3000 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 000 kr.

XVI. *Til íþróttamála.*

1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins. Tala starfsmanna óbreytt.

3. Til Íþróttasambands Íslands, til þess að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra 15 000 kr. í stað 10 000.

XVII. *Heyrnar- og málleysingjaskólinn.* Grunnlaunahækkun stafar af aldurshækkun kennara. Aðrir liðir hækka samtals um 72 500 kr., bæði vegna almennrar verkhækkunar og sökum of lágrar áætlunar áður.

XVIII. *Til blindrastarfsemi.* Hækkar um 15 000 kr.

XXIII. Til *Skáksambands Íslands.* Liðurinn hækkar um 2000 kr.

XXVI. *Til rannsóknar á þroskastigi ísl. skólabarna.* Grunnlaun óbreytt að mestu. Annar kostnaður hækkar um 5 500 kr.

XXVII. *Til styrktar námsmönnum í erlendum skólum.* Liðurinn hækki um 10 000 kr.

XXVIII. Nýr liður: Kostnaður við barnaverndarráð 50 000 kr. Var áður á 17. gr., en er nú fluttur á 14. gr. samkvæmt ósk menntamálarn.

Um 15. gr.

I. *Landsbókasafnið.* Tala starfsmanna óbreytt.. Grunnlaun óbreytt. Framlagið til bókakaupa hækkar um 20 000 kr. Liðirnir: Til árbókar, til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár og annar kostnaður hækka um 5000 kr. hver.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Grunnlaun óbreytt og aðrir liðir sömuleiðis óbreyttir.

III. *Þjóðminjasafnið og listasafn ríkisins.* Samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins hefur verið gerð sérstök áætlun fyrir listasafn ríkisins. Tala starfsmanna við bæði söfnin er þó hin sama og ráðgerð var á síðustu fjárlögum við Þjóðminjasafnið eitt, og grunnlaunahækkanir stafa af aldursuppbótum. Til aðstoðar o. fl. hækkar um 5000 kr., til sjóminjasafns um 10 000 kr., til uppsetningar Þjóðminjasafnsins um 50 000 kr. og til rekstrar hússins um 50 000 kr. Hins vegar lækkar liðurinn til hljómplötusafns um 15 000 kr. Bætt er við nýjum lið, til örnefnasöfnunar, 15 000 kr.

IV. *Náttúrugripasafnið.* Grunnlaun lækka um kr. 9 425. Aðrir liðir ýmist óbreyttir eða lítið eitt hækkaðir.

VI. Við flutning Þjóðminjasafnsins úr Safnhúsinu losnar húsrúm, sem innrétta þarf fyrir Landsbókasafnið, smíða hillur, skápa o. fl. Lagt er til, að veitt verði til þessa 50 000 kr. Aðrir liðir hækka samtals um 19 þús. kr.

VII. *Styrkir til bókasafna og lesstofa.* Lagt er til, að fjárveitingar á þessa árs fjárlögum verði teknar upp óbreyttar og bætt við einu bókasafni með 1200 kr.

VIII. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Þessar breytingar er lagt til, að gerðar verði: 11. og 13. liður á núgildandi fjárlögum falli niður. 15. liður falli einnig niður, en í hans stað komi: Til útgáfu íslenzkra nýyrða 30 000 kr.

Styrkur til Steins Dofra ættfræðings hækki um 3 500 kr.

Til samningar íslenzkrar orðabókar hækki úr 60 000 kr. í 75 000 kr.

IX. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækki um 120 000 kr.

Þessir nýir liðir bætist við:

Til Halldórs Halldórssonar, til að semja ritgerð um íslenzka talshætti, 15 000 kr.

Til Guðm. Kjartanssonar, til jarðfræðirannsókna, 15 000 kr.

Til Thoru Friðriksson, til ritstarfa, 7 500 kr.

Til Sigurðar Skúlasonar, til kennslu í framsagnarlist 8000 kr.

Styrkur til Sigurðar Skagfields hækkar um 3000 kr.

Liðirnir XX.—XXV. falli niður.

Um 15. gr. B.

I. 1. Grunnlaun óbreytt. Ráðuneytið hefur ekki getað fallizt á þau tilmæli iðnaðardeildar að fjölga fastráðnu starfsfólki um eina stúlku. Annar kostnaður er áætlaður 150 000 kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Stafar þessi hækkun einkum af auknum byggingarefnarannsóknum og framlagi til mótvirðissjóðs vegna tækjakaupa.

2. Grunnlaun hækka sem nemur einni aldurshækkun. Fiskideildin hefur óskað eftir að ráða sérfræðing til viðbótar, en ráðuneytið getur ekki fallizt á þá mannafjölgun. Annar kostnaður hækkar um 40 000 kr. vegna hækkandi verðlags og greiðslu í mótvirðissjóð vegna tækjakaupa.

3. Grunnlaun lækka sem nemur þriðjungi af launum forstöðumanns, en hann tekur hluta af launum sínum annars staðar.

Kostnaður við búin á Hesti og Varmá hækka nokkuð frá þessa árs fjárlögum. Er kostnaður við þau þó áætlaður töluvert lægri en í fjárhagsáætlun búnaðardeildar. Ekki þykir verða hjá því komizt að verja 40 000 kr. til stofnkostnaðar við tilraunabúið á Varmá.

Lagt er til að veita sérstaklega 100 000 kr. til kortlagningar jarðvegs. Er hér um mikilvæga starfsemi að ræða í þágu landbúnaðarins. Hefur dr. Kellogg, heimskunnur jarðvegsfræðingur, ferðazt nokkuð um landið til jarðvegsathugana, og telur hann mikilvægt að kortleggja jarðveginn. Hefur hann sent landbúnaðarráðherra ýtarlegar tillögur um þetta efni.

5. Sameiginlegur kostnaður hækkar nokkuð vegna aukins hitakostnaðar, rafmagns og ræstingar og aukins húsnæðis. Aftur á móti fellur niður einn liður gildandi fjárlaga, til kaupa á rannsóknartækjum, 100 000 kr.

II. *Rannsóknarstofa háskólans.* Grunnlaun hækka um tæp 56 þús., vegna þess að við bætast laun eins aðstoðarlæknis að hálfu og laun aðstoðarstúlku. Hækkun alls á þessum lið 114 þús. kr.

IV. *Veðurstofan.* Nokkrar tilfærslur á launum starfsmanna hafa átt sér stað á árinu, þannig að grunnlaun við hina almennu veðurþjónustu lækka um 56 þús. kr., en tilsvarandi hækkun á sér stað í veðurþjónustunni vegna millilandaflugsins. Aukavinna hækkar einnig vegna vísitöluhækkunar og að því er veðurþjónustu vegna millilandaflugsins snertir, einnig vegna þess að 2 fastir starfsmenn hafa verið færðir á aukavinnuliðinn. Aðrir liðir hækka einnig vegna aukinnar dýrtíðar og nemur hækkunin á IV. lið 1. alls 165 875 kr., og á IV. 2. 283 978 kr. Tillag til WMO er flutt á 17. gr.

Bætt er við nýjum lið, til veðurþjónustu á Grænlandi, en um þátttöku Íslands í þessum kostnaði hefur verið samið.

V. *Til landmælinga.* Liðurinn hækki um 10 000 kr.

VIII. *Til húsameistara ríkisins.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækki um 10 000 kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Hækkun á þessum lið um 200 000 kr. byggist á fyrirsjáanlegum hækkunum á launagreiðslum til starfsmanna félagsins vegna hækkandi kaupgjaldsvísitölu.

3. Framlag til búreikningaskrifstofu hækki um 10 000 kr.

4. Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta er áætlaður á næsta ári 155 226 kr. Er þetta í fyrsta skipti, sem þessi áætlun nær til heils árs; í fyrra var miðað við hálft árið.

Samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands er gert ráð fyrir, að áætla þurfi 5 000 000 kr. til jarðræktarframkvæmda og 3 000 000 kr. til framræslu eða samtals 8 millj. kr. Er þetta 3.2 millj. hærra en á þessa árs fjárlögum, byggt á því, að styrkhæfar jarðabætur aukast stöðugt frá ári til árs og hefur áætlun fjárlaga ekki hrokkið fyrir þeim greiðslum í seinni tíð. Á jarðabótastyrk greiðist einnig verðlagsuppbót, sem fer hækkandi.

7. Framlag til búfjárræktar hækkar alls um 56 241 kr.

8. Til tilraunaráðs búfjárræktar hækkar í 125 000 kr. úr 30 000 kr., og er þetta þó nokkru lægra en Búnaðarfélagið fór fram á.

10. *Til jarðræktartilrauna.* Lagt er til, að veittar verði 225 þús. kr. til stofnkostnaðar og 550 þús. kr. til rekstrarkostnaðar.

13. *Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti* 250 000 kr. Liðurinn lækkar um 300 000 kr.

15. *Til fyrirhleðslu á Hólmsá* lækkar um 50 000 kr. frá þessa árs fjárlögum.

16. *Fyrirhleðsla í ós Bessastaðatjarnar og sjóvarnargarður á Álftanesi.* Lagt er til, að tekin verði upp ný fjárveiting í þessu skyni, samtals 200 000 kr. Allmikið landbrot hefur orsakazt af sjógangi á Álftanesi hin síðari ár og mun ágerast, ef ekki verður að gert. Þarf að byggja sjóvarnargarð frá Gesthúsum vestur með sjónum til að hindra, að sjór flæði upp á landið í stórbrimum. Haustið 1948 var unnið þarna fyrir 51 000 kr., sem veitt var í fjárlögum 1947, og er nauðsynlegt að halda verkinu áfram, svo full not fáist af því.

Fyrirhleðslan í ós Bessastaðatjarnar kemur 8 búendum á Álftanesi að notum, og eru þeir reiðubúnir að leggja fram vinnu við verkið, hver að sínum hlut. Auk þess hefur þessi fyrirhleðsla þau áhrif fyrir Bessastaði, að hægt er að taka til ræktunar nokkurt land, sem nú er óræktanlegt vegna sjávargangs.

19. *Til sandgræðslu.* Framlag ríkissjóðs hækki um 215 þús. kr. Aðalhækkunin er 125 þús. kr. til sandgræðslugirðinga og 75 þús. kr. til girðinga í Meðallandi.

20. *Til skógræktar.* Grunnlaun hækka um 13 392 kr. vegna aldurshækkana og að einum starfsmanni hefur verið bætt á launaskrá, sem að vísu hefur áður starfað við skógræktina, en laun hans greidd af öðrum kostnaði. Skrifstofukostnaður hækki um 11 000 kr. Til skógræktarfélaga um 65 000 kr. og til skóggræðslu um 220 000 kr. Loks er tekinn upp nýr liður, til skóggræðslu á jörðum einstaklinga, 200 000 kr.

25. *Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði.* Fjárveitingin hækki um 10 000 kr., sem ætla má að dugi fyrir nauðsynlegum kostnaði.

26. *Eyðing refa og minka.* Þessi kostnaður fer vaxandi ár frá ári. Lagt er til, að fjárveitingin verði hækkuð um 40 000 kr., og miðast það við reynslu.

27. *Til dýralækna.* Grunnlaun óbreytt. Grunnlaun þeirra, er styrk fá til að stunda dýralækningar samkv. 13. gr. dýralækningalaganna, hækka úr 14 040 kr. í 22 815 kr.

29. *Til kláðalækninga.* Liðurinn hækki úr 5000 í 30 000 kr. Hefur sýnt sig, að of lítið fé hefur verið veitt til að greiða kostnað við þessar lækningar árlega.

30. *Sauðfjársjúkdómavarnir.* Þessi liður hækkar um tæpar 4 millj. króna. Langstærsti útgjaldaliðurinn er bætur vegna fjárskipta, 12 630 000 kr. Er hér um að ræða lögskyldar bætur fyrir 94 þús. fjár á svæðinu frá Hvalfirði að Þjórsá, en auk þess er gert ráð fyrir, að í upphæðinni sé innifalið bætur fyrir niðurskurð á sauðfé í 3 vestustu hreppum Rangárvallasýslu, en kostnaður við það er áætlaður 880 000 kr. Flutningskostnaður hækkar einnig verulega, eða úr 440 000 kr. í 1 050 000 kr.

34. Loks er tekinn upp nýr liður samkvæmt tillögum landbúnaðarráðuneytisins: *Til tilraunabús í Laugardælum* 225 000 kr., og gert ráð fyrir, að það sé fyrri greiðsla af tveimur, til þess að styrkja stofnun tilraunakúabús í Laugardælum.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands.* Framlag ríkissjóðs hækki um 130 000, sem svarar til launabóta vegna hækkandi vísitölu.

2. *Til nýrra tækja* í rannsóknarstofu Fiskifélagsins (mótvirðissjóður) 358 000 kr.

4. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.* Hækkun 4000 kr.

7. *Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir.* Liðurinn hækki um 50 000 krónur.

8. *Til aflatryggingarsjóðs.* Hækkun 450 þús. kr. (áætlunarupphæð).

9. *Til olíusamlaga.* Nýr liður 70 000 kr. Olíusamlag Ísafjarðar hefur byggt olíustöð. Kostnaður við hana varð kr. 349 491.29. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði á næsta ári lögboðinn hluta af byggingarkostnaðinum.

Um 16. gr. C.

1. *Til Landssambands iðnaðarmanna.* Liðurinn hækki um 40 þús. kr.

2. Nýr liður: *Til eflingar upplýsingastarfsemi fyrir iðjurekstur í landinu* 100 000 kr.

4. *Til iðnfræðsluráðs.* Liðurinn hækki um 65 þús. kr.

5. *Til byggingar iðnskóla.* Liðurinn hækki um 10%.

Aðrir liðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

Um 16. gr. D.

I. *Stjórn raforkumála.* Tala starfsmanna óbreytt og grunnlaun lítið eitt lægri en áður. Aðrir kostnaðarliðir hækka um 21 000 kr.

II. *Til undirbúnings, rannsókna o. fl.* Grunnlaun óbreytt. Aðrir kostnaðarliðir hækka allmikið, en einnig tekjur, þannig að framlag ríkissjóðs hækkar alls um 38 000 kr. miðað við þessa árs fjárlög.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Breytt hefur verið um form á þessum lið, eftir tillögum raforkumálastjóra. Gert er ráð fyrir, að tekið verði bráðabirgðalán til að jafna halla á rekstrinum 200 000 kr. Lán þetta verði veitt úr varasjóði veitnanna, en árlega á að leggja 10% af tekjum veitnanna í varasjóð.

IV. *Vatnsmælingar.* Framlag ríkissjóðs hækki úr 50 000 kr. í 150 000. Vatnsmælingar fara nú fram á 67 stöðum á landinu, og er ætlunin að leggja aukið kapp á vatnsmælingarnar á næsta ári, sérstaklega í stóránum, en vatnsmælingar eru mjög áríðandi þáttur í rannsóknum um stórvirkjanir og virkjunarskilyrði í landinu almennt.

V. *Til nýrra raforkuframkvæmda* er lagt til, að veittar verði 1 360 000 kr. í stað 1 000 000 kr. í ár.

VII. *Til leiðbeiningar bændum um raforkumál.* Nýr liður, 70 000 kr. Þessari leiðbeiningastarfsemi hefur áður verið haldið uppi, og mun sá, sem haft hefur starfið með höndum, gegna því áfram.

VIII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Kostnaður við þessar framkvæmdir hækkar um 130 000 kr., en jafnframt er gert ráð fyrir auknum tekjum, svo að ekki verður halli á rekstrinum.

XI. *Jarðboranir og gufuvirkjanarannsóknir.* Nokkur útgjaldaaukning er ráðgerð á þessum lið, en einnig tekjuaukning, þannig að mismunur, sem greiðist úr ríkissjóði, verði 550 000 kr. í stað 365 000 kr., sem þessi halli var áætlaður í fyrra.

Um 17. gr.

2. *Til almannatrygginga.* Samkv. lögum nr. 57/1951, 24. gr., er framlag ríkisins til almannatrygginga ákveðið 17.4 millj. kr. á ári, og skal greiða á það álag samkv. 25. gr., miðað við meðalvísitölu næsta árs á undan. Nú virðist mega reikna með, að meðalvísitalan í ár verði 131 stig, sem þýðir 5.4 millj. kr. hækkun, þannig að framlagið allt mun nema 22.5 millj. kr., og er lagt til, að sú fjárhæð verði tekin í fjárlög.

Framlagið til sjúkrasamlaga er áætlað 7 500 000 kr., en er 5 000 000 á þessa árs fjárlögum. Stafar þessi hækkun af fjölgun sjúkrasamlagsmeðlima vegna ákvæða laganna um tryggingarskyldu í öllum hreppum landsins, aukning dýrtíðarinnar og fjölgun fólks í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, þar sem iðgjöldin eru hæst. Hámark iðgjalda, sem ríkissjóði ber að greiða, er 62 kr. á mann + vísitöluuppbót, sem miðast við vísitölu þess árs, er greiðslan fer fram á, og sem búizt er við, að nemi 141 vísitölustigi á næsta ári.

Tryggingastofnunin áætlar þetta þannig:

65 þús. manns á 1. verðlagssvæði á 87 kr. =	5 655 000
35 þús. manns á 2. verðlagssvæði á 50 kr. =	1 750 000
Samtals	7 405 000

Tryggingastofnunin telur, að áætlunin í ár, 5 millj., muni ekki hrökkva fyrir nauðsynlegum útgjöldum, en sé gengið út frá, að grunngjaldið verði 5.33 millj. kr. + vísitölu 141 stig, kemur út aðeins lítið eitt lægri tala en reiknað er með í frv.

4. Gjöld samkv. lögum um *afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.* Er hér um lögboðin gjöld að ræða, sem reynzt hafa sem næst þessu undanfarið.

5. Samkvæmt heimild í 22. gr. XIX. þessa árs fjárlaga hafa nú tekizt samningar milli SÍBS og ríkisstjórnarinnar um afhending *trésmiðju ríkisins* við Silfurtún. Er hér færður til gjalda ⅓ hluti af verði Silfurtúns.

9. *Kostnaður við barnaverndarráð* er eins og fyrr greinir fluttur á 14. gr.

14. *Upptökuheimilið í Elliðahvammi.* Rekstrarhalli, sem ríkissjóður greiðir, hækkar úr 72 400 kr. í 98 678 kr.

15. a. Styrkur til *Rauða kross Íslands* hækki um 10 000 kr.

20. *Til Kvenfélagasambands Íslands.* Styrkurinn hækki um 50 000 kr.

28. Kostnaður við *framkvæmd orlofslaganna* er talið, að muni lækka úr 310 000 kr. í 277 245 kr.

29. Greiðsla með *börnum erlendra manna.* Áætlunin hækkar um 268 680 kr. Er hér um lögboðnar greiðslur að ræða, sem reynsla er fengin fyrir, að mega ekki vera lægri.

Við *framlög til ýmissa alþjóðastofnana* bætist:

Til alþjóða veðurstofnunarinnar WMO 14 000 kr.

Til alþjóða hveitiráðsins 800 kr.

Til Atlantshafsbandalagsins 260 000 kr.

Aðrir liðir á 17. gr. eru ýmist óbreyttir frá núgildandi fjárlögum eða þurfa ekki skýringa við.

Starfsmannaskrá ríkisins 1952.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

Póstmálaskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	30 390
Skrifstofustjóri (1)	—	52 772
Póstmálafulltrúi (1)	—	50 226
Aðalbókari (1)	—	44 691
Fulltrúar (2)	—	84 288
Bókarar (3)	—	112 883
Ritarar (2) 26 725, 25 591	—	52 316
Samtals	kr.	427 566

Póststofan í Reykjavík:

Póstmeistari (1)	kr.	52 772
Póstfulltrúar (7) 5×42 144, 2×39 598	—	289 916
Póstafgreiðslumenn (45) 38×37 628, 37 196, 37 088, 4×36 333, 35 685	—	1 685 165
Ritarar (2) 29 695, 24 497	—	54 192
Bréfberar (25) 22×32 447, 2×31 152, 29 695	—	805 833
Húsvörður (1)	—	30 615
Bifreiðarstjórar (2)	—	76 290
Samtals	kr.	2 994 783

Póststofan á Akureyri:

Póstmeistari (1)	kr.	50 226
Fulltrúar (2)	—	79 196
Póstafgreiðslumenn (3) 2×37 628, 36 333	—	111 589
Bréfberi (1)	—	32 447
Póstsendlar (2)	—	20 304
Samtals	kr.	293 762

Póstafgreiðslan á Ísafirði:

Fulltrúi (1)	kr.	39 598
Póstafgreiðslumenn (2) 37 628, 23 755	—	61 383
Bréfberi (1)	—	23 755
Samtals	kr.	124 736

Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:

Póstafgreiðslumaður (1) (Tekur einnig laun sem stöðvarstjóri símans)	kr.	6 983
Afgreiðslumaður (1)	—	26 726
Aðstoðarmaður (1)	—	12 690
Bréfberi (1)	—	12 690
Samtals	kr.	59 089

Póstafgreiðslan á Siglufirði:

Fulltrúi (1)	kr.	39 598
Póstafgreiðslumenn (2) 36 333, 35 038	—	71 371
Bréfberi (1)	—	26 725
Samtals	kr.	137 694

Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:

Póstafgreiðslumaður (1)	kr.	37 628
Afgreiðslumenn (2) 23 755, 19 301	—	43 056
Bréfberi (1)	—	23 755
Samtals	kr.	104 439

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:

Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr.	30 390
Skrifstofustjóri (1)	—	52 772
Aðalgjaldkeri (1)	—	50 226
Aðalbókari (1)	—	50 226
Yfirverkfræðingur (1) (Tekur einnig laun hjá Ríkisútvarpinu, kr. 75 277)	—	39 337
Verkfræðingar (4) 2×50 226, 2×49 119	—	198 690
Yfirteiknari (1)	—	39 598
Teiknarar (2)	—	64 894
Fulltrúar (8) 41 812, 7×39 598	—	318 998
Eftirfarandi tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

24. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef nauðsyn þykir bera til, í sambandi við eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), hrafns og kjóa.

25. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

26. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra, skulu óheimilar nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

27. gr.

1. Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík hefur eitt heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi. Ráðherra getur samkvæmt tilmælum náttúrugripasafnsins, og að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má ekki nota önnur merki en þau, sem safnið lætur í té.
2. Hverjum, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til náttúrugripasafnsins, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI
Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

28. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka líkamshluta þeirra.

29. gr.

Fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir, að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

30. gr.

Innflutta fugla má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

31. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

32. gr.

Fugla þá, egg, eggskurn og hreiður, er um ræðir í 28.—31. gr., skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

33. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

34. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er um ræðir í 29. og 30. gr., skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

35. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 100 til 3000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 300 til 5000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki

er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

36. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 50 til 2000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 100 til 4000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka eða haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 300 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

37. gr.

Brot á ákvæðum 28.—33. gr. varða sektum frá 50 til 5000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

38. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 35.—37. gr., varða sektum frá 50 til 1000 krónum.

39. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 35. og 36. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

40. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

41. gr.

1. Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lög og lagaákvæði:

Ákv. tilsk. 20. júní 1849, um veiði, þau, er að fuglaveiðum lúta.

Lög nr. 13/1894, um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum.

Lög nr. 20/1912, um samþykkt um veiði í Drangey.

Lög nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, ásamt síðari breytingum.

Lög nr. 42/1921, um friðun lunda.

Ákvæði laga nr. 31/1922, um breytingu á lögum nr. 34/1915, um dýraverndun, að því er varðar fuglaveiðar, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Lög nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.

Lög nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

2. Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara, eru úr gildi numin.

42. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar árið eftir, að þau hljóta staðfestingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. apríl 1948 gerðist Ísland aðili að alþjóðasambandi um fuglaverndun (The International Committee for Bird Preservation) og skipaði menntamálaráðuneytið þá nefnd fimm manna til þess að koma fram gagnvart sambandinu. Í nefndina völdust dr. Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, formaður, Agnar Kofoed-Hansen, flugvallarstjóri, Kristinn Stefánsson, læknir, — allir skipaðir án tilnefningar, — Sigurður E. Hlíðar, yfirdýralæknir, skipaður samkvæmt tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, skipaður samkv. tillögu Hins íslenzka náttúrufræðifélags.

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1948, fól menntamálaráðuneytið nefnd þessari að endurskoða gildandi lagaákvæði um friðun fugla og eggja og skila ráðuneytinu tillögum sínum í frumvarpsformi svo snemma, að unnt yrði að leggja þær fyrir Alþingi haustið 1948.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað frumvarpi því, er hér liggur fyrir. Við samningu þess hefur hún haft til hliðsjónar löggjöf ýmissa landa Evrópu og Ameríku um fuglaveiðar og fuglafriðun. Ármann Snævarr, prófessor, hefur starfað með nefndinni að samningu frumvarpsins.

Hér fara á eftir skýringar og athugasemdir nefndarinnar við frumvarpið:

„Áður en vikið verður að athugasemdum og skýringum við einstaka kafla og greinar frumvarpsins, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir helztu alþjóðaaðgerðum í fuglaverndunarmálum, en þær eru að sjálfsögðu sá grundvöllur, sem frumvarp til laga um fuglafriðun og fuglaveiðar verður að hvíla á.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið (The International Committee for Bird Preservation, venjulega skammstafað I. C. B. P) var stofnað árið 1922. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Bandaríkjamaðurinn dr. T. Gilbert Pearson. Aðilar að sambandinu eru nú 38 ríki, þar af 22 í Evrópu. Fuglaverndunarsambandið er byggt upp á þann hátt, að í hverju ríki eða landi, sem gerist aðili að sambandinu, skal sett á laggirnar fuglafriðunarnefnd eða deild, sem kemur fram fyrir hönd viðkomandi ríkis eða lands sem aðili í alþjóðasambandinu. Formenn hinna einstöku ríkjadeilda mynda síðan ásamt forseta og tveimur varaforsetum sambandsins framkvæmdaráð þess.

Aðaltilgangur alþjóða-fuglaverndunarsambandsins er að vinna að og auka áhuga á skynsamlegum og samræmdum ráðstöfunum til verndunar villtum fuglum. Mönnum hefur lengi verið það ljóst, að slíkar ráðstafanir þyrfti nauðsynlega að auka mjög og samræma betur en verið hefur, ef koma ætti í veg fyrir stórkostlega hnignun fuglalífs almennt og gereyðingu sumra tegunda. Einkum virtist mjög aðkallandi að koma betri skipan á friðun farfugla, sem oft fara yfir mörg þjóðlönd á ferðum sínum milli sumar- og vetrarheimkynna sinna. Verndun slíkra fugla er því ekki einkamál neins ákveðins ríkis eða lands, heldur er hér um að ræða alþjóðlegt vandamál. Það liggur í augum uppi, að ráðstafanir til verndunar slíkum fuglum ná ekki tilgangi sínum, nema þær séu framkvæmdar alls staðar þar, sem viðkomandi tegund fer um á hinum árlegu ferðum sínum. Það er því eitt af þýðingarmestu verkefnum fuglaverndunarsambandsins að koma á samræmdri friðun farfugla.

Annað meginverkefni fuglaverndunarsambandsins er að stuðla að vísindalegum rannsóknum á orsökum þeim, sem valda hnignun og eyðingu fuglalífs. Slíkar rannsóknir hafa leitt margt óvænt í ljós. Meðal annars hefur komið í ljós, að veiðar, innan vissra takmarka, hafa oft og tíðum miklu minni áhrif á villta fuglastofna en áður hafði verið álitið. En aftur á móti hefur það sýnt sig, að skerðing lífsskilyrða er oft miklu algengari og alvarlegri orsök fækkunar og jafnvel gereyðingar villtra fugla. Aukið þéttbýli, aukin ræktun og margt fleira, sem er samfara búskap manns-

ins og nytjun hans á auðlindum náttúrunnar, eru allt atriði, sem í stöðugt ríkari mæli ógna tilveru fjölmargra fuglategunda. Það má t. d. búast við því, að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenzkt fuglalíf, ef framvegis verður lagt jafnmikið kapp á framræslu og þurrkun íslenzkra mýra og nú er gert. En hvað sem þessu líður, þá er víst, að margir þeir, sem fyrr og síðar hafa beitt sér fyrir aukinni fuglafriðun, hafa oft látið stjórnast um of af tilfinningasemi og hafa því þrátt fyrir einlægan vilja oft gert meira ógagn en gagn í þessum málum. Alþjóða-fuglaverndunarsambandið leggur hins vegar ríka áherzlu á að skapa traustan, vísindalegan grundvöll sem undirstöðu undir aðgerðum sínum í fuglaverndunarmálum.

Danmörk gerðist snemma aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu, og danska deild sambandsins, sem skipuð er 4 mönnum, kom einnig fram í þeim samtökum sem fulltrúi Íslands. Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 tilkynnti danska deildin stjórn sambandsins, að vegna hinna breyttu aðstæðna liti hún svo á, að hún gæti ekki lengur komið fram sem fulltrúi Íslands í sambandinu. Sem svar við þessari tilkynningu dönsku sambandsdeildarinnar sneri stjórn sambandsins sér til íslenzku ríkisstjórnarinnar vorið 1946 með ósk um, að Ísland gerðist sjálfstæður aðili að samtökunum. Eftir að málaleitun þessi hafði verið tekin til rækilegrar athugunar, ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þessu boði, og hinn 24. apríl 1948 skipaði þáverandi menntamálaráðherra 5 manna nefnd til þess að koma fram fyrir Íslands hönd í samtökunum, eins og fyrr er frá greint.

Alþjóðasamþykktir um fuglaverndun.

Fyrsta alþjóðasamþykkt um fuglaverndun var gerð í París árið 1902. Samþykkt þessi, sem nefndist *Convention Internationale pour la Protection des Oiseaux utiles à l'Agriculture*, er fyrir löngu orðin úrelt, enda náði hún aldrei nema til þeirra tegunda, sem þá var álitið, að væru gagnlegar landbúnaði.

Eftir að alþjóða-fuglaverndunarsambandið var stofnað, hófst það brátt handa um undirbúning að nýrri alþjóðasamþykkt um fuglaverndun, er taka skyldi við af Parísarsamþykktinni frá 1902. Á fundi sambandsins í Vínarborg 1937 var lagt fram uppkast að slíkri samþykkt, en ófriðurinn 1939 stöðvaði framgang málsins í bili. Að stríðinu loknu var málið tekið upp að nýju, og á fundum sambandsins í London og Brüssel 1947 og í París 1948 var Vínaruppkastið rætt og tekið til rækilegrar endurskoðunar. Hinn 17. og 18. október 1950 var málið loks rætt á fundi í París, og þar var uppkastið samþykkt og afgreitt endanlega af hálfu fuglaverndunarsambandsins.

Íslenzku ríkisstjórninni hefur nú verið send samþykkt þessi til athugunar með ósk um, að Ísland gerist aðili að henni. Telja má víst, að íslenzka ríkisstjórnin muni fullgilda samþykktina, þegar þar að kemur, enda munu Íslendingar almennt ekki vilja skerast úr leik, þegar um jafnþýðingarmiklar aðgerðir í fuglaverndunarmálum er að ræða. Með tilliti til væntanlegrar aðildar Íslands að samþykktinni, hefur verið leitazt við að hafa frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í sem beztu samræmi við ákvæði hennar. Til aukins skilnings á ýmsum greinum frumvarpsins er því nauðsynlegt að vita deili á ákvæðum samþykktarinnar, og er hún því birt hér í heild í íslenzkri þýðingu.

Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

Uppkast að samþykkt um breytingu á Parísarsamþykktinni frá 19. marz 1902 (Samþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), samþykkt á fundi, er haldinn var í París 17. og 18. október 1950.

Með því að þeim aðilum, er samþykktina gera, er ljós sú gereyðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af iskyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasmþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, eigi yfir höfuð að friða:

a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegar, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hverrar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til vísindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilar samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði, er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

a. snörur, lím, gildrur, öngla, net, eitrað eða deyfandi agn, blindaða bandingja;
b. tálgildrur fyrir endur;
c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;

k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undantekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vínekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. til 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til gereyðingar þeirra staðfugla eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því landi.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngnum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megi flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgun vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðsyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílzt og aflað sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

Athugasemdir og skýringar við frumvarpið.

Eftir að fuglafriðunarnefnd tók til við endurskoðun á lögum um friðun fugla og eggja, varð henni brátt ljóst, að óhjákvæmilegt væri að setja heildarlöggjöf um fuglaveiðar og fuglafriðun. Gildandi lagaákvæði um þessi efni eru sem kunnugt er mjög í molum, og um veiðirétt, veiðitæki, veiðiaðferðir og inn- og útflutning, kaup og sölu á fuglum eru ýmist alls engin eða þá mjög ófullkomin ákvæði í íslenzkum lögum. Brýn fyrirmæli um þessi efni eru þó engu síður nauðsynleg en friðunarákvæðin sjálf.

Í frumvarpi þessu er reynt að draga saman í eina heild hin sundurleitu ákvæði í íslenzkum lögum um rétt til fuglaveiða (sbr. I. kafla frv.), friðun fugla og veiðitíma (sbr. II. kafla) og ákvæðin um fuglaveiðasamþykktir (sbr. III. kafla). Hafa ákvæði þessi sætt rækilegri endurskoðun að efni til, og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frv. ýmis nýmæli. Í I. kafla frv. eru ákvæði, sem ný eru að stofni, um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála. Þar er lögfest skipun fuglafriðunarnefndar og fjallað um verksvið hennar. Í IV. kafla frv. um veiðitæki og veiðiaðferðir og í V. kafla þess, er fjallar um inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra, eru ýmis nýmæli, og verður þeirra getið á sínum stað hér á eftir. Loks eru sett heildarákvæði um refsingu fyrir ólöglegar fuglaveiðar og önnur brot á ákvæðum frv. í VI. kafla. Eru refsimörk fésekta þar færð til samræmis við breytt gildi peninga og efni refsiákvæðanna gert einfaldara en áður var.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru heildarákvæði um rétt til fuglaveiða. Enn fremur er þar mælt fyrir um heimild starfsmanna við dýrafræðideild náttúrugripasafnsins til að veiða fugla og safna eggjum, og loks er kveðið á um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála.

Um 1. gr.

Í I. kafla frv. er yfirleitt fjallað um rétt til fuglaveiða. Þykir því hlýða, að frv. hefjist á því að skýrgreina hugtakið fuglaveiðar, enda reynir oft á það síðar í frv. Þess ber að geta, að í 35. gr., 3. málsgr., er kveðið á um það, hvað séu ólöglegar fuglaveiðar, svo að refsingu varði.

Um 2.—5. gr.

Efni ákvæðanna er að mæla fyrir um það, hverjir eigi rétt á fuglaveiðum, um takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttar, staðarmörk veiðiréttar og um veiðirétt í almenningum stöðuvatna, áfréttum og almenningum utan landareigna lög-

býla og um fuglaveiðar í landhelgi utan netlaga lögbýla. Ákvæði þessi eru að meginefni staðfesting á reglum tilskipunar 20. júní 1849 um veiði, en fyrirmæli frv. eru þó nokkru fyllri en tilskipunarinnar. Fyrirmæli II. kafla laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og II. kafla vatnalaga nr. 15/1923 voru höfð til hliðsjónar við samningu þessara ákvæða í frumvarpinu.

Ákvæði um veiði fugla hafa lengi verið í lögum hér á landi. Það er forn regla og föst, að landeiganda, og leiguliða eftir atvikum, sé áskilin veiði fugla. Á þjóðveldistímabilinu var slík skipan þegar lögmæt, sbr. Grágás, Staðarhólsbók, 436. kap., sbr. 208. kap. Konungsbókar. Í Grágásarlögum, einkum 438. kafla Staðarhólsbókar, eru og ákvæði um samveiði og skiptingu hennar. Í 57. og 58. kap. Jónsbókar eru svipuð ákvæði í meginatriðum, en í síðarnefndum kapítula er konungi þó heimilað að láta veiða vali á hvers manns jörð, er hann vill, utan kirkjujarða. Fyrirmæli Jónsbókar um veiði fugla giltu í megindráttum hátt á sjöttu öld eða allt til þess, er veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 var sett. Flest ákvæði þeirrar tilskipunar um það, hverjir eigi rétt til fuglaveiða og um staðarmörk veiðiréttar, eru enn í gildi.

Í 2.—5. gr. frv. eru handhöfum veiðiréttar settar ýmsar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttarins vegna þjóðfélagslegra hagsmuna. Ekki þykir þörf að skýra ákvæði þessi hér, enda fela þau ekki í sér verulegar breytingar frá reglum þeim, er nú gilda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að náttúrugripasafnið geti hindrunarlaust aflað sér fugla og eggja til vísindalegra þarfa, án þess að það hafi óhæfilegan kostnað í för með sér. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæðum l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, þar sem svo er fyrir mælt, að leyfilegt sé að veiða lax og silung hvar sem er til vísindalegra rannsókna. Ákvæði þessarar greinar má þó ekki skilja á þann veg, að með því sé veitt undanþága frá friðunarákvæðum frv.

Um 7. gr.

Erlendis heyra yfirleitt öll mál, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun, undir landbúnaðarráðherra viðkomandi lands. Hér á landi hefur hins vegar menntamálaráðherra haft yfirumsjón slíkra mála, og í samráði við menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir því í frv., að sú skipan verði lögfest.

Með ákvæðum þessarar greinar er skipun fuglafriðunarnefndar lögfest, og þar er verksvið hennar markað. Um skipun nefndarinnar er lagt til, að sömu reglur gildi og farið var eftir við skipun hennar 1948. Verkefni nefndarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi á hún að vera ráðherra til ráðuneytis við setningu reglugerða um fuglafriðun og fuglaveiðar, og er skylt að leita tillagna nefndarinnar, þegar setja skal slíkar reglur. Í öðru lagi getur nefndin að eigin frumkvæði gert tillögur til ráðherra um allt það, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þessi mál. Loks er það verkefni hennar að koma fram fyrir Íslands hönd í alþjóða-fuglaverndunarsambandinu, er Ísland gerðist aðili að 1948, svo sem fyrr greinir.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um friðun og veiðitíma (8. og 10.—14. gr.) og um bann við skotum í grennd við friðlýst æðarvörp og friðlýsingu æðarvarpa (9. gr.).

Höfuðákvæðin um friðun eru í 8. gr. Í 10.—12. gr. er mælt fyrir um þrenns konar frávik frá meginreglum 8. gr., en í 13. gr. er ráðherra heimilað að gera breytingar á friðunarákvæðum 8. gr. með reglugerð. Í 14. gr. er kveðið á um staðgildi friðunarákvæða frv.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðun fugla og veiðitíma.

Í fornum lögum hérlendis gætir lítt fyrirmæla um fuglafriðun. Samkvæmt 436. kap. Staðarhólsbókar var það frávik frá almennum rétti landeiganda eða leiguliða til fuglaveiða á jörð, að ekki mátti veiða þernur, æður og andir nær annars

manns landi en 2 hundruð faðma tólfræð sé til eggvers annars manns, „og eigi skal maður þá fugla veiða svo mjög í sínu landi, þó firr sé eggveri hins, og skynsömum mönnum 6 þeim, er næstir búa, þyki þess ván, að eggver spillist af því". Ákvæði þessi, sem miða til friðunar, voru tekin upp í Jónsbók, Landsleigubálk, 57. kap. Reglurnar sjálfar fara mjög hóflega í sakir um friðun, og í framkvæmdinni voru þær haldlitlar. Í verzlunartilskipuninni frá 1787 voru sett fyllri ákvæði um friðun æðarfugla en voru í Jónsbók. Friðun þessi var áréttuð með konungsúrskurði 21. júlí 1808 og enn með konungsúrsk. 17. júlí 1816, þar sem friðunin var lítillega aukin. Með op. bréfi frá 21. apríl 1847 var alfriðun æðarfugls boðuð, og var sú skipan staðfest í veiðitilskipuninni frá 20. júní 1849. Í því lagaboði er hins vegar ekki vikið að friðun á öðrum fuglategundum. Fyrstu almennu fuglafriðunarlögin voru sett 17. marz 1882, en þau fjölluðu raunar einnig um friðun hreindýra. Þykir rétt að greina hér frá ákvæðum þessara laga um fuglafriðun, þar sem það hefur menningarsögulegt gildi: „Kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótittlingar, þúfutittlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir skulu hvarvetna friðhelg á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar og gripfuglar, lundi og bjargfugl, á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Net og skot skulu bönnuð við lundaveiði og fýlaveiði." Með lögum frá 16. des. 1885 var fjölgað fuglategundum, sem njóta skyldu friðunar, og sú þróun hefur haldið áfram með síðari lögum um friðun, er sett hafa verið, sbr. lög nr. 50 27. nóv. 1903 og lög nr 59 10. nóv. 1913. Með lögum þessum hafa og egg fugla verið friðuð í ríkara mæli en fyrr var, og hert hefur verið á refsiákvæðum um brot á fuglafriðunarlögum. Samhliða hinum almennu friðunarlögum hafa verið sett friðunarlög um einstakar fuglategundir, svo sem um æðarfugla, sbr. lög nr. 58 10. nóv. 1913 og síðar lög nr. 74 frá 1941, sem nú eru í gildi, um lunda, sbr. lög nr. 41/1921 og erni og vali, sbr. lög 28. nóv. 1919. Samkvæmt þeim skyldu ernir vera alfriðaðir til 1940, en valir til 1930. Valir voru ekki friðaðir milli 1930 og 1940, en með lögum nr. 83/1940 voru báðar þessar tegundir friðaðar og eru það enn, sbr. lög nr. 107/1950, er heita friðun til 1960. Þess má að lokum geta í þessu yfirliti yfir fuglafriðunarlög, að stöku lög hafa heimilað að setja fuglaveiðasamþykktir á tilteknum veiðisvæðum, sbr. lög nr. 13/1894 og lög nr. 20/1912, er enn gilda.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að réttarþróunin hefur stefnt að síaukinni friðun fugla og eggja þeirra, og hefur löggjafinn reynt að gera friðunina virka með því að mæla fyrir um allmikil viðurlög, ef friðunarákvæðin eru ekki virt.

Í 8. grein frv. hafa verið felld í eina heild öll helztu friðunarákvæði gildandi laga, þ. e. laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, laga nr. 42/1921, um friðun lunda, laga nr. 74/1941, um friðun æðarfugls, og laga nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals. Í ákvæðum þessarar greinar felast veigamiklar breytingar frá friðunarákvæðum gildandi laga, og skal hér gerð grein fyrir þeim.

Í eldri fuglafriðunarlögum íslenzkum, þar á meðal þeim, er nú gilda, er sá háttur hafður að telja upp þær fuglategundir, sem njóta alfriðunar. Í 8. gr. er annað skipulag haft. Í 2. málsgr. eru allar þær tegundir taldar, sem leyfilegt er að veiða einhvern tíma árs. Allar tegundir, sem þar eru ekki nefndar, eru friðaðar allt árið, sbr. 1. málsgr. Skipulag frv. er í samræmi við nýjustu fuglafriðunarlög erlend. Stuðlar það að því, að lögin verði einfaldari og aðgengilegri fyrir almenning. Hér á landi hafa nú náðst yfir tvö hundruð tegundir fugla. Mikill meiri hluti þessara tegunda nýtur alfriðunar samkvæmt frv. Er þegar af þeirri ástæðu heppilegra og brotaminna að geta þeirra tegunda einna, sem heimilt er að veiða, en hinna, sem friðaðar eru. Sú krafa verður ekki gerð til almennings, að hann þekki allar fuglategundir, sem hér eru kunnar, en þess verður að krefjast, að menn viti deili á þeim fuglum, sem lögmætt er að veiða. Svo sem frumvarpið er orðað, er auðveldara fyrir almenning að kynna sér, hvaða víti sé að varast við fuglaveiðar, en er eftir gildandi lögum.

Vegna nauðsynlegs samanburðar skal þó birt hér skrá yfir þá varpfugla íslenzka, svo og árvissa gesti og umferðafarfugla, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að verði alfriðaðir.

Varpfuglar.

1. Skrofa
2. Litla sæsvala
3. Stóra sæsvala
4. Álft
5. Litla gráönd
6. Skeiðönd
7. Húsönd
8. Straumönd
9. Æðarfugl
10. Haförn
11. Fálki
12. Smyrill
13. Keldusvín
14. Tjaldur
15. Heiðlóa
16. Sandlóa
17. Jaðrakan
18. Stelkur
19. Sendlingur
20. Lóuþræll
21. Þórshani
22. Óðinshani
23. Kría
24. Haftyrðill
25. Snæugla
26. Brandugla
27. Músarrindill
28. Skógarþröstur
29. Steindepill
30. Þúfutittlingur
31. Maríatla
32. Stari
33. Auðnutittlingur
34. Snjótittlingur (sólskríkja)

Árvissir gestir og umferðafarfuglar.

1. Gráhegri
2. Æðarkóngur
3. Blesönd
4. Vepja
5. Stóri spói (fjöruspói)
6. Tildra
7. Rauðbrystingur
8. Sanderla
9. Stormmáfur
10. Landsvala
11. Bæjasvala
12. Kráka
13. Bláhrafn
14. Gráþröstur
15. Svartþröstur
16. Silkitoppa
17. Bókfinka
18. Fjallafinka

Ef við athugum fyrst varpfuglana, sjáum við, að tvær tegundir, sem nú eru alfriðaðar, eru ekki taldar þar með. Þessar tegundir eru hrossagaukur og hettumáfur, og verður nánar vikið að þeim síðar. Aftur á móti gerir frumvarpið ráð fyrir, að smyrill verði alfriðaður, en hann nýtur nú engrar friðunar. Smyrli hefur fækkað mjög hin síðari ár, og þar sem hann hefur enga hagnýta þýðingu sem veiðifugl og spillir auk þess engum nytjum, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að hann verði alfriðaður. Enn fremur hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að eftirtaldar átta tegundir, sem nú eru aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert, skuli vera alfriðaðar: skrofa, litla sæsvala, stóra sæsvala, litla gráönd, skeiðönd, húsönd, straumönd og brandugla. Skrofa, litla og stóra sæsvala verpa hér á landi aðeins í Vestmannaeyjum og hafa enga hagnýta þýðingu, sem máli skiptir. Litla gráönd, skeiðönd og húsönd hafa allar mjög takmarkaða útbreiðslu hér á landi. Varpheimkynni þeirra eru aðallega í Mývatnssveit og nágrenni, og hinn íslenzki stofn þessara tegunda er því tiltölulega mjög lítill, og virðist því full ástæða til að láta þær verða meiri friðunar aðnjótandi en verið hefur. Straumönd verpur hins vegar í öllum landshlutum, en er óvíða eða hvergi algeng. Auk þess finnst hún hvergi í Evrópu utan Íslands, og hagnýta þýðingu sem veiðifugl hefur hún varla. Brandugla hefur setzt að hér á landi á síðustu áratugum og verpur nú orðið eitthvað í flestum landshlutum. Hún virðist þó eiga örðugt uppdráttar og fjölgar hægt, enda fellur hún oft í hörðum vetrum. Aðalfæða hennar eru mýs, en þó tekur hún einnig smærri fugla og fuglaunga. Brandugla er talin gera

gagn með því að eyða músum og er því alfriðuð í nágrannalöndum okkar. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir því, að haferni og fálka, sem nú eru friðaðir til ákveðins tíma með sérstökum lögum, verði skipað í flokk alfriðaðra fugla, án þess að gert sé ráð fyrir, að friðun þeirra verði aflétt síðar. Um örninn þarf ekki að fjölyrða. Ef okkur er nokkur alvara í því að koma í veg fyrir gereyðingu hans hér á landi, kemur ekkert annað til greina en skilyrðislaus friðun, og verður að leggja ríka áherzlu á, að engar undanþágur verði veittar frá henni. Sama máli gegnir um fálkann. Honum hefur stöðugt farið fækkandi, og nú er svo komið, að hægt er að ferðast um landið þvert og endilangt, án þess að fálka bregði nokkurn tíma fyrir. Skoðanir margra á skaðsemi hinna eiginlegu ránfugla (hér á landi arnar, fálka og smyrils) eru að miklu leyti byggðar á hjátrú og bábiljum, enda hafa rannsóknir greinilega leitt í ljós, að það eru ekki þessar tegundir, sem ástæða er til að fækka, heldur allt aðrar tegundir, sem menn oft og tíðum amast ekkert við, eða halda jafnvel hlífiskildi yfir.

Um árvissa gesti og umferðafarfugla er það að segja, að 7 af þeim 18 tegundum, sem taldar eru í skránni, eru alfriðaðar samkvæmt gildandi lögum. Þessar tegundir eru: gráhegri, æðarkóngur, vepja, tildra, rauðbrystingur, landsvala og bæjasvala. Hinar tegundirnar á skránni eru ekki nefndar í lögum um friðun fugla og eggja frá 1913, og eru því samkvæmt því aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert. Engar af þessum tegundum hafa nokkra verulega þýðingu sem veiðifuglar, og engar þeirra spilla nytjum. Nefndin er því sammála um að leggja til, að þær verði allar alfriðaðar, ekki sízt vegna þess, að búast má við, að sumar þeirra eigi eftir að ílendast hér sem varpfuglar, ef þær eru látnar óáreittar. Að lokum skal á það bent, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir sjaldgæfir gestir og flækingar, sem vart verður við hér á landi og ekki eru taldir í skránni, skuli vera alfriðaðir (sbr. 1. málsgr. 8. gr.). Í lögunum frá 1913 eru allir slíkir fuglar aðeins friðaðir frá 1. apríl til 1. ágúst, enda þótt flestir þeirra sjáist hér aðeins á haustin og veturna.

Í 2. málsgr. 8. gr. eru taldar þær tegundir, sem heimilt er að veiða, og er þeim skipt í 8 flokka eftir því, á hvaða tíma árs veiðar þeirra eru heimilar. Nefndin hefði kosið að hafa flokkana færri, en vegna þess, hve varphættir og aðrir lífshættir tegundanna eru mismunandi, varð ekki komizt hjá þessari flokkaskiptingu. Í samræmi við alþjóðasamþykktina gerir frumvarpið ráð fyrir, að allar íslenzkar fuglategundir, að 3 undanskildum, njóti friðunar um varptímann. Til samanburðar má geta þess, að samkv. gildandi lögum eru tegundirnar alls 21, sem engrar friðunar njóta.

Í a.-flokki eru taldar þær tegundir, sem meiri hluti nefndarinnar (F. G., K. S., Þ. E.) leggur til, að heimilt sé að veiða allt árið. Þessar tegundir eru: kjói, svartbakur (veiðibjalla) og hrafn. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að íslenzku fuglalífi almennt sé svo mikil hætta búin af völdum þessara tegunda, að friðun þeirra komi ekki til greina. Auk þess valda þessar tegundir margvíslegu öðru tjóni, þótt það verði ekki rakið hér. Þessar tegundir hafa aldrei notið neinnar friðunar hér á landi, og það er alls ekki í ósamræmi við alþjóðasamþykktina, þótt vissar tegundir séu undanskildar friðun um varptímann. Nefndinni er ekki heldur kunnugt um, að nokkurt land hafi séð sér fært að friða alla fugla um varptímann. Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., S. E. H.) leggur eigi að síður til, að tegundir þessa flokks verði friðaðar um varptímann sem aðrir fuglar.

Í b.-flokki eru aðeins 2 tegundir, spói og hrossagaukur, og er gert ráð fyrir, að veiðitími þeirra sé frá 1. ágúst til 30. september. Samkv. gildandi lögum er heimilt að veiða spóa eftir 1. ágúst, en hrossagaukur hefur verið alfriðaður. Íslenzkir vaðfuglar eru yfirleitt farfuglar, og í vetrarheimkynnum þeirra á Bretlandseyjum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu eru þeir eftirsóttir veiðifuglar. Þar er t. d. veitt mikið af tjöldum, heiðlóum, spóum, jaðröknum, stelkum og hrossagaukum, og jafnvel smærri vaðfuglum, svo sem tildrum og rauðbrystingum. Að undanskildum spóanum hafa allar þessar tegundir verið alfriðaðar hér á landi til þessa. Ísland

hefur því verið nokkurs konar friðlýst vaðfuglaklakstöð fyrir veiðimenn þessara landa. Nefndin telur því ekki ósanngjarnt, að Ísland fái lítið eitt aukna hlutdeild í veiði þessara tegunda, og leggur því til, að leyft verði að veiða hrossagaukinn auk spóans. Hrossagaukurinn er mjög algengur um allt land, og þar sem mjög erfitt er að skjóta hann, eru lítil líkindi til, að gengið verði nærri stofninum. Ef fuglaveiðar verða einhvern tíma stundaðar sem sport hér á landi, má telja víst, að hrossagauksveiðar verði einhver vinsælasti þáttur þeirra eins og víða erlendis.

Í c.-flokki eru skúmur, máfar (að undanskildum svartbaknum) og svartfuglar, þar með talin teista og lundi. Hér er yfirleitt um mjög algenga fugla að ræða, sem sumir hverjir eru til talsverðra nytja (svartfuglar), en aðrir eru nytjaspillar (skúmur, sumir máfar). Ein tegundin í þessum flokki, hettumáfurinn, er alfriðuð samkvæmt lögum um friðun fugla og eggja frá 1913. Hettumáfurinn var þá mjög sjaldgæfur hér á landi, enda var hann þá að byrja að setjast hér að, en nú er hann hins vegar orðinn svo algengur og útbreiddur, að engin ástæða er til að gera mun á honum og öðrum máfum. Sama máli gegnir um litla svartbak og silfurmáf. Þeir hafa báðir ílenzt hér eftir 1920, og eru því ekki nefndir í lögunum frá 1913, en eru nú orðnir allalgengir og útbreiddir. Allar aðrar tegundir í þessum flokki njóta engrar friðunar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkrar takmarkanir eru settar við lundaveiði með l. nr. 42/1921, um friðun lunda.

Ekki hefur náðst samkomulag í nefndinni um veiðitíma tegundanna í þessum flokki. Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) leggur til, að hann verði frá 15. ágúst til 19. maí, en minni hlutinn (S. E. H., Þ. E.), að hann verði frá 15. ágúst til 30. apríl.

Nær allar tegundirnar í þessum flokki byrja að verpa um mánaðamótin maí og júní. Minni hlutinn telur, að með því að leyfa veiði þessara tegunda til 19. maí, sé gengið of nærri fuglum, sem komnir eru að varpi. Afstaða meiri hlutans byggist hins vegar á því, að nytjar þær, sem menn hafa haft af svartfuglaveiðum á vorin, væru að mestu úr sögunni, ef veiðitímanum lyki 30. apríl. Vorveiðar þessar hafa sums staðar talsverða þýðingu, einkum við Faxaflóa, þar sem veitt er fyrir Reykjavíkurmarkað. Skilyrði til þessara veiða eru hins vegar ekki fyrir hendi fyrr en um mánaðamótin apríl og maí, þegar svartfuglinn fer fyrir alvöru að leita til lands. Meiri hlutinn leggur því til, að leyft verði að veiða þessar tegundir til 19. maí. Með því móti yrði að vísu réttur til þessara nytja skertur mjög frá því, sem hefur verið, en þó ekki aftekinn með öllu.

Í d.-flokki eru gæsir og endur. Tvær tegundanna í þessum flokki, helsingi og margæs (hrotgæs) hafa hingað til verið ófriðaðar samkvæmt íslenzkum lögum, en það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er engu minni nauðsyn á friðun þessara tveggja tegunda en hinna tegundanna í þessum flokki. Hinar gæsategundirnar, svo og endurnar í þessum flokki, hafa verið friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst, og veiðitíminn hefur því verið frá 2. ágúst til 31. marz. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að veiðitíminn verði frá 20. ágúst til 31. október. Það er mjög þýðingarmikið atriði, að veiðitíminn byrji ekki fyrr en 20. ágúst, því að ungar þessara tegunda eru yfirleitt ekki fleygir fyrr en um það leyti. Það verður því ekki hjá því komizt að láta veiðitímann hefjast síðar en verið hefur. Enn fremur er alveg þýðingarlaust að leyfa veiði á tegundum þessa flokks eftir 31. október, því að þær eru allar farfuglar eða umferðafarfuglar og eru allar farnar af landi burt fyrir þann tíma. Í apríl fara þær svo að koma aftur, en þá kemur auðvitað ekki til mála, að leyft sé að veiða þær.

Í e.-flokki eru 3 andategundir, sem eru staðfuglar hér á landi, að minnsta kosti að nokkru leyti. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að veiðitími þeirra hefjist á sama tíma og hjá tegundunum í síðasta flokki, og liggja sömu líffræðilegu orsakir til þess, að hann má ekki byrja fyrr. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að veiðitími þeirra standi lengur eða til 29. febrúar, enda eru þetta einu andategundirnar, sem eru staðfuglar hér og leyft er að veiða.

Í f.-flokki eru fýll, súla og skarfar (dílaskarfur og toppskarfur). Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkur ákvæði eru þar um friðun fýls. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að allar þessar tegundir verði friðaðar um varptímann eða frá 1. apríl til 19. ágúst, og verður veiðitími þeirra samkvæmt því frá 20. ágúst til 31. marz. Tegundir þessar, einkum þó súla og skarfar, verpa óvenju snemma, og má friðunartími þeirra því ekki byrja síðar en 1. apríl. — Þess skal getið hér, að með augl. nr. 106/1940, gefinni út samkvæmt l. nr. 70/1940, um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, er fýlungatekja bönnuð með öllu hér á landi, eins og sakir standa. Hins vegar er heimiluð veiði fullorðins fýls (vetrarfýls), svo og fýlseggjatekja.

Tegundirnar, sem taldar eru í g.-flokki, eru til lítilla eða engra nytja, en þær valda hins vegar talsverðu tjóni í veiðivötnum og ám. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að friðunartími þeirra verði tiltölulega stuttur eða aðeins frá 1. maí til 19. ágúst. Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum.

Þar sem nú stendur yfir tilraun til að fá úr því skorið, hvort ofveiðar valdi rjúpnaleysistímabilum, telur meiri hluti nefndarinnar (A. K.-H., F. G., K. S., Þ. E.) ekki rétt að gera breytingar á friðun rjúpunnar nú. Stytting veiðitímans nú mundi ef til vill stuðla að því, að árangurinn af þessari tilraun yrði ekki eins ótvíræður og ella. Nefndin leggur því til, að ákvæði gildandi laga um friðun rjúpu haldist óbreytt. En það útilokar auðvitað ekki, að síðar megi taka þetta atriði til endurskoðunar, enda er betri aðstaða til slíks, þegar fyrir liggja ótvíræðar niðurstöður um árangur af tilraun þeirri, sem nú stendur yfir. Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til álitsgerðar Finns Guðmundssonar um þetta efni, er alþingismenn hafa átt kost á að kynna sér. Minni hluti nefndarinnar (S. E. H.) leggur hins vegar til, að veiðitími rjúpunnar verði styttur um mánuð og verði eftirleiðis frá 15. nóv. til 31. des.

Ákvæði 3. málsgr. um, að friðunarákvæði 1. og 2. málsgr. skuli einnig taka til eggja og hreiðra þeirra tegunda, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, eru svo sjálfsögð, að þau þurfa ekki skýringa við. Í þessu sambandi skal þó á það bent, að samkvæmt gildandi lögum eru aðeins egg alfriðaðra fugla friðuð, svo og rjúpuegg. Hins vegar hafa engar hömlur verið á töku eggja annarra fugla, er njóta tímabundinnar friðunar.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu tekin óbreytt upp úr lögum nr. 74/1941, um friðun æðarfugls. Önnur helztu ákvæði þeirra laga hafa verið felld inn í frumvarpið á viðeigandi stöðum.

Um 10. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar eru veittar undanþágur frá friðunarákvæðum 8. gr. til að stunda hefðbundnar nytjar, sem menn hér á landi hafa haft af fugla- og eggjatekju. Á takmörkuðum svæðum hafa slíkar nytjar enn talsverða hagnýta þýðingu, og verður ekki komizt hjá því að taka fullt tillit til þess.

Í 1. málsgr. ræðir um not þau, sem menn hafa haft af sjófuglum, en þau eru einkum fólgin í nytjun fuglabjarga. Vegna breyttra atvinnuhátta hefur þessi forni atvinnuvegur farið stöðugt hnignandi, það sem af er þessari öld, og nú er svo komið, að sum af mestu fuglabjörgum landsins eru alls ekki nytjuð lengur. Það virðist því auðsætt, að þess gerist sízt þörf nú að setja hömlur á nytjun þessara hlunninda. Auk þess er einstaklingafjöldi hjá flestum þeim sjófuglategundum, sem hér er um að ræða, mjög mikill, og stofnar þeirra þola því miklar veiðar, án þess að hætta sé á, að þeir gangi til þurrðar.

Þess skal getið, að minni hluti nefndarinnar (S. E. H., Þ. E.) leggur til, að við 1. málsgr. 10. gr. verði bætt eftirfarandi ákvæðum:

a. Óheimilt er að taka egg umræddra tegunda eftir 14. júní.

b. Lundaveiðar með háf má eigi stunda fyrr en eftir 30. júní.

Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) er út af fyrir sig hlynntur slíkum ákvæðum,

en telur þau eiga betur heima í fuglaveiðasamþykktum en í lögum (sbr. athugasemdir við III. kafla frumvarpsins hér á eftir).

Undanþága sú til eggjatöku, sem felst í 2. málsgr., er aðallega miðuð við Mývatnssveit. Íbúar þessarar sveitar hafa verulegar tekjur af andareggjum, og nefndin er þeirrar skoðunar, að friðunarákvæði frumvarpsins megi ekki vera til fyrirstöðu því, að menn geti hagnýtt sér þessar nytjar. Ákvæði þessarar málsgreinar um, að ávallt skuli skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju, eiga að fyrirbyggja rányrkju í sambandi við eggjatökuna. Þessari reglu hefur frá fornu fari verið fylgt í Mývatnssveit, og hefur hún gefið góða raun. Nefndin hefur haft í höndum gögn um eggjatekjuna í Mývatnssveit allt frá síðustu aldamótum, og sýna þau á ótvíræðan hátt, að andavarpinu þar hefur alls ekki farið hnignandi á þessu tímabili. En auðvitað sýna þó gögnin talsverðar sveiflur frá ári til árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að undanþága þessi til eggjatöku taki ekki til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Skeiðöndin hefur nýlega setzt að hér á landi og er enn mjög sjaldgæf og þarfnast því algerðrar friðunar. Taka álftaeggja hefur sáralitla hagnýta þýðingu, og auk þess munu menn almennta andvígir því, að leyft sé að taka álftaregg. Loks verður að leggja ríka áherzlu á, að bannað sé að taka gæsaegg. Gæsum fer yfirleitt fækkandi í heiminum, enda er einstaklingafjöldi hinna ýmsu tegunda yfirleitt mjög lítill í samanburði við aðra fugla. Það verður því að leggja mikla áherzlu á aukna verndun gæsategundanna, og hafa ýmis lönd þegar gert margvíslegar ráðstafanir í því skyni. Ákvæði um töku æðareggja eru felld inn í þessa málsgrein, og eru þau í samræmi við ákvæði l. nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.

Í 3. málsgr. er svo loks veitt heimild til þess að taka kríuegg, enda þótt krían sé að öðru leyti alfriðuð samkvæmt friðunarákvæðum 8. gr.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru taldar nokkrar tegundir, sem vitað er að geta valdið tilfinnanlegu tjóni á takmörkuðum svæðum. Nefndin er þeirrar skoðunar, að ekki verði komizt hjá því að veita mönnum heimild til þess að verjast tjóni af völdum þeirra, enda þótt undanþága frá friðunarákvæðum frumvarpsins sé nauðsynleg til þess. Hér er fyrst og fremst um tegundir að ræða, er valda tjóni í veiðivötnum og ám eða fiskiræktarstöðvum. Lómur, himbrimi, stóra toppönd (gulönd) og litla toppönd lifa mikið á uppvaxandi silungi og laxi og valda með því tjóni á stofnum þessara nytjafiska. Sefönd (flórgoði), hettumáfur og kría sækjast einnig eftir seiðum þeirra og geta undir vissum kringumstæðum gert mikið ógagn. Öðru máli er að gegna um álft og húsönd. Þessar tvær tegundir lifa yfirleitt ekki á fiski, en sækjast hins vegar eftir hrognum. Þær halda sig mjög á ósöltu vatni á veturna, svo lengi sem nokkra vök er að finna, og lifa þá mikið á hrognum vatnafiska. En þetta er þeim mun hættulegra, þar sem það fer oft saman, að þau svæði, sem lengst haldast auð á veturna, eru oft þýðingarmestu hrygningarstöðvar vatnafiska. Athuganir, sem gerðar hafa verið á fæðu álfta og húsanda, sem halda sig á Mývatni á veturna, hafa sýnt, að þær eru oft úttroðnar af silungshrognum.

Um rjúpu og auðnutittling er það að segja, að báðar þessar tegundir valda stundum talsverðu tjóni í skógræktarstöðvum (plöntuuppeldisstöðvum). Það hefur stundum komið fyrir, að rjúpur hafi skemmt tugi þúsunda af trjáplöntum í græðireitum skógræktar ríkisins í Vaglaskógi. Sækir rjúpan aðallega í græðireitina á vorin (í marz og apríl) og leggst einkum á 2—4 ára gamlar trjáplöntur. Slítur hún af þeim toppbrumin og nokkurn hluta af árssprotunum, svo að vöxtur plantnanna tefst um eitt ár. Auðnutittlingar valda aftur á móti tjóni með því að tína upp trjáfræin, eftir að þeim hefur verið sáð. Í samráði við skógrækt ríkisins hefur nefndin því fallizt á að veita undanþágu frá friðunarákvæðum frumvarpsins, til þess að menn geti varizt tjóni af völdum þessara tegunda á umræddum svæðum.

Ákvæði 2. málsgr. miða að því að koma í veg fyrir, að undanþágur þær, er felast í 11. gr., verði misnotaðar.

Undanþágur þær frá friðunarákvæðum frumvarpsins, sem 10. og 11. gr. gera ráð fyrir, brjóta ekki í bág við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Í 6. gr. hennar er einmitt gert ráð fyrir slíkum undanþágum.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði 7. gr. alþjóðasamþykktarinnar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að viðkomandi ráðherra geti fyrirvaralaust gert breytingar á friðunarákvæðum frumvarpsins, ef breyttar aðstæður gera slíkar breytingar nauðsynlegar og aðkallandi.

Um 14. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við.

Um III. kafla.

Nefndin lítur svo á, að nánari ákvæði og reglur um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., eigi ekki heima í lögum þessum. Aðferðir við nytjun þeirra eru með svo ólíkum hætti í hinum ýmsu landshlutum, að mjög erfitt er að setja um það efni algildar reglur. Á þetta einkum við um nytjun fuglabjarga. Með ákvæðum þessa kafla er einstökum sýslu- eða bæjarfélögum hins vegar veitt heimild til að gera samþykktir um nytjun þessara hlunninda, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er ákvæði kaflans mæla fyrir um.

Til þessa hafa gilt sérstök lög (nr. 13/1894) um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, og önnur lög (nr. 20/1912) um veiði í Drangey. Nefndin hefur kosið að fella þessi lög í eina heild og gera þau um leið þannig úr garði, að hvert það sýslu- eða bæjarfélag, er þess óskar, geti samkv. þeim gert samþykktir um nytjun ofangreindra hlunninda, er annað hvort nái til allrar sýslunnar eða bæjarlandsins eða takmarkaðs svæðis eða svæða innan þeirra. Ákvæði þessa kafla þurfa að öðru leyti ekki nánari skýringa við.

Um IV. kafla.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir eru engin ákvæði í íslenzkum lögum, ef frá eru skilin ákvæði um lunda- og fýlaveiðar í l. nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði um lunda- og svartfuglaveiðar í reglum nr. 63/1923, settum samkvæmt l. nr. 34/1915, um dýraverndun. Flest ákvæði þessa kafla eru því nýmæli í íslenzkum lögum, en nefndin hefur leitazt við að hafa þau í sem beztu samræmi við hin ýtarlegu ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um þessi efni. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir hinum einstöku greinum þessa kafla.

Um 20. gr.

Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., K. S.) hefur ekki getað fallizt á, að bannað verði að nota til fuglaveiða marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, er taki fleiri en tvö skothylki, og leggur því til, að ákvæði um þetta atriði verði fellt burt úr 20. gr. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina, og meiri hluti nefndarinnar (F. G., S. E. H., Þ. E.) lítur svo á, að hér á landi séu ekki þau skilyrði fyrir hendi, er réttlæti slíkt frávik frá samþykktinni.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Þar er þó gert ráð fyrir, að bannað verði að nota vélknúna báta til fugla-

veiða á sjó á tímabilinu frá 1. marz til 1. október, en vegna sérstakra aðstæðna telur nefndin ekki fært að lögtaka slíkt bann hér. Þetta frávik frá alþjóðasamþykktinni réttlætist af undanþágu þeirri, er felst í 6. gr. samþykktarinnar og er bundin við Noreg, Svíþjóð, Finnland, Færeyjar og Ísland. Hins vegar hefur nefndin orðið sammála um að bæta við ákvæði um það, að til fuglaveiða á sjó megi ekki nota vélknúna báta, er gangi hraðar en 12 sjómílur á klukkustund. Enn fremur leggur nefndin áherzlu á það, að bannað verði að nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni og bannað verði að skjóta fugla úr bílum. Það hefur farið mjög í vöxt hér á landi á síðari árum, að fuglar séu skotnir úr bílum, en Íslendingar verða með öllu að hætta þessum ósið, ef þeir eiga ekki að verða eftirbátar annarra þjóða á sviði fuglaverndunarmála.

Um 22. gr.

Samkvæmt alþjóðasamþykktinni er bannað að nota net til fuglaveiða, hvort sem er í sjó eða vötnum eða á landi. Hliðstæð ákvæði er að finna í þessari grein, þó með þeirri undantekningu, að gert er ráð fyrir, að heimilt sé að nota háfa til bjargfuglaveiða (þar með talinn lundi) og heimilt sé að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þess eru mörg dæmi, að lundagröftur hafi stórspillt eða jafnvel gereytt æðarvörpum. Til að verjast slíku tjóni er ekki um aðra leið að ræða en að veiða lundann í net, og telur nefndin því sjálfsagt að veita heimild til þess undir slíkum kringumstæðum, enda er það í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við alþjóðasamþykktina. Hér á landi hafa flekar (snöruflekar) sums staðar verið notaðir við svartfuglaveiðar. Nefndin lítur svo á, að ekki verði komizt hjá að banna þessa veiðiaðferð, enda mun hún hvergi vera stunduð hér á landi sem stendur.

Um 24. gr

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við alþjóðasamþykktina, og undanþágan, sem gert er ráð fyrir í greininni, er í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar. Nefndinni er ljóst, að margir eru andvígir því að leyfa notkun eiturs til eyðingar meindýrum, en hjá því verður samt ekki komizt undir vissum kringumstæðum. Nefndin telur því nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að leyfa notkun eiturs í sambandi við eyðingu þeirra þriggja tegunda, sem taldar eru í greininni. Menn verða í eitt skipti fyrir öll að gera sér ljóst, að raunhæfar aðgerðir í fuglaverndunarmálum eru ekki eingöngu í því fólgnar að alfriða sem flestar tegundir, heldur einnig því að koma í veg fyrir offjölgun vissra tegunda á kostnað annarra.

Um 25. gr.

Það er ekki óalgengur siður, að farþegaskip, sem eiga leið fram hjá fuglabjörgum um varptímann, þeyti eimflautur sínar til að lofa farþegunum að dást að fuglamergðinni, sem flýgur upp úr björgunum. Þetta virðist í fljótu bragði vera meinlaust gaman, en það hefur samt sínar skuggahliðar. Um leið og fuglinn æríst af hávaðanum og flýgur í ofboði upp úr björgunum, eyðileggst alltaf meira eða minna af eggjum, sem hrynja niður í sjó eða í urðir undir björgunum. Þetta er því ósiður, sem nefndin telur, að eigi að banna með lögum.

Um 26. gr.

Ástæðan til þess, að nefndin telur ákvæði þessarar greinar nauðsynleg, er sú, að yfirlegur mynda- eða kvikmyndatökumanna yfir hreiðrum fugla til þess að ná myndum af fuglunum, valda oft margvíslegum truflunum, sem stundum leiða til þess, að fuglarnir afrækja og eggin eyðileggjast, eða ungarnir drepast í hreiðrun-

um. Nefndinni er meðal annars kunnugt um, að arnarungar hafa hér á landi í fleiri skipti drepizt í hreiðrum sínum af þessum orsökum. Nefndin ætlast til, að bann það gegn mynda- og kvikmyndatökum, sem felst í þessari grein, nái aðeins til arnar, fálka, snæuglu og haftyrðils. Þessar 4 tegundir eru sjaldgæfastar allra tegunda hér á landi, og þeim er því hættast við gereyðingu.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að erlendir fuglafræðingar, sem heimsækja landið, noti erlend merki til að merkja með íslenzka fugla, eða jafnvel reyni að fá Íslendinga til að merkja fyrir sig með erlendum merkjum. Þetta hefur hvað eftir annað komið fyrir, en Íslendingar geta ekki fylgzt með árangri af slíkum merkingum, og er því nauðsynlegt að sporna við slíku með fyrirmælum í lögum. Flestar eða allar menningarþjóðir hafa líka hliðstæð ákvæði í lögum sínum. 2. málsgr. þarf ekki skýringa við.

Um V. kafla.

Öll ákvæði þessa kafla eru nýmæli í íslenzkum lögum, en þau eru í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar og miða fyrst og fremst að því að torvelda brot á friðunarákvæðum frumvarpsins.

Um 28. gr.

Ákvæði þessarar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög þýðingarmikil. Auðkenning (plúmbering) sú, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, myndi stuðla mjög að því, að hægt væri að koma í veg fyrir, að fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, væru veiddir utan veiðitímans. Hliðstæð ákvæði er einnig að finna í lögum nágrannalanda okkar. Eins og þessum málum er nú skipað hér á landi, eru fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, svo sem rjúpur, gæsir og fleiri tegundir, á boðstólum í verzlunum allan ársins hring, án þess að nokkur leið sé að vita, hvort þeir hafa verið veiddir á löglegum tíma. Opinber verzlun með ólöglega veidda fugla er því engum erfiðleikum bundin hér á landi, eins og sakir standa. Auðkenning (plúmbering) mundi hins vegar torvelda mjög slíka verzlun. Erlendis er auðkenning (plúmbering) fugla víðast hvar framkvæmd með þeim hætti, að vírlykkja er þrædd með sérstakri nál í gegnum annað læri fuglsins, og er henni lokað með blýplúmbu, svipaðri því, sem tollmenn nota, og ber hún stimpil viðkomandi yfirvalds.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nauðsynleg til þess að sporna við því, að hægt sé að verzla með ólöglega veidda innlenda fugla undir því yfirskini, að þeir væru innfluttir.

Um 31.—34. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um refsingar, upptöku eigna og meðferð dómsmála vegna brota á lögunum.

Refsiákvæðin fyrir ólöglegar fuglaveiðar eru í 35. gr., fyrir ólöglega eggjatöku í 36. gr. og fyrir brot á ákvæðum V. kafla frv. í 37. gr. Upptökuákvæði eru einnig í greinum þessum. Í 38. gr. er sjálfstætt refsiákvæði um þá háttsemi, er hleypt er af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum. Þar er einnig mælt fyrir um refsingu vegna brota á öðrum ákvæðum laganna, sem ekki

er lögð sérstök refsing við á öðrum stöðum. Í 39. gr. er kveðið á um það, hvert sektir renni og upptæk verðmæti eða andvirði þeirra, og í 40. gr. um það, hverri réttarfarsmeðferð mál út af brotum á lögunum skuli sæta.

Ákvæðin um refsingu og upptöku eru nokkuð á annan veg en í gildandi lögum. Í hinum síðarnefndu eru fésektir yfirleitt rígskorðaðar við hvern fugl, sem veiddur er, eða hvert egg, sem tekið er, þó svo, að fésektir hækka, ef brot er ítrekað (í 5. gr. laga nr. 74/1941 er þó bæði lögmælt sekt fyrir veiði hvers fugls og frekari refsiviðurlög eru einnig orðuð). Slík refsiákvæði veita dómurum ekkert eða a. m. k. lítið svigrúm til þess að taka tillit til sératvika við brot hverju sinni eða hafa hliðsjón af högum sakbornings, þ. á m. efnahag hans, en það er atriði, sem jafnan á að hafa í huga við ákvörðun fésekta, samkv. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, nema lög segi annað. Fyrirkomulag íslenzkra friðunarlaga um refsimörk var mjög tíðkað í fornum lögum bæði hér á landi og annars staðar. Í nútíma refsivísindum þykir þetta horf á refsiákvæðum vera óheppilegt. Ekki verður séð, að úr almennum varnaðaráhrifum refsiviðurlaga dragi verulega, þótt hættir frv. í þessu efni séu valdir, enda eru refsimörkin yfirleitt hækkuð í frv., frá því sem nú er. Þess má geta, að á ráðstefnu norrænna refsiréttarsérfræðinga í Reykjavík í júní 1950 var m. a. lagt til, að horfið skyldi í refsilöggjöf frá þeim hætti að rígskorða fésektir við verðmæti það, er brot beinist að, svo sem tíðkazt hefur í friðunarlöggjöfinni íslenzku til þessa.

Í 35.—37. gr. eru ákvæði um upptöku, sem fyrr greinir. Upptökuákvæði er ekki í lögum nr. 59/1913, en hins vegar í lögum nr. 74/1941 (og í veiðitilsk. frá 20. júní 1849). Nær upptökuákvæði þeirra laga aðeins til veiðitækja, og er skylt að gera þau upptæk. Upptökuákvæði frv. eru miklu víðtækari en er eftir gildandi lögum. Í fyrsta lagi varða þau allar ólöglegar fuglaveiðar, ólöglega eggjatöku, svo og brot á ákvæðum V. kafla frv. Í öðru lagi lúta þau ekki eingöngu að veiðitækjum, heldur einnig að ólöglegu veiðifangi og hagnaði af veiði eða eggjatöku eða af broti á ákvæðum V. kafla frv. Í ákvæðum frv. er ekki lögmælt skylda til eignarupptöku, heldur aðeins veitt heimild til hennar. Er sá háttur valinn í samræmi við ríkjandi stefnur í nútíma refsirétti. Ætlandi er, að upptökuákvæði frv. skapi mönnum aukið aðhald um að skeyta friðunarákvæðum, ef frv. verður lögfest.

Um 35.—36. gr.

Til viðbótar því, sem greinir hér að framan um ákvæði þessara greina, er vert að vekja athygli á því, að í 35. gr. eru lágmarkssektir ákveðnar hærri en ella fyrir veiði á fjórum fágætum fuglategundum og á æðarfuglum. Í 36. gr. er og orðuð hærri lágmarkssekt fyrir ólöglega töku á eggjum þessara fugla en annarra fugla.

Þær fágætu fuglategundir, sem nafngreindar eru í 35. og 36. gr., eru örn, snæugla, haftyrðill og fálki. Fuglategundirnar þrjár, sem fyrst eru nefndar, eru sjaldgæfustu varpfuglarnir hér á landi. Nú munu varla fleiri en 10 verpandi arnarpör hér á landi, og hefur örnum ekki fjölgað þrátt fyrir alllanga friðun. Verpandi snæuglupör eru áreiðanlega innan við 10, og í Grímsey verpa 10 haftyrðilspör, en annars staðar verpur þessi tegund ekki hérlendis. Hins vegar kemur oft mergð af haftyrðli upp að ströndum landsins á veturna, en gera verður mun á þessum aðkomufuglum og hinum litla, íslenzka stofni í Grímsey. Fálkinn er ekki enn orðinn eins sjaldgæfur og þær 3 tegundir, sem rætt hefur verið um hér að framan, en mikil hætta er á, að örlög hans verði hin sömu og arnarins, ef ekki tekst að byggja fyrir það, að hann verði skotinn bæði leynt og ljóst, eins og nú á sér stað, og það þrátt fyrir alfriðun hans.

Í 35. og 36. gr. er gert ráð fyrir því sem fyrr greinir, að lágmarkssektir fyrir ólöglegar æðarfuglaveiðar eða ólöglega töku æðareggja verði hinar sömu og fyrir ólöglegar veiðar og töku eggja þeirra fjögurra tegunda, sem taldar hafa verið hér að framan. Hinar miklu nytjar, sem margir hafa af æðarvörpum, réttlæta þá ákvæði fyllilega.

Í 2. málsgr. 35. gr. er það nýmæli, að tilraun til ólöglegra fuglaveiða og hlutdeild í þeim sé refsiverð. Er þörf á þessu ákvæði sakir þess, að reglur III. kafla laga nr. 19/1940 eru bundnar við brot, samkvæmt almennri hegningarlöggjöf, sbr. þó 1. gr. l. nr. 19/1940.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringar umfram það, sem greinir hér að framan.

Um 38. gr.

Ákvæði greinarinnar um, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum, stuðlar að því, að menn geti varizt átroðningi og yfirtroðslum veiðiþjófa, sem svo eru nefndir af almenningi. Í 2. málsgr. 35. gr. er tilraun til ólöglegra fuglaveiða að sönnu lýst refsiverð, en ætla verður þó, að fyrri málsgr. 38. gr. hafi sjálfstætt gildi, þegar af þeirri ástæðu, að sönnur kann að bresta fyrir því, að um tilraun til ólöglegra fuglaveiða sé að ræða, þótt sannað sé, að maður hafi skotið af byssu.

Um 39. gr.

Í 8. gr. laga nr. 59/1913 og 8. gr. laga nr. 74/1941 segir, að sektir fyrir brot á lögunum renni að þriðjungi í sveitarsjóð, en að tveimur þriðju til uppljóstrunarmanns. Í 39. gr. frv. er lagt til, að sektir og upptæk verðmæti renni í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang rennur þó til veiðiréttarhafa þess, sem misgert er við, nema veitt sé eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum frv. Breyting sú, er frv. orðar hér á sektarákvæðum eldri laga, er í samræmi við réttarþróun síðari áratuga og stefnur í nútíma refsirétti. Þykir ekki þörf að ræða það efni nánar hér.

Ákvæði 2. málsgr. 39. gr. er hliðstætt 94. gr. (eða öllu fremur 95. gr., sbr. l. nr. 8/1946, 1. gr.) laga nr. 112/1941.

Um 40. og 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1952 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, sem skattsins eiga að njóta er eigi minni en áður.

Nd. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist:

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frv. þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að gefa ríkisstjórninni með bráðabirgðalögum heimild til þess að kaupa innanlands einn togara, til viðbótar þeim tíu togurum, sem ríkisstjórninni hefur verið heimilað að láta smíða í Bretlandi. Þar eð neyðarástand hefur skapazt á Siglufirði vegna langvarandi atvinnuleysis, taldi ríkisstjórnin óumflýjanlegt að ráðstafa þangað einum togara í samræmi við heimild í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, en þar sem ráðstafað hafði verið öllum nýju togurunum, var ekki um annað að ræða en kaupa einn togara innanlands.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að veita ríkisstjórninni umbeðna heimild, gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist:

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. apríl 1951.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Gizur Bergsteinsson.**

Steingrímur Steinþórsson.

Nd. **7. Frumvarp til laga** [7. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt hvað eftir annað á Alþingi af þingmönnum Sósíalistaflokksins. Skal hér rakinn í stuttu máli gangur þess til þingsins 1950, eins og sagt var frá honum í áliti 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar Nd. (Áka Jakobssonar) í nál. 13. apríl 1950:

„Frv. það, sem hér liggur fyrir, var fyrst flutt á Alþingi 1942 (sumarþinginu) af þm. Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifi Högnasyni. Frv. var þá vísað til sjávarútvegsnefndar, en var ekki afgreitt úr nefndinni og dagaði uppi á þinginu. Árið 1942 var allur togaraflotinn á ísfiskveiðum, en meiri hluti háseta dvaldi í landi á meðan á siglingu til Englands stóð, en hún tók venjulega 10 daga. Af þessu leiddi, að þau óeðlilegu fyrirmæli gildandi laga, að hásetar á botnvörpuskipum skuli vinna 16 klst. á sólarhring, eftir að verkafólk í landi var almennt farið að vinna 8 klst. á sólarhring, urðu ekki til eins mikils baga og síðar kom fram. Veiðiferðirnar stóðu í allt að 14 daga, og þótt það væri erfið skorpa og jafnvel hættuleg heilsu manna, voru menn þó öruggir um að fá um 10 daga hvíld, þeir sem heima biðu, og miklu hægari vinnu hinir, sem sigldu. Þegar frv. þetta var upphaflega flutt, var ekki ríkjandi nógu almennur skilningur á þýðingu þessa máls.

Næst var mál þetta flutt á þingi 1946 af tveim þm. Sósíalistaflokksins, þeim Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Frv. náði þá enn ekki að verða afgreitt á þinginu, en sjávarútvegsnefnd Nd., sem fékk málið til meðferðar, afgreiddi það þó. Afgreiðslan varð sú, að meiri hl., þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýstu sig andvíga málinu og lögðu til, að frv. yrði fellt. Finnur Jónsson, fulltrúi Alþýðuflokksins, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn

að taka afstöðu til málsins, en fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt.

Meðan málið lá fyrir þinginu 1946 var það mikið rætt meðal sjómanna á togaraflotanum, og kom þá í ljós, að áhugi var mjög mikill og almennur fyrir því að lögfesta 12 tíma hvíldartíma á togurunum. Þessi mikli áhugi kom fram í því, að um 400 starfandi togarasjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frv. Eins og áður er sagt, dagaði frv. þetta uppi á þinginu 1946.

Í þriðja sinn var mál þetta borið fram á þinginu 1947 og þá af hinum sömu tveim þingmönnum Sósíalistaflokksins, er fluttu frv. 1946. Enn var máli þessu vísað til sjávarútvegsnefndar Nd., sem afgreiddi það þannig, að meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúi Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, og fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til þeirrar athugunar. Minni hlutinn, fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, lagði hins vegar til, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Var málið síðan afgreitt í deildinni þannig, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins samþykktu gegn atkvæðum þingmanna Sósíalistaflokksins að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Máli þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en hinn 8. júní s. á. skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Í nefnd þessa voru skipaðir: Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri án tilnefningar, Karl Guðbrandsson (síðar Borgþór Sigfússon) og Sigfús Bjarnason, tilnefndir af samtökum sjómanna í Rvík og Hafnarfirði, og Skúli Thorarensen og Ingvar Vilhjálmsson af hálfu útgerðarmanna.

Nefnd þessi starfaði í röskt ár. Hún safnaði ýmsum upplýsingum um hvíldartíma sjómanna í öðrum löndum, og verður ekki séð, að hún hafi unnið úr þeim upplýsingum. Nefndarálitin eru þrjú, fulltrúar sjómanna tveir leggja til, að lögboðin verði 12 tíma hvíld á togurunum. Fulltrúar útgerðarmanna tveir leggja til, að frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma verði fellt. En þeir tveir menn, sem ríkisstjórnin skipaði án tilnefningar, Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, gerðu enga tillögu um málið, enda lýsa þeir yfir því í áliti sínu, að starf þeirra í nefndinni hafi í rauninni einungis verið í því fólgið að leita sátta um lausn málsins með fulltrúum stétta þeirra, sem hlut eiga að máli, en þau sáttastörf hafi engan árangur borið.

Það kemur raunar engum á óvart, að enginn árangur varð af störfum þessarar milliþinganefndar. Á það var bent þegar, er sú tillaga að vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar var til meðferðar á Alþingi í marz 1948, að upp úr fyrirhugaðri rannsókn fengist ekkert annað en að tefja framgang málsins um stundarsakir, enda snerust ákveðnir andstæðingar þessa máls strax til fylgis við þá tillögu að vísa því til ríkisstjórnarinnar til athugunar í því skyni.

Nefndarskipunin til að gera tillögur um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum hefur því ekki borið annan árangur en þann að tefja framgang þessa máls í nærri tvö ár. Vegna setu þessarar nefndar var ekki unnt að bera fram frv. um lögfestingu 12 tíma hvíldartíma háseta á togurum á þinginu 1948, því að nefndin skilaði ekki áliti sínu fyrr en síðari hluta árs 1949. En á því þingi leituðust flutningsmenn frv. frá þinginu 1947 við að ýta við nefndinni með því að bera fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um, hvað liði störfum hennar.

Eftir að milliþinganefndin hafði lokið störfum haustið 1949, var snemma á þessu þingi flutt frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. hefur verið til athugunar í nefndinni, og hefur nefndin, auk þess að kynna sér álit milliþinganefndarinnar, sent frv. til Alþýðusambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna og lagt fyrir þessa aðila spurningar, sem nefndin hefur fengið svör við, sem engar nýjar upplýsingar veita.“

Á síðasta þingi (1949) náði málið ekki afgreiðslu. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarfl., lögðu þá til að afgreiða frv. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem eðlilegast þykir, að verkamenn og atvinnurekendur semji sjálfir um kaup og kjör, en Alþingi hefur þegar sett lög um lágmarkshvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, telur deildin ekki rétt að svo stöddu, að ríkisvaldið hafi frekari afskipti af þessu máli, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi afstaða Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarfl. að binda þannig samþykkt þessa hvíldartímafrumvarps og gera það að deilumáli sjómanna og togaraeigenda hefur þegar orðið þjóðinni dýr, eins og togarastöðvunin sýnir, sem þegar hefur kostað þjóðina um 70 milljónir króna í erlendum gjaldeyri.

Um málið sjálft þarf varla að fjölyrða.

Þegar þetta frv. var flutt 1947, sagði svo um það í greinargerð þeirri, er því fylgdi:

„Frumvarp þetta var flutt vegna einróma samþykktar síðasta þings Alþýðusambands Íslands (þ. e. 1946), sem innan sinna vébanda hefur öll sjómanna- og verkamannafélög landsins, sem togarahásetar eru félagar í. Þau rök, sem færð hafa verið gegn því, hafa eigi komið frá öðrum en togaraeigendum og meiri hluta sjávarútvegsnefndar, er endurtók þá staðhæfingu útgerðarmanna, að lækka yrði kaup togarasjómanna, ef frumvarpið yrði samþykkt, og að það væri ekki framkvæmanlegt vegna vöntunar á plássi í togurunum. Þessi rök eru ekki frambærileg gegn því réttlætismáli, sem er aðalefni frumvarps þessa, að togarasjómenn eigi afdráttarlausa kröfu á 12 tíma hvíld á sólarhring. Enginn sjómaður tekur alvarlega þá mótbáru togaraeigenda, að pláss sé ekki til í skipunum fyrir þá 3—4 menn, sem bæta þarf við, er hvíldartíminn verður lengdur, og sú fullyrðing útgerðarmanna, að kaup háseta ætti að lækka, ef fjölgað yrði á skipunum, er aðeins dæmi um það, hve ósanngjarnir atvinnurekendur af gamla skólanum geta enn verið.

Togarasjómenn eru nú samkvæmt lögum skyldir til þess að vinna allt að 16 stundum í sólarhring og bera oft og tíðum ekki meira úr býtum en menn í landi fyrir stuttan vinnutíma. Það er því svo furðulangt frá sanngirni að ympra á því að lækka kaup þeirra, þó að þeim verði tryggð 12 stunda hvíld á sólarhring, að slíkt nær engri átt. Það verður að spara á öðrum liðum útgerðarkostnaðarins. Útgerðin ber það ekki að missa af flotanum, vegna óhóflegs vinnutíma og lélegra launa, það einvalalið, er nú mannar togarana.

Því hefur verið hreyft um þetta frumvarp, eins og hin fyrri vökulög, að það sé flutt í pólitískum tilgangi, án þess að sjómenn hafi sjálfir áhuga á málinu. Eins og í fyrra skipti hafa togarahásetar svarað þessu eftirminnilega. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, hafa um 400 starfandi togarahásetar skorað á Alþingi að samþykkja það, og sams konar áskoranir hafa borizt víðar að. Afstaða sjómanna til frumvarpsins er því ótvírætt sú, að þeir vilja, að frumvarpið verði að lögum.

Með hliðsjón af því, hversu þetta er mikið réttlætismál, verður að ætla, að frumvarpið fái fljóta og þinglega fyrirgreiðslu og Alþingi viðurkenni réttmæti þess og geri það að lögum."

Síðan var loks, eftir langa og harða deilu og stöðvun togaranna mánuðum saman, samið um það milli sjómanna og togaraeigenda, að 12 stunda hvíld skyldi á komið á saltfisksveiðum. Hefði Alþingi borið gæfu til þess að samþykkja þetta frumvarp 1949—1950, hefði að líkindum aldrei til þeirrar deilu komið. En á ísfisksveiðum er 12 stunda hvíldin enn ekki samþykkt, og getur það atriði enn orðið langt og dýrt baráttumál, ef Alþingi eigi grípur í taumana. Á Alþingi 1950 var þetta frumvarp enn einu sinni borið fram, en náði ekki samþykki. 12 stunda hvíld á togurunum er sjálfsagður réttur togarasjómanna, þeirra manna, sem erfiðasta vinnu hafa allra Íslendinga. Það er skylda Alþingis, jafnt frá sjónarmiði mannréttinda, mannúðar sem hagsýni, að löghelga sjómönnum þennan rétt. Þess vegna er þetta

frumvarp nú enn einu sinni fram borið, til þess að alþingismenn fái tækifæri til að inna þessa skyldu af hendi.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

1. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Fjárhagsráð skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. l. nr. 30 7. marz 1951, um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

Greinargerð.

Í heimsstyrjöldinni fyrri mun fyrst hafa verið komið á verðlagseftirliti hér á landi, en það var afnumið, er henni lauk. Tæpum áratug síðar var þó aftur tekið að takmarka álagningu á ýmsar innfluttar vörur, enda hafði athugun leitt í ljós, að í skjóli innflutningshafta og vöruskorts hafði álagningu verið haldið óeðlilega hárri. Í heimsstyrjöldinni síðari var verðlagseftirlitið aukið mjög verulega. Með lögum þeim um verðlag, sem sett voru í ársbyrjun 1943 fyrir forgöngu utanþingsstjórnarinnar, sem þá sat að völdum, var verðlagseftirlitið látið ná til allrar verzlunarvöru og hvers konar þjónustu. Hafa ríkisstjórnir þær, sem setið hafa síðan, talið sjálfsagt, að opinber ákvæði giltu um álagningu, að núverandi ríkisstjórn þó frátalinni. Hún tók upp algerlega nýja stefnu í þessum málum, skömmu eftir að hún settist að völdum. Er nú svo komið, að verðlagseftirlit hefur verið afnumið hvað snertir langmestan hluta innfluttrar vöru og innlendrar iðnaðarframleiðslu og þjónustu. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því haldið fram, að afnám innflutningstakmarkana mundi tryggja svo mikla samkeppni í verzlun og framleiðslu, að opinbert verðlagseftirlit yrði óþarft. Af hálfu Alþýðuflokksins voru fyrirætlanirnar um afnám verðlagseftirlits gagnrýndar harðlega og því spáð, að álagning mundi stórhækka. Ástand efnahagsmálanna og aðstæður í íslenzkri verzlun og framleiðslu væru ekki þannig, að hægt væri að vænta harðrar samkeppni.

Nú hefur fengizt mikilvæg reynsla um þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Verðgæzlustjóri hefur látið fara fram athugun á álagningu á ýmsar vörur, sem undanþegnar hafa verið opinberu verðlagseftirliti. Niðurstaðan er sú, að álagning hefur yfirleitt hækkað gífurlega, og er ósjaldan um beint okur að ræða. Skulu nefnd um það nokkur dæmi.

Álagning á sendingu af ávaxtasultu, sem kostar 316 000 kr., er hækkuð úr 252 000 kr., miðað við fyrri verðlagsákvæði, í 433 000 kr. Álagning á niðursoðna ávexti, sem kosta 75 400 kr., er hækkuð úr 56 800 kr. í 117 300 kr. Álagning á þvottavélar, sem kosta 42 900 kr., er hækkuð úr 12 000 kr. í 31 100 kr. Álagning á rakvélablöð, sem kosta 115 000 kr., er hækkuð úr 80 800 kr. í 197 500 kr. Dæmi eru um sexföldun álagningar á sokka, fjórföldun álagningar á barnahosur og bómullarefni, þreföldun álagningar á handklæðadregil o. s. frv. Álagning hefur stundum orðið

svo há, að furðulegt verður að teljast. Á niðursoðna ávexti hafa verið lögð 117% í heildsölu, á döðlur 90%, á silkiblúndu 153%, á gluggatjaldaefni 60%. Þess eru jafnvel dæmi, að álagning hafi verið tífölduð frá því, sem leyft var meðan verðlagsákvæði voru í gildi. Þótt hækkun heildsöluálagningar hafi yfirleitt orðið miklu meiri en hækkun smásöluálagningar, hefur sú álagning einnig hækkað verulega. Smásöluálagning á ýmsa matvöru hefur t. d. verið hækkuð úr 16—17% í 25%. Álagning á ýmsar leir- og glervörur og búsáhöld hefur hækkað úr 32% í 70—100%.

Niðurstaða verðgæzlustjóra hvað snertir 45 vörusendingar, sem fluttar hafa verið inn fyrir bátagjaldeyri, er sú, að kaupverð þeirra hafi numið tæpum 2 millj. kr., og hafi söluverð þeirra til neytenda átt að vera 5,7 millj. kr., ef fyrri verðlagsákvæðum hefði verið fylgt. Söluverðið varð hins vegar rúmar 7 millj. kr., svo að hækkun álagningarinnar í skjóli hinnar „frjálsu verzlunar" ríkisstjórnarinnar hefur numið hvorki meira né minna en 1,3 millj. kr., eða 65% kaupverðsins.

Athuganir verðgæzlustjóra hafa því staðfest algerlega þá spá Alþýðuflokksins, að því færi víðs fjarri, að frjáls samkeppni mundi halda álagningu innan hæfilegra takmarka. Hér hefur auðsjáanlega alls ekki verið um heilbrigða samkeppni að ræða. Reynslan hefur sýnt, að afnám verðlagseftirlits hefur haft í för með sér beint okur á ýmsum sviðum. Almenningur stynur nú undan sívaxandi dýrtíð. Jafnframt kemur í ljós, að gífurleg hækkun álagningar á verulegan þátt í henni. Samtímis því, sem kostur almennings þrengist, stórauka milliliðir tekjur sínar. Jafnframt því, sem fjölmennustu stéttir þjóðfélagsins verða að heyja langa og stranga baráttu til þess að verjast versnandi kjörum eða lúta lagaboðum um þau, hefur öðrum stéttum verið selt sjálfdæmi um tekjuöflun sína með þeim afleiðingum, að þær hafa blygðunarlaust skarað eld að sinni köku.

Hér verður að gerbreyta um stefnu. Milliliðir verða að lúta opinberri ákvörðun um álagningu sína, og þeirri álagningu verður að halda innan skynsamlegra takmarka og miða hana við nauðsynlegan verzlunarkostnað og hóflegan ágóða. Taka verður tafarlaust upp verðlagseftirlit með öllum vörum og allri þjónustu, sem máli skiptir um verðlag í landinu.

Á síðustu dögum síðasta þings var fellt úr gildandi verðlagslögum ákvæði það, er skyldar fjárhagsráð til að setja verðlagsákvæði, en ráðinu í þess stað heimilað að setja slík ákvæði. Á grundvelli þessarar lagabreytingar hefur verðlagseftirlitið síðan verið afnumið að mestu leyti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að fyrri ákvæði um skyldu fjárhagsráðs til setningar verðlagsákvæða verði aftur tekin í lögin.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti þingm. Ísfirðinga, Finnur Jónsson, frv. samhljóða þessu frv. Var því vísað til n., en hún afgreiddi það ekki. Af þeim sökum er málið nú flutt aftur. Í greinargerð þess frv. sagði m. a.:

„Vökur og takmarkalaus þrælkun togarasjómanna gekk á sínum tíma svo úr hófi fram, að hraustbyggðustu menn urðu heilsulausir á unga aldri. Alþýðuflokkurinn hóf þá baráttu fyrir löggjöf til verndar sjómönnum með þeim árangri, að hin alkunnu togaravökulög, sem formaður Alþýðuflokksins, Jón Baldvinsson, fékk samþykkt á Alþingi árið 1921, tryggðu togarahásetum 6 stunda hvíld á sólarhring, meðan skip voru að veiðum. Þetta orðalag var hártogað af sumum skipstjórum. Létu þeir slíta vöktum, þegar lagt var af stað heim, og settu ekki vaktir fyrr en komið var á fiskimiðin aftur. Baráttunni ar haldið áfram, og með lögunum, sem gengu í gildi 1. júlí 1928, náðist hin upphaflega 8 tíma hvíldarkrafa, er átti að fyrirbyggja ofþjökun við þessa ströngu vinnu, sem oft var unnin í verstu veðrum. Einnig var svo kveðið á, að vaktir skyldu haldast, meðan skip væri í siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna. Í þessum lögum var ákveðið að skipta sólarhringnum sem hér segir:

Fyrst 6 tíma hvíld og 18 tíma á þilfari, en síðan 8 tíma hvíld samfellda og 16 tíma á þilfari.

Þegar fyrirkomulag þetta hafði staðið nokkur ár, komust menn á þá skoðun að fenginni reynslu, að heppilegra væri að skipta vöktum þannig, að 6 tíma hvíld kæmi eftir hverja 12 stunda vinnu. — — —

Í tilefni af frv. til l. um tólf stunda hvíld togaraháseta, sem borið var fram á Alþingi 1947, en vísað var til ríkisstjórnarinnar, skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna milliþinganefnd í málið. Í nefndinni voru Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari og Torfi Hjartarson tollstjóri, skipaðir án tilnefningar, Borgþór Sigfússon formaður sjómannafélagsins í Hafnarfirði og Sigfús Bjarnason starfsmaður sjómannafélags Reykjavíkur af hálfu sjómanna, en af hálfu útgerðarmanna Skúli Thorarensen forstjóri og Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður.

Væntu menn góðs árangurs af starfi nefndarinnar.

Nefndin starfaði í rúmt ár og hefur viðað að sér miklu af gögnum víðs vegar að. Hún klofnaði að lokum í þrennt. Fulltrúar sjómanna lögðu til, að lögboðin yrði 12 stunda hvíld togaraháseta, fulltrúar útvegsmanna lögðust gegn því, en tveir nm. gerðu engar tillögur. Af þessu er augljóst, að samkomulag næst ekki með hásetum og útgerðarmönnum um þetta mál. — — —

Fulltrúar útvegsmanna leggja höfuðáherzlu á, að aukinn hvíldartími mundi mjög draga úr framleiðslu togaranna og mannafjölgun á skipunum, sem nauðsynleg væri til að halda aflamagninu, ef hvíldartíminn væri aukinn, yrði svo kostnaðarsöm, að ókleift yrði að halda togurunum úti. Jafnframt benda þeir til fristunda sjómanna á ísfisksveiðum, en gera saltfisksveiðar lítt að umtalsefni.

Fulltrúar sjómanna segja hins vegar m. a. um þessi atriði:

„Átta stunda vinnudagur hefur verið lögleiddur með flestum menningarþjóðum heims og við hér á landi haft hann um árabil. Víða er enn unnið að styttingu vinnudagsins. Það er því ekki sæmandi, að togarasjómenn þurfi að vinna 16 klukkutíma á sólarhring og ávallt við mun verri aðstæður en menn í landi. Íslenzk togaraútgerð hlýtur að byggjast á því, að menn fáist til að stunda þá atvinnu, en það verður því aðeins, að menn njóti í þeim starfa þeirrar hvíldar og aðbúðar, sem þeim er nauðsynleg. Seinna atriðinu hefur verið séð fyrir með hinum nýju og stóru skipum, sem við eigum nú. En að því er hvíldartímann varðar, verður ekki talið, að nauðsyn sjómanna hafi verið fullnægt, og er þess ekki að vænta, að menn séu fúsir til þess að ráða sig á togara til 16 stunda vinnu á sólarhring, er fáanleg er vinna í landi, þar sem 8 stunda vinnudagur er gildandi.

Það er vitað mál, að togaravinna er engin íhlaupavinna og stór hópur manna gerir hana að lífsstarfi sínu, en eins og nú er háttað um vinnutíma, er ekki hægt fyrir menn nema á bezta aldri að stunda þessa atvinnu. Þegar menn eru orðnir miðaldra, eru þeir orðnir svo til útslitnir, en oft samt neyddir til að vera áfram á sjónum, sökum þess að þeir fá ekki vinnu í landi. Líðan þessara manna þarf ekki að lýsa.

Útgerðarmenn halda því hins vegar fram, að stytting vinnutímans mundi þýða fleiri menn um borð í skipunum og þar af leiðandi hærri útgerðarkostnað. En við teljum miklar líkur fyrir, að þótt fjölga þyrfti mönnum til að byrja með, mundi það koma fljótt í ljós, að vinnuafköst mundu aukast það mikið við aukna hvíld, að fleiri menn en nú eru um borð í togurunum mundu óþarfir."

Síðan þetta var ritað hefur samtökum sjómanna í harðvítugri vinnudeilu tekizt að knýja ákvæði um 12 stunda hvíld á saltfisksveiðum inn í kjarasamninga. Er samt sem áður nauðsynlegt að lögfesta þessa skipan og kveða svo á, að hún taki til saltfisksveiða einnig.

Engin sanngirni mælir með því, að togarahásetar vinni nokkurn tíma 16 stundir á sólarhring, þegar landmenn vinna 8 stundir. Munurinn er nógu mikill enn, þótt togaramönnum verði tryggð með lögum 12 stunda hvíld í sólarhring.

Nú stendur fyrir dyrum uppsögn gildandi kjarasamninga á milli sjómanna og togaraeigenda. Er öllum ljóst, að langvarandi stöðvun togaraflotans er þjóðhættuleg. En það er engum vafa bundið, að nokkuð mundi það greiða fyrir samningum, ef fyrir lægju lagaákvæði um 12 stunda hvíld á sólarhring hverjum á togurunum við allar veiðar.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Sigurður Guðnason.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleysissjóðs skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðsfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meira en ⅘ af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðsfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur, eftir því hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamning viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.
6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. jan. 1952.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 150 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðsins í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölul.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

   Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkv. 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkv. lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðurinn starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgangs að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlufalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. des. 1951, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 krónum á hvern sjóðsfélaga.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi:

Greinargerð.

„Frumvarp samhljóða þessu var flutt 1949 að tilhlutun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í greinargerð fyrir því frumvarpi var sagt, að það væri flutt vegna breyttra viðhorfa í atvinnumálum þjóðarinnar og vaxandi atvinnuleysis verkafólks. Því verður ekki neitað, að síðan frumvarp þetta var síðast flutt, hefur mikið sigið á ógæfuhliðina fyrir verkafólki í atvinnumálum og nauðsynin fyrir lagasetningu sem þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, því brýnni nú.

Fáir munu treystast til að neita því, að það sé mesta verðmætissóun þjóðfélagsins, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu um lengri eða skemmri tíma, og að það sé

frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig þá ábyrgð, er leiðir af atvinnuleysi.

Atvinna landsmanna hefur dregizt mikið saman hin síðari ár, og er nú svo komið, að í ýmsum atvinnugreinum, er áður veittu fjölda manna vinnu, er nú sáralítið að gera, svo sem í byggingarvinnu og ýmsum iðnaði. Til viðbótar hinum almenna samdrætti í atvinnulífinu hefur orðið tilfinnanlegur aflabrestur í mörgum verstöðvum, sem gert hefur hlut verkafólksins mjög rýran.

Atvinnuleysi er nú mikið víða um landið, og sums staðar svo, að til stórra vandræða horfir. Það ætti að vera öllum ljóst, að kjör atvinnuleysingja eru nú óbærilegri en áður vegna hinnar miklu dýrtíðar og að allt verður að gera til að firra heimili atvinnuleysingjanna þeim skorti, sem nú er óhjákvæmilega hlutskipti þeirra. Hér í Reykjavík voru um mánaðamótin okt. og nóv. s. l. skráðir 251 atvinnuleysingi, og er það hærri tala en um mörg undanfarin ár.

Þess ber þó að geta, að vitanlegt er, að margir verkamenn veigra sér við, þótt atvinnulausir séu, að ganga hin erfiðu spor til atvinnuleysskráningar nú á nýjan leik, eftir að hafa búið við sæmilega atvinnu í mörg ár, og að skráning atvinnuleysingja er því engan veginn rétt mynd af atvinnuástandinu.

Það er er ekki sjáanleg nein sú stefnubreyting í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, er valdið geti því, að hér skapist atvinnuöryggi, heldur þvert á móti má búast við, að atvinnuleysi fari vaxandi á næstu tímum.

Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum fullan reikning og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (3 millj. kr.), sem geymd er í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins skv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og verkamannafél. Dagsbrún, og miðað við, að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða 900 mönnum í 3 mánuði árlega, — þó ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. — Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan staðið við löglegar skuldbindingar sínar. Hér er því um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumv. því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp. — Þar var þó t. d. gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda yrðu 6%, en aðeins 4% í þessu frumv. — Ef það frumhefði þá náð fram að ganga, mundu nú vera til miklir sjóðir, sem hægt væri að verja til stórvirkra atvinnuframkvæmda.

Í frumv. þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mest sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin setja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum.“

Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 112 frá 28. des. 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (6. gr.) Af tekjum af söluskatti skv. 21. og 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. 2. gr. þessara laga árið 1951, skal greiða bæjar- og sveitarfélögum í landinu ⅓ hluta söluskattsupphæðarinnar. Nú innheimtir bæjar- eða sveitarfélag útsvarsálag með aukaniðurjöfnun á árinu 1951, og missir það þá rétt til hluta af söluskatti samkv. þessari grein.

b. (7. gr.) Hluta bæjar- og sveitarfélaga af söluskatti skal skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við íbúafjölda í hverju einstöku bæjar- eða sveitarfélagi við árslok 1950.

Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag innheimt útsvarsálag á árinu 1951, og skal þá þeim hluta söluskatts, sem því hefði borið, skipt eftir sömu reglu milli annarra bæjar- og sveitarfélaga.

c. (8. gr.) Fjármálaráðuneytið annast skiptingu á hluta bæjar- og sveitarfélaga af söluskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af öllum þeim margvíslegu sköttum og gjöldum, sem þegnum þjóðfélagsins er gert að greiða, er söluskatturinn óvinsælastur og það ekki að ástæðulausu. Söluskatturinn er marglagður á sömu vöru og sömu þjónustu og verður því í ýmsum tilfellum mjög veruleg upphæð, sem hefur átt drjúgan þátt í að auka dýrtíðina í landinu. Söluskatturinn veldur auk þessa ýmsum truflunum í viðskiptalífinu, og er þó engin vissa fyrir því, að allur sá söluskattur, sem innheimtur er, komi endanlega til skila í ríkissjóð. Loks er söluskattur ófyrirleittinn nefskattur, sem leggst þyngst á hina fátæku í þjóðfélaginu.

Þess er að vænta, að söluskatturinn verði ekki látinn gilda nema til ársloka, og mun Sósíalistaflokkurinn beita sér fyrir því, að skatturinn verði látinn falla niður um næstu áramót.

Á fjárlagafrv. fyrir 1951 eru áætlaðar tekjur af söluskatti 55 millj. króna.

Allt bendir til þess, að þessi tekjuliður fari verulega fram úr áætlun vegna hins aukna innflutnings. Hins vegar eiga því nær öll bæjar- og sveitarfélög í landinu í hinum mestu fjárhagskröggum og það svo, að ýmis þeirra geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Á undanförnum 4 árum hefur ríkisvaldið teygt sig æ lengra í hvers konar skattlagningu og tollaálögum á almenning. Á hverju þingi þessi 4 ár hafa verið lagðir á nýir skattar, sem nema nú samtals mikið á annað hundrað milljóna króna. Með þessu hefur ríkisvaldið gengið svo nærri greiðslugetu almennings, að lítið er orðið eftir fyrir bæjar- og sveitarsjóðina til að leggja á og mjög erfitt að innheimta útsvörin. Fjárhagsörðugleikar bæjar- og sveitarfélaga eru nú orðið eitt stærsta vandamál í þjóðfélaginu, og þeir hljóta að aukast verulega, ef ríkisvaldið heldur uppteknum hætti að siauka álögur sínar jafnframt þeim ráðstöfunum, sem bankar og ríkisvald eru nú að framkvæma við að draga saman atvinnulífið í landinu og minnka atvinnuna.

Enda þótt frumv. þetta, ef að lögum yrði, leysi ekki fjárhagsvandamál bæjar- og sveitarfélaga, er það þó nokkur úrlausn til bráðabirgða.

Ekki þykir ástæða til þess, að þau bæjar- eða sveitarfélög, sem innheimta viðaukaútsvör á árinu 1951, njóti auk þess tekna samkv. frv. þessu.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frjálst er að bjóða til sölu, selja og flytja út íslenzkar afurðir, með þeim takmörkunum einum, sem þessi lög ákveða eða ákveðnar eru í öðrum lögum um gjaldeyrisverzlun.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að auglýsa lágmarksverð á hverri vöru, sem út er flutt, og hver útflytjandi skuldbundinn að bjóða eigi út né selja undir því lágmarksverði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú gerir ríkisstjórnin samning við önnur ríki um sölu ákveðinna vörutegunda þangað, og er henni þá heimilt að ákveða, að eigi megi bjóða til þess ríkis, selja þangað eða flytja það magn af vörutegundum, sem hún hefur samið um sölu á, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú selur útflytjandi eigi vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt samkvæmt 3. gr. þessara laga, og skal honum þá heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, enda sé innflutningur slíkra vara eigi bannaður eða aðeins leyfður einkasölum ríkisins. Skyldur er hann að hlíta lágmarksverði samkv. 2. gr. Eigi þarf innflutningsleyfi fyrir innflutningi vara, sem þannig eru keyptar, en tilkynna skal fjárhagsráði vörutegundir, verð, magn og komutíma. Skulu vörur þessar verðlagðar samkvæmt venjulegum álagningarreglum og einnig heimilt, ef þörf þykir, að setja á þær sama hámarksverð í smásölu og gildir um samsvarandi vörutegundir keyptar inn í landið fyrir frjálsan gjaldeyri, enda sé lágmarksverð samkv. 2. gr. miðað við sama verðlagsgrundvöll. Þyki þörf á slíku, skal það hámarksverð auglýst sem almennt smásöluverð viðkomandi vörutegunda.

Afhenda skal gjaldeyriseftirlitinu sölu- og kaupreikninga allra slíkra vöruskipta, og er því skylt að athuga, að eigi sé framinn gjaldeyrisflótti með slíkum vöruskiptum.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að banna innflutning á vissum vöruflokkum, sem þjóðin er ekki talin hafa efni á að flytja inn, og skal hún fyrir 1. des. ár hvert birta

skrá yfir þá vöruflokka, sem bannað er að flytja inn á komandi ári. Má ríkisstjórnin síðar á því ári fella niður bann á einstökum vöruflokkum, en ekki bæta nýjum við.

6. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem flytur út vörutegund, sem áður hefur ekki verið flutt út frá landinu, skal hafa sama rétt og fyrir er mælt í 4. gr. og sömu skyldur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allur útflutningur og innflutningur er nú einokaður í höndum stjórnarvalda, ýmist ríkisstjórnar og nefnda hennar eða bankanna. Íslendingum er ekki frjálst að flytja út eina einustu vöru né flytja inn nokkra vöru. Um allt verður að sækja til stjórnarvalda, sem ákveða það síðan að mestu eftir geðþótta sínum, hvort leyfi eða gjaldeyri skuli veita til slíkrar verzlunar. Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi leyfa- eða gjaldeyrisveitinga, nokkuð aukið magn sumra vara, er leyfðar eru til innflutnings, — en sjálf einokunin hefur haldizt.

Afleiðing einokunarinnar hefur orðið sú að draga úr framleiðslu landsmanna frá því, sem verið gæti, ef menn fengju að hagnýta til fulls og á sem skynsamlegastan hátt þau miklu atvinnutæki, sem þjóðin á, og nota til fulls þá markaði, sem hægt er að selja íslenzkar vörur á. Af þessu hefur leitt almennt atvinnuleysi, versnandi lífskjör almennings og minnkandi kaupgetu. Um það, hvort slíkar afleiðingar væru sá tilgangur, er vakti fyrir valdhöfunum, eða hvort skriffinnska, einstrengingsháttur og aðrir ókostir stjórnarfarsins hafa valdið því, skal hér ekki rætt.

En um hitt verður ekki efazt, að verzlunareinokunin er í höndum núverandi valdhafa sú snara, sem er að kyrkja sjálfsbjargarviðleitni landsmanna. Og þar sem engin von er til þess, að hægt sé, eins og nú horfir, að koma á þjóðnýtingu útflutnings- og innflutningsverzlunar með hag almennings fyrir augum, er ekki til annað ráð til þess að gera landsmönnum mögulegt að bjarga sér sem bezt þeir geta en að losa þessi einokunarhöft af verzluninni, svo sem byrjað er á með þessu frumvarpi hvað útflutningsverzlunina snertir.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt. Voru þá í greinargerð rædd einstök atriði þess, og fer sá hluti greinargerðarinnar hér á eftir:

Reynslan hefur sannað, að núverandi fyrirkomulag, að einoka útflutningsverzlunina í höndum ríkisstjórnarinnar, hefur gefizt illa. Þetta frumvarp stefnir að því að vekja meiri áhuga á útflutningnum og tengja saman hagsmuni þeirra, sem flytja út og flytja inn. Það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem flytja vörur inn í landið, verði að gera sér ljóst, að til þess að hægt sé að flytja vörurnar inn, þurfi þeir eins og aðrir eftir megni að hjálpa til við að flytja sem mest út og afla sem mestra markaða. Jafnframt er nauðsynlegt, að þeir, sem áhættuna hafa af framleiðslu til útflutnings, geti, ef þörf gerist, að nokkru leyti tekið til sín nokkuð af þeim hagnaði, sem venjulega hefur verið á innflutningsverzlun hér á landi, þótt tap hafi verið á útgerð.

Með þessu frumvarpi yrðu samkvæmt 4. gr. opnaðir möguleikar til vöruskipta við þau lönd, sem ríkisstjórnin hefur ekki gert sérstaka verzlunarsamninga við. Í þeirri hörðu baráttu, sem nú er háð um fiskmarkaðina, er þjóðinni nauðsynlegt, að allir kraftar séu notaðir til markaðsöflunar, og það er óvinnandi verk fyrir Íslendinga að vinna í stórum stíl nýja markaði, ef þeir eru fjötraðir einokunarböndum fjárhagsráðs og ríkisstjórnar hér heima. Og einmitt til þess að hagnýta sér einnig þá möguleika, sem vöruskiptaverzlun („clearingviðskipti“ og „compensation“) kann að bjóða, er nauðsynlegt að slaka á þeim höftum, sem nú eru. En um leið og slíkt

yrði gert, þarf að reisa vissar skorður vegna almenningsheilla, og eru þær aðallega þessar:

1. Það þarf að hindra gjaldeyrisflótta. Það er tilgangur 2. gr. laganna. Með því að heimila ríkisstjórninni að setja lágmarksverð á útfluttu vöruna, tryggir hún það tvennt í senn, að þjóðin fái gjaldeyri eða vörur, sem lágmarksverðinu samsvarar, fyrir útfluttu afurðirnar, og að útflytjendur undirbjóði ekki hver annan og skaði þannig hagsmuni þjóðarinnar.

2. Það þarf að tryggja hámarksverð á þeirri vöru, sem inn er flutt. Þetta er nauðsynlegt fyrir alþýðu manna, sem nú berst í bökkum vegna þeirrar dýrtíðar, sem núverandi stjórnarvöld hafa leitt yfir hana og leiða í æ ríkara mæli. — Það er tilgangur 4. gr. laganna að koma í veg fyrir, að vöruskiptaverzlunin verði hagnýtt til slíks. Nú er það svo, að Ísland verzlar eða getur verzlað við allmörg verðlagssvæði í heiminum og þarf að geta hagnýtt sér markaðina í þeim öllum. Á sumum þessara verðlagssvæða fæst ef til vill miklu hærra verð fyrir íslenzkar vörur en á öðrum, en sumar vörur þaðan eru ef til vill líka mun dýrari. Þá þurfa útflytjendur og innflytjendur að eiga þess kost að jafna þessu verði sín á milli, þannig að eigi verði þau viðskipti til að auka dýrtíðina í landinu. Þann kost eiga þeir, ef þeir verða að skila lágmarksverði fyrir útfluttu vörurnar og mega selja innfluttu vöruna miðað við hámarksverð í smásölu, enda sé hvort tveggja miðað við sama verðlagssvæði, sem Ísland vildi halda sínu verðlagi á. Stundum mundu slík vöruskipti ef til vill gefa útflytjendum og innflytjendum ríflegan hagnað, ef heppilega er selt og keypt, stundum yrði vafalaust mjög mjótt á mununum, og yrðu þeir þá að deila sín á milli um, hvernig þeir minnka milliliðakostnaðinn. Er það ekki nema heilbrigt.

3. Það þarf að tryggja það, að fyrst og fremst séu fluttar inn nauðsynja- og menningarvörur, en bannaður óþarfi og lúxus, meðan þjóðin hefur ekki efni á að veita sér hann. Það er tilgangur 5. gr. að tryggja þetta. Samkvæmt þeirri grein getur ríkisstjórnin bannað innflutning á vissum vöruflokkum, — og er þá algerlega bannað að flytja þá til landsins. Þannig gæti ríkisstjórnin t. d. bannað innflutning á bílum, ýmsum lúxusvörum, jafnvel ef hún áliti Coca-cola óþarfa, þá hefði hún heimild til að banna efnin í þann drykk og nota sykurinn, sem í hann fer, til annars. Eigi þjóðin að spara við sig, verður sá sparnaður að ganga jafnt yfir alla, gæðingar valdhafanna eiga ekki að fá þær vörur, sem almenningi er neitað um að fá innfluttar. — Með þessum ákvæðum getur ríkisstjórnin tryggt, að vöruskiptum sé einbeitt að nauðsynlegri vöru. En nauðsynlegt er, að slíkur bannlisti sé auglýstur fyrir fram fyrir hvert ár, svo að þeir, sem byggja að einhverju leyti framleiðslu sína á vöruskiptum, hafi eitthvað ákveðið að halda sér við. — Rétt er, að innflutningsáætlun yfir þarfir landsmanna sé birt fyrir fram fyrir ár hvert, eins og ætlazt var til, að fjárhagsráð gerði, en að bæði bankar og þeir, sem annast innflutning og útflutning, ekki sízt á vöruskiptagrundvelli, geti á hverjum tíma fengið að vita bæði um áætlunina varðandi hverja vörutegund og hve miklar ráðstafanir séu þegar gerðar til þess að bæta úr þeirri þörf.

Tilgangur 6. gr. er að auka áhuga manna á því að finna nýjar afurðir eða vörur til að flytja út og efla þannig útflutning landsmanna. Það er m. a. nauðsynlegt að gefa íslenzkum iðnaði þennan möguleika. Eigi sá iðnaður að geta borið sig, þarf að vera hægt að reka hann með fullum afköstum, en nú háttar svo til, að mikið af íslenzkum iðnaði hefur nú svo mikil afköst, að hann gerir meira en að fullnægja þjóðarþörf. Það er alkunna, að aðrar þjóðir gera sig sérstaklega samkeppnisfærar í iðnaði með því að sitja í fyrsta lagi sjálfar að heimamarkaðinum, en geta svo flutt umframvöruna út og hagnýtt þannig afkastagetu verksmiðja til fulls. Það er eitt af verkefnum þjóðarinnar að koma upp iðju og iðnaði í sem stærstum stíl, og það verður ekki gert nema með því, að ýtt sé undir framfarir og framtak í iðnaðinum, full hagnýting verksmiðjanna tryggð, framtaki einstaklinga og ýmissa samtaka gefnar frjálsari hendur og svo samtímis framtaki ríkisins beitt á þeim sviðum stóriðju, sem

engum íslenzkum einstaklingum væri fært né heppilegt þjóðarinnar vegna, að þeir legðu í, svo sem áburðarframleiðslu og sementsgerð.

Hefur nú verið gerð nokkur grein fyrir aðalatriðum þessa frumvarps."

Nd. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka afskipti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum af lánveitingamálum bankanna.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Deildin ályktar að skipa nefnd innandeildarþingmönnum til að rannsaka, hver afskipti sá ráðunautur í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin réð s. l. sumar, og þar með hún sjálf hafi haft af lánveitingastarfsemi bankanna. Þessi nefnd hefur rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin ákvað s. l. sumar að ráða sér ráðunaut í efnahagsmálum. Fyrir valinu varð dr. Benjamín nokkur Eiríksson. Var hvort tveggja jafnsnemma gert, að ákveða starfið og ákveða þennan mann í það. Ekki hafði ríkisstjórnin rætt það við Alþingi, er þá var nýafstaðið, að þörf væri þessarar ráðningar.

Dr. Benjamín Eiríksson hafði fram til þess að hann var ráðinn í þetta embætti verið starfsmaður hjá banka í Ameríku, sem amerísk auðfélög eiga að mestu og ráða alveg. Hann hafði sem starfsmaður þess banka komið hingað til lands með þau fyrirmæli um gengislækkun, sem gerð voru að lögum 19. marz 1950. Í greinargerð fyrir þeim lögum hafði hann fengið tækifæri til að sýna þekkingu sína á íslenzkum fjárhags- og atvinnumálum. Hafði honum missýnzt mjög í þeim efnum, reiknað skakkt í útreikningum sínum og brostið þekkingu til að skilja nauðsyn íslenzks þjóðfélags hvað atvinnuþróun snerti. Komu hörmulegar afleiðingar þeirra mistaka brátt fram á almenningi.

Síðan hafði þessi erindreki hins ameríska banka tekið þátt í ýmiss konar samningum, sem ríkisstjórnin átti í við bankann veturinn 1950—51 og lauk með vissum fjárgjöfum og lánum til ríkisstjórnarinnar og „leyfum" til hennar um, hvernig hún mætti haga sölu gjaldeyris þess, sem nú er nefndur „bátaútvegsgjaldeyrir". Setti hinn ameríski banki viss skilyrði fyrir fjárveitingum þessum, svo sem upplýst var á síðasta Alþingi, og sýndi þar með, að hann vildi ýmsu ráða um íslenzkt atvinnulíf, launakjör og lánsfjárstefnu.

Skömmu síðar var svo hinn nefndi Benjamín Eiríksson frá því að vera starfsmaður og erindreki hinnar ríku og voldugu erlendu peningastofnunar, sem ríkisstjórnin átti svo mikið undir að sækja, ráðinn ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Eigi skal getum að því leitt, hvort slík ráðning hafi verið eitt af skilyrðum hins ameríska banka.

Eftir ráðningu þessa ráðunauts gerist það, að hert er hálfu meir en fyrr á þeirri lánsfjárkreppu, sem að óþörfu og til ills eins hefur verið komið á í landinu og rýrir nú lífsafkomu fjölda fólks, stofnar eignum manna í hættu og dregur úr allri atvinnu og framleiðslu. En það hafði verið eitt af kenningaratriðum ráðunautsins, er hann flutti boðskap hins ameríska banka hingað, að hindra eðlilega þróun lánveitinganna, sem hin mesta nauðsyn er á hjá þjóð, sem er að byggja land sitt eftir að hafa tekið við því tiltölulega snauðu að húsum og hvers konar mannvirkjum.

Liggur nú sá grunur á, að nefndur ráðunautur hafi reynt að hafa áhrif á bankana í þá átt að hindra eðlilegar lánveitingar, og ólíklegt er, að hann hafi getað haft slík áhrif, nema hann að einhverju leyti beitti fyrir sig áhrifavaldi þeirrar peningastofnunar, sem hann áður var starfsmaður hjá. En slíkt myndi auðvitað á engan hátt samrýmast skyldu hans sem starfsmanns íslenzka ríkisins, — ef hann er það að meiru en nafni og launum.

Þar sem lánsfjárvandamálið er eitt þýðingarmesta fjárhagsmál þjóðarinnar nú og hlýtur að koma til kasta Alþingis, er nauðsynlegt að fá krufið til mergjar, hvort þessi ráðunautur hefur haft slík afskipti af bönkunum sem hér er sagt, hvort hann gerir það í nafni ríkisstjórnarinnar og þá með hvaða heimild slíkt er gert, — eða hvort hann er að gera slíkt í nafni annarra aðila, sem ekkert hafa um starfsemi íslenzkra banka að segja og eiga ekki heldur að ráða gerðum hans.

Til þess að komast að því sanna í þessu efni þarf deildin að láta rannsaka þetta mál til hlítar, og því er tillaga þessi fram borin.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, og tilnefni hver þeirra einn mann. Hinn fimmta skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er og leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem föng eru á og hún síðan leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Við undirbúning laganna um almannatryggingar var svo ráð fyrir gert, að samtímis þeim yrði sett löggjöf um Atvinnustofnun ríkisins, sem meðal annarra verkefna skyldi hafa með höndum atvinnuleysistryggingar, ef ráðstafanir þær, sem gert var ráð fyrir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, reyndust ekki fullnægjandi. Náðist ekki samkomulag um slíka lagasetningu, en því var yfirlýst af þáverandi ríkisstjórn, að hún teldi það meginverkefni sitt að tryggja fulla atvinnu. Síðan má og telja, að atvinna hafi verið næg í landinu, þar til á síðast liðnum vetri. Þá var mjög tilfinnanlegt atvinnuleysi í flestum kaupstöðum og mörgum kauptúnum landsins, í fyrsta sinn á tíu árum. Og allt bendir til þess, að ástandið verði þó stórum verra á þeim vetri, sem nú fer í hönd. Er það jafnvel nú þegar orðið mjög alvarlegt á nokkrum stöðum, svo sem Siglufirði og Ísafirði. Að óbreyttri stefnu í viðskipta-, fjárhags- og atvinnumálum virðist því miður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir vaxandi atvinnuleysi á ýmsum stöðum á landinu nokkurn hluta árs. Verður því ekki lengur hjá því komizt að hefjast nú þegar handa um undirbúning löggjafar um atvinnuleysistryggingar, þótt allir hljóti að viðurkenna, að æskilegra sé að koma í veg fyrir atvinnuleysi en að greiða atvinnuleysisstyrki.

Á síðasta þingi flutti Alþýðuflokkurinn frumvarp um Atvinnustofnun ríkisins, sem hafa skyldi með höndum margvíslegar ráðstafanir til þess að tryggja sem bezta hagnýtingu vinnuafls þjóðarinnar, m. a. með fullkominni vinnumiðlun, skrásetningu verkfærra manna og skipulagðri öryrkja- og unglingavinnu. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga. Þvert á móti samþykktu stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að nema úr lögum skyldu ríkisvaldsins til þess að halda uppi opinberri vinnumiðlun. Alþýðuflokkurinn mun flytja þetta frumvarp aftur á þessu þingi, en jafnvel samþykkt þess er ekki nægileg, eins og málum nú er komið. Lagasetning um atvinnuleysistryggingar er orðin óhjákvæmileg nauðsyn, en framkvæmd þeirra er að verulegu leyti háð því, að fullkomin vinnumiðlun sé fyrir hendi og nauðsynlegar skýrslur um verkfæra menn.

Í fyrri umræðum um atvinnuleysistryggingar hefur gætt nokkurs skoðanamunar um, hversu þeim skuli hagað. Hafa sumir talið heppilegast, að ein stofnun, t. d. Atvinnustofnun ríkisins, hefði þær með höndum, en aðrir telja, að réttara sé að styrkja atvinnuleysissjóði einstakra stéttarfélaga. Varðandi fjárhagsgrundvöll slíkra trygginga kemur og margt til greina, m. a. það, hversu skipta skuli kostnaði við þær á þá aðila, sem eðlilegast verður að telja að leggi fram fé til þeirra. Fé það, sem Tryggingastofnun ríkisins geymir (3 millj. kr. auk vaxta), er fyrirhugað sem stofnfé atvinnuleysistrygginganna, enda mundi það hrökkva skammt til að mæta rekstrarfjárþörf slíkra trygginga.

Flutningsmaður telur, að með skipun nefndar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu, sé tryggt, að hin mismunandi sjónarmið verði rækilega athuguð, þannig að hægt verði að þeirri athugun lokinni að gera sér grein fyrir, hversu slíkum tryggingum verði bezt fyrir komið. Flutningsmaður leggur áherzlu á, að skipun nefndarinnar og störfum hennar verði hraðað svo sem unnt er. Æskilegast væri, að hægt yrði að afgreiða málið þegar á þessu þingi.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna skal orða svo:

Hvort hjóna um sig er sjálfstæður skattþegn og greiðir skatt af þeim tekjum, sem það aflar. Hafi annað hjóna engar tekjur eða lægri tekjur en hitt, skal því reiknaður til skatts allt að helmingur tekna hins, en þó aldrei hærri upphæð en 18000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1951, né heldur meira en svo, að tekjur þess fari fram úr tekjum hins. Breytist meðalvísitalan skal fyrr nefnd upphæð hækka eða lækka í samræmi við það. Tekjur, sem annað hjóna aflar með vinnu hjá hinu eða í fyrirtæki, sem það á eða er meðeigandi að, skulu þó ekki taldar sértekjur í þessu sambandi.

2. gr.

Orðin „fyrir hjón 1800 kr.“ á tveim stöðum í 5. gr. l. nr. 20 20. maí 1942, um breyting á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa ýmsar tillögur komið fram til þess að bæta úr því ranglæti, sem felst í núgildandi skattalögum að því er snertir skattgreiðslu af tekjum giftra kvenna, sem vinna utan heimilis. Tekjur hjóna skulu nú taldar fram sameiginlega. Afli gift kona sér tekna, er þeim bætt við tekjur eiginmanns hennar við skattaframtal. Vegna hinnar öru stighækkunar tekjuskattsstigans er raunverulega greiddur miklu hærri skattur af tekjum giftrar konu en vera mundi, ef hún væri ógift. Slíkt er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt. Úr þessu má bæta með því að láta gifta konu greiða skatt sérstaklega af þeim tekjum, sem hún aflar sér utan heimilis, þó ekki hjá fyrirtæki, sem eiginmaður hennar á eða er meðeigandi að. Um þetta flutti ég frv. á Alþingi 1946, og á síðasta þingi flutti frú Soffía Ingvarsdóttir einnig frv. um þetta efni. Fleiri áþekk frv. hafa verið flutt, auk þess sem tillögur hafa komið fram um að bæta dálítið úr þessu ranglæti með því að heimila hjónum nokkurn frádrátt vegna keyptrar heimilisaðstoðar, ef konan vinnur utan heimilis.

Nokkrir ágallar eru á öllum þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram til að bæta úr ranglæti núgildandi skattalaga á þessu sviði. Ef tekjur giftrar konu, sem vinnur utan heimilis, eru skattlagðar sérstaklega, má segja, að hlutur hennar sé gerður betri en giftrar konu, sem vinnur einvörðungu í þágu heimilis síns og aflar því þannig óbeinna tekna. Bezta lausnin á þessum vanda er að dómi flm. sú, að gera allar giftar konur að sjálfstæðum skattþegnum og telja þeim til tekna ákveðinn hluta af tekjum eiginmannsins auk þeirra tekna, sem þær kunna að afla sjálfar. Eðlilegt er að ætla giftri konu hluta af launum manns hennar vegna starfs hennar í þágu heimilisins. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að henni séu reiknaðar hálfar tekjur eiginmannsins, en þó ekki hærri tekjur en 18000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1951. Virðist eðlilegt að setja tekjum þessum hámark til þess að koma í veg fyrir, að hátekjum sé skipt á þennan hátt. Hliðstætt á að sjálfsögðu að gilda, ef aðeins konan aflar tekna heimilisins.

Reglur þær, sem gert er ráð fyrir í frv. um skattgreiðslu hjóna, eru því þessar:

1. Ef aðeins annað hjóna vinnur utan heimilis, skal tekjum þess skipt til helminga milli þeirra, en tekjur þess, sem ekki vinnur utan heimilis, skulu þó aldrei taldar hærri en 18000 kr.
2. Ef bæði hjóna vinna utan heimilis, en tekjur hvors um sig eru lægri en 18000 kr., skal sameiginlegum tekjum þeirra skipt jafnt milli þeirra.
3. Ef bæði hjóna vinna utan heimilis og tekjur annars eru hærri en 18000 kr., en hins lægri, skal bætt við tekjur þess, sem tekjulægra er, svo miklu af tekjum hins, að tekjur hins fyrr nefnda verði allt að 18000 kr., en þó aldrei hærri en tekjur hins.
4. Ef bæði hjóna vinna utan heimilis og tekjur hvors eru hærri en 18000 kr., skal hvort um sig greiða skatt af þeim tekjum, sem það aflar.

Skipan sú, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu á skattamálum hjóna, er hin eina, sem tekur fullt tillit til þjóðfélagsaðstöðu giftra kvenna í nútímaþjóðfélagi og metur svo sem vert er hin mikilvægu störf þeirra, hvort sem þau eru innt af hendi innan vébanda heimilis eða utan þess. Hér er því um brýnt hagsmuna- og réttindamál að ræða. Ýmsum kunna að þykja tillögur þessar allróttæk breyting miðað við skipan þá, sem nú ríkir. En þess má geta í því sambandi, að svipaðar reglur eru engan veginn óþekktar með öðrum þjóðum. Í Bandaríkjunum er hjónum t. d. í sjálfsvald sett, hvort þau telja sameiginlega fram til skatts eða hvort í sínu lagi og mega þá skipta tekjum þeim, sem annað aflar, milli sín, án nokkurrar takmörkunar. Þar er því gengið enn lengra á þeirri braut, sem lagt er til í frv. þessu að haldið verði út á hér.

Samþykkt frv. þessa hefði í för með sér verulega lækkun á skattgreiðslu hjóna frá því sem nú er. Slík lækkun á skatti fjölskyldufólks er þegar af öðrum ástæðum orðin nauðsynleg fyrir löngu, þar eð skattabyrðin hefur hvílt tiltölulega miklu

þyngra á því en einhleypu fólki. Eins og nú háttar þolir ríkissjóður slíkan tekjumissi. Vandalaust ætti og að vera að bæta hann með margs konar sparnaði, ef nauðsyn krefur, auk þess sem réttara væri að afla tekna á annan hátt en þann að íþyngja fjölskyldufólki, sem hefur lágar tekjur eða miðlungstekjur, svo mjög með skattgreiðslum sem gert hefur verið undanfarið.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn þannig: einum samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, öðrum samkvæmt tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins, þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:

a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.

3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.

4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólginn og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

8. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldir hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

9. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefur verið borið fram á nokkrum undanförnum þingum. Hefur því jafnan verið vísað frá umræðum í Ed., þar til á síðasta þingi, að deildin samþykkti það með mjög miklum breytingum og sendi það þannig til Nd., sbr. þskj. 572 frá f. á. Breytti Nd. frumvarpinu á ný og að mestu leyti í hið upprunalega form. Kom berlega fram, að frv. átti þannig meira fylgi að fagna en í því formi, sem Ed. gekk frá því. Á yfirstandandi ári hefur iðnaðurinn notið aðstoðar frá Efnahagsstofnun sameinuðu þjóðanna um athugun iðnaðarmála hér á landi. Hefur það leitt til þess, að ríkisstjórnin hefur komið á fót nú vísi til aðstoðar við iðnaðinn á líkan hátt og ætlazt er til í frv. Er allt þetta sönnun þess, að nú þyki sýnt, að mál þetta eigi á sér fullan rétt, og má því vænta þess, að það nái nú fram að ganga.

Að öðru leyti vísast til fyrri gagna um mál þetta í þingskjölum.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skulu ákvæði hans og viðbætis við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hafa lagagildi hér á landi. Samningurinn og viðbótarákvæðin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum. Samningur sá, sem hér fer á eftir, hefur verið gerður samkvæmt þessum tilmælum.

1. gr.

Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekizt á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg.

2. gr.

Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenzkum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.

3. gr.

Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum.

4. gr.

Það skal háð samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Bandaríkin skulu framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar, og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru, svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanizt vopnaburði. Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum.

6. gr.

Samningur sá, er gerður var hinn 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna um bráðabirgðaafnot af Keflavíkurflugvelli, fellur úr gildi við gildistöku samnings þessa, og mun Ísland þá taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ísland og Bandaríkin munu koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulag á rekstri flugvallarins til þess að samræma starfsemi þar því, að hann er jafnframt notaður í þágu varna Íslands.

7. gr.

Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það

endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annað hvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.

8. gr.

Samningur þessi er gerður á íslenzku og á ensku, og eru báðir textar jafngildir. Hann gengur í gildi, er hann hefur verið undirritaður af réttum yfirvöldum Íslands og Bandaríkjanna og ríkisstjórn Íslands hefur afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynningu um, að samningurinn hafi verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Gert í Reykjavík, hinn 5. maí 1951.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Bjarni Benediktsson,

utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku:

Edward B. Lawson,

sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði fyrir Bandaríki Ameríku á Íslandi.

Fylgiskjal.

Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra.

1. gr.

Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna“ yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum.

2. gr.

1. a. Herdómstólar Bandaríkjanna skulu aldrei hafa lögsögu á Íslandi yfir íslenzkum ríkisborgurum eða öðrum mönnum, sem ekki lúta herlögum Bandaríkjanna.
   b. Liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi ber að virða íslenzk lög og hafast ekkert það að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenzkum stjórnmálum. Bandaríkin munu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni.
2. Innan marka þessarar greinar:
   a. hafa hervöld Bandaríkjanna heimild til að fara með á Íslandi hvers konar lögsögu og eftirlit, sem lög Bandaríkjanna veita þeim, yfir þeim mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna;
   b. hafa íslenzk stjórnvöld lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot, sem framin eru á Íslandi og refsiverð eru að íslenzkum lögum.
3. a. Hervöld Bandaríkjanna skulu ein fara með lögsögu yfir mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna, að því er varðar brot gegn öryggi Bandaríkjanna, en ekki öryggi Íslands, svo og að því er varðar öll brot, sem refsiverð eru að lögum Bandaríkjanna, en ekki lögum Íslands.

b. Íslenzk stjórnvöld skulu ein fara með lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot gegn öryggi Íslands, en ekki öryggi Bandaríkjanna, svo og að því er varðar öll brot, sem refsiverð eru að lögum Íslands, en ekki lögum Bandaríkjanna.
c. Til brota gegn öryggi Íslands eða Bandaríkjanna teljast:
   1. Landráð.
   2. Skemmdarverk, njósnir og brot á hvers konar lögum, er varða leyndarmál íslenzka ríkisins eða Bandaríkjanna, eða leyndarmál, er varða varnir Íslands eða Bandaríkjanna.

4. Nú ber rétt til lögsögu undir bæði ríkin, og skulu þá eftirfarandi reglur gilda:
   a. Hervöld Bandaríkjanna skulu hafa forrétt til lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar:
      1. brot, er einungis beinast gegn eignum Bandaríkjanna eða gegn manni í liði Bandaríkjanna, skylduliði hans eða eignum þeirra;
      2. brot, sem drýgð eru í sambandi við framkvæmd starfsskyldu.
   b. Íslenzk stjórnvöld hafa forrétt til lögsögu í öllum málum vegna annarra brota.
   c. Nú hyggst sá aðili, er forrétt til lögsögu hefur, hvort heldur er Ísland eða Bandaríkin, að fara ekki með hana, og skal þá sú niðurstaða tilkynnt hinum aðilanum, svo fljótt sem verða má. Sá aðili, er forrétt hefur, hvort heldur eru íslenzk stjórnvöld eða stjórnvöld Bandaríkjanna, skal taka til vinsamlegrar athugunar beiðni hins aðilans um, að horfið sé frá lögsögu, þegar sá aðili telur það mjög miklu máli skipta.
5. Stjórnvöld Bandaríkjanna skulu eigi framkvæma dauðadóma á Íslandi.
6. a. Íslenzk stjórnvöld og stjórnvöld Bandaríkjanna skulu veita hvor öðrum aðstoð við handtöku manna úr liði Bandaríkjanna eða skylduliði slíkra manna, sem drýgja brot á Íslandi, svo og við afhendingu þeirra til stjórnvalda þess aðila, sem fer með lögsögu samkvæmt framanskráðum ákvæðum.
   b. Íslenzk stjórnvöld skulu tilkynna hervöldum Bandaríkjanna tafarlaust, er maður í liði Bandaríkjanna hefur verið handtekinn á Íslandi eða maður úr skylduliði hans.
   c. Nú er sökunautur, sem íslenzk stjórnvöld hafa lögsögu yfir, í gæzlu hjá stjórnvöldum Bandaríkjanna, og skal hann þá vera þar áfram, unz íslenzk stjórnvöld hefja saksókn gegn honum.
7. a. Nú er maður í liði Bandaríkjanna sóttur til sakar um brot, og skulu þá þau íslenzk og bandarísk stjórnvöld, er í hlut eiga, veita hvor öðrum aðstoð við nauðsynlega rannsókn á brotinu og saksókn gegn sökunaut.
   b. Nú fara Bandaríkin með lögsögu í máli, og skulu þá íslenzk stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að tryggð sé návist og fengnar skýrslur íslenzkra þegna og manna á Íslandi utan samningssvæðanna, annarra en manna úr liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra. Nú er nauðsynlegt samkvæmt lögum Bandaríkjanna, að bandarísk yfirvöld taki sjálf skýrslur af íslenzkum þegnum, og munu þá íslenzk stjórnvöld gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að slíkir þegnar komi til skýrslugjafar í viðurvist íslenzkra yfirvalda á þeim stöðum, sem þau kveða á um.

      Nú ber brot undir lögsögu íslenzkra stjórnvalda, og munu þá hervöldin með sama hætti annast öflun sönnunargagna hjá mönnum í liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra.
   c. Stjórnvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu gefa hvor öðrum skýrslur um árangur hvers konar rannsóknar og saksóknar í málum, þar sem lögsögu getur borið undir hvorn aðila sem er.
8. Nú hefur maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans verið sóttur til sakar af stjórnvöldum Bandaríkjanna og verið sýknaður eða verið sakfelldur

og er að taka út refsingu eða hefur þegar tekið hana út, og skal þá íslenzkum stjórnvöldum eigi heimilt að sækja hann til sakar fyrir það brot.

9. Þegar maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans er sóttur til sakar og íslenzk stjórnvöld fara með lögsögu, á hann rétt á því:
   a. að rannsókn og saksókn sé hraðað;
   b. að fá vitneskju fyrir upphaf saksóknar um sakargiftir á hendur honum;
   c. að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð;
   d. að vitnum, sem kunna að geta borið honum í hag og eru innan íslenzkrar lögsögu, sé gert skylt að bera vætti;
   e. að hæfur málflutningsmaður sé skipaður verjandi hans, enda ráði hann vali hans, ef hann óskar þess;
   f. að hæfur dómtúlkur sé tilkvaddur, ef hann telur þess þörf; og
   g. að hafa samband við fulltrúa ríkisstjórnar sinnar og, ef dómreglur leyfa það, að sá fulltrúi sé viðstaddur réttarhöldin.

10. Liði Bandaríkjanna er rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda þar uppi aga, allsherjarreglu og öryggi. Utan samningssvæðanna mega menn úr liði Bandaríkjanna hafa með höndum lögreglustörf, eftir því sem um semst við íslenzk stjórnvöld, í samvinnu við þau og einungis að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til að halda uppi aga og reglu meðal manna úr liði Bandaríkjanna og manna úr skylduliði þeirra.

    Þegar menn úr liði Bandaríkjanna hafa slíka samvinnu við íslenzk yfirvöld, fara þau ein með yfirráð yfir íslenzkum þegnum og öðrum mönnum á Íslandi og eignum þeirra í öllum málum, er varða uppihald reglu og aga utan samningssvæðanna samkvæmt ofanskráðu. Þetta tekur þó eigi til manna úr liði Bandaríkjanna, manna úr skylduliði slíkra manna og þeirra starfsmanna verktaka Bandaríkjanna, sem ekki eru íslenzkir þegnar.

3. gr.

1. Íslenzk yfirvöld skulu gera eitt af tvennu:
   a. taka gild, án þess að ökupróf fari fram eða gjald sé greitt, venjuleg ökuskírteini eða hermannaökuskírteini, sem gefin eru út af Bandaríkjunum eða fylkjum þeirra, til handa mönnum í liði Bandaríkjanna eða mönnum í skylduliði þeirra, eða
   b. gefa út, án ökuprófs eða gjalds, íslenzk ökuskírteini handa mönnum í liði Bandaríkjanna eða mönnum í skylduliði þeirra, enda hafi þeir skírteini frá Bandaríkjunum eða fylkjum þeirra.
2. Yfirvöld Bandaríkjanna munu í samvinnu við íslenzk yfirvöld gefa út rækilegar leiðbeiningar til manna í liði Bandaríkjanna og manna í skylduliði þeirra um íslenzka umferðarlöggjöf og reglur og leggja fyrir þá að hlýða þeim í einu og öllu.

4. gr.

1. Hermenn í liði Bandaríkjanna skulu að jafnaði vera einkennisklæddir.
2. Ökutæki, sem notuð eru af liði Bandaríkjanna, skulu merkt skrásetningartölu og glöggu þjóðernisauðkenni.
3. Yfirvöld Bandaríkjanna munu afhenda íslenzkum yfirvöldum skrá yfir öll ökutæki, skrásetningartölu þeirra og eigendur.

5. gr.

Liði Bandaríkjanna á Íslandi er heimilt að bera vopn á samningssvæðunum, svo sem þörf krefur, til framkvæmdar á skyldustörfum. Utan samningssvæðanna má liðið einungis bera vopn við framkvæmd skyldustarfa eða vegna hernaðarþarfa, nema rétt íslenzk stjórnvöld samþykki annað.

6. gr.

1. Menn í liði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra mega kaupa á Íslandi vörur til sjálfs sín neyzlu og þá þjónustu, sem þeir þarfnast, með sömu kjörum og íslenzkir þegnar.
2. Vörur, sem keyptar eru á Íslandi og lið Bandaríkjanna þarfnast sér til viðurværis, skulu að jafnaði keyptar fyrir atbeina þeirrar umsýslustofnunar íslenzka ríkisins, sem af Íslands hálfu er til þess nefnd, til að koma í veg fyrir, að slík kaup hafi skaðleg áhrif á hagkerfi Íslands.
3. Þar til bær íslenzk stjórnvöld munu, þegar þörf krefur, segja til, er kaup á tilteknum vörum, sem greindar eru í töluliðunum 1 og 2 að ofan, skulu takmörkuð eða bönnuð, og munu yfirvöld Bandaríkjanna taka fullt tillit til slíkrar málaleitunar.
4. Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.
5. Ísland og Bandaríkin munu hafa samvinnu um að uppræta og koma í veg fyrir hvers konar ólöglega starfsemi, svo og afstýra athöfnum, sem óheppileg áhrif hafa á íslenzkt hagkerfi.

7. gr.

1. Nú dvelst á Íslandi maður í liði Bandaríkjanna, maður í skylduliði slíks manns eða starfsmaður, sem ekki er íslenzkur þegn, en ráðinn hefur verið til starfa vegna framkvæmda samkvæmt samningi þessum og er þar einungis vegna þess starfa, og skal þá slík dvöl um stundarsakir hvorki talin heimilisfang né búseta og skal ekki út af fyrir sig skapa honum skattskyldu á Íslandi, hvorki að því er varðar tekjur né eignir, sem hann aflar þar eða á þar vegna téðrar dvalar sinnar. Eigi skal heldur taka dánargjöld af búi slíks aðila.
2. Enginn Bandaríkjaþegn eða félag, stofnað samkvæmt lögum Bandaríkjanna, sem heimilisfang á í Bandaríkjunum, skal greiða tekjuskatt á Íslandi af tekjum, sem aflað er með samningi við Bandaríkin í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum.
3. Enga skatta, gjöld eða aðrar álögur skal leggja á efni, útbúnað, birgðir eða vörur, þ. á m. persónulega muni, búsmuni, bifreiðar í einkaeign og fatnað, sem flutt hefur verið til Íslands í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum. Engan slíkan skatt, gjöld eða álögur skal leggja á eignir, sem stjórnvöld Bandaríkjanna afla á Íslandi til afnota fyrir Bandaríkin, umsýsluaðila sína eða lið, sem dvelst á Íslandi einungis í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum.

8. gr.

1. Menn í liði Bandaríkjanna svo og skyldulið þeirra skulu, nema öðruvísi sé ákveðið berum orðum í samningi þessum, lúta lögum þeim og reglugerðum, sem tollyfirvöld Íslands framkvæma. Einkanlega skal íslenzkum tollyfirvöldum heimilt, samkvæmt almennum ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða, að leita á mönnum úr liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra svo og á verktökum Bandaríkjanna og mönnum í þeirra þjónustu, sem ekki eru íslenzkir þegnar, skoða farangur þeirra og ökutæki og leggja hald á muni samkvæmt ákvæðum slíkra laga og reglugerða.
2. Eigi skal tollskoða innsigluð opinber skjöl. Sérstakir sendiboðar, sem flytja slík skjöl, skulu án tillits til stöðu sinnar hafa meðferðis hverju sinni fyrirmæli um ferð sína. Fyrirmæli þessi skulu sýna tölu bréfa, er þeir hafa meðferðis, og geyma vottorð þess efnis, að þau séu einungis opinber skjöl.

3. Hervöld Bandaríkjanna mega flytja inn tollfrjálst útbúnað handa liði sínu og hæfilegt magn vista, birgða og annars varnings til nota fyrir liðsmenn eina og skyldulið þeirra svo og fyrir verktaka Bandaríkjanna og menn í þeirra þjónustu, sem eigi eru íslenzkir þegnar. Þessi tollfrjálsi innflutningur skal háður því skilyrði, að afhent sé, auk tollskjalanna á tollskrifstofu á innflutningsstað, yfirlýsing, undirrituð af þar til bærum fyrirsvarsmanni liðs Bandaríkjanna. Afhenda skal íslenzkum tollyfirvöldum skrá yfir þá fyrirsvarsmenn, sem heimild hafa fengið til að undirrita slíkar yfirlýsingar, svo og sýnishorn af nafnritun þeirra og stimplum, er nota skal.
4. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra mega, þegar þeir koma fyrsta sinn til Íslands til að taka við starfa sínum þar, flytja tollfrjálst persónulega muni sína og húsgögn til afnota, meðan á starfa þeirra stendur þar.
5. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið mega flytja inn tollfrjálst einkabifreiðar og bifhjól til sjálfs sín nota, meðan þeir dveljast á Íslandi.
6. Nú flytja menn úr liði Bandaríkjanna eða skyldulið þeirra inn aðrar vörur en þær, sem greindar eru í töluliðum 4 og 5 þessarar greinar, þar með taldar sendingar fyrir atbeina pósthúsa Bandaríkjanna, og skal þá slíkur innflutningur ekki samkvæmt þessari grein undanþeginn tolli eða öðrum skilyrðum.
7. Nú hafa vörur verið fluttar inn tollfrjálst samkvæmt töluliðum 3, 4 og 5 að ofan, og skal þá með fara sem hér segir:
   a. Slíkar vörur má flytja út aftur óhindrað, enda sé yfirlýsing, sem gefin hefur verið út samkvæmt 3. tölulið sýnd á tollskrifstofu, ef um er að tefla innflutning samkvæmt þeim tölulið. Tollyfirvöld mega samt ganga úr skugga um, að endurútfluttar vörur séu í samræmi við yfirlýsingu, er út kann að hafa verið gefin, og að þær hafi raunverulega verið fluttar inn með þeim hætti, er segir í töluliðunum 3, 4 og 5.
   b. Slíkar vörur skulu eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum. Þó má, er sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum, er tollyfirvöld setja (t. d. um greiðslu á tolli og gjöldum og um að gætt sé fyrirmæla um eftirlit með verzlun og gjaldeyri). Yfirvöld Bandaríkjanna munu, svo sem unnt er, setja og framkvæma fyrirmæli, er miða að því að koma í veg fyrir, að einstökum mönnum í liði Bandaríkjanna, skylduliði þeirra og mönnum í þjónustu verktaka Bandaríkjanna séu seldar eða afhentar umfram persónulegar þarfir sínar vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna flytja tollfrjálst til Íslands, hvernig svo sem þeim innflutningi er háttað, enda sé um að tefla vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna í samráði við íslenzk stjórnvöld telja mest líkindi til, að verði seldar, gefnar eða látnar af hendi í skiptum á Íslandi.
8. Vörur, sem keyptar eru á Íslandi, skulu einungis fluttar út þaðan samkvæmt þeim reglum, er gilda á Íslandi.
9. Af Íslands hálfu skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að látið sé af hendi án greiðslu tolla og gjalda eldsneyti, olía og smurningsolíur til afnota fyrir opinber ökutæki, flugvélar og skip liðs Bandaríkjanna og verktaka þeirra, sem eigi eru íslenzkir þegnar.
10. Í töluliðunum 1—8 í grein þessari tekur orðið „tollur“ yfir tolla og hvers konar önnur gjöld, sem greiða ber af innflutningi eða útflutningi.
11. Íslenzk tollyfirvöld og fjármála geta gert það að skilyrði fyrir hvers konar undanþágu eða tilhliðrun, að því er varðar tolla og gjöld samkvæmt samningi þessum, að gætt sé þeirra reglna, er þau telja nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir misnotkun.

9. gr.

1. Tolla- og fjármálayfirvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu veita hvor öðrum aðstoð við rannsókn og öflun skýrslna til að koma í veg fyrir brot gegn lögum og reglugerðum um tolla og fjármál.

2. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja það, að vörur, sem íslenzkum tollyfirvöldum og fjármála er rétt að leggja hald á, séu þeim afhentar.
3. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té alla þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja greiðslu tolla, gjalda, sekta og upptæks fjár úr hendi manna í liði Bandaríkjanna eða skylduliði þeirra.
4. Nú leggja íslenzk yfirvöld hald á opinber ökutæki og muni Bandaríkjaliðs vegna brots gegn íslenzkum lögum og reglugerðum um tolla og fjármál, og skulu þá ökutæki þessi og munir afhentir réttum hervöldum Bandaríkjanna.

10. gr.

Lið Bandaríkjanna, menn í því, svo og skyldulið þeirra, skulu hlýða íslenzkri gjaldeyrislöggjöf. Rétt yfirvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu koma sér saman um sérstakar ráðstafanir til að afstýra því, að laun séu greidd í bandarískum gjaldeyri, svo og ráðstafanir til að heimila liði Bandaríkjanna að afla íslenzks gjaldeyris á skráðu gengi og að fá hæfilegum fjárhæðum þess gjaldeyris breytt í erlendan gjaldeyri, er þeir hverfa af Íslandi.

11. gr.

Ríkisstjórn Íslands mun veita liði hvers þess ríkis, sem aðili er að Norður-Atlantshafssamningnum og þess æskir, þegar það lið dvelst á Íslandi, þau réttindi, sem liði Bandaríkjanna eru veitt í undanfarandi greinum þessa viðbætis.

12. gr.

1. a. Bandaríkin munu eigi gera kröfu til skaðabóta á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir tjón, sem starfsmenn íslenzku ríkisstjórnarinnar valda á eignum, sem Bandaríkin eiga og lið þeirra notar, eða á lífi og limum manna úr Bandaríkjaliði.
   b. Ríkisstjórn Íslands mun ekki gera kröfu til skaðabóta á hendur Bandaríkjunum fyrir tjón á eignum íslenzka ríkisins á samningssvæðunum og mun ekki gera kröfur á hendur Bandaríkjunum, heldur bæta sjálf tjón á lífi og limum starfsmanna íslenzku ríkisstjórnarinnar, sem verða kann á samningssvæðunum, þegar slíkur starfsmaður er þar vegna starfsskyldu sinnar að áliti fulltrúa, er Ísland og Bandaríkin skipa, og slíkt tjón á eignum, lífi eða limum hefur orðið af völdum manns úr liði Bandaríkjanna. Ríkisstjórn Íslands mun ekki heldur gera kröfu til skaðabóta fyrir tjón á eign íslenzka ríkisins eða tjón á lífi eða limum starfsmanna íslenzka ríkisins, er maður úr liði Bandaríkjanna veldur utan samningssvæðanna, enda telji skipaðir fulltrúar Íslands og Bandaríkjanna, að eignin hafi, er tjónið varð, verið notuð eða starfsmaðurinn verið að verki í sambandi við framkvæmd samnings þessa.
   c. Ísland og Bandaríkin munu eigi gera kröfur til skaðabóta hvort á hendur öðru fyrir tjón á skipum, sem Ísland eða Bandaríkin eiga, er slík skip eru notuð í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum, án tillits til þess, hvar slíkt tjón verður og hvort sem það verður af völdum manns í liði Bandaríkjanna eða starfsmanns íslenzku ríkisstjórnarinnar. Ísland og Bandaríkin munu ekki gera kröfu til björgunarlauna, ef skip það eða farmur, sem bjargað var, var í eigu Íslands eða Bandaríkjanna vegna framkvæmdar samnings þessa.
   d. Í þessum tölulið taka orðin „í eigu Bandaríkjanna“, „í eigu Íslands“ og „í eigu Íslands eða Bandaríkjanna“ til skipa, sem Ísland eða Bandaríkin taka á leigu eða taka til hernota eða opinberra nota með leiguskilmálum eða Ísland eða Bandaríkin hafa önnur umráð yfir (nema að því leyti sem ábyrgð á skipunum eða áhætta á tjóni á þeim hvílir á öðrum aðila en Íslandi eða Bandaríkjunum eða vátryggjendum þeirra).

2. Ísland skal samkvæmt þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, úrskurða og greiða kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýzt tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar, annað en það, er greinir í næsta tölulið hér að framan.
   a. Kröfur skulu gerðar, um þær fjallað og samið eða dómur á þær lagður í samræmi við íslenzk lög og reglur um kröfur, er rísa vegna verknaðar starfsmanns íslenzka ríkisins.
   b. Íslandi er rétt að kveða á um hverja slíka kröfu, og Ísland skal greiða með innlendum gjaldeyri þá fjárhæð, sem um er samið eða úrskurðuð er.
   c. Slík greiðsla eða fullnaðardómur bærs íslenzks dómstóls, þar sem synjað er greiðslu, skal vera bindandi úrslit sakarefnis fyrir Ísland og Bandaríkin.
   d. Sérhver krafa, sem Ísland greiðir, skal tilkynnt hervöldum Bandaríkjanna ásamt fullnægjandi skýrslum og gögnum.
   e. Kostnaður af fullnægingu krafna samkvæmt stafliðunum hér á undan skal jafnað niður á Ísland og Bandaríkin, svo sem hér segir:
      1. Þar sem Bandaríkin ein bera ábyrgð, skal fjárhæð þeirri, er úrskurðuð hefur verið eða dæmd, skipt í þeim hlutföllum, að Ísland greiði 15% en Bandaríkin 85%.
      2. Þar sem menn í liði Bandaríkjanna og íslenzkir þegnar eiga báðir sök, þá skulu Ísland og Bandaríkin hvort um sig greiða helming hinnar úrskurðuðu eða dæmdu kröfu.
      3. Bandaríkjunum skal á hálfs árs fresti send skýrsla um fjárhæðir þær, sem Ísland hefur greitt síðasta missirið vegna hvers máls ásamt kröfu um endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram, svo fljótt sem unnt er, í íslenzkum gjaldeyri.
   f. Eigi skal maður í liði Bandaríkjanna sæta lögsókn vegna kröfu, er rís af verknaði, sem þessi tölulíður tekur til.
3. Grein þessi tekur eigi til krafna, sem bornar eru fram af þegnum ríkis, sem á í styrjöld við Bandaríkin, eða af bandalagsríki slíks óvinaríkis, né heldur til krafna, sem eiga rót sína að rekja til styrjaldarverka óvina eða beinlínis eða óbeinlínis til athafna Bandaríkjaliðs í orustu.
4. Hervöld Bandaríkjanna og réttir íslenzkir embættismenn skulu hafa samvinnu um öflun gagna til afnota við sanngjarna dómsmeðferð og afgreiðslu krafna, sem Ísland og Bandaríkin eiga hlut að.
5. Bandaríkin munu afla nauðsynlegrar lagaheimildar til að framkvæma skyldur sínar samkvæmt þessari grein.

Gert í Reykjavík, hinn 8. maí 1951.

Bjarni Benediktsson. **Edward B. Lawson.**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem er samhljóða bráðabirgðalögum nr. 65 24. maí 1951, skal vitnað til tilkynningar, er ríkisstjórnin gaf út hinn 7. maí 1951, og hljóðar svo:

Þegar Íslendingar gerðust aðilar Norður-Atlantshafssamningsins ákváðu þeir þar með að verða aðilar varnarsamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna. Um það segir m. a. í inngangsorðum samningsins, að aðilar hans hafi ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis. Enn fremur skuldbundu aðilar sig í 3. gr. samningsins til þess, hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð, að varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn, til þess að standast vopnaða árás.

Vegna sérstöðu Íslendinga var það hins vegar viðurkennt, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her og að ekki kæmi til mála að erlendur her

eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum. Hins vegar var það fastmælum bundið, að ef til ófriðar kæmi mundi bandalagsþjóðunum veitt svipuð aðstaða og var í síðasta stríði, og yrði það þó algerlega á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.

Íslendingar verða því sjálfir að meta, hvenær ástand í alþjóðamálum er slíkt, að sérstakar ráðstafanir þurfi að gera til að tryggja öryggi og frelsi landsins. Aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningnum leggur þessa skyldu á ríkisstjórn Íslands.

Nú hefur svo skipazt, að á síðustu mánuðum hefur tvísýna í alþjóðamálum og öryggisleysi mjög aukizt. Þó að eigi séu blóðugir bardagar í þessum hluta heims, hafa Sameinuðu þjóðirnar orðið að grípa til vopna annars staðar til varnar gegn tilefnislausri árás. Íslendingar eru ein hinna Sameinuðu þjóða, og þótt við getum ekki styrkt samtök þeirra með vopnavaldi, komumst við ekki hjá að viðurkenna, að friðleysi og tvísýna ríkir nú í alþjóðamálum. Hinar friðsömu, frjásu lýðræðisþjóðir reyna með öllu móti að komast hjá allsherjarófriði, en friðartímum er því miður ekki að fagna um sinn.

Atburðir síðustu tíma hafa sannað, að varnarleysi lands eykur mjög hættuna á því, að á það verði ráðizt og um það barizt. Hinar frjálsu, friðsömu þjóðir hafa því allar aukið mjög vígbúnað sinn, og telja helztu vonina til þess að hindra nýjar árásir og allsherjarófrið þá, að koma upp sterkum samfelldum vörnum. Hafa flestar þjóðir í þessu skyni tekið á sig mjög þungar byrðar í þeirri von, að þá megi frekar afstýra allsherjarófriði og koma á fullum friði. En eftir því sem aðrir efla varnir sínar, verður meiri hættan á árás á þann eða þá, sem engar varnir hafa, því að árásarmenn ráðast yfirleitt ekki á garðinn þar sem hann er hæstur, heldur þar sem hann er lægstur.

Allt hefur þetta orðið til þess að íslenzka ríkisstjórnin hefur komizt á þá skoðun, að varnarleysi Íslands stefni, eins og nú er ástatt í alþjóðamálum, bæði landinu sjálfu og friðsömum nágrönnunum þess í óbærilega hættu.

Af þessum ástæðum hefur verið fallizt á að taka upp samninga við Bandaríkin fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins um varnir Íslands á grundvelli Norður-Atlantshafssmningsins. Þeir samningar hafa staðið yfir undanfarið.

Ríkisstjórnin hefur talið sjálfsagt að leita samþykkis þingmanna lýðiræðisflokkanna þriggja um samningsgerðina. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ekki talið rétt að hafa samráð við þingmenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistflokksins, um öryggismál Íslands.

Samningsgerðinni er nú lokið og höfðu allir þingmenn lýðræðisflokkanna þriggja, 43 að tölu, áður lýst sig samþykka samningnum svo sem hann nú hefur verið gerður. Utanríkisráðherra Íslands hefur þess vegna í umboði ríkisstjórnarinnar, undirritað samninginn af Íslands hálfu hinn 5. maí s. l. og var samningurinn sama daga staðfestur í ríkisráði af handhöfum valds forseta Íslands svo sem lög standa til.

Samningur þessi er gerður með það fyrir augum, að á slíkum hættu- og óvissutímum sem nú eru, sé séð fyrir vörnum Íslands, þannig að algert varnarleysi leiði ekki hættur bæði yfir íslenzku þjóðina og friðsama nágranna hennar. Jafnframt er það tryggt, að Íslendingar geta með hæfilegum fyrirvara sagt samningnum upp, þannig að við getum látið varnarliðið hverfa úr landinu, er við viljum og teljum það fært af öryggisástæðum. Ef Íslendingar sjálfir vilja og treysta sér að einhverju eða öllu leyti til að taka varnirnar í eigin hendur, er það á okkar valdi, en enga skyldu tökum við á okkur til þess.

Eftir samningnum er gert ráð fyrir, að Bandaríkin taki að sér að sjá fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum til varnar landinu. Það er komið undir ákvörðun íslenzkra stjórnvalda, hver aðstaða þeim verður veitt í því skyni. Samkvæmt samningnum er ætlazt til, að Keflavíkurflugvöllur verði notaður í þágu varna landsins, en Ísland mun taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á flugvellinum,

enda fellur samningurinn frá 7. október 1946 úr gildi við gildistöku þessa samnings.

Fjöldi liðsmanna er einnig háður samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar.

Bandaríkin heita því að framkvæma skyldur sínar skv. samningnum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanizt vopnaburði.

Berum orðum er tekið fram, að ekkert ákvæði samningsins megi skýra þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málum.

Um framkvæmdaratriði samningsins náðist í höfuðatriðum samkomulag jafnframt samningsgerðinni, og verða samningar um þau efni undirritaðir bráðlega, og eru þar sum atriði þess eðlis að aðgerða Alþingis þarf við, enda mun málið á sínum tíma verða lagt fyrir Alþingi.

Þar sem Ísland var með öllu varnarlaust, taldi ríkisstjórnin það sjálfsagða varúðarráðstöfun, að jafnskjótt og samningurinn væri birtur yrði séð fyrir vörnum í landinu og hefur því í dag lið komið til Keflavíkurflugvallar og sezt þar að.

Ráðstafinar þessar eru gerðar af ríkri nauðsyn. Auðvitað hefðu menn kosið að komast sjá þeim, á sama veg og allar aðrar friðsamar þjóðir vilja sleppa við þunga*nn og óþægindin af nauðsynlegum varnaraðgerðum. En þær meta þó á sama hátt og við meira möguleikann til að komast hjá ófriði, eða a. m. k. draga úr árásarhættunni.*

Í sjálfri samningsgerðinni hafa Bandaríkin sýnt góðan skilning á sjónarmiðum Íslendinga og og þörfum íslenzku þjóðarinnar. Menn vita, að ýmis konar vandkvæði eru samfara slíkri dvöl erlends herliðs í landinu. Íslendingar þekkja þau af eigin raun, en úr því að slíkar varnarráðstafanir eru nauðsynlegar, er það fullvíst, að eigi var á betra kosið en að semja á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins um þau efni við Bandaríkin, sem Íslendingar hafa áður haft slík skipti við og ætíð hafa sýnt Íslandi velvilja og stuðlað að sjálfstæði og velfarnaði íslenzku þjóðarinnar.

Óþarft er að taka það fram, svo sjálfsagt sem það er, að ráðstafanir þessar eru eingöngu varnarráðstafanir. Aðilar samningsins eru sammála um, að ætlunin er ekki að koma hér upp mannvirkjum til árása á aðra heldur eingöngu til varnar.

Ráðstafanir þessar mótast af þeirri ósk samningsaðilanna að mega lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir og eru því einn liðurinn í þeirri viðleitni Sameinuðu þjóðanna að efla líkurnar fyrir varnlegum friði og vaxandi farsæld í heiminum.

Að öðru leyti vísast til fylgiskjalanna.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Utanríkisráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé, að ákvæði varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 og viðbætis við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, fái lagagildi, enda sé þar lýst reglum þeim, sem gilda skulu um starfsemi varnarliðsins hér á landi og skipti þess við landsmenn.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að lögfesta ofangreind ákvæði, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skulu ákvæði hans og viðbætis við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hafa lagagildi hér á landi. Samningurinn og viðbótarákvæðin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Fylgiskjöl þau, er nú fylgja frumvarpinu, fylgdu og bráðabirgðalögunum, og þykir óþarft að prenta þau aftur hér aftan við.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

36. gr. 1. mgr. laganna orðist svo: Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingafélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingamál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum.

2. gr.

36. gr. 2. mgr. orðist svo: Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minna en sem svari 25000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Tryggingafélögum, sem annast bifreiðatryggingar, skal skylt að halda bókhaldi lögboðinna bifreiðatrygginga sérgreindu. Sameiginlegur reksturskostnaður tryggingafélagsins skal reiknast hinum lögboðnu bifreiðatryggingum hlutfallslega eftir upphæðum iðgjaldagreiðslna. Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, en laun endurskoðunarmanna skulu greidd af viðkomandi trygg-

ingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rekstrarreikning hvers árs yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skal tryggingafélag birta í Lögbirtingablaðinu eigi síðar en 1. okt. næsta ár á eftir. Telji endurskoðunarmenn, að á reikning lögboðinna bifreiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athugasemdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingarfélagi, ber að birta athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga tryggingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bifreiðalögunum, nr. 23 16. júní 1941, er skyldutrygging bifreiða ákveðin kr. 15000.00 fyrir tvíhjóla bifreiðar og kr. 30000.00 fyrir fjórhjóla bifreiðar. Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal upphæðin þó aldrei nema minna en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Á tímabilinu frá setningu bifreiðalaganna árið 1941 hafa verðlagsbreytingar orðið svo miklar, að upphæðir þessar eru hvergi nærri fullnægjandi. Hefur það komið fyrir, að einum bifreiðareiganda hefur verið gert að greiða yfir kr. 300000.00 í bætur til eins manns vegna tjóns á líkama hans. Spurning getur verið um, hve hátt tryggingarlágmarkið skuli setja eða hvort lögbjóða skuli ótakmarkaða ábyrgðartryggingu. Forystumenn tryggingafélaga, sem ráðuneytið hefur leitað upplýsinga hjá, telja, að ótakmörkuð trygging hljóti að verða svo dýr, að ekki geti borgað sig að lögbjóða hana.

Bifreiðaeigendur, eða félög þeirra, hafa hins vegar hug á að fá sem næst ótakmarkaðri tryggingu. Nú lækka iðgjöld mjög verulega að hundraðshluta, þegar komið er upp fyrir vissa upphæð, sem flest tjón falla undir, ef ekki er um ótakmarkaða tryggingu að ræða, og hafa því upphæðir þær, sem settar eru í frumvarp þetta, verið ákveðnar með hliðsjón af því, að sem næst yrði komizt fullri tryggingu án þess að láta bifreiðaeigendur borga mikil iðgjöld fyrir tryggingar, sem allar líkur eru til, að séu óþarfar, þ. e. af ótakmarkaðri tryggingarupphæð.

Sú breyting er gerð á hlutfalli milli ákvæða 1. mgr. og 2. mgr. 36. gr., að upphæð 1. mgr. er tífölduð, en upphæð 2. mgr. fimmfölduð. Byggist þessi hlutfallsbreyting á þeirri reynslu undanfarandi ára, að áhættan eykst ekki að sama skapi og farþegatala bifreiðar eykst. Hættan á, að 6 manna leigubifreið og 30 manna langferðabifreið valdi tjóni á öðrum en farþegum er t. d. álíka mikil. Hins vegar er auðvitað möguleikar fyrir meira tjóni á farþegum langferðabifreiðar en 6 manna bifreiðar, en þó tæplega svo miklu meiri, að það réttlæti að krefjast sömu margföldunar á tryggingarupphæð og á minni bifreiðum. Samkv. frumvarpi þessu yrðu allar bifreiðar upp að 12 manna bifreiðum tryggðar fyrir 300 þús. kr., 20 manna bifreiðar fyrir 500 þús. kr. og 30 manna bifreiðar fyrir 750 þús. kr. Ef upphæðin í 2. mgr. 36. gr. yrði margfölduð með 10 eins og lagt er til um 1. mgr., yrðu þessar tölur 600 þús. kr. fyrir 12 manna bifreið, 1 millj. kr. fyrir 20 manna bifreið og 1½ millj. kr. fyrir 30 manna bifreið. Ekki virðist nauðsyn að fara svo hátt. Sá aukakostnaður, sem af tryggingahækkun leiðir, hlýtur að síðustu að lenda á þeim, sem ferðast með bifreiðum og virðist ekki rétt að auka útgjöld alls almennings, sem með bifreiðum ferðast, frekar en nauðsynlegt er til að ná sæmilegu öryggi. Munurinn á iðgjaldi af lágmarkstryggingu að upphæð 200 þús. kr. og 300 þús. kr. (ca. 2—5% iðgjaldshækkun að því er tryggingafélögin telja) er hins vegar ekki meiri en svo, að rétt þótti að miða við 300 þús. kr. en ekki 200 þús. kr., þar sem sú upphæð getur varla talizt fullnægjandi miðað við reynslu undanfarandi ára.

Frá samtökum bifreiðaeigenda hefur orðið vart við óánægju vegna of hárra iðgjalda af bifreiðatryggingunni og að þeir hafi enga aðstöðu til að fylgjast með, hvað af iðgjöldunum verði. Þess vegna er lagt til, að settar verði nýjar reglur, sem verði 4. mgr. 36. gr. laga þessara, er stuðli að því, að öllum almenningi verði gefinn kostur á að fylgjast með rekstri tryggingarfélaga, að því er hinar lögboðnu bifreiðatryggingar snertir.

Að vísu eru hér mörg tryggingafélög, sem keppa sín á milli um viðskipti, og ætti því slíkt aðhald, sem birting reikninga hefur í för með sér, að vera óþarft, en með tilliti til þeirrar óánægju, sem hefur orðið vart hjá samtökum bifreiðaeigenda með tryggingarnar, og þess, að bifreiðaeigendur eru skyldaðir til að kaupa sér þessar tryggingar, þykir rétt að bæta þessu aðhaldi við það almenna aðhald, sem frjáls samkeppni milli tryggingafélaganna skapar.

Ekki er hægt að segja um, hver útgjaldaaukning bifreiðaeigenda yrði við þær tryggingahækkanir, sem hér er lagt til, að verði lögfestar.

Líklegt má þó telja, miðað við undanfarandi reynslu af tjónum, sem hafa farið fram yfir lágmarkstryggingar bifreiða, að tíföldun lágmarks skyldutryggingar mundi valda a. m. k. 15% iðgjaldahækkun og e. t. v. meira. Ekki getur talizt líklegt, að hætta sé á, að iðgjöld geti hækkað meira en um 30—40%. Á árinu 1951 munu iðgjaldatekjur allra tryggingafélaganna fyrir lágmarkstryggingar vera ca. 5½ millj. kr., að því er eitt félaganna hefur upplýst.

S. l. 4—5 ár hefur meðaltal tjóna, sem hafa farið fram úr lágmarkstryggingarupphæðum, verið ca. 540 þús. kr. á ári eða ca. 10% af iðgjaldatekjum félaganna nú, en líkl. nær 20% af iðgjaldatekjum, er tjónin urðu. 10% hækkun dygði því ekki, en ekki virðist ólíklegt, að 15—25% hækkun iðgjalda mundi duga. Annars getur reynslan ein skorið úr því, hver iðgjöld bifreiðaeigendur koma til með að greiða.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að dómsmálaráðherra hefur tjáð oss, að á sínum tíma hafi verið veitt heimild til að framleiða og selja hinu brezka setuliði, sem hér dvaldist, öl, sem hafði inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Heimild þessi sé enn í lögum, en eigi ekki lengur við, og þyki því rétt að breyta henni á þann veg, að við geti átt um varnarlið það, sem nú dvelst í landinu.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingr. Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Ed. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í stað orðanna „konunginn“ og „konungsvald“ í 99. gr., 2. mgr. 100. gr. og 1. málsgr. 101. gr. almennra hegningarlaga komi „forsetann“ og „forsetavald“.

2. gr.

2. málsgr. 101. gr. laganna orðist svo: Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu fjölskyldu forsetans, þannig að álíta megi að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

3. gr.

Á eftir orðunum: „Hver sem leitast við að aftra því", í upphafi 102. gr. laganna, bætist inn í orðin „að fram fari kjör forseta", o. s. frv.

4. gr.

Hvarvetna þar, sem í lögunum segir: „í konunglegri tilskipun" (33., 37., 43., 45., 47., 266. greinar), komi: „með reglugerð".

Í stað „konungur" (85. gr. 1. og 2. málsgr.) og „konung" (149. gr.) komi „forseti" og „forsetann".

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því lýðveldið var stofnað, hafa óbreytt staðið refsifyrirmæli XI. kafla hegningarlaganna við brotum gegn konunginum. Þykir rétt, að ákvæðum þessum verði nú breytt. Er jafnframt lagt til, að 102. gr. laganna verði látin berum orðum ná til kjörs forseta sem annarra kosninga, er þar eru taldar. Um leið er lagt til, að breytt verði til, þar sem ákveðið er, að reglur skuli settar með konunglegri tilskipun, svo og þar sem konungur er annars nefndur í lögunum.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bay, Leif Jan Agner Axel, prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.
2. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
3. Husby, Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. okt. 1918 í Noregi.
4. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. sept. 1918 í Noregi.
5. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. des. 1916 í Færeyjum.
6. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. sept. 1908 í Noregi.
7. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir um íslenzkan ríkisborgararétt, sem teknir hafa verið upp í lagafrumvarp þetta, eru allir norrænnar ættar og kvæntir íslenzkum konum (að undanteknum nr. 7, sem er ókvæntur).

Nd. **22. Frumvarp til laga** [22. mál]

um Akademíu Íslands.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal Akademíu Íslands. Í henni skulu eiga sæti tólf íslenzkir rithöfundar, fræðimenn og vísindamenn.

2. gr.

Til Akademíunnar skal svo stofnað, að forseti Íslands velur sex fyrstu félagana og skipar jafnframt einn þeirra fyrsta forseta hennar, en þessir sex félagar kjósa síðan þá sex, sem á vantar, til þess að Akademían sé fullskipuð.

3. gr.

Aðalhlutverk Akademíunnar skal vera að hafa forustu um allt það, sem varðar rækt við íslenzka tungu, stuðlað getur að því að varðveita stofn hennar lifandi og óspilltan og auðga hana, eftir því sem þarfir krefja, í samræmi við erfðir hennar og eðli. Akademían skal einnig að öðru leyti láta viðgang og þroska íslenzkra mennta og menningar til sín taka, eftir því sem ástæður leyfa. Akademían getur meðal annars, þegar svo um semur, tekið að sér umsjá og ráðstöfun sjóða og annars fjár, sem varið er til menningarþarfa.

4. gr.

Hver sá, sem kjörinn er félagi í Akademíunni, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára að aldri. Þó getur Akademían sjálf vikið burt hverjum þeim félaga, sem gert hefur sig sekan um glæp eða annan ósæmilegan verknað. Einnig má víkja burt félögum, sem flytjast af landi burt alfarnir eða til langdvalar. Brottvikning er ekki gild, nema níu félagar greiði henni atkvæði og málið sé rætt á fundi, sem boðað hefur verið til á venjulegan hátt, að tilgreindu fundarefni.

5. gr.

Nú verður sæti laust í Akademíunni, og skal þá nýr félagi kosinn að þrjátíu dögum liðnum. Þegar nýr félagi er kosinn, skulu að minnsta kosti níu félagar greiða atkvæði, og er kosning því aðeins gild, að átta greiði jákvæði. Þeir félagar, sem veikir eru eða fjarverandi, þegar kjör fer fram, geta sent atkvæði sitt í innsigluðu bréfi, er opnað sé um leið og atkvæðagreiðsla fer fram. Enginn félagi má láta uppi álit sitt um væntanlegt kjör né gefa loforð um atkvæði sitt áður en kosning fer fram. Tilkynna skal forseta Íslands um kosningu nýrra félaga.

6. gr.

Við ákvörðun annarra mála, er varða starfsemi Akademíunnar, skulu að minnsta kosti níu félagar vera á fundi. Ræður afl atkvæða úrslitum mála.

7. gr.

Aðalfundur Akademíunnar skal haldinn ár hvert á stofndegi hennar. Skal þá kjósa forseta og varaforseta til eins árs. Ekki má endurkjósa þá næsta ár á eftir. Ritari skal kosinn til fimm ára, og er hann jafnframt gjaldkeri. Þessir þrír menn fara með stjórn Akademíunnar.

8. gr.

Félagar Akademíunnar hafa rétt til að greina sem titil við nafn sitt: „félagi í Akademíu Íslands“. Sama rétt hafa þeir, sem víkja úr Akademíunni fyrir aldurs sakir eða vegna langdvalar erlendis.

9. gr.

Hver félagi Akademíunnar fær heiðurslaun, tólf þúsund krónur á ári, er greiðist af því fé, sem Alþingi veitir árlega til skálda og listamanna. Ekki skulu heiðurslaun þessi hindra það, að einstakir félagar Akademíunnar geti að auki notið fastra launa til ritstarfa eða rannsókna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

10. gr.

Akademían skal jafnan hafa aðsetur í Reykjavík, og skal menntamálaráðuneytið sjá henni fyrir hæfilegu húsnæði til starfsemi sinnar án endurgjalds.

11. gr.

Akademían setur sér sjálf starfsreglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, enda fari þær eigi í bága við lög þessi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Mörgum er nú orðið ljóst, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnun, er hefði það aðalhlutverk að vaka yfir þróun íslenzkrar tungu. Þessi hugmynd mun hafa fyrst komið opinberlega fram hjá Kristjáni Albertssyni rithöfundi í grein, er hann ritaði í Skírni árið 1939 um „þróun íslenzkunnar". Varpar hann þar fram þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að koma á fót stofnun, sem hefði viðlíka verksvið og franska akademían, er skylt væri að vaka yfir þróun tungunnar, löggilti nýyrði, aðfengin og heimafengin, og kæmi þeim á framfæri við skóla, blöð og allan almenning. Hann segir enn fremur: „Þurfum við að hika við slíkt af því, að við erum ekki stórveldi eins og Frakkar. Er ekki sú ástæða nóg, að okkur hefur hlotnazt sú vegsemd að vera trúað einum fyrir merkilegri tungu, sem á stórfenglegt afrek að baki sér, og að við viljum ekki láta reka á reiðanum um, hvernig fer fyrir þessari tungu".

Þekktustu akademíur með öðrum þjóðum eru „L'Academie Francaise", stofnuð 1816, skipuð 40 mönnum og „Svenska Akademien", stofnuð 1786, skipuð 18 mönnum. Báðar þessar stórmerku og víðkunnu stofnanir hafa verndun, fegrun og eflingu móðurmálsins efst á stefnuskrá sinni.

Stofnun íslenzkrar akademíu, er hafi það hlutverk, er í lögunum greinir, virðist menningarleg nauðsyn, ekki sízt vegna þróunar íslenzkrar tungu á síðari tímum. Á síðustu áratugum hafa rithöfundar og blöð æ meira horfið frá hinni algeru hreintungustefnu, sem Fjölnismenn mörkuðu og réð mjög miklu um þróun tungunnar í nærfellt heila öld. Myndun nýyrða hefur aldrei verið örari en á síðustu áratugum, en jafnframt flæðir inn í talað og ritað mál mikill fjöldi orða, erlendra og afbakaðra úr útlendum málum, og fara þau oftast mjög illa í íslenzku máli. Segja má, að tungan neyti nú í bili allra ráða, góðra og misjafnra, til þess að verða sem hæfust nútíðartunga og jafnt sem önnur mál um að tjá hverja hugsun og nefna hvern hlut. Er því augljós hætta á því, að mörg óþörf erlend orð og illa gerð nýyrði festist í málinu því til spillingar og lýta, ef færustu menn vinna ekki að því á skipulagsbundinn hátt að vernda og auðga málið. Verður slíkt starf að byggjast á fullum skilningi á öllum eðlilegum vaxtarmöguleikum málsins, en þó fyrst og fremst á ást og virðingu fyrir íslenzkri tungu.

Í þessari greinargerð skal ekki farið nánar út í væntanlega starfshætti Akademíunnar. Gert er ráð fyrir, að hún setji sér sjálf starfsreglur. En á það mætti benda, að eitt af því, sem Akademían ætti að beita sér fyrir, er útgáfa orðabókar alþjóðlegra orða með íslenzkum þýðingum. Á síðustu þremur áratugum hefur myndazt fjöldi nýyrða, sem misjafnlega samrýmast tungunni og notuð eru gagn-

rýnislaust af almenningi. Mætti fyrst hefja útgáfu orðahefta til fróðleiks og athugunar, áður en tekin verður ákvörðun um, hvaða orð Akademían tekur upp í orðabók sína og mælir með, að festist í málinu. Þangað til fullkomin orðabók fyrir alþjóðleg og tæknileg orð verður gefin út, væri æskilegt, að Akademían gæfi út árlega í stærri eða smærri heftum safn af erlendum orðum og orðatiltækjum, sem fyrir koma í talmáli og ritmáli á Íslandi, með þýðingum á íslenzku. Telja má víst, að Akademíunni mundi berast efniviður í safn þetta frá mönnum, sem annt er um viðgang tungunnar. Þessar framkvæmdir kosta nokkurt fé, en telja má vafalaust, að Alþingi og einstaklingar muni veita nægilegt liðsinni til slíkra menningarframkvæmda með fjárframlögum og sjóðstofnunum.

Að því er varðar heiti þessarar stofnunar þykir rétt að halda hinu gríska heiti, sem tekið hefur verið upp í mál flestra menningarþjóða. Virðist ekki nein minnkun að taka þetta orð upp í tunguna, sem hefur tileinkað sér grísk orð, svo sem: kirkja. Orðið akademi hefur venjulega verið hvorugkyns, er það hefur verið notað í íslenzku, en þægilegra og viðkunnanlegra er, að það sé kvenkyns, eins og lagt hefur verið til af Jóni Helgasyni prófessor.

Eins og getið er hér að framan eru franska og sænska akademían skipaðar mjög fáum mönnum og bundið við ákveðna félagatölu. Hæfilegt þykir, að hér sé Akademían skipuð 12 mönnum, og er til þess ætlazt, að þeirri tölu verði aldrei breytt. Allir félagar skulu vera Íslendingar búsettir hér á landi, og er gert ráð fyrir, að þeir verði jafnan menn, sem öndvegissess skipa í íslenzkum bókmenntum og vísindum.

Um það má deila, hvernig skipa skuli Akademíuna í fyrsta sinn. Síðar eiga akademíkarar sjálfir að velja félaga sína. Að vandlega íhuguðu máli var að því horfið að leggja til, að forseti Íslands veldi sex menn, en þeir síðan kjósi sex menn, sem á vantar, að Akademían sé fullskipuð.

Hver maður, sem kosinn er til Akademíunnar, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára, og ekki er hægt að svipta hann þeim réttindum, nema hann fremji verknað, sem brýtur í bága við almennt siðgæði eða lög landsins. Þessi réttindi eiga að skapa kjölfestuna í starfi Akademíunnar.

Að því er varðar stjórn Akademíunnar, má geta þess, að í þeim erlendu akademíum, sem getið er að framan, er ritarinn kosinn ævilangt, en um meðstjórnendur hans er skipt á sex eða tólf mánaða fresti. Hér er lagt til, að ritarinn sé kosinn til fimm ára.

Mjög má deila um það, hvort meðlimum Akademíunnar skuli greidd árleg heiðurslaun. Margir verða vafalaust valdir, sem sinna embættum eða öðrum störfum með fullum launum. Segja má, að slíkir menn hafi ekki sérstaka þörf fyrir heiðurslaunin. En þess er þá að gæta, að jafnan er gert ráð fyrir, að Akademíuna skipi öndvegismenn þjóðarinnar í skáldskap og vísindum. Eru slíkir menn vel verðir launanna, jafnvel þótt þeir hafi fyrir sæmileg þurftarlaun. Lagt er til, að heiðurslaunin séu 12 þús. kr. á ári, en vegna þess að slík laun hrökkva skammt til framfærslu, er sett í lögin, að þau skuli ekki hindra það, að einstakir félagar Akademíunnar geti að auki fengið föst laun fyrir ritstörf eða rannsóknir samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Menntamálaráðh. sendi Háskóla Íslands frv. til umsagnar. Háskólaráð svaraði í bréfi, dags. 9. des. s. l., og er svarið birt hér sem fylgiskjal. Teknar hafa verið til greina tillögur háskólaráðs um aldurstakmark og nafnbót félaga Akademíunnar.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. des. 1950.

Háskólaráð hefur á fundi í dag rætt um frumvarp til laga um Akademíu Íslands, er háttvirt menntamálaráðuneyti hefur sent því til umsagnar með bréfi, dags. 7. þ. m. Mælir háskólaráð með því, að sett verði á fót stofnun, eins og greinir

í frumvarpinu, er hafi það meginhlutverk að rækta og varðveita íslenzka tungu. Í því skyni ætti stofnunin meðal annars:

1. að hafa yfirstjórn samningar og útgáfu vísindalegrar orðabókar íslenzkrar, er háskólinn hefur hafið, og vinna að því, að því verki skili eins greiðlega áfram og föng eru á;
2. að láta semja samheita orðabók;
3. að gefa út á hæfilegum fresti skrá um nýyrði, er smám saman skapast í málinu og telja má fullgild og æskileg;
4. að vinza úr málinu orð þau og setningar, er telja má, að brjóti í bág við eðlislögmál tungunnar, og birta við og við, til viðvörunar, skrá um bögumæli, rangar orðmyndir og setningar og rangmynduð orð, en allt þetta veður uppi í ræðu og riti, einkum í dagblöðum og í þýðingum úr erlendum málum;
5. að láta taka saman og gefa út rit um íslenzk mannanöfn;
6. að ákveða stafsetningu íslenzkrar tungu og gefa út stafsetningarorðabók og leiðarvísi um greinarmerki.

Háskólaráð bendir á, að verði stofnun sem þessi sett á laggirnar, yrði nauðsynlegt að tryggja henni stofnfé eða rekstrarfé á hverju ári.

Álitamál er, hvort aldurstakmark félaga samkv. 4. grein, sem bundið er við sjötugsaldur, sé ekki of lágt, því að reynslan sýnir, að þeir menn, er hafa fræði- og vísindastörf að aðalstarfi, öðlast oft betri yfirsýn með aldrinum en þeir, sem yngri eru. Þá telur háskólaráð æskilegt, að þeir, er eitt sinn hafa gerzt félagar, haldi nafnbót sinni til æviloka, þótt þeir gerist óvirkir, er þeir hafa náð tilteknum aldri.

Háskólaráð telur heppilegra, sbr. 7. gr., að forseti og varaforseti séu kosnir til 3 ára, en ekki eins, til þess að meiri festa verði í störfum, a. m. k. fyrst í stað, meðan verið er að skipuleggja starfið.

Virðingarfyllst,

Alexander Jóhannesson, rektor.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.“

Ed. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

1. Á eftir B. 41 í 2. gr. laganna komi nýr liður, er orðist svo:
   Tröllatunguvegur: Frá Gautsdalsvegi um Tröllatungu á Strandaveg.
2. B. 42 í sömu lagagr. orðist svo:
   Reykhólavegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn um Reykhóla að Laugarlandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum um Hofstaði að Hlíð.
3. Í stað orðanna „og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi“ í B. 43 í sömu lagagr. komi: Kollafjörð, Klettsháls, Þingmannaheiði að Brjánslæk á Barðaströnd.
4. Á eftir B. 43 komi nýr liður, er orðist svo:
   Fjarðarhlíðarvegur: Frá Gufudalsvegi við Vattarfjörð að Firði á Skálmarnesi.
5. Í stað orðanna „að Bakka“ í B. 64 í sömu lagagr. komi: að Selárdal.
6. Í stað orðanna „að Fossi“ í B. 65 í sömu lagagr. komi: að Reykjarfirði.

7. Á eftir B. 65 komi nýr töluliður, er orðist svo:
   Fossheiðarvegur: Frá Fossi í Suðurfjarðahreppi á Barðastrandarveg.
8. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ í B. 66 í sömu lagagr. komi: að Sellátrum og af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Suðureyri.
9. Á eftir B. 67 í sömu lagagr. komi nýr töluliður er orðist svo:
   Siglunesvegur: Frá Haukabergi að Siglunesi.
10. Á eftir B. 68 í sömu lagagr. komi nýr töluliður, er orðist svo:
   Melanesvegur: Af Rauðasandsvegi að Melanesi.
11. Á eftir B. 69 í sömu lagagr. komi nýr töluliður, er orðist svo:
   Útvíkurvegur: Frá Gjögri um Útvíkur að Breiðavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem lagt er til með frv. þessu, að gerðar verði á vegalögunum, voru flestar bornar fram á síðasta þingi, en náðu þá ekki fram að ganga. Ber brýna nauðsyn til þess að taka nú þegar flesta þessa vegakafla inn í þjóðvegakerfið. Því er mál þetta borið fram á ný nú og þess vænzt, að það nái fram að ganga.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
   a. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
   b. *Heggstaðanesvegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár að Bálkastöðum.
   c. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
   d. *Austurárdalsvegur:* Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu grein koma nýir liðir:
   a. *Ásabæjavegur:* Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
   b. *Fitjavegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri-Fitjum.
   c. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Víðidalstungu og brú á Víðidalsá að Kolugili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að nokkrir vegir í Vestur-Húnavatnssýslu verði teknir í tölu þjóðvega. Brýn þörf er þar fyrir vegabætur, en tekjur sýsluvegasjóðsins hrökkva skammt til að kosta þær framkvæmdir.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánveitingar til íbúðabygginga og leggja fyrir þingið á grundvelli þeirrar rannsóknar tillögur til úrbóta, sem við það miðist, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf, til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar tillögu fluttu á síðasta Alþingi tillögu til þingsályktunar um lánsfé til íbúðabygginga (þskj. 729), og var hún að efni til svipuð þeirri tillögu, sem hér er flutt. Sú tillaga varð ekki afgreidd, en hér nægir að vísa til greinargerðar hennar um hina almennu þörf fyrir aukið lánsfé til íbúðabygginga.

Ástandið í þessum málum hefur sízt batnað frá því er síðasta þingi lauk. Bankar og lánastofnanir eru að langmestu leyti lokuð fyrir fólki, ef um byggingarframkvæmdir er að ræða. Í Reykjavík hefur bæjarstjórnin reynt að greiða nokkuð fram úr þessum málum síðustu árin — án þess að geta aflað nokkurs lánsfjár — með byggingu hinna svokölluðu Bústaðavegshúsa. Hefur framkvæmdin aðallega verið með þeim hætti, að bæjarstjórn hefur látið gera byggingarnar fokheldar, en einstaklingarnir síðan gerzt kaupendur og unnið mikið að byggingunum sjálfir, en bæjarsjóður veitt þeim hagkvæm lán, er svarar þeim kostnaði, sem fer í að gera byggingarnar fokheldar með hitalögn. En bæjarsjóðir geta að sjálfsögðu ekki til lengdar sinnt því hlutverki að vera eins konar lánastofnanir í þessu skyni. Þessi byggingarstarfsemi hlýtur líka að stöðvast nú, nema fram úr rætist með lánsútveganir með nýjum hætti.

Hefur nú verið gripið til þess eina úrræðis, sem virtist fyrir hendi, að undirbúa hverfi í bænum fyrir hagkvæmar smáíbúðir. Bæjarstjórnin stofnaði til samkeppni um hagkvæmar teikningar af slíkum húsum. Lóðaúthlutun var hafin og fjárhagsráð gaf byggingar slíkra smáíbúða frjálsar innan tiltekinna takmarka. Verða menn síðan að byggja af eigin rammleik og án nokkurrar aðstoðar um lánsútvegun. Bjartsýni og atorka einstaklinganna mun hér fá miklu áorkað, þar sem hagnýtt er sem mest vinnuafl fjölskyldunnar og vinafólks. Hinu tjáir ekki að loka augunum fyrir, að neyðin knýr hér marga til að hefjast handa, þótt lítil eða engin efni séu fyrir hendi. Er þá óverjandi, að einstaklingunum séu allar leiðir lokaðar til eðlilegrar lánsútvegunar, þegar sjálfsbjargarviðleitnin hefur lagt hornsteininn að húsnæðinu fyrir fjölskylduna.

Af þessum sökum var samþykkt eftirfarandi tillaga í bæjarstjórn Reykjavíkur þann 20. sept. s. l.:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gera hið fyrsta ráðstafanir til eflingar almennri lánastarfsemi til íbúðabygginga, er miðist við þá brýnu nauðsyn að bæta úr hinum tilfinnanlega húsnæðisskorti."

Þó að hér sé nokkuð vikið sérstaklega að viðhorfi málanna í Reykjavík, hafa aðrir sömu sögu að segja og aðstaða annars staðar sízt betri.

Ef þessi tillaga verður samþykkt, mun framkvæmd hennar felast í því í fyrsta lagi, að safnað verður á eina hendi nákvæmum upplýsingum um þá möguleika, sem nú eru fyrir hendi um lánsútveganir. Hvað hafa t. d. verið veitt mikil byggingarlán á árinu úr bönkum og öðrum lánastofnunum, lífeyrissjóði og eftirlaunasjóðum, Byggingarsjóði verkamanna, öðrum sjóðum o. s. frv.? Hverju hafa byggingarsamvinnufélögin áorkað um lánsútveganir? Hver hefur hlutur bæjarfélaganna verið? Upplýsa þarf einnig um byggingamál sveitanna. Heilbrigt jafnvægi í framkvæmd

málanna er nauðsynlegt. Hvað hefur svo mikið verið byggt og hvert er þá hlutfallið milli byggingarverðmætanna og byggingarlánanna?

Á grundvelli slíkrar rannsóknar ber ríkisvaldinu að hafa forgöngu um úrræði, sem eru a. m. k. fullnægjandi til þess að mæta eðlilegri lánsfjárþörf, til þess að útrýmt verði heilsuspillandi húsnæði. Hvaða menningarríki getur varið fyrir sjálfu sér eða hefur ráð á því, að börnin og uppvaxandi kynslóð búi í húsnæði, sem spillir heilsu og þroska og rænir borgarana allri lífsgleði, án þess að hafizt sé handa um þjóðfélagslegar aðgerðir til úrbóta?

Leggja verður megináherzluna á það, að einstaklingarnir eigi kost á eðlilegum lánum, sem stuðla að því að útrýma hinu heilsuspillandi húsnæði. Þar næst ber að freista annarra ráða til þess að bæta úr húsnæðisskortinum almennt með skynsamlegri lánastarfsemi.

Hér eru stórvirki, sem bíða úrlausnar, og Alþingi og ríkisstjórn verða að hafa forustuna.

Nd. 26. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:

1. C. 12 skal orða svo:
   Skagavegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Hrauni.
2. Á eftir C. 12 kemur nýr liður:
   Reykjastrandarvegur: Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
3. Á eftir C. 13 kemur nýr liður:
   Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksvegi hjá Geitagerði að Fjalli í Sæmundarhlíð.
4. Á eftir C. 14 koma 2 nýir liðir:
   a. *Löngumýrarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Húsey að húsmæðraskólanum á Löngumýri.
   b. *Dalavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi um Jökulsárbrú hjá Goðdölum og Bústaði að Skatastöðum í Austurdal.
5. C. 18 orðist þannig:
   Hólavegur: Af Hófsósvegi hjá Miklhóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
6. Á eftir C. 18 kemur nýr liður:
   Deildardalsvegur: Af Hofsósvegi að Kambi í Deildardal.

Nd. 27. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrri málgsr. 5. gr. laganna orðist svo:
Í stað a—c-liða í 12. gr. laga nr. 6 1935 komi:

Fyrir einstakling	kr.	6000
— hjón	—	12000
— hvern barn	—	5000

Upphæðir þessar eru miðaðar við meðalvísitölu ársins 1951. Breytist meðalvísitalan framvegis, skulu þær breytast hlutfallslega. Persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum þessum skal framkvæmdur áður en tekjur eru umreiknaðar samkvæmt meðalvísitölu skattársins.

2. gr.

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda við álagningu skatts á tekjur árins 1951.

Greinargerð.

Persónufrádráttur sá, sem heimilaður er í gildandi skattalögum, er óeðlilega lágur. Í Reykjavík var hann á síðastliðnu ári 3060 kr. fyrir einstakling, 6120 kr. fyrir hjón og 2380 kr. fyrir hvert barn, en utan Reykjavíkur var barnafrádrátturinn 2040 kr. Upphaflegur tilgangur ákvæðanna um persónufrádrátt var sá, að undanþiggja þurftartekjur skattlagningu. Liggur í augum uppi, hversu því fer fjarri, að 3060 kr. geti nú talizt nægilegar til framfærslu einstaklings eða 6120 kr. til framfærslu hjóna. Í skattalögunum, sem sett voru 1935, var persónufrádráttur einstaklings í Reykjavík ákveðinn 800 kr. og hjóna 1500 kr., en 500 kr. frádráttur vegna hvers barns. Kaup Dagsbrúnarverkamanna var þá 1.36 kr á klukkustund. Miðað við 8 stunda vinnu á dag alla virka daga ársins gátu árstekjur Dagsbrúnarverkamanns orðið tæpar 3300 kr. Samkvæmt rannsókn, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði á tekjuskiptingunni í Reykjavík árið 1934 samkvæmt skattskýrslum, námu meðaltekjur verkamanna þá tæpum 2500 kr. Persónufrádráttur einstaklings nam þá 32% af ofangreindum meðaltekjum og persónufrádráttur hjóna 60% af þessum tekjum. Kvæntur verkamaður með tvö börn greiddi því ekki tekjuskatt, eins og ákvæði skattalaganna 1935 um persónufrádrátt voru, og þótt hann hefði hámarkstekjur, miðað við 8 stunda vinnu á dag, gerðu skattalögin ekki ráð fyrir, að hann greiddi tekjuskatt, ef hann hafði fjögur börn á framfæri.

Nú er kaup Dagsbrúnarverkamanns 12.84 kr. á klukkustund og árstekjur tæpar 31000 kr., miðað við 8 stunda vinnu á dag. Á síðastliðnu ári munu meðaltekjur verkamanns, miðað við stöðuga vinnu, hafa numið um 25000 kr. Persónufrádráttur einstaklings var þá reiknaður 3060 kr. eða um 12% teknanna og persónufrádráttur hjóna 6120 eða um fjórðungur teknanna. Kvæntur verkamaður með fjögur börn á framfæri greiðir samkvæmt núgildandi skattalögum tekjuskatt af rúmum 9000 kr., en þurfti engan skatt að greiða samkvæmt skattalögunum 1935. Þó að tekjur verkamanna hafi um það bil tífaldazt síðan skattalögin frá 1935 voru sett, hefur persónufrádráttur aðeins rúmlega fjórfaldazt. Er því augljóst, að núgildandi skattalög eru láglaunamönnum og þeim, sem hafa miðlungstekjur, óhagstæðari en t. d. skattalögin 1935.

Þess ber að vísu að geta, að sú hækkun, sem orðið hefur á peningatekjum verkamanna á ekki öll rót sína að rekja til breytts kaupmáttar peninganna sökum hækkaðs verðlags, heldur eru raunverulegar tekjur verkamanna nú nokkru hærri en þær voru 1935. Frá því sjónarmiði má segja, að eðlilegt sé, að verkamenn greiði nokkru hærri skatt nú en þá. En hér er þess hins vegar að gæta, að vafasamt er, að hlutdeild verkamanna og annars láglaunafólks í þjóðartekjunum hafi vaxið. Um tekjuskiptinguna á síðari árum vantar skýrslur, en sitt hvað bendir til þess, að hæpið sé að líta svo á. Og sé svo ekki, er ekki réttmætt, að skattþunginn á tekjunum aukist, þótt um raunverulega aukningu þeirra sé að ræða. Þess er og að gæta, að hlutdeild óbeinu skattanna í heildartekjum ríkissjóðs er nú miklu meiri en 1935. Þar eð þeir hvíla þyngra á hinum tekjulægri stéttum en hinum tekjuhærri, verður það enn til þess að styðja þá skoðun, að skattabyrðin hvíli nú hlutfallslega miklu þyngra á láglaunamönnum og mönnum með miðlungstekjur en hún gerði 1935. Ríkisvaldið lætur þeim að vísu í sé miklu meiri hlunnindi á sviði félagsmála en þá, en tiltöluleg aukning skattþungans kemur þar til frádráttar.

Nú undanfarið hefur kostur almennings verið að þrengjast sökum sívaxandi dýr-

tíðar, auk þess sem horfur hafa að ýmsu leyti farið versnandi á atvinnusviðinu. Ber því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til að létta hinum lægst launuðu lífsbarátttuna. Eitt bezta og nærtækasta ráðið til þess er að draga úr hinni þungu skattabyrði, sem nú hvílir á almenningi, og einfaldasta aðferðin við það er sú að hækka persónufrádráttinn. Er það því lagt til í þessu frv. Ýmis rök hefðu hnigið að því, að persónufrádráttur yrði nú ákveðinn hlutfallslega jafnhár og hann var í skattalögunum frá 1935, miðað við meðaltekjur verkamanna. Ekki er það þó gert í þessu frv., og verður því með engu móti sagt, að sér sé of langt gengið. Að sjálfsögðu mundi samþykkt frv. hafa í för með sér nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð. Afkoma hans er nú á hinn bóginn þannig, að hann þolir slíkan tekjumissi mætavel, auk þess sem hægt væri að auka skatttekjurnar stórum með betra skattaeftirliti og draga úr tekjuþörfinni með ýmiss konar sparnaði í ríkisrekstrinum. En um það ættu ekki að vera skiptar skoðanir, að tími sé kominn til að létta skattabyrðina og þá fyrst og fremst þá, sem hvílir á láglaunamönnum.

Ed. 28. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. bætast þessir töluliðir:

1. Á eftir B. 33 í 2. gr. laganna bætast tveir nýir liðir:
   a. *Hörðudalsvegur:* Frá Skógarstrandarvegi að Vífilsdal.
   b. *Miðdalavegur:* Frá þjóðveginum vestan Tunguár um Svalbarða, Kolsstaði og Svarfhól og Fellsenda.
2. Á eftir B. 37 í sömu gr. bætist nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Frá þjóðveginum (Klofningsvegi) hjá Helluá um Túngarð, Svínaskóg og Stóru-Tungu á þjóðveginn utan Kjarlaksstaða.

Ed. 29. Frumvarp til laga [27. mál]

um ódýra uppdrætti að íbúðarhúsum, eftirlit með byggingum o. fl.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Þau bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, skulu árlega láta útbúa uppdrætti af eigi færri en 5 gerðum íbúðarhúsa með einni til þrem íbúðum. Skal hverjum sem er heimilt að fá afrit af uppdráttunum til eigin afnota fyrir gjald, er eigi sé hærra en 1 kr. fyrir hvern rúmmetra í húsinu. Uppdráttum húsanna fylgi uppdrættir af pípulögnum, járnlögn og raflögn og þeir séruppdrættir aðrir, sem nauðsynlegir teljast við smíði hússins, og sé andvirði þeirra innifalið í áðurgreindu verði. Sérstök áherzla skal lögð á, að húsin séu ódýr í byggingu, en fullnægi þó hóflegum kröfum um stærð, fyrirkomulag og þægindi.

2. gr.

Hver sá, er vinnur sjálfur að meira eða minna leyti að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig, í kaupstað, sem hefur verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, getur fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá þessum

starfsmönnum bæjarfélagsins eða faglærðum aðstoðarmönnum þeirra, enda sé húsið gert eftir uppdráttum þeim, sem um getur í 1. gr. Kemur það eftirlit þá í stað umsjónar meistara með byggingunni. Gjald fyrir slíkar leiðbeiningar og eftirlit má ákveða í byggingarsamþykkt, og miðast það við hæfilegt tímakaup til þeirra, er annast starfið, þó eigi hærra samtals en 2 krónur fyrir hvern teningsmetra í byggingunum.

3. gr.

Nú stofna 5 menn eða færri, sem eru félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi eða byggingarfélagi verkamanna, sérstaka deild innan félagsins í því skyni að koma upp íbúðarhúsum til eigin nota að verulegu leyti með eigin vinnu við byggingarnar, og hafa þá allir félagsmenn deildarinnar sama rétt til að vinna iðnaðarvinnu við byggingu íbúðarhúsa hver fyrir annan og húseigandi hefur til að vinna að byggingu húss síns.

4. gr.

Um aukavinnu, sem menn leggja fram við byggingar samkv. ákvæðum 3. gr., gilda ákvæði laga nr. 16/1949, enda séu gefnar nákvæmar upplýsingar um vinnuframlag hvers félagsmanns, ef þess er krafizt af skattayfirvöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Í frumvarpi þessu er lagt til, að bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, láti gera árlega ákveðinn fjölda uppdrátta af hentugum og hæfilega stórum íbúðarhúsum, bæði frumuppdrátta og séruppdrátta. Ætlazt er til, að uppdrættir þessir séu við það miðaðir, að húsin séu ódýr í byggingu, en þó þægileg, og að þeir séu seldir við vægu verði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að slíkir uppdrættir verði gefnir út í mörgum eintökum, en að fjölbreytni geti aukizt, eftir því sem árin líða.

Þá er og lagt til, að þeir menn, er vinna að byggingu íbúðarhúsa fyrir sjálfa sig í þeim kaupstöðum, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, geti, ef þeir byggja eftir framangreindum uppdráttum, fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum bæjarfélagsins og að þeir hinir sömu menn hafi eftirlit með byggingunum, eftir því sem þeim þokar áfram. Ætlazt er til, að þessi aðstoð sé seld ódýrt og að hún komi í stað umsjónar meistara með byggingunum.

Með 3. gr. er ætlazt til að veita mönnum, sem eru í byggingarfélögum, möguleika til þess að hjálpast að því að koma upp íbúðarhúsum til eigin nota, þannig að sú vinna, sem þeir þannig vinna hver fyrir annan, telst vera iðnaðarvinna fyrir þá hvern um sig, og að lokum, að um þessa vinnu gildi ákvæði skattalaganna um það, að eignaauki, er stafar af aukavinnu við eigin íbúð, teljist ekki til tekna.

Tilgangur frumvarpsins er að auðvelda mönnum, sem vilja koma upp húsum til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, að gera það með eigin vinnu og með eins litlum tilkostnaði og unnt er.

Kostnaður við byggingar er mjög mismunandi í landinu, og væri æskilegt, að á þeim stöðum, þar sem byggingarkostnaður er hæstur, yrði fundin leið til þess að draga úr honum fyrir þá, sem með sjálfsafneitun og aukinni vinnu vilja koma sér upp húsi til eigin afnota. Aðstoð eins og sú, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti dregið mikið úr tilfinnanlegum kostnaðarliðum við byggingar, og samstarf fleiri manna við vinnuna, sem talin yrði eigin vinna, mundi geta orðið mjög til hagræðis.“

Nd. **30. Frumvarp til laga** [28. mál]

um breyting á lögum nr. 120 28. desember 1950, um aðstoð til bátaútvegsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. laganna orðist svo:
Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. ágúst 1951.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. breytist þannig:
Í stað orðanna „1. júlí 1951“ komi: 1. ágúst 1951.

3. gr.

Aftan við fyrri mgr. 19. gr. bætist: Nú virðist framtalin en ólýst krafa ekki tortryggileg, og skal þá heimilt að taka hana upp í frumvarp til skuldaskila, sbr. 21. gr.

4. gr.

Aftan við fyrri málslið 22. gr. bætist: Þá lánardrottna þarf þó ekki að boða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi, sbr. 21. gr., að fái kröfur sínar greiddar að fullu.

5. gr.

Framan við 24. gr. komi:
Þeir kröfuhafar einir, er lýst hafa kröfum sínum, áður en boðað er til skuldheimtumannafundar og ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi samkvæmt 21. gr., að fái fulla greiðslu, eiga atkvæðisrétt um frumvarp til skuldaskila.

6. gr.

Aftan við 27. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú er stjórn Skuldaskilasjóðs sammála um, að nauðsyn beri til að veita eftirgjöf á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í 1. tölulið þessarar greinar, í því skyni að koma hlutaðeigandi útgerð á heilbrigðan grundvöll, þá skal sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita eftirgjöf á einhverjum hluta veðskulda við styrktar- og lánasjóð, framkvæmdasjóð ríkisins og ríkissjóð.
Þann hluta umræddra lána, sem hlutaðeigandi útgerðarfyrirtæki verður talið fært að standa undir, er sjóðsstjórninni heimilað að greiða með skuldabréfum sjóðsins, og má lán úr sjóðnum þá fara fram úr því hámarki, sem segir í 10. gr., sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem sjá megi fyrir, að stjórn Skuldaskilasjóðs útvegsmanna muni ekki hafa lokið úthlutun lána úr sjóðnum fyrir 1. júlí n. k., eins og gert var ráð fyrir, þegar lög nr. 120/1950

voru sett, verði ekki komizt hjá að lengja starfstíma sjóðsstjórnarinnar frá því, sem nú er ákveðið í lögunum. Auk þess beri nauðsyn til að ríkisstjórninni sé veitt heimild til eftirgjafa á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í lögum nr. 120/1950 og gera nokkrar aðrar smávægilegar breytingar til þess að auðvelda framkvæmd laganna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. laganna orðist svo:
Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. ágúst 1951.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. breytist þannig:
Í stað orðanna „1. júlí 1951“ komi: 1. ágúst 1951.

3. gr.

Aftan við fyrri mgr. 19. gr. bætist: Nú virðist framtalin en ólýst krafa ekki tortryggileg, og skal þá heimilt að taka hana upp í frumvarp til skuldaskila, sbr. 21. gr.

4. gr.

Aftan við fyrri málslið 22. gr. bætist: Þá lánardrottna þarf þó ekki að boða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi, sbr. 21. gr., að fái kröfur sínar greiddar að fullu.

5. gr.

Framan við 24. gr. komi:
Þeir kröfuhafar einir, er lýst hafa kröfum sínum, áður en boðað er til skuldheimtumannafundar og ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi samkvæmt 21. gr., að fái fulla greiðslu, eiga atkvæðisrétt um frumvarp til skuldaskila.

6. gr.

Aftan við 27. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú er stjórn Skuldaskilasjóðs sammála um, að nauðsyn beri til að veita eftirgjöf á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í 1. tölulið þessarar greinar, í því skyni að koma hlutaðeigandi útgerð á heilbrigðan grundvöll, þá skal sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita eftirgjöf á einhverjum hluta veðskulda við styrktar- og lánasjóð, framkvæmdasjóð ríkisins og ríkissjóð.
Þann hluta umræddra lána, sem hlutaðeigandi útgerðarfyrirtæki verður talið fært að standa undir, er sjóðsstjórninni heimilað að greiða með skuldabréfum sjóðsins, og má lán úr sjóðnum þá fara fram úr því hámarki, sem segir í 10. gr., sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. júní 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 31. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 117 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

3. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 117 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að framleiðslugjald af síldarafurðum, sem renna á til hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins, sé miðað við útflutningsverðmæti og sé framleiðslugjaldið því mikið hærra af þeirri síld, sem fer til söltunar en þeirri síld, sem fer til bræðslu, og sé hætta á því, að þetta misræmi dragi úr síldarsöltun. Þá sé og hag síldarútvegsmanna svo komið eftir undanfarin sex aflaleysisár, að þörf sé á að lækka framleiðslugjaldið, enda hefi það verið algerlega afnumið af öðrum sjávarafurðum. Til þess að bæta úr framangreindu misræmi, svo og til þess að létta undir með síldarútveginum þyki hentugast, að lögunum verði breytt á þá leið, að framleiðslugjaldið verði miðað við fersksíldarverðið, en ekki við útflutningsverðmætið.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, eru hér með sett bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

3. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið

útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. júní 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 32. Frumvarp til laga [30. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að h.f. Hvalur eigi kost á að kaupa fjögur norsk hvalveiðiskip, sem félag þetta hefur haft á leigu undanfarin ár, og enn fremur, að þar sem skip þessi séu eldri en 12 ára, en miklum vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, og einnig sé um nýjan atvinnurekstur að ræða hér á landi, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta hið bráðasta fara fram réttarrannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenzkum togurum frá ársbyrjun 1948 og til þessa dags.

Með rannsókninni skal leiða í ljós:

1. Hversu mörg og hvers konar slys hafa orðið á togurunum nefnt tímabil.
2. Hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um þetta efni skal ríkisstjórnin undirbúa og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, frumvarp til breytinga á sjómannalögunum, þar sem m. a. sé lögð rík ábyrgð á hendur útgerðum og yfirmönnum veiðiskipa, til þess að koma í veg fyrir, að of mikið kapp eða varúðarleysi valdi slysum á skipverjum eða líftjóni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er samhljóða þáltill., er ég hef flutt á tveimur síðustu þingum. Málið hefur ekki fengið afgreiðslu á þeim þingum, heldur í bæði skiptin verið svæft í allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Með því að ég tel málið hins vegar mjög mikilsvert og þarfnast alvarlegrar athugunar og úrlausnar, freista ég þess enn að bera till. fram og vænti þess, að Alþingi skjóti sér ekki lengur undan því að afgreiða hana.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt hið fyrsta sinn:

„Það er að vonum orðið mönnum hið mesta áhyggjuefni, hversu mörg slys, meiri og minni, verða á togurum okkar, þegar þeir eru að veiðum. Allt of oft gerist það, að menn tekur út af togurunum og drukkna. Hitt er þó miklu tíðara — og miklu oftar en opinberlega er frá því greint —, að menn á togurunum slasast meira eða minna við vinnu sína, þótt ekki dragi það til dauða.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert, að með stærri og traustari skipum — sem að réttu lagi ættu að auka öryggi skipshafnanna — virðist þessum slysum fara fjölgandi. Bendir það ótvírætt í þá átt — sem einnig mun vera orðin almenn skoðun —, að á þessum nýju og vönduðu skipum sé veiðiskapurinn sóttur af því ofurkappi, sem ekki kunni góðri lukku að stýra, og megi rekja hin tíðu slys á togurunum m. a. til þessa.

Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að full ástæða sé til þeirrar rannsóknar, sem þingsályktunartillagan felur í sér, svo að úr því verði skorið, hvort framangreind skoðun hefur við rök að styðjast, — og ef svo reynist — þá verði tafarlaust sett lagaákvæði, sem miði að því að draga úr slíku forsjárlausu kappi í sjósókninni og þar með minnka slysahættuna.“

Ed. 34. Frumvarp til laga [32. mál]

um lánveitingar til smáíbúða.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Brynjólfur Bjarnason, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að verja 15 millj. króna úr mótvirðissjóði til lánveitinga út á smáíbúðir skv. þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

2. gr.

Lán skv. lögum þessum skal veita þeim, sem hafa byggt til eigin nota íbúðir, sem bygging var hafin á árið 1947 eða síðar, enda séu íbúðirnar eigi stærri en 100 fermetrar að gólffleti.

3. gr.

Lán skv. lögum þessum skulu veitt til 10 ára með 4% ársvöxtum. Lánsupphæð má nema kr. 25000.00 á hverja íbúð, en þó aldrei yfir 50% af byggingarkostnaði íbúðar. Til tryggingar lánum þessum skal taka veð í viðkomandi íbúð, og má lán þetta ásamt þeim veðskuldum, sem hvíla á íbúðinni með hærri veðrétti, ekki nema meiru en 75% af kostnaðarverði íbúðarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, svo sem hvaða skilyrði lántakendur þurfa að uppfylla, mat á íbúðunum, ef ágreiningur verður um kostnaðarverð, reglur um útborgun lánanna eftir því sem byggingu miðar áfram og annað, sem þurfa þykir.

5. gr.

Skuldabréf fyrir lánum skv. lögum þessum skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

6. gr.

Ríkisstjórnin getur falið opinberri lánsstofnun að annast afgreiðslu lána þessara og innheimtu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu stríðsárin og fyrstu árin eftir stríðið var allmikið gert af opinberri hálfu til þess að styðja að byggingu íbúðarhúsnæðis í landinu. Bæjarfélög voru styrkt til að hefjast handa um byggingarstarfsemi í þeim tilgangi að útrýma heilsuspillandi húsnæði; auk byggingarfélaga verkamanna áttu samvinnubyggingarfélög ýmissa starfstétta og hópa kost ódýrra lána og einstaklingar greiðan aðgang að bönkum og lánsstofnunum um lánsfé til bygginga. Í öllum bæjum landsins og mörgum kauptúnum, en þó fyrst og fremst í Reykjavík, risu þá upp hús og heil hverfi húsa, sem eru þeim byggðarlögum til mikillar prýði og sóma og bera vott um stórhug og bjartsýni þjóðarinnar á þeim árum, enda má segja, að þá hafi þjóðin fyrst eignazt íbúðarhús-

næði eins og það gerist bezt með öðrum þjóðum. En því miður var þá einnig byggt með óhófi og íburði, einkum af hálfu ýmissa einstaklinga, og m. a. þess vegna varð afturkastið svo snöggt og tilfinnanlegt sem raun er á orðin.

Síðan árið 1947 má enginn byggja þak yfir höfuð sér nema með opinberu leyfi. Stórtækasta og róttækasta bannið við byggingu íbúðarhúsnæðis felst þó í því, að bankarnir hafa algerlega tekið fyrir lánveitingar til íbúðarhúsabygginga. Um það þarf enga skýrslusöfnun eða víðtæka rannsókn. Það er staðreynd, sem allir þekkja. Ríkisvaldið hefur að vísu fram að þessu veitt nokkra aðstoð til byggingar verkamannabústaða og bygginga samvinnubyggingarfélaga, en bæði lán og leyfi til slíkra bygginga eru af skornum skammti og sú starfsemi stórlega lömuð miðað við það, sem áður var. En þörfin fyrir áframhaldandi byggingarstarfsemi er jöfn og stöðug vegna áframhaldandi tilflutnings fólksins í landinu, vegna uppvaxandi kynslóðar og fólksfjölgunar. Hið eina rétta er, að bæjarfélög, byggingarfélög verkamanna, samvinnubyggingarfélög og einstaklingar fái að halda uppi jafnri og samhliða starfsemi til þess að bæta úr þessari brýnu þörf þjóðarinnar og njóti til þess aðstoðar ríkisvaldsins, jafnvel þótt það kunni að telja sér nauðsynlegt að hafa hönd í bagga með því, að ekki sé byggt í óhófi og langt umfram efni þjóðarinnar.

Leitun mun á því landi, þar sem einstaklingar eiga alls engan kost á nokkru láni gegn öruggu veði í góðri fasteign, jafnvel að margföldu verðmæti móts við lánsupphæð, nema þá ef til vill með ægilegustu okurvöxtum, og þar sem beztu ríkistryggð verðbréf, eins og veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, eru óseljanleg nema með allt að 35% afföllum.

Í Reykjavík einni eru nú þúsundir manna annaðhvort húsnæðislausar eða þá í bröggum, komnum að falli af ryði og fúa, og í öðru heilsuspillandi húnæði. Í öðrum kaupstöðum og víða í þorpum er hið mesta húsnæðisleysi. Aukin byggingarstarfsemi er bezta ráðið til þess að bæta úr þeirri stórháskalegu meinsemd.

Kröfur almennings um að fá að bæta úr þessari nauðsyn sinni með eigin framtaki hafa reynzt ómótstæðilegar. Mönnum er að vísu ekki frjálst enn að ráðast í að byggja yfir sig og fjölskyldu sína, en fjárhagsráð hefur gefið fyrirheit um, að rýmkað verði um leyfisveitingar fyrir smáíbúðir innan 80 fermetra að gólffleti og 260 rúmmetra, takist viðkomandi að fá samþykki sveitarfélags síns til byggingarinnar og lóðarblett fyrir hana. Mjög margir dugmiklir einstaklingar munu nú hugsa sér að neyta þessa eina færis, sem þeim gefst til þess að bæta úr húsnæðisþörf sinni, og treysta mest á, að með því að vinna sjálfir nær alla vinnu við bygginguna í tómstundum megi það takast. Vegna hins stóraukna og sívaxandi byggingarkostnaðar hafa margir og jafnvel flestir þeirra, sem ráðizt hafa í byggingu íbúðarhúsa síðan 1947, séð sér þann kost vænstan að vinna sem mest að byggingum sínum sjálfir. En einmitt þessir menn, sem hafa sýnt svo mikinn dugnað og lagt svo hart að sér, hafa ekki notið neinnar opinberrar aðstoðar eða fyrirgreiðslu, hafa allflestir rekið sig á, að ómögulegt er að fá lán til þess að ljúka við húsin, svo að þau geti komið þeim að tilætluðum notum.

Með þessu frv. er til þess ætlazt, að ríkisvaldið sýni, að það vilji veita þessum mönnum nokkra aðstoð í þrengingum þeirra, um leið og það bendir beinlínis á þá leið í húsbyggingarmálum með rýmkuðum leyfisveitingum, að einstaklingar byggi smáíbúðir til eigin afnota fyrst og fremst með vinnu, sem þeir leggi fram sjálfir.

Um það, hvaða fé skuli taka og veita að láni til slíkra framkvæmda sem þessara, er auðvelt að benda á margar leiðir. Bankar landsins taka stórgróða á ári hverju og byggja fyrir hann stórhýsi og hallir til útleigu. Því fé væri t. d. betur varið til slíkra lánveitinga. Ríkissjóður hefur í ár stórkostlegan tekjuafgang, fenginn með óhóflegum tollum og söluskatti af neyzlu alþýðu manna. Væri e. t. v. bæði skyldast og réttast að ætlast til, að ríkissjóður sjálfur legði fram nokkrar milljónir af þessum tekjuafgangi til smáíbúðalána. Hér er þó gert ráð fyrir, að fé sé fengið úr svonefndum mótvirðissjóði, en hann mun nú nema á þriðja hundrað milljóna króna, og virðist einsætt, að hann sé tiltækur til þess að styðja að svo örlitlum hluta nauðsynlega

byggingarstarfsemi í landinu, sem hefur auk þess verið leyfð af því kerfi, sem sett hefur verið á fót til þess m. a. að hamla gegn fjárfestingu og framkvæmdum.

Flm. þessa frv. er þó ekki fast í hendi, að fé til þessarar bráðnauðsynlegu lánastarfsemi sé endilega tekið úr mótvirðissjóði, fremur en t. d. að ríkissjóður og bankar leggi það fram. Ekki hefur þótt ástæða til að setja í frv. nákvæmar reglur um tilhögun lána, skilyrði fyrir lánveitingum eða framkvæmd lánastarfseminnar. Þykir rétt, að ríkisstjórnin ákveði slíkt með reglugerð. Tilætlun flm. er, að allir eigendur smáíbúða, sem bygging var hafin á 1947 og síðan, eigi rétt til lána, en að þeir, sem ekki hafa notið lána úr opinberum sjóðum, svo sem lífeyrissjóðum o. fl., gangi fyrir um þau. Það er augljóst, að 25 þús. kr. lán til byggingar íbúðarhúsa nú, þótt smáíbúð sé, hrekkur skammt upp í byggingarkostnað, en bæði er, að ætlazt verður til þess, að þeir, sem ráðast í byggingu eigin íbúða, eigi eitthvað meira en vinnuafl sitt eitt til að leggja fram, og að megintilgangur þessa frv. er að bæta nú þegar, þótt ekki sé nema að litlu leyti, úr brýnni þörf mikils fjölda manna, en ekki hitt, að fullnægja lánaþörf til íbúðarhúsabygginga í landinu.

Nd. 35. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir D. 5 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Sunnudalsvegur: Af þjóðveginum sunnan Hofsárbrúar um Sunnudal í Borgir og þaðan í Sírekksstaði, yfir Hofsborgartungu á Vopnafjarðarveg nálægt Hofi.
2. Á eftir D. 6 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Jökuldalsvegur eystri: Af Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum yfir Jökulsá og þaðan út Jökuldal austan ár á Austurlandsveg nálægt Þrívörðu við Heiðarenda.
3. Á eftir D. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Kirkjubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi nyrðri hjá Stórabakka, um Hallfreðarstaði á Hróarstunguveg eystri hjá Kirkjubæ.
4. Á eftir D. 9 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Fellavegur: Af Austurlandsvegi um Hafrafell, Staffell, og Fjallssel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
5. Á eftir D. 11 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Seyðisfjarðarvegur nyrðri: Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
6. Á eftir D. 12 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi nálægt Gagnstöð um Sandbrekku að Hjaltastað.
   b. *Borgarfjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Bakkagerði inn Borgarfjörð norðan Fjarðarár, um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.

Nd. **36. Breytingartillögur** **[24. mál]**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Helga Jónassyni og Ingólfi Jónssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist svolátandi nýir tölul.:

1. A. 29 í 2. gr. laganna orðast þannig:
   Ásvegur: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
2. Á eftir A. 29 í sömu gr. laganna koma 2 nýir liðir:
   a. *Hamravegur:* Af þjóðveginum vestan við Hárlaugsstaði að Syðri-Hömrum og Hamrahól.
   b. *Vetleifsholtsvegur:* Af þjóðveginum utan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
3. Á eftir A. 31 í sömu gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Kvíarholtsvegur: Frá Hagabraut móts við Raftholt um Kvíarholt að Hreiðri.
4. A. 32 í sömu gr. orðast svo:
   Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu um Hábæ að Bala í Þykkvabæ.
5. Á eftir A. 33 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
   a. *Gunnarsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot að Næfurholti.
   b. *Rangárvallavegur efri:* Af þjóðveginum utan við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði, Þingskála að Kaldbak.
   c. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
6. Á eftir A. 34 í sömu gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Móeiðarhvolsvegur: Af veginum austan við Djúpadal niður með Eystri-Rangá að Móeiðarhvoli.
7. Á eftir A. 35 í sömu gr. koma 5 nýir liðir:
   a. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli um Guðnastaði að Hólmum.
   b. *Skúmsstaðavegur:* Af Bakkabæjarvegi hjá Bakkakoti að Skúmsstöðum um Grímsstaði að Ytri-Hól.
   c. *Rauðafellsvegur:* Um Seljavelli, Selkot, Raufarfell að Rauðafelli.
   d. *Mýravegur:* Af þjóðveginum hjá Fitjarmýri um Nýjabæ, Lambhúshól á þjóðveginn móts við Hvamm.
   e. *Hólmabæjarvegur:* Af þjóðveginum hjá Miðey um Svanavatn, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkarland og Steinmóðarbæ á þjóðveginn við Steinmóðarbæjarhólma.
8. Á eftir A. 38 í sömu gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. *Skálavegur:* Af veginum frá Hvammsnúpi um Núp, Skálabæi að Holtsárbrú.
   b. *Skógavegur:* Frá þjóðveginum austan Skógaár að Skógaskóla
   c. *Heiðarvegur:* Af þjóðveginum vestan við Hamraveg um Heiði, Herríðarhól að Gíslaholti og að Kambi.

Nd. **37. Frumvarp til laga** [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

2. gr.

Sérleyfisgjaldið skal frá 1. janúar 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. bráðabirgðalaga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að óhjákvæmileg nauðsyn sé, vegna mjög erfiðra afkomuskilyrða sérleyfishafa á flestum sérleyfisleiðum, að sérleyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, verði lækkuð úr 7% í 3% af fargjöldum í farþegaflutningum með sérleyfisbifreiðum, og gildi lækkunin frá síðustu áramótum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

2. gr.

Sérleyfisgjaldið skal frá 1. janúar 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. bráðabirgðalaga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 38. Frumvarp til laga [34. mál]

um viðauka við lög nr. 9 6. febrúar 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslið 1. gr., áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum hækki tilsvarandi frá sama tíma og launahækkunin verður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 9 6. febrúar 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið hafi verið með lögum nr. 9/1951, að laun skyldu ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. En í janúarmánuði voru laun miðuð við vísitölu 123. Jafnframt hafi svo verið ákveðið í 2. gr. laganna, að bændur mættu ekki hækka verð landbúnaðarvara nema fyrir dreifingar- og vinnslukostnaði, en kaup bóndans í gildandi verðlagsgrundvelli, sem þá hafi verið miðaður við vísitölu 115, eða 8 stigum lægri. Við setningu þessara laga á Alþingi hafi því verið lýst yfir af hálfu beggja stjórnarflokkanna, að ef kaupgjald hækkaði samkvæmt kjarasamningum fyrir 1. september n. k. þá yrði ekki hjá því komizt að heimila bændum hliðstæða hækkun. Kaup hafi nú hækkað samkvæmt kjarasamningum, og hafi því framleiðsluráð landbúnaðarvara hækkað söluverð landbúnaðarafurða á grundvelli téðra yfirlýsinga. Þar sem dregið sé í efa, að þessi verðhækkun hafi við lög að styðjast, þyki brýna nauðsyn til bera að taka af öll tvímæli um gildi þessara verðlagsákvarðana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslið 1. gr. áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum hækki tilsvarandi frá sama tíma og launahækkunin verður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1951.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Ed. 39. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta og viðauka við síðargreindu lögin.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Lög nr. 84/1936 (2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1911) orðist svo:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu, hvort heldur er fastrar kennslu eða tímakennslu, í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Við 1. gr. laga nr. 36/1911 komi ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Þeir, sem lokið hafa B.A-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigs og sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til. Þeir standa þó að baki mönnum þeim, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa fullnaðarprófi við erlenda háskóla í greinum, er B.A.-prófið lýtur að, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta, sem borið er fram að tilhlutan háskólans og í samráði við samtök kennara, miðar að því að tryggja atvinnuréttindi meistara eða kandidata í íslenzku og þeirra, er lokið hafa B.A.-prófi, og um leið að tryggja framhaldsskólum kennslukrafta.

Nd. 40. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Fyrsti töluliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þessu frv. er að gera það aftur að skyldu ríkisins að aðstoða bæjar- og sveitarfélög við útrýmingu heilsuspillandi íbúða með því að tryggja þeim góð lánskjör til byggingar nýrra íbúðarhúsa.

Lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru sett 1946 og voru einhver merkilegustu nýmælin í endurbótalöggjöf nýsköpunarstjórnarinnar. Samkvæmt þeim skyldu bæjar- og sveitarfélög fá að láni 75% af byggingarkostnaði til 50 ára með 3% ársvöxtum og 10% til viðbótar sem vaxtalaust lán til 50 ára.

Eftir að „fyrsta stjórn Alþýðuflokksins“ var mynduð 1947 og flokkarnir þrír: Sjálfstæðis-, Framsóknar- og Alþýðuflokkur — létu amerískt auðmagn ná áhrifum á íslenzk fjármál og framkvæmdir, varð það eitt af „afrekum“ þessarar þriggja flokka samsteypu að eyðileggja þessa ágætu löggjöf með því að afnema skylduna til lánveitinga, nema fé væri veitt á fjárlögum.

Síðan voru svo gerðar hinar alkunnu ráðstafanir til þess að draga úr öllum lánveitingum, alveg sérstaklega til íbúðarhúsa, og þar með sköpuð að óþörfu sú ægilega lánsfjárkreppa, sem nú hvílir sem mara á þjóðinni og drepur í dróma allt framkvæmdalíf hennar og hefur að heita má stöðvað byggingarstarfsemina.

Hefur því ástandið í húsnæðismálum versnað stórum frá því lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru eyðilögð. Þótt aðeins sé litið á Reykjavík, þá var ástandið 1949—50 þannig samkvæmt skýrslu húsaleigunefndar, að 1677 manns, þar af 419 börn, bjuggu í bröggum og öðru bráðabirgðahúsnæði, en það var 377 fleira en var í bröggum 1946. Nú (1951) mun samkvæmt skýrslu, er Kristján Hjaltason, formaður Leigjendafélags Reykjavíkur, sagði frá í viðtali við Þjóðviljann í síðustu viku, alls búa í bröggum **2200 manns, þar af 900 börn.** Sést af þessu, hve ört sígur á ógæfuhliðina.

Það er því hin brýnasta þörf á því, að tafarlaust sé hafizt handa um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og með samþykkt þessa frv. væri fenginn hinn fjárhagslegi grundvöllur fyrir byggingu nýrra íbúðarhúsa á vegum bæjar- og sveitarfélaganna. Og enginn þarf að efast um getu ríkis og banka til aðstoðarinnar, ef aðeins viljinn er fyrir hendi.

Sósíalistaflokkurinn hefur flutt frv. þetta á mörgum undanförnum þingum, en það hefur ýmist verið svæft eða drepið. Hafa andstæðingar þess borið við fjárhagsvandræðum ríkisins. Nú róma hinir sömu andstæðingar „góða afkomu“ ríkissjóðs. Verður það nú að sýna sig, hvort vilji er til að nota nokkuð af fé ríkisins til þessa þjóðþrifafyrirtækis, þegar meira að segja andstæðingar þessa frv. geta ekki lengur borið því við, að peningar séu ekki til. Hins vegar hefur fé aldrei skort til þessara bygginga, ef valdhafarnir aðeins hefðu viljað beita fjármagni og vinnuafli þjóðfélagsins að lausn þessa nauðsynjamáls.

Ed. 41. Frumvarp til laga [37. mál]

um forfallahjálp húsmæðra.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að komið skuli á fót í umdæmum þeirra forfallahjálp til húsmæðra samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli tekin upp forfallahjálp til húsmæðra, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Forfallahjálp skal veita húsmæðrum á heimilum þeirra, þegar sannað er með beiðni læknis eða ljósmóður, að þess sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóms eða sængurlegu.

4. gr.

Framkvæmd forfallahjálpar húsmæðra má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er og að fela framkvæmd forfallahjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum, stofnunum og einstaklingum, undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

5. gr.

Forfallahjálp húsmæðra veitist gegn fullu endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er félagsmálaráðuneytið setur.

Heimilt er sveitarstjórn og sýslunefnd, eða öðrum aðila í umboði þeirra, að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta forfallahjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar þykja fyrir hendi.

Nú verður ágreiningur um, hvort forfallahjálp skuli veitt eða eigi eða hvort krefjast skuli greiðslu fyrir veitta forfallahjálp eða hver greiðsla skuli vera, og á þá sveitarstjórn eða sýslunefnd fullnaðarúrskurðarvald um þau atriði.

6. gr.

Heimilt er sýslufélögum og sveitarfélögum, tveimur eða fleirum saman, að gera með sér samning um sameiginlega forfallahjálp húsmæðra í umdæmum sínum.

7. gr.

Heimilt er félagsmálaráðherra að ákveða í samráði við menntamálaráðherra, að efnt skuli til námskeiða fyrir konur, sem taka vilja að sér að gegna heimilisstörfum í forföllum húsmæðra. Slík námskeið skulu haldin í húsmæðraskólum eða kvennaskólum, sé þess kostur, en annars þar, sem hentugt húsnæði fæst í því skyni, enda komi samþykki félagsmálaráðherra til hverju sinni.

Ríkissjóður ber kostnaðinn af námskeiðum þessum að því leyti, sem kennslugjöld nemenda hrökkva ekki til að greiða þann kostnað.

8. gr.

Með sérstakri reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur, skal setja nánari reglur um skipun og starfskjör þeirra kvenna, sem taka að sér heimilisstörf í forföllum húsmæðra.

9. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfrækslu forfallahjálpar húsmæðra.

Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar þá og greiðir, að þeim úrskurði gengnum, hluta ríkissjóðs af kostnaðinum.

10. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að fela sérstökum ráðunaut að leiðbeina sveitarstjórnum og sýslunefndum við að setja á stofn forfallahjálp húsmæðra og hafa eftirlit með starfsemi þessari, þar með talin námskeið þau, sem í 7. gr. getur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingi 1949 var borin fram af flm. þessa frv. og samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta undirbúa löggjöf um vinnuhjálp húsmæðra í veikindaforföllum þeirra og leggja frumvarp um það efni fyrir Alþingi á árinu 1950.

Haustið 1950 var af félagsmálaráðherra skipuð nefnd til þess að undirbúa þetta mál. Hafði nefndin til hliðsjónar lög og reglugerðir frá hinum Norðurlöndunum um þetta efni og studdist einnig við vitneskju, sem hún hafði fengið um framkvæmd laganna í Danmörku. Frv. það, sem nefndin undirbjó, var svo lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Er það nú lagt fram á ný lítið eitt breytt.

Hér er um nokkurt nýmæli að ræða í löggjöf, en þó um málefni, sem konur landsins hafa haft mikinn áhuga fyrir árum saman og hafa reynt að koma í framkvæmd á ýmsum stöðum. Frumv. felur í sér heimild til sveitarstjórna (þ. e. bæjarstjórna og hreppsnefnda) og sýslunefnda til þess að koma á fót og starfrækja hjálparstarfsemi, sem er í því fólgin, að þessir aðilar hafi á sínum vegum konur, er séu til þess ráðnar að fara heim á heimilin og taka að sér störf húsmóðurinnar, þegar hún forfallast vegna veikinda eða sængurlegu.

Sjúkdómslegur skapa ætíð mikla erfiðleika á heimilum, en þó mesta erfiðleika þegar það er húsmóðirin sjálf, sem getur ekki sinnt sínum daglegu störfum. Þegar svo ber undir kemst heimilislífið allt á ringulreið, ef enginn er til þess að taka við þessum störfum. Flest heimili eru svo mannfá, að ekki er öðrum til að dreifa, ef húsmóðurinnar missir við, og oft neyðist hún til að vera á fótum sjúk, vegna þess að hún finnur, að störf hennar mega aldrei niður falla. Stundum verður maðurinn að fara frá störfum sínum utan heimilisins til þess að sinna heimili og börnum, þegar konan er veik, og ekki mun það óalgengt, að leysa verði upp heimili og koma börnum fyrir á barnaheimilum eða annars staðar, þegar svo ber við.

Með frv. þessu er ætlazt til, að aðstoð sé veitt í þeim erfiðleikum heimilanna, sem skapast þegar húsmóðirin getur ekki vegna veikinda unnið dagleg störf sín. Þegar kona, sem kann sitt verk, kemur heim á heimilið undir slíkum kringumstæðum, er miklum áhyggjum létt af húsmóðurinni, maðurinn fer til vinnu sinnar svo sem venja er og börnin eru kyrr heima á heimilinu. Í stuttu máli: heimilislífið er í sínum venjulegu skorðum þrátt fyrir veikindi húsmóðurinnar.

Gert er ráð fyrir því, að konum, sem taka vilja þennan starfa að sér, sé veittur til þess sérstakur undirbúningur, einkum í meðferð barna og algengri matargerð, sem tíðkast á alþýðuheimilum. Ætlazt er til, að námstíminn sé stuttur, enda má gera ráð fyrir, að til þessa starfa veljist einkum þroskaðar konur. Gætu af þessu skapazt nokkrir atvinnumöguleikar fyrir konur, sem einkum hafa um ævina unnið að heimilisstörfum, en þurfa síðar að leita sér atvinnu.

Ætlazt er til þess, að það sé aðalreglan, að þeir, sem hjálpina þiggja, greiði fyrir hana samkvæmt sérstakri gjaldskrá, en hins vegar hafi sveitarfélögin heimild til þess að gefa þessi gjöld eftir að nokkru eða öllu, þar sem ástæður mæla með því. Með þessu móti mundu fátæk heimili fá hjálpina fyrir væga borgun eða ókeypis, en hin efnameiri mundu greiða fyrir hana. Ríkissjóður greiði svo ⅓ hluta þess rekstrarhalla, sem þessu fylgir, og sveitarsjóðir ⅔ hluta. Lagt er til, að einstök atriði um framkvæmd laganna verði ákveðin með reglugerðum.

Nd. 42. Frumvarp til laga [38. mál]

um hámark húsaleigu o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði í húsum, er húseigandi býr sjálfur í, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði, og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um hámark húsaleigu o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Félagsmálaráðuneytinu hefur borizt einróma áskorun frá bæjarstjórn Reykjavíkur um, að sett verði ákvæði um hámark húsaleigu og ákvæði, er tryggi forgangsrétt bæjarmanna að leiguhúsnæði í bænum, að því er tekur til leiguhúsnæðis í húsum þar, sem eigandi býr sjálfur, en ákvæði þau um þetta efni, sem í gildi hafa verið til þessa, falla úr gildi hinn 14. maí 1951.

Félagsmálaráðherra hefur tjáð oss, að nauðsyn sé á að verða við áskorun þessari.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, teljum vér rétt að gefa út svo hljóðandi bráðabirgðalög um hámark húsaleigu o. fl.:

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði í húsum, er húseigandi býr sjálfur í, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði, og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

4. gr.
Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

5. gr.
Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1951.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Gizur Bergsteinsson.**
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

Nd. 43. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
1. Á eftir B. 58 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Ingjaldssandsvegur: Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
2. B. 59 í sömu lagagr. orðist svo:
   Dýrafjarðarvegur: Frá Alviðruvör um Núp og Gemlufall inn fyrir Dýrafjarðarbotn, um Hvamm til Þingeyrar.
3. Á eftir B. 61 í sömu lagagr. komi nýr liður:
   Lokinhamravegur: Frá Rafnseyri að Lokinhömrum.
4. B. 62 í sömu lagagr. (Ketilseyrarvegur) falli niður.

Nd. 44. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
1. Á eftir B. 25 í 2. gr. laganna koma 2 nýir liðir:
   a. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár um Jörfa að Hítarnesi, Krossholti og Snorrastöðum.
   b. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóruþúfu um Litluþúfu að Miklaholti og Ytra- og Syðra-Skógarnesi.
2. B. 26 í sömu gr. orðist þannig:
   Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi við Gerðubergslæk í Eyjahreppi um Hrossholt og Kolviðarneslaug að Kolviðarnesi.
3. Á eftir B. 27 í sömu gr. komi 4 nýir liðir:
   a. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt, Stakkhamar og Mel að Krossum.
   b. *Slitandastaðavegur:* Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli og Slitandastöðum.

c. *Staðastaðarvegur:* Af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
d. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi að Hraunsmúla, Lýsudal og Lýðuhóli.

4. Á eftir B. 28 í sömu gr. koma 3 nýir liðir:
a. *Arnarstapavegur:* Af Útnesvegi að Arnarstapa.
b. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
c. *Öndverðarnesvegur:* Af Útnesvegi að Öndverðarnesi.

5. B. 29 í sömu gr. orðist þannig:
Búðavegur: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Fram-Búða.

6. Á eftir B. 30 í sömu gr. kemur nýr liður:
Rifsvegur: Af Hellissandsvegi að Rifi.

7. Á eftir B. 31 í sömu gr. kemur nýr liður:
Framsveitarvegur: Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði um Hjarðarból og Hallbjarnareyri að Setbergi og á Eyrarsveitarveg við Vindás.

8. Á eftir B. 32 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
a. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi austan Hraunsfjarðar að Seljum og Bjarnarhöfn.
b. *Helgafellsvegur:* Af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.

Nd. 45. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir C. 41 í 2. gr. laganna komi:
Sandsvegur: Af Kópaskers- og Raufarhafnarvegi nálægt Skinnastöðum um Sandárbrú og Sandsbæi.

2. Á eftir C. 44 í sömu grein komi:
Eiðisbraut: Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði.

Nd. 46. Frumvarp til laga [39. mál]

um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og endurlána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43 frá 1951 var ríkisstjórninni veitt heimild til 15 millj. kr. lántöku til framkvæmda í þágu landbúnaðarins.

Í samræmi við þessa heimild hefur ríkisstjórnin nú að undanförnu staðið í samningum við Alþjóðabankann í Washington um lán úr bankanum í þessu skyni.

Er samningum nú að mestu lokið, og má gera ráð fyrir, að lánsupphæðin verði um 17—18 millj. króna, en til þess að hafa lánsheimildina nægilega rúma er hér farið fram á, að hún verði allt að 20 millj. króna. Af formsástæðum er æskilegt, að lánsheimildin sé í sérstökum lögum, og verður þá að sjálfsögðu eigi notuð heimildin í lögum nr. 43 frá 1951.

Nd. 47. Frumvarp til laga [40. mál]

um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri og endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur nú að undanförnu átt í samningum við Alþjóðabankann í Washington um lán til þess að greiða kostnað í Evrópugjaldeyri við byggingu áburðarverksmiðjunnar. Er þessum samningum nú að verða lokið, og má gera ráð fyrir, að lánsupphæðin jafngildi 15—16 millj. íslenzkra króna.

Nd. 48. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast þrír stafliðir, svo hljóðandi:

a. Liðurinn D. 20 í 2. gr. laganna orðist svo:
Mjóafjarðarvegur: Af Fljótsdalshéraði um Eyvindardal, Slenjudal, Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Hofi.

b. Á eftir D. 21 í sömu gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Kolfreyjustaðarvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi um Kolfreyjustað að Vattarnesi.

c. Á eftir D. 24 í sömu gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Suðurbæjavegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal hjá Breiðdalsbrú að Flögu.

Ed. 49. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast þrír stafliðir, svo hljóðandi:

a. Liðurinn D. 20 í 2. gr. laganna orðist svo:
Mjóafjarðarvegur: Af Fljótsdalshéraði um Eyvindardal, Slenjudal, Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Hofi.

b. Á eftir D. 21 í sömu gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Kolfreyjustaðarvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi um Kolfreyjustað að Vattarnesi.

c. Á eftir D. 24 í sömu gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Suðurbæjavegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal hjá Breiðdalsbrú að Flögu.

Nd. 50. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina koma 4 liðir:

1. Á eftir B. 33 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Sauðafellsvegur: Af Vesturlandsvegi að Sauðafelli.
2. B. 34 í sömu lagagr. orðast þannig:
Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála og áfram að Skarði og Krossi.
3. Á eftir B. 37 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
Hvammsvegur: Af Klofningsvegi norðan Hvammsár að Hvammi.
4. Fyrir orðin „að Þverfelli“ í B. 39 í sömu lagagr. kemur: og Þverfell að Hvammsdal.

Nd. 51. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, er úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna hinna stórfelldu breytinga, sem orðið hafa í viðskipta- og fjárhagsmálefnum landsins síðan lög um Landsbanka Íslands voru sett árið 1928, þyki nauðsyn bera til þess að fella niður til bráðabirgða 20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, enda verða um þau málefni, er áminnzt lagagrein fjallar um, sett ákvæði, er lokið er þeirri heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni, er nú stendur yfir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

20. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, er úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1951.

Steingrímur Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Gizur Bergsteinsson.**
(L. S.)

Björn Ólafsson.

Nd. 52. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á lögum nr. 97 12. desember 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í stað „25000“ í 1. gr. laganna komi: 30000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Happdrætti Háskóla Íslands hefur frá upphafi haft til sölu 25000 hlutamiða, sem eru seldir ýmist sem heilir, hálfir eða fjórðungshlutir. Sala hlutanna hefur aukizt ár frá ári, þangað til hún var orðin 93—94% af þeim hlutum, sem eru á boðstólum, en verið nokkuð jöfn síðustu 5 árin. Óseldir eru eingöngu fjórðungshlutir, dreifðir milli margra umboða og ósamstæðir, þ. e. sumir fjórðungar hlutarins seldir, aðrir óseldir. Hins vegar eru heilu og hálfu hlutirnir uppgengnir fyrir

löngu, og hefur verið talsverð eftirspurn eftir þeim í mörg ár, sem ekki hefur verið unnt að fullnægja. Með því að fjölga heilum og hálfum hlutum mætti takast að auka veltu happdrættisins að nokkrum mun.

Forráðamenn háskólans telja einsætt að hagnýta sem bezt alla þá tekjuvon, er einkaréttur til peningahappdrættisins veitir honum. Verkefni eru mörg framundan, óleyst og aðkallandi: lagfæring og girðing háskólalóðarinnar, því að það, sem framkvæmt hefur verið síðastliðin 3 sumur, er mestallt í skuld, enn fremur að byggja yfir náttúrugripasafnið, sem þolir litla bið. Happdrættið hefur nokkrum sinnum fengið leyfi til þess að hækka verð hlutanna og auka veltu sína til samræmis við hækkað verðlag, en sú aukning hefur jafnan verið eftir á og aldrei til fulls samræmis við verðlagið, og eftir skamma stund hefur það svo verið komið langt á undan á nýjan leik. Þetta er að vísu eðlilegt, og hlýtur svo að vera, því að þess verður jafnan að gæta, að hækkunin verði ekki það frekleg, að afturkippur komi í söluna. Á hinn bóginn hafa allar þær framkvæmdir, sem happdrættinu er ætlað að stunda undir (byggingarkostnaður) hækkað meira en meðalhækkun verðlags og kaupgjalds nemur. Eru tekjur þær, sem happdrættið hefur nú, ekki cins notadrjúgar til þeirra hluta og tekjur þess fyrir ófriðinn, enda þótt talsvert fleiri hlutir séu nú seldir heldur en þá.

Með skírskotun til framanritaðs leyfir háskólinn sér að fara fram á heimild til þess að fjölga happdrættishlutunum úr 25000 í 30000, sem að mestu leyti yrðu í heilum og hálfum hlutum. Jafnframt yrði vinningum fjölgað um 2500, svo að þeir yrðu samtals 10000 á ári, eða 1 vinningur á móti hverjum 3 hlutum."

Nd. 53. Frumvarp til laga [43. mál]

um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árunum 1952—1955 tryggja sölu á skuldabréfum, er byggingarsjóður verkamanna gefur út samkvæmt 3. gr. laga nr. 44/1946, þannig að upphæð sú, sem sjóðurinn hefur til útlána á nefndum árum, verði 25 millj. kr. árlega, að meðtöldum þeim tekjum, sem hann hefur samkvæmt sömu grein nefndra laga. Í þessu skyni skulu m. a. gerðar ráðstafanir þær, sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt. Er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að nefndum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa á árunum 1952—1955, til kaupa á skuldabréfum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar ná þó ekki til banka né annarra peningastofnana.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samkomulags um það við banka og aðrar peningastofnanir, að þeir kaupi skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir ákveðinn hluta þess fjár, sem þeir verja til útlána.

4. gr.

Ríkissjóður kaupir skuldabréf þau, sem um ræðir í 1. gr., fyrir 4.5 millj. kr. árlega á árunum 1952—1955.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginefni þessa frv. er að tryggja byggingu verkamannabústaða eins konar forgangsrétt að því fé, sem opinberar stofnanir, sjóðir og tryggingarfélög, sem samkvæmt eðli starfsemi sinnar kaupa árlega nokkuð af verðbréfum, ráðstafa til útlána á næstu fjórum árum. Á þetta við um t. d. Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóð barnakennara, Íslenzka endurtryggingu, Brunabótafélag Íslands, Sjóvátryggingarfélag Íslands, Almennar tryggingar og Samvinnutryggingar. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin leiti samkomulags við banka, sparisjóði og slíkar peningastofnanir um að tryggja þessum framkvæmdum ákveðinn hluta af því fé, sem þær verja til útlána. Ríkissjóður skal og kaupa umrædd skuldabréf fyrir 4.5 millj. kr. árlega, og verður það ekki talið óeðlilegt, ef höfð er hliðsjón af þeim reglum, sem nú eru í lögum um fjárútvegun til byggingarsjóðs sveita.

Á Alþingi 1949 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins í neðri deild frv., sem var í meginatriðum á sömu lund og þetta frv. Var þar gert ráð fyrir því, að á árunum 1950—53 yrðu byggðir 200 nýir verkamannabústaðir á ári. Miðað við byggingarkostnað, eins og hann var þá, hefðu sjóðnum nægt 14 millj. kr. tekjur árlega til þess að byggja 200 70 fermetra íbúðir á ári, ef kaupendur hefðu greitt 30% byggingarkostnaðar. Þar eð árlegar nettótekjur byggingarsjóðsins eru um 2.5 millj. kr., hefði sala á skuldabréfum fyrir 11.5 millj. kr. árlega getað gert sjóðnum kleift að annast ofannefndar framkvæmdir. Enginn vafi er á því, að með reglum þeim, sem gert var ráð fyrir í frv., hefði verið hægt að tryggja sölu þessa verðbréfamagns, enda voru lánveitingar stofnana þeirra og sjóða, sem frv. tekur til, á næstliðnu ári, áður en frv. var flutt, um 36 millj. kr.

Því miður náði frv. þetta ekki fram að ganga, og hefur síðan ekkert stórt átak verið gert til úrbóta í húsnæðismálunum. En drátturinn á nauðsynlegum aðgerðum á þessu sviði hefur orðið dýr, því að síðan hefur orðið gífurleg hækkun á byggingarkostnaði. 70 fermetra íbúðir, sem Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík hafði nýlokið við, er frv. var flutt, höfðu kostað um 108000 kr. 80 fermetra íbúðir, sem nú eru í smíðum, munu kosta um 160000 kr., en slíkar íbúðir mundu kosta um 200000 kr., ef byrjað væri á þeim nú. Gera má því ráð fyrir, að til þess að geta lánað til byggingar 200 íbúða á ári, 70—80 fermetra, þyrfti byggingarsjóðurinn að hafa til umráða um 25 millj. kr. árlega. Tekjur þær, sem sjóðurinn hefur nú og hann getur varið til útlána, eru um 2.5 millj. kr., svo að hann þarf að geta selt skuldabréf fyrir um 22.5 millj. kr. á ári í næstu fjögur ár, til þess að af þeim framkvæmdum geti orðið, sem ráð er fyrir gert í frv. Heildarfjárfesting þjóðarinnar á þessu ári er áætluð tæpar 600 millj. kr. Til íbúðarhúsabygginga er áætlað að verja 85 millj. kr., þar af um 60 millj. kr. til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar það er haft í huga, að verkamannabústaðirnir hafa verið langhagkvæmustu byggingarnar, sem byggðar hafa verið undanfarin ár, væri að því beinn þjóðhagslegur sparnaður að tryggja þeim forgangsrétt að því fé, sem hvort eð er verður varið til bygginga á einn eða annan hátt, og því viðbótarfé, sem nauðsynlegt er að verja til íbúðabygginga. Byggingar þær, sem Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík hefur nú í smíðum, eru 80 fermetrar og 356 rúmmetrar að stærð og hægt að bæta við síðar 2 herbergjum í kjallara og 2 í þaki. Þessar íbúðir munu þó ekki kosta meira en 160000 kr., en sams konar íbúðir hafa verið seldar á 220—230 þús. kr. á frjálsum markaði. Mánaðarleiga í íbúðum þessum verður um 500 kr. Byggingarfélagið í Reykjavík hefur fengið fjárfestingarleyfi fyrir 20 íbúðum, en fé skortir til framkvæmdanna. Af skuldabréfaláni því, sem boðið var út 1948, að upphæð 5 millj. kr., hafa aðeins selzt bréf fyrir 2.3 millj. kr., og eins og ástandið er nú á lánsfjármarkaðnum er ógerningur að selja slík skuldabréf.

Úr þessum fjárskorti byggingarsjóðsins verður að bæta. Húsnæðisástandið t. d. í Reykjavík er enn, að loknu mesta góðæri í sögu þjóðarinnar, svo ömurlegt, að telja

verður það smánarblett á þjóðfélaginu. Árið 1946 voru 1884 kjallaraíbúðir í Reykjavík, og í þeim bjuggu 6089 manns. 2037 manns bjó í kjallaraíbúðum, sem taldar voru lélegar, 411 í íbúðum, sem taldar voru mjög lélegar og 260 í óhæfum íbúðum. Flestar þessara íbúða munu enn vera í notkun. Og íbúum herskálanna hefur lítið fækkað á undanförnum árum. Í árslok 1948 bjuggu 2158 manns í bröggum, þar af 869 börn, og í árslok 1949 2170 manns, þar af 924 börn. Samkvæmt athugun, sem gerð var á fyrri hluta þessa árs, kom í ljós, að íbúar herskálanna voru 1709, þar af 774 börn innan 16 ára aldurs. Í mörgum öðrum kaupstöðum og kauptúnum landsins er ástandið sízt betra.

Við svo búið má ekki lengur standa. Hefjast verður handa um stórfellt átak til þess að þvo þennan smánarblett af íslenzku þjóðlífi. Reynslan hefur sýnt, að bygging verkamannabústaða er bezta og hentugasta leiðin til þess að bæta úr húsnæðisskorti. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að byggðir verði 200 nýir verkamannabústaðir á ári í næstu fjögur ár, og bent á leið, sem fara má til þess að það verði kleift.

Nd. 54. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. A. 40 í 2. gr. laganna orðist svo:
   Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
2. Á eftir A. 40 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Mýrdalssandsvegur syðri: Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand að Hraunbæ í Álftaveri.
3. A. 41 í sömu gr. orðist svo:
   Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur að Mýrum og Jórvík í Álftaveri.
4. Á eftir A. 43 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti á Síðu.
5. Á eftir A. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu, um Brunasand sunnan hraunsins að Teygingalæk.

Nd. 55. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýir liðir:

1. Aftan við C. 7 í 2. gr. laganna á eftir orðunum „brú à Vatnsdalsá“ bætist: og þaðan á Norðurlandsveg hjá Aralæk.
2. Á eftir C. 9 í sömu lagagrein komi nýr liður, þannig:
   Svínadalsvegur: Frá Reykjabraut við Svínavatn að Rútsstöðum með hliðarálmu um Auðkúlu á Svínvetningabraut í Stóradalsflóa.

3. Í stað orðanna „til Hafna“ í C. 10 í sömu lagagrein komi: um Hafnir að Ásbúðum.
4. Á eftir C. 10 í sömu lagagrein komi nýir liðir, þannig:
   a. *Flugvallarbraut:* Af Norðurlandsvegi utan Kringlu að flugvellinum við Húnavatn.
   b. *Svartárdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi við Hliðarárbrú fram Svartárdal að Fossum.

Ed. 56. Frumvarp til laga [44. mál]

um aukaframlög til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á árinu 1952 greiða byggingarsjóði samkvæmt I. kafla laga nr. 44 1946 sem óafturkræft framlag 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 eða úr mótvirðissjóði.

2. gr.

Lögboðin framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til byggingarsjóðs skulu á árinu 1952 greiðast með 100% álagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um verkamannabústaði voru sett árið 1931, en hafa síðan með nokkrum breytingum verið felld inn í almenna löggjöf frá 1946 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Samkvæmt þessum lögum greiðir hlutaðeigandi bæjar- og hreppssjóður, þar sem starfrækt er deild úr byggingarsjóði, árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, en ríkissjóður leggur jafna upphæð á móti og 150 þús. krónur að auki. Auk þess er byggingarsjóði heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, ef fáanleg eru.

Samkvæmt lögunum um verkamannabústaði var talsvert byggt fyrir styrjöldina, einkum í Reykjavík. Þessari starfsemi var og haldið nokkuð áfram framan af styrjöldinni og eftir hana. En því miður var aðeins hverfandi litlu af því fjármagni, sem myndaðist í styrjöldinni, varið til þessarar starfsemi, enda þótt miklu af því væri varið til annarra íbúðabygginga, og þá að miklu leyti til íbúða, sem ekki eru miðaðar við þarfir verkamanna eða annarra lágtekjumanna. Stærsta átakið, sem gert hefur verið í byggingamálum verkamanna eftir stríðið, var gert í sambandi við setningu laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. árið 1950. Var byggingarsjóði þá fenginn hluti af gengishagnaði bankanna, er síðar verður endurgreiddur af stóreignaskatti. Af þeim ástæðum var hægt að veita talsvert af lánum til verkamannabústaða á árinu sem leið, en nú er þetta fé þrotið, og er þá óhjákvæmilegt að sjá byggingarsjóðnum fyrir nýju fjármagni, a. m. k. til bráðabirgða, en í þeim tilgangi er þetta frumvarp flutt.

Fjármálaráðherra hefur nýlega skýrt Alþingi svo frá, að nokkur greiðsluafgangur muni verða hjá ríkissjóði á árinu 1951, þótt enn sé ekki vitað, hve mikill sá afgangur verður. Má telja æskilegt, að hluta af þeim afgangi verði varið til að efla starfsemi byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna, og er hér gert ráð fyrir 10 millj. kr., en rétt þykir að heimila ríkisstjórninni að leggja þessa upphæð fram úr mótvirðissjóði, ef það þykir hentugra. Jafnframt er lagt til, að framlög bæjar- og hreppsfélaga og ríkissjóðs verði á næsta ári hækkuð um helming til bráðabirgða, á

meðan frekari athuganir fara fram á þessu máli. Mundi sjóðurinn með þessu fá nokkurt viðbótarfjármagn á árinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nú er mjög örðugt að fá lán til íbúðarhúsabygginga, og þau lán, sem fást, eru oftast með mjög óhagstæðum kjörum. Kemur þetta hart niður á allri byggingarstarfsemi og skapar þó einkum erfiðleika fyrir þá, sem efnalitlir eru, en nauðsynlega þurfa að koma sér upp íbúðum. Er hér lagt til, að reynt verði að veita nokkra úrlausn í þessu máli til bráðabirgða, en með því fjármagni, sem hér er rætt um, ætti að mega byggja nokkuð af íbúðum með atbeina byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna á næsta ári.

Ed. 57. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. bætist nýr stafl.:
C. 30 (Laugalandsvegur) í 2. gr. laganna orðist svo:
Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi austan Eyjafjarðarár að Vatnsenda.

Nd. 58. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Framan við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir A. 11 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Reykjavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði heim að Reykjaskóla.
2. Aftan við A. 17 sömu gr. bætist: og frá Úlfljótsvatni fyrir neðan Hlíð að vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Alviðru.
3. Á eftir A. 20 í sömu gr. koma tveir nýir liðir:
   a. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi ofan Laxárbrúar um Birtingaholt að Auðsholti.
   b. *Unnarholtsvegur:* Af Auðsholtsvegi austan Unnarholtshverfis vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.

Ed. 59. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

2. gr.

22. gr. laganna orðist svo:
Eignarréttur að sömdu máli helzt alla ævi höfundar, þá maka hans, foreldra, barna og barnabarna. Að þessum aðilum látnum fellur eignarrétturinn til Háskóla Íslands.

Nú eru fleiri en einn höfundur að riti, án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og skal þá telja eignarheimild háskólans frá dauða þess aðila, sem lengst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefur verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið.

Tekjum þeim, sem Háskóla Íslands fær af eignarrétti þessum, skal varið til styrktar listum og vísindum í landinu samkvæmt reglum, er Háskóli Íslands semur og ráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum helzt eignarréttur að sömdu máli alla ævi höfundar og 50 ár eftir hann látinn. Eftir þann tíma er hverjum sem er heimilt að gefa út verk höfundar. Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum með frv. þessu, eru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi, að eignarréttur höfundar sé tryggður maka hans, foreldrum, börnum og barnabörnum, þótt liðin séu meira en 50 ár frá andláti höfundar, þar sem óeðlilegt er, að þessir aðilar missi réttinn eða tekjur af verkum höfundar, ef þeir eru þá enn á lífi. Í öðru lagi, að eignarrétturinn færist að þeim látnum yfir til Háskóla Íslands í stað þess að verða eign alls konar aðila, sem atvinnu hafa af að gefa út bækur eða sýna verk höfunda og greiða þá undir slíkum kringumstæðum engin höfundarlaun.

Tekjur þær, sem háskólinn hefði af þessu, þykir rétt að verði notaðar til eflingar listum og vísindum í landinu, eftir því sem háskólinn setur reglur um og ráðuneytið staðfestir.

Nd. 60. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. Á eftir B. 7 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Skorradalsvegur: Frá Háafelli um Fitjar að Efstabæ.
2. Á eftir B. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Svínadalsvegur: Frá þjóðveginum hjá Hóli, norðan Laxár, á þjóðveginn í Kornahlíð gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 14 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Mófellsstaðavegur:* Af þjóðveginum innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði að Andakílsárbrú við vatnsósinn.
   b. *Vatnshornsvegur:* Af þjóðveginum hjá Stóru-Drageyri um Haga og Vatnshorn að brúarstæði á Fitjaá gegnt Bakkakoti.
   c. *Skálpastaðavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði að Grímsárbrú hjá Oddsstöðum.
   d. *Árbakkavegur:* Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Hvítárbakka að Árbakka.
   e. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja upp Flókadal um Skóga að Brennistöðum.
   f. *Reykdælavegur:* Af þjóðveginum hjá Kleppjárnsreykjum um Steindórsstaði að Auðsstöðum og þaðan á Hálsasveitarveg.

Nd. 61. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Framan við 1. gr. frv. koma nýir töluliðir:

1. Fyrir orðið „Gufár“ í B. 15 í 2. gr. laganna komi: Gljúfurár.
2. Á eftir B. 15 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Ferjubakkavegur: Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum um Ölvaldsstaði og Ferjubakka á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
3. B. 18 í sömu lagagr. orðist svo:
   Flóðatangavegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
4. B. 19 í sömu lagagr. orðist svo:
   Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Högnastöðum, um Kvíar að Hermundarstöðum.
5. B. 20 í sömu lagagr. orðist svo:
   Kleifavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar og Norðtungu á Þverárhlíðarveg hjá Högnastöðum.
6. Aftan við B. 21 í sömu lagagr. bætist: og frá væntanlegri brú hjá Bjarnastöðum um Hvítársíðukrók, um Kalmanstungu, á Borgarfjarðarbraut.
7. B. 22 í sömu lagagr. orðist svo:
   Álftaneshreppsvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
8. Á eftir sama lið laganna bætist nýr liður:
   Grímsstaðavegur: Frá Urriðaárbrú efri um Grímsstaði að Syðri-Hraundal.
9. B. 23 í sömu lagagr. orðist svo:
   Hraunhreppsvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.

Sþ. 62. Fyrirspurn [46. mál]

til landbúnaðarráðherra um mæðiveikivarnir.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Ingólfi Jónssyni.

Telur ríkisstjórnin ekki ástæðu til að leita til heilbrigðis- og landbúnaðarstofnana Sameinuðu þjóðanna um sérfræðilega aðstoð í baráttunni við sauðfjársjúkdómana?

Ed. 63. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Á eftir C. 31 komi nýr töluliður:
   Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi ofan við Geldingsárbrú að Svalbarðseyri.

2. Á eftir C. 32 komi tveir nýir töluliðir:
   a. *Kljástrandarvegur:* Af Fnjóskadalsvegi utan við Gljúfurá að Höfða á Kljáströnd.
   b. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Reykjum.
3. Á eftir C. 33 komi nýr töluliður:
   Útkinnarvegur: Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
4. C. 37 orðist svo:
   Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, austan Skjálfandafljóts að Bjarnastöðum.
5. Á eftir C. 38 komi nýr töluliður:
   Mývatnssveitarvegur nyrðri: Af Mývatnssveitarvegi hjá Arnarvatni, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.

Nd. 64. Frumvarp til laga [47. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Flm.: Emil Jónsson.

I. KAFLI
Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfsemi, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, rekið af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með rekstrinum, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfsemi sína áður en liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynn-

ingunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður. Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættuleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum laga þessara, má skjóta ágreiningnum til öryggisráðs, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu þeir lagfæra þá galla, sem á kunna að verða, í samráði við yfirmann sinn, ef unnt er.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 45. gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um

takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, er máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast. Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una úrskurði öryggismálastjóra, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Um verksmiðjur, verkstæði, verzlunarstaði og skrifstofur gilda eftirfarandi ákvæði, enda séu þessi fyrirtæki rekin að staðaldri á sama stað:

1. *Lofthæð.* Þar, sem unnið er, skal eigi vera lægra undir loft en 2.5 m, en sé hiti mikill, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, sem eigi er hægt að fjarlægja, skal lofthæð vera a. m. k. 3 m.
2. *Loftrúm.* Við vinnu skal hver verkamaður hafa a. m. k. 15 m^3 loftrúm. Þó má minnka loftrúmið niður í 10 m^3 fyrir hvern verkamann, ef sérstök loftræsting er fyrir hendi, enda samþykki öryggismálastjóri það. En sé hins vegar óhjákvæmilega mikill hiti á vinnustaðnum, raki, ryk, reykur, óþefur, eitraðar gastegundir, sprengifimar gastegundir eða annað þess háttar, getur öryggismálastjóri krafizt þess, að loftrúmið sé aukið allt upp í 25 m^3. Þegar reiknað er út loftrúm, skal eigi taka tillit til hæðar, sem er yfir 4 m.
3. *Gólf.* Á vinnustað skulu gólfin vera úr því efni, er bezt hentar hverju sinni, og efnisvalið fara eftir vinnu þeirri, sem að er unnið.

4. *Þak, veggir og loft.* Á vinnustað skal þak, veggir og loft vera nægilega þétt og hlý. Málningu skal haldið vel við, þar sem málað er, en sé vinnustaðurinn kalkaður, skal kalka á hæfilegum fresti. Öryggismálastjóri getur bannað að nota veggfóður á loft og veggi, ef hann telur það óhentugt af heilbrigðis- eða hreinlætisástæðum.
5. *Lýsing.* Sérhver verkamaður skal hafa þá birtu við vinnu sína, er bezt hentar hverju sinni, svo að sjón hans sé ekki hætta búin.
6. *Ræsting.* Vinnustaðir skulu vera tilhlýðilega hreinsaðir.
7. *Hiti.* Upphitun skal vera nægileg á vinnustað og í matstofu að dómi trúnaðarmanns verkamanna og öryggismálastjóra, og fari eftir því, hver vinna er stunduð.
8. *Drykkjarvatn.* Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilegu og góðu drykkjarvatni, og skal svo vera um búið, að hægt sé að gæta nægilegs hreinlætis, þegar þess er neytt.
9. *Handþvottur og böð.* Á sérhverjum vinnustað skulu vera nægilega margar handlaugar eða annar hentugur útbúnaður með sápu eða öðru þvottaefni fyrir verkamenn til að þrífa sig. Skal handlaugum haldið tilhlýðilega hreinum. Handlaugarnar skulu vera í eða fast við búningsherbergi, ef það er fyrir hendi, en annars í vinnuherbergi. Telji öryggismálastjóri það nauðsynlegt af þrifnaðar- eða heilbrigðisástæðum, getur hann krafizt þess, að heitt vatn sé tiltækilegt til notkunar við þvottinn. Af sömu ástæðum getur hann krafizt þess, að sérstök bað- eða þvottaherbergi séu til afnota, og eru verkamenn þá skyldugir að nota þau.
10. *Búningsherbergi o. fl.* Þegar vinnu er þannig háttað, að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti áður en vinna hefst og að henni lokinni, skulu verkamenn hafa aðgang að búningsherbergi, er sé nálægt vinnustað þeirra og hæfilega útbúið, m. a. að því leyti, að hægt sé að geyma fatnaðinn, svo að vel fari. Eigi má geyma fatnaðinn þar, sem matazt er, nema öryggismálastjóri hafi gefið leyfi til þess, eigi heldur í vinnuherbergjum verkstæða og verksmiðja, nema í skápum, sem til þess eru sérstaklega gerðir. Hægt er að krefjast þess, að fatnaður sá, sem verkamenn nota við vinnu sína, sé geymdur annars staðar en fatnaður sá, sem þeir nota ekki við vinnu, enda sé vinnu þannig háttað, að eigi verði hjá því komizt, að vinnufatnaður óhreinkist verulega. Reiðhjól og önnur svipuð farartæki, sem verkamenn nota til og frá vinnu, skal vera hægt að geyma á tryggum og hagkvæmum stað, meðan á vinnu stendur. Frá þessu síðastnefnda ákvæði getur öryggismálastjóri þó gefið undanþágu þeim fyrirtækjum, sem tekin eru til starfa, er lög þessi öðlast gildi, enda sé það verulegum vandkvæðum bundið að koma slíku skýli fyrir.
11. *Vinnufatnaður o. fl.* Verkamenn skulu vera í vinnufötum, sem vel henta fyrir vinnuna. Sé af heilbrigðisástæðum nauðsynlegt að nota sérstök vinnuföt, má krefjast þess, að vinnuveitandinn láti þau í té og annist hreinsun þeirra. Verði ekki hjá því komizt að vinna í miklum hita eða raka, getur öryggismálastjóri lagt svo fyrir, að verkamönnum sé gefinn kostur á því að skipta um föt og fá fatnað sinn þurrkaðan. Kveða skal á um það í reglugerð, við hvaða störf ákvæði þessa töluliðs skuli gilda.
12. *Matstofa og dvalarstofa.* Verkamenn skulu, eftir því sem við verður komið, hafa aðgang að matstofu eða öðrum hentugum stað til að matast. Þar skal vera hægt að hita upp mat og drykk. (Sbr. enn fremur síðustu málsgr. 6. gr.).
13. *Salerni.* Hæfilega mörg salerni skulu vera til afnota fyrir verkamenn. Þau skulu vera nálægt vinnustað og tilhlýðilega frá þeim gengið. Þar sem 5 kvenmenn eða fleiri vinna að staðaldri, skal þeim ætlað sérstakt salerni.
14. *Stólar.* Þegar verkamönnum er ætlað að vinna sitjandi, skulu þeir hafa til afnota hentuga stóla.
15. *Loftræsting.* Á vinnustað skal andrúmsloftið endurnýjað nægilega og á þann

hátt, er bezt hentar viðkomandi starfrækslu. Þó skal þess gætt, að skaðlegur súgur sé ekki, þar sem unnið er.

16. *Reykur, gufa, eitraðar og sprengifimar gastegundir o. fl.* Gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, gufa, hitasvækja og óþefur, sem myndast í einstökum vinnustofum, skal leitt burt frá stað þeim, þar sem það myndast, eftir því sem frekast er unnt, en þess ætíð gætt, að það berist ekki í aðrar vinnustofur. Þar, sem ekki er hægt að komast hjá óhreinindum í andrúmsloftinu, sem hætta stafar af, skal verja verkamenn gegn áhrifum þeirra á viðeigandi hátt. Verkamenn skal verja eftir megni gegn áhrifum mikils hita.
17. *Skaðlegur raki.* Ef vinnuaðferðin hefur í för með sér, að hið venjulega rakastig loftsins breytist til muna, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn áhrifum rakans.
18. *Ryk.* Aðferðum við vinnuna skal eftir mætti hagað þannig, að ryk myndist ekki. Verði ekki hjá því komizt, að ryk berist í andrúmsloftið, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þess.
19. *Eitruð efni og önnur efni hættuleg heilsu manna.* Alls staðar þar, sem framleidd eru eitruð efni eða önnur efni, sem eru hættuleg heilsu manna, slík efni myndast, eru notuð, vegin, búið er um þau eða með þau farið á annan hátt, skulu gerðar ráðstafanir til verndar verkamönnum gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Sé þess nokkur kostur, skal nota miður hættuleg efni eða hættulaus efni í stað hinna hættulegu, enda hafi það ekki verulegt óhagræði í för með sér fyrir starfsemina. Í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð getur ráðherra bannað framleiðslu eða notkun sérstaklega hættulegra efna, eða sett þau skilyrði fyrir leyfi á notkun þeirra, að sérhvert ílát eða umbúðir, sem efnin eru í hrein eða blönduð öðrum efnum, beri þess greinileg merki.
20. *Smithætta.* Ef sérstök hætta er á, að verkamenn geti smitazt af sjúkdómum við vinnu sína, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að verja þá smitun.
21. *Hlífðarútbúnaður verkamanna o. fl.* Verkamönnum skal látinn í té sérstakur hlífðarútbúnaður, svo sem grímur, hanzkar, gleraugu, eyrnahlífar og öndunaráhöld, þeim til varnar gegn skaðlegum áhrifum, ef ekki er á annan hátt hægt að verja þá gegn þeim. Kostnaðinn af slíkum hlífðarútbúnaði ber vinnuveitandinn. Verkamönnum ber að nota þennan hlífðarútbúnað, þegar þeir eru við slíka vinnu.
22. *Náttból.* Ef vinnustaður er svo afskekktur, að örðugt sé fyrir verkamenn að útvega sér náttból, skal vinnuveitandi láta verkamönnum í té tilhlýðilegan og ef þörf krefur upphitaðan næturdvalarstað, þar sem karlar og konur geta dvalið hvort í sínu lagi.

13. gr.

Eigi vinnuveitandi að sjá verkamönnum fyrir húsnæði, skal það vera svo rúmgott, að hver verkamaður hafi eigi minna loftrými, þar sem sofið er, en 7 m^3. Hver verkamaður skal hafa hæfilega stórt hvílurúm fyrir sig. Konur skulu hafa svefnklefa sérgreinda frá svefnklefum karla.

Gera má rúmaraðir tvöfaldar, efri og neðri rúm, en þá má hæð undir loft hvergi vera minni en 2.65 m.

Verkamenn skulu hafa aðgang að nægilega rúmgóðu eldhúsi og hafa til umráða hentuga matargeymslu, enda sjái vinnuveitandi þeim eigi fyrir fæði. Þá skulu þeir og hafa aðgang að nægilega rúmgóðri borðstofu.

Að öðru leyti gilda ákvæði 12. gr. þessara laga um húsnæði verkamanna eftir því, sem við á og ráðherra ákveður í reglugerð í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð.

Sé vinna stunduð aðeins skamma hríð á sama stað, getur öryggismálastjóri gefið undanþágu frá einstökum ákvæðum þessarar greinar.

14. gr.

Ef vinna fer fram að nokkru eða öllu leyti undir berum himni, í opnum skúrum, undir hlífðarþaki eða á annan svipaðan hátt, gilda ákvæði 12. gr. þessara laga að svo miklu leyti, sem við getur átt.

15. gr.

Um starfsemi, sem ákvæði 12. gr. þessara laga ná ekki til, t. d. byggingarvinnu, fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga, matsölustaði, gistihús, skemmtistaði, landbúnað og garðyrkju, ákveður ráðherra samkvæmt tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að hve miklu leyti ákvæði 12. gr. skuli ná til slíkrar starfsemi.

Rísi ágreiningur um það, hvort einhver starfsemi falli undir ákvæði 12. gr. eða þessarar greinar, sker öryggisráð úr ágreiningnum.

IV. KAFLI

Ráðstafanir til að verjast slysum.

16. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar, sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar, sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

17. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

18. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

19. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

20. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

21. gr.

Frá öllum drifbúnaði skal tryggilega gengið og settar um hann hlífar allt eftir nánari fyrirmælum öryggismálastjóra.

22. gr.

Frá vinnuvélum skal þannig gengið, að hægt sé að stöðva þær fljótt og hættulaust frá vinnustað, enda telji öryggiseftirlitið þá varúðarráðstöfun ekki ónauðsynlega.

Ef vinnuvél er reimknúin frá hreyfli eða drifás og ekki er hægt að ræsa, þegar vinnuvélin er í tengslum, skal vera þannig frá henni gengið, að hún verði á öruggan hátt tekin úr tengslum með búnaði, er öryggismálastjóri samþykkir.

23. gr.

Ílát með gufu eða öðrum gastegundum, sem eru með yfirþrýstingi, skulu vera nægilega sterk og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að sem minnst hætta stafi af þeim. Sérstaklega skal þess gætt, að þrýstingsaukning í þeim hafi ekki verulega aukna hættu í för með sér.

24. gr.

Gæzlu gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufuketils með hitafleti, sem er 30 m² eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til öryggisráðs.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggisráðs og öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr.

Ker og önnur ílát, sem soðið er í eða brætt, svo og ílát með ætandi efnum eða öðrum hættulegum efnum, skulu vera þannig útbúin og þannig frá þeim gengið, að hættan af þeim sé svo lítil sem verða má.

26. gr.

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Um fermingu og affermingu skipa gilda eftirfarandi sérstök ákvæði: Á flutningsstykki, sem eru 1000 kg að þyngd með umbúðum eða meira og fermd eru í íslenzkri höfn, skal þunginn vera greinilega merktur og þannig, að merkingin máist ekki brátt af. Sé ómögulegt eða illgerlegt að ákveða þungann nákvæmlega, getur öryggiseftirlitið leyft, að ágizkaður þunginn sé merktur á umbúðirnar. Að öðru leyti setur ráðherra reglur um fermingu og affermingu skipa í samræmi við ákvæði þessara laga.

27. gr.

Sé hætta á falli húsa, reykháfa, brúa, geyma eða annarra mannvirkja, falli eða skriðufalli moldarbakka, sands, malar, vörustafla eða annars þess háttar, skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á slysum á mönnum.

Þegar unnið er í brunnum, námum, gryfjum, kötlum, geymum eða öðru þess háttar, sömuleiðis þegar unnið er með eitruð efni, sprengifim efni eða efni, sem eru hættuleg á annan hátt, skal gera nægilegar öryggisráðstafanir, svo að eigi sé hætta á, að menn kafni, eitrist, verði fyrir slysi af völdum sprengingar eða slasist á annan hátt.

28. gr.

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað þann, sem nefndur er í 21. tölulið 12. greinar.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

29. gr.

Komi fyrir slys á vinnustað, svo að dauði verkamanns hljótist af, eða verði verkamaður fyrir slysi, sem er þess eðlis, að gera megi ráð fyrir að dómi læknis, að almannatryggingarnar verði bótaskyldar, skal vinnuveitandi tilkynna það öryggiseftirlitinu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum. Öryggiseftirlitið skal láta framkvæma rannsókn á orsökum slyssins.

Verði verkamaður veikur af sjúkdómi, sem stafar af atvinnu hans, skal tilkynna það á sama hátt og þegar um slys er að ræða (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).

30. gr.

Hafi læknir verkamann til lækninga, sem þjáist af atvinnusjúkdómi (sbr. 49. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar), skal læknirinn tilkynna sjúklinginn og sjúkdóminn til héraðslæknis, er síðan tilkynnir það öryggiseftirlitinu.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð nánari reglur um ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar. Þar getur hann og ákveðið, að tilkynningarskyldan nái til fleiri sjúkdóma en þeirra, er 1. málsgr. þessarar greinar nær til, enda geti þeir stafað af aðbúnaði á vinnustað eða öðru, er vinnuna snertir.

V. KAFLI

Lágmarkshvíldartími verkamanna o. fl.

31. gr.

Vinnu skal þannig hagað, að sérhver verkamaður geti notið samfelldrar hvíldar frá vinnu sinni, er eigi sé skemmri en 8 klst. á sólarhring.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar ná þó eigi til:

1. hvers konar björgunarstarfs;
2. björgunar hvers konar framleiðslu frá skemmdum;
3. annars konar vinnu, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantekningarákvæði 2. málsgr. þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið samanlagðs lágmarkshvíldartíma á þrem sólarhringum.

32. gr.

Bifreiðarstjórar, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnendur þeirra véla, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, skulu ekki hafa lengri vinnutíma en 12 klst. á sólarhring.

33. gr.

Meðan vinna stendur yfir skulu verkamenn fá hæfilega langa hvíldartíma með hæfilegu millibili. Getur ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð gefið út nánari reglur um ákvæði þessarar greinar.

VI. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd laganna.

34. gr.

Eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur sérstakt öryggiseftirlit, sem stjórnað er af öryggismálastjóra. Ráðherra skipar öryggismálastjóra og fasta starfsmenn öryggiseftirlitsins.

Ráðherra setur öryggiseftirlitinu starfsreglur í samráði við öryggisráð.

35. gr.

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 37. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Trúnaðarlæknir öryggiseftirlitsins er kennari við Háskóla Íslands í heilsufræði.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

36. gr.

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmaður skulu vera véla- eða efnafræðingar, en skoðunarmenn skulu færa sönnur á, að þeir hafi nægilega þekkingu að dómi öryggismálastjóra og öryggisráðs.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar koma þó ekki til framkvæmda að því er snertir núverandi starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins.

Aðalmenn og varamenn öryggisráðs geta ekki jafnframt verið starfsmenn öryggiseftirlitsins.

37. gr.

Ráðherra skiptir landinu í eftirlitsumdæmi í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð og skipar skoðunarmenn í hvert þeirra. Umdæmisskoðunarmenn eru umboðsmenn öryggiseftirlitsins hver í sínu umdæmi, og framkvæma þeir vandaminni skoðanir undir eftirliti öryggiseftirlitsmanna og öryggismálastjóra.

38. gr.

Þar sem slysahætta er mikil eða vinna þess eðlis, að sérstök hætta er á, að verkamenn bíði tjón á heilsu sinni, skal starfsemin skoðuð reglulega samkvæmt nánari ákvörðun öryggismálastjóra og öryggisráðs. Önnur starfsemi skal skoðuð, þegar öryggiseftirlitið álítur þess þörf eða ef sérstakt tilefni er til, t. d. vegna breytinga, slysa, er orðið hafa, eða samkvæmt beiðni. Öll stærri fyrirtæki skulu þó skoðuð a. m. k. einu sinni á ári.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu fylgjast með því eftir föngum, að lög þessi séu haldin, en jafnframt skulu þeir beita áhrifum sínum í þá átt, að samvinna takist milli vinnuveitenda, verkstjóra og verkamanna til eflingar aukinnar varkárni sérhvers verkamanns, að öryggisútbúnaður og aðrar ráðstafanir til aukins öryggis komi að sem beztu gagni og að umbætur verði gerðar á öryggisútbúnaði. Verkamönnum og trúnaðarmönnum þeirra er heimilt að bera fram kvartanir við öryggiseftirlitið og gera tillögur til umbóta á öryggisútbúnaði. Sé trúnaðarmönnum verkamanna kunnugt um, að eigi sé farið eftir ákvæðum laga þessara, er þeim skylt að tilkynna það öryggiseftirlitinu. Með allar slíkar umkvartanir eða tilkynningar skal fara sem trúnaðarmál.

39. gr.

Öryggiseftirlitið skal beita sér fyrir rannsóknum á útbreiðslu atvinnusjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.

Trúnaðarlæknir er öryggiseftirlitinu til aðstoðar í öllum þeim málum, sem snert geta heilbrigði verkamanna, og leita skal álits hans áður en læknisskoðun er fyrirskipuð samkv. 9. gr. þessara laga.

Ráðherra setur, í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð, nánari reglur um starfssvið trúnaðarlæknisins.

40. gr.

Öllum starfsmönnum öryggiseftirlitsins skal hvenær sólarhrings sem er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, enda geri þeir vinnu-

veitanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af vinnuveitanda og sérhverjum verkamanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er og heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt þessum lögum.

Starfsmenn öryggiseftirlitsins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að verða nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, verkamenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

41. gr.

Ef öryggiseftirlitið hefur krafizt þess með hæfilegum fyrirvara af einhverju fyrirtæki, að öryggisútbúnaður verði lagfærður eða nýjum öryggisútbúnaði komið fyrir og lagfæringin hefur eigi verið gerð, þegar frestur sá er liðinn, sem öryggiseftirlitið hefur gefið til framkvæmdanna, getur öryggismálastjóri látið framkvæma lagfæringarnar á kostnað fyrirtækisins. Slíkan kostnað má innheimta jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir lögtaksréttur þeim kröfum.

Telji öryggiseftirlitið sérstaka hættu á ferðum fyrir líf eða heilbrigði verkamanna eða annarra, getur það krafizt þess, að strax sé bætt úr því, sem ábótavant er, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

42. gr.

Ákvörðunum öryggismálastjóra skv. 41. gr. þessara laga má innan hálfs mánaðar áfrýja til ráðherra, sem kveður upp úrskurð um deiluefnið í samráði við öryggisráð.

Áfrýjun samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar frestar ekki framkvæmd aðgerða eftir ákvæðum 2. málsgr. 41. gr. þessara laga.

43. gr.

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við öryggismálastjóra.

Öryggismálastjóri getur fyrirskipað vinnuveitanda að festa upp greinilegar aðvaranir á stöðum, þar sem sérstök nauðsyn er vegna slysahættu eða annars, er lög þessi varðar.

44. gr.

Læknar og sjúkrahús skulu tilkynna héraðslækni alla sjúklinga, sem eru til lækninga hjá þeim og eru með sjúkdóma, sem stafa eða kunna að stafa af atvinnu þeirra, en héraðslæknir gerir öryggiseftirlitinu síðan aðvart. Ráðherra setur, í samráði við landlækni og öryggisráð, nánari reglur um tilkynningarskyldu þessa.

45. gr.

Í hverju fyrirtæki, þar sem 5 verkamenn eða fleiri vinna að staðaldri, skulu þeir velja sér trúnaðarmann, er viðurkenndur sé af vinnuveitanda.

Trúnaðarmaður verkamanna skal fylgjast með starfstilhögun í fyrirtækinu í samráði við vinnuveitanda og líta eftir, að haldnar séu settar reglur um öryggisútbúnað og hollustuhætti. Vinnuveitandi og verkstjórar skulu ráðgast við trúnaðarmann um allt það, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra.

Hafi trúnaðarmaður verkamanna kvartað við vinnuveitanda eða verkstjóra um eitthvert atriði, er snertir öryggi verkamanna við vinnu og annan aðbúnað þeirra,

skal trúnaðarmanninum tilkynnt að hæfilegum tíma liðnum, hvað gert verður vegna umkvörtunarinnar.

Öryggiseftirlitsmenn skulu jafnan leita upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki hjá trúnaðarmanni verkamanna, þegar litið er eftir fyrirtækinu, en trúnaðarmaður er skyldur að gefa eftirlitsmönnunum þær upplýsingar um fyrirtækið, er hann getur í té látið og snerta öryggi verkamanna við vinnu eða hollustuhætti.

Trúnaðarmaður verkamanna nýtur þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

46. gr.

Vinnuveitendum, verkstjórum og trúnaðarmönnum verkamanna skulu látin í té ókeypis lög þessi sérprentuð og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt þeim, eftir því sem við á.

47. gr.

Þar, sem starfsemi fer fram við gildistöku laga þessara, er að einhverju leyti fer í bága við ákvæði þeirra, skal öryggismálastjóra með samþykki öryggisráðs heimilt að veita frest um ákveðinn tíma til að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.

VII. KAFLI
Öryggisráð.

48. gr.

Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar formann þess án tilnefningar, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtaldra aðila:

1. Alþýðusambands Íslands,
2. Félags íslenzkra iðnrekenda og
3. Landssambands iðnaðarmanna,

einn frá hvorum hinna fyrsttöldu, en tvo frá hinum síðasttalda, og sé annar þeirra starfandi sveinn, er útnefningin fer fram, en hinn meistari.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

49. gr.

Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

VIII. KAFLI
Eftirlitsgjald.

50. gr.

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkv. gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra og öryggisráð. Eftirlitsgjaldið skal miðað við orkunotkun og vélafjölda fyrirtækis eða fjölda verkamanna, sem vinna í fyrirtækinu, eða hvort tveggja, rúmmál húsa í smíðum, magn þeirrar vöru, sem flutt er úr eða í skip, stærð íbúðarskýla verkamanna og vinnustofa án véla, og

enn fremur skal greiða skrásetningargjald nýrra véla miðað við innkaupsverð þeirra. Eftirlitsgjaldið innheimtist jafnhliða opinberum gjöldum, og fylgir því lögtaksréttur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. þessara laga er ráðherra heimilt, í samráði við öryggisráð, að undanþiggja þá starfsemi eftirlitsgjaldinu, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

51. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

52. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, lög nr. 102 3. maí 1935, um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og lög nr. 72 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á undanförnum þrem þingum, en ekki náð fram að ganga. Má það merkilegt heita um jafnsjálfsagt öryggismál og þetta, að frumvarpið skuli ekki þegar fyrir löngu hafa verið gert að lögum. Á síðasta þingi hlaut það þó samþykki neðri deildar, að vísu nokkuð breytt, en efri deild vék því frá með rökstuddri dagskrá.

Það var aðalefni hinnar rökstuddu dagskrár, að ríkisstjórninni skyldi falið að athuga, hvort ekki væri hagkvæmt og eðlilegt að sameina skipaskoðun ríkisins og verksmiðjueftirlitið undir eina stjórn og hve mikið það mundi spara í útgjöldum. En þar sem fyrir liggja greinargóðar umsagnir um það mál frá þeim, sem gerst mega um það vita, þykir ekki ástæða til að bíða eftir frekari umsögnum um það efni, og því er þetta frumvarp flutt nú, svo tímanlega, að auðvelt sé að afgreiða málið þess vegna.

Síðan þetta mál var hér til umræðu síðast hefur það gerzt, að hingað til lands hefur komið á vegum Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París iðnaðarsérfræðingur til að kynna sér ástand og starfsaðferðir íslenzks iðnaðar og til að gera tillögur um bætt vinnuskilyrði og hagkvæmari vinnubrögð. Kom sérfræðingur þessi hingað í samráði við Félag íslenzkra iðnrekenda. Hann skoðaði hér um 40 verksmiðjur og mun að sjálfsögðu senda skýrslu um för sína hingað og ráð og tillögur, eftir því sem honum finnst ástæða til. En í 13. tölublaði tímaritsins „Íslenzkur iðnaður“, sem út kom í s. l. mánuði, er frá því skýrt, að á fundi í Félagi íslenzkra iðnrekenda 10. sept. s. l. hafi þessi sérfræðingur haldið athyglisverða ræðu um dvöl sína hér o. fl. og meðal annars mælt á þessa leið:

„Og að lokum eitt atriði enn. Ykkar eigin skýrslur sýna, að á árunum 1944—45 og 1946 töpuðust 104231 vinnudagur og 22 mannslíf vegna slysa á vinnustöðum. Þar við bættust 37 starfsmenn, sem urðu með öllu óverkfærir af sömu orsökum. Þetta samsvarar vinnu 417 starfsmanna í heilt ár, án þess að tillit sé tekið til þeirrar eymdar og þjáninga, sem þetta fólk og aðstandendur þess hafa orðið fyrir. Getið þið talað um aukna verknýtingu í iðnaði og þessa reynslu í sömu andránni, þegar tillit er tekið til þess, hve hörmulega skortir á nauðsynlegar varúðarráðstafanir gegn slysahættu í verksmiðjum ykkar og vinnustofum? Fyrsta vörn ykkar er ef til vill þessi: „Ég hef ekki efni á því.“ Leyfið mér að minna ykkur á, að samkvæmt ykkar eigin tölum þá hafið þið s. l. 7 ár greitt kr. 12920060.00 vegna þessara slysa og auk þess hafið þið misst þessa menn og framleiðslu þeirra. Það er engin nauðsyn að benda á, hvaða ráð er hægt að finna við þessu. Þið þekkið þau eins vel og ég.“

Mætti þetta álit hins gagnmerka erlenda sérfræðings verða til þess að opna augu háttvirtra alþingismanna fyrir nauðsyn þess að samþykkja frumvarp þetta.

Frumvarpið er nú borið fram eins og það var lagt fyrir síðast, að því viðbættu, að inn í það eru teknar þær breytingar, er iðnaðarn. Nd. varð sammála um á síðasta þingi, og enn fremur breytingar þær, er hv. 5. þm. Reykv. flutti á þskj. 293.

Að öðru leyti vísast til hinna ýtarlegu athugasemda, er fylgdu frv., þegar það var fyrst lagt fram, á þskj. 180 1948.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um námslánasjóð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja síðan fyrir þingið frv. til laga um lánasjóð, er veiti lán íslenzkum stúdentum, sem nám stunda við Háskóla Íslands eða erlenda háskóla.

Greinargerð.

Íslenzka ríkið ver á ári hverju allmiklu fé í námsstyrki til íslenzkra stúdenta. Til íslenzkra námsmanna erlendis eru í fjárlögum þessa árs veittar 1 275 000 kr., og er meginhluta þess fjár varið til styrktar háskólastúdentum. Til náms og húsaleigustyrkja við háskólann hér eru enn fremur veittar 250 000 kr. Fé því, sem veitt var til námsmanna erlendis á þessu ári, var skipt milli 198 manna. 30 fengu 10 000 kr. styrk, sem þeir fá í 4 ár samfleytt, en aðrir fengu styrki að upphæð 4 500 kr. til 12 000 kr. Þeirri reglu er yfirleitt fylgt að veita engum styrk lengur en um fjögurra ára skeið. Fjöldi námsmanna nýtur þó styrks um skemmri tíma, en margir hljóta að sjálfsögðu engan styrk. Flestar greinar háskólanáms, a. m. k. á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, krefjast nú a. m. k. 4—5 ára náms og ýmsar jafnvel allmiklu lengri námstíma. Þegar þetta er haft í huga, ásamt því, hve lágir styrkirnir eru, er augljóst, að núgildandi skipan getur ekki tryggt, að efnilegir námsmenn verði ekki að hverfa frá námi sökum fjárskorts, þegar erfitt er um öflun lánsfjár. Náms- og húsaleigustyrkir við háskólann hér eru yfirleitt ekki veittir stúdentum á fyrsta námsári, en síðan árlega, meðan á hæfilegum námstíma stendur. Á síðastliðnum vetri var um 180 stúdentum veittur styrkur, og var styrkupphæðin frá 600—1700 kr., en algengasta styrkupphæð 1200—1300 kr.

Vafasamt er, að sú tilhögun, sem verið hefur á styrkveitingum þessum, sé heppileg. Sökum þess, hve styrkfénu er skipt í marga staði, kemur lítið í hlut hvers. Ekki er hægt að bæta algerlega úr fjárskorti þess, sem er efnalítill og hefur ekki skilyrði til að afla sér lánsfjár með venjulegum hætti, þótt um sé að ræða mikinn

hæfileikamann, sem vafalaust veittist auðvelt að endurgreiða námskostnað sinn fljótlega. Flm. þessarar till. telja mjög æskilegt, að breytt verði sumpart um stefnu í þessum málum, þannig að stúdentum verði einnig veittur kostur á mjög ódýrum námslánum, sem endurgreiðist á hæfilegum tíma, en hins vegar dregið úr beinum styrkveitingum. Með því móti væri betur tryggt en nú á sér stað, að fjárskortur verði stúdentum ekki til trafala. Aðstoð ríkisvaldsins til hvers og eins gæti orðið meiri en ella, auk þess sem fleiri gætu orðið hennar aðnjótandi. En aðstæður flestra verða að afloknu námi þannig, að auðvelt er um endurgreiðslu slíkra lána.

Ýmsar leiðir væru færar til þess að koma upp slíkum lánasjóði, og þegar honum hefði verið komið upp, þyrfti ríkisvaldið ekki annað til hans að leggja árlega en styrk til þess að lánin gætu verið með mjög lágum vöxtum og til þess að mæta óhjákvæmilegum afföllum. Þegar til lengdar lætur mundi þessi skipan því ekki aðeins vera stúdentum til hagsbóta, heldur einnig ríkissjóði.

Ed. 66. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. okt. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
Haraldur Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 67. Lög [39. mál]

um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda.

(Afgreidd frá Ed. 10. okt.)

Samhljóða þskj. 46.

Nd. 68. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 10. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Ásg. Ásgeirsson. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 69. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásmundi Sigurðssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
Á eftir A. 46 í 2. gr. laganna komi nýr liður, þannig:
Bæjarvegur: Frá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Skiphólum.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um innflutning bifreiðavarahluta.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að innflutningur á varahlutum til bifreiða verði frjáls frá næstu áramótum að telja.

Greinargerð.

Eins og nú er háttað eru bifreiðavarahlutir meðal þeirra vara, sem fluttar eru til landsins fyrir bátagjaldeyri. Hefur það í för með sér geysilega verðhækkun, sem bifreiðaeigendur geta ekki risið undir. Nánar í framsögu.

Nd. 71. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 47/1950, um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Flm.: Andrés Eyjólfsson.

1. gr.

Í stað „4%“ í 1. efnismálsgr. 6. gr. laganna (40. gr. l. nr. 44/1947) komi: 6%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til þeirra ríkisskuldabréfa, er þegar hafa verið gefin út samkvæmt lögum nr. 47/1950.

Greinargerð.

Með lögum nr. 47/1950 var ákveðið, að nokkur hluti bóta þeirra, er ríkissjóði ber að greiða vegna fjárskipta á sauðfjársjúkdómasvæðunum, skuli greiðast í ríkisskuldabréfum, gefnum út til 5 ára og með 4% vöxtum. Máttu skuldabréfin nema 40% fjárskiptabótanna og 80% sauðleysisbótanna. Ákvæði þessi voru sett í lögin til þess að hraða mætti fjárskiptunum án þess að íþyngja ríkissjóði um of. Nú hafa aðstæður breytzt þannig, síðan lög þessi voru samin og samþykkt, að lánsfjármarkaðurinn hefur mjög þrengzt og vextir hækkað verulega. Hins vegar koma ákvæðin um greiðslu í skuldabréfum þyngst niður á þeim, sem lengst hafa átt við

sauðfjársjúkdóma að búa og orðið hafa fyrir þyngstum búsifjum af þeirra völdum. Nú er svo ástatt, að fjöldamargir bændur verða að fá sér lán til þess að koma upp nýjum fjárstofni, og slík lán, séu þau á annað borð fáanleg, munu yfirleitt ekki fást með lægri vöxtum en 6%, jafnvel dýrari, a. m. k. sem venjulegum lántökukostnaði svarar. Er sauðfjáreigendum því hin mesta þörf á því, að skuldabréf þau, sem þeim er úthlutað, standi hvað vaxtakjör snertir að miklu leyti undir þeim lánum, er þeir verða að taka vegna sauðfjárskiptanna. Er því lagt til, að vextirnir verði hækkaðir í 6%, svo að skuldabréfin geti orðið nothæf án stórra affalla sem handveð eða á annan hátt.

Nd. 72. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Aftan við 1. málsgr. sömu lagagreinar bætist:
Hjónum er í sjálfsvald sett, hvort þeirra skuli njóta barnafrádráttar vegna hvers um sig af börnum þeirra.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um lán úr mótvirðissjóði til landbúnaðarframkvæmda.

Flm.: Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera, eftir því sem við verður komið, ráðstafanir til að tryggja það, að ekki minna en helming mótvirðissjóðsins, eins og hann verður, þegar Marshallaðstoðinni lýkur, verði varið til lánastarfsemi í þágu landbúnaðarins, þegar fé er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er að efni samhljóða ályktun, sem gerð var á aðalfundi Stéttarsambands bænda í ágústmánuði síðastliðnum. Verður að telja æskilegt, að Alþingi láti nú þegar í ljós vilja sinn varðandi þetta mál, því að ella kynni að vera hætta á, að gerðar yrðu ráðstafanir, sem kæmu í bága við það, sem í tillögunni felst. Þörf landbúnaðarins til lánsfjár er nú svo mikil, og verður sýnilega á næstu árum, að leita verður allra úrræða, sem til greina koma, til að bæta úr henni.

Ed. 74. Lög [40. mál]

um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 12. okt.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði. Skal rannsóknin miðuð við virkjun eða virkjanir í svo ríkum mæli, að fullnægt geti öruggglega öllum raforkuþörfum þessa landshluta á komandi áratugum. Rannsókn þessari sé hraðað svo, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.

Greinargerð.

Þörfin fyrir raforku á landi hér vex nú hröðum skrefum, og eru kröfur landsmanna um aukið rafmagn orðnar svo ákveðnar, að segja má, að þar sem ekki er kostur á nægilegu rafmagni, þar fáist fólkið ekki til að búa til lengdar. Engar líkur eru til þess, að þetta breytist á næstu áratugum. Vaxandi iðnaður og aukin véltækni á öllum sviðum kallar á rafmagn í sívaxandi mæli. Bættur húsakostur og kröfur um aukin lífsþægindi útheimta meira rafmagn til húsahitunar og annarra heimilisþarfa. Allt þetta verður að gera sér ljóst nú þegar og miða virkjanir næstu ára og undirbúning virkjana við það.

Hinar myndarlegu virkjanir Sogsins fyrir Suðvesturland og Laxár fyrir Norðurland eru svar við hinum vaxandi rafmagnsþörfum í þessum landshlutum. Með framkvæmd þeirra er lagður grundvöllur að áframhaldandi þróun atvinnulífsins á flestum sviðum í þessum landshlutum. En það þurfa fleiri landshlutar að fá virkjanir, sem eru til frambúðar, ef aðstaðan til öruggrar lífsafkomu á ekki að verða allt of ójöfn í landinu.

Stórvirkjunum á okkar mælikvarða, eins og Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, verður seint komið í framkvæmd án erlendrar aðstoðar, og eru þær nú framkvæmanlegar aðeins vegna þess, að Marshallaðstoðarinnar nýtur við, og einungis með því að nota mestan hluta Marshallfjárins, sem landinu í heild var veitt, til þessara tveggja virkjana. Aðrir landshlutar eiga því fullan rétt á að krefjast þess, að heildarvirkjanir hjá þeim verði látnar sitja í fyrirrúmi, ef áframhald verður á Marshallaðstoð til landsins, en til þess munu nokkrar vonir.

Á Vestfjörðum eru virkjanirnar í Engidal við Skutulsfjörð einu vatnsvirkjanirnar, sem framkvæmdar hafa verið og nokkur munur er að. Vantar þó mjög mikið á, að þær fullnægi Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þá er ákveðin og að nokkru leyti hafin 700 hestafla virkjun í Fossá í Hólshreppi fyrir Bolungavík. Þessar ár hafa góð virkjunarskilyrði, yfir 300 metra fallhæð, og eru aðeins í 5—6 km fjarlægð frá notendasvæðinu. Þær hafa því skilyrði til þess að framleiða rafmagn jafnódýrt og stór sameiginleg stöð. Virkjun þeirra var því og er sjálfsögð, jafnt fyrir það þó að síðar komi stórt sameiginlegt orkuver fyrir allt svæðið. Verður væntanlega settur fullur kraftur á Bolungavíkurvirkjunina á næsta vori. Önnur kauptún á svæðinu verða flest að bjargast við litla og rándýra raforku, framleidda með olíu. Eins og nú lítur út með verðlag á aðfluttu eldsneyti og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar til kaupa á því í framtíðinni, eru horfurnar þær, að vart þarf að ræða um raforkuframleiðslu með olíuvélum sem framtíðarlausn málsins, en þó verða þessar stöðvar nauðsynlegar sem varastöðvar. Vestfirzkar sveitar hafa yfirleitt ekkert rafmagn, ekki einu sinni til ljósa.

Dynjandi, fossinn við Arnarfjörð, vakti snemma athygli um virkjunaraðstöðu á svæðinu vestan Glámufjallgarðs. Nú munu liðin yfir 30 ár síðan hafin var rannsókn á virkjunaraðstöðunni þar, bæði í Dynjandisá og Mjólkurám. Hefur sitt sýnzt hverjum um virkjanlegt afl ánna, en samkvæmt frumvarpi um virkjun þar, er lá

fyrir síðasta Alþingi, er talið, að fá megi þar 7000 hestöfl fyrir 60 millj. kr. miðað við verðlag 1950. Þetta er ekki óglæsileg niðurstaða, ef endanleg er, og full ástæða er til þess að skyggnast eftir virkjunaraðstöðu við önnur fallvötn þar í grennd til samanburðar.

En Glámufjallgarðurinn hefur tvær hliðar, og snýr aðeins önnur þeirra niður að Arnarfirði. Hin snýr að fjörðunum við Ísafjarðardjúp: Hestfirði, Skötufirði, Mjóafirði og Ísafirði. Þar er ekki síður mikil fallhæð, fossar og stöðuvötn til miðlunar. Hefur raforkumálaskrifstofan í sumar byrjað lauslegar athuganir þar og mælingar á miðlunarskilyrðum og vatnsrennsli. Verður vatnsrennslismælingum þar haldið áfram í vetur. Niðurstaða þessara lauslegu athugana hvetur eindregið til áframhaldandi mælinga, jafnframt því sem áætlanirnar um Dynjandisá og Mjólkurár verða endurskoðaðar.

Þá eru einnig veruleg virkjunarskilyrði á svæðinu austan Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, upp af Langadalsströnd, og hafa þar verið gerðar talsverðar mælingar.

Áður en hafizt er handa um framtíðarvirkjun fyrir þennan landshluta, er mjög nauðsynlegt, að athuguð séu öll meiri háttar fallvötn á svæðinu, sem líkleg eru til heildarvirkjunar, svo að hægt sé að mynda sér rökstudda skoðun um, hvar fyrst á að virkja og hvar síðast og hvernig haga á virkjun hvers fallvatns, svo að rafmagnið verði sem ódýrast, bæði í byrjun og við síðari aukningar. Ef fallvatn er ekki virkjað að fullu strax, þarf einnig að gæta þess vandlega, að virkjun að hluta útiloki ekki né torveldi fullnaðarvirkjun síðar, þar sem öll fallhæð og allt vatnsrennsli árinnar er hagnýtt. Þetta er sérstaklega mikilsvert í landshluta, sem á frekar lítið af fallvötnum, sem aðgengileg eru til virkjunar í ríkum mæli.

Reynsla allra þjóða er sú, að þar sem rafmagn er fáanlegt í ríkum mæli við hóflegu verði, þar rís upp iðnaður, ef ekki úr innlendum hráefnum, þá úr aðfluttum. Ísland verður þar engin undantekning. Fossaflið er varanlegast allra orkulinda. Virkjun þess í ríkum mæli er því bezta og varanlegasta atvinnutryggingin, sem hægt er að veita almenningi. Stórfelldar virkjanir fyrir suma hluta landsins, en rafmagnsleysi í hinum er því sama og eyðing byggða þeirra landshluta, sem rafmagnslausir eru. Þess vegna verður aldrei hægt að verja það, ef ekki verður undinn bráður bugur að heildarvirkjun fyrir þá landshluta, sem enn mega heita rafmagnslausir, og slíkar virkjanir látnar ganga fyrir um Marshallfé, ef framhald verður á slíkum fjárveitingum.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að undirbúa slíka virkjun eða virkjanir fyrir þann hluta landsins, sem hún fjallar um.

Það skal sérstaklega tekið fram, að á s. l. sumri voru fyrir frumkvæði þm. Barðstrendinga athuguð virkjunarskilyrði í nokkrum vatnsföllum í Barðastrandarsýslu. Sýnir sú athugun, að þar er fyrir hendi nægileg vatnsorka fyrir það hérað.

Ed. 76. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Aftan við 4. tölul. 1. gr. bætast nýir töluliðir:

1. Á eftir B. 50 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
   a. *Snæfjallavegur:* Frá Bæjum á Snæfjallaströnd um Unaðsdal að Snæfjöllum.
   b. *Grunnavíkurvegur:* Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúnsbryggju í Grunnavík.
   c. *Kjósarvegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Kjós.

2. Á eftir B. 51 í sömu gr. koma nýir liðir:
   a. *Mjóafjarðarvegur:* Af Ögurvegi í Ísafjarðarbotni út með Ísafirði vestanverðum um Reykjarfjörð og Vatnsfjörð að bryggju í Skálavík við Mjóafjörð, með hliðarvegum að Þúfum og Reykjanesskóla.
   b. *Skötufjarðarvegur:* Frá Ögurbryggju um Ögurnes að Skarði og Hjöllum við Skötufjörð.
3. Á eftir B. 53 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Skálavíkurvegur: Frá Bolungavík til Skálavíkur ytri.
4. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:
   Hestfjarðarvegur: Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn um Kambsnes og Seyðisfjörð að Hesti í Hestfirði.

Nd. 77. Frumvarp til laga [53. mál]

um framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á næsta ári leggja til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 5 milljónir króna af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951. Framlag þetta er óafturkræft og skal varið til útlána samkvæmt lögum og reglugerð um veðdeildina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er að heita má fjárvana til að sinna því hlutverki, sem markað er í lögum og reglugerð deildarinnar. Um það segir svo í 19. gr. laganna:

„1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum, eða tryggð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.
3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgöngurétti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimila að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum félögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum félagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki."

Þetta eru aðalákvæðin um starfssvið veðdeildarinnar. Þegar þess er gætt, hversu ástatt er um fjármagn hennar, dylst engum, að það er engan veginn of djúpt tekið í árinni með því, sem um þetta er sagt í upphafi greinargerðar þessarar.

Höfuðstóll veðdeildarinnar, sem allur er í útlánum, nemur nú tæpum 2 millj. króna. Tekjur veðdeildarinnar, vextir og afborganir af lánum, nema árlega um 120 þús. kr. Á veðdeildinni hvílir 600 þús. króna skuld við sparisjóðsdeild Búnaðarbankans.

Búnaðarbankinn er, svo sem kunnugt er, aðallánastofnun landbúnaðarins. Eru það einkum þrjár deildir bankans, sem ætlað er það hlutverk að veita bændum lán til nokkuð langs tíma. Það eru byggingarsjóður, ræktunarsjóður og veðdeildin. Ræktunarsjóður og þó einkum byggingarsjóður hafa verið nokkuð efldir að eigin fé síðustu árin, þótt það hrökkvi eins og nú er komið skammt til þess að mæta þörfum bænda fyrir lán til íbúðar- og útihúsabygginga og til ræktunarframkvæmda,

en við það er starfsemi þessara tveggja deilda bundin að lána til þessara framkvæmda. Veðdeildinni aftur á móti, sem hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna í lánakerfi landbúnaðarins, hefur ekki verið lagt til neitt nýtt starfsfé. Hún býr enn að fyrstu gerð, leifunum af viðlagasjóðnum gamla. Af þessum sökum hefur Búnaðarbankinn nú enga aðstöðu til þess, til dæmis að taka, að veita bændum lán til þess að kaupa ábýli sín og eigi heldur lán til bústofnskaupa. Við þetta er engan veginn hlítandi, og það því síður þar sem nú verður mjög vart þeirrar gleðilegu hugarfarsbreytingar með þjóð vorri, að hugur manna í vaxandi mæli stefnir að því að hefja búrekstur í sveit og gera það að lífsstarfi sínu að hagnýta þau náttúrugæði, sem fólgin eru í gróðurmoldinni á landi hér. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið atriði í þróunarsögu landbúnaðarins, að einskis má láta ófreistað til þess að styðja viðleitni manna í þá átt að hafa fast undir fæti í atvinnuháttum, þannig að lagður sé grundvöllur að sjálfstæðri og öruggri lífsafkomu.

Eins og hér hefur verið lýst, er veðdeild Búnaðarbankans algerlega um megn að sinna því þýðingarmikla verkefni að styðja viðleitni manna til nýs búrekstrar með hagkvæmum lánum. Í annað hús er ekki að venda í þessum efnum. Því er lagt til í þessu frv., að veðdeildinni skuli lagðar til 5 millj. kr., er séu óafturkræfar, og fé tekið af tekjuafgangi ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Er með þessu, þótt í smáum mæli sé, nokkuð bætt úr þeirri vanrækslu, sem orðið hefur á því að efla veðdeild Búnaðarbankans, sem hefur afar þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir landbúnaðinn og alþjóðarhag.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og grundvallarfrjálsræðis.

(Lögð fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að gerast aðili fyrir Íslands hönd að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og grundvallarfrjálsræðis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um verndun mannréttinda og grundvallarfrjálsræðis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu,

hafa í huga mannréttindayfirlýsingu þá, sem allsherjarþing sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

minnast þess, að yfirlýsing þessi hefur það markmið, að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

minnast þess, að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu aðila

CONVENTION

for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering the Universal Declaration of Human Rights proclaimed by the General Assembly of the United Nations on 10th December 1948;

Considering that this Declaration aims at securing the universal and effective recognition and observance of the Rights therein declared;

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members and

sinna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og grundvallarfrjálsræði séu í heiðri höfð og vegur þeirra aukinn;

lýsa á ný einlægri trú sinni á þetta grundvallarfrjálsræði, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og er bezt tryggt annars vegar með raunhæfu lýðræði í stjórnmálum og hins vegar með almennum sameiginlegum skilningi og gæzlu á þeim mannréttindum, sem eru grundvöllur þess;

eru staðráðnar í því að taka fyrstu skrefin til að tryggja sameiginlega tiltekin réttindi, sem greind eru í mannréttindayfirlýsingunni, enda eru þær ríkisstjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð pólitískra erfðavenja, hugsjóna, frelsis og réttaröryggis;

hafa þær því orðið ásáttar um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Samningsaðilarnir skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frjálsræði, sem skilgreind eru í I. kafla samnings þessa.

I. KAFLI

2. gr.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp, sem dauðarefsingu varðar að lögum.

2. Svipting lífs skal eigi talin brjóta í bág við þessa grein, ef hún er afleiðing valdbeitingar, sem ekki verður talin meiri en bráðnauðsynlegt er:

a. til að verja hvern sem er gegn ólögmætu ofbeldi;

b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir, að sá, sem löglega er haldið, komist undan;

c. vegna löglegra aðgerða, sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

3. gr.

Engan skal beita misþyrmingu eða ómannlegri eða ómannsæmandi meðferð eða refsingu.

that one of the methods by which that aim is to be pursued is the maintenance and further realisation of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Reaffirming their profound belief in those Fundamental Freedoms which are the foundation of justice and peace in the world and are best maintained on the one hand by an effective political democracy and on the other by a common understanding and observance of the Human Rights upon which they depend;

Being resolved, as the Governments of European countries which are likeminded and have a common heritage of political traditions, ideals, freedom and the rule of law, to take the first steps for the collective enforcement of certain of the Rights stated in the Universal Declaration;

Have agreed as follows:

Article 1

The High Contracting Parties shall secure to everyone within their jurisdiction the rights and freedoms defined in Section I of this Convention.

SECTION I

Article 2

(1) Everyone's right to life shall be protected by law. No one shall be deprived of his life intentionally save in the execution of a sentence of a court following his convicton of a crime for which this penalty is provided by law.

(2) Deprivation of life shall not be regarded as inflicted in contravention of this Article when it results from the use of force which is no more than absolutely necessary:

(a) in defence of any person from unlawful violence;

(b) in order to effect a lawful arrest or to prevent the escape of a person lawfully detained;

(c) in action lawfully taken for the purpose of quelling a riot or insurrection.

Article 3

No one shall be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment.

4. gr.

1. Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafizt af neinum, að hann vinni þvingunar- eða þrælkunarvinnu.

3. „Þvingunar- eða þrælkunarvinna“ í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:

a. vinnu, sem krafizt er í venjulegu varðhaldi, sem er í samræmi við ákvæði 5. gr. samnings þessa, eða meðan á skilorðsbundinni lausn úr slíku varðhaldi stendur;

b. herþjónustu eða þjónustu, sem krafizt er í hennar stað af þeim mönnum, sem synja herþjónustu samvizku sinnar vegna og slík synjun er til greina tekin í landi hans;

c. þjónustu, sem krafizt er vegna hættu- eða neyðarástands, sem ógnar lífi eða velferð almennings;

d. vinnu eða þjónustu, sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

Article 4

(1) A High Contracting Party may denounce the present Convention only after the expiry of five years from the date on which it became a Party to it and after six months' notice contained in a notification addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, who shall inform the other High Contracting Parties.

(2) Such a denunciation shall not have the effect of releasing the High Contracting Party concerned from its obligations under this Convention in respect of any act which, being capable of constituting a violation of such obligations, may have been performed by it before the date at which the denunciation became effective.

(3) Any High Contracting Party which shall cease to be a Member of the Council of Europe shall cease to be a Party to this Convention under the same conditions.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan varðandi hvert það landsvæði, sem hann skyldi taka til eftir yfirlýsingu samkvæmt 63. gr.

66. gr.

1. Aðilum Evrópuráðsins skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalritara Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi skal taka gildi, er tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn, en afhendir fullgildingarskjal sitt síðar, skal samningurinn binda frá þeim degi, er það hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

4. Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðsins gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja, sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala, sem síðar kunna að berast.

Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, með enskum og frönskum texta, sem báðir eru jafngildir, í einu eintaki, er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritari skal senda staðfest endurrit hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn.

(4) The Convention may be denounced in accordance with the provisions of the preceding paragraphs in respect of any territory to which it has been declared to extend under the terms of Article 63.

Article 66

(1) This Convention shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe. It shall be ratified. Ratifications shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

(2) The present Convention shall come into force after the deposit of ten instruments of ratification.

(3) As regards any signatory ratifying subsequently, the Convention shall come into force at the date of the deposit of its instrument of ratification.

(4) The Secretary-General of the Council of Europe shall notify all the Members of the Council of Europe of the entry into force of the Convention, the names of the High Contracting Parties who have ratified it, and the deposit of all instruments of ratification which may be effected subsequently.

Done at Rome this 4th day of November 1950 in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatories.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt heimild í þingsályktun 7. febrúar 1950 gerðist Ísland þátttakandi í Evrópuráðinu, og var aðildarskjal Íslands afhent 7. marz s. á.

Í 1. grein stofnskrár Evrópuráðsins segir m. a. um markmið þess, að stuðla beri að framförum á sviði félagsmála með varðveizlu og frekari framkvæmd mannréttinda og grundvallarfrelsishugsjóna. Í samræmi við þetta samþykkti ráðgjafarþing Evrópuráðsins að mæla með því við ráðherranefndina, að skipuð yrði nefnd sérfræðinga til þess að gera frumvarp að samningi um þessi efni. Var nefndin síðan skipuð, og samdi hún uppkast, er ráðherranefndin hefur fjallað um og gert á nokkrar breytingar. Að því búnu var samningurinn lagður fram til undirskriftar, og fór sú athöfn fram í Róm 4. nóvember 1950. Var samningurinn undirritaður af þátttökuríkjum Evrópuráðsins, þar á meðal einnig fyrir Íslands hönd.

Í samningi þessum eru viðurkennd þau grundvallarréttindi manna, sem tíðkast með lýðfrjálsum þjóðum og eru í fyllsta samræmi við réttarmeðvitund og

löggjöf Íslendinga. Þar sem samningnum er auk þess ætlað að vernda þessi réttindi á raunhæfan hátt, telur ríkisstjórnin sjálfsagt, að Ísland gerist aðili að honum, og leitar því samþykkis Alþingis til slíkrar aðildar.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um æskulýðshöll í Reykjavík.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, í samvinnu við Reykjavíkurbæ og Bandalag æskulýðsfélaganna í Reykjavík, að hafin verði hið bráðasta bygging æskulýðshallar í Reykjavík.

Greinargerð.

„I want you to meet my best girl-friends“, sagði ung stúlka, sem kom inn í eina af hinum svokölluðu sjoppum Reykjavíkur, og orðin útleggjast eitthvað á þessa leið: „Leyfið mér að kynna ykkur fyrir beztu vinstúlkum mínum.“ Það stóðu þrjár stúlkur fyrir aftan hana, allar á sama reki og hún, sú elzta kannske 16 ára, sú yngsta varla 15. Ávarpinu var beint að fjórum bandarískum hermönnum, sem sátu þarna við borð. Þeir kváðust fagna því mjög að mega kynnast þessum stúlkum. Síðan settust þær hjá þeim; það var dálítið þröngt fyrir svona marga við eitt borð, en menn virtust sætta sig furðu vel við það; og innan stundar ríkti auðsæilega almenn ánægja í samkvæminu.

Þetta gerðist kvöld eitt fyrir fáum dögum. Og atburðir slíkir sem þessi eiga sér stað á hverju kvöldi. Flm. tillögunnar hefur sjálfur verið vitni að þeim. — Það eru aðallega tvær sjoppur við Laugaveg, sem sóttar eru af hermönnunum. Og þangað leita stúlkurnar til fundar við þá. Þær, sem þegar eru komnar í kynni við hermenn, taka vinstúlkur sínar með og vísa þeim í félagsskapinn. Oft mun áfengi haft um hönd. Og hermennirnir halda áfram að eignast nýjar vinstúlkur, sem kannske voru ekki fermdar fyrr en um það bil sem landið var hernumið, í vor sem leið.

Síðustu vikurnar mun þó hafa borið nokkru minna á því en áður, að stúlkur, sem ekki hafa aldur til (yngri en 16 ára), sætu með hermönnum í sjoppunum. Flm. hefur rætt það atriði og fleiri varðandi þetta mál við Þorkel Kristjánsson, eftirlitsmann barnaverndarnefndar. Hann kveður ástæðuna vera þá, að eftirlitið á þessum stöðum sé nú harðara nokkuð en það var. Þar með sé þó alls ekki sagt, að lokið sé samskiptum þessara stúlkna og hermannanna. Þvert á móti bendi flest til þess, að þau samskipti séu nú orðin enn þá nánari, þar eð stúlkurnar sæki upp á síðkastið miklu meira beint í samkvæmi hermannanna suður á Keflavíkurflugvelli, enda munu þar hafa verið teknir í notkun nýir og vandaðri samkomustaðir fyrir dans og aðra slíka skemmtun. Það styður einnig þessa skoðun, að ekki virðist ýkja strangt eftirlitið með stúlkum þeim, sem inn á völlinn fara, og nefnir Þorkell það sem dæmi, að fyrir skömmu yfirheyrði hann 15 ára gamla stúlku, sem verið hafði með hermönnum á Keflavíkurflugvelli, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við aðrar hömlur á aðgangi að hermannaskálahverfinu fyrir sig og sínar stallsystur en þá eina, að þær yrðu að tilgreina einhvern hermanna, sem þær hygðust heimsækja. Er hér vissulega um að ræða atriði, sem eitt út af fyrir sig gefur ærið tilefni til náinnar íhugunar.

Annars er alvara þessa máls ekki einskorðuð við stúlkur undir 16 ára aldri, heldur snertir hún ungar stúlkur yfirleitt, enda ekki þar með sagt, að siðferðið sé úr hættu, þó að náð sé þeim aldri.

Það er í fáum orðum skoðun Þorkels Kristjánssonar, að kynni þau, sem takast með íslenzkum stúlkum og bandarískum hermönnum í sjoppunum, séu yfirleitt upphaf miklu nánari kunningsskapar, sem eigi sér stað á öðrum vettvangi, víðs vegar um bæinn og mest þó suður á sjálfum Keflavíkurflugvelli. Um það, sem þar gerist, er hins vegar enginn eftirlitsmaður til frásagnar.

En hvaða ráðum skal þá beita í þessum efnum?

Fyrst eftir að hermennirnir fóru að koma í bæinn, voru þeir látnir safnast til brottferðar á kvöldin í Lækjargötu, hjá garðinum, sem kenndur er við Móðurást. En vegna almennra mótmæla íbúanna í næstu húsum, sem þótti nóg um framferði hermannanna og þeirra stúlkna, sem þangað söfnuðust til að kveðja þá, var brottfararstaður þeirra fljótlega færður niður í Tryggvagötu. Ef til vill finnast þeir menn, sem vilja leysa málið í heild með einhverju svipuðu ráði, fjarlægja meinið úr augsýn almennings og láta þar við sitja. Og með þessu mætti vissulega komast hjá að særa um of eðlilegar siðgæðistilfinningar fólks. En það væri engin lækning á meininu. Sú spilling, sem viðgengst á fjölfarinni gangstétt Lækjargötu, minnkar ekki við að færast nær vöruskemmum hafnarinnar. Svo og svo mikið eftirlit í þessum efnum, — sem aldrei getur þó orðið nema mjög takmarkað, — er ekki það ráð, sem duga má. Við erum engu nær lausn á málinu, þótt fyrirbyggt sé, að stúlkur undir 16 ára aldri sitji með hermönnum í sjoppunum. Eða hvaða þýðingu hefur að stífla strauminn á einum stað, þegar það verður til þess eins, að hann flæðir yfir á öðrum? Það er sízt betra að vita af stúlkunum á leynifundum með hermönnunum í húsaskotum og á Keflavíkurflugvelli heldur en í allra augsýn í sjoppunum. — Auk þess eru — sem fyrr segir — stúlkur undir 16 ára aldri ekki nema brot af þeim fjölda stúlkna, sem illa eru á vegi staddar í þessum efnum. — Nei. „Á skal að ósi stemma.“ Það verður að koma í veg fyrir, að ungar íslenzkar stúlkur freistist til að leita í félagsskap hermannanna.

Öll spilling á sér sínar samfélagsorsakir. Ung stúlka gerist ekki lauslætisdrós af því, að slíkt sé fyrst og fremst hennar eðli. Hrösun er ekki viljaverk, heldur ógæfa, sem orsakast af kringumstæðum. Þegar svo ótrúlegir hlutir gerast, að unglingsstúlkur, 14, 15, 16 og 17 ára, leggja lag sitt við útlenda hermenn, sem þær geta varla einu sinni talað við, hvað þá að þær viti á þeim nokkur deili, þá er leiðin til skilnings á orsökunum ekki sú að spyrja: Hver er manneskjan? — heldur: Hvert er samfélagið?

Reykjavík má að mörgu leyti vera hreykin af sínum æskulýð; það er sennilega óvíða í borgum jafnalmennur myndarbragur á ungu fólki eins og hér. En Reykjavík hefur ekki að sama skapi rækt skyldur sínar við þetta unga fólk. Henni hefur láðst að taka til alvarlegrar athugunar þungamiðjuna í félagslegu uppeldi unga fólksins: tómstundalíf þess. Af hálfu bæjarfélagsins hafa ungu fólki verið veitt næsta fá tækifæri til að verja tómstundum sínum þannig, að því mætti verða þroski að og aukinn manndómur. Bæjarfélagið hefur að vísu veitt íþróttafélögunum allgóðan stuðning. En að öðru leyti hefur það vísað æskulýðnum með tómstundir sínar inn í kvikmyndahúsin, þar sem einn innihaldslaus reyfarinn rekur annan, inn á dansleiki, þar sem ríkt hafa sjónarmið hinna skilyrðislausu vínveitinga, en þó fyrst og fremst inn í sjoppurnar. Reykjavík hefur sí og æ verið að auka fjárfestingu sína í sjoppum, á sama tíma og hún hefur vanrækt að festa fé í þeim verðmætum framtíðarinnar, sem æskulýðurinn hefur að geyma. Hún hefur boðið æskulýð sínum upp á ameríska kvikmyndaheimsku og brennivín í staðinn fyrir hollar skemmtanir. Hún hefur látið hana hafa sjoppur í staðinn fyrir þroskandi tómstundaheimili. — Og því er sem er.

Ástandið í sjoppunum og afleiðingar þess hafa lengi verið áhyggjuefni þeirra, sem þar hafa fylgzt með málum. Þannig skrifaði t. d. Þorkell Kristjánsson grein í Foreldrablaðið á síðastliðnum vetri (2. tbl. 12. árg.) og lýsti því út frá náinni reynslu sinni, hvernig sjoppurnar væru eins konar miðstöðvar illra áhrifa fyrir unglingana, kynningarstaðir, þar sem hinir yngri og „óreyndari“ leiddust út á

háskalegar brautir með hinum eldri og „reyndari“. Taldi Þorkell, að þegar unglingar lentu á glapstigum, þá væri upphafsins allajafna að leita í sjoppunum. En síðan þessi grein hans var skrifuð hefur erlendur her setzt í landið og gerzt heimagangur í sjoppunum, með þeim afleiðingum, sem lýst var hér að framan. Ofan á hið fyrra ófremdarástand hefur sem sé bætzt sú staðreynd, að sjoppurnar eru orðnar kynningarstaðir fyrir íslenzkar unglingstelpur og erlenda hermenn. Það, sem var áður alvarlegt böl, er nú orðið hinn ægilegasti voði.

Æskulýðshallarmálið á sér langa sögu, sem ekki verður rakin hér, enda sjálfsagt kunnug flestum alþingismönnum. Munu fá mál vinsælli en það. Allir stjórnmálaflokkar hafa gert það að sínu máli, opinberir valdamenn hafa lýst yfir stuðningi við það, æskulýðsfélögin í Reykjavík hafa stofnað með sér bandalag til að vinna að framgangi þess. Það hefur átt að fagna mörgum fögrum loforðum, en efndirnar hafa viljað bregðast því. Raunhæfar framkvæmdir í málinu hafa dregizt. -- Svo mun ráð fyrir gert, að Bandalag æskulýðsfélaganna í Reykjavík leggi fram 10% af byggingarkostnaði æskulýðshallarinnar, Reykjavíkurbær 50% og ríkið 40% og framkvæmd málsins verði síðan að mestu í höndum Bandalagsins. Fjárframlög ríkis og bæjar hafa engin orðið til þessa. En skylt er að geta þess, að Reykjavíkurbær hefur þegar látið ókeypis lóð undir æskulýðshöllina.

Það þarf ekki heldur að hafa mörg orð um þá starfsemi, sem verða á í æskulýðshöllinni, svo mjög hefur það mál verið rætt í blöðum og á mannfundum. Að vísu eru skoðanir í þeim efnum ekki allar samhljóða, en framkvæmdir í málinu munu þó varla tefjast af þeim sökum, þegar nægilegt fjármagn er á annað borð fyrir hendi. Er Bandalagi æskulýðsfélaganna í Reykjavík fyllilega trúandi til að jafna ágreininginn og samræma sjónarmiðin, þannig að giftusamleg eining haldist í málinu. Og um aðalatriðin munu allir sammála, að æskulýðshöllin skuli vera miðstöð fyrir félagslíf unga fólksins, íþróttaiðkanir þess, skemmtanir þess og annað tómstundalíf. Leikur enginn efi á því, að æskulýðshöllin mun draga til sín unga fólkið, bjarga því úr óhollustu núverandi sjoppulífs og brennivínsdansleikja og veita því siðferðislega vernd hollra skemmtana og þroskandi tómstundalífs, styrkja það í félagslegu tilliti, gera það að traustum og góðum Íslendingum. Æskulýðshöll er lausnin á þeim mikla vanda, sem ríkjandi er í æskulýðsmálum höfuðborgarinnar.

Hér að framan var einkum rætt um þann siðferðisháska, sem ungum stúlkum er búinn af því ástandi, sem skapazt hefur við komu erlendra hermanna til landsins. Þó er þetta ekki nema eitt atriði í miklu víðtækara máli, því að öllum hugsandi mönnum má vera ljóst, að með dvöl erlendra hermanna í landinu hefur þjóðlegu menningarþreki æskulýðs okkar verið stefnt í hættu, og þannig er hér um að ræða brýnt sjálfstæðismál, sem þjóðin ætti öll að geta sameinazt um, enda hefur fjöldi félaga og annarra samtaka þegar látið í ljós fullan skilning á alvöru þess og hvatt æskuna til að gæta í hvívetna virðingar sinnar sem Íslendinga gagnvart hinum erlendu hermönnum. Má þar t. d. vitna til ályktunar þeirrar, sem gerð var á sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands 30. sept. s. l., en hún hefst á þessum orðum:

„Í tilefni af dvöl erlends hers í landinu og í samræmi við stefnu ungmennafélagshreyfingarinnar fyrr og síðar heitir sambandsráðsfundurinn á alla Íslendinga að hefja öfluga sókn fyrir varðveizlu sjálfstæðis þjóðarinnar — lagalegs og menningarlegs.“

Því verður ekki trúað, að vilji Alþingis í þessu máli sé annar en hinna margvíslegu félagssamtaka þjóðarinnar. Og með því m. a. að samþykkja tillögu þá, sem hér er flutt, gæti Alþingi sýnt í verki þann vilja sinn, að íslenzk æska verði eftir megni vernduð fyrir þeirri hættu, sem þjóðlegu menningarþreki hennar og þar með sjálfstæði þjóðarinnar er búin af dvöl erlendra hermanna í landinu. Með fullkominni æskulýðshöll í Reykjavík yrði reist það virki, sem úrslitaþýðingu mundi hafa til sóknar og varnar í þeirri baráttu.

Nd. 80. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Einar Olgeirsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Fyrir „2 milljónir" í c-lið 33. gr. laganna kemur: 4 milljónir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Stofnkostnaður orkuvers og veitna hefur hækkað mjög síðan raforkulögin voru samþykkt á Alþingi. Einkum hefur verð á vélum og öðru efni, sem kaupa þarf frá útlöndum, hækkað mjög. Það mun mega telja, að stofnkostnaður hafi allt að því fjórfaldazt frá árinu 1946. Ef raforkusjóður á að geta innt af hendi það hlutverk, sem honum var ætlað, verður að hækka framlag til hans, og sú hækkun verður að miðast við hækkun stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem fé hans verður varið til að koma upp.

Að vísu vegur hlutfallsleg hækkun framlagsins til sjóðsins ekki upp á móti þeirri rýrnun hans, sem af verðfalli gjaldmiðilsins leiðir, en ekki hefur þótt fært að leggja til meiri hækkun að sinni en gert er í frumvarpi þessu.

Á þessum árum hafa einnig tekjur og gjöld ríkissjóðs hækkað verulega. Tekjurnar voru á fjárlögum fyrir árið 1947 áætlaðar 127½ millj. króna, en fyrir árið 1951 298 millj. króna, — en það er 133% hækkun. Hins vegar hefur fjárveiting til raforkumála að heita má staðið í stað að krónutali, var í fjárl. 1947 kr. 4 228 000.00, en er í fjárl. 1951 kr. 4 322 689.00.

Ef hækkun sú á framlagi til raforkusjóðs, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, kemur til framkvæmda á árinu 1952, mun því fé væntanlega verða mestmegnis varið til efniskaupa á því ári, en í framkvæmdum mundi hennar ekki gæta fyrr en á árinu 1953.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa.

Flm.: Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa nú þegar frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum og landbúnaðarbifreiðum, enda verði jafnframt settar reglur, sem komi í veg fyrir, að þau tæki, sem inn verða flutt, fari til annarra nota en landbúnaðarstarfa á sveitabýlum.

Greinargerð.

Á þessu ári hafa viðskipti við önnur lönd verið gerð frjálsari en áður var, og hefur það haft í för með sér mjög aukinn innflutning á ýmiss konar vörum.

Síðasta áratuginn hafa orðið allmiklar breytingar í landbúnaði hér á landi. Fyrr á tímum og allt fram undir síðasta áratuginn þurfti yfirleitt mikið vinnuafl við landbúnaðinn, því að tækni var lítil, enda um færra að velja fyrir vinnandi fólk þá en nú er. Breytingar í atvinnuháttum hafa haft það í för með sér, að fólkið hefur

streymt frá landbúnaðinum til kaupstaðanna í von um að geta lifað þar við trygga og góða atvinnu, þó að slíkt hafi oft brugðizt.

Það hefði mátt búast við því, að landbúnaðarframleiðsla og framfarir í sveitum drægjust mikið saman, þegar vinnandi fólki sveitanna fækkaði, en reynslan er allt önnur. Með aukinni tækni við landbúnaðarstörfin hefur sveitafólki — þrátt fyrir fámennið — tekizt að halda framleiðslunni fyllilega í horfinu og stórum aukið og bætt ræktun túna og búpenings, enda er nú erfitt að fá fólk til vinnu í sveit og ekki nema á fárra færi að borga þann kostnað, sem því er samfara. Það er því ekki til of mikils mælzt, að bændur eigi þess jafnan kost að fá þau tæki til framleiðslunnar, sem reynzt hafa þeim bjargvættur á undanförnum árum, eins og heimilisdráttarvélarnar og jepparnir. Það er útilokað fyrir þorra bænda að auka og bæta ræktun túna án þess að hafa greiðan aðgang að þessum tækjum.

Það er ekki aðeins bjargföst trú bændanna sjálfra, að landbúnaðurinn eigi sér mikla framtíð, heldur er það líka að verða trú og skoðun margra forráðamanna þjóðfélagsins og ýmissa annarra, sem því miður hafa ekki allir möguleika á að gerast virkir þátttakendur í atvinnulífi sveitanna sakir fjárhagsörðugleika, þótt þeir hafi löngun til þess.

Það virðist ekki vera nein goðgá, þótt farið sé fram á, að bændurnir fái þau tæki til framleiðslunnar, sem ómissandi eru og þeir telja sig geta veitt sér, því að vissulega er þeim gjaldeyri sízt betur varið, sem fer fyrir ýmsar aðrar vörur, er litla þýðingu hafa fyrir framleiðsluna.

Í árslok 1949 voru jeppapantanir hjá Búnaðarfélagi Íslands 2000 og dráttarvélapantanir 1000. Síðan hafa verið fluttar inn um 240 dráttarvélar og nálægt 120 landbúnaðarbílar, svo að æði mikið vantar á, að þörfinni sé fullnægt.

Landbúnaðarbílar (jeppar, landrover) munu vera nálægt 1800 á öllu landinu og þar af um 460 skrásettir í Reykjavík. Dráttarvélar eru nálægt 1500, svo að það lætur nærri, að fjórði hver bóndi hafi dráttarvél, en varla sjötti hver bóndi landbúnaðarbíl. Það er því öllum augljóst, að hér er um að ræða mikla þörf á auknum vélakosti, svo að aðstaða og möguleikar bændanna við framleiðsluna batni.

Breyttir búnaðarhættir krefjast nýrrar tækni. Unga fólkið, sem nú vex upp í sveitum landsins, sættir sig ekki við gamlar og úreltar vinnuaðferðir. Það er heitasta ósk sveitafólksins, að enn þá megi synir þess og dætur ala aldur sinn í sveitunum, en eitt af því, sem stuðlar að því, að svo megi verða, eru nauðsynlegustu tæki til landbúnaðarins, svo að æskumenn og konur uni hag sínum við að byggja og nema landið, en flykkist ekki á mölina, þar sem nógir eru fyrir.

Eins og að er vikið í tillögunni, þarf að setja reglur, sem tryggja það, að hin innfluttu tæki verði ekki seld, lánuð eða leigð til annarra nota en landbúnaðarstarfa á sveitabýlum.

Ed. 82. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Aftan við 4. tölulið greinarinnar bætast nýir töluliðir:

1. B. 54 í 2. gr. laganna orðist svo:
   Ísafjarðarvegur: Frá Engjavegi í Ísafjarðarkaupstað um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð með hliðarvegum fram Seljalandsdal hjá Grænagarði og fram Tungudal hjá Seljalandsá í Skutulsfirði.
2. Á eftir B. 55 í sömu lagagrein kemur nýr liður:
   Engidalsvegur: Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.

Sþ. **83. Tillaga til þingsályktunar** [58. mál]

um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á fræðslulöggjöfinni, þar sem m. a. sé ákveðið:

1. Námsskylda í unglingaskólum sé numin úr lögum og árlegur skyldunámstími í barnaskólum styttur verulega, en þó sé skylt að veita börnum þá lágmarksfræðslu, sem nú er krafizt við barnapróf, og séu þau prófskyld frá 8 ára til 13 ára aldurs.
2. Allir eigi þess kost að ganga undir próf í bóklegum og verklegum greinum og ef þeir standast prófin að hljóta þau réttindi, sem þau veita, hvort sem þeir hafa búið sig undir próf með námi í skóla eða á annan hátt.

Lagafrumvörp um þessi efni séu lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Árið 1946 voru sett lög um skólakerfi og fræðsluskyldu og sérstök lög um fræðslu barna, gagnfræðanám, húsmæðrafræðslu og menntaskóla. Milliþinganefnd í skólamálum, skipuð árið 1943, hafði undirbúið lagasetninguna. Ákveðið var, að lögin skyldu koma til framkvæmda á árunum 1947—1953.

Þó að ekki séu liðin nema 5 ár síðan þessi fræðslumálalöggjöf öðlaðist gildi og hún sé ekki komin til framkvæmda að fullu, hefur þegar komið áþreifanlega í ljós, að enn þarf að gera breytingar á lagafyrirmælum um fræðslumálin. Einkum er þess brýn þörf að gera fræðslu og nám frjálslegra en það er nú.

Samkvæmt lögunum um fræðslu barna og um gagnfræðanám eru börn og unglingar skólaskyld frá því að þau eru 7 ára til 15 ára aldurs. Skólatíminn er ákveðinn 7—9 mánuðir ár hvert. Svo langvarandi skólavist meiri hluta ársins í 8 ár samfleytt er of þvingandi fyrir fjölda ungmenna á þessum aldri og kemur ekki að þeim notum, sem til er ætlazt. „Svo er margt sinnið sem skinnið", og því er ekki skynsamlegt að ætla öllum jafnlangan námstíma í skólum. Einn getur lokið því námi á fáeinum vikum, sem öðrum er um megn að ljúka á jafnmörgum mánuðum. Og margir þeir, sem hafa takmarkaða löngun eða hæfileika til náms á skólabekkjum, geta orðið nýtir menn í þjóðfélaginu, ef þeir fá þegar á unga aldri að kynnast og venjast þeim viðfangsefnum, sem eru þeim geðþekkust.

Í tillögu þessari er lagt til, að skólaskylda í unglingaskólum sé afnumin, og skyldunámstíminn í barnaskólum gerður skemmri en hann er nú, en þó sé skylt að veita börnum þá lágmarksfræðslu, sem nú er krafizt við barnapróf. Enginn vafi er á því, að yfirleitt er hægt að veita börnum þá uppfræðslu á skemmri tíma en þeim er nú skylt að verja til skólanáms, og engin skynsamleg ástæða er til þess fyrir löggjafarvaldið að skylda börn til lengri skólavistar en þeim er nauðsynleg til þess að hljóta þessa fræðslu. Sumir halda því hins vegar fram, einkum kaupstaðabúar, að langur skólatími sé börnunum nauðsynlegur, því að þau skorti viðfangsefni að öðrum kosti. Um þetta er það að segja, að ef einhverjir forráðamenn barna telja þeim hollt og gagnlegt að vera lengur við nám í barnaskóla en skyldan býður, ætti það að vera mögulegt.

Þótt skólaskylda í unglingaskólum verði afnumin, eins og hér er lagt til, er eftir sem áður þörf fyrir slíka skóla, sem veita þeim, er þess óska, framhaldsfræðslu, eftir að barnaprófi er lokið. Síðan taka við gagnfræðaskólar, sérskólar í ýmsum greinum, menntaskólar og háskóli. Verður þá fræðslukerfið byggt upp með svipuðu móti og nú er, en námsmenn ættu að eiga þess kost að hefja nám á hvaða skólastigi sem er, eftir því sem þekking þeirra eða verkkunnátta leyfir. Einkum

mun þörf að stefna að því, að menn eigi kost á fjölbreyttara námi í verklegum greinum.

Þess hefur þótt gæta mjög í þjóðlífinu á síðustu áratugum, að fólk leitaði frá hinum erfiðari störfum, svo sem framleiðsluvinnu á landi og sjó, að öðrum, sem minni líkamleg áreynsla fylgir, einkum skrifstofuvinnu, margs konar viðskiptum og fastlaunuðum störfum hjá opinberum stofnunum. Hér skal á engan hátt gert lítið úr hinum fjölbreytilegu viðfangsefnum ríkisstarfsmanna, sem þeir vinna að í þágu almennings, eða nauðsynlegri þjónustu í viðskiptalífinu. En vel má nú sjá merki þess, að aðdráttarafl þeirra starfsgreina fari minnkandi og að margt af því unga, þróttmikla fólki, sem er að vaxa upp í kaupstöðum og sveitum landsins, muni fremur kjósa sér önnur verkefni. Færra af ungu fólki leitar nú burt úr sveitunum en áður, og ýmsir þeir, sem áður hafa flutt sig úr sveitum til kaupstaða, vilja gjarnan hverfa til baka og taka upp fyrri störf, sem mörg eru nú auðveldari en áður vegna nýrrar tækni og vélamenningar. Eitt af því, sem bendir til slíkra straumhvarfa í þjóðfélaginu, er skoðanakönnun sú, sem skátar í Reykjavík stofnuðu til í haust í sambandi við starfsgreinasýningu, er þeir héldu. Skoðanakönnun þessi var þannig framkvæmd, að spurningin: „Hvað viltu verða?“ — var lögð fyrir fjölda ungra höfuðstaðarbúa, sem yfirleitt voru á aldrinu 7—17 ára. Rúmlega 1000 svöruðu spurningunni. Flestir kusu landbúnað, en næstflestir sjómennsku. Margfalt fleiri vildu vinna við þessa gömlu aðalatvinnuvegi þjóðarinnar heldur en við verzlun, og meira að segja bifreiðar og flugvélar, sem á síðari tímum hafa dregið til sín hugi margra drengja, urðu hér að þoka fyrir sveitabúskap og sjóferðum.

Enginn vafi er á því, að sýningar svipaðar þeirri, sem hér hefur verið nefnd, geta haft mikla þýðingu til að veita ungu fólki fræðslu og yfirsýn um þau fjölbreyttu störf, sem völ er á. Jafnframt þarf að veita unglingunum möguleika til að afla sér kunnáttu í þeim viðfangsefnum, sem þeir helzt kjósa að vinna að, án þess að skylda þá til skólavistar. Einnig þarf að veita mönnum óskorað athafnafrelsi við þau verk, sem þeir eru færir til, þótt þeir hafi ekki stundað skólanám. Lög um iðnfræðslu og iðnaðarmálefni eru nú svo úr garði gerð, að enginn getur tekið próf í smíðum, þótt listasmiður sé, og fengið réttindi til að vinna fyrir sér með smíði á borðum, stólum og öðrum húsgögnum, nema hann hafi stundað nám í iðnskóla og hjá meistara í iðninni árum saman. Svo er þetta einnig í öðrum iðngreinum. Hér þarf frelsi í stað óeðlilegra hindrana. Hæfileikamenn þurfa að eiga þess kost að ljúka prófi í hvaða grein sem er án skólagöngu, ef þeir eru til þess færir, og hljóta þau réttindi, sem prófin veita. Er að þessu vikið í 2. tölulið tillögunnar.

Til þess að koma fræðslumálunum í það horf, sem hér eru gerðar tillögur um, þarf að gera breytingar á mörgum lögum. Kostar það allmikla undirbúningsvinnu, og telja því flutningsmenn heppilegast, að ríkisstjórninni verði falið að láta semja lagafrumvörp um breytingarnar fyrir næsta þing.

Þegar vart verður straumbreytinga í þjóðlífinu, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi fræðslu- og skólamála, til þess að allar framkvæmdir í þeim efnum verði í sem beztu samræmi við þrár og þarfir æskumanna og komi þeim að sem fyllstum notum. Það er því ekkert tiltökumál, þó að oft þurfi að gera breytingar á lögum um fræðslumál og tilhögun þeirra. Með flutningi þessarar tillögu er fyrst og fremst stefnt að því að gera fræðslustarfsemina frjálslegri en hún er nú og um leið þroskavænlegri fyrir það unga fólk, sem á að erfa landið.

Skólalöggjöfin og framkvæmd hennar á að miðast við það, að börn, unglingar og fulltíða menn geti notið þeirrar fræðslu og þess náms, sem hugur þeirra stefnir til. En hitt ætti að varast, að leggja þvingandi fjötur skólaskyldunnar á þá ungu menn, sem hafa ekki áhuga fyrir skólanámi, en dreymir allа daga og nætur um víkingaferðir á höfum úti eða fallega sveitabæi, góðhesta, kindur og gróandi jörð.

Nd. 84. Breytingartillaga [24. mál]

við brtt. á þskj. 36 [Vegalög].

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Við lið 2. b. Liðurinn orðist svo:
Vetleifsholtsvegur: Af veginum vestan við Ægissíðu um Vetleifsholt að Rifshalakoti.

Ed. 85. Frumvarp til laga [59. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Á árinu 1952 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1952 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er framlenging á ákvæðum laga nr. 106/1950, að öðru leyti en því að 4. gr. laganna er ekki tekin upp í frumvarpið, en í henni eru ákvæði um, að ekki sé heimilt að hækka álagningu á vörur vegna tollhækkana samkv. lögunum. Verðlagseftirlit á flestum vörum, sem frumvarpið tekur til, hefur verið lagt niður, og þykir ekki ástæða til að halda þessu ákvæði varðandi þær vörur, sem enn eru háðar verðlagseftirliti, enda er það á valdi Fjárhagsráðs að hafa hemil á álagningu á tollahækkanir þessar, eftir því, sem ástæða þykir til.

Nd. 86. Frumvarp til laga [60. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1952, með þeim breytingum á 21., 24., 26. og 30. gr. laganna, sem greinir í 2.—5. gr. laga nr. 112 28. des. 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum þeim, sem gerðar voru á þeim á síðasta Alþingi.

Nd. 87. Frumvarp til laga [61. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1952 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1952.
b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjald og lestagjald.
e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.

f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er um að ræða framlenging á ýmsum gjaldahækkunum, sem gilda í ár, og sömu ástæður eru nú sem áður fyrir þeim.

Ed. 88. Frumvarp til laga [62. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú mótmælir eigandi ítaks sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er honum þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir

menn telji nýtingu ítaksins mun meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, er æskir kaupanna. Sé hins vegar ítak meiri hluti eða öll þau hlunnindi, er liggja í eða fyrir landi annarrar jarðar og báðum hlutaðeigandi jörðum álíka mikil nauðsyn á nýtingu þess, er matsmönnum heimilt að skipta því milli þeirra. Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist að jöfnu af báðum aðilum, en yfirmat af þeim, er þess æskir, ef engin breyting verður, en ella á sama hátt og við undirmat.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, sbr. þó 5. gr., hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var á síðasta þingi afgreitt frá neðri deild með rökstuddri dagskrá og þess óskað, að búnaðarþing fengi málið til umsagnar. Þangað sendi hæstv. ríkisstjórn málið, og lagði búnaðarþing einróma til, að frumvarpið yrði samþykkt, en 5. gr. þess breytt.

Frumvarpið er flutt hér eins og búnaðarþing lagði til, að það yrði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að athuga nánar orðalag 5. gr. milli 1. og 2. umræðu.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um breyting á gjaldskrá landssímans.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason og Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að gjaldskrá landssímans verði breytt þannig, að ekki verði innheimt fjarlægðargjald af símanotendum í þéttbýlustu byggðahverfunum í nágrenni Reykjavíkur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt seint á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Afnotagjald af heimilissíma í Reykjavík er nú 180 kr. á ársfjórðungi og auk þess 20 aurar fyrir hvert samtal, sem er umfram 800 samtöl á ársfjórðungnum. Þessi gjaldskrá gildir fyrir Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossvogsveg beina leið í Fossvog. Utan þessara takmarka er reiknað fjarlægðargjald, 15 kr. ársfjórðungslega, fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en 20 kr. fyrir hverja byrjaða 500 metra þar fram yfir.

Í nágrenni Reykjavíkur eru nú ýmis þéttbýl byggðahverfi, fyrst og fremst í Kópavogi og fyrir ofan Elliðaár. Notendur síma á þessum stöðum verða að greiða framangreint fjarlægðargjald og auk þess hærra stofngjald en aðrir, sem bæjarsímakerfið nota. Veldur þetta því, að notkun síma verður mjög dýr á þessu svæði.

Áður var fjarlægðargjald innheimt í ýmsum úthverfum Reykjavíkur, svo sem í Langholtsbyggð (Kleppsholti) og á Seltjarnarnesi. Frá því hefur verið horfið, svo sem eðlilegt og sanngjarnt var. Hætt hefur og verið að innheimta fjarlægðargjald í nágrenni Hafnarfjarðar. Er því kominn tími til að afnema það líka í næsta nágrenni Reykjavíkur. Engum er meiri nauðsyn á afnotum síma en einmitt þeim, sem í útjöðrum bæjarins búa, og því óeðlilegt að torvelda þeim notkunina með mjög háum afnotagjöldum. Sú verðjöfnun, sem í þessu felst, hefur mjög litla fjárhagsþýðingu fyrir landssímann og er smávægileg borið saman við þá miklu verðjöfnun, sem framkvæmd er milli kaupstaða annars vegar og dreifbýlisins hins vegar.“

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því í sambandi við endurskoðun bankalöggjafarinnar, sem nú er hafin, að unnið verði að því eftirleiðis með sérstökum ráðstöfunum, að þeir, sem koma vilja upp nauðsynlegum íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum, geti fengið til þeirra hæfileg 1. og 2. veðréttar lán með viðunandi kjörum og að byggingarfélög verkamanna, byggingarsamvinnufélög og aðrir, sem byggja smáar íbúðir til eigin nota, verði látnir sitja fyrir slíkum lánum, enda verði, ef með þarf, komið upp sérstakri veðlánastofnun í þessum tilgangi, er hafi milligöngu um útvegun fjármagns innanlands og utan til íbúðarhúsabygginga.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er eru mikil vandkvæði á því nú að fá lán til íbúðarhúsabygginga, og eitt af því, sem algerlega skortir hér á landi, eru almennir möguleikar fyrir hæfilegum 1. og 2. veðréttar lánum út á íbúðarhús, sem byggð eru eða eigendaskipti verða að. Það er þó eitt aðalskilyrði fyrir viðunandi lausn húsnæðismálanna, að svo sé séð um af hálfu fjármálamanna og — ef með þarf — af hálfu hins opinbera, að slík lán séu fáanleg.

Veðdeild Landsbanka Íslands var stofnuð með lögum frá 1900, og var henni ætlað það hlutverk að veita lán um langt árabil með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum. Síðan voru með nýjum lagasetningum stofnaðir margir nýir lánaflokkar í veðdeildinni og veitt til þess aukið fé. Kom þetta að miklu liði, þrátt fyrir það að hér var aðeins um 1. veðréttar lán að ræða og þrátt fyrir það að lánsupphæðin var takmörkuð. Á síðari árum hefur dregið úr starfsemi þessari, enda lán þau, sem veitt eru, svo lítil miðað við núverandi byggingarkostnað, að lítil hjálp er að, auk þess sem lánin eru veitt í veðdeildarbréfum, sem ekki munu seljast nema með allt að 35% afföllum.

Lánastofnanir, aðrar en veðdeild Landsbankans, lána lítið eða ekki neitt út á íbúðarhúsabyggingar, nema helzt Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, sem hefur veitt slík lán eftir því, sem fé hefur verið fyrir hendi. Þá hefur byggingarsjóður kaupstaða og kauptúna lánað fé til verkamannabústaða, en fjárráð sjóðsins hafa, einkum miðað við byggingarkostnað síðari ára, verið af skornum skammti og hefur það dregið úr eðlilegri byggingarstarfsemi byggingarfélags verkamanna. Byggingarsamvinnufélög, sem ætlað er samkvæmt lögum nr. 44 frá 1946 að veita félagsmönnum sínum 1. og 2. veðréttar lán, hafa ekkert fé til starfsemi sinnar þrátt fyrir ákvæði í nefndum lögum um ábyrgð ríkissjóðs á lántökum byggingarsamvinnufélaga, og hefur reynsla undanfarinna ára verið sú, að skuldabréf með ábyrgð ríkis-

sjóðs hafa lítt eða ekki verið seljanleg nema með miklum afföllum, nema þá helzt að því leyti sem lífeyrissjóður opinberra starfsmanna hefur getað keypt slík bréf.

Þær stofnanir, sem treyst er á til þess að veita lán til íbúðarhúsabygginga, eru því að mestu lokaðar, og það fé, sem mönnum tekst að fá lánað til þessara hluta, fá þeir að mestu leyti utan við bankana, þ. e. hjá einstaklingum, sem halda peningaeign sinni utan bankanna og lána hana til skamms tíma með háum vöxtum, jafnvel okurvöxtum. Er því auðsætt, að sú aðferð bankanna að spara útlánin í þeim tilgangi að hafa meira rekstrarfé, er ekki einhlít til að ná tilætluðum árangri, því að innstæður í bönkunum standa í stað eða minnka og fénu er varið til útlána, en aðeins utan við bankana. En þörfin fyrir fé til íbúðarhúsabygginga er svo mikil, að það að fá peninga að láni, þótt með ókjörum sé, þykir oft góður kostur. Skapar þetta þó mönnum mikla erfiðleika og gerir allar byggingarframkvæmdir stórum dýrari en verða mundi með hagkvæmum lánum. Þeir, sem af litlum efnum eru að reyna að koma sér upp íbúðum til eigin nota, hvort heldur þeir eru í byggingarfélagi eða einir sér, verða einkum hart úti vegna lánsfjárvöntunar og því sérstök ástæða til þess, að þeir yrðu látnir sitja fyrir lánum, sem hægt væri að veita út á húseignir.

Við framtíðarskipan þessara mála þarf að vinna að því að útvega fjármagn, sem hægt sé að lána með viðunandi kjörum, og jafnframt að skapa öryggi um lánsmöguleika manna í stað þeirrar óvissu, sem nú ríkir, enda þótt þeir möguleikar hljóti ávallt að vera nokkuð komnir undir sparnaðargetu þjóðarinnar. Stefna ber að því, að hver sá maður, sem hefst handa um byggingu íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, geti gengið að því nokkurn veginn vísu þegar í byrjun, að hann fái lán og hve háa upphæð hann fær á sínum tíma gegn 1. og 2. veðrétti út á hús sitt.

Ef komið væri upp sérstakri veðlánastofnun, mundi hlutverk hennar vera tvíþætt: annars vegar að veita með sanngjörnum kjörum lán til íbúðarhúsabygginga og hins vegar hafa milligöngu um útvegun fjármagns til veðlána. Nauðsynlegt er að ná tökum á því fjármagni, sem er í umferð til íbúðarhúsabygginga, og lána það út með eðlilegum hætti. Þá ber og nauðsyn til að verja öðru innlendu fjármagni til þessarar starfsemi, eftir því sem unnt er á hverjum tíma, og einnig þarf að útvega til hennar erlent fjármagn. Hér hafa að undanförnu verið geysimiklar byggingarframkvæmdir eingöngu fyrir innlent fjármagn. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum hafa enn þá ekki verið teknar þannig sem ein heild, að til þeirra hafi verið útvegað erlent fjármagn, eins og þó hefur verið gert um ýmis stórfyrirtæki. Veðlánastofnun, sem eingöngu hefði þessi mál með höndum, mundi eiga auðveldara með það en aðrar lánsstofnanir og sjóðir að hafa milligöngu um slík lán, og mætti þá vænta þess, að starfsemi slíkrar stofnunar gæti orðið til þess, að aukið fjármagn innlent og erlent fengist til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. 91. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 1949, um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Í kostnaði við að reisa sjúkrahús eða sjúkraskýli er innifalið andvirði nauðsynlegs húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur verið litið svo á, að skilja bæri ákvæðin í lögum um framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga þannig, að þar komi eigi til greina annað en kostnaðurinn, sem leiðir af húsbyggingunni einni saman. Af þessu leiðir, að ríkisframlagið tekur ekki að neinu leyti til þess kostnaðar, sem leiðir af því að afla húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja í sjúkrahúsin. Í nýtízku sjúkrahúsum er andvirði þessara áhalda allverulegur hluti af stofnkostnaði sjúkrahússins.

Reynslan hefur sýnt, að þeim, sem standa að byggingu stórra og dýrra sjúkrahúsa, verður mjög fjárvant til þess að reisa rönd við kostnaðinum, eins og nú er háttað um stuðning þess opinbera við þessi fyrirtæki. Það verður því eigi hjá því komizt, ef kleift á að reynast að hrinda í framkvæmd nauðsynlegustu aðgerðum á sviði heilbrigðismála, að aukið verði framlag frá ríkinu til sjúkrahúsbygginga. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að skýrt sé kveðið á um það, að í kostnaði við að reisa almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli sé innifalið andvirði húsbúnaðar, áhalda og lækningatækja. Tekur ríkisframlagið þá til alls stofnkostnaðar, og er það í fullu samræmi við yngri löggjöf um hliðstæð efni, skólabyggingar o. fl.

Ed. 92. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Fyrir „1945—1946“ í 3. málsl. 1. málsgr. í 1. gr. laganna komi: 1945—1952.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Kostnað við að fullgera orkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur með línu til Hríseyjar skal greiða af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 52 frá 3. marz 1945 var ríkisstjórninni heimilað að byggja nokkrar raforkuveitur á árunum 1945—46 og að taka allt að 12 millj. kr. lán til þess. Munu raforkuveitur þær, er ákveðnar eru í lögum þessum, nú fullgerðar, nema aðeins línan frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar. Háspennulína er þar komin um það bil hálfa leið, eða til Hjalteyrar. Virðist nú vera kominn tími til, að ákvæðum þessara laga og þeim loforðum, sem í þeim felast, sé fullnægt, enda hin mesta þörf á því. Dalvík er með stærstu kauptúnum landsins. Í Hrísey er allstórt þorp. Á milli Akureyrar og Dalvíkur eru þéttbyggðar sveitir og þrjú þorp. Virðist því auðsætt, að ef raforkuveitur eiga á annað borð rétt á sér hér á landi, þá sé það þarna.

Lögin áttu að framkvæmast á árunum 1945 og 1946, en því er ekki lokið enn. Er þá rétt að ákveða, að það skuli gert á næsta ári.

Í lögunum var ríkisstjórninni heimiluð lántaka til byggingar rafveitnanna. Nú er vitað, að ríkissjóður mun hafa mikinn tekjuafgang á yfirstandandi ári, og virðist því óþarfi að taka lán til að ljúka þeim framkvæmdum, sem eftir eru. Er

því hér lagt til, að kostnaðurinn greiðist af tekjuafgangi þessa árs. Er eðlilegt að verja tekjuafganginum að verulegu leyti til að greiða skuldir, en líta má svo á, að hér sé um eins konar skuld að ræða.

Að áliti raforkumálastjóra mun lína sú, sem hér um ræðir, ásamt heimtaugum, kosta um 4.5 millj. kr.

Nd. 93. Frumvarp til laga [67. mál]

um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skulu njóta árlegra heiðurslauna úr ríkissjóði að upphæð 18000 kr. hver.

2. gr.

Skáld, rithöfundar og aðrir listamenn, sem notið hafa heiðurslauna samkv. 1. gr. í 5 ár, skulu njóta þeirra ævilangt. Skulu þeir skipa listarráð (akademi) og vera menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir.

3. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna umfram heiðurslaun þau, sem um ræðir í 1. gr., skal úthluta í þremur flokkum, og skal upphæð einstakra fjárveitinga í hverjum flokki vera 9000 kr., 6000 kr. og 3000 kr.

4. gr.

Alþingi ákveður með ályktun sameinaðs þings, hver skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta heiðurslauna samkv. 1. gr. Úthlutun fjár samkv. 3. gr. annast menntamálaráð, en jafnan skal það senda listarráði og heimspekideild Háskóla Íslands til umsagnar tillögur þær, sem fram koma innan ráðsins, áður en ákvörðun er tekin. Skal úthlutun lokið í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir samþykkt fjárlaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv., að mestu leyti samhljóða þessu frv., hafa verið flutt á þrem síðustu þingum, en eigi orðið útrædd.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir um nauðsyn þess að koma fastari skipun á úthlutun listamannalauna. Stjórnskipuð nefnd starfaði að málinu fyrir fimm árum og samdi frv. til laga um þessi efni. Bandalag íslenzkra listamanna hefur og fjallað um málið og samið frv. um úthlutun launa til listamanna. Ekki hefur þó komið til lagasetningar um þessi efni enn, og er það mjög miður. Um alllangt skeið undanfarið hafa orðið óeðlileg og óheppileg átök um úthlutun þess fjár, sem veitt er árlega í fjárlögum til skálda, rithöfunda og annarra listamanna. Að verulegu leyti hafa deilur þessar átt rót sína að rekja til þess, að ekki hefur gætt æskilegrar stefnufestu af hálfu ríkisvaldsins um úthlutun fjárins, enda hefur hún verið í höndum ýmissa aðila, þ. e. Alþingis sjálfs, menntamálaráðs, listamanna sjálfra að nokkru leyti og nú síðast þingkjörinna nefnda. Ýmsum og ólíkum reglum hefur verið fylgt um skiptingu fjárins frá ári til árs, og hefur skáldum og rit-

höfundum verið skipt í allt að 11 flokka, tónlistarmönnum og leikurum í allt að 8 flokka og myndlistarmönnum í allt að 4 flokka. Hin nákvæma flokkun listamannanna hefur verið mjög óheppileg og valdið miklu um þann styr, sem að jafnaði hefur staðið um úthlutunina, enda hlýtur slík flokkun að minna á einkunnagjöf í skóla, og hefur úthlutunin raunar stundum borið nokkurn keim af því, að hún skyldi jafngilda einkunnagjöf.

Meginatriði þessa frv. er, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn skuli njóta fastra heiðurslauna að upphæð 18000 kr. á ári. Hæstu skáldalaun hafa undanfarið numið 18000 kr., en þau laun hafa aðeins fáir hlotið. Allmargir hafa hins vegar fengið 12000—15000 kr. Flm. þessa frv. telur eðlilegt og réttmætt, að allt að tólf skáld, rithöfundar og aðrir listamenn njóti sérstakra og allríflegra heiðurslauna og haldi þeim ævilangt, ef þeir hafa verið taldir þeirra maklegir fimm sinnum. Ætti aðstaða þeirra listamanna, sem mestrar viðurkenningar njóta, að geta orðið örugg og ekki hætta á stöðugum deilum um úthlutun fjár til þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem ákveðið hefur verið, að njóta skuli heiðurslauna ævilangt, skipi listarráð (akademi) og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis og leiðbeiningar um málefni, er varða listir, auk þess sem listarráð getur að sjálfsögðu valið sér sjálfstæð verkefni. Því fé, sem veitt er í fjárlögum til listamanna umfram þær allt að 216000 kr., sem heiðurslaunin gætu numið, skal síðan skipt milli annarra rithöfunda, skálda og listamanna, en þó þannig, að því fé verði ekki úthlutað í nema þremur flokkum. Auk heiðurslaunaflokksins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir tveimur flokkum fjárveitinga til viðurkenndra listamanna (9000 kr. og 6000 kr.) og enn fremur sérstökum flokki (3000 kr.) til uppörvunar efnilegum byrjendum fyrst og fremst.

Þótt frv. þetta verði að lögum, fylgja því að sjálfsögðu engin ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Það fjallar einvörðungu um skiptingu þess fjár, sem veitt er í fjárlögum til listamanna, en það er að vísu lögbundið, að allt að tólf mönnum skuli jafnan veita árleg heiðurslaun að upphæð 18000 kr. Miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er listamönnum í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir 1952, þ. e. 630000 kr., yrði hægt að úthluta 414000 kr. til annarra en þeirra, sem heiðurslauna mega njóta.

Í frv. er Alþingi ætlað að taka ákvörðun um, hverjir njóta skuli heiðurslauna, og því er einnig ætlað að ákveða, með endurveitingu tilskilinn tíma, hverjir skipa skuli listarráð. Menntamálaráði er hins vegar falin úthlutun fjár til annarra listamanna, en þó gert ráð fyrir því, að jafnan sé leitað umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, áður en ákvörðun er tekin. Eins og nú er komið málum, sýnist ástæðulaust að velja sérstakar nefndir til að annast þessa úthlutun og eðlilegast að fela það menntamálaráði, enda hefur það önnur skyld störf með höndum. Hins vegar er það nýmæli, að leita skuli umsagnar listarráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands. Fyrst gert er ráð fyrir því, að hinir viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar skipi listarráð (akademi), virðist sjálfsagt, að menntamálaráð leiti umsagnar þeirra, áður en það tekur ákvarðanir um fjárveitingar til annarra listamanna, en um laun þeirra sjálfra hefur Alþingi þegar tekið endanlega ákvörðun. Umsögn heimspekideildar Háskóla Íslands ætti og að geta verið menntamálaráði til hinnar gagnlegustu leiðbeiningar.

Ætti með þessu móti að fást mjög aukin trygging fyrir því, að vel sé vandað til ákvarðana í þessu efni, svo að ekki þyrfti að standa um þær óeðlilegur og hvimleiður styr.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um rannsókn á brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta ári rannsaka brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi og gera kostnaðaráætlun um brú þar.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er nú hafizt handa um hafnarbætur í Þorlákshöfn. Hafa verið gerðir út þaðan tvö s. l. ár 5 vélbátar um og yfir 20 tonn, auk nokkurra smærri báta á vetrarvertíð. Hafnarbótum er haldið áfram, og mun útgerð aukast, eftir því sem skilyrði batna til viðlegu fyrir fleiri báta. Þá má geta þess, að á s. l. sumri var lagt þar upp vörum, aðallega byggingarefni, sem síðan var flutt á bílum að Selfossi. En leiðin frá Þorlákshöfn að Selfossi er rúmlega 40 km. Vöruflutningar til Þorlákshafnar munu aukast mjög með bættum hafnarskilyrðum. Er þá nauðsyn á greiðum samgöngum á landi og mikilsvert að nota skemmstu leið. Ef brú kæmi á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, styttist leiðin frá Þorlákshöfn að Selfossi um 12—13 km og lægi þá um Eyrarbakka, en þaðan eru 12 km að Selfossi, en 6 km að Stokkseyri. Á þennan hátt kæmust hin hafnlausu þorp í náið samband við Þorlákshöfn. Með þessi sjónarmið fyrir augum er þessi tillaga fram komin.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um lánastarfsemi veðdeildar Landsbankans.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hlutast til um, að útlánareglum veðdeildarinnar við Landsbanka Íslands verði þegar á næsta ári breytt á þann veg, að unnt sé að festa fyrsta veðrétt fasteigna í slíkum lánum, en til þess að starfsemi veðdeildarinnar nái upphaflegum tilgangi sínum, þurfa lánsupphæðir að margfaldast frá því, sem nú er, og mættu þær helzt ekki nema minna en 50—70% af núverandi byggingarkostnaði.

Jafnframt sé lagt fyrir ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til greiðrar sölu veðdeildarbréfa með sem allra minnstum afföllum frá nafnverði þeirra.

Greinargerð.

Með stofnun veðdeildarinnar við Landsbanka Íslands árið 1900 var stigið merkilegt spor í bankamálum hér á landi. Hlutverk veðdeildarinnar skyldi verða það að veita lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum. Það hámarksákvæði var sett, að lánsupphæðin mátti þá ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar, en hún var líka lengi vel nálægt 50% af kostnaðarverði hinnar veðsettu eignar og sjaldan mikið fyrir neðan það.

Mun það vera flestra manna mál, að veðdeildin hafi lengi vel leyst margra vanda, glætt athafnaþrá og örvað stórlega til framkvæmda. En nú er þetta á annan veg. Hin síðari ár hefur veðdeild Landsbankans komið að næsta litlu gagni og leyst fárra vanda.

Nú er að vísu búið að breyta því á pappírnum, að lánsupphæðir úr veðdeildinni megi nema allt að 75% af virðingarverði fasteignar, og sýnist því svo í fljótu bragði

sem hámark lánveitinga úr deildinni hafi verið hækkað, en í framkvæmdinni er þó fjarri því, að svo sé.

Svo sem kunnugt er, mun byggingarkostnaður íbúðarhúsa nú vera kominn upp í 700 krónur teningsmetrinn eða jafnvel þaðan af meira. Hins vegar mun veðdeild Landsbankans nú ekki lána nema ca. 55 krónur á teningsmetra í vönduðum íbúðarhúsum gegn fyrsta veðrétti — eða ca. ⅓ hluta af raunverulegum byggingarkostnaði. Þetta þýðir, að það er gersamlega útilokað, að menn geti fest fyrsta veðrétt fyrir slíkum smálánum — og það því síður sem lánin eru svo af bankans hendi greidd út — ekki í peningum, heldur í veðdeildarbréfum, sem naumast eru nú almennt seljanleg nema með 25—30% afföllum.

Að vísu stendur svo í 9. gr. laganna um stofnun veðdeildarinnar:

„Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.“

Vissulega mun þetta lagaákvæði vera enn þá í gildi, en samt sem áður virðist það vera orðið dauður bókstafur í reyndinni. Veðdeildarbréfin eru orðin verzlunarvara ýmissa spákaupmanna og spekúlanta, sem krefjast allt upp í 25—30% af nafnverði bréfanna fyrir snúð sinn við að koma þeim í peninga. Gerir þetta svartamarkaðsbrask sitt til þess að veðdeildarlán eru, eins og nú standa sakir, ónothæf almenningi til fyrirgreiðslu í húsbyggingamálum. Lánin eru, eins og að framan segir, svo lág, að í fullu ósamræmi er við núverandi byggingarkostnað; og vegna affallanna eru þau í ofanálag orðin rándýr lán, í stað þess að það átti í upphafi að vera hlutverk veðdeildarinnar að útvega fasteignaveðslán með vægum vaxtakjörum. Hefur þannig í flestum aðalatriðum borið mjög af réttri leið í þessari bráðnauðsynlegu lánastarfsemi.

Er það von flutningsmanna tillögunnar, að háttv. Alþingi vilji leggja fyrir ríkisstjórnina að kippa þessu máli í framkvæmdinni til réttrar áttar, bæði með hækkun lánveitinga til samræmis við byggingarkostnað og eins með því að tryggja sölu veðdeildarbréfa að eðlilegum viðskipaleiðum.

Ed. 96. Frumvarp til laga [70. mál]

um afnám laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og öll lagaákvæði um breytingar á þeim lögum falli úr gildi 31. desember 1951.

2. gr.

Fyrir 1. október 1952 skal ríkisstjórnin hafa undirbúið löggjöf um afnám þeirra embætta, sem stofnuð hafa verið vegna framkvæmdar tekju- og eignarskattslaganna. Skal ríkisstjórnin enn fremur undirbúa fyrir sama tíma breytingu á lögum um tollskrá, er bæti ríkissjóði upp þann mismun á tekjum og gjöldum, sem áætla má að verði við afnám tekjuskattslaganna, svo og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sem gera verður í sambandi við afnám þeirra, og leggja þetta fyrir næsta Alþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo að segja á hverju þingi hafa verið flutt frv. um breytingar á gildandi skattalöggjöf. Sýna þessi frv., hversu það er talið aðkallandi að fá lögunum breytt, enda hefur margsinnis verið gerð um það krafa til ríkisstjórnarinnar, að hún léti fara fram endurskoðun á lögunum, þótt þetta hafi enn ekki borið neinn árangur. Á þessu þingi hafa þingmenn enn fundið sig knúða til þess að bera fram frv. til laga um breytingar á þessum lögum, og svo mun verða svo lengi sem lögin eru í gildi óbreytt.

Við afgreiðslu í fjárhagsnefnd á einu slíku frv., sem borið var fram á síðasta þingi (þingmál nr. 38) um breytingar á skattalögunum, gaf ég út minni hl. nefndarálit á þskj. 318, dags. 9. des. f. á., þar sem ég lagði til, að lögin um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935, skyldu felld úr gildi frá 31. des. þ. á., og færði fram mörg og sterk rök fyrir því, að þau ættu ekki lengur neinn rétt á sér, enda þjóðinni á margan hátt skaðlegt, bæði siðferðislega og fjárhagslega, að viðhalda þeim. Læt ég nægja að vísa hér til þeirra gagna. Tillaga mín um þetta náði þá ekki fram að ganga — né nein af þeim breytingum öðrum, sem bornar voru fram á þinginu við þessi lög. Ég hef síðan átt samtöl við fjölmarga úr öllum stéttum þjóðfélagsins um þetta mál, og hafa þeir allir látið í ljós við mig þá skoðun, að mál þetta hafi verið eitt af hinum merkustu málum þingsins og enginn sómi að afgreiða það á þann hátt, sem gert var. Í hópi þessara manna eru sumir hverjir þeir, sem langmesta þekkingu hafa öðlast á þessum málum vegna langrar lífsreynslu, sem ekki verður gengið fram hjá, þegar dæma skal um það, hvort rétt sé að afnema lögin eða halda þeim við. En auk þess hefur nú komið í ljós betur en nokkru sinni áður, hversu takmarkalaust ríkissjóður gengur á tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, svo að þau fá ekki risið undir þeim útgjöldum, sem þeim eru óhjákvæmileg, enda er nú komið svo, að ríkissjóður átti útistandandi hjá sveitarsjóðunum um síðustu áramót um 8 millj. króna, sem hann hefur orðið að greiða fyrir þá vegna lána, sem hann er í ábyrgð fyrir. Hefur enn fremur orðið að áætla 7 millj. á útgjaldalið fjárlaga fyrir næsta ár til áframhaldandi útgjalda af þessum ástæðum, til viðbótar við 5.5 millj., sem áætlaðar voru í þessu skyni á fjárlögum yfirstandandi árs. Sýnir þetta skýrast þá þróun, sem er að verða í þessum málum, beinlínis vegna þess, hversu gengið er nærri tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga, m. a. með gildandi tekju- og eignarskattslögum. Af þessum ástæðum, sem að framan greinir, er mál þetta borið fram á ný og nú í frumvarpsformi. Er þess vænzt, að það fái samþykki beggja deilda þingsins á þessu ári.

Ed. 97. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en ég er andvígur því. — Sósíalistaflokkurinn hefur jafnan verið andvígur tollahækkunum þeim, sem í frumvarpinu felast, og er það ekki síður nú. Ég legg því til, að greinar frumvarpsins verði felldar, að undantekinni 3. gr.

Alþingi, 19. okt. 1951.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 98. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Hins vegar vill nefndin í sambandi við þetta mál, sem er um eins árs framlengingu heimildarlaga, sem gilt hafa um langt árabil, endurnýjuð árlega, beina því til ríkisstjórnarinnar að láta athuga, hvort ekki sé réttara framvegis, þar sem líkt stendur á, að lögð séu fram frumvörp til breytinga á sjálfum stofnlögunum, heldur en að endurtaka með aukalögum sömu breytingar frá ári til árs, þegar reynsla er búin að staðfesta nauðsyn og réttmæti þeirra lengur en til bráðabirgða.

Alþingi, 19. okt. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 99. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi lög. Við þá athugun reyndist vera prentvilla í 1. gr. frv., 200% í stað 250%.

Nefndin klofnaði í málinu, og skilar minni hl. (BrB) sérstöku nefndaráliti.

Vér undirritaðir nefndarmenn leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. A., b-lið. Fyrir „200%“ kemur: 250%.

Alþingi, 19. okt. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson.

Nd. 100. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 9 6. febr. 1951, um breyt. á og viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum frá 16. júní s. l. um verðlagningarheimild á landbúnaðarafurðum. — Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. okt. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Ásm. Sigurðsson. Andrés Eyjólfsson.

Nd. 101. Frumvarp til laga [71. mál]

um ráðstöfun fjár úr mótvirðissjóði til atvinnu- og framleiðsluaukningar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að verja allt að 50 millj. kr. úr mótvirðissjóði til lánveitinga til bæjar- og sveitarfélaga í því skyni að bæta framleiðsluskilyrði þeirra.

2. gr.

Þá er ríkisstjórninni enn fremur heimilað að verja úr mótvirðissjóði allt að 30 millj. kr. til lánveitinga í landbúnaði, og renni sú upphæð til Búnaðarbanka Íslands og skiptist milli hinna þriggja aðaldeilda bankans: byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar — eftir tillögum bankastjórnar bankans og nýbýlastjórnar.

Lán úr mótvirðissjóði samkvæmt þessari grein skulu veitt til 20 ára með 4% ársvöxtum.

3. gr.

Til þess að gera tillögur um ráðstöfun þess fjár, er um ræðir í 1. gr., kýs Alþingi 5 manna nefnd. Skal hún gera tillögur til atvinnumálaráðherra um lánveitingar af fé þessu, en ráðherra ákveður síðan um lánveitingu.

4. gr.

Heimilt er að lána bæjar- og sveitarfélögum fé það, er um ræðir í 1. gr., til 20 ára með 4% ársvöxtum, enda samþykki nefnd sú, er um ræðir í 3. gr., ráðstöfun fjárins og tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánunum.

5. gr.

Lánum þessum skal fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum til aukinna atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar, svo sem byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og annarra framkvæmda, sem miða að bættri aðstöðu við hagnýtingu sjávarafurða.

6. gr.

Heimilt er bæjar- eða sveitarfélögum að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé þá jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnuaukningar á staðnum.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú í sumar eru liðin 5 ár síðan hin svokallaða Marshallaðstoð kom til framkvæmda. Samkvæmt henni hefur Íslendingum verið úthlutað verulegum fjárhæðum. Samkvæmt opinberum upplýsingum nam mótvirðissjóður, sem af þessu fé er myndaður, 100 millj. kr. um síðustu áramót. Enn fremur hefur verið upplýst, að í hann muni koma á þessu ári 156 millj. kr., svo að samtals er hér um að ræða 250—260 millj. kr. Þótt gert sé ráð fyrir, að leyfi fáist til að verja fé úr sjóðnum samkvæmt þeim áætlunum, er þegar hafa verið gerðar, þ. e. 25 millj. til áburðarverksmiðju, 75 millj. til Sogs- og Laxárvirkjana og 50 millj. til að greiða skuldir ríkisins við

Landsbankann, þá ættu samt að verða á annað hundrað millj. kr. í sjóðnum um næstu áramót. — Áður hefur allmiklu af Marshallfé verið varið til ýmissa framkvæmda, t. d. til byggingar síldar- og fiskimjölsverksmiðja við Faxaflóa. Þá hefur síldarbræðsluskipið Hæringur og verið keyptur fyrir það fé.

Nú verður því ekki neitað, að eins og ráðstöfun þessa fjár hefur verið fram að þessu hefur skapazt nokkurt misræmi milli hinna ýmsu landshluta. Sá stóri hluti, sem þegar hefur verið ráðstafað, hefur að mestu farið til framkvæmda í Reykjavík og nágrenni hennar, og þótt skylt sé að viðurkenna, að þar sé í flestum tilfellum um nauðsynlegar þjóðþrifaframkvæmdir að ræða, þá verður ekki hjá því komizt að gera þá kröfu fyrir hönd annarra landshluta, bæði sveita og bæja, að þeir fái einnig verulegan hluta þessa fjár til atvinnulegrar uppbyggingar og framleiðsluaukningar.

Nú er svo ástatt í atvinnumálum margra bæja og þorpa úti á landi, bæði á Austur-, Norður- og Vesturlandi, að margir fjölskyldufeður eru komnir í vinnu við byggingu hermannaskála á Keflavíkurflugvelli til að vinna þannig fyrir nauðsynjum heimila sinna. Hlýtur hver maður að viðurkenna, að þótt menn lúti að slíkum úrræðum, þegar nauðsyn ber að dyrum og ekki er í annað hús að venda, þá fer því fjarri, að slíkt sé nokkur viðunandi lausn á atvinnuvandamálum viðkomandi staða. Ef þessu heldur áfram, hlýtur það að valda enn auknum straumi fólks utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og nágrennis hennar. Ættu stjórnarvöld landsins sízt að stuðla að þeirri þróun, svo mjög sem hún hefur fram að þessu verið talin þjóðarógæfa. En til þess að ráða þá bót á þessum vandræðum, sem dugað geti til frambúðar, þarf að byggja upp í þau skörð, sem enn þá eru ófyllt hvað atvinnulíf og framleiðslugetu þessara staða áhrærir.

Um landbúnaðinn má segja svipað, nema þar mun lánsfjárþörfin vera enn þá meira alhliða. Og til að undirstrika það, að báðir þessir aðilar, sveitabyggðirnar og sjávarplássin úti um land, sem lítils eða einskis hafa notið af umræddu fjármagni til þessa, eigi rétt á sínum hluta þess, leggjum við til, að sá réttur beggja sé tryggður með samþykkt þessa lagafrumvarps og þannig stutt að því að tryggja fjárhagslega uppbyggingu þessara tveggja höfuðatvinnuvega, sem öll afkoma fólks úti um landsbyggðina byggist á.

Þó að í greinargerð þessari sé sérstök áherzla lögð á lánveitingar til staða úti á landi, ber á engan hátt að skilja það svo, að ekki sé sami réttur samkvæmt frv. til lánveitinga til bæja og kauptúna í nágrenni Reykjavíkur, en rétt þykir að benda á eðlilegan forgang þeirra staða til þessara lána, sem ekki hafa áður notið Marshalllána.

Skal þá frekar bent á, hvaða úrræði eru tiltækilegust til hjálpar atvinnulífi þeirra staða, sem fyrst og fremst kæmu til með að njóta lána samkvæmt 1. gr. þessa frumvarps.

Úti fyrir Vestfjörðum veiðir íslenzki togaraflotinn meiri hlutann af afla sínum. Þorpin og kaupstaðirnir þar, svo sem Ísafjörður, Flateyri, Patreksfjörður o. fl., liggja sérlega vel við til að taka við afla togaranna og vinna úr honum tiltölulega nýjum og góðum. Á Norðurlandi mætti nefna staði eins og Akureyri, Siglufjörð, Ólafsvík, Húsavík o. fl., og á Austurlandi Fáskrúðsfjörð, Eskifjörð, Neskaupstað, Seyðisfjörð o. fl. Enn fremur eru þeir staðir, sem enn vantar aðstöðu til að vinna úr afla vélbátaflotans á viðkomandi stað og ættu því skilyrðislausan rétt til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu eftir þessum leiðum, svo sem Hornafjörður, sem nú á þessu ári hefur hafizt handa um byggingu fiskimjölsverksmiðju sem fyrsta áfanga í fullkominni fiskvinnslustöð.

Það, sem þannig mun tiltækilegast að gera til viðreisnar atvinnulífi sjávarplássanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, er að skipuleggja veiðar togaranna með tilliti til fullkominnar fiskvinnslu á þessum stöðum. Sé togarafloti landsins gerður að verulegu leyti út til veiða fyrir frystihús, fiskimjölsverksmiðjur og fiskþurrk-

unarhús, þá getur hann veitt gífurlega mikla atvinnu mikinn hluta ársins. Slík útgerð togaranna gæti verið hagkvæm og góð fyrir togarana sjálfa og þjóðhagslega mjög dýrmæt, þar sem gjaldeyristekjur yrðu þannig meiri af afla skipanna. Væri horfið að þessu ráði, mundu togararnir leggja upp til vinnslu allan afla sinn, jafnt karfa, þorsk, ufsa, ýsu, steinbít og flatfisk. Allan aflann er hægt að frysta með góðum árangri, og vinna má mjöl úr öllum úrgangi og umframveiði, ef afli er meiri en afkastað verður til annarrar vinnslu.

En til þess að hægt sé með góðu móti að taka upp þannig rekstur togaranna og frystihúsanna, er óhjákvæmilegt að gera ýmsar breytingar og umbætur á útgerðarstöðunum. Togararnir útheimta góða aðstöðu til fisklöndunar, afkastamikil frystihús og verksmiðjur og ýmsa aðstöðu aðra, ef rekstur þeirra á að geta verið stöðugur og hagstæður.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að veita eigi bæjar- og sveitarstjórnum þeirra staða, sem hér liggja bezt við, hagstæð lán samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessa frv. í því skyni að gera aðstöðu sína sem bezta til þess að taka á móti miklum fiskafla og búa togurum og öðrum fiskiskipum góð skilyrði til fisklöndunar.

Lán þau, sem bæir og kauptún tækju samkv. frv. þessu, yrðu notuð misjafnlega eftir núverandi aðstæðum á hverjum stað. Svo að nokkur dæmi séu tekin, má nefna: Patreksfjörður er nú þegar allvel útbúinn í þessu efni, en vantar þó aðstöðu til olíuafgreiðslu. — Ísafjörður þyrfti að auka frystihúsaafköst sín og fá nýja eða endurbætta verksmiðju, ísframleiðslu og olíugeyma. — Siglufjörður þarf að fá aukin frystiafköst og ísframleiðslu. — Akureyri þarf frystihús og ísframleiðslu. — Ólafsfjörður þarf ýmsar umbætur á frystingu og verksmiðju. — Húsavík þyrfti ísframleiðslu og jafnvel olíugeyma og bætta löndunaraðstöðu. — Seyðisfjörður þarf aukin frystihús, olíugeyma og ísframleiðslu. — Neskaupstaður þarf stækkaða verksmiðju. — Eskifjörður þarf aukin frystiafköst, ísframleiðslu og olíustöð. — Fáskrúðsfjörður þarf bætta löndunaraðstöðu. — Hornafjörður þarf byggingu fullkomins fiskiðjuvers til nýtingar á bátaafla. — Fleiri staðir en þessir koma hér til greina, þótt hér séu ekki sérstaklega taldir upp.

Staðir á Suðvesturlandi eru margir allvel settir með aðstöðu til vinnslu og togaraafla, sömuleiðis Vestmannaeyjar, en að sjálfsögðu þyrfti þó að veita sumum þeirra nokkur lán samkvæmt frumvarpi þessu.

Þótt hér sé gert ráð fyrir, að mestum hluta þessara lána til bæjar- og sveitarfélaga yrði varið til undirbúnings undir að gera togurunum kleift að landa þar afla til vinnslu, þá gerum við einnig ráð fyrir, að lánum þessum verði í sumum tilfellum varið til framkvæmda í fiskiðnaði í þágu vélbáta.

Þar, sem svo stendur á, að ekki þykir hagstætt að auka atvinnu með aukinni vinnslu sjávarafurða, gerum við ráð fyrir, að lánunum verði varið til annarra framkvæmda, sem miða að atvinnuaukningu til frambúðar.

Skal þá vikið að landbúnaðinum nokkru nánar. Um þörfina á auknu lánsfé honum til handa þarf ekki að fjölyrða. Þó skal minnt á það, að samkvæmt áætlun þeirri um fjárfestingarþörf landbúnaðarins, sem birt er í grein Bergs Sigurbjörnssonar í 1. hefti árbókar landbúnaðarins þ. á., er gert ráð fyrir, að ekki muni veita af 53 millj. kr. árlega í næstu 10 ár í lánsfé til alhliða framkvæmda og uppbyggingar, ef eðlileg þróun á að eiga sér stað. Hér er ekki rúm til að lýsa þeirri áætlun nánar, en þörfin er augljós. Síðasta búnaðarþing, sem einnig hafði mál þetta til athugunar, beindi þeirri áskorun til íslenzkra stjórnarvalda, að landbúnaðinum yrði gert fært að verja til fjárfestingar 70—80 millj. hvort árið 1951 og 1952. Í samræmi við það fór búnaðarþing fram á, að varið yrði hvort árið 15 millj. kr. úr mótvirðissjóði til fjárfestingar í landbúnaði. Hefur þó ekkert verið ákveðið í því máli síðan.

Með stofnun Búnaðarbankans var lánastarfsemi landbúnaðarins markaður grundvöllur, er litlum breytingum tók fram að styrjöldinni. Þegar kom fram á styrjaldarárin, voru starfandi í bankanum, auk veðdeildar, byggingarsjóður, nýbýlasjóður

og smábýladeild. Með því háa verðlagi á öllum hlutum, er varð afleiðing styrjaldarinnar, var sýnt, að auka þyrfti mjög það fjármagn, er landbúnaðinum væri ætlað, ef ekki ætti að koma stöðnun í þróun hans.

Með lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, er samþykkt voru á Alþingi 1946, og lögum um Ræktunarsjóð frá 1947 var gerð veruleg breyting á fyrirkomulagi þessarar starfsemi. Var þá stofnaður einn byggingarsjóður, og skyldu hinir fyrrnefndu sjóðir renna inn í hann, en ríkissjóður leggja fram svo mikið fé á móti, að stofnfé hans næmi 10 millj. kr., er lögin kæmu til framkvæmda 1. júlí 1947. Varð ríkissjóður að leggja fram milli 6 og 7 millj. kr. til að fullnægja þessu ákvæði. En til þess að auka lánsfé enn til stórra muna var heimilað að gefa út bankavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði á hverjum tíma. Auk þess skyldi ríkissjóður leggja til Byggingarsjóðs 2.5 millj. kr. á ári næstu 10 ár, er varið skyldi til að greiða vaxtamismun á innlánum og útlánum sjóðsins, en afgangurinn leggjast við stofnsjóðinn. Þessi vaxtabréfaútgáfa hefur hins vegar aldrei orðið að veruleika og ákvæðin um hana aðeins dauður lagabókstafur.

Nýju lögin um Ræktunarsjóð, er gildi tóku einu ári síðar, eru byggð á mjög svipuðum grundvelli. Árlegt framlag úr ríkissjóði skyldi vera 0.5 millj., og heimild var veitt til að gefa út vaxtabréf, sem ekki hefur verið notuð.

Það sýndi sig fljótt, er hvor tveggja lögin komu til framkvæmda, að ekki mátti seinna vera að efla lánsfjárstofnanir landbúnaðarins, því að á tveim fyrstu árunum, sem sjóðirnir störfuðu, lánuðu þeir út um það bil jafnmikið fé og á öllum þeim tíma, er þeir höfðu starfað áður. Hins vegar hlaut að koma að því, að stofnféð þryti, ef ekki væri aflað fjár á annan hátt en með hinu lögákveðna ríkisframlagi.

Samkvæmt reikningum Búnaðarbankans nam skuldlaus eign Byggingarsjóðs í árslok 1950 13 784 000 kr., og skuldaði hann þá sparisjóðsdeild bankans 380 þús. kr. Mun hafa verið svo að segja alger stöðvun nýrra byggingarlána á þessu ári, en hins vegar reynt eftir ýtrustu möguleikum að veita framhaldslán þeim, er þegar höfðu hafið byggingar.

Skuldlaus eign Ræktunarsjóðs nam um síðustu áramót 6880 þús. kr., og er hann þurrausinn á sama hátt og Byggingarsjóður.

Um veðdeild bankans má sama segja, og er ekki síður bagalegt, að starfsemi hennar sé lömuð, því að hennar hlutverk er einmitt að veita lán til ýmissa hluta, sem ekki eru síður nauðsynlegir en ræktunarsjóðs- eða byggingarsjóðslán, en geta þó ekki heyrt undir starfsemi þeirra sjóða. T. d. eru ýmsar byggingarframkvæmdir, svo sem endurbætur eldri húsa, þannig vaxnar, að þær geta haft sama gildi sem nýbyggingar, án þess að þær geti heyrt undir ákvæðin um Byggingarsjóð. Í öðru lagi má segja, að alger skortur hafi orðið á því að tryggja lán til jarðakaupa. En slíkt er einmitt eðlilegt hlutverk veðdeildarinnar. En til þess þarf hún stóraukið fjármagn.

Við síðustu áramót nam skuldlaus eign veðdeildarinnar 1543 þús. kr. og skuld hennar við sparisjóðsdeildina 440 þús. kr.

Nú hafa nýlega verið samþykkt á Alþingi lög um erlenda lántöku í þágu landbúnaðarins, 15—20 millj. kr. En jafnframt er upplýst, að ekki muni þýða að vega í þann knérunn aftur, a. m. k. næstu tvö ár. Samkvæmt því, sem að framan er sagt, liggur ljóst fyrir, að þessi fyrirhugaða erlenda lántaka hrekkur skammt til að bæta úr þeirri þörf, sem fyrir hendi er. Auk þess er það eðlileg nauðsyn að útvega þegar innlent fé á móti hinu erlenda láni. Þeim gjaldeyri, er fæst við hina erlendu lántöku, ætti fyrst og fremst að verja til kaupa á innfluttum vörum til þeirra framkvæmda, sem um ræðir og erlendan gjaldeyri þarf til. Verði gengið fram hjá þessu höfuðatriði og núna látið sitja við þær 15—18 millj. kr., sem væntanlega fást í Alþjóðabankanum nú á næstunni, mun afleiðingin óhjákvæmilega verða sú, að annað hvort verður að takmarka mjög lánveitingar til nauðsynlegustu framkvæmda úr hófi fram þegar í stað eða sami lánsfjárskortur segir til sín þegar á miðju næsta ári.

Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að verja 80 milljónum króna úr mót-

virðissjóði. Hér er um allmikið fé að ræða, en þess ber þá jafnframt að gæta, að með þessu fé er ætlað að koma atvinnulífi mikils hluta landsbyggðarinnar á sæmilega öruggan grundvöll.

Ört vaxandi atvinnuleysi og stöðvun atvinnulegra framkvæmda í byggðum landsins boðar ískyggilega hættu fyrir þjóðarheildina og hlýtur að valda ríkinu miklum árlegum útgjöldum, ef ekki er strax komið í veg fyrir, að atvinnuvegirnir lendi í strand.

Nd. 102. Frumvarp til laga [72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Flm.: Andrés Eyjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að bóndanum á Helgastöðum í Hraunhreppi í Mýrasýslu verði gefin heimild til að fá keypta jörðina Múlasel, sem er næsta jörð við Helgastaði og nú í eyði, enda svo að segja húsalaus og túnlítil. Telur ábúandi Helgastaða, Gísli Jónsson, og Friðjón sonur hans, að þeir þurfi mjög á landi jarðarinnar að halda vegna skorts á beitilandi. Til frekari skýringar vísast til umsagnar hreppstjóra og hreppsnefndar Hraunhrepps, sem prentaðar eru sem fylgiskjöl með frv. þessu. — Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Ég undirritaður umboðsmaður kirkjujarðarinnar Múlasels í Hraunhreppi mæli eindregið með því, að hæstvirt Alþingi leyfi sölu téðrar jarðar til þeirra feðga Gísla Jónssonar og Friðjóns Gíslasonar Helgasöðum.

Múlasel er bæði lítið og lélegt ábýli, er skortir alla möguleika til ræktunar, og engar engjar. Hins vegar þarf jörðin Helgastaðir nauðsynlega á beitilandi Múlasels að halda fyrir sauðfé. Þar eð lönd téðra jarða liggja saman, er þetta mjög hentugt til afnota og á þann hátt hægt að gera Helgastaði að góðu ábýli, þar eð ræktunarmöguleikar eru þar góðir og engjar sæmilegar.

Hrafnkelsstöðum, 5. október 1951.

Ingólfur Guðbrandsson,
hreppstjóri Hraunhrepps, Mýrasýslu.

Fylgiskjal II.

Þeir feðgar, Gísli Jónsson bóndi á Helgastöðum, og Friðjón Gíslason, Helgastöðum, hafa óskað eftir, að Hreppsnefnd Hraunhrepps mælti með, að Alþingi setti lög, er heimiluðu þeim kaup á jörðinni Múlaseli hér í hreppi.

Múlaselið er metið við síðasta fasteignamat 22 hndr., þar af húsaverð 3 hundruð. Jörðin hefur verið í eyði s. l. 3 ár og hús á henni mjög gengið úr sér, og geta bæjarhús ekki talizt íbúðarhæf. Meðan búið var á jörðinni, gaf túnið af sér tæp 2 kýrfóður. Það er mjög grýtt og erfitt til ræktunar og ekkert af því véltækt. Skilyrði til túnræktar eru þar mjög slæm. Land Múlasels má teljast gott til beitar búpenings, einkum sauðfjár.

Það er ekki líklegt, að Múlaselið byggist aftur, enda ekki ástæða til að hafa það sem sérstaka bújörð.

Lönd jarðanna Múlasels og Helgastaða liggja saman og því mjög hentugt fyrir Helgastaðabændur að hagnýta land Múlasels til beitar, enda beitiland Helgastaða fremur lítið.

Af framansögðu mælir því hreppsnefndin með, að Alþingi heimili sölu á jörðinni.

Einholtum, 3. okt. 1951.

Kjartan Eggertsson. Sigurður Einarsson. Davíð Sigurðsson.
Guðmundur Pétursson.

Nd. 103. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á eftir A. I. d. 31 í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur fyrir nokkru verið hafin hafnargerð í Þorlákshöfn. Þó að mikið sé eftir að vinna af því verki, eins og ætlazt er til að höfnin verði, þegar hún er fullgerð, þá er því þó komið það mikið áleiðis, að nokkuð stór skip geta lagzt þar við bryggju. Það er ásetningur manna í héruðunum austanfjalls að flýta þessu mannvirki svo sem verða má. Ber margt til þess.

Um nokkurt skeið hefur orðið að flytja allar vörur til og frá Reykjavík á bílum, jafnt þungavörur sem annan flutning. Hefur þetta haft óhemju kostnað í för með sér. Nú hefur 1—2 síðustu árin verið flutt nokkuð af vörum til Þorlákshafnar, en meira mundi það þó hafa orðið, ef hafnargerðin hefði verið komin lengra áleiðis. Frá Þorlákshöfn hafa svo vörurnar verið fluttar á bílum austur um sveitir, og er það alllöng leið.

Um langt skeið var Þorlákshöfn ein af þekktustu verstöðvum landsins. Fiskimið, ein þau beztu, eru þar nærri. Þaðan gekk um langa tíð fjöldi skipa til fiskveiða. Sakir hafnleysisins og erfiðra lendingarskilyrða lagðist sjósókn þar niður að kalla um tíma. Nú er sjósókn hafin þaðan á ný og hefur gengið ágætlega. Skortir þó mikið á, að hafnargerðin sé það langt komin, að hægt sé að hafa þann bátafjölda, sem fljótlega mundi koma, ef hafnarrýmið væri meira.

Frá Stokkseyri og Eyrarbakka eru gerðir út nokkrir bátar. Er frá þeim stöðum báðum skammt á góð fiskimið. En stopul reynist sjósóknin oft og einatt frá þessum stöðum. Fram af báðum kauptúnunum er mikill skerjaklasi og brimar fljótt, þegar stormasamt er og vindur stendur af hafi. Hefur það og nokkrum sinnum komið fyrir, að þó að róið hafi verið í kyrrum sjó, þá hefur brimað svo skyndi-

lega, að landtaka hefur reynzt torveld og stundum ófær, og hefur þá verið leitað til Þorlákshafnar. Verður slík lending örugg, þegar gerð hafnarinnar er lengra komin áleiðis en nú er.

Þrásinnis kemur það fyrir að vetrarlagi, að ekki verður komizt á sjó frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þó að dágott sé í sjóinn, þegar út er komið. Verða því oft og einatt margir landlegudagarnir á þessum stöðum aðeins fyrir hafnleysið. Hafa að vísu lendingarbæturnar, sem gerðar hafa verið, bætt mikið úr frá því, sem áður var, en samt sem áður má búast við, að sjór verði ekki sóttur frá þessum kauptúnum að staðaldri í umhleypingasamri tíð. Má fara nærri um það, hvernig atorkusömum og kappsfullum sjómönnum er innanbrjósts, er þeir komast ekki á sjóinn sakir illrar lendingar, en gnægð fiskjar á miðunum, ef á sjó verður komizt. Það er því alveg víst, að jafnskjótt og höfnin í Þorlákshöfn getur tekið á móti mörgum bátum, þá munu Stokkseyringar og Eyrbekkingar sækja sjó frá Þorlákshöfn, þegar gæftir eru illar til að sækja sjóinn að heiman.

Þá er það líka fullvíst, að Vestmannaeyingar munu oft og tíðum í framtíðinni leita til Þorlákshafnar, þegar tvísýnt er um siglingu heim til Eyja. Það getur því fljótlega farið svo, að Þorlákshöfn verði ein af stærstu verstöðvum á landinu og landflutningar að og frá höfninni verði mjög miklir. Má gera ráð fyrir, að slíkir flutningar verði einmitt mjög miklir að Stokkseyri og Eyrarbakka. Frystihús eru bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, og má gera ráð fyrir, að hagnýting aflans verði í nánum tengslum við starfsemi þeirra. Skiptir því mjög miklu máli, að leið til landflutninga verði sem allra skemmst að hægt er til þessara staða og héraðanna í heild.

Þessi leið liggur frá Þorlákshöfn austur sandana, yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, um Eyrarbakka og svo áfram til héraðanna fyrir austan, eftir því hvert farið er. En þá þarf að brúa Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Brúarstæði mun vera þarna gott á ánni, en talsvert mikið mannvirki verður brúin, en í slíkt er ekki horfandi, þar sem gagnsemi hennar mun verða afar mikil.

Þetta hafa menn líka komið auga á eystra, og hefur þetta verið rætt þar. Hafa t. d. Eyrbekkingar vakið máls á þessu og rætt það mál sín í milli. Hafa nokkrir þeirra átt tal við mig um þetta og óskað þess eindregið, að nú þegar yrði hafinn undirbúningur um fyrirgreiðslu fyrir málinu, svo að ekki yrði það því til tafar, þegar hægt væri að hefjast handa um framkvæmd þess.

Af þeim ástæðum, sem lauslega hefur verið drepið á hér að framan, er þetta frumvarp flutt. Vænti ég, að hver sá, er kynnir sér málið, sjái, hve afar mikla þýðingu það hefur fyrir framleiðsluna í öllum þessum verstöðvum, sem nefndar hafa verið. En líka getur vel svo farið, að kaupstaðirnir við Faxaflóa, t. d. Reykjavík og Hafnarfjörður, ef vetrarríki gerist mjög harðdrægt, eigi lífsviðurværi sitt mikið undir því, að greiðir og auðveldir flutningar verði úr héruðunum eystra til Þorlákshafnar og svo þaðan til Reykjavíkur. Má því segja, að þessi breyting á brúalögunum sé óhjákvæmileg.

Nd. 104. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Á eftir A. 11. í 2. gr. laganna kemur nýr liður, þannig:

Hafnarskeiðsvegur: Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.

Ed. 105. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi Landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt stjórnarskránni, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð oss, að síðustu mánuðina hafi verið starfað að athugunum um það, hvað gera skyldi, ef til loftárása eða annarra hernaðaraðgerða kynni að koma hér á landi. Hefur sú athugun leitt í ljós, að hentugra væri og eðlilegra að haga skipun loftvarnanefnda með nokkuð öðrum hætti en ákveðið er í 2. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, teljum vér rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda). Í Reykjavík skal nefndin skipuð lögreglustjóra, slökkvi-

liðsstjóra, borgarlækni, yfirverkfræðingi Landssímans, verkfræðingi í þjónustu bæjarins og tveimur mönnum öðrum, kjörnum af bæjarráði. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar lögreglustjóra, bæjarstjóra (oddvita), slökkviliðsstjóra, héraðslækni og bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

Lögreglustjórar skulu vera formenn og framkvæmdarstjórar nefndanna. Í Reykjavík skipar bæjarstjórn sérstakan framkvæmdarstjóra, að fengnum tillögum nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingr. Steinþórsson. **Jón Pálmason.** **Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Ed. 106. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Á eftir A. 38 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Stórhöfðavegur: Frá Suðurgarði í Vestmannaeyjum að vita á Stórhöfða.

Ed. 107. Breytingartillaga [62. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú er krafizt sölu á ítaki samkvæmt 2. gr., en eigandi eða annar umráðamaður ítaks mótmælir sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er honum þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, er æskir kaupanna. Nú telja dómkvaddir menn, að jörð þeirri, er ítakið liggur í eða fyrir, sé viðlíka mikil þörf á ítaksréttindunum og jörðinni, sem ítakið fylgir, og er þá rétt að skipta því milli jarðanna. Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, er þess æskir, en yfirmat af þeim, er þess æskir, ef engin breyting verður, en ella að hálfu af hvorum aðila.

Nd. 108. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Áki Jakobsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 21. okt. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Jóhann Hafstein, fundaskr.

Emil Jónsson.

Nd. 109. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Ólafur Thors.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:
Á eftir B. 3 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli meðfram Eyrarfjalli að sunnan og aftur á þjóðveginn hjá Felli í Kjós.

Ed. 110. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. bætist:

1. Á eftir A. 12 í 2. gr. laganna bætist nýr liður:
   Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Bólsheiði vestan við Ból.
2. Á eftir A. 20 í sömu gr. koma 2 nýir liðir:
   a. *Sólheimavegur:* Frá Skeiða- og Hreppavegi hjá Hruna um Sólheima og Hlíð á Gnúpverjaveg við Kálfá.
   b. *Skarðsvegur:* Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Ed. 111. Frumvarp til laga [62. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú er krafizt sölu á ítaki samkvæmt 2. gr., en eigandi eða annar umráðamaður ítaks mótmælir sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er honum þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, er æskir kaupanna. Nú telja dómkvaddir menn, að jörð þeirri, er ítakið liggur í eða fyrir, sé viðlíka mikil þörf á ítaksréttindunum og jörðinni, sem ítakið fylgir, og er þá rétt að skipta því milli jarðanna. Skjóta má framgreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, er þess æskir, en yfirmat af þeim, er þess æskir, ef engin breyting verður, en ella að hálfu af hvorum aðila.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, sbr. þó 5. gr., hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 112. Viðaukatillaga [57. mál]

við till. til þál. um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Við tillgr. bætist:
   Einnig verði leyfður frjáls innflutningur á prjónavélum.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum, bifreiðum til landbúnaðarþarfa og prjónavélum.

Ed. 113. Breytingartillaga [62. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 5. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsliður, er orðist svo: Ítak má þó aldrei selja nema með samþykki ábúanda, svo lengi sem hann hefur löglegan ábúðarrétt á jörðinni.

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.

(Lögð fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast aðili fyrir Íslands hönd að viðbótarsamningi þeim við Norður-Atlantshafssamninginn, sem prentaður er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, ásamt íslenzkri þýðingu.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington hinn 4. apríl 1949,

hafa fullvissað sig um, að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það, að konungsríkið Grikkland og lýðveldið Tyrkland gerist aðilar að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir:

PROTOCOL

to the North-Atlantic Treaty on the Accession of Greece and Turkey.

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on 4th April, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Kingdom of Greece and the Republic of Turkey to that Treaty,

Agree as follows:

1. gr.

Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórnum konungsríkisins Grikklands og lýðveldisins Tyrklands að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum með þeim breytingum, sem á honum kunna að verða gerðar með 2. gr. viðbótarsamnings þessa. Konungsríkið Grikkland og lýðveldið Tyrkland verða hvort um sig aðili þann dag, er það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt samkvæmt 10. gr. samningsins.

2. gr.

Nú gerist lýðveldið Tyrkland aðili að Norður-Atlantshafssamningnum, og skal þá 6. gr. samningsins frá þeim degi að telja, er ríkisstjórn lýðveldisins Tyrklands afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt, hljóða þannig:

„Ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skulu taka til vopnaðrar árásar,

(i) á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku, á hin frönsku héruð í Algier, á Tyrkland eða eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi norðan hvarfbaugs krabbans,

(ii) á lið, skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á eða yfir þessum yfirráðasvæðum eða öðru svæði í Evrópu, þar sem hernámslið einhvers aðilans hafði setu, þegar samningurinn gekk í gildi, eða Miðjarðarhafinu eða Norður-Atlantshafinu norðan hvarfbaugs krabbans."

3. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi, er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Banda-

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Government of the United States of America shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Kingdom of Greece and the Government of the Republic of Turkey an invitation to accede to the North Atlantic Treaty, as it may be modified by Article II of the present Protocol. Thereafter the Kingdom of Greece and the Republic of Turkey shall each become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America in accordance with Article 10 of the Treaty.

Article II

If the Republic of Turkey becomes a Party to the North Atlantic Treaty, Article 6 of the Treaty shall, as from the date of the deposit by the Government of the Republic of Turkey of its instrument of accession with the Government of the United States of America, be modified to read as follows:—

"For the purpose of Article 5, an armed attack on one or more of the Parties is deemed to include an armed attack —

(i) on the territory of any of the Parties in Europe or North America on the Algerian Departments of France, on the territory of Turkey or on the islands under the jurisdiction of any of the Parties in the North Atlantic area north of the Tropic of Cancer;

(ii) on the forces, vessels or aircraft of any of the Parties, when in or over these territories or any other area in Europe in which occupation forces of any of the Parties were stationed on the date when the Treaty entered into force or the Mediterranean Sea or the North Atlantic area north of the Tropic of Cancer."

Article III

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The

ríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi tekur gildi.

4. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig, að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda öllum ríkisstjórnum aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Gjört í ..... hinn ..... 19...

Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article IV

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present protocol.

Done at ..... the .. day of ..... 19..

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi Norður-Atlantshafsráðsins í Ottawa í september s. l. var samþykkt að mæla með því við ríkisstjórnir þeirra þjóða, sem aðilar eru að Norður-Atlantshafssamningnum, að Grikklandi og Tyrklandi yrði boðin þátttaka í samtökunum, og að viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn yrði gerður í því skyni.

Viðbótarsamningurinn verður undirritaður þessa dagana.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til að Ísland gerist aðili að viðbótarsamningnum.

Sþ. 115. Fyrirspurnir. [76. mál]

I. Til fjármálaráðherra um greiðslu til raforkusjóðs.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær hyggst ríkisstjórnin greiða raforkusjóði kr. 1500000.00, sem er skuld við sjóðinn samkv. l. nr. 12 2. apríl 1946?

II. Til ríkisstjórnarinnar varðandi olíu- og benzínverð.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið athuga verðlagningu á olíu- og benzíni, sbr. þingsályktun, er samþykkt var á Alþingi 28. febr. s. l.?
2. Hvað líður framkvæmdum til að koma á jöfnunarverði á þessum vörutegundum, eins og sama þingsályktun kvað á um?

3. Má vænta þess, að ríkisstjórnin leiði þetta mál til lykta fyrir næstkomandi áramót, með þeim árangri, að olíur og benzín verði seld á sama verði á öllum stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip hafa aðstöðu til að geta losað á birgðageyma olíufélaga eða olíusamlaga?

III. Til heilbrigðis- og félagsmálaráðherra um drykkjumannahæli.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað margir drykkjusjúklingar hafa dvalizt á Úlfarsá á þessu ári, hve löng hefur dvöl hvers sjúklings verið, og hver er árangurinn?
2. Er fyrirhugað að auka starfrækslu hælisins, og ef svo er, þá á hvern hátt?
3. Hver er orðinn stofnkostnaður hælisins frá upphafi, og af hvaða fé er hann greiddur?
4. Hver er rekstrarkostnaður hælisins orðinn til 1. okt. þ. á.?
5. Hvaða ráðstafanir hugsar ríkisstjórnin sér að gera til bjargar þeim ofdrykkjumönnum, sem enn ráfa hér um og dveljast um nætur í kjallara lögreglunnar eða undir berum himni, hvernig sem viðrar?

Nd. 116. Nefndarálit [30. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 24. maí s. l. Hlutafélagið Hvalur hefur að undanförnu rekið veiðar með norskum leiguskipum. Á öndverðu þessu ári varð sú breyting, að félagið festi kaup á fjórum norskum hvalveiðibátum. En sá hængur var á, að skip þessi voru eldri en lög leyfa, að flutt séu til landsins, en takmarkanir í því efni eru miðaðar við tólf ár. Varð því að fá undanþágu frá þessu ákvæði hvað skipainnflutning þennan til landsins snertir. Þar sem skip þessi eru vönduð að gerð og uppfylla settar kröfur um sjóhæfni og styrkleika og eigi kostur á öflun yngri skipa, var með bráðabirgðalögum heimilaður innflutningur þeirra. Sjávarútvegsnefnd geldur þessari ráðstöfun samþykki sitt og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. okt. 1951.

Pétur Ottesen, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Halldór Ásgrímsson Sig. Ágústsson.

Ed. 117. Frumvarp til laga [77. mál]

um Atvinnustofnun ríkisins.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Komið skal á fót Atvinnustofnun ríkisins, er hafi þessi verkefni með höndum:

1. Skráningu allra vinnufærra manna og samningu launaskýrslna.
2. Atvinnuleysisskráningu.
3. Vinnumiðlun.
4. Leiðbeiningar um stöðuval.
5. Vinnuþjálfun.
6. Öryrkjavinnu.
7. Unglingavinnu.
8. Úthlutun atvinnubótafjár.

2. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal halda nákvæma spjaldskrá yfir alla landsmenn á vinnualdri (16—66 ára), og séu þeir, sem taldir eru öryrkjar, hafðir sér í flokki. Á spjald hvers einstaklings skal skrá upplýsingar um atvinnu hans og allar breytingar, sem verða á henni, og um laun hans eða tekjur.

Atvinnustofnunin skal gera yfirlit yfir launakjör í öllum atvinnugreinum og um heildartekjur allra launþega á landinu. Skýrslur þessar skal gera og birta í samráði við Hagstofu Íslands, og má fela henni að vinna þær að nokkru eða öllu leyti.

Allir þeir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli, skulu senda atvinnustofnuninni upplýsingar um kaupgreiðslur sínar. Lætur atvinnustofnunin gera eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár, og skulu þær vera þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Skattayfirvöldum skal skylt að gefa atvinnustofnuninni eða hagstofunni allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru og þau geta í té látið til að vinna þetta verk. Með allar upplýsingar varðandi einstaklinga eða einstök fyrirtæki skal farið sem algert trúnaðarmál.

3. gr.

Atvinnustofnunin skal fylgjast með vinnumarkaðinum og gera yfirlit um alla þá verkfæra menn og konur, sem atvinnulausir eru, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Auk þess skal hún auglýsa sérstaka atvinnuleysisskráningu um land allt ársfjórðungslega. Skulu þeir, sem láta skrá sig atvinnulausa, að öðru jöfnu ganga fyrir um þá vinnu, sem atvinnustofnunin vísar á eða úthlutar.

Atvinnuleysisskýrslur skulu birtar ársfjórðungslega.

4. gr.

Atvinnustofnunin skal starfrækja vinnumiðlun í Reykjavík og hafa vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf krefur. Skal hún skipta landinu í umdæmi með tilliti til atvinnuhátta, og sé miðstöð í hverju umdæmi, þar sem hægt sé að fá upplýsingar um atvinnu og annað, sem snertir starfsemi atvinnustofnunarinnar. Atvinnustofnunin getur falið bæjarfélögum eða öðrum aðilum að starfrækja vinnumiðlun fyrir sína hönd, þar sem ekki þykir fært að hafa sérstaka skrifstofu.

Atvinnustofnunin skal:

a) skrá nákvæmlega allar umsóknir um atvinnu og framboð á atvinnu,
b) auglýsa slíkar umsóknir og slíkt framboð reglulega,

c) láta í té endurgjaldslausa milligöngu þeim, sem eru í atvinnuleit, og þeim, sem vantar vinnuafl,
d) fylgjast sem bezt með öllum þeim breytingum í atvinnulífinu, sem geta haft í för með sér breytingar á eftirspurn eftir vinnuafli, og þeim breytingum á fólksfjölda, sem geta haft í för með sér breytingar á framboði vinnuafls.

5. gr.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim unglingum og öðrum, sem þess æskja, ókeypis upplýsingar og leiðbeiningar, sem að gagni mega koma til þess að hjálpa þeim til að velja sér störf, er í senn séu lífvænleg og í sem beztu samræmi við hæfileika þeirra.

Atvinnustofnunin skal sérstaklega afla sér upplýsinga um þörfina fyrir iðnlærða eða sérmenntaða menn í hverri starfsgrein og fylgjast með því, hversu margir menn eru fullnuma eða eru við nám í hverri grein, og láta þeim, sem óska, í té upplýsingar um þessi atriði, svo og um launakjör og vinnuskilyrði.

Atvinnustofnunin skal gefa þeim, sem þess óska, tækifæri til að reyna hæfni sína á þeim sviðum, þar sem hægt er að koma við áreiðanlegum prófum að dómi sérfræðinga. Er heimilt að ákveða hæfilegt gjald fyrir þau.

6. gr.

Þegar svo stendur á, að atvinnustofnunin getur ekki vísað þeim, sem óska eftir vinnu, á störf við þeirra hæfi, en þeir gætu hins vegar með tiltölulega stuttri þjálfun eða námi orðið færir um að taka að sér aðra vinnu en þá, sem þeir hafa stundað, getur atvinnustofnunin tekið að sér að sjá um, að þeir fái slíka þjálfun, annaðhvort með því að halda sjálf námskeið eða semja við aðra aðila um að taka að sér þjálfun atvinnulausra manna.

7. gr.

Atvinnustofnunin skal skrásetja alla öryrkja á aldrinum 16—66 ára og leitast við að útvega þeim vinnu við þeirra hæfi.

Í lögum þessum merkir „öryrki“ hvern þann, sem vegna afleiðinga slysa, sjúkdóms eða meðfæddrar fötlunar á mjög erfitt með að fá eða stunda vinnu, sem ella mundi hæfa honum með tilliti til aldurs hans, reynslu, verkkunnáttu eða sérþekkingar.

Á öryrkjaskrá skal einnig taka gamalt fólk, sem ekki er öryrkjar í skilningi laganna, karlmenn 65—66 ára og konur 60—66 ára, sem eru atvinnulaus og óska eftir upptöku. Gilda þá um þau öll ákvæði um öryrkjavinnuna, eftir því sem við getur átt.

Atvinnustofnunin skal gera skrá yfir þær starfsgreinar, er einkum teljast við hæfi öryrkja. Atvinnustofnunin getur ákveðið, að í starfsgreinum, sem sérstaklega henta öryrkjum, skuli þeir ganga fyrir um störf eða stöður, sem losna. Einnig skal atvinnustofnunin leita samninga við félagsskap atvinnurekenda um, að þeir láti öryrkja sitja fyrir störfum, sem sérstaklega eru talin við þeirra hæfi.

Nú tekst atvinnustofnuninni ekki að miðla skrásettum öryrkjum vinnu við þeirra hæfi með fyrrgreindum ráðstöfunum, og getur hún þá haldið námskeið til að þjálfa þá til sérstakra starfa eða samið um það við aðra aðila, að þeir annist það. Getur þar bæði verið um að ræða líkamlega þjálfun og verklega eða bóklega kennslu.

Atvinnustofnuninni er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að sjá þeim fyrir atvinnu, sem eru öryrkjar á svo háu stigi eða þess konar öryrkjar, að litlar líkur eru taldar til, að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi á annan hátt.

Í þessu skyni er atvinnustofnuninni heimilt að setja upp verkstæði eða fyrirtæki, þar sem sílkir öryrkjar vinni við störf, er þeim henti. Heimilt er atvinnustofnuninni, að fengnu samþykki ráðherra, að gangast fyrir stofnun félags eða semja við félagssamtök um rekstur vinnuhæla eða sérstakra fyrirtækja fyrir öryrkja.

Ráðherra er heimilt að veita atvinnustofnuninni einkarétt á að framleiða ákveðnar vörutegundir í slíkum vinnustofnunum. Er og heimilt að veita félögum þeim, sem að framan greinir, slíkan einkarétt. Skal það skilyrði sett fyrir slíkri viðurkenningu, að engum arði sé úthlutað til félagsmanna og öllum ágóða, sem verða kann á starfseminni, varið til hagsbóta fyrir öryrkja, enda starfi félög þessi að öðru leyti eftir reglum, sem atvinnustofnunin og hlutaðeigandi ráðherra hefur fallizt á.

8. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal leitast við að veita unglingum 16—20 ára, sem ekki hafa atvinnu, kost á viðfangsefnum með þeim hætti, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar tala þeirra unglinga á þessum aldri, sem atvinnustofnunin getur ekki vísað á atvinnu, er óveruleg að dómi stofnunarinnar, skal hún greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám við sitt hæfi.

Þegar um verulegt atvinnuleysi unglinga á aldrinum 16—20 ára er að ræða, skal atvinnustofnunin skipuleggja sérstakar vinnustöðvar eða vinnuskóla fyrir þá eða stofna til sérstakra opinberra framkvæmda, sem ella mundi ekki verða varið fé til í nánustu framtíð.

Vinnutími við slíka vinnu skal ekki fara fram úr 6 stundum á sólarhring, en ef hægt er að koma því við án of mikils kostnaðar, skal henni vera samfara nám, bóklegt eða verklegt, og kennsla í íþróttum.

9. gr.

Atvinnustofnun ríkisins skal gera tillögur til ráðherra um úthlutun alls þess fjár, sem veitt er sérstaklega í fjárlögum hvers árs til atvinnubótavinnu og til framleiðslu- eða atvinnuaukningar. Fé þessu má verja til beinna ríkisframkvæmda, til styrktar sveitarfélögum gegn framlagi frá þeim og til einkafyrirtækja eða samvinnufyrirtækja gegn skilyrðum, sem tryggja, að tilgangur fjárveitingavaldsins náist. Ef Alþingi samþykkir lánveitingar í sama skyni, skal atvinnustofnunin einnig gera tillögur um, hvernig því fé skuli varið.

Atvinnustofnunin skal jafnan hafa til taks bráðabirgðaáætlanir um atvinnubótavinnu, sem geti komið til framkvæmda án tafar, ef atvinnuleysi verður. Skal við slíkar framkvæmdir reynt að samræma það tvennt, eftir því sem hægt er, að veita sem flestum vinnu og framkvæma nytsöm verk.

10. gr.

Stjórn atvinnustofnunarinnar annast forstjóri, er skipaður er af ráðherra.

Enn fremur skal ráðherra skipa 7 manna atvinnuráð. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, en þrír án tilnefningar, og skal einn þeirra læknisfróður, einn hagfræðingur og a. m. k. ein kona.

Atvinnuráðið sé til ráðuneytis um málefni stofnunarinnar og skal fylgjast með allri starfsemi hennar.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, og lög nr. 57 7. maí 1928, um atvinnuleysisskýrslur.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1952.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Atvinnuhorfur eru nú að ýmsu leyti uggvænlegri en verið hefur um alllangt skeið, og hefur atvinnuleysis orðið vart víða um land. Ekki ætti að þurfa að vera um það ágreiningur, að ríkisvaldið verði að gera allt, sem unnt er, til þess að stuðla að því, að allir eigi kost á að vinna fyrir sér og sínum, og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ekkert þjóðfélag hefur efni á því, að borgararnir eigi þessi ekki kost að nota starfskrafta sína, og allra sízt Íslendingar, sem eru fámennir, en búa í stóru og lítt numdu landi, þar sem óunnin verkefni blasa við, hvert sem litið er. En atvinnuleysi er ekki aðeins sóun frá sjónarmiði heildarinnar, sóun, sem rýrir lífskjör þjóðarinnar allrar. Atvinnuleysi er og ægilegt böl frá sjónarmiði þeirra, sem fyrir því verða, ekki aðeins vegna þess, að það sviptir þá tekjum og veldur fátækt og misrétti, heldur einnig vegna hins, að það lamar starfsþrek þeirra og lífsþrótt.

Þegar svo er komið, að atvinnuleysi blasir við, ber því til þess brýna nauðsyn að gera ráðstafanir til að tryggja skynsamlega hagnýtingu vinnuafls þjóðarinnar og góða afkomu vinnandi manna. Þær ráðstafanir þurfa að sjálfsögðu að vera víðtækar, enda má segja, að það sé í raun og veru eitt meginhlutverk ríkisvaldsins að tryggja öllum stöðuga atvinnu. Þessar ráðstafanir þurfa í aðalatriðum að vera þrenns konar.

1. Ráðstafanir á sviði opinberra fjármála, þ. e. að ríkisvaldið miði fjármálastefnu sína og bankarnir útlán sín við það, að öll atvinnutæki og allt vinnuafl sé hagnýtt, án þess þó að efnt sé til verðbólgu.
2. Ráðstafanir í fjárfestingar- og innflutningsmálum til þess að tryggja þeim framkvæmdum vinnuafl, innlent fjármagn og erlendan gjaldeyri, sem nauðsynlegastar eru taldar frá sjónarmiði heildarinnar, og til þess að halda uppi atvinnu þar, sem þess gerist sérstök þörf.
3. Ráðstafanir, sem stuðla að hreyfanleik vinnuaflsins, svo sem vinnumiðlun, vinnuþjálfun, leiðbeiningar um stöðuval o. fl.

Þar eð bankarnir íslenzku eru opinberar stofnanir, á ríkisvaldið að hafa skilyrði til þess að gera þær ráðstafanir, sem nefndar voru í 1. tölulið, og löggjöfin um fjárhagsráð veitir ríkisvaldinu og skilyrði til þeirra ráðstafana, sem um er rætt í 2. tölulið, þótt ekki sé að sjálfsögðu þar með sagt, að tryggt sé, að skilyrðin séu eða verði skynsamlega notuð. En ráðstafanir þær, sem um er rætt í 3. tölulið, hafa mjög verið vanræktar.

Það er megintilgangur þessa frv. að stuðla að framkvæmdum á þessu sviði, en það er viðurkennt með öllum menningarþjóðum, að slíkar ráðstafanir séu ekki síður nauðsynlegar en hinar, sem fyrr voru nefndar, til þess að unnt sé að tryggja öllum stöðuga atvinnu.

Verkefni, sem hér bíða á þessu sviði, eru svo mörg og mikilvæg, að nauðsynlegt er að fela þau stérstakri stofnun, sem flm. frv. telja eðlilegast að nefna Atvinnustofnun ríkisins. Verkefni hennar yrðu samkv. frv. þessu:

1. Skráning vinnuafls þjóðarinnar og samning launaskýrslna.
2. Atvinnuleysisskráning.
3. Vinnumiðlun.
4. Leiðbeiningar um stöðuval.
5. Vinnuþjálfun.
6. Skipulagning öryrkjavinnu.
7. Skipulagning unglingavinnu.
8. Ráðstöfun atvinnubótafjár.

Skráning vinnuaflsins.

Frumskilyrði þess, að hægt sé að hagnýta vinnuafl þjóðarinnar skynsamlega, er, að nákvæm vitneskja sé fyrir hendi um vinnuaflið, magn þess og tegund, hvar það er og hvernig því er raunverulega ráðstafað og hvað fyrir það greitt. Alþingi virðist hafa gert sér ljósa þýðingu þessa, þar eð vinnumiðlunarskrifstofum er í gildandi lögum gert skylt að safna skýrslum um atvinnuhætti og atvinnurekendum í

kaupstöðum að senda vinnumiðlunarskrifstofunum mánaðarlega afrit af kaupgjaldsskrám sínum. Þessum fyrirmælum mun þó hafa verið slælega framfylgt, og ber brýna nauðsyn til að koma þessum málum í gott horf.

Atvinnuleysisskráning.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að atvinnuleysisskráning fari fram í kaupstöðum fjórum sinnum á ári. Þessum fyrirmælum mun ekki heldur hafa verið framfylgt að fullu. Skipuleg atvinnuleysisskráning er þó nauðsynleg, og virðist sjálfsagt, að atvinnustofnunin annist hana, enda á hún að hafa skilyrði til þess að liðsinna atvinnulausum mönnum, m. a. með vinnumiðlun.

Vinnumiðlun.

Síðan 1935 hefur verið haldið uppi opinberri vinnumiðlun hér á landi. Í nálægum löndum er slík starfsemi hvarvetna talin mjög mikilvæg, og hefur Alþjóðavinnumálastofnunin beitt sér fyrir því, að þessi starfsemi sé efld sem mest. Hún eykur mjög öryggi bæði vinnenda og atvinnurekenda, jafnframt því sem hún stuðlar að góðri hagnýtingu vinnuaflsins með því að stytta þann tíma, sem fer í að skipta um störf, og auðvelda mönnum að fá störf við sitt hæfi.

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrv. um að afnema skyldu til vinnumiðlunar í kaupstöðum og að fella niður framlög í því skyni, en setja bæjarstjórnum í kaupstöðum í sjálfsvald, hvort slíkri starfsemi er haldið þar uppi eða ekki. Af samþykkt þess frv. mundi vafalaust hljótast, að vinnumiðlun félli víða niður. Slíkt væri spor aftur á bak. Starfsemi þessa þarf þvert á móti að auka, og er að því stefnt með ákvæðum þessa frv.

Leiðbeiningar um stöðuval.

Í nálægum löndum hefur víðast hvar verið komið á fót stofnunum, sem hafa það hlutverk að leiðbeina mönnum í stöðuvali og stuðla þannig að því, að menn vinni við þau störf, sem þeir eru hæfastir til þess að gegna, bæði til þess að stuðla að sem mestri framleiðslu og sem mestri starfsgleði. Slík starfsemi hefur ekki verið hafin hér enn. Til þess er þó kominn tími að hefjast handa á þessu sviði, enda hafa nágrannaþjóðirnar öðlazt dýrmæta reynslu í þessum efnum, sem hægt ætti að vera að hagnýta.

Vinnuþjálfun.

Til þess að ráða bót á atvinnuleysi getur verið nauðsynlegt að efna til sérstakrar vinnuþjálfunar. Svo kann að vera, að atvinnulausir menn, sem geta ekki fengið vinnu við sitt hæfi, gætu með tiltölulega stuttri þjálfun eða námi orðið færir um að gegna störfum, sem þeir höfðu ekki verið færir um að gegna áður og e. t. v. er skortur á mönnum til að annast. Er eðlilegast, að atvinnustofnunin annist slíka vinnuþjálfun.

Öryrkjavinna.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að öryrkjar allir séu skráðir og enn fremur gamalt fólk, sem er atvinnulaust, en óskar eftir vinnu við sitt hæfi. Með því móti fengist yfirlit yfir það vinnuafl, sem hér er um að ræða og nú er mjög illa hagnýtt. Það væri öryrkjunum sjálfum til mikilla hagsbóta og þjóðarheildinni beinn ávinningur, ef gerðar væru ráðstafanir til þess að gefa þeim kost á hentugri vinnu. Samband ísl. berklasjúklinga hefur með starfsemi sinni að Reykjalundi sannað eftirminnilega, að þeir, sem eru öryrkjar um stundarsakir eða að nokkru leyti, geta innt af hendi mjög verðmætt starf. Þar hefur verið veitt hið ágætasta fordæmi. Á þeirri braut þarf að halda áfram og koma upp hliðstæðum stofnunum fyrir aðra öryrkja og gamalt fólk. Væri með því stigið hið merkasta spor í félagsmálum, bæði séð frá sjónarmiði öryrkjanna og þjóðarheildarinnar.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að atvinnustofnunin geti gert hvort sem hún telur heppilegra að koma sjálf á fót slíkum verkstæðum eða fyrirtækjum eða semja við

félög um rekstur þeirra. Til þess að auðvelda rekstur slíkra fyrirtækja er gert ráð fyrir því, að atvinnustofnunin geti fengið einkarétt á framleiðslu vissra vörutegunda, sem henta mundi slíkum fyrirtækjum að framleiða.

Enn fremur er í frv. ákvæði um, að öryrkjar skuli hafa forgangsrétt að vissum störfum, sem sérstaklega eru við þeirra hæfi, samkvæmt ákvæðum atvinnustofnunarinnar.

Unglingavinna.

Nauðsynlegt er að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að unglingar þurfi ekki að ganga atvinnulausir, en á síðastliðnu sumri kvað mikið að því, að unglingar gætu ekki fengið hentuga vinnu.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að séu unglingar atvinnulausir, skuli fyrst og fremst reynt að greiða fyrir því, að þeir geti stundað nám, en að öðru leyti komið á fót vinnustöðvum eða vinnuskólum eða efnt til sérstakra opinberra framkvæmda, sem unglingar gætu starfað að. Slíkt yrði ódýrara en að láta unglingana ganga atvinnulausa.

Ráðstöfun atvinnubótafjár.

Nauðsynlegt er, að ráðstöfun alls þess fjár, sem varið er til atvinnuaukningar í fjárlögum, sé á einni hendi, og virðist eðlilegast, að atvinnustofnunin ráðstafi því, þar eð hún annast skráningu vinnuaflsins og vinnumiðlun. Með því móti ætti féð að koma að mestum notum.

Stjórn stofnunarinnar og fjármál.

Gert er ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar verði í höndum eins forstjóra og sjö manna atvinnuráðs, þar sem bæði samtök verkamanna og atvinnurekenda eigi fulltrúa.

Ef frv. þetta næði fram að ganga, yrði að taka upp í fjárlög fjárveitingu í þessu skyni. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að þessi starfsemi kosti nokkurt fé, en þess er að gæta, að starfsemi stofnunarinnar mundi, ef vel væri á haldið, tvímælalaust hafa stórkostlega fjárhagsþýðingu fyrir þjóðarbúskapinn í heild og þá einstaklinga, sem samkvæmt frv. yrðu studdir til sjálfsbjargar.

Ef síður þætti henta að setja á fót sérstaka stofnun til að annast þau verkefni, sem frv. fjallar um, gæti mjög komið til álita að stofna sérstaka deild í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins og fela henni þessa starfsemi.“

Ed. 118. Breytingartillaga [62. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú er krafizt sölu á ítaki samkvæmt 2. gr., en eigandi, umboðsmaður hans eða ábúandi jarðar, er ítakið fylgir, mótmælir sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins mun meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, sem æskir kaupanna.

Nú telja hinir dómkvöddu menn, að jörð sú, er ítakið liggur í eða fyrir, hafi einnig mikla þörf ítaksréttindanna, en jörð sú, er ítaksréttindin fylgja, megi án þeirra vera að nokkru leyti, og er þá rétt að skipta ítakséttindunum milli jarðanna.

Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, er þess

æskir, en við yfirmat af þeim, sem æskir þess, ef engin breyting verður á matinu honum í vil, en ella að hálfu af hvorum aðila.

Nd. 119. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á undan A. I. d. 1 í 1. gr. laganna komi nýr liður:
   Össurá í Lóni.
2. Á eftir A. I. d. 4 í sömu gr. komi nýr liður:
   Fjarðará í Lóni.
3. Á eftir A. I. d. 5 í sömu gr. komi nýr liður:
   Hólmsá á Mýrum.
4. Á eftir A. I. d. 9 í sömu gr. komi nýir liðir:
   a. Jökulsá á Breiðamerkursandi.
   b. Nýgræðnakvísl.
   c. Breiðá.
   d. Fjallsá.
   e. Hrútá.

Nd. 120. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Ásg. Ásgeirsson, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 121. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Við 1. gr. laganna bætist ný mgr., þannig.

Alþingi, 24. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.
Einar Olgeirsson. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 122. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Ásg. Ásgeirsson, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein.

Nd. 123. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 24. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 124. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. EOl er þó andvígur sumum liðum 1. gr.

Alþingi, 24. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 125. Frumvarp til laga [78. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:

a. Fossá í Suðurfjörðum í 450 hestafla orkuveri;
b. Seljadalsá við Bíldudal í 450 hestafla orkuveri;
c. Suðurbólsá á Rauðasandi í 850 hestafla orkuveri,

— og leggja þaðan aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 13 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 4.33 millj. kr., þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til framkvæmdum samkv. 1. gr. er lokið svo, að Bíldudalur og Patreksfjörður hafa fengið raforku frá einhverju því orkuveri, sem þar um ræðir, skal þeim veitt aðstoð úr ríkissjóði til þess að framleiða rafmagn með dieselvélum fyrir sama verð og raforkuver ríkisins selja raforkuna.

Greinargerð.

Á síðasta þingi bar ég fram ásamt Hannibal Valdimarssyni frv. til laga um að virkja Dynjandisá og veita þaðan rafmagni um byggðir Vestfjarða. Mál þetta náði þá ekki fram að ganga. Var talið, að málið væri ekki nægilega undirbúið. Vitað væri þó, að reikna mætti með, að kostnaður yrði a. m. k. 60 millj. kr. og orkan þó eigi yfir 5000 hestöfl. Af þessu væri augljóst, að raforka frá Dynjandisárvirkjun, dreifð um alla Vestfirði, yrði til mikilla muna dýrari en hjá öðrum rafveitum sambærilegum að afli. Síðari upplýsingar um þessi mál benda til þess, að 10—15 ára frestur verði á virkjun Dynjandisár eða jafnvel enn meiri. Er sýnilegt, að gersamlega ógerlegt er fyrir íbúa Patreksfjarðar og Bíldudals og þeirra héraða, sem að þeim stöðum liggja, að bíða allan þann tíma eða lengur eftir lausn þessara mála. Báðir fyrrnefndir staðir hafa orðið að koma sér upp dieselrafstöðvum, Patreksfjörður 500 hestafla stöð og Bíldudalur 400 hestafla stöð. Með núverandi verðlagi á olíu og vinnu er rekstrartap hverrar stöðvarinnar um sig um 100 þús. á ári og fer hækkandi með hækkandi verðlagi. Hefur ríkissjóður af þessum ástæðum þegar orðið að greiða fyrir Suðurfjarða-

hrepp yfir 80 þús. kr. í vexti og afborganir af lánum í sambandi við virkjanir þar og ekki sýnilegt annað en þessar greiðslur fari hækkandi árlega, unz raforkumálum þessara staða hefur verið komið í viðunandi horf.

Vegna knýjandi nauðsynjar á umbótum í þessum málum leitaði ég á síðastliðnu sumri til raforkumálaskrifstofunnar og fór þess á leit, að ýmsar ár í Vestur-Barðastrandarsýslu yrðu athugaðar nú þegar, svo að full vitneskja fengist um það, hvort unnt væri að bæta úr raforkuþörf íbúanna á annan og auðveldari hátt en með því að virkja Dynjandisá, enda hafði félagsmálaráðuneytið óskað eftir umsögn raforkumálastjóra um raforkumál Suðurfjarðahrepps af ástæðum, sem fyrr greinir. Varð raforkumálaskrifstofan við þessari málaleitun og lét á síðasta sumri athuga möguleika fyrir virkjun þeirra vatnsfalla, sem til greina gætu komið. Er skýrsla stofnunarinnar birt hér með sem fylgiskjal.

Af skýrslu þessari sést, að hægt er að fullnægja raforkuþörf héraðsins með því að virkja aðeins eina af þeim ám, sem mældar hafa verið, þ. e. Suðurbólsá á Rauðasandi, sem talið er að geti framleitt 850 hestöfl. Mundi sú orka nægja um langan tíma þessum tveimur þorpum og býlunum umhverfis þau, einkum er tekið er tillit til þess, að fyrir hendi eru tvær dieselstöðvar, sem notaðar yrðu til vara, ef vatnsorkan nægði ekki. Áætlað er, að virkjunarkostnaðurinn yrði 5.5 millj. með veitu frá orkuveri til Patreksfjarðar, en þá þyrfti enn að bæta við kostnaði við veitu frá Patreksfirði til Bíldudals. Önnur leið til að bæta úr þessum málum, en þó aðeins bráðabirgðalausn, sem þó um leið yrði liður í framtíðarlausn á málinu, er að virkja fyrst Fossá í Fossfirði, sem talin er geta framleitt 450 hestöfl. Kostnaður er áætlaður 2.7 millj. kr. með veitu frá orkuveri til Bíldudals. Þyrfti þá enn að reikna með veitu á milli Patreksfjarðar og Bíldudals, eins og fyrr segir. Um nokkurt skeið mundi þetta orkuver geta fullnægt þessum hluta héraðsins með því að grípa til dieselstöðvanna, þegar álagið væri sem mest.

Þriðji möguleikinn er að virkja Seljadalsá við Bíldudal, sem áætlað er að geti framleitt 450 hestöfl og talið er að kosti 3.7 millj. kr. með veitu til Bíldudals. Frá þessari upphæð bæri þó að draga kostnað við veitu til Bíldudals, ef búið væri að virkja Fossá og veita frá henni orkunni. Heildarkostnaðurinn yrði þannig tæpar 12 millj. kr. með núverandi verðlagi, auk kostnaðar við orkuveitu milli Patreksfjarðar og Bíldudals, en þá hefði líka þessum hluta héraðsins verið séð fyrir nægilegri orku um langan tíma. Mér hefur því þótt rétt að miða öll ákvæði frumvarpsins við það að heimila allar þessar virkjanir. Mér er hins vegar ljóst, að þær verða ekki gerðar allar í senn, enda þess ekki þörf. Verði frv. samþykkt óbreytt, mundi raforkumálastjórnin gera tillögur um það, að undangenginni nánari rannsókn á virkjunarskilyrðum og kostnaði, hvaða stig virkjunarinnar skyldi framkvæma fyrst.

Ég hef ekki gert tillögur um það í þessu frv., að veita yrði lögð um Tálknafjarðarhérað, og kemur það til af því, að Tálknfirðingar hafa í hyggju að koma upp héraðsrafveitu. Annars færi veitan á milli Patreksfjarðar og Bíldudals um nokkurn hluta Tálknafjarðar, og mætti því, ef það þætti hagkvæmara, taka einnig þann hrepp með í kerfið.

Á það skal bent, að virkjun sú, sem hér um ræðir, virðist á engan hátt óhagstæðari en virkjun Dynjandisár, þegar allt er með reiknað, auk þess sem hún er margfalt öruggari fyrir þessi héruð. Hitt er svo ljóst, að atvinnuvegirnir á þessum stöðum eru í yfirvofandi hættu, ef ekki er bráðlega bætt úr þessum málum, einkum þegar vitað er, að auka verður verulega iðnaðarframleiðsluna þar til þess að vega upp á móti aflaleysinu, sem ógnað hefur íbúunum nú í mörg ár. Þess er því vænzt, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Skýrsla um athuganir og mælingar í Vestur-Barðastrandarsýslu í ágúst 1951.

Þann 16. ágúst fór undirritaður flugleiðis til Bíldudals, og var markmið ferðarinnar að athuga virkjunarmöguleika við eftirtaldar ár í sýslunni:

Fossá í Fossfirði.

Úrkomusvæði árinnar er um 30 km². Hún fellur til sjávar í botni Fossfjarðar í tveim fossum af klettabrún austanvert við bæinn Foss. Hæð hamarsbrúnarinnar er um 46—47 m yfir sjávarmál, en ofan við er flatt dalverpi. Stíflustæði yrði valið á klettabrúninni, og með um 330 m langri stíflu, að meðaltali um 4 m hárri, fæst næg uppistaða til dægurmiðlunar og um 50 m fallhæð. Stöðvarstæði yrði norðan undir hól austast í túninu á Fossi, og þaðan að inntaki yrði um 180 m löng pípa. Fjarlægð að Bíldudal er um 13 km.

Sé gert ráð fyrir, að minnsta rennsli svari til 20 l/sek. pr. km² og að mesta álag sé 50% hærra en meðalálag yrði stærð virkjunarinnar miðuð við:

$$N = \frac{600 \times 50 \times 0.75}{75} - 1.5 = \underline{450 \text{ h.ö.}}$$

Augljóst er, að kostnaður við stíflugerð verður yfirgnæfandi. Lækka má stífluna eitthvað, en hins vegar er stórt og nægilega djúpt inntakslón skilyrði fyrir dægurmiðlun og öruggum rekstri stöðvarinnar. Nánari samanburð á þessu yrði að gera í seinni og ýtarlegri greinargerð og kostnaðaráætlun.

Seljadalsá við Bíldudal.

Úrkomusvæði árinnar er um 11 km². Tveir höfuðmöguleikar eru í vali á stíflustæði. Sá fyrri er að stífla ána fremst í dalverpi því, er árnar koma saman. Áin rennur þarna þröngt milli tveggja hæða, og með dægurmiðlun fyrir augum yrði að stífla þarna hátt, allt að 15 m. Efri brún stíflu yrði þá um 100 m löng. Stöðvarstæði yrði skammt fyrir neðan þann stað, sem Seljadalsá og Kálfadalsá sameinast í Langá, en þaðan rennur áin flatt til sjávar. Pípulínan yrði um 1050 m löng og fallhæðin um 135 m. Stærð virkjunar væri þá hægt að miða við:

$$N = \frac{220 \times 135 \times 0.75}{75} \times 1.5 = \underline{450 \text{ h.ö.}}$$

Síðari möguleikinn er að stífla ána um 200 m neðan við stíflust. I, en þaðan fellur áin bratt að fyrirhuguðu stöðvarstæði. Stíflan yrði um 6—7 m há mest og efri brún um 50 m löng. Dægurmiðlun yrði engin. Pípulengd yrði um 860 m og fallhæð um 120 m. Nýtanlegt afl yrði þá:

$$N = \frac{220 \times 120 \times 0.75}{75} = \underline{260 \text{ h.ö.}}$$

Hvor tilhögunin er heppilegri, verður ekki sagt um, fyrr en kostnaðaráætlun hefur verið gerð, en verið getur, að hin háa stífla í tilhögun I verði fjárhag virkjunarinnar ofviða.

Suðurbólsá á Rauðasandi.

Úrkomusvæði árinnar er um 19 km², og er þá úrkomusvæði Oddavatns tekið með, en úr því má auðveldlega veita yfir á úrkomusvæði Suðurbólsár. Af hamrabrún sunnan undir Stakkahnjúk fellur áin í mörgum fossum um 150 m á rúmum 800 m. Stíflustæði yrði á klöpp á hamrabrún, og dægurmiðlun er ef til vill möguleg, en stíflan mundi þá sennilega verða nokkuð dýr.

Nýtanlegt afl yrði með dægurmiðlun:

$$N = \frac{380 \times 150 \times 0.75}{75} \times 1.5 = \underline{850 \text{ h.ö.}}$$

Lengd háspennulínu til Patreksfjarðar yrði um 25 km.

Ósá í Patreksfirði.

Úrkomusvæði árinnar er um 20 km². Mesta nýtanleg fallhæð yrði um 50 m, en lengd pípu yrði þá um 800 m. Miðlunarskilyrði eru ekki fyrir hendi. Stærð virkjunar gæti þá miðazt við:

$$N = \frac{400 \times 50 \times 0.75}{75} = \underline{200 \text{ h.ö.}}$$

Ekki er ósennilegt að heppilegra muni vera að nýta minni fallhæð með styttri pípu. Fjarlægð að Patreksfirði er um 12 km.

Vatnsdalsá í Vatnsfirði.

Úrkomusvæði árinnar er um 100 km². Mesta nýtanleg fallhæð yrði um 13 m. Sé gert ráð fyrir, að minnsta rennsli svari til 30 l/sek. pr. km², verður nýtanlegt afl með dægurmiðlun í Vatnsdalsvatni:

$$N = \frac{3000 \times 13 \times 0.75}{75} \times 1.5 = \underline{585 \text{ h.ö.}}$$

Lengd pípu yrði um 280 m. Mögulegt er að veita Þingmannaá í Vatnsdalsá, en skilyrði eru ekki góð, og þar sem minnsta rennsli árinnar virðist vera mjög lítið, er hæpið, að slík veita svari kostnaði.

Áætlanir um minnsta rennsli byggjast á stærð úrkomusvæða og lauslegum athugunum á staðnum, en að sögn voru árnar með allra minnsta móti, er ég ferðaðist þar um. Örugg ákvörðun á stærð virkjananna fæst þó ekki fyrr en yfirfallsstíflur hafa verið byggðar í ánum og vatnshæðarmælingar framkvæmdar að staðaldri.

Reykjavík, 3. sept. 1951.

Loftur Þorsteinsson.

Nd. 126. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. júní s. l. Á fundi nefndarinnar í dag var frv. tekið til meðferðar og samþykkt einróma að mæla með því.

Alþingi, 23. okt. 1951.

Pétur Ottesen, form.	Sig. Ágústsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Halldór Ásgrímsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á lífeyri starfsmanna ríkisins.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þeir, sem taka lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, fái greidda á hann fulla verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er greidd verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins og á bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögum um almannatryggingar. Einnig er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1952, að verðlagsuppbót verði greidd á eftirlaun samkvæmt 18. gr. fjárlaga. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir hins vegar lífeyri án verðlagsuppbótar, og verða því kjör þeirra, sem taka lífeyri úr þeim sjóði, miklu lakari en annarra, sem fá hliðstæðar greiðslur. Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, er lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að sjá svo um, að bætt sé úr þessu misrétti, þannig að þeir, sem taka lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, fái framvegis greidda verðlagsuppbót eftir þeim reglum, sem gilda um greiðslu verðlagsuppbótar til starfsmanna ríkisins.

Nd. 128. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að á því verði gerð sú formsbreyting, að 2. gr. verði 2. mgr. 1. gr. og verði frv. því samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „2. gr.“ falli niður.

Alþingi, 25. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.

Einar Olgeirsson. Ásg. Ásgeirsson.

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um rekstur tunnuverksmiðja ríkisins.

Flm.: Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, að í vetur verði smíðað úr öllu því tunnuefni, sem unnt er að fá til landsins, miðað við tunnuþörfina eins og hún er áætluð næsta sumar og haust.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að atvinnuleysi um vetrarmánuðina er eitt helzta vandamál flestra bæjarfélaga. Víða er svo háttað, eins og t. d. á Norðurlandi, að um langan tíma er ógerlegt að stunda útivinnu vegna óhagstæðrar veðráttu. Forráðamenn bæjarfélaganna hafa því talið það hina mestu nauðsyn, að komið yrði upp atvinnufyrirtækjum, sem veittu sem flestum atvinnu og gætu starfað án tillits til veðurfarsins.

Á Akureyri og Siglufirði hafa í nokkur ár starfað tunnuverksmiðjur. Hafa þær veitt mikla atvinnu og einmitt á þeim tíma ársins, er mest atvinnuleysi hefur verið meðal verkamanna. Fyrir skömmu voru gerðar miklar endurbætur á Siglufjarðarverksmiðjunni, m. a. komið þar upp rúmgóðri tunnugeymslu. Hafa þessar framkvæmdir að sjálfsögðu kostað mikið fé. Á Akureyri hefur hins vegar lítið sem ekkert verið gert við tunnuverksmiðjuna, og þar vantar tilfinnanlega geymslu fyrir smíðaðar tunnur. Vonandi lætur stjórn tunnuverksmiðjanna innan skamms endurbæta Akureyrarverksmiðjuna, þar sem aðstaða til tunnusmíði er þar engu síðri en á Siglufirði.

Tunnur, smíðaðar innan lands, hafa yfirleitt reynzt vel. Þær hafa verið nokkru dýrari en erlendar tunnur, en þó mun sá verðmunur hafa verið sáralítill síðastliðið sumar vegna hagstæðra innkaupa á tunnuefni.

Flutningsmaður þessarar tillögu er þeirrar skoðunar, að stefna beri að því að smíða innan lands sem mest af tunnum, sem útgerðin þarf á að halda. Þegar báðar tunnuverksmiðjurnar hafa verið endurbættar og vanir menn annast smíðarnar, hljóta innlendu tunnurnar að standast samanburð við þær erlendu, bæði um verð og gæði.

Akureyringar hafa verið óánægðir með verkaskiptinguna á milli verksmiðjanna, þar sem allt að þrefalt fleiri tunnur hafa verið smíðaðar á Siglufirði. Vonast flutningsmaður til, að samkomulag náist við stjórn verksmiðjanna um jafnari skipti, eftir að nauðsynlegar aðgerðir hafa farið fram á Akureyrarverksmiðjunni.

Að lokum skal þess getið, að á fundi bæjarstjóranna, sem haldinn var í Reykjavík 10.—13. þ. m., var m. a. eftirfarandi tilmælum beint til ríkisstjórnarinnar:

„Ríkisstjórn og síldarútvegsnefnd hlutist til um, að innlendu tunnuverksmiðjurnar verði reknar í svo stórum stíl, að þær smíði allar þær síldartunnur, sem landið þarfnast á hverjum tíma.“

Nd. 130. Frumvarp til laga [62. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, maríukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, auglýsa þrívegis í Lögbirtingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratugina og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú er krafizt sölu á ítaki samkvæmt 2. gr., en eigandi, umboðsmaður hans eða ábúandi jarðar, er ítakið fylgir, mótmælir sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins mun meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, sem æskir kaupanna.

Nú telja hinir dómkvöddu menn, að jörð sú, er ítakið liggur í eða fyrir, hafi einnig mikla þörf ítaksréttindanna, en jörð sú, er ítaksréttindin fylgja, megi án þeirra vera að nokkru leyti, og er þá rétt að skipta ítaksréttindunum milli jarðanna.

Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, er þess æskir, en við yfirmat af þeim, sem æskir þess, ef engin breyting verður á matinu honum í vil, en ella að hálfu af hvorum aðila.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, sbr. þó 5. gr., hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 131. Breytingartillögur [79. mál]

við till. til þál. um greiðslu verðlagsuppbótar á lífeyri starfsmanna ríkisins.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þeir, sem njóta lífeyris úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóði ljósmæðra, fái greidda á hann fulla verðlagsuppbót frá 1. maí 1950 samkv. þeim reglum, sem gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins.
2. Fyrir orðin „starfsmanna ríkisins“ í fyrirsögn till. komi: opinberra starfsmanna.

Sþ. **132. Tillaga til þingsályktunar** [81. mál]

um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptinu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt.

Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frv. til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur verið mjög augljós nauðsyn þess, að fram færi heildarendurskoðun á skattalöggjöf landsins.

Árið 1947 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða skattalöggjöfina og undirbúa frumvarp til nýrra laga um það efni. Þessi nefnd skilaði áliti á árinu 1948. Hafði nefndin þá samið nýtt frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, og fylgdi því ýtarleg greinargerð og ýmis fylgiskjöl um skipan einstakra þátta skattamála hjá öðrum þjóðum, en slíkra upplýsinga var aflað að tilhlutun nefndarinnar. Síðan hefur þetta nefndarálit legið í þagnargildi. Á hinn bóginn hefur oft verið vitnað til þess nefndarálits og þarfarinnar á almennri endurskoðun þessara mála, þegar fram hafa komið einstakar tillögur til breytinga á einstökum þáttum skattamálanna. Slíkar tillögur hafa margar komið fram hér á Alþingi og liggja m. a. nokkrar fyrir þinginu nú.

Eins og nú er komið verður ekki lengur umflúið að taka skattakerfi landsins til gagngerðrar endurskoðunar. Sú endurskoðun verður að vera á miklu víðtækari grundvelli en að var stefnt af fyrrgreindri nefnd á árunum 1947—1948. Sérstaklega hefur sá þáttur þessara mála, sem veit að tekjuskiptingunni og verkaskiptingunni milli ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaganna hins vegar, orðið mjög áberandi síðustu árin. Umfangsmeiri skattheimta ríkisins í margvíslegum myndum hefur í senn girt fyrir möguleika bæjar- og sveitarfélaganna til þess að afla sér nýrra tekjustofna og veikt aðstöðu þessara aðila varðandi þeirra einu tekjuöflun, sem heitið getur, en það er innheimta útsvaranna. Þetta hefur verið vaxandi áhyggjuefni fyrirsvarsmanna sveitarstjórnarmálefna. Þessi er orsök bæjarstjórafundarins, sem nýlega var haldinn hér í Reykjavík. Ályktanir fundarins skýra aðstöðu sveitarfélaganna, svo að eigi verður um villzt. Þeim er nú óhjákvæmilegt að gera kröfur um hlutdeild í tekjuöflun ríkisins, eins og fram hefur komið.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að Alþingi komist ekki hjá því nú þegar að veita bæjar- og sveitarfélögunum einhverja bráðabirgðaúrlausn sinna mála. Hins vegar teljum við, að nauðsynlegt sé að undirbúa varanlega úrlausn þeirra mála, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Önnur atriði tillögunnar eru jafnbrýn. Það er ekki með nokkru móti hægt að una við það skattakerfi, sem í mörgum dæmum tekur meira en allar árstekjur borgaranna til hins opinbera. Þegar þar við bætist margvíslegt misrétti, sem borgararnir verða að þola, gegnir reyndar furðu, hversu lengi hefur dregizt að bæta úr.

En slíkt skattakerfi grefur undan sér sjálft, ef ekki er að gert. Í kjölfar þess siglir siðleysi á báða bóga — af hálfu þess opinbera og einstaklinganna. Skattsvik

magnast og virðingarleysi fyrir réttum framtölum, og þar af leiðir handahófslega framkvæmd skattinnheimtunnar.

Það er því öllum fyrir beztu, að við svo búið sé ekki látið standa lengur. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram komin.

Verður nánar gerð grein fyrir henni við framsögu málsins.

Ed. 133. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það einnig til umsagnar nefnd þeirri, er skipuð var 3. apríl þ. á. til þess að gera tillögur um bætt vinnuskilyrði og hagkvæmari vinnubrögð við íslenzkan iðnað. Er svar nefndarinnar ásamt greinargerð hennar til ráðuneytisins birt hér með sem fylgiskjöl.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (PZ, RÞ og StgrA) taldi, að rétt væri, að þessum málum yrði ekki með lögum skipað í fast form fyrr en séð yrði, hvaða árangur yrði af störfum þeirrar nefndar, sem nú hefði verið sett til þess að koma á umbótum og til þess að leiðbeina í iðnaðarmálum, en til þessarar starfsemi eru ætlaðar 100 þús. kr. á fjárlögum fyrir næsta ár. Á þetta vildi minni hl. ekki fallast. Gefur meiri hl. því út sérstakt nál.

Minni hl. lítur svo á, að mál þetta hafi að undanförnu fengið allan þann undirbúning, sem nauðsynlegur sé til þess að skipa því þegar í fast form með lagasetningu þeirri, er hér um ræðir, enda hafa allir aðilar, sem málið hafa fengið til umsagnar og athugunar, litið svo á, að réttmætt og nauðsynlegt sé, að málið nái fram að ganga óbreytt í meginatriðum. Umsögn nefndar þeirrar, sem fékk málið til athugunar að þessu sinni, byggist fyrst og fremst á reynslu, sem þeir menn, sem hana skipa, hafa öðlazt í störfum sínum við einn þátt þeirra verkefna, sem stofnuninni er ætlað að vinna, enda telja þeir, að verkefni þau, sem talin eru í 3. lið 5. gr., séu mest aðkallandi, en það eru einmitt þau verkefni, sem þessir menn eru kunnugastir, glíma daglega við og vita af eigin reynslu, hversu afarnauðsynlegt er að koma þar á umbótum. Önnur verkefni, sem samkvæmt frv. eru ætluð iðnaðarmálastjóra og þessum lið eru fjarskyldari, svo sem þau, er ákveðin eru í 4. gr. og 1.—2. og 4.—7. lið 3. greinar, er ef til vill enn meira aðkallandi, að leyst verði, og m. a. af þeim ástæðum getur minni hl. ekki fallizt á að afgreiða málið á þann hátt, sem meiri hl. leggur til, að gert verði.

Það er sýnilegt, að það er beinlínis lífsskilyrði, bæði fyrir landbúnaðinn og fyrir sjávarútveginn, að hendi sé ekki sleppt af neinum þeim afurðum, sem þar eru framleiddar, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili framleiðendum sem mestum tekjum og landinu sem mestum gjaldeyri, ef út eru fluttar. En vér eigum enn óralanga leið að því takmarki. Og því takmarki verður ekki náð nema með stórkostlegri þróun á sviði iðnaðarmálanna. Hér hafa að vísu unnizt stórir sigrar á síðari árum, einkum þó hvað snertir nýtingu sjávarafurða, en það er þó ekki nema brot af því, sem koma verður í framtíðinni. Það er alveg ljóst, að því erfiðlegar sem gengur af afla hráefnanna, því meiri og brýnni nauðsyn ber til þess að vinna sem bezt úr þeim, hagnýta þau sem bezt og koma þeim í sem verðmætasta vöru. Gildir þetta jafnt um afurðir frá landi sem legi.

Talið er, að um 6 þús. fjölskyldur í landinu eigi nú afkomu sína undir iðnaðinum. Lífsafkoma þessa fólks er undir því komin, hvernig búið er að þessum atvinnuvegi, og m. a. hvort Alþingi vill leggja honum til forustu, sem búin er þeirri

þekkingu, sem bezt verður á kosið. Afkoma hinna tveggja aðalatvinnuveganna, landbúnaðar og sjávarútvegs, er einnig komin undir því í framtíðinni, að iðnaðarmálunum verði skipað á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Skal það skipað til 4 ára í senn, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, Félags íslenzkra iðnrekenda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna; skipar ráðherra einn af hinum tilnefndu mönnum formann ráðsins.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 29. okt. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 15. okt. 1951.

Með bréfi dags. 12. þ. m. hefur iðnaðarnefnd efri deildar leitað umsagnar hjá undirrituðum (sem áttu sæti í nefnd, er skipuð var síðastliðið vor af ríkisstjórninni til þess að gera tillögur um tæknilega aðstoð til handa íslenzkum iðnaði) um frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Nefndin skilaði áliti til ríkisstjórnarinnar um fyrirkomulag þessara mála til bráðabirgða, og fylgir það hér með í afriti.

Oss virðist frumvarpið í höfuðdráttum ganga í rétta átt vegna þess, að brýn þörf er fyrir stofnun, er inni af höndum þau verkefni, sem frumvarpið fjallar um. Þó teljum vér æskilegt, að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu, og leggjum sérstaka áherzlu á eftirfarandi:

1. Í stað þess, að skipaður verði iðnaðarmálastjóri með framleiðsluráð sér til aðstoðar, ætti einungis að skipa framleiðsluráðið (í nefndaráliti voru nefnt iðnaðarmálaráð), er fari með stjórn þessarar stofnunar og ráði framkvæmdastjóra (iðnaðarmálastjóra) og annað starfslið sér til aðstoðar.
2. Þar eð frumvarpið fjallar um verksmiðjuiðnaðinn í landinu, finnst oss eðlilegt, að framleiðsluráð sé tilnefnt af þeim aðilum, sem tilteknir eru í nefndaráliti voru, en það er Félag íslenzkra iðnrekenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Rannsóknaráð ríkisins.
3. Undanfarin ár hefur hagstofan, fjárhagsráð og Landsbanki Íslands hvert í sínu lagi innheimt skýrslur frá iðnaðinum. Nú hefur hagstofan ein tekið að sér að safna þessum skýrslum og vinna úr þeim. Vér álítum, að betri árangur mundi nást af skýrslusöfnun hagstofunnar, ef hún væri framkvæmd í samvinnu við væntanlega iðnaðarmálastofnun, og leggjum til, að 7. gr. frumvarpsins sé breytt í samræmi við það.
4. Enda þótt vér teljum, að verkefni iðnaðarmálastofnunarinnar, sem talin eru í frumvarpinu, séu mikilsverð, viljum vér þó benda á, að hagkvæmara getur reynzt að gefa iðnaðarmálastofnuninni frjálsar hendur til þess að auka verkefnin smátt og smátt, eftir því sem reynsla fæst, en leggja henni ekki skilyrðislaust þá skyldu á herðar að starfa á eins breiðum grundvelli þegar frá upphafi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Teljum vér, að verkefni þau, sem talin eru í 3. lið 5. gr., séu mest aðkallandi sem fyrsta viðfangsefni stofnunarinnar.

Þorbjörn Sigurgeirsson. Þorsteinn Gíslason. Páll S. Pálsson.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Alþt. 1951. A. (71. löggjafarþing). 39

Fylgiskjal II.

Hinn 3. apríl 1951 skipaði atvinnumálaráðuneytið nefnd til þess að gera tillögur um bætt vinnuskilyrði og hagkvæmari vinnubrögð við íslenzkan iðnað og önnur þau atriði, sem máli skipta í því sambandi. Í nefndinni eiga sæti þessir menn: Páll S. Pálsson frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, Þorsteinn Gíslason frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Þorbjörn Sigurgeirsson frá Rannsóknaráði ríkisins, sem er formaður nefndarinnar.

Eftir að hafa átt fund með stjórnarráðsfulltrúum atvinnumálaráðuneytisins og viðskiptamálaráðuneytisins, sem gerðu nánari grein fyrir starfssviði nefndarinnar, hefur málið verið rætt á allmörgum fundum. Nefndin hefur haft til athugunar ýmis gögn frá efnahagssamvinnustjórninni (E. C. A.) varðandi ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til eflingar iðnaðinum í öðrum Marshall-ríkjum. Einn nefndarmanna, Páll S. Pálsson, aflaði upplýsinga um aðgerðir Dana varðandi verknýtingu í verksmiðjum, er hann var á ferð í Danmörku síðastliðið vor. Einnig hefur nefndin kynnt sér frumvarp til laga um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð iðnaðarins, sem lagt var fyrir Alþingi af Gísla Jónssyni alþingismanni.

Nefndarmönnum virðist full þörf á því, að reynt verði að auka og bæta afköst verksmiðjuiðnaðarins í landinu með hagkvæmari vinnubrögðum, aukinni tæknilegri fræðslu og eftirliti með framleiðslunni og með því að fylgjast stöðugt með erlendum nýjungum á sviði iðnaðar og innfæra þær, sem hér geta orðið að gagni. Enn fremur þarf stöðugt að fara fram athugun á, hvaða nýjar greinar verksmiðjuiðnaðar sé hagkvæmt að taka hér upp.

Vér álítum, að stefna beri að því, að hér rísi upp tæknileg miðstöð — iðnaðarmálaskrifstofa — fyrir verksmiðjuiðnaðinn í landinu, og hafi hún á að skipa ráðunautum, sem vinni að eflingu iðnaðarmálanna. Oss virðist þó ekki tímabært að gera tillögur um endanlega skipan mála við stofnun þessa, en álítum heillavænlegra að fara hægt af stað og auka starfsemina stig af stigi í samræmi við þá reynslu, sem af henni fæst.

Tillögur nefndarinnar eru því fyrst og fremst miðaðar við fyrsta ár starfseminnar, en að þeim tíma liðnum ættu að koma fram nýjar tillögur.

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Komið verði á fót iðnaðarmálaskrifstofu, sem vinni að því að auka afköst verksmiðjuiðnaðarins í landinu með því að láta í té hvers konar tæknilega fyrirgreiðslu, sem iðnrekendur vanhagar um.
2. Yfirstjórn stofnunarinnar sé falin þriggja manna nefnd eða ráði, hér nefnt iðnaðarmálaráð, sem skipuleggi starfsemina í stórum dráttum og hafi með höndum mannaráðningar.
3. Fé til rekstrar iðnaðarmálaskrifstofunnar sé veitt úr ríkissjóði. Fyrsta árið sé fjárveitingin 100000.00 krónur, en mundi að líkindum hækka síðar með aukinni starfsemi.
4. Iðnaðarmálaráð ráði strax til sín einn ráðunaut um iðnaðarmál, og sé hann verkfræðingur að menntun.
5. Samið verði við Félag íslenzkra iðnrekenda um aðstoð við skrifstofustörf fyrsta árið, en Félag íslenzkra iðnrekenda hefur boðizt til þess að leggja starfseminni til húsnæði fyrsta árið.
6. Að ári liðnu leggi iðnaðarmálaráð fyrir ríkisstjórnina tillögur um framtíðarskipulag iðnaðarmálaskrifstofunnar.

Iðnaðarmálaráð á að tryggja starfseminni örugga og markvissa þróun, og er æskilegt, að þar eigi sæti fulltrúar, sem hafa náin kynni af sem flestum greinum iðnaðarins í landinu og einnig að þeir standi í nánum tengslum við rannsóknarstofnanir þær, sem framkvæma rannsóknir í þágu iðnaðarins. Eins og nú er háttað

virðist æskilegt, að iðnaðarmálaráð sé skipað fulltrúum, sem tilnefndir séu af Félagi íslenzkra iðnrekenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Rannsóknaráði ríkisins. Hæfilegt virðist, að iðnaðarmálaráð sé skipað til fjögurra ára í senn. Gera má ráð fyrir, að fundir yrðu í iðnaðarmálaráði einn til tveir í mánuði og yrði fulltrúum greidd þóknun samkvæmt því.

Starfssvið iðnaðarmálaráðs er að skipuleggja starf ráðunautanna í stórum dráttum og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu iðnaðarmálaskrifstofunnar og ráða menn í starfið. Ráðið ber ábyrgð á fé því, sem veitt er til stofnunarinnar.

Þegar fram í sækir ber að stefna að því að hafa ráðunauta í sem flestum greinum iðnaðar, en fyrst í stað verður ekki hjá því komizt, að ráðunautsstarfið verði mjög fjölþætt og yfirgripsmikið. Honum yrði falið að vinna eftir mætti að því að auka afköst og vörugæði einstakra iðnaðarfyrirtækja með tillögum um hagkvæmari vinnubrögð, tæknilegum leiðbeiningum til iðnrekenda og auknu eftirliti með vörugæðum og afköstum.

Ráðunauturinn ætti að stuðla að því, að innlendar rannsóknarstofnanir vinni að rannsóknarefnum, sem koma megi iðnaðinum að haldi, og að rannsóknir þær, sem gerðar eru, verði hagnýttar á sem beztan hátt. Einnig ætti hann að fylgjast með erlendum nýjungum á sviði iðnaðar og sjá um, að þær kæmu hér að sem beztum notum.

Ráðunautinum ber einnig að hafa vakandi auga á nýjum iðngreinum, sem vel mundu henta íslenzkum staðháttum, og stuðla að því, að þeim verði komið á fót.

Iðnrekendur geta leitað til ráðunautsins um úrlausn tæknilegra vandamála, og skal hann veita allar minni háttar leiðbeiningar og fyrirgreiðslur ókeypis. Ef um meiri háttar störf er að ræða, mætti krefjast greiðslu samkvæmt tillögum iðnaðarmálaráðs. Einnig ætti ráðið að semja við verkfræðingafélagið eða einstaka verkfræðinga um að taka að sér störf fyrir iðnrekendur, og gæti þá ráðunauturinn vísað á þann verkfræðing, sem mesta sérþekkingu hefði á viðkomandi verkefni.

Iðnaðarmálaskrifstofan annast milligöngu um útvegun erlendra sérfræðinga, þar sem það er talið æskilegt, og kemur fram sem fulltrúi íslenzka ríkisins í málum, er varða tæknilega aðstoð á vegum efnahagssamvinnustjórnarinnar (E. C. A.).

Fylgiskjal III.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 19. okt. 1951.

Hr. formaður iðnaðarnefndar efri deildar, Gísli Jónsson, Reykjavík.

Á stjórnarfundi í Félagi ísl. iðnrekenda hinn 16. okt. s. l. lagði ég fram afrit af bréfi okkar þremenninganna til iðnaðarnefndar efri deildar ásamt frumvarpi þínu um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð og óskaði álits félagsstjórnarinnar um þetta.

Stjórnin var sammála um það að mæla eindregið með því, að frumvarpið þannig breytt nái lagagildi.

Með vinsemd og virðingu,

Páll S. Pálsson.

Ed. 134. Frumvarp til laga [59. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1952 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1952 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
   b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
   c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Sþ. 135. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á einu máli um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hlutinn mælir með tillögunni óbreyttri, en minni hlutinn (ÁS og HV) leggur til, að henni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Undirritaðir telja, að húsnæðisskorturinn sé nú þegar svo alvarlegt vandamál, að nauðsynlegt sé að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að létta fjárhagslega undir með þeim, er í byggingar ráðast. Rannsókn þeirri, sem tillagan gerir ráð fyrir, er ætlað að sýna, hvernig komið er aðstöðu manna til að fá lán til íbúðabygginga. — Meiri hluti nefndarinnar mælir með því og telur vænlegast til árangurs, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir raunhæfum aðgerðum til úrbóta að lokinni nauðsynlegri athugun.

Alþingi, 29. okt. 1951.

Gísli Jónsson, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Karl Kristjánsson.
Ingólfur Jónsson. Pétur Ottesen.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um ráðstafanir til hjálpar ofdrykkjumönnum.

Flm.: Jónas Árnason, Ásmundur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um raunhæfar framkvæmdir til hjálpar ofdrykkjumönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 55 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Greinargerð.

Til skamms tíma var óbyggð lóðin austan Fiskifélagshússins við Skúlagötu í Reykjavík, og gamall nótabátur lá þarna á hvolfi. Staðurinn vakti á sér athygli vegfarenda, því að mannmargt var þarna oft og allháværar drykkjur. Almenningur nefndi staðinn Grand Hótel og henti gaman að. Ekki var þó eintómt gamanið í sambandi við hann, því að margir gestanna á Grand Hótel áttu hvergi heima, og þegar nótt færðist að með svefn og hvíld í húsum höfuðborgarinnar, þá krupu þeir undir nótabátinn, breiddu ofan á sig strigapoka og slitnar yfirhafnir og biðu þess, að nýr dagur rynni. Mun sú bið hafa verið löng og ömurleg stundum, enda nótt sjaldan hlý á Íslandi.

En nú er verið að reisa mikla byggingu á lóðinni austan við Fiskifélagshúsið, Grand Hótel horfið og burtu það húsnæði, sem þar stóð til boða heimilislausum mönnum. Og þeir hafa orðið að leita á aðra staði eftir vistarverum.

Norðan við Skúlagötu, andspænis Sænska frystihúsinu, standa gamlir skúrar. Þökin hafa að mestu verið rifin af þeim, og um þá eiga vindar loftsins allir frjálsa leið. En í einu skotinu stendur þó enn þá uppi þakið, og einn hinna heimilislausu manna tók sér þar samastað á síðastliðnu vori. Í skotinu var tréhurð laus af hjörum, og á henni lá hann um nætur. Hann hafðist þarna við um þriggja mánaða skeið. Annars hefur Arnarhóll orðið helzta athvarf hinna heimilislausu á sumrin. Þeir liggja þarna oft margir undir bárujárnsgirðingunni að norðan og sofa þótt komið sé fram á dag, þreyttir menn eftir kalda nótt, og hneyksla góða borgara. Á veturna sofa þeir í miðstöðvarklefum, þar sem láðst hefur að krækja aftur kjallaraglugga, eða í forstofum, þar sem gleymzt hefur að loka útidyrunum. Aðrir hreiðra um sig í ónýtum bröggum og kofum, þar sem regn fer hindrunarlítið gegnum þakið. Dæmi er til um mann, sem lengi hafðist við í hitaveitustokk. Enn fremur er þeim ósjaldan búin gisting í kjallara lögreglustöðvarinnar. Þar fá þeir trébekk að liggja á, vaðmálsteppi að breiða ofan á sig, vatnskrús að drekka úr og fötu að gera í þarfir sínar.

Annað er þarna ekki húsgagna. Bekkurinn er örmjór, og breidd klefans er tæplega tvöföld breidd bekkjarins. Lengd klefans er hæfileg fyrir meðalmann. Ljós er ekkert í klefanum nema skíma frá ofurlitlum glugga, sem snýr að ganginum, rammlega umbúinn traustum stálvír. Mönnunum er ekki hleypt út fyrr en henta þykir á skrifstofunni uppi. Komið hefur fyrir, að menn, sem voru settir niður að kvöldi, lágu þar dauðir og stirðnaðir að morgni. Margir koma upp lúsugir. En þrátt fyrir allt gerist það oft í kuldatíð, að hinir heimilislausu koma á lögreglustöðina og sárbiðja húsráðendur að setja sig niður. Oftar munu þeir þó dæmdir niður, — því að alltaf er verið að dæma þessa menn og sekta fyrir brot á áfengislögunum. Samkvæmt þeim lögum er ekki leyfilegt að neyta áfengis nema á sérstökum veitingastöðum og í heimahúsum. Menn þessir fá ekki aðgang að slíkum veitingastöðum, og þeir eiga hvergi heima. Það áfengi, sem þeir eignast, geta þeir því yfirleitt ekki drukkið nema ólöglega. — Sektirnar eru látnar safnast, unz komin er ákveðin upphæð. Þá fá þeir sérstakan dóm fyrir þær allar í einu lagi og eru síðan sendir til að afplána þær í tukthúsinu við Skólavörðustíg. Tukthúsvistin tekur venjulega hálfan mánuð. Þeir fá þarna nál og spotta til að staga í föt sín, geta þvegið af sér og snyrt á ýmsan hátt, og þeir hvílast. Margir þeirra eiga sína beztu daga í tukthúsinu. En að hálfum mánuði liðnum eru þeir svo á nýjan leik settir út í heimilisleysið, og þjóðfélagið skiptir sér ekki frekar af þeim, fyrr en aftur verður ástæða til að setja þá í kjallarann. Sú ástæða verður reyndar alltaf áður en lagt líður. Og hringrásin heldur áfram.

Svo sem áður var að vikið, fá þessir menn yfirleitt ekki aðgang að veitingastöðum. Það er því illmögulegt fyrir þá að kaupa sér heitan mat, þó að þeir hafi annars í höndunum peninga fyrir honum. Sumir þeirra nærast aldrei með öðrum hætti en þeim að kaupa sér eitthvert snarl í verzlunum, fara með það inn í port eða húsasund og éta það beint úr umbúðapappírnum. Eins og gefur að skilja eru margir þessara manna illa farnir eftir slíkt líf árum saman, og fullyrða kunnugir, að útlegðin mundi fyrir löngu hafa orðið þeim að aldurtila, ef ekki væri fyrir þá aðhlynningu og heilsubót, sem þjóðfélagið veitir þeim öðru hverju í tukthúsinu.

Óþarft mun að taka það fram, að menn þeir, sem hér um ræðir, eru hinir svokölluðu „rónar“, kenndir við Hafnarstræti. Það er hugsanlegt, að einhverjir telji mál þeirra lítið erindi eiga inn á löggjafarsamkomuna; þeir geti sjálfum sér um kennt hin dapurlegu örlög sín; réttast sé, að menn taki einir á sig erfiðið af að komast upp úr því víti, sem þeir hafi sjálfir skapað sér. Á þessum vettvangi verður samt ekki gerð tilraun til að rekja þá þræði orsaka og afleiðinga, sem valda því, að menn hrekjast í útlegð í höfuðborg Íslands; þó væri áreiðanlega lærdómsríkt fyrir stjórnendur landsins að sjá þar öll kurl til grafar komin, því að óvíst er, að þjóðfélagið hefði meiri sóma en þessir menn af slíkri athugun.

1. flm. tillögunnar er persónulega kunnugur sumum þessara manna. Og það er ekki sízt fyrir þann kunningsskap, sem honum hefur orðið ljóst, að mál þeirra er vert allrar athugunar af hálfu Alþingis, því að þetta eru yfirleitt hinu beztu menn, gæddir margvíslegum mannkostum, sem þjóðfélagið ætti að sjá sér hag í að nota til góðs, í stað þess að burtvísa þeim út í heimilisleysi, hungur og kulda. — Annars virðist raunar lítil ástæða til að óttast ranga afstöðu Alþingis í þessum efnum, því að með samþykkt þeirra laga, sem um getur í tillögunni, hefur það einmitt lýst sig fylgjandi því, að úrbótum verði þar hagað af fyllsta skilningi og raunsæi. Lög þessi voru samþykkt 17. maí 1949, og samkvæmt þeim er m. a. gert ráð fyrir:

að þeir, sem teknir eru höndum sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, verði að fengnu læknisvottorði fluttir í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild;

að reist verði gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, en síðan verði þeim komið fyrir á öðrum hælum eftir því, hvers eðlis drykkjusýki þeirra er og hversu þeir eiga saman.

Um framkvæmd þessara laga vitnar m. a. lýsingin hér að framan: ölvuðum

mönnum er fleygt í kjallarann án nokkurrar læknisathugunar; þeir, sem þjást af drykkjusýki, ráfa um götur höfuðborgarinnar og eiga hvergi heima. — Samkvæmt lögunum á ráðherra að setja tvær nánari reglugerðir, aðra um meðferð ölvaðra manna „með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstað sér til viðréttingar, og þá sérstaklega ef unglingar eiga í hlut", hina um meðferð drykkjusjúkra manna, „þ. á m. með hverjum skilyrðum þeir verði teknir í gæzlu, rekstur gæzluvistarhæla ..., gæzluvist þar og í einkaheimilum, vinnu gæzluvistarmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi". Ráðherra hefur hvoruga þessa reglugerð sett. — Fé til að standast kostnað af framkvæmd laganna skal koma úr sérstökum sjóði, gæzluvistarsjóði, en í hann renna 750 þús. kr. af ágóða áfengisverzlunar ríkisins á árunum 1950—1956.

Það mun allútbreidd skoðun, að lítil stoð sé í hælum til að bjarga þeim mönnum, sem hér að framan var einkum rætt um, enda sýni reynslan það, að jafnskjótt og þeir komi út af hælunum séu þeir flestir horfnir aftur til síns fyrra lífernis. Flm. hafa aðeins ófullkomna vitneskju um framkvæmd þeirra tilrauna, sem hér hafa verið gerðar með drykkjumannahæli, og þeir geta því ekki um það sagt, hvort málum hafi þar verið hagað eins og rétt hefði verið til að tryggja þann árangur, sem eftir var sótt. En hitt er fullvíst, að þjóðfélaginu hefur láðst að veita þeim drykkjumönnum, sem einhvern tíma hafa verið á hæli, þá aðhlynningu, sem þeir þörfnuðust umfram allt að aflokinni hælisvistinni. Þeir hafa flestir komið úr útlegð á hælið. Þeir hafa farið af hælinu sömu leið í útlegð aftur. Og hér stendur pennin á kjarna þessa máls. Því að ásamt áfenginu er heimilisleysið helzta orsök þess, að menn þessir hafa gefizt upp við að komast aftur inn fyrir garð í mannlegu samfélagi. Og ef þessir menn eiga að hafa nokkur raunhæf not þeirrar aðstoðar, sem einhver stofnun, hæli eða sjúkrahús, kann að bjóða þeim til að brjótast úr drykkjuskaparútlegðinni, þá verður jafnframt að tryggja það, að böl heimilisleysisins gíni ekki við þeim á nýjan leik, jafnskjótt og þeir eru aftur komnir úr vernd slíkrar stofnunar. Líf þessara manna hefur lengi verið þann veg háttað, að áfengið er fyrst og fremst orðið þeim hjálparmeðal til að harka af sér ægilegar raunir. Og það er þeim óbærileg tilhugsun að verða ef til vill að þola þær raunir án þessa meðals. Þess vegna er höfuðnauðsyn, að þeir geti treyst því fullkomlega, að vist á hæli verði þeim annað og meira en stundarhlé á útlegðinni. Þeir þurfa að geta treyst því, að hún verði þeim upphaf nýs og betra lífs.

Niðurstaðan verður því þessi: Það er ekki nóg að gera hæli handa þessum mönnum. Það verður jafnframt að sjá svo um, að þeir eigi sér einhvern samastað er hælisvistinni lýkur, eigi einhvers staðar heima. Og það verður að útvega þeim vinnu, því að fátt er jafn lamandi fyrir þrek eins manns og kjark eins og það að hafa ekkert fyrir stafni. Og fátt mun meiri stoð þeim manni, sem vill rífa sig upp úr drykkjuskap, heldur en það að hafa nóg að gera. — Um þetta atriði málsins er að vísu aðeins laust að kveðið í sjálfum lögunum, en eflaust mun hafa verið gert ráð fyrir, að um það yrðu nánari ákvæði í þeim reglugerðum, sem ráðherra á að setja.

Að lokum vilja flm. taka það fram, að þeim virðist bæði sjálfsagt og eðlilegt, að menn þeir, sem mál þessi snúast um, verði hafðir með í ráðum um framkvæmd þeirra. Nógu lengi hafa þeir átt að mæta skilningsleysi af hálfu þjóðfélagsins. Nógu lengi hefur þjóðfélagið látið ríkja gagnvart þeim viðhorf hins vandlætingarfulla borgara, sem er síhneysklaður yfir því, að þeim verður stundum á að biðja hann að hjálpa sér um 5 krónur. Nú er kominn tími til að breyta því viðhorfi. Nú er kominn tími til að finna menn þessa sjálfa að máli og segja: „Vinur, hvað er hægt að gera fyrir þig?"

Nd. **137. Frumvarp til laga** [83. mál]

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

I. KAFLI
Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6 milljónum króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 2½ milljón króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Fé það, er ríkissjóður leggur fram samkvæmt grein þessari, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. KAFLI
Um stjórn hlutafélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðanðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

III. KAFLI
Starfshættir bankans.

8. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

9. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

10. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.

IV. KAFLI
Um iðnlánasjóð.

11. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

12. gr.

Bankanum er heimilt að starfrækja fleiri deildir innan bankans, sem vinna að því markmiði, sem um er rætt í 1. grein.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bankanefndar iðnaðarsamtakanna, og er bréf hennar prentað sem fylgiskjal á eftir greinargerðinni. Iðnaðarnefnd gat ekki orðið sammála um flutning málsins. Meiri hl. (Gunnar Thoroddsen, Emil Jónsson og Sigurður Guðnason) ákvað að flytja það. Minni hl. (Andrés Eyjólfsson og Skúli Guðmundsson) taldi ekki tímabært að flytja það og vildi, að beðið yrði eftir áliti þeirrar stjórnskipuðu milliþinganefndar í bankamálum, sem nú situr að störfum.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda hafa farið þess á leit við iðnaðarnefnd, að hún flytji frv. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Frv. er samið af fulltrúum þessara samtaka. Iðnþingið, sem háð var í haust, fjallaði um málið og óskaði eindregið eftir lögfestingu frv.

Iðnaðarnefnd gat ekki orðið sammála um flutning málsins. Meiri hl. (Emil Jónsson, Gunnar Thoroddsen og Sigurður Guðnason) telur rétt að verða við tilmælum iðnaðarmanna og iðnrekenda og flytur frv. í þeirri mynd, sem það barst í hendur iðnaðarnefndar. Einstakir nefndarmenn meiri hl. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt. Minni hl. n. (Bjarni Ásgeirsson og Skúli Guðmundsson) vildi ekki taka þátt í flutningi frv. og taldi eðlilegra, að fram væri borin þátill. um málið.

Frv. fylgdi svofelld greinargerð frá höfundum þess:

Reykjavík, 4. apríl 1949.

„Frumvarp þetta er þannig til orðið, að á s. l. sumri skrifaði iðnaðarmálaráðherra bréf til Landssambands iðnaðarmanna, með beiðni um, að sambandið semdi frumvarp til laga um iðnaðarbanka. Sambandsstjórnin lagði mál þetta síðan fyrir iðnþing Íslendinga, sem háð var í Reykjavík síðastliðið haust. Iðnþingið samþykkti að bjóða Fél. ísl. iðnrekenda að tilnefna tvo fulltrúa, er ásamt tveimur fulltrúum frá Landssambandi iðnaðarmanna skyldu semja frumvarp til laga um iðnaðarbanka.

Fél. ísl. iðnrekenda varð vel við þessum tilmælum. Nefndin varð endanlega þannig skipuð, að Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari og Þorsteinn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari áttu sæti þar fyrir hönd Landssambands iðnaðarmanna, en H. J. Hólmjárn efnafræðingur og Páll S. Pálsson lögfr. fyrir hönd F. Í. I.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi og orðið sammála um frumvarp það, sem liggur fyrir.

Nefndin telur rétt og skylt, áður en gerð er grein fyrir hverjum lið frumvarpsins, að drepa nokkrum orðum á lánsfjárþörf iðnaðarins.

Allt fram um síðustu aldamót var landbúnaðurinn langstærsti atvinnuvegur landsmanna. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar hófst sjávarútvegurinn til vegs og virðingar, sem vera bar. Þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, iðnaðurinn, er naumast til fyrr en eftir árið 1930, nema sem handverk. Verksmiðjuiðnaður fer ekki að blómgast hér á landi fyrr en eftir þann tíma.

Árið 1940 er svo komið atvinnuskiptingu landsmanna, að 30.6% höfðu beint lífsframfæri af landbúnaði, 21.3% af iðnaði og 15.9% af sjávarútvegi. Fullyrða má, að síðan hefur þróunin gengið í þá átt, að þeim hefur fækkað hlutfallslega, sem stunda landbúnaðarstörf, en iðnaðarmönnum og iðnverkafólki hefur fjölgað.

Allmikið misræmi hefur ríkt um lánsfjárafstöðu atvinnurekenda, eftir því hvaða atvinnugrein þeir stunda.

Með stofnun Búnaðarbankans, sem nú hefur starfað í meira en tuttugu ár, var bændum á margvíslegan hátt tryggður aðgangur til hagkvæmra lána til íbúðar- og gripahúsabyggingar, til jarðræktar, til stofnunar nýbýla o. fl. o. fl.

Lög um stofnun Útvegsbanka Íslands h/f eru nú 19 ára gömul. Það er athyglisvert, að í fyrstu grein þeirra laga segir, að bankinn skuli sérstaklega styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna. Bankinn átti upphaflega að heita Sjávarútvegsbanki Íslands. Einhverjir þingmenn voru óánægðir með þetta og vildu láta bankann heita Verzlunar- og útvegsbanki Íslands.

Það kom hvergi fram í greinargerð þessa lagafrumvarps eða í umræðunum um það á þingi, að bankanum skyldi ætlað það hlutverk að styðja iðnaðinn í landinu, þó að þessi skrautfjöður stæði í frumvarpinu. Reyndin hefur líka orðið sú, að iðnaðurinn á engan aðgang að Útvegsbankanum fram yfir aðra banka. Þegar vel árar, njóta iðnaðarmenn og iðnaðarfyrirtæki lánsviðskipta hjá öllum bönkum með venjulegum láns- og vaxtakjörum, en þegar að þrengir og bankarnir draga úr útlánastarfsemi, þá telja lánsstofnanirnar það vera fyrir utan sitt verksvið að greiða sérstaklega úr lánsfjárþörf iðnaðarins, vegna þess að sérstakur iðnaðarbanki er ekki til.

Iðnaðarfyrirtækin vantar sérstaklega tryggingu fyrir því, að einhver viss lánsfjárstofnun fullnægi lánsfjárþörf þeirra, þegar erfitt er að fá lán og þeim er mest þörf á lánum til þess að reksturinn stöðvist ekki.

Á það skal bent, að iðnfyrirtækin þurfa á miklu handbæru fé að halda til þess að þau geti keypt hráefni með nægilegum fyrirvara. Nægar efnisbirgðir verða ávallt að vera fyrir hendi, svo að ekki komi til rekstrarstöðvunar af þeim sökum. Það getur tekið nokkra mánuði að vinna úr aðkeyptum efnum, gera þau aftur að markaðshæfri vöru og koma þeirri vöru til kaupenda. Á þann hátt liggur ávallt mikið fé bundið í fyrirfram greiddum og óseldum vörum, sem veldur því, að iðnfyrirtækin þurfa að hafa greiðan aðgang til rekstrarfjár.

Lagasetning síðari ára og viðskiptareglur bankanna um efniskaup hafa stórum aukið rekstrarfjárþörf iðnfyrirtækja. Þriðji hluti efnis þarf að greiðast fyrirfram við pöntun, en efnisvaran kemur til landsins mörgum mánuðum og jafnvel ári síðar, og fé liggur bundið á meðan.

Háir tollar verða að greiðast við komu efnisvaranna, en þær eru marga mánuði að komast í söluhæfa framleiðsluvöru. Vegna viðskiptahaftanna verður að haga innkaupum þannig, að vörusendingar verði stærri og færri en verið hefur.

Þá er og vitað, að geysimikið fjármagn er bundið í verksmiðjum og iðnaðarvélum á landi hér, svo að auðsætt er, að stofnlánaþörf iðnaðarins er mjög mikil.

Samkvæmt skýrslu fjárhagsráðs um rannsókn á iðnaðinum í landinu er talið, að fjármagn, bundið í framleiðslutækjum iðnaðarins, hafi 1. okt. 1947 eigi verið undir 300 milljónum króna, miðað við bókfært verð.

Svo er til ætlazt samkvæmt þessu frumvarpi, að iðnaðarmenn leggi sjálfir fram verulegan hluta af stofnfé bankans. Framlag ríkissjóðs verður af þeim ástæðum allmiklu minna en ella, og virðist ekki vera tilfinnanlegt, sé það t. d. borið saman við árlegt framlag til Búnaðarbankans.

Að vísu hefur fyrirhugaður iðnaðarbanki ófullnægjandi fjármagni yfir að ráða, þó að stofnfé sé að fullu greitt. En þó að svo sé, er enginn vafi á því, að bankinn mun veita iðnaðinum ómetanlegan stuðning.

Um frumvarpið sjálft er það að segja, að það er að nokkru leyti samið með hliðsjón af lögum Útvegsbanka Íslands h/f, en er þeim þó á ýmsan hátt frábrugðið. Frumvarpið er mjög stutt, með tilliti til þess, að hægt sé að ákveða einstök fyrirkomulagsatriði í reglugerð bankans, en það auðveldar göngu frumvarpsins gegnum hreinsunareld Alþingis, að það sé ekki margort og flókið.

Frumvarpið nefnist frumvarp um Iðnaðarbanka Íslands h/f. Er nafnið Iðnaðarbanki valið fremur en Iðnbanki, vegna þess að bankanum er ætlað að starfa fyrir handiðn og verksmiðjuiðnað.

Um frumvarpið er þetta að segja:

Um 1. gr.

Heppilegra þótti að velja hlutafélagsform fyrir bankann, þar sem svo er til ætlazt, að stofnfé sé lagt fram af mörgum aðilum, ríkissjóði, félagssamtökum og einstaklingum. Bankanum er sérstaklega ætlað að styrkja iðnaðinn í landinu. Verður að leggja áherzlu á, að þó að bankinn fari inn á þær brautir að annast almenn viðskipti, þá verði starfsemi hans hagað í samræmi við þennan sérstaka tilgang.

Um 2. gr.

Ekki er líklegt, að til þess komi í bráð, að bankinn þurfi að setja upp útibú utan Reykjavíkur, en þó getur svo farið, þegar honum vex fiskur um hrygg, og þess vegna þykir rétt, að félagsstjórnin hafi þær leiðir opnar, án þess að breyta þurfi lögum þessum.

Um 3. gr.

Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram 2½ milljón, landssamtök iðnaðarins 3 millj. og hálfrar millj. sé aflað með almennu útboði.

Framlag iðnaðarsamtakanna er skyldubundið, þannig að samtökin verða að leggja fram tilskilið fé, en hins vegar er þetta ekki tímabundið, þannig að hægt er að stofna bankann, þegar kominn er verulegur hluti af framlaginu. Framlag félagssamtakanna er ekki bundið við það, að fé sé tekið einvörðungu úr sjóði þeirra, heldur miklu fremur hugsað á þá lund, að samtökin safni fé þessu hjá áhugasömum iðnaðarmönnum. Þó er þetta algerlega sett í sjálfsvald samtakanna.

Um 4. gr.

Vegna ákvæða hlutafélagalaganna um takmörkun á atkvæðisrétti í ⅕ atkvæðamagns hjá hverjum hluthafa, þótti rétt að taka fram í lögum þessum, að atkvæði ríkissjóðs skyldi eigi háð þeim takmörkunum.

Um 5. gr.

Nú mun starfa svonefnt bankaráð við hvern hinna þriggja banka, sem starfandi eru í Reykjavík. Þar sem hér er um hlutafélag að ræða, þykir eðlilegt, að félagsstjórnin sjálf annist stjórn bankans, að svo miklu leyti sem stjórn hans er ekki í höndum bankastjóra. Sanngjarnt er, að þeim þremur aðilum, sem mest leggja fram, ríkisstjórninni, F. Í. I. og Landssambandi iðnaðarmanna, verði hverjum fyrir sig tryggður fulltrúi í félagsstjórninni, en vegna fyrirmæla hlutafélagalaganna verður

það ekki gert á annan veg en með sérstöku lagaákvæði, svo sem hér er lagt til. Til þess að hlutur þessara þriggja aðila skerði ekki rétt annarra hluthafa til útnefningar tveggja stjórnarmanna, þá fer hver hluthafi með eitt atkvæði við kosningar, án tillits til hlutafjáreignar.

Um 6.—7. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir almennum bankaviðskiptum, sem sjálfsagt er. Rétt þykir, til trausts og tryggingar fyrir viðskiptamenn bankans, að ríkissjóður ábyrgist innstæður. Það virðist ekki vera áhættsamt fyrir ríkissjóð, þegar þess er gætt, hve framlagt hlutafé iðnaðarmanna sjálfra er mikið, en það yrði eigendum þess að sjálfsögðu tapað fé, áður en til þess kæmi, að ábyrgðin félli á ríkissjóð.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Það er bæði til hagræðis fyrir bankann sjálfan og þá, sem við hann skipta, að bankinn öðlist þau réttindi, sem Landsbankanum eru veitt í lögum nr. 10 1928, 50. gr. (glötun viðtökuskírteinis), 51. gr. (ávöxtun á fé ófullráða manna og almannastofnana. Geymslufé), 52. gr. (innistæður undanþegnar kyrrsetningu), 54. gr. (kauplaust veðbókarvottorð), 55. gr. (samningur um að ákvæði tilskipunar 18. febr. 1847, 10. gr., sé tekið upp í veðskuldabréf), 56. gr. (að bankinn missi ekki kröfu, sem glatast fyrir óhapp), 57. gr. (uppboð á handveði), 58. gr. (undanþága skatta og stimpilgjalds), 59. gr. (bann við sölu fasteigna á nauðungaruppboði, nema áður sé rannsakað, hvort eignin sé veðsett bankanum).

Um 11. gr.

Ætlunin er, að Iðnlánasjóðurinn verði sérstök deild við bankann, með svipuðum hætti og Fiskveiðasjóður við Útvegsbankann. Iðnlánasjóður hefur starfað um 9 ára skeið, ófullnægjandi að vöxtum og getu, en hefur þó sýnt það, hve þörf iðnaðarins fyrir lánsfé er mikil, því sjóðurinn hefur verið alls ófær um að lána stærri iðnaðarfyrirtækjum, en hins vegar hefur hann rétt ýmsum handverksmönnum og smærri iðnaðarfyrirtækjum hjálparhönd til stofnlána.

Þörfin fyrir bankann er sérstaklega brýn, vegna þess að Iðnlánasjóður hefur lítið reynzt aflögufær um rekstrarlán, en samkvæmt 3. gr. laga um Iðnlánasjóð, er honum fyrst og fremst ætlað að annast stofnlán.

Vegna þess að sjóðurinn hefur fengið fast form sem lánsfjárstofnun, þá leggjum vér til, að hann haldi áfram að starfa, en sem sérstök deild innan bankans.

Um 12. gr.

Þarf ekki skýringar við.“

Fylgiskjal.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 12. okt. 1951.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.

Bankanefnd iðnaðarsamtakanna, sem skipuð er tveimur fulltrúum frá Landssambandi iðnaðarmanna, Þorsteini Sigurðssyni og Sveini Guðmundssyni, og tveimur fulltrúum frá Félagi ísl. iðnrekenda, H. J. Hólmjárn og Páli S. Pálssyni, leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttavirta iðnaðarnefnd, að hún beri fram á ný á yfirstandandi Alþingi frumvarp það til laga um Iðnaðarbanka, er dagaði uppi á síðasta Alþingi.

Er það ósk vor og von, að samkomulag geti náðst með öllum fulltrúum iðnaðarnefndar um endurflutning frumvarpsins, enda horfir málið betur við nú, þegar fyrir liggur yfirlýsing ráðherra um, að fjárframlag ríkissjóðs til bankans verði tryggt fyrir næstu áramót.

F. h. bankanefndar iðnaðarins,

Páll S. Pálsson.

Nd. 138. Frumvarp til laga [2. mál]

um viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952, skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvísitölu næsta mánaðar á undan.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Ed. 139. Frumvarp til laga [84. mál]

um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldhappdrætti („Bingo"-happdrætti) í sambandi við opinberar skemmtanir eða sýningar samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur verið stofnað til héraðssamtaka með íþrótta- og ungmennafélögum víða um landið. Hafa samtök þessi tekið að sér forgöngu um framkvæmd ýmissa hugðarmála félaganna í heild innan héraðanna, en fjárskortur hefur þó bagað starfsemi samtakanna, sem ekki hafa nema að óverulegu leyti getað lagt gjaldabyrði á hin einstöku félög, sem sjálf eru félítil, og ekki heldur þrengt að fjáröflunarleiðum þeirra. — Hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur óskað eftir að fá leyfi til að stofna til happdrættis þess, sem um ræðir í frumvarpi þessu, en ekki

hefur verið heimild til slíks fasta-happdrættis, og er frv. þetta flutt eftir ósk áhugamanna í þessum efnum.

„Bingo"-happdrættið, sem frekar mætti kalla leik en happdrætti, nýtur mikilla og vaxandi vinsælda vestanhafs og er þar einkum haldið í sambandi við opinberar skemmtanir eða sýningar, t. d. kvikmyndasýningar, og fer fram með þeim hætti, að sýningargestir, sem það vilja, kaupa sér töluspjöld, sem seld eru fyrir mjög lágt gjald, með margvíslega röðuðum tölum.

Eru síðan tölur dregnar úr tölustokk eða „happa-hjóli", og sá þátttakandi, sem fyrstur fær allar tölur á sínu spjaldi eða ákveðnar tölur lesnar upp, vinnur leikinn. Vinningur er yfirleitt hafður einn og er oftast einhver eigulegur munur.

Happaleikur þessi þykir fjörug og saklaus skemmtun, og þótt ekki sé hér um stórfellda tekjuöflunarleið að ræða fyrir samtök þau, sem hennar eiga að njóta, munu tekjur, sem af þessari skemmtistarfsemi kynnu að fást, án efa koma í góðar þarfir.

Nd. 140. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 51 1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Kristín Sigurðardóttir, Helgi Jónasson, Jónas Árnason.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er tryggingaráði að greiða auk barnalífeyris mæðralaun til ekkna, fráskilinna kvenna og ógiftra mæðra, sem hafa tvö börn eða fleiri innan 16 ára á framfæri sínu, enda séu börnin á heimili móðurinnar.

Grunnupphæðir mæðralauna mega nema allt að:

	Á 1. verðlagssvæði:	Á 2. verðlagssvæði:
1. Til mæðra með 2 börn	kr. 1360	kr. 1020
2. Til mæðra með 3 börn	— 2720	— 2040
3. Til mæðra með 4 börn eða fleiri	— 4080	— 3060

Tryggingaráð ákveður mæðralaunin með hliðsjón af fjárhagsástæðum móðurinnar.

Mæðralaun falla niður, ef móðirin giftist, og greiðast ekki, ef hún býr með karlmanni, þótt ógift séu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1952.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði í almannatryggingalögin ákvæðum um nýjan bótaflokk, mæðralaun. Lagt er til, að mæðralaun verði greidd einstæðum mæðrum, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, þannig að kona með tvö börn fái sem svarar þriðjungi lífeyris, kona með þrjú börn tvo þriðju lífeyris og kona með fjögur börn eða fleiri sem svarar fullum lífeyri samkvæmt lögunum.

Segja má, að móðir, sem hefur aðeins fyrir einu barni að sjá og fær greiddan með því barnalífeyri, eigi jafnaðarlega að geta komizt af án frekari styrks. Eftir því, sem börnin eru fleiri, er móðirin að sjálfsögðu bundnari af þeim, og þegar börnin eru orðin fjögur, má ætla, að öll vinna móðurinnar sé bundin við að annast þau. Mikill meiri hluti þeirra kvenna, sem mæðralauna mundu njóta samkvæmt

þessum ákvæðum, eru ekkjur og fráskildar konur, því að flest óskilgetin börn eru einbirni mæðra sinna.

Tillögur um mæðralaun hafa áður komið fram á Alþingi. Milliþinganefnd, sem skipuð var á miðju ári 1948 til þess að endurskoða lögin um almannatryggingar, mælti með því, að ákvæði um mæðralaun væru tekin í lögin. Efri deild samþykkti þau ákvæði á Alþingi 1949, en málið stöðvaðist hins vegar í neðri deild. Síðan hafa tillögur um þetta efni oftar en einu sinni verið bornar fram, en aldrei náð fram að ganga. Ýmsir aðilar hafa skorað á Alþingi að samþykkja slík ákvæði, þ. á m. ýmis kvennasamtök.

Nd. 141. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo: Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgrein 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignarverði lands og lóða og 1‰ af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði; móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

Ef sýslufélag, hreppsfélag eða vegafélag leggur fram fé til sýsluvegasjóðs umfram hámarksniðurjöfnun samkvæmt 3. gr. og án lántöku, greiðir ríkissjóður jafna fjárhæð á móti slíku aukaframlagi, þó ekki meira en sem nemur helmingi vegaskattsins, sem lagður er á í sýslunni á því sama ári. Það er skilyrði fyrir greiðslu ríkissjóðs á móti aukaframlagi, að upphæð þess sé ákveðin og tilkynnt ráðuneyti því, er fer með vegamál, áður en ríkisstjórnin lýkur við að semja fjárlagafrumvarp fyrir það ár, sem framlagið á að greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50 17. maí 1947.

Greinargerð.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður leggi fram fé á móti aukaframlögum úr héruðum til sýsluvegasjóða umfram hámarksniðurjöfnun vegaskatts. Aukaframlag ríkissjóðs sé þó ekki hærra en sem nemur helmingi vegaskattsins, sem á sama ári er á lagður í því héraði, er hlut á að máli. Það skilyrði er sett fyrir slíku aukaframlagi úr ríkissjóði, að vegamálaráðuneytinu sé tilkynnt upphæð aukaframlags úr héraði áður en lokið er að semja fjárlagafrumvarp fyrir það ár, sem framlagið á að greiða úr ríkissjóði. Er þetta ákvæði sett til þess að hægt sé að setja aukaframlögin í fjárlagafrumvörp stjórnarinnar.

Árið 1947 var gerð breyting á lögum þessum og þá lögtekin þau ákvæði um tekjur sýsluvegasjóða, sem eru í 1. gr. og 1. málsgr. 2. gr. þessa frv. Flm. telur hagkvæmt að taka þau ákvæði í þetta frv., svo að lögin frá 1947 geti fallið úr gildi um leið og frv. verður að lögum. Ákvæði 2. málsgr. 2. greinar er því eina nýmælið, sem fram er borið í þessu frv.

Á síðasta aðalfundi sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu var samþykkt ályktun um þetta mál, þar sem óskað var eftir greiðslum úr ríkissjóði á móti aukaframlögum úr héruðum til sýsluvegasjóða. Er frv. þetta flutt vegna tilmæla frá sýslunefndinni.

Nd. 142. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Flm.: Helgi Jónasson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi nýr stafliður, þannig:

d. Geymsluhús fyrir garðávexti, enda séu þau svo vönduð, að þar sé örugg vetrargeymsla fyrir vörurnar, kr. 3.00 pr. m^3.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Víða á landinu er mikil þörf geymsluhúsa fyrir kartöflur og aðra garðávexti. Virðist réttmætt, að þær byggingar séu styrktar með ríkisframlagi samkv. jarðræktarlögunum.

Sþ. 143. Breytingartillögur [81. mál]

við till. til þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við fyrri málsgrein:

1. Í stað orðanna „Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, félögum og atvinnurekstri“ komi: Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri.
2. Aftan við málgr. bætist: Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.

Sþ. 144. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hl. samþykkja tillöguna óbreytta, en við, sem erum í minni hluta, teljum slíka afgreiðslu allt of losaralega til að ná því marki, sem að þarf að stefna til lausnar þessum málum.

Segja má, að svipur þessa þings þann stutta tíma, sem það hefur starfað, hafi einkennzt af hinum mörgu frumvörpum og tillögum um útvegun lánsfjár til hvers konar framkvæmda. Kemur þar ekki sízt til greina mál það, er þessi tillaga fjallar um, þ. e. lánsfé til íbúðarhúsabygginga. Um það mál eitt liggja nú fyrir þinginu þrjú frumvörp, tvö í Ed. og eitt í Nd. Sýnir það e. t. v. betur en nokkuð annað, hve þörfin er brýn á þessu sviði og þrýstingur almennings eftir lausn á málum þessum mikill.

Árið 1946 voru samþykkt lög um opinbera aðstoð við byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Er þar gert ráð fyrir, að aðstoð verði veitt í þrenns konar formi: Í fyrsta lagi til verkamannabústaða, í öðru lagi til byggingarsamvinnufélaga, og í þriðja lagi til sveitarfélaga, er settu sér það mark að útrýma heilsuspillandi húsnæði á tilteknum tíma.

Ef lög þessi hefðu verið framkvæmd til hlítar, hefði verið stigið stórt spor fram á við í menningarmálum þjóðarinnar. En því var ekki að heilsa, að svo yrði. Strax á árinu 1948 var framkvæmd þriðja kafla laganna, þess er fjallaði um íbúðabyggingar sveitarfélaga með aðstoð hins opinbera, frestað með sérstökum lögum, og hefur við það setið síðan. Þótt oft hafi verið fluttar á Alþingi tillögur um afnám þessara frestunarákvæða, hafa þær enga áheyrn fengið. Hvað aðra þætti laganna, þ. e. byggingu verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga snertir, þá má segja, að tvenns konar hindranir hafi orðið á vegi þeirra, er þær leiðir vildu fara. Önnur hindrunin er takmarkanir þær á byggingarleyfum, er fjárhagsráð hefur sett, og hin er sú lánsfjárkreppa, sem farið hefur vaxandi með hverju ári nú hin síðari ár, og er nú svo komið, að hvergi er láns að leita í opinberum lánsstofnunum, hversu góð veð sem í boði eru. Og með hverju ári hækkar byggingarkostnaður svo mjög, að sífellt þarf meira og meira fjármagn í krónutölu til að koma upp íbúð.

Eins og áður er að vikið, hafa tillögur um að bæta úr þessum lánsfjárskorti mjög sett svip á starf þessa þings enn sem komið er. Koma þær frá þingmönnum í öllum flokkum og snerta m. a. mjög þetta mál. Í Ed. liggur fyrir frumvarp frá þremur þingmönnum Sósialistaflokksins um lánveitingar til smáíbúða, er leysa mundi úr þörf fjölmargra aðila, er ekki eiga eða hafa átt þess kost að njóta lána úr opinberum sjóðum eða samkvæmt annarri opinberri aðstoð, en eiga þó vitanlega jafnmikinn rétt til fyrirgreiðslu og aðrir, er slíkrar aðstoðar geta notið. Í sömu deild liggur einnig fyrir frumvarp frá einum þingmanni Framsóknarfl. um óafturkræft framlag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 eða úr mótvirðissjóði. Í Nd. liggur fyrir frumvarp frá þingmönnum Alþýðufl. um útvegun fjár til byggingarsjóðs verkamanna á þann hátt, að ríkissjóður tryggi sölu skuldabréfa, er sjóðurinn gefur út. Öll eru þessi frumvörp komin til nefnda, og sé stjórn og þingi alvara að leysa úr þeim vanda, sem lánsfjárkreppan hefur valdið, liggur beinast við að samþykkja þau, e. t. v. með einhverjum breytingum, ef slíkar þættu til bóta. Þannig mundi fást skjótust lausn, sem um væri að ræða nú í bili.

Sú tillaga, sem hér um ræðir og meiri hl. fjárveitinganefndar vill samþykkja óbreytta, felur á engan hátt í sér jafngóða eða skjóta lausn þessara mála sem nefnd frumvörp, þótt samþykkt yrðu. Miklu fremur má gera ráð fyrir því, að samþykkt hennar mundi tefja fyrir viðunanlegri lausn.

Fyrri hluti tillögunnar er ákvörðun um að fela ríkisstjórninni að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánveitingar til íbúðabygginga. Alveg er óhætt að fullyrða, að alla þá skýrslusöfnun, sem á þarf að halda í þessu sambandi, má auðveldlega framkvæma af þeim þingnefndum, er þegar hafa fengið fyrrnefnd frumvörp til meðferðar. Ef ríkisstjórninni er hins vegar falið að skipa sérstaka nefnd til slíkrar rannsóknar, þá liggur óbeint a. m. k. í því sú ákvörðun að svæfa þær tillögur, er þegar liggja fyrir þinginu í þeim frumvörpum, sem áður er lýst. Og þótt síðari hluti tillögunnar víki að því, að ríkisstjórnin leggi aðrar tillögur fyrir þingið að lokinni þessari skýrslusöfnun, þá dylst engum, sem kunnugur er gangi slíkra mála hér hjá

okkur, að vægast sagt er mjög mikil hætta á, að slík málsmeðferð verði aðeins til þess að draga málið svo á langinn, að það fái enga úrlausn á þessu þingi.

Þar sem við teljum raunhæfa lausn þessa máls svo mjög aðkallandi, að aðferð sem þessi til að drepa málinu á dreif sé gersamlega óverjandi, þá leggjum við til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem rannsókn þá, er gert er ráð fyrir í fyrri hluta tillögunnar, mætti mjög vel framkvæma í þeim þingnefndum beggja deilda, sem þegar hafa fengið til meðferðar frumvörp til laga um útvegun lánsfjár til íbúðarhúsabygginga, og þar sem nefnd frumvörp, ef samþykkt yrðu, mundu enn fremur tryggja miklu gagngerðari lausn þess mjög svo aðkallandi vandamáls, er síðari hluti tillögunnar víkur lauslega að, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. okt. 1951.

Ásmundur Sigurðsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 145. Breytingartillaga [62. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú rís ágreiningur um það, hvort um ítak er að ræða eða landareign, og skal þá fara eftir ákvæðum í þinglesnum landamerkjabréfum hlutaðeigandi jarða. Séu ákvæði, sem að þessu lúta, í landamerkjabréfum ósamhljóða eða óglögg og ekki til önnur þinglesin skilríki, svo sem skiptagerð, kaupsamningur eða afsalsbréf, er skýra vafaatriðin til fulls, skal fara með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Sþ. 146. Fyrirspurnir. [88. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur.

Hvað líður undirbúningi að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglingum.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma þingsályktun þá, sem samþykkt var á síðasta þingi, um undirbúning að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglingum, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947?

III. Til ríkisstjórnarinnar um launalög og löggjöf um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hyggst ríkisstjórnin að leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp til nýrra launalaga, og frumvarp til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

Nd. 147. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (ÁÁ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt hjá nefndinni.

Alþingi, 30. okt. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Jóhann Hafstein.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að hlutast til um, að samræmi komist á um skipan leturborða á ritvélum þeim, sem til landsins eru fluttar.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt sem frv. á seinasta þingi, fór í nefnd og kom þaðan ekki aftur. Verða þau afdrif þess að teljast undarleg nokkuð, því að það er sannarlega ekki neitt umfangsmikið stórmál. Tilgangurinn er einfaldlega sá, að ákveðið verði í eitt skipti fyrir öll, hvar bókstafir og greinarmerki skuli vera á leturborðum þeirra ritvéla, sem til landsins eru fluttar; en í þeim efnum hefur ríkt furðu lítið samræmi, einkum að því er varðar hina svonefndu íslenzku stafi, þ, æ og ð, því að afstöðu þeirra á leturborðinu verða menn yfirleitt að læra upp á nýtt í hvert sinn sem þeir skipta um ritvél. Annars nægir að vísa um þetta til bréfs þess, sem birt er sem fylgiskjal hér á eftir, en höfundur þess, Elís Ó. Guðmundsson, er áreiðanlega manna kunnugastur öllu því, sem að vélritun lýtur.

Þótt að vísu sé nú nokkuð á þing liðið, þá er vonandi, að því ljúki ekki aftur svo, að þetta einfalda, en þó býsna þýðingarmikla mál, spurningin um fastákveðna staði fyrir þ, æ og ð á leturborðum ritvéla sé óleyst.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 29. október 1951.

Með tilvísun til viðtals, er þér, herra alþingismaður, áttuð við mig 25. þ. m., leyfi ég mér að staðfesta það, er ég tjáði yður í viðtalinu, að ég er yður sammála um, að rétt sé, að hlutazt verði til um, að samræmt verði lyklaborðið á ritvélum þeim, er til landsins verða fluttar, þannig, að hinum einstöku stöfum og merkjum verði komið þar fyrir á einn og sama hátt, eftir því sem við verður komið.

Reynsla mín sem ritvélakennara hér í Reykjavík um meira en tuttugu ára skeið, aðallega við Verzlunarskóla Íslands, hefur fært mér heim sanninn um það, að það veldur nemendum, og síðar starfandi vélriturum, talsverðum örðugleikum, hve lyklaborðin eru frábrugðin hvert öðru að því er tekur til staðsetningar hinna svonefndu íslenzku stafa, svo og hinna ýmsu merkja.

Úr þessu tel ég að auðvelt sé að bæta með því einu, að innflytjendur ritvéla hér á landi komi sér saman um, eða fái um það fyrirmæli ríkisvaldsins, ef með þarf, að staðsetning allra bókstafa og merkja á ritvélunum, sem til landsins verða fluttar, sé samræmd í einu og öllu, á hinn hagkvæmasta hátt, að reyndra og sérfróðra manna ráði.

Ég vil geta þess, að ég hef átt tal um þetta við nokkra stærstu innflytjendur ritvéla hér, og er það samhljóða álit þeirra, að æskilegt sé, að þessi samræming komist á, og telja þeir sig meðmælta því, að hafizt verði handa í þessum efnum.

Mér virðist á engan hátt ósanngjarnt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu í þessu máli og hafi heimild til ákvarðana í þessum efnum, eftir því sem hún kann að telja nauðsynlegt.

Virðingarfyllst,

Elís Ó. Guðmundsson.

Herra alþingismaður Jónas Árnason, Reykjavík.

Nd. 149. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Frv. þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út 30. apríl s. l. Með þeim bráðabirgðalögum var felld úr gildi 20. gr. laganna um Landsbanka Íslands, en sú grein ákveður takmörk fyrir því, hve mikið ríkissjóður megi skulda hjá seðladeild Landsbankans. Aðferðin við afnám þessarar greinar hefur að mínu áliti gerzt með þeim hætti, sem ég álít að Alþingi geti ekki komizt hjá að átelja.

Hinn upphaflegi tilgangur með 20. gr. laganna er að reisa nokkrar skorður við því, hve mikið ríkisstjórnin geti hagnýtt sér seðlabankann fyrir ríkissjóðinn, án þess að fá þar um sérstaka lagaheimild frá Alþingi. Það liggur því í eðli málsins, að sé þörf á breytingu á þessari grein, þá á Alþingi að gera hana, en ríkisstjórnin alls ekki að taka sér vald til þess.

Það hefur oft stappað nærri brotum á þessari grein og títt verið framin eða farið í kringum ákvæði hennar með því að láta sparisjóðsdeild Landsbankans lána ríkissjóði miklar fjárhæðir. Þó kastaði tólfunum s. l. vetur, þegar mótvirðissjóður var á reikningum bankans fyrir 1950 allur settur í sparisjóðsdeild í stað þess að ávaxta hann í seðladeildinni samkvæmt lögunum um ráðstöfun mótvirðissjóðs. En þetta var gert til þess að dylja það ástand bankans, sem komið hefði í ljós, hefði mótvirðissjóðurinn verið færður í seðladeild og ríkisskuldirnar í sparisjóðsdeild, en þannig átti það að vera lögum samkvæmt.

Á aðalfundi landsbankanefndar 22. febr. 1951 átaldi ég þessa færslu og þá ólöglegu ráðstöfun mótvirðissjóðs, sem fólst í því að færa hann í sparisjóðsdeild bankans. Tillaga mín um að færa hana í seðladeildina var felld með 8 atkv. gegn 3.

Ég vakti athygli Alþingis á þessum ólöglegu ráðstöfunum á þingfundi skömmu síðar, og var þá ríkisstjórninni í lófa lagið að koma með lagafrumvarp fyrir Alþingi, er komið hefði þessum málum í löglegt horf. En ríkisstjórnin kaus að þegja og aðhafðist ekkert meðan Alþingi sat að störfum.

30. apríl gefur svo ríkisstjórnin út bráðabirgðalög þau, sem hér um ræðir, og nemur þá á brott úr landsbankalögunum allar hömlur á lánum seðlabankans til ríkisstjórnarinnar. Jafnframt er svo mótvirðissjóðurinn fluttur úr sparisjóðsdeild í seðladeild bankans.

Þessi aðferð, að bæta úr lögbrotum þeim, sem framin voru með ráðstöfun mótvirðissjóðs í sparisjóðsdeildina, með því að gefa út slík bráðabirgðalög í máli, er varðaði þær lagalegu hömlur, er settar voru á ríkisstjórnina sjálfa, er vítaverð. Í henni lýsir sér einræðistilhneiging núverandi ríkisstjórnar, og eru þessi bráðabirgðalög ekki eina dæmið. Í bankamálum allra nágrannalanda vorra hefði svona framferði þótt hneyksli, sem veikt hefði traust Landsbankans út á við, ef vitnazt hefði. Síðan bætir ríkisstjórnin gráu ofan á svart með því að segja í forsendum bráðabirgðalaganna: „enda verða um þau málefni, er á minnzt lagagrein fjallar um, sett **ákvæði**, er lokið er þeirri heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni, er nú stendur yfir". M. ö. o.: Það er rétt eins og ríkisstjórnin sé að tilkynna Alþingi, að hún ætli sér í framtíðinni að ráðstafa þessum málum með „**ákvæðum**", t. d. reglugerðum eða bráðabirgðalögum, sem hún gefi út, jafnvel um nýja bankaskipun!

Ríkisstjórnin hefur sýnt það á fleiri sviðum, að hún er að fara inn á þá braut að stjórna landinu ýmist með bráðabirgðalögum eða ólöglegum reglugerðum (sbr. reglugerðina ólöglegu frá 7. marz um bátaútvegsgjaldeyrinn). Með þessu er ríkisstjórnin að hrifsa til sín löggjafarvaldið og ræna því af Alþingi. Síðan virðist ríkisstjórnin treysta á takmarkalausa undirgefni og hlýðni flokksmanna sinna á Alþingi við sig og hvaða yfirgang eða lögleysur sem hún kann að hafa í frammi. Ég álít, að Alþingi beri að láta ríkisstjórnina vita, að þingið vilji halda fast á valdi sínu og hindra misnotkun þess valds ríkisstjórnarinnar að geta gefið út bráðabirgðalög. Ég legg því til, að þetta frv. sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin álítur útgáfu þeirra bráðabirgðalaga, sem þetta frv. á að staðfesta, og forsendur þeirra sýna óviðeigandi tilhneigingu af hálfu ríkisstjórnar til að seilast inn á valdsvið Alþingis og stjórna landinu með sífelldri útgáfu bráðabirgðalaga, ákveður deildin að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. okt. 1951.

Einar Olgeirsson.

Nd. 150. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 47/1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta var sent fjármálaráðuneytinu til umsagnar, og barst nefndinni umsögn ráðuneytisins, dags. 30. þ. m., og „tekur ráðuneytið fram, að það mælir með frumvarpinu, og upplýsir í því sambandi, að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna skulda-

bréfa, sem þegar hafa verið gefin út, mundu nema sem næst 120 þús. krónum á ári um fimm ára bil".

Að lokinni athugun á frv. leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 31. okt. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Andrés Eyjólfsson, frsm.
Jón Pálmason. Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 151. Breytingartillaga [25. mál]

við till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að rita bönkum ríkisins tafarlaust hin eindregnustu tilmæli um að auka nú þegar lán til íbúðarhúsabygginga og aðstoða svo sem þeir frekast megna alla aðila, sem að því vinna að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum. Skal bönkunum þar með tjáður sá vilji Alþingis, að aukin séu nú þegar stórum lán til íbúðarhúsabygginga, unz því þingi, er nú situr, hefur unnizt tími til þess að afgreiða lög, er tryggi enn frekari lánveitingar til íbúðarhúsabygginga og mæli fyrir um aðrar ráðstafanir í lánsfjármálum til lausnar húsnæðisvandamálunum.

Sþ. 152. Breytingartillaga [25. mál]

við till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað „lánveitingar" í tillgr. komi: lánsfjárþörf.

Nd. 153. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til bátaútvegsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta felur í sér staðfestingu bráðabirgðalaga, sem gefin voru út 30. júní s. l., um breyting á lögum um aðstoð til útvegsmanna. Með bráðabirgðalögunum var starfstími stjórnar skuldaskilasjóðs lengdur um einn mánuð, til 1. ágúst 1951, og jafnframt sett nokkru gleggri ákvæði en áður voru í lögum um kröfulýsingar og atkvæðisrétt lánardrottna á skuldheimtumannafundum. Enn fremur var stjórn skuldaskilasjóðs veitt heimild til að gefa eftir að einhverju leyti síðari veðréttar lán, er útvegsmönnum höfðu verið veitt úr ríkissjóði, framkvæmdasjóði ríkisins og styrktar- og lánasjóði, sem er sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands, enda væri stjórn sjóðsins sammála um, að eftirgjafar væri þörf, og hefði til hennar samþykki ríkisstjórnarinnar, svo og að breyta eftirstöðvum slíkra lána í skuldaskilalán.

Heimild þessi var notuð þannig, að þeim, sem að loknum skuldaskilum skulduðu meira en 80% af eignum og tekið höfðu lán þau, sem getið er hér að framan, var veitt eftirgjöf þeirra að meira eða minna leyti, en eftirgjöfin var þannig takmörkuð, að skuldir þeirra lækkuðu ekki hennar vegna niður fyrir 80% af eignum.

Síðan bráðabirgðalögin voru gefin út hefur komið í ljós, að ákvæðin um eftirgjöf trygginga fyrir aðstoðarlánum samkv. 1. gr. laganna um aðstoð til útvegsmanna taka ekki til persónulegra ábyrgða. Telur nefndin rétt að ráða bót á þessu með breytingu á 26. gr. laganna.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein (verður 6. gr.), svo hljóðandi:
   Aftan við 26. gr. bætist: nema um sé að ræða skuldir samkvæmt 1.—3. tölulið 1. greinar.
2. Í stað „bátaútvegsmanna“ í fyrirsögn frv. komi: útvegsmanna.

Alþingi, 30. okt. 1951.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sig. Ágústsson.
Lúðvík Jósefsson. Halldór Ásgrímsson.

Ed. 154. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til laga um forfallahjálp húsmæðra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. það, sem hér um ræðir, var borið fram á síðasta þingi. Vannst þá ekki tími til að afgreiða það. Og með því að hér var um nýmæli að ræða, þótti ekki rétt að lögfesta það fyrr en tækifæri hefði gefizt til nánari athugunar á málinu. Hefur málið nú verið rætt ýtarlega í nefndinni á nokkrum fundum. Nefndinni er ljóst, að atvinnuhættir landsmanna hafa tekið slíkum breytingum á síðari tímum, að heimilum í bæjum og byggðum stendur nokkur voði af, ef ekkert er afhafzt. Heimili, sem áður áttu þess kost að velja sér vinnufólk, bæði vetur og sumar, standa nú frammi fyrir þeirri staðreynd, að ógerningur er að fá nokkra aðstoð, hvað mikið sem við liggur og hvað sem í boði er. Á fjölda heimila hvíla heimilisstörfin á húsmóðurinni einni, og enginn er til að taka við, ef starfskraftar hennar bila eða hún verður að láta af störfum um tíma af öðrum ástæðum. Má geta nærri, hvaða voða þetta getur valdið, einkum ef um er að ræða afskekkt heimili, sem fjöldi ungbarna er á og til viðbótar ef til vill sjúklingar, sem þarfnast fullrar umönnunar. Það er því fullkomlega tímabært, að slík aðstoð sem frv. gerir ráð fyrir verði látin í té fyrir milligöngu sveitarfélaganna og með aðstoð frá ríkinu. Hins vegar þótti nefndinni rétt að leggja til, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frv. Er meginbreytingin fólgin í því að takmarka framlög ríkissjóðs við ákveðna upphæð, og hefur verið rætt um það atriði við fjármálaráðherra, sem fallizt hefur á þá breytingu fyrir sitt leyti.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða

ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, sem kunna að setja heimili í hættu.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna: „skuli tekin upp forfallahjálp til húsmæðra“ komi: skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum.
3. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
4. Við 4. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.
5. Við 5. gr. (verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
   Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.
6. Við 6. gr. (verður 5. gr.). Greinin orðist svo:
   Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.
7. Við 7. gr. (verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
   Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.
8. Við 8. gr. Greinin fellur niður.
9. Við 9. gr. (verður 7. gr.). Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar, þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári.
   Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar hluta ríkissjóðs til greiðslu á hallarekstri sveitarfélaganna. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til þess að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna, ber að greiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlagið.
10. Við 10. gr. Greinin fellur niður.
11. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
    Frumvarp til laga um heimilishjálp í viðlögum.

Alþingi, 31. okt. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Gísli Jónsson, frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr.

Finnbogi R. Valdimarsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 155. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson, Jón Gíslason.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1952 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1953. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefna frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en ⅔ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Miklar framfarir hafa orðið í íslenzkum landbúnaði á síðari árum, ræktun aukin, húsakynni bætt og vélar fengnar til margháttaðra starfa. Þessi þróun hefur þó aldrei verið örari en um þessar mundir. — En örar og stórfelldar framfarir kosta mikið fjármagn.

Landbúnaðurinn fékk hlutfallslega lítið móts við sumar aðrar atvinnugreinar af þeim miklu fjármunum, sem þjóðin eignaðist á stríðsárunum. Af þeim hluta stríðs-

gróðans, sem lagður var á nýbyggingarreikning og nam jafnvirði 300 millj. kr., fór aðeins 21 millj. kr., þ. e. 7 af hundraði, fyrir landbúnaðartæki, en 93 af hundraði fyrir skip, vélar og efni til framkvæmda á öðrum sviðum. Af þessu leiðir, að þörf á fjármagni landbúnaðinum til handa er nú enn þá meiri en ella.

Að tilhlutun Stéttarsambands bænda hefur verið gerð áætlun um nauðsynlegar framkvæmdir í sveitum tíu næstu árin. Áætlað er, að bústofn landsmanna aukist að miklum mun næsta áratug. Sauðfé hefur fækkað mjög að undanförnu sökum sjúkdóma og niðurskurðar fjár af þeirra völdum. En vonir standa til, að sauðfjársjúkdómum verði útrýmt á fáum árum með fjárskiptum. Áætlað er, að sauðfé muni fjölga svo á næstu árum, að það verði eins margt í landinu og áður var, meðan það var flest. Enn fremur er áætlað, að nautgripum fjölgi um þriðjung frá því sem nú er. Jafnframt því að búfé landsmanna fjölgar þarf ræktun að aukast, svo að tryggt sé nægilegt fóður. Talið er, að til þess þyrfti að rækta 28 þús. ha lands til viðbótar því, sem nú er fullræktað. Kostnaður við það er áætlaður 140 millj. kr. Enn fremur þarf mikið fjármagn til kaupa á ýmsum vélum, stórum og smáum, fyrir landbúnaðinn. Talið er, að endurbyggja þurfi kringum 2000 íbúðarhús í sveitum á næstu árum, og er kostnaður við það áætlaður 270 millj. kr., en kostnaður við hlöður, peningshús, verkfærageymslur, mjólkurbú, sláturhús og frystihús er áætlaður yfir 300 millj. kr. Samkvæmt þessari áætlun Stéttarsambands bænda þarf að verja alls til fjárfestingar í sveitum 1000—1220 millj. kr. næstu 10 ár.

Að sjálfsögðu standa bændur sjálfir straum af þessum framkvæmdum að nokkru leyti með vinnu sinni og eigin fé. En hér er um svo mikið fjármagn að ræða og svo stórfelldar framkvæmdir, að áætlað er, að þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé nemi 53 millj. kr. árlega næsta áratug.

Á það ber að líta, að í kjölfar þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, kemur aukin framleiðsla að sumu leyti til útflutnings og að öðru leyti til nota í landinu í stað varnings, sem inn er fluttur. Er talið, að hagnaður þjóðarbúsins gagnvart viðskiptum við útlönd geti numið rúmum 100 millj. kr. árlega vegna hinnar auknu framleiðslu í sveitum, sem miðað er við í áætlun Stéttarsambandsins.

Samkvæmt gildandi lögum hefur verið lagt fram af hálfu ríkisins allmikið fé til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs Búnaðarbankans. Þrátt fyrir það geta þessar deildir bankans nú ekki fullnægt þeirri þörf, sem fyrir hendi er um lán til bygginga og ræktunar í sveitum, nema fjármagn þeirra verði aukið að miklum mun, og veðdeild bankans er algerlega fjárvana.

Samkvæmt manntali, sem fram fór 2. des. 1940 voru landsmenn þá 121474, en samkvæmt manntali 1. des. 1950, voru 144263 íbúar í landinu. Á síðastliðnum áratug hefur því mannfjöldinn vaxið um 22789 menn eða sem svarar 18.7 af hverju hundraði landsmanna. Öll fjölgun þjóðarinnar á þessum tíu árum hefur lent í kaupstöðum, því að í sýslum hefur fækkað um 750 menn á þessu tímabili. Frá 1940—1950 hefur fólki fjölgað í Reykjavík um 17900 eða um 47 af hundraði, í Hafnarfirði um 1379 eða 37 af hundraði, í Keflavík um 1045 eða 78 af hundraði og á Akranesi um 747 eða 41 af hundraði. Þessar tölur sýna, að í fjórum kaupstöðum við Faxaflóa hefur íbúatala vaxið svo á tíu árum, að það samsvarar nær allri fólksfjölgun í landinu á sama tíma. Orsakir þess eru af ýmsum toga spunnar, en sú er ekki veigaminnst, að til þessara staða, einkum Reykjavíkur, hefur dregizt miklu meira fjármagn en önnur héruð eiga yfir að ráða. En afleiðingin verður jafnvægisleysi, sem veldur miklum erfiðleikum og truflun á eðlilegum viðskiptum, skorti á húsnæði, kapphlaupi um þær íbúðir, sem á boðstólum eru, hærri húsaleigu en hóflegt er.

Gæði lands og sjávar eru ekki bundin við einn landshluta einvörðungu. Ef framhald verður á því, að æ fleira fólk sezt að í fáum kaupstöðum, en aðrar byggðir standa í stað eða dragast saman, leiðir það til þess, að fleiri og fleiri aðilar hverfa frá framleiðslustörfum, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, og að öðrum atvinnugreinum. Tvísýnt verður og um atvinnuhorfur, þar sem fjölmennið er mest, ef að kreppir og samdráttur verður á erlendu fjármagni, sem þjóðin nýtur góðs af.

Allstór hluti af stríðsgróðanum fór til sjávarútvegsins. Um þær mundir var þeirri skoðun á loft haldið, að þjóðin ætti fyrst og fremst að kosta kapps um að efla sjávarútveginn. Framleiðslu landbúnaðarafurða ætti að miða við innlendan markað einungis. En reynslan sannar því miður, að svipull er sjávarafli. Síldveiði er stopul, verksmiðjur standa lítt notaðar og aflaleysi er á miðum fiskibáta á stórum svæðum. Þrautaráðið er að sækja á fjarlæg mið, jafnvel til Grænlands, á stórum skipum með fullkomnum veiðitækjum. En því stórvirkari sem veiðarfærin verða og því víðara sem farið er til fanga, þeim mun meiri hætta er fiskistofninum búin.

Þegar á þetta er litið, er augljóst, að það er fyllilega tímabært að gera ráðstafanir, sem miða að því að auka jafnvægi í búsetu landsmanna og að því að efla landbúnaðinn, gera þeim fært, sem vilja hefja búskap í sveit, að fá hófleg lán með hagkvæmum kjörum til að koma fótum undir atvinnureksturinn. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

Frv. þetta fjallar aðeins um vissan þátt í starfsemi Búnaðarbankans. Flm. er það ljóst, að með samþykkt þess er ekki fengin allsherjarlausn á fjárþörf landbúnaðarins framvegis. Og þótt telja megi víst, að það takist að tilhlutan ríkisstjórnar og Alþingis að bæta úr brýnustu þörf með lánsfé til bygginga og ræktunar í sveitum á þessu ári, og þótt Búnaðarbankinn fái allmikið fjármagn á næsta ári að láni frá Alþjóðabankanum, þá vantar mikið á, að nauðsynlegri starfsemi bankans í sambandi við þær stórfelldu framkvæmdir, sem eru á döfinni í sveitum landsins, sé að fullu borgið. Þess vegna telja flm. þessa frv. sjálfsagt og vilja treysta því, að nefnd sú, sem nú hefur til athugunar bankamál landsins í heild, taki fullt tillit til landbúnaðarins, er hún semur tillögur, og þeirra mikilvægu verkefna, sem Búnaðarbanka Íslands ber að styðja.

Nd. 156. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti n. leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 3. gr.:

1. Í stað „6 milljónum“ í 1. málsl. kemur: 6½ milljón.
2. Í stað „2½ milljón“ í 2. málsl. kemur: 3 milljónum.
3. Síðasti málsliður fellur burt.

Alþingi, 1. nóv. 1951.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Ed. 157. Frumvarp til laga [91. mál]

um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið kaupir og gerir sjálft út eigi færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna eru taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem nú eru illa hagnýtt vegna hráefnisskorts.

2. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni.

3. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins skal falin stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og hefur framkvæmdastjóri verksmiðjanna einnig framkvæmdastjórn togaraútgerðarinnar á hendi.

4. gr.

Að svo miklu leyti sem það samrýmist höfuðmarkmiði togaraútgerðar ríkisins samkvæmt 2. gr., ber að stuðla að því með rekstri togaranna, að síldarverksmiðjur ríkisins fái aukið hráefni til vinnslu, svo að vinnslutími þeirra geti þannig náð yfir lengri tíma ársins en hingað til hefur verið.

5. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

6. gr.

Reikningsár togararútgerðarinnar skal vera almanaksárið. Skal stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem annast bókhaldið, gera reikningsskil svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur verksmiðjanna geti lokið störfum sínum fyrir 1. maí ár hvert. Að þeim tíma liðnum skal verksmiðjustjórnin tafarlaust senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og í ríkisreikningnum.

7. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal það sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að megintilgangi laganna — jöfnun atvinnunnar — verði sem bezt náð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar var í fyrsta sinn flutt á seinasta þingi. Þá var gert ráð fyrir, að ríkið tæki til eigin útgerðar eigi færri en fjóra þeirra togara, sem það átti þá í smíðum í Bretlandi. Nú er smíði þessara togara um það bil að fullu lokið, og þeim hefur öllum verið ráðstafað.

Hinir nýju togarar eru stór skip, 600—700 smálestir að stærð. Hafa þeir nú þegar tekið að sækja afla á fjarlægar fiskislóðir, svo sem til Hvítahafs eða á Grænlandsmið. Má búast við, að svo verði og í framtíðinni, a. m. k. þegar togaraafli er með tregara móti á heimamiðum.

Þá tíðkast það og mjög, að þessir stóru togarar sigli sjálfir með afla sinn á erlendan markað og annist sjálfir sölu hans þar, án þess að nokkur vinna skapist hér á landi í sambandi við vinnslu aflans. Undantekning frá þessu eru að vísu karfaveiðarnar, en yfirleitt má þó búast við, að þetta verði svona í framtíðinni. — Nú hafa allmargir íslenzkir togarar jafnvel siglt með saltfisk alla leið af Grænlandsmiðum og til Danmerkur — fram hjá Íslandi. Það hafa svo orðið danskir verkamenn, en ekki íslenzkir, sem hafa fengið vinnu við að skipa upp þessum saltfiski, pakka honum inn í venjulegar hessianumbúðir og sjá síðan um flutning

hans til markaðslandanna. Á meðan þessu fer fram herjar atvinnuleysi á sumum útgerðarstöðum togaranna, og fá menn ekki skilið, hverju sætir um slíka útgerðarhætti. Þetta ráðslag kostar þó a. m. k. 9 sólarhringa siglingu fram og aftur milli Íslands og Danmerkur í hverri veiðiför. Hér við bætist, að Danir eru 6—7 sólarhringa að losa togarana, enda fer pökkun fisksins fram samtímis uppskipuninni. Nú mun rekstrarkostnaður togara í 15—16 sólarhringa a. m. k. nema 150—160 þúsund krónum, og við það má svo bæta veiðitjóni í jafnlangan tíma. Getur varla hjá því farið, að það megi reiknast bæði útgerð og áhöfn allmikilla peninga virði.

Varla er hugsanlegt, að íslenzkt verkafólk kunni ekki á borð við danska stéttarbræður þess að pakka inn saltfisk eða að skipa upp fiski. Og ólíklegt má telja, að bændaþjóðin Danir hafi uppgötvað betri markaði fyrir saltfisk en fiskveiða- og útgerðarþjóðin Íslendingar, svo að við verðum þess vegna að leita á þeirra náðir um sölu á þessari aðalframleiðsluvöru okkar, saltfiskinum, sem eitt sinn prýddi þó skjaldarmerki Íslendinga.

Hraðfrystihúsin, fiskþurrkunarhúsin og fiskimjölsverksmiðjurnar standa allvíða lítt og ekki notuð eftir sem áður. — Ríkisverksmiðjurnar höfðu t. d. sem svaraði tveggja sólarhringa vinnslu á þessu ári.

Á hinu leitinu er svo atvinnuleysi tekið að herja í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum svo alvarlega, að engin leið er að komast hjá að gera ráðstafanir til úrbóta með einhverju móti.

Og hvað er þá til ráða gegn atvinnuleysinu?

Ófrjó atvinnubótavinna leysir ekki vandann — og sízt af öllu gerir hún það á hagkvæman hátt. — Það virðist nokkurn veginn auðsætt mál, að í flestum útgerðarbæjum og sjóþorpum er það rétta úrræðið til atvinnuaukningar að stuðla að betri nýtingu fiskverkunarstöðva og fiskiðjuvera ýmiss konar. En til þess að það megi takast, þarf víða að gera sérstakar ráðstafanir, einkum til öflunar hráefnis fyrir fiskiðnaðinn.

Af framansögðu virðist fremur valt að treysta því, að fyrir slíkri hráefnisöflun vegna fiskiðnaðarins verði séð með aðstoð nýsköpunartogaranna. Og víða er nú orðið svo langsótt til fiskjar, m. a. vegna ágengni erlendra og innlendra togara á grunnmiðum, að vélbátaflotinn reynist þess ekki megnugur að afla hráefnis fyrir fiskvinnslustöðvarnar í landi, sem þess vegna standa svo ónotaðar mestan hluta ársins.

Það er því sannfæring margra útgerðarmanna, að við Íslendingar þurfum að eignast nokkra nýtízku dieseltogara, er eigi séu meira en 200—300 smálestir að stærð. Togara, sem séu ódýrari í rekstri en nýsköpunartogararnir svokölluðu, séu til þess ætlaðir að stunda veiðar á heimamiðum, leggja aflann á land til verkunar og vinnslu, en ekki til þess að sigla sjálfir með afla sinn til markaðslandanna. —

Flutningsmenn þessa frumvarps hallast að þessari skoðun og leggja því til, að ríkið kaupi og geri sjálft út fjóra slíka togara.

Þessum togurum er ekki ætlað það hlutverk að bæta úr atvinnuástandi neins eins ákveðins staðar. Ef svo væri, hefði mátt hugsa sér að bæta úr því með togurum í einkaeign eða í bæjarrekstri. — Þeim togurum, er um ræðir í frumvarpinu, er sérstaklega ætlað það hlutverk að jafna atvinnu í landinu, fyrirbyggja atvinnuleysi, hvar á landinu sem það gerir vart við sig, og stuðla að gernýtingu þeirra dýru og þýðingarmiklu atvinnutækja í öllum landshlutum, sem sitt á hvað standa löngum lítt eða ekki notuð, einstaklingum og þjóðarheild til ömunar og skaða. Slíka togaraútgerð verður að reka einungis með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum. Þess vegna getur ekkert annað rekstrarform en ríkisrekstur komið hér til greina.

Það sýnist blasa nokkuð beint við, að síldarverksmiðjustjórn verði falið að stjórna slíkri ríkisútgerð. Þar hefur ríkið á að skipa reyndum útgerðarmönnum, þaulkunnugum stórrekstri og hvers konar fiskveiðum, hagnýtingu sjávarafurða og markaðsmálum. Auk þess verður að teljast líklegt, að með samhæfingu togaraút-

gerðar og verksmiðjurekstrar undir einni stjórn megi bæta rekstrarafkomu verksmiðjanna, sbr. t. d. reynsluna af karfaveiðunum. Hafa og atvinnumálatillögur Siglfirðinga og fleiri, sem nú eiga við mikið atvinnuleysi að búa, mjög hnigið í þessa átt.

Öll smáatriði í sambandi við daglega framkvæmd útgerðarmálanna sýnist mega ákveða í reglugerð, og er hér lagt til, að svo verði gert.

Með afstöðu sinni til þessa frumvarps gefst háttvirtum alþingismönnum kostur á að sýna það í verki, að þeir viðurkenni þau augljósu sannindi, að ekkert sé þjóðfélaginu eins dýrt og það að láta menn ganga atvinnulausa.

Nd. 158. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast 3 stafliðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir C. 21 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Kleifavegur: Frá Ólafsfjarðarkaupstað að Kleifum.
2. Á eftir C. 25 í sömu lagagrein kemur nýr liður:
   Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi við Stærra-Árskóg að Hauganesi.
3. Á eftir C. 28 í sömu lagagr. kemur nýr liður:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Moldhaugum að Dagverðareyri og Skjaldarvík.

Sþ. 159. Skýrsla

félagsmálaráðuneytisins um 33. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1950.

I.

Alþjóðavinnumálaþingið 1950 var haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 7. júní til 1. júlí 1950. Þingið sátu fulltrúar frá 52 aðildarríkjum, þ. á m. Sambandsríkjum Indónesíu og Viet-Nam, sem gerðust aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni á þessu þingi. Það voru því 10 aðildarríki, sem engan fulltrúa sendu að þessu sinni, en 10 þeirra, sem fulltrúa sendu, áttu þar ekki þá lágmarkstölu fulltrúa, sem ákveðin er í lögum stofnunarinnar. Í þessum síðast nefnda flokki var Ísland, sem sendi aðeins einn fulltrúa til þessa þings. Fulltrúi Íslands var Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri, en um vikutíma var Haraldur Kröyer, sendiráðsritari í Osló, honum til aðstoðar. Auk fulltrúa frá aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sátu þingið fulltrúar frá ýmsum alþjóðastofnunum.

Stjórnarforseti stofnunarinnar, Belgíumaðurinn Leon Eli Troclet, setti þingið fyrir hönd stjórnarinnar. Í setningarræðu sinni tilkynnti hann, að framkvæmdastjórinn, David A. Morse, gæti ekki tekið þátt í störfum þingsins sökum heilsubrests.

Forseti þingsins var kjörinn indverski verkamálaráðherrann Jagjiwan Ram, en varaforsetar voru kjörnir Mohammad Nakhai, verkamálaráðherra í Íran, Charles P. McCormick, atvinnurekendafulltrúi frá Bandaríkjunum, og Paul C. Finet, verkamannafulltrúi frá Belgíu.

Í upphafi þingsins kvaddi formaður pólsku sendinefndarinnar sér hljóðs og mótmælti þingsetu kínversku fulltrúanna, sem tilnefndir höfðu verið af Kuomintang-stjórninni. Taldi hann Peking-stjórnina hinn rétta aðila til þess að tilnefna fulltrúa kínversku þjóðarinnar á Alþjóðavinnumálaþingið. Í sama streng tóku fulltrúar Tékkóslóvakíu og Ungverjalands. Máli þessu var vísað til kjörbréfanefndarinnar, og féll úrskurður hennar á þann veg, að mótmæli þessi skyldu ekki tekin til greina. Rökstuddi nefndin úrskurð sinn með því, að þar sem Peking-stjórnin hefði einungis hlotið viðurkenningu átján hinna sextíu og tveggja aðildarríkja stofnunarinnar, kæmi ekki til mála að meina fulltrúum Kuomintang-stjórnarinnar setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta álit nefndarinnar var samþykkt á þingfundi. Þegar sendinefndir hinna þriggja fyrrnefndu ríkja höfðu borið fram mótmæli sín gegn þingsetu kínversku fulltrúanna, gengu þeir af fundi, þar sem þeir tjáðu sig ekki vilja sitja undir sama þaki og kínversku fulltrúarnir, þeir tækju því ekki þátt í þingstörfum meðan fulltrúum Kuomintang-stjórnarinnar væri ekki vísað burt. Þegar svo þingið hafði fellt úrskurð sinn í þessu máli, barst forseta þess bréf frá sendinefndunum þremur, þar sem þær tilkynntu, að þær gætu ekki fellt sig við úrskurð þingsins og mundu hvorki taka þátt í störfum þess né telja ríkisstjórnir sínar bundnar af þeim ákvörðunum, sem þar yrðu teknar.

Kjörbréfanefndinni bárust einnig kærur út af því, að verkamannafulltrúarnir frá Argentínu, Indlandi, Írlandi, Suður-Afríku og Venezuela hefðu ekki verið tilnefndir í samræmi við stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að þessar kærur væru ekki á nægilegum rökum reistar, nema að því er snerti verkamannafulltrúann frá Venezuela. Var honum meinuð þingseta, þar sem sýnt þótti, að ekki væri hægt að telja hann fulltrúa óháðra verkamanna í Venezuela.

Flest þeirra mála, sem rædd voru á þessu þingi, voru þar til fyrri umræðu, en það er yfirleitt venja, að tvær umræður séu um hvert mál, sín á hvoru þingi, áður en um þau er gerð samþykkt. Þingið gerði því að þessu sinni enga samþykkt, aðeins eina álitsgerð (um verkkennslu fyrir fullorðna). Einnig gerði það nokkrar ályktanir.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.
4. Samband vinnuveitenda og verkamanna.
5. Sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
6. Landbúnaðarstörf, almenn skýrsla.
7. Lágmarkslaun landbúnaðarfólks (fyrri umræða).
8. Verkkennsla fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða (ein umræða).

Hér á eftir verður lauslega rakinn gangur hvers þessara mála á þinginu.

Eins og venja er til, starfaði þingið mestmegnis í nefndum, og var skipuð sérstök nefnd til þess að fjalla um hvert dagskrármál. Þar sem fulltrúi Íslands var aðeins einn, var ekki hægt að koma því við, að Ísland ætti fulltrúa í mörgum nefndum. Íslenzki fulltrúinn átti sæti í nefndinni, sem um fjárhagsmál fjallar og skipuð er einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn, sem á fulltrúa á þinginu. Einnig var íslenzki fulltrúinn varamaður í nefnd, er fjallaði um samband verkamanna og atvinnurekenda.

Eins og að undanförnu ríkti hin bezta samvinna á þinginu milli fulltrúa Norðurlandanna fimm, og komu þeir saman til skrafs og ráðagerða þegar þurfa þótti, en þessi ríki hafa jafnan komið fram á þessum þingum sem nokkurs konar heild og með því styrkt aðstöðu sína gagnvart hinum fjölmennari þjóðum.

II.

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Í umræðunum, sem fóru fram um ársskýrslu framkvæmdastjórans, tóku 87 ræðumenn frá 50 löndum til máls. Þeirra á meðal voru allmargir ráðherrar.

Skýrsla framkvæmdastjórans fjallaði að þessu sinni að mestu leyti um framleiðslumáttinn og atvinnuleysi. Umræðurnar snerust því aðallega um þessi atriði.

Einn af aðstoðarframkvæmdastjórum stofnunarinnar, Jef Rens, kom fram við þessar umræður fyrir hönd framkvæmdastjórans.

Í svarræðu sinni í lok umræðnanna lét aðstoðarframkvæmdastjórinn í ljós ánægju yfir því, hve fáir ræðumanna hefðu talið útrýmingu atvinnuleysis ósamrýmanlega auknum framleiðslumætti, taldi hann þetta góðs vita fyrir framtíðina.

Rens bauð hin nýju aðildarríki, Indónesíu og Viet-Nam, velkomin til starfs innan stofnunarinnar og lét jafnframt í ljós von um það, að Japan og Þýzkaland tækju áður en langt um liði sinn fyrri sess í stofnuninni. Hann harmaði það, að 10 aðildarríkjanna skyldu hafa látið undir höfuð leggjast að senda nokkurn fulltrúa á þingið.

Aðstoðarframkvæmdastjórinn lagði áherzlu á hina miklu þýðingu, sem aukinn framleiðslumáttur hefði, ekki sízt í þeim löndum, sem stutt eru á veg komin í þróuninni. Gerði hann nánari grein fyrir þeim hagsbótum, sem verkamenn og aðrir mundu njóta af aukinni framleiðslu og útrýmingu atvinnuleysis.

Þessu næst vék ræðumaður að ástandinu í löndum Suður-Ameríku og Asíu, en þessi ríki hefðu borið fram óskir um aðstoð við að leysa vandamál sín á sviði félagsmála. Gerði hann grein fyrir, hvað Alþjóðavinnumálaskrifstofan hefði þegar gert og hygðist gera til að fullnægja þessum óskum.

Að lokum ræddi hr. Rens um hið alvarlega ástand, sem ríkti nú í heiminum, aðeins 5 árum eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, og um þá hættu, sem vofði yfir allri siðmenningunni vegna hinna ógurlegu tortímingarvopna.

Hann lét í ljós ósk um það, að Alþjóðavinnumálastofnunin ynni af fremsta megni að tryggingu félagslegs réttlætis, sem er skilyrði fyrir varanlegum friði.

2. Fjárhagsmál.

Undanfarin ár hafa útgjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar stöðugt farið hækkandi vegna aukinnar starfsemi hennar. T. d. hækkuðu útgjöldin úr um það bil 5 milljónum dollara 1949 upp í um 6 millj. dollara 1950. Þessi aukning útgjaldanna hefur sætt talsverðri gagnrýni á þingum stofnunarinnar. Það mun m. a. hafa verið vegna þessarar gagnrýni, að framkvæmdastjórinn, David A. Morse, lét semja fjárhagsáætlunina fyrir árið 1951 með tilliti til þess, að útgjöld stofnunarinnar yrðu ekki hærri það ár en verið hafði árið 1950. Sérstök nefnd innan stjórnarinnar fjallaði ýtarlega um fjárhagsáætlunina og gerði á henni smávægilegar breytingar. Þó breyttist heildarupphæð hennar ekki við það sem neinu næmi. Í fjárhagsnefnd þingsins voru engar breytingar gerðar á fjárhagsáætluninni og var hún samþykkt samhljóða á þingfundi.

Þess má geta hér, að stjórn stofnunarinnar hefur sett á fót nefnd, sem á að rannsaka alla starfsemi skrifstofunnar með það fyrir augum, hvort ekki væri fært að koma þar við frekari sparnaði.

Í fjárhagsnefndinni urðu talsverðar umræður um það, hversu skipta skyldi útgjöldum stofnunarinnar milli aðildarríkjanna. Gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til þess að fá Bandaríkin til að greiða sama hundraðshluta af tillögum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og þau greiða til Sameinuðu þjóðanna, eða 39.89%. Þetta hafa Bandaríkjamenn ekki viljað fallast á, en þó hafa þeir hækkað nokkuð framlög sín. Þannig greiddu þeir 19% af tillögum til stofnunarinnar árið 1949, 22% árið 1950, og á þessu þingi samþykktu þeir að greiða 25% af heildarútgjöldunum.

Árgjald Íslands nemur 0.12% heildarútgjaldanna, eða 7296.44 dollurum fyrir árið 1951.

3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.

Eitt af hlutverkum Alþjóðavinnumálaþingsins er að hafa eftirlit með því, að aðildarríki, sem fullgilt hafa samþykktir þingsins, beiti ákvæðum þeirra í raun og veru. Þau verða því fyrir hvert ársþing að senda skýrslur um þetta mál, en þær eru fyrst kannaðar af sérstakri sérfræðinganefnd og síðan af til þess kjörinni nefnd á þinginu.

Með þeim breytingum, sem gerðar voru á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 1946, var þessi dagskrárliður gerður umfangsmeiri en áður var, þar sem aðildarríkjunum er nú skylt að gefa einnig skýrslur viðvíkjandi samþykktum, sem þau hafa ekki fullgilt, og gera grein fyrir hvað standi í vegi fyrir fullgildingu. Á þessu þingi kom þetta nýja ákvæði fyrst til framkvæmda.

Við umræðurnar um þetta dagskrármál var lögð rík áherzla á það, að stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi af hálfu félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna í því skyni að stuðla að því, að ákvæðum samþykkta og álitsgerða Alþjóðavinnumálaþingsins sé beitt. Því var einnig slegið föstu enn á ný, að fullgildingar aðildarríkjanna á samþykktum og skýrslugjafir um framkvæmd þeirra hefðu grundvallarþýðingu fyrir stofnunina.

4. Samband vinnuveitenda og verkamanna (Industrial relations).

Þessi dagskrárliður fjallaði að þessu sinni um heildarsamninga og sættir og gerðir. Ætlunin var að ræða einnig um samvinnu opinberra stjórnvalda og félaga atvinnurekenda og verkamanna, en til þess vannst ekki tími, svo því var frestað til næsta þings. Um þessi mál fjallaði nefnd skipuð 84 fulltrúum, 42 ríkisstjórnafulltrúum, 21 atvinnurekendafulltrúa og 21 verkamannafulltrúa. Hver ríkisstjórnafulltrúi hafði eitt atkvæði, en hver úr hinum flokkunum tveimur hafði 2 atkvæði. Formaður nefndarinnar var Daninn Erik Dreyer forstjóri.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið uppkast, sem nefndin lagði til grundvallar umræðum sínum.

A. Heildarsamningar.

Í uppkasti skrifstofunnar var gert ráð fyrir, að reglurnar um heildarsamninga yrðu aðeins settar í formi álitsgerðar, og var það samþykkt með litlum meiri hluta að loknum miklum umræðum. Verkamannafulltrúarnir voru fylgjandi því, að gerð yrði um þetta samþykkt, en atvinnurekendafulltrúarnir voru því andvígir og kusu fremur álitsgerð um málið.

Ekki verður efni þessarar álitsgerðar rakið hér né umræður þær, sem urðu um einstök atriði hennar. Væntanlega mun hún verða birt í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 34. Alþjóðavinnumálaþingið. Þess skal aðeins getið hér, að álitsgerðin skiptir ekki miklu máli fyrir þau ríki, sem viðurkennt hafa að fullu gildi heildarsamninga milli verkalýðsfélaga annars vegar og einstakra atvinnurekenda eða félagssamtaka þeirra hins vegar og hafa sett lög um sættir í vinnudeilum. Hlutverk álitsgerðarinnar er einkum það, að bæta ástandið í þessum málum í ríkjum, sem skemmra eru á veg komin í þróun þeirra og verkalýðshreyfingunni er ekki vaxinn fiskur um hrygg.

B. Frjálsar sættir og gerðir í vinnudeilum.

Við almennar umræður um þetta mál kom fram tillaga um að láta þær reglur, sem samþykktar yrðu, ná til hvers konar sætta og gerða í vinnudeilum, einnig þeirra, sem fyrirskipaðar eru eða lögboðnar. Þessi tillaga var felld.

Að þessu sinni fóru aðeins fram undirbúningsumræður um þetta mál og jafnframt samþykkt að taka það fyrir að nýju á næsta þingi.

5. Sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Það var fyrri umræða um þetta mál, sem fór fram að þessu sinni. Í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði, voru mjög skiptar skoðanir um það, hvort tímabært væri að setja um það alþjóðlegar reglur. Fulltrúar verkamanna töldu, að rétt væri að gera um málið samþykkt, sem tæki til grundvallaratriða þess, en um smáatriðin skyldi fjallað í álitsgerð. Í umræðunum var þess minnzt, að þetta mál hefur jafnan frá upphafi verið á stefnuskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og það talin sanngirniskrafa, að konum skyldu greidd sömu laun og körlum fyrir jafnverðmæt störf. Framkvæmd þessarar reglu mundi og vera hvatning til kvenna um að taka að sér framleiðslustörf. Aftur á móti héldu atvinnurekendur því yfirleitt fram, að ekki væri tímabært að setja reglur um þetta efni. Þeir kváðu svo mörg vandamál í sambandi við mat á störfum óleyst, að reglan um sömu laun væri trauðla framkvæmanleg, og auk þess væru ýmis atriði, sem orsökuðu það, að vinna kvenna yrði dýrari, t. d. væru fjarvistir miklu tíðari hjá konum en körlum.

Meðal ríkisstjórnafulltrúanna kom fram sú skoðun, að rétt væri að afgreiða þetta mál með álitsgerð. Þessi skoðun byggðist einkum á því, að í flestum löndum mundi það taka alllangan tíma að samræma launagreiðslukerfið þessari grundvallarreglu, og ýmsa erfiðleika yrði að yfirstíga áður en hún kæmist að fullu í framkvæmd. Við þetta bætist svo, að í fjölda landa, þ. á m. Norðurlöndunum, eru laun ákveðin án afskipta ríkisvaldsins. Það gæti því ekki tekið ábyrgð á því, að grundvallarreglan um sömu laun til karla og kvenna sé framkvæmd með heildarsamningum milli atvinnurekenda og verkamanna.

Í upphafi lögðu atvinnurekendur til, að frestað yrði til næsta þings að ákveða, í hvaða formi reglurnar skyldu settar. Síðar var þessi tillaga tekin aftur, en svo þorin fram að nýju af fulltrúum verkamanna, þegar það var orðið ljóst, að samþykkt um þetta mál mundi ekki hljóta nægan meiri hluta á þessu þingi. Tillaga þessi var samþykkt og ákveðið, að fyrir næsta þing skyldi leggja bæði uppkast að samþykkt og álitsgerð henni til uppfyllingar, svo og uppkast að álitsgerð einni saman, ef sá afgreiðsluháttur skyldi á hafður.

Fyrst og fremst snerust umræðurnar um það, hvernig skilgreina bæri „laun“ og „sömu laun fyrir jafnverðmæt störf“. Um þetta voru skiptar skoðanir, einkum síðara atriðið. Að lokum var samþykkt, að þegar rætt er um sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, skuli átt við það, að ekki sé gerður greinarmunur á kynjum við ákvörðun launanna. Fram skal fara mat á hinum ýmsu störfum, ef það er nauðsynlegt til þess að ná þessu takmarki.

Á almennum þingfundi voru tillögur nefndarinnar samþykktar, en flestir atvinnurekendafulltrúanna sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Umræðurnar um þetta mál á þinginu leiddu í ljós, að það er miklum örðugleikum bundið að setja alþjóðlegar reglur um þetta efni, en það var almennt viðurkennt, að þær hefðu orðið til þess að varpa meira ljósi á það og greiða fyrir áframhaldandi þróun þess, bæði innan hinna einstöku ríkja og á alþjóðlegum vettvangi.

6. og 7. Landbúnaðarstörf og lágmarkslaun landbúnaðarfólks.

Sjötti dagskrárliðurinn fjallaði um verkalýðsmál landbúnaðarfólks almennt. Niðurstöður umræðnanna um þennan lið urðu þær, að þingið lét í ljós ósk um það, að ýmis mál, er snerta landbúnaðinn, þ. á m. almannatryggingar, verkkennsla og vinnutími, verði rædd á einhverju næstu þinga.

Um síðara atriðið, þ. e. ákvörðun lágmarkslauna fyrir landbúnaðarfólk, gerði þingið uppkast að alþjóðareglum, og var ákveðið að leggja þær fyrir næsta þing sem samþykkt ásamt álitsgerð.

Bæði í nefnd og á almennum þingfundi báru atvinnurekendur fram tillögu um, að um þetta yrði einungis samþykkt álitsgerð, en sú tillaga var felld. Um sjálft efni reglnanna voru ekki mjög skiptar skoðanir.

8. Verkkennsla fyrir fullorðna.

Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hafði ákveðið, að þetta mál yrði afgreitt með einni umræðu, en jafnframt ákvað hún, að sérstök nefnd sérfræðinga skyldi fyrst fjalla um það.

Sérfræðinganefndin samdi álitsgerð um málið, sem lögð var fyrir þingið. Þingið gerði ýmsar breytingar á frumvarpi nefndarinnar, en engar þeirra veigamiklar, heldur miðuðu þær að því að skýra ýmis atriði nánar.

Álitsgerð þessi, sem er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal, kveður á um það, að félög atvinnurekenda og verkamanna ættu að hafa samvinnu við opinber stjórnvöld um undirbúning og framkvæmd verkkennslu fyrir fullorðna. Einnig ræðir hún um nauðsyn þess, að verkkennslan sé í samræmi við horfurnar á vinnumarkaðnum. Yfirleitt miðar álitsgerðin að því að bæta aðstöðu manna til þess að afla sér vinnu.

Einn kafli álitsgerðarinnar tiltekur, hversu viðtæk verkkennslan skuli vera, og nefnir þar sérstaklega eftirtalda flokka manna: verkstjóra, innflytjendur, atvinnuleysingja og fatlaða. Nær þetta jafnt til karla sem kvenna.

Álitsgerðin ræðir allýtarlega um kennsluaðferðirnar, en kennslan getur bæði farið fram í skólum og á námskeiðum, auk þess sem hún getur farið fram við starfið sjálft á vinnustað.

Að síðustu ræðir álitsgerðin um það, hvernig þessi starfsemi skuli skipulögð og framkvæmd.

9. Önnur mál.

Á þinginu voru gerðar eftirtaldar ályktanir:

1. Ályktun um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
2. Ályktun um aukningu á skyldunámi og fyrirgreiðslu fyrir menntun fullorðinna.
3. Um sérstök aukaþing, er taki til ákveðinna svæða.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð nr. 88, um verkkennslu fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða menn.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til þrítugustu og þriðju þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1950, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur með tilliti til þess, að þingið hefur þegar samþykkt tiltekin ákvæði, er varða verkkennslu almennt og sérstakar greinar hennar, samþykkt að gera ákveðnar tillögur um verkkennslu fyrir fullorðna, þ. á m. fatlaða menn, en þetta er níunda málið á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar, samþykkir þingið í dag, 30. júní 1950, svo hljóðandi álitsgerð, sem nefna ber álitsgerð frá 1950 um verkkennslu fyrir fullorðna.

I. Orðaskýringar.

1. Í álitsgerð þessari:
   a. merkir orðið „verkkennsla“ hvers konar kennslu í starfi, sem veitir mönnum nýja eða aukna þekkingu og leikni á tæknilegum og faglegum sviðum og í verkstjórn, hvort sem kennslan er veitt í starfsgreininni sjálfri eða utan hennar, og tekur þetta einnig til endurþjálfunar;
   b. tekur orðið „framleiðsluverkamaður“ til hvers þess einstaklings, sem starfar í eða er að búa sig undir einhverja vinnu í einhverri grein athafnalífsins, hvað sem hann vinnur annað en eftirlits- eða verkstjórnarstarf,

II. Grundvallarreglur kennslunnar.

2. (1) Verkkennslu fyrir fullorðna ætti að athuga, framkvæma og þróa með tilliti til ástands og horfa á vinnumarkaðnum, viðleitninnar til þess að bæta eða auka framleiðsluna og möguleikanna til að koma lærlingum að í starfi við þeirra hæfi.
   (2) Verkkennslu fyrir fullorðna ætti að athuga, framkvæma og þróa í samvinnu við félög vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau starfa og hægt er að gera ráðstafanir til slíkrar samvinnu.
3. Kennslan ætti, að svo miklu leyti sem unnt er, að veita hinum fullorðnu grundvallarþekkingu á störfum þeim, sem þeir eru að læra, og þeim iðngreinum, sem þeir óska eftir að ráða sig í, einkum með það fyrir augum að auðvelda þeim að vinna sig upp.
4. Verkkennslu fyrir fullorðna atvinnuleysingja ætti ekki að nota í stað atvinnuleysistrygginga eða aðstoðar, heldur til þess að auðvelda atvinnulausum verkamönnum, sem þarfnast kennslu til þess að fá vinnu við sitt hæfi, að fá sér vinnu á ný.

III. Kennslusvið.

5. (1) Að svo miklu leyti sem unnt er, ætti að veita fullorðnum aðgang að verkkennslu, annaðhvort með því að breyta kennsluaðferðum við verkkennslu fyrir unglinga eða gera sérstakar ráðstafanir fyrir fullorðna, eða í þriðja lagi að beita báðum þessum aðferðum sameiginlega.
   (2) Þess konar ráðstafanir ætti að skipuleggja í samræmi við þær grundvallarreglur og aðferðir, sem getur í þessari álitsgerð, á þann hátt, að tekið sé nægilegt tillit til aðstæðna í hverju landi, þarfa hinna ýmsu greina atvinnulífsins og áhugamála verkamannanna.
   (3) Þessar ráðstafanir ættu að vera nægilega víðtækar til þess að þær taki til námskeiða í grundvallaratriðum fyrir byrjendur og námskeiða, þar sem menn geta rifjað upp sína fyrri kunnáttu eða aukið við hana.
   (4) Þessar ráðstafanir ættu m. a. að fela í sér viðeigandi ráðstafanir til þjálfunar eftirtalinna flokka manna:
      a. Menn, sem skráðir hafa verið úr hernum, og fórnarlömb styrjalda, sem þarfnast kennslu til þess að þeir geti fengið atvinnu við sitt hæfi.
      b. Fatlaðir menn, sem þarfnast kennslu til þess að fá atvinnu við sitt hæfi.
      c. Fullorðnir atvinnulausir menn, sem ekki er líklegt að fái framvegis atvinnu í sínum starfsgreinum eða þarfnast þjálfunar til þess að geta komizt að aftur í sinni starfsgrein.
      d. Fullorðnir menn, sem óska eftir að læra starfsgrein, sem um langan tíma hefur skort vinnuafl.
      e. Verkamenn, sem verður ofaukið í starfsgreinum sínum vegna tæknilegrar þróunar.
      f. Fullorðnir menn í þeim starfsgreinum, sem eru of fjölmennar, er vilja búa sig undir störf í öðrum greinum.
      g. Fullorðnir menn, sem vilja flytja úr landi í sambandi við flutninga úr landi undir eftirliti ríkisstjórna og þarfnast kennslu til þess að aðhæfa kunnáttu sína atvinnuástandinu í landi því, sem þeir hyggjast flytja til.
      h. Innflytjendur, sem hafa fengið leyfi til að flytja til landsins til þess að vinna þar og þarfnast þjálfunar til þess að aðhæfa kunnáttu sína atvinnuástandinu í landinu, sem þeir flytja til.
6. Þar, sem nauðsyn ber til þess með tilliti til þjóðarhags, skal kveða á um forgangsrétt fyrir fullorðna til verknáms utan atvinnufyrirtækjanna.
7. Bæði verkamenn við framleiðslustörf og eftirlitsmenn skulu eiga kost á viðeigandi verkkennslu.
8. Konur jafnt og karlar skulu eiga kost á verknámi fyrir fullorðna.

IV. Kennsluhættir.

Kennsla verkamanna í framleiðslustörfum.

9. (1) Fara skal fram faglegt val á þeim, sem teknir eru til verknáms.
   (2) Slíkt val ætti að miða að því að sannreyna, hver störf hæfa verkamanninum bezt. Í því skal einnig fólgin rannsókn á líkamlegum og andlegum hæfileikum hans, starfsreynslu, tilhneigingum og áhugamálum, eftir því sem við á í hverju einstöku tilfelli og með viðeigandi tryggingu fyrir verkamanninn.
10. Kennsluna í hverri starfsgrein ætti að framkvæma í samvinnu við félög vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau starfa, á grundvelli kerfisbundinna rannsókna á vinnu, leikni, þekkingu og öryggisráðstöfunum, sem krafizt er í hverri starfsgrein.
11. Við ákvörðun þess, hversu langvinn verkkennslan skuli vera, skal tekið tillit til:
    a. þeirrar leikni, sem á að hafa náðst að náminu loknu;
    b. þarfarinnar til þess að búa fullorðna eins fljótt og unnt er undir þátttöku í framleiðslustörfum, eða
    c. beggja þessara nefndu atriða.
12. Gera ætti ráðstafanir til þess, að haft sé kerfisbundið eftirlit með verknemunum, en það er þýðingarmikill þáttur þess að tryggja raunhæft nám.

Kennsla á vinnustöðum.

13. (1) Hvetja ætti atvinnurekendur til þess, hvern í sínu lagi eða í samvinnu við aðra atvinnurekendur, að sjá fullorðnum fyrir verkkennslu í samræmi við þarfir þeirra fyrir vinnuafl og í svo ríkum mæli sem tæknilegar aðstæður í fyrirtækjum þeirra leyfa.
    (2) Kennslu þá, sem rætt er um í (1) hér að framan, ætti einkum að veita:
    a. við sjálfa vinnuna eða
    b. á venjulegum vinnustöðum, en ekki við sjálfa vinnuna,
    c. á sérstökum verkstæðum,
    d. á þeim stöðum, öðrum en vinnustöðum eða verkstæðum, sem bezt hæfa þörfum verkkennslunnar eða
    e. með þessum aðferðum í sameiningu, eftir því hvers konar kennslan er og að hverju hún miðar, svo og eftir tæknilegum möguleikum fyrirtækisins.
14. Þar, sem kennsla er veitt í vinnunni sjálfri:
    a. ættu framleiðslustörf þau, sem nemandanum eru fengin, að hafa raunverulegt fræðslugildi;
    b. ættu nemendurnir að vinna undir umsjá eftirlitsmanna eða faglærðra verkamanna, sem eru færir um að kenna þeim.
15. Þegar kennslan er ekki veitt í vinnunni sjálfri, ætti hún, að byrjunarstiginu loknu, að fara fram við aðstæður, sem líkjast eins mikið og mögulegt er aðstæðunum við venjuleg störf, og þegar því verður við komið, ætti í henni að felast framkvæmd raunverulegra framleiðslustarfa eða sams konar starfa.
16. (1) Þegar ekki er hægt að veita í fyrirtækinu þá bóklegu fræðslu, sem þarf til þess að ná nauðsynlegri hæfni í starfsgreininni, sem verið er að kenna, ætti að gera nemendunum kleift að afla sér þeirrar menntunar utan fyrirtækisins án þess að þeir missi nokkuð af launum sínum við það.
    (2) Í slíkum tilfellum ætti að vera náin samvinna milli fyrirtækisins og stofnunar þeirrar, sem veitir þessa fræðslu.
17. Fullorðnir verkamenn, sem eru við verknám, ættu að fá hæfileg laun í samræmi við reglur, sem ákveðnar eru með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða með reglum hlutaðeigandi fyrirtækis.

Kennsla utan atvinnufyrirtækja.

18. (1) Þegar ekki er séð fyrir þörfum manna til kennslu í fyrirtækjunum, ætti hlutaðeigandi stjórnvald að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að séð sé fyrir möguleikum til náms annars staðar.
    (2) Í slíkum tilfellum ætti:
        a. að veita þjálfunina við aðstæður, er líkjast sem mest aðstæðunum í atvinnufyrirtækjunum;
        b. kennslan m. a. að vera fólgin í því, að nemandinn ynni framleiðslustörf eða svipuð störf, að svo miklu leyti sem það getur samrýmzt kröfum, sem námið gerir, og með því skilyrði, að sett sé nauðsynleg trygging gegn samkeppni, sem atvinnurekendur eða verkamenn gætu ekki sætt sig við.
    (3) Í því skyni að tryggja það, að kennsluaðferðum og innihaldi námsins sé hagað eftir þörfum athafnalífsins og tæknilegri þróun, ætti að halda uppi samvinnu milli kennslustöðvanna eða annarra stofnana, hlutaðeigandi félaga atvinnurekenda og verkamanna og þeirra fyrirtækja, sem líkleg eru til þess að vilja ráða til sín lærlinga.
    (4) Námið ætti að gera nemendunum fært að ná lágmarksvinnuhraða og leikni, og samfara henni eða að henni lokinni ættu nemendurnir að vinna um skeið að raunhæfum störfum, svo að þeir geti náð eðlilegum hraða og leikni í starfinu.
19. (1) Meðan á námi stendur, sem veitt er eða viðurkennt af þar til bæru stjórnvaldi, ættu fullorðnir menn, sem ekki fá greidd laun, að fá greidda frá þar til bæru stjórnvaldi hæfilega þóknun sér til framfæris. Upphæð þessarar þóknunar skal ákveðin með hæfilegu tilliti til:
        a. hvers konar atvinnuleysisstyrkja eða hverra annarra greiðslna, sem þeir kunna að fá;
        b. annarra atriða, svo sem aldurs, framfærslubyrðar, framfærslukostnaðar í hlutaðeigandi héraði og sérstakra persónulegra útgjalda í sambandi við námið, svo sem ferðakostnaðar og húsaleigu;
        c. þarfarinnar á því að hvetja fullorðna menn til þess að hefja og ljúka námi í samræmi við þarfir vinnumarkaðsins.
    (2) Fullorðnum mönnum, sem vilja njóta kennslu í starfi án fjárhagslegrar aðstoðar, ætti að vera það heimilt þegar það á við.

Nám eftirlitsmanna.

20. Þar til bært stjórnvald ætti í samvinnu við félög atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, að gera allar þær ráðstafanir, sem að gagni mega koma og æskilegar eru, til þess að efla árangursríkustu kennsluaðferðirnar.
21. Efla ætti nána samvinnu milli opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja varðandi nám eftirlitsmanna.
22. Reglur um nám eftirlitsmanna ætti að setja á grundvelli kerfisbundinna rannsókna á eftirlitsstörfunum.
23. (1) Gera ætti mönnum, sem gegna eftirlitsstörfum eða eru að búa sig undir þau, kleift að afla sér þekkingar, einkum á:
        a. vinnuaðferðum;
        b. innbyrðis afstöðu fólksins við vinnu;
        c. samhæfingu vinnunnar á hinum ýmsu stigum starfseminnar;
        d. kennsluaðferðum;
        e. aðlögun að ábyrgðarstörfum, sem hafa í för með sér gagnkvæmt traust í atvinnulífinu.
    (2) Slíka kennslu ætti fyrst og fremst að veita með einhverri eða öllum eftirtalinna aðferða:

a. umræðufundum, þar sem skýrð eru og greind raunhæf dæmi;
b. þjálfun við vinnuna;
c. fyrirlestrum;
d. skólakennslu.

(3) Slíka kennslu ætti m. a. að skipuleggja og auka með einhverri eftirtalinna aðferða eða með þeim öllum:
a. sérstökum námskeiðum í háskólum eða tæknilegum skólum;
b. stofnunum, sem sérstaklega ber að sjá fyrir slíkri kennslu;
c. viðeigandi kennslu í störfunum sjálfum;
d. aðferðum, sem miða að hraðfara námi.

Ráðning og þjálfun kennara.

24. (1) Þar til bært stjórnvald ætti í samvinnu við félög atvinnurekenda og verkamanna og aðrar stofnanir, sem hlut eiga að máli, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að settar verði reglur um þær lágmarkskröfur, sem gera verður til hæfni þeirra kennara, sem annast skulu kennslu fullorðinna í sérstökum stöðvum eða stofnunum hins opinbera eða einstaklinga.

(2) Þessar reglur ættu m. a. að snerta:
a. tæknilega og almenna menntun;
b. reynsluþekkingu í starfsgrein þeirri, sem kenna skal;
c. aldur;
d. hæfileika til að kenna fullorðnum.

(3) Þar til bært stjórnvald ætti að tryggja það, að farið sé eftir þessum reglum í kennslustöðvunum eða stofnunum, sem settar eru á fót af opinberum stjórnvöldum, eru undir eftirliti þeirra eða studd af þeim. Það ætti einnig að stuðla að því, að þeim sé beitt í öllum öðrum stöðvum eða stofnunum.

25. (1) Kennarar, sem annast kennslu fullorðinna, ættu að fá sérstaka menntun með það fyrir augum að þroska hæfni þeirra í tækni og til kennslu. Þessi menntun ætti m. a. að vera fræðileg og tæknileg og gera þá betur hæfa til að umgangast fólk.

(2) Slík menntun ætti eftir því, sem þörf gerist, einkum að taka til:
a. grundvallarmenntunar;
b. námskeiða til að auka þekkingu og rifja hana upp, og
c. raunhæfra starfa í starfsgreininni með ákveðnu millibili.

(3) Þar til bært stjórnvald ætti að gera ráðstafanir til þess að hvetja til slíkrar menntunar og efla hana.

V. Kennsla fatlaðra manna.

26. Þær grundvallarreglur, ráðstafanir og kennsluaðferðir, sem þessi álitsgerð ræðir um, ættu að taka til allra fatlaðra manna, að svo miklu leyti sem unnt er með tilliti til heilsufars og námsmöguleika.

27. (1) Gera ætti ráðstafanir til tryggingar því, að fatlaðir, fullorðnir menn eigi kost á fullnægjandi og viðeigandi möguleikum til náms.

(2) Fatlaðir menn ættu að hafa aðgang að slíku námi, hvernig sem á fötlun þeirra stendur og á hvaða aldri sem þeir eru, meðan sennilegir náms- og atvinnumöguleikar eru fyrir hendi.

28. (1) Þjálfun fatlaðra manna ætti alls staðar, þar sem því verður við komið, að gera hlutaðeigendum fært að stunda atvinnu, þar sem þeir geta neytt fagkunnáttu sinnar eða hæfileika að teknu tilliti til atvinnuhorfa.

(2) Með tilliti til þessa ætti þessi kennsla að:
a. vera samfara sérstakri vistráðningu eftir læknisráði í þeirri atvinnu, sem bezt hæfir hverri tegund fötlunar og þar sem hún verður minnst til baga;

b. veitast í þeirri grein, sem hinn fatlaði maður vann í áður, eða skyldri starfsgrein, þegar þess er kostur, og
c. halda áfram unz hinn fatlaði hefur náð nauðsynlegri leikni til þess að vinna eðlilega og jafnfætis fyllilega vinnufærum mönnum, ef hann annars er fær um það.

29. (1) Þegar nauðsyn ber til, ættu fatlaðir menn að vera til lækninga við sitt hæfi áður en námið hefst.
(2) Þessar lækningar ættu að miða að því að auðvelda eftirfarandi nám hins fatlaða, og ættu þær m. a., eftir því sem við á, að vera fólgnar í því, að látið sé í té viðeigandi gervilimir, sálfræðileg meðhöndlun, nudd- og ljóslækningar og vinnuhælisvist.
(3) Þegar það á við, ætti nám fatlaðra að hefjast meðan á lækningum stendur.

30. Þar, sem það á við, ætti að hafa læknseftirlit með hinum fötluðu meðan á þjálfuninni stendur.

31. Þegar því verður við komið, ættu fatlaðir menn að fá þjálfun með fyllilega verkfærum mönnum og við sömu aðstæður og þeir.

32. Gera ætti sérstakar ráðstafanir um nám fatlaðra manna, sem ekki er hægt að kenna með fyllilega verkfærum mönnum vegna þess, hvernig fötlun þeirra er háttað.

33. Gera ætti ráðstafanir til hvatningar atvinnurekendum til þess að sjá fötluðum mönnum fyrir kennslu. Þessar ráðstafanir ættu, eftir því sem við á, að fela í sér fjárhagslega eða tæknilega hjálp, læknishjálp eða vinnuhjálp.

34. Grundvallarreglurnar varðandi nám fatlaðra manna ætti að semja og framkvæma á grundvelli náinnar samvinnu milli þeirra aðila, sem annast læknishjálp, almannatryggingar, aðstoð við stöðuval, þjálfun og vistráðningu fatlaðra manna og í samvinnu við félög verkamanna og vinnuveitenda.

VI. Skipulag og framkvæmd.

35. (1) Þar til bært stjórnvald ætti að setja eða láta setja samræmdar reglur um nám fullorðinna, og ætti að endurskoða þær og bæta á vissum fresti. Um þetta skal höfð samvinna við þau verkamanna- og vinnuveitendafélög, sem fara með umboð hlutaðeigandi atvinnugreinar, og tekið skal tillit til aðstæðna í landinu, einstökum landshlutum og héruðum.
(2) Þessar reglur ættu að samræmast öðrum greinum hinnar almennu verkkennslu.

36. (1) Í samvinnu við og með samþykki hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélaga ætti þar til bært stjórnvald að gera allar nauðsynlegar og æskilegar ráðstafanir til þess að efla og samræma starfsemi hins opinbera og einstaklinga varðandi verknám fullorðinna.
(2) Eftir því, sem við á, ættu þessar ráðstafanir að fela í sér:
a. ákvörðun á því, hversu viðtæk þörfin fyrir kennslu er og hverrar tegundar, svo og á þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru;
b. að settar séu reglur um aðstæður og aðferðir við kennsluna;
c. ákvörðun námsefnis við nám í hinum ýmsu atvinnu- og starfsgreinum;
d. tæknilega aðstoð til þeirra félaga og stofnana, sem láta kennslu í té;
e. fjárhagsaðstoð til þessara félaga og stofnana.

37. (1) Skilgreina ætti nákvæmlega ábyrgð opinberra stjórnvalda á verkkennslu fullorðinna.
(2) Slík ábyrgð ætti að hvíla á:
a. einu stjórnvaldi, eða
b. fleiri stjórnvöldum, enda sé starfsemi þeirra vel samræmd.

38. Náin og stöðug samvinna ætti að vera milli hinnar opinberu vinnumiðlunar, kennslustarfseminnar og hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélaga, einkum í því skyni að fá fullorðna til að skrá sig til verknáms og að sjá þeim fyrir vinnu að námi loknu.

39. (1) Verknámið ætti að auka og bæta með aðstoð ráðgefandi nefnda, sem settar eru á fót fyrir allt landið, einstaka landshluta eða héruð, eftir því sem þörf krefur. Nefndir þessar skulu skipaðar fulltrúum þeirra stjórnvalda og stofnana, sem í hlut eiga, þar á meðal vinnuveitenda- og verkamannafélaga.
(2) Hlutverk þessara nefnda ætti að vera að gefa leiðbeiningar, einkum:
a. að því er tekur til alls landsins, um þróun grundvallarreglna og áætlana um nám fullorðinna;
b. að því er tekur til einstakra landshluta og héraða, um beitingu þeirra reglna, sem settar hafa verið fyrir allt landið, aðlögun þeirra að aðstæðunum í hverjum landshluta eða héraði og samræmingu starfseminnar í einstökum landshlutum og héruðum.

40. (1) Þar til bært stjórnvald ætti að hvetja til stofnunar ráðgefandi iðnaðarnefnda til þess að aðstoða við framkvæmd áætlana um verknám fullorðinna í þeirri starfsgrein, sem þær eru fyrir.
(2) Gera ætti ráðstafanir til tryggingar því, að félög vinnuveitenda og verkamanna taki þátt í framkvæmd grundvallarreglnanna um verknám fullorðinna, t. d. með því að fulltrúar þeirra séu meðlimir eða ráðgjafar nefnda, sem stjórna skólum eða kennslustöðvum fyrir fullorðna, eða hafa eftirlit með tæknilegum rekstri þeirra.
(3) Þar til bært stjórnvald ætti að hvetja atvinnurekendur til samvinnu við fulltrúa verkamanna, sem vinna í fyrirtækjum þeirra, um framkvæmd áætlana um kennslu innan fyrirtækisins.

VII. Alþjóðasamvinna um verkkennslu fullorðinna.

41. (1) Þegar nauðsyn ber til og fært þykir, ættu aðildarríkin, með aðstoð Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, ef þess er óskað, að hafa samvinnu um ráðstafanir til eflingar verkkennslu fullorðinna.
(2) Þessi samvinna ætti m. a. að taka til ráðstafana, sem hlutaðeigandi ríki hafa orðið ásátt um til að efla verkkennslu með aðferðum eins og:
a. að í einu landi sé þar til völdu fólki frá öðru landi veitt kennsla, sem geri því fært að öðlast reynslu og leikni, sem það getur ekki náð í heimalandi sínu;
b. að eitt ríki láni öðru reynt fólk til þess að aðstoða við skipulagningu verkkennslunnar;
c. með því að gefa út og láta í té handbækur og önnur gögn til kennslu;
d. skiptum á sérhæfðu starfsliði;
e. kerfisbundnum skiptum á upplýsingum um kennslumálefni.

Fylgiskjal II.

Skrá yfir þær samþykktir, sem gerðar hafa verið á Alþjóðavinnumálaþinginu á árunum 1919—1950.

Skráin greinir, hvaða ár hver samþykkt var gerð, hvenær hún gekk í gildi og hve mörg ríki hafa fullgilt hana.

Tala	Heiti	Gildistaka	Fullgildingar
1.	Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919)	13. 6.'21	28
	Aths. Fjögur ríki fullgiltu þessa samþykkt með skilyrðum.		
2.	Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919)	14. 7.'21	33
	Aths. Eitt ríki hefur sagt þessari samþykkt upp.		
3.	Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919)	13. 6.'21	18
	Alþt. 1951. A. (71. löggjafarþing).		44

Tala	Heiti	Gildistaka	Fullgildingar
4.	Samþykkt um næturvinnu kvenna Aths. 10 ríki hafa sagt þessari samþykkt upp um leið og þau fullgiltu samþykkt nr. 41.	13. 6.'21	34
5.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919) Aths. Sjá nú samþykkt nr. 59.	13. 6.'21	30
6.	Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði Aths. Eitt ríki hefur sagt þessari samþykkt upp.	13. 6.'21	33
7.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920) Aths. Eitt ríki hefur sagt samþykkt þesari upp samfara fullgildingu á samþykkt nr. 58.	27. 9.'21	34
8.	Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920)	16. 3.'23	30
9.	Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920)	23. 11.'21	28
10.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921)	31. 8.'23	22
11.	Samþykkt um rétt landbúnaðarverkafólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921)	11. 5.'23	36
12.	Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921)	26. 2.'23	24
13.	Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921) Aths. Ein fullgildingin skilyrt.	31. 8.'23	27
14.	Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921)	19. 6.'23	38
15.	Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921)	20. 11.'22	35
16.	Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921)	20. 11.'22	35
17.	Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925)	1. 5.'27	23
18.	Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925) Aths. Fjögur ríki hafa sagt samþykktinni upp samtímis fullgildingu á samþykkt nr. 42.	1. 4.'27	32
19.	Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925)	8. 9.'26	42
20.	Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum	26. 5.'28	13
21.	Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926) Aths. Þrjár fullgildinganna skilyrtar.	29. 12.'27	25
22.	Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926)	4. 4.'28	30
23.	Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926)	16. 4.'28	19
24.	Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927)	15. 7.'28	19
25.	Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927)	15. 7.'28	12
26.	Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928)	14. 6.'30	25
27.	Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929) Aths. Tvær fullgildinganna eru skilyrtar.	9. 3.'32	38
28.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929) Aths. Sjá nú samþykkt nr. 32.	1. 4.'32	4
29.	Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930)	1. 5.'32	24

Tala	Heiti	Gildis-taka	Fullgild-ingar
30.	Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930)	29. 9.'33	12
	Aths. Ein fullgildingin skilyrt.		
31.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931) ..		1
	Aths. Samþykkt þessi er ekki gengin í gildi.		
32.	Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932)	30. 10.'34	15
33.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932)	6. 6.'35	8
34.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933)	18. 10.'36	9
35.	Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933)	18. 7.'37	8
36.	Samþykkt um skyldu ellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)	18. 7.'37	7
37.	Samþykkt um skyldu örorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933)	18. 7.'37	8
38.	Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933)	18. 7.'37	7
39.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum manna, sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o. fl. (1933)	8. 11.'46	5
40.	Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum landbúnaðarverkamanna (1933)	29. 9.'49	4
41.	Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934)	22. 11.'36	21
	Aths. Eitt ríki hefur sagt samþykktinni upp.		
42.	Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934)	17. 6.'36	22
43.	Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934)	13. 1.'38	8
44.	Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra, sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934)	10. 6.'38	6
45.	Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935)	30. 5.'37	29
46.	Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935)		2
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
47.	Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935)		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
48.	Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935)	10. 8.'38	5
49.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935)	10. 8.'38	7
50.	Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936)	8. 9.'39	6
51.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936)		1
	Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
52.	Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936)	22. 9.'39	7

Tala	Heiti	Gildis-taka	Fullgild-ingar
53.	Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936)	29. 3.'39	12
54.	Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		5
55.	Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936)	29. 10.'39	5
56.	Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936)	9. 12.'49	4
57.	Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		5
58.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936)	11. 4.'39	10
59.	Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937)	21. 2.'41	3
60.	Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937)	29. 12.'50	2
61.	Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
62.	Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937)	4. 7.'42	6
63.	Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu, svo og landbúnaði (1938) Aths. Níu þeirra ríkja, sem fullgilt hafa samþykktina, hafa gert það með fyrirvara að því er snertir tiltekna hluta hennar.	22. 6.'40	15
64.	Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939)	8. 7.'48	3
65.	Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939)	8. 7.'48	2
66.	Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
67.	Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
68.	Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		3
69.	Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		6
70.	Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
71.	Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		3
72.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		3
73.	Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		3
74.	Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946)	14. 7.'51	3
75.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		4
76.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1

Tala	Heiti	Gildis-taka	Fullgild-ingar
77.	Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946)	29. 12.'50	4
78.	Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946)	29. 12.'50	3
79.	Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946)	29. 12.'50	2
80.	Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins, svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946)	28. 5.'47	37
81.	Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947)	7. 4.'50	12
82.	Samþ. um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
83.	Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum (1947) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
84.	Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
85.	Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
86.	Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
87.	Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948)	4. 7.'50	11
88.	Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948)	10. 8.'50	11
89.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948)	27. 2.'51	7
90.	Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948)	12. 6.'51	3
91.	Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
92.	Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		3
93.	Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		
94.	Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
95.	Samþykkt um verndun vinnulauna (1949) Aths. Þessi samþykkt er ekki gengin í gildi.		1
96.	Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949)	18. 7.'51	2
97.	Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949)	22. 1.'52	2
98.	Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949)	18. 7.'51	2

Sþ. 160. Breytingartillaga [49. mál]

við till. til þál. um innflutning bifreiðavarahluta.

Frá Emil Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að sjá um, að innflutningur á varahlutum til bifreiða og byggingarvörum öllum verði undanþeginn hinum svokallaða bátagjaldeyrisskatti.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um niðurfellingu á bátagjaldeyrisskatti af nokkrum vörum.

Sþ. 161. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949 var mikil áherzla lögð á, að það væri gert í þeim tilgangi einum að treysta varnir á **Norður-Atlantshafi,** og væri það bandalag frjálsra lýðræðisríkja, sem lönd ættu að Norður-Atlantshafi og hagsmuna ættu að gæta um varnir á því svæði, sem nefnt var „Norður-Atlantshafs-svæðið“ í stofnsamningnum frá 4. apríl 1949. Var því mjög á lofti haldið, að „Atlantshafsþjóðirnar“ gerðu með sér bandalag þetta engu síður í þeim tilgangi að treysta og efla lýðræðið en hinum, að auka hervarnir sínar. Hér á landi var því jafnvel neitað, að um hernaðarbandalag væri að ræða, og bæri Íslendingum að taka þátt í bandalaginu til þess að vera í hópi lýðræðisþjóða. Þá var það talin fjarstæða, að einræðis- og fasistaríki eins og Spánn væri tækt í slíkt bandalag. Nú er það opinber krafa þeirra amerísku hershöfðingja, sem í raun og veru hafa ráðið mestu um utanríkispólitík Bandaríkjanna síðan Roosevelt forseti féll frá, að Spánn verði tekinn í Atlantshafsbandalagið. Það er einnig runnið undan rifjum þessara sömu hershöfðingja, að Tyrkland og Grikkland séu nú tekin í bandalagið, og rök hershöfðingjanna eru þau, að Bandaríkin hafi herstöðva að gæta í þessum löndum fyrir botni Miðjarðarhafsins og þær þurfi að kerfisbinda í einu voldugu hernaðarbandalagi. Við þetta hefur eðli Atlantshafsbandalagsins gerbreytzt frá því, sem talið var að það ætti að vera í upphafi, þ. e. varnarbandalag lýðræðisríkja á Norður-Atlantshafssvæðinu, þar sem það er nú orðið almennt hernaðarbandalag, er nær yfir mestallt herstöðvakerfi Bandaríkjanna í fjórum heimsálfum: Ameríku, Evrópu, Afríku og Asíu. Hefði það verið ákveðið opinberlega þegar í upphafi, að Tyrkland og Grikkland skyldu verða aðilar að bandalaginu, hefði áreiðanlega þótt horfa öðruvísi við um aðild að því í löndum eins og Danmörku, Noregi og jafnvel fleirum.

Það er nú kunnugt, að mörg ríki í Atlantshafsbandalaginu voru ófús til að samþykkja inntöku Tyrkja og Grikkja í bandalagið. Dönum var það t. d. mjög nauðugt. Utanríkisráðherra stjórnarflokksins í Danmörku, Íhaldsflokksins, lýsti yfir, að stjórn hans þættist að vísu tilneydd að samþykkja þetta, en væri það mjög óljúft. Á þingi Dana voru róttækir vinstrimenn og réttarflokksmenn, auk kommúnista, málinu algerlega andvígir, og líta nú margir, sem voru með inngöngu í Atlantshafsbandalagið í upphafi, öðrum augum á það en áður.

Það, sem Norðurlandamenn og frjálslyndir menn í Ameríku og Evrópu hafa á móti inntöku Tyrklands og Grikklands í Atlantshafsbandalagið, er ekki einungis það, að stjórnarfar allt í þessum löndum hefur löngum mótazt af einræði og harð-

stjórn og á ekki meira skylt við frelsi og lýðræði en Miðjarðarhafsbotnar við Norður-Atlantshafið, heldur einnig hitt, að styrjaldarhættan og áhætta friðsamra þjóða í bandalaginu eykst beinlínis við það, að þessi lönd eru tekin í bandalagið. Tyrkland á landamæri að Sovétríkjunum, og bæði þar og við landamæri Grikklands er meiri hætta á því en í nokkru Vestur-Evrópulandi, að smávægilegir árekstrar eða skærur yrði túlkað svo af pólitískum ofstækismönnum og stríðsþyrstum hershöfðingjum sem um vopnaða árás væri að ræða, án þess að tilefni væri til, og eru þess mörg dæmi úr sögunni.

En samkv. 5. gr. samningsins koma skuldbindingar samningsins um aðstoð, þ. á m. með beitingu vopnavalds, til framkvæmda þegar er einhver samningsaðila (nú einnig Tyrkland og Grikkland) telur sig hafa orðið fyrir vopnaðri árás. Samningsríkin taka því í raun og veru ábyrgð á landamærum Grikklands og Tyrklands og áhættuna af því, að innanlandsóeirðir í þessum löndum leiði yfir þau styrjöld.

Samkv. hátíðlegu orðalagi í forsendum Atlantshafssamningsins eiga Tyrkir nú að taka höndum saman við Íslendinga, „staðráðnir í að varðveita frelsi og sameiginlega arfleifð“ þessara fornu vinaþjóða, enda er því nú loks slegið föstu af Íslendingum, að menning Tyrkja „hvíli á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfrelsis og lögum og rétti“, en Tyrkir eiga með okkur að „efla jafnvægi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu“.

Þá er í forsendum þessa viðbótarsamnings talið, að „öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu“ verði nú stórum meira en áður við tilkomu Tyrkja og Grikkja, og er þá vonandi, að forustumönnum vorum verði hughægra og þeir telji nú loks öryggi Íslendinga að fullu borgið.

Samningur sá, er ræðir um í þessari þáltill., er þegar gerður og samþykki Alþingis á honum eftir á formsatriði. Að því leyti sem verður að taka hann alvarlega, er ég á móti samþykkt hans og þessarar þáltill.

Alþingi, 2. nóv. 1951.

F. R. Valdimarsson.

Nd. 162. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 58 25. maí 1949, um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Til lána samkv. 3. og 4. tölulið skal verja eigi minna en þriðjungi þess fjár, sem lánað er úr sjóðnum.

2. gr.

Í stað „þurfa“ í 3. gr. laganna komi: skulu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt erindi, sem raforkumálastjóri flutti á síðasta búnaðarþingi, hafði á öndverðu þessu ári rúmlega fimmta hvert sveitabýli rafmagn til heimilisnota, og eru vindrafstöðvar þá ekki meðtaldar. Í fyrrnefndu erindi gerði raforkumálastjóri

ráð fyrir, að liðlega helmingur (2300) þeirra býla, sem enn eru rafmagnslaus, fengi á sínum tíma orkuna úr samveitum frá orkuverum. Eftir eru þá 2100 býli, sem ekki munu fá rafmagn frá samveitum samkvæmt áætlun raforkumálastjóra, og það þegar af þeirri ástæðu, að talið er ódýrara af sjá þeim fyrir rafmagni á annan hátt. Er gengið út frá, að meðalvegalengd milli bæja megi ekki vera mikið fram yfir einn kílómetra til þess, að fjárhagslegur grundvöllur samveitu sé fyrir hendi.

Ef þau 2100 býli, einhver eða öll, sem hér er um að ræða, eiga að fá rafmagn, verða þau að koma sér upp litlum rafstöðvum, eitt og eitt eða tvö eða fleiri saman, þar sem slíks er kostur. Koma þar til greina bæði vatnsrafstöðvar og mótorstöðvar, auk vindrafstöðvanna, en ekki er útilokað, að hinar síðastnefndu geti, er tímar líða, að einhverju leyti orðið frambúðarúrræði, sbr. ummæli raforkumálastjóra um það efni. En eins og sakir standa gerir raforkumálastjóri ráð fyrir vatnsaflsstöðvum á 600 býlum og mótorstöðvum á 1500 býlum, auk þeirra, sem fyrir eru. Er auðsætt, að ekki má hjá líða að hugsa fyrir þörfum þessara 2100 býla alveg jafnhliða því sem unnið er að samveitum fyrir þá, er þeirra geta notið. En segja má, að fyrirgreiðsla vegna einkarafstöðvanna hafi mjög orðið útundan í seinni tíð, enda hugir manna einkum bundnir við samveiturnar. Hafa menn jafnvel gert ráð fyrir, að öll býli á landinu gætu notið rafmagns frá samveitum áður en langt liði.

Samkvæmt upplýsingum, sem flm. þessa frv. hafa aflað sér, höfðu hinn 30. sept. s. l. verið veitt lán úr raforkusjóði samtals um 11½ millj. kr. samkv. 35. gr. raforkulaganna. Af þessari upphæð voru nál. 95% lán til hinna stærri orkuvera og samveitna, en aðeins 5% til einkarafstöðva, en slík lán eru 46 talsins síðan sjóðurinn tók til starfa, þar af 24 til vatnsorkustöðva og 22 til mótorstöðva.

Með frv. þessu er lagt til, að hlutur einkastöðvanna í fjármagni sjóðsins sé ákveðinn með lögum og verði eftirleiðis ⅓ af því, sem lánað er úr sjóðnum. Ef framlag ríkisins til sjóðsins yrði áfram 2 millj. kr. á ári eins og nú, fengju einkarafstöðvarnar 600—700 þús. kr. á ári, en væri það t. d. hækkað um helming, eins og lagt hefur verið til af nokkrum þingmönnum, fengju þær 1300—1400 þús. kr.

Samkvæmt áætlunum raforkumálastjóra í fyrrnefndri greinargerð og gildandi lagaákvæðum um hámark lána úr raforkusjóði má gera ráð fyrir, að meðalvatnsaflsstöð, eða hluti býlis í sameignarstöð, geti, ef fé er fyrir hendi, fengið allt að 40 þús. kr. og mótorstöð allt að 18 þús. kr. Af þriðjungi núverandi framlags til raforkusjóðs væri þá hægt að veita árlega hámarkslán til 16—17 vatnsaflsstöðva eða rúmlega helmingi fleiri mótorstöðva, — og verði framlagið hækkað, er að sjálfsögðu hægt að fjölga lánum að sama skapi. En þess ber að gæta, að kostnaðaráætlun raforkumálastjóra er miðuð við verðlag á þeim tíma, að fyrrnefnt erindi var flutt á búnaðarþingi.

Ed. 163. Frumvarp til laga [93. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Allt sparifé landsmanna, sem geymt er til ávöxtunar innanlands á uppsagnarbókum eða innlánsskírteinum í bönkum, opinberum sparisjóðum eða löglegum innlánsdeildum félaga, skal vera skattfrjálst. Sömuleiðis skulu vextir af þessu fé vera skattfrjálsir sem tekjur, ef þeir leggjast við höfuðstólinn.

Skattfrelsi þetta nær þó aðeins til þeirra innstæðna, sem eru óuppsegjanlegar nema með minnst 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir hinu skattfrjálsa fé, þegar þeir telja fram til skatts, og hvar það stendur inni, þótt það eða viðlagðir vextir þess reiknist ekki með við útreikning skattsins.

3. gr.

Forstjórar banka, sparisjóða og innlánsdeilda eru skyldugir að svara tafarlaust fyrirspurnum skattanefnda um upphæð skattfrjálsrar innstæðu framteljanda.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sparifjársöfnun á Íslandi hefur lítil verið hin síðustu ár miðað við tekjuöflun og umsetningu. Sparnaður er ein af þeim dyggðum, sem hrakar hjá þjóðinni. Ungt fólk sýnir ekki sömu viðleitni og fyrr í því að safna peningainnstæðum og búa sig þannig undir stofnun heimilis og atvinnurekstur. Aldrað fólk leggur síður en áður fé á vöxtu til elliáranna. Allt of margir, sem hafa fé aflögu, láta það annaðhvort „fjúka“ sem eyðslueyrir ellegar kappkosta að koma því í fasteignir eða annað, sem til eigna telst, en er minna skattlagt heldur en innstæður og ekki sömu gildisbreytingum háð. Slíkar eignir eru þó ekki ætíð gildismiklar fyrir eigandann eða þjóðhagslega séð mikilsvert, að hann eignist þær.

Venjulegt sparifé er tiltækur framkvæmda- og varasjóður eigandans. Það eykur afkomuöryggi hans og þjóðfélagsins um leið að hans leyti. En spariféð gerir meira. Það er líka hjálp fyrir þá menn, sem vantar lánsfé.

Sparifé, sem almenningur leggur í lánsstofnanir, er eins og lækir, sem leiddir eru saman til virkjunar. Lánsstofnanirnar eru orkuver. Þaðan kemur „afl þeirra hluta, sem gera skal“ með lánum.

Ófullnægð lánsfjárþörf er í öllum áttum á landi okkar. Mikilsverð og aðkallandi verkefni bíða óleyst, af því að hvergi er lán að fá. Þau verkefni kalla á sparifjársöfnun.

Samkvæmt framansögðu er í frumvarpi þessu bæði hugsað um hag manna, sem geta lagt fé á vöxtu, og hagsmuni hinna, sem eru lánsfjárvana. Frumvarpið er viðurkenning á því, að sparnaður er nauðsynleg dyggð og að sá, sem leggur fé á vöxtu, er þarfur þjóðfélagsþegn, sem ekki á að skattleggja að því leyti, eins og nú standa sakir á Íslandi.

Þess má vænta, að skattfrelsið örvi sparifjársöfnun til stórra muna.

Hitt er svo annað mál, að líka gæti rétt verið að tryggja sparifé — eða innláns- og útlánsfé yfirleitt — gegn verðgildisfalli. Sennilega mætti framkvæma þetta á þann hátt að taka upp vísitölureikning á því eins og launum, þótt ekki sé tillaga um slíka vísitölu gerð í þessu frumvarpi.

Ed. 164. Frumvarp til laga [94. mál]

um Fyrningarsjóð Íslands.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Fyrningarsjóður Íslands. Hlutverk sjóðsins er að lána fé til þess að auka fasteignir landsmanna og skipastól samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Fyrningargjöld samkvæmt ákvæðum 4.—8. gr. þessara laga.
2. Vextir af útlánum og innistæðum í bönkum.
3. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

Sjóðurinn starfar í 9 deildum sem hér segir:

A. **Landbúnaðardeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af jörðum og húsum og mannvirkjum, sem á þeim standa, hverju nafni sem nefnast, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði Landbúnaðardeildar skal lána, eftir því sem fé er fyrir hendi, til hvers konar ræktunar á jörðum, húsabygginga og annarra mannvirkja. Aldrei má fyrningarsjóður deildarinnar lána fé til annars en til auknings og endurbyggingar á hliðstæðum fasteignum og féð er runnið frá.

Búnaðarbanki Íslands stjórnar Landbúnaðardeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum.

B. **Sjávarútvegsdeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af skipum, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði Sjávarútvegsdeildar skal lána, eftir því sem fé er fyrir hendi, til smíði nýrra skipa. Skal lánum jafnan hagað svo, að fé, sem inn er greitt frá eigendum fiskiskipa, er aðeins lánað til endurnýjunar fiskiskipaflotans, og fé, sem inn er greitt frá eigendum flutningsskipa, til endurnýjunar á verzlunarflotanum.

Útvegsbanki Íslands h/f stjórnar Sjávarútvegsdeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt er honum að fela Fiskveiðasjóði Íslands útlánastarfsemi á því fé, sem inn er greitt frá eigendum fiskveiðiskipa.

C. **Iðnaðar- og verzlunardeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af verksmiðjum, orkuverum og öðrum mannvirkjum, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum, enda séu þau eigi flokkuð undir aðrar deildir.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána, þegar fé er fyrir hendi, til byggingar nýrra verksmiðja, orkuvera eða annarra hliðstæðra fasteigna og þeirra, sem fyrningargjald er greitt af til deildarinnar.

Iðnlánasjóður og síðar iðnaðarbanki, ef hann verður stofnaður, stjórnar Iðnaðar- og verzlunardeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikninshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum.

D. **Íbúðarhúsa- og verzlunarhúsadeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af íbúðar- og verzlunarhúsum ásamt lóðum, sem þeim tilheyra, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til þess að byggja ný íbúðar- og verzlunarhús, og má deildin ekki lána fé sitt til annarrar starfrækslu.

Landsbanki Íslands stjórnar Íbúðarhúsa- og verzlunarhúsadeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt skal þó Landsbankanum að fela veðdeild bankans að annast þessa lánastarfsemi.

E. **Fasteignadeild bæjar- og sveitarfélaga:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum, sem eru eign bæjar- og sveitarfélaga, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til þess að koma upp nýjum fasteignum fyrir bæjar- og sveitarfélög, og má eigi lána fé deildarinnar til annarrar starfrækslu

Landsbanki Íslands stjórnar Fasteignadeild bæjar- og sveitarfélaga. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt skal Landsbankanum að fela sparisjóðum í bæjar- og sveitarfélögum að annast þessa lánastarfsemi.

F. **Skipadeild bæjar- og sveitarfélaga:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af skipum, sem eru í eign bæjar- og sveitarfélaga, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til smíði nýrra skipa, og skulu bæjar- og sveitarfélög ganga fyrir slíkum lánum, ef þau æskja þess. Fyrningargjöld, sem greidd eru af fiskveiðiskipum, má ekki lána til smíði flutningaskipa né gagnkvæmt.

Landsbanki Íslands stjórnar Skipadeild bæjar- og sveitarfélaga. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart eigendum. Heimilt skal Landsbankanum að fela sparisjóðum í bæjar- og sveitarfélögum að annast þessa lánastarfsemi.

G. **Fasteignadeild félagsheilda:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum félaga, sem ekki eru skattskyld, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána, þegar fé er fyrir hendi, til þess að koma upp hliðstæðum fasteignum og fyrningargjöldin eru greidd af, og má ekki lána fé deildarinnar til annarrar starfrækslu.

Landsbanki Íslands stjórnar Fasteignadeild félagsheilda. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart eigendum.

H. **Fasteignadeild ríkissjóðs:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum ríkissjóðs, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum. Fé deildarinnar má aðeins verja til að auka og koma upp nýjum fasteignum, er ríkissjóður er eigandi að. Má ekki nota féð til fasteignakaupa eða til viðhalds fasteignum ríkisins. Gæta skal þess, eftir því sem við verður komið, að fénu sé varið til aukningar á hliðstæðum mannvirkjum og þeim, sem fyrningargjöldin eru greidd af.

I. **Skipadeild ríkissjóðs:** Til hennar skal greiða fyrningargjöld af öllum skipum ríkissjóðs, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Fé úr Skipadeild ríkissjóðs má aðeins verja til endurnýjunar skipastól ríkisins, og skal þess jafnan gætt, að fénu sé varið til endurnýjunar á þeim flokkum skipa, sem hliðstæðir eru skipum þeim, er gjaldið er greitt af.

Landsbanki Íslands stjórnar skipadeild ríkissjóðs. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart ríkissjóði.

4. gr.

Eigendur fasteigna, sem flokkaðar eru undir A-, C- og D-liði 3. gr., skulu árlega greiða í fyrningarsjóði viðkomandi deilda þær upphæðir, sem leyfðar eru sem fyrningarfrádráttur á rekstrar- og efnahagsreikningum og dregnar eru frá sköttum á skattaframtali, þó aldrei yfir 2% — tvo af hundraði — af því verði eignanna, sem fyrningarhundraðshlutinn er miðaður við.

5. gr.

Eigendur skipa, sem eru 6 smálestir og stærri, hverju nafni sem nefnast, og flokkuð eru undir B-lið 3. gr. þessara laga, skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem leyfðar eru sem fyrningarfrádráttur á rekstrar- og efnahagsreikningum og dregnar eru frá sköttum á skattaframtali, þó aldrei yfir 3% — þrjá af hundraði — af því verði skipanna, sem fyrningarhundraðshlutinn er miðaður við. Skipafélög, sem njóta skattfrelsis samkv. sérstökum lögum, skulu greiða sama hundraðshluta í fyrningarsjóð eins og ef um einstakling væri að ræða.

6. gr.

Bæjar- og sveitarfélög skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum þeirra samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiða bæjar- og sveitarfélög árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum þeirra, ef þau væru í eigu einstaklinga.

7. gr.

Félagsheildir skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum þeirra samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiða félagsheildir árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum, sem kynnu að vera þeirra eign, ef þau væru í eigu einstaklinga.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum hans samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiðir ríkissjóður árlega í fyrningarsjóði viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum hans, ef þau væru í eigu einstaklinga.

9. gr.

Fé það, sem greitt er í fyrningarsjóð samkvæmt lögum þessum, skal skráð á nafn þess aðila, sem það hefur greitt, og er féð hans eign. Þó má eigi greiða honum það út úr sjóðnum, nema full trygging sé fyrir því, að fénu sé varið til endurnýjunar þeirra mannvirkja, sem lög þessi mæla fyrir um. Hins vegar má eigandi selja eða veðsetja inneign sína, og taka má hana lögtaki til tryggingar á vangreiddum skuldum, en slík eigendaskipti raska ekki því, að féð má aðeins nota á þann hátt, sem fyrr greinir.

Þegar inngreiðsla er skráð á nafn aðila, skal þess jafnframt getið, af hvaða fasteign eða skipi gjaldið er reiknað, svo að eigi verði um villzt, hvaða deild það tilheyrir.

Vextir af innistæðu aðila leggjast jafnan við höfuðstól hans, og gilda um þá sömu reglur og sjálf fyrningargjöldin.

10. gr.

Nú vill eigandi fá greidda út inneign sína, og skal hann þá tilkynna það stjórn sjóðsins með 12 mánaða fyrirvara. Að þeim tíma liðnum leggur hann fram skilríki sín fyrir því, að hann sé enn eigandi fjárins og að það verði notað á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Hafi féð verið greitt út til eiganda og sannist síðar, að það

hafi verið notað á annan hátt en að framan greinir, skal skylt að endurgreiða það sjóðnum með 10% álagi, auk venjulegra vaxta til greiðsludags.

11. gr.

Nú er ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum, þegar skylt er að greiða út inneign eiganda, vegna þess að fé sjóðsins er bundið í útlánum, og skal þá stofnun sú, er stjórnar viðkomandi deild, skyldug til að lána sjóðnum upphæðina, þar til nægilegar inngreiðslur eru fyrir hendi til þess að endurgreiða stofnuninni hana.

12. gr.

Ef eigi finnst löglegur eigandi að innstæðu, skal lýsa eftir honum í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum. Hafi eigandi ekki gefið sig sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu birtingu, fellur upphæðin til þeirrar deildar sjóðsins, sem varðveitir féð.

13. gr.

Gjöld til Fyrningarsjóðs og innistæða eru undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, svo og hverjum öðrum opinberum gjöldum til ríkis eða sveitarfélaga. Á sama hátt er sjóðurinn og lánastarfsemi hans undanþegin öllum opinberum gjöldum.

14. gr.

Yfirstjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir kosnir af Alþingi með hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Bankamálaráðherra skipar síðan einn þeirra formann. Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og gæta þess, að fyrirmælum þessara laga sé framfylgt í hvívetna.

Ráðherra ákveður þóknun til sjóðsstjórnarinnar.

15. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, í samráði við stofnanir þær, sem annast rekstur sjóðanna, vaxtaupphæðir, lánstíma og tryggingar fyrir lánum.

16. gr.

Gjalddagi fyrningargjalda er sami og gjalddagi ríkisskatta. Skulu gjöldin innheimt af sömu aðilum og á sama hátt og ríkisskattar og skilað jafnóðum til sjóðsins. Kostnað við innheimtu skal greiða úr ríkissjóði.

17. gr.

Ráðherra setur sjóðnum reglugerð um öll þau atriði, sem snerta starfrækslu hans samkvæmt þessum lögum.

18. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, svo og lög nr. 15 1949 og lög nr. 103 1950, um breyting á þeim lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginskilyrði fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, velmegun hennar og þróun er, að fjárhagur hennar sé traustur, ekki einasta fjárhagur ríkis og sveitarfélaga, heldur einnig og engu síður fjárhagur einstaklinganna. Á fyrri helmingi þessarar aldar hefur orðið stórkostleg bylting í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Allt fram að síðustu aldamótum bjó þjóðin við harðan kost, og það svo, að hópar manna sáu engin úrræði til bjargar, flúðu land og komu ekki aftur. Aðrir buðu enn erfiðleikunum byrginn, þóttust sjá möguleika í íslenzkri mold og gull í greipum Ægis,

ef unnt væri að taka upp nýjar og afkastameiri veiðiaðferðir en að dorga upp við land á smáfleytum. Þessir menn sátu kyrrir í landinu og hófu þar nýtt landnám. Það þurfti mikið fé til að byggja upp bæði til lands og sjávar, og mest af því varð að gera með lánsfé, sem greiða varð af háa vexti og greiða upp á skömmum tíma. Í mörg þessi stórvirki var ráðizt af bjartsýni og óbilandi trú á framtíð landsins. Fyrir þrotlausa baráttu þessarar kynslóðar var þjóðinni lyft upp úr sárri fátækt í sæmileg efni. Lífskjör hennar nú eru betri og jafnari en nokkru sinni áður, og betri og jafnari en flestra annarra þjóða í Evrópu og þótt víðar sé leitað. Barátta hennar á komandi árum verður í því fólgin að viðhalda þessum lífskjörum og bæta þau enn, ef unnt er. Hver nýr sigur á þessu tímabili kallaði á nýtt verkefni, hvert nýtt verkefni á nýtt fjármagn, því að þróun athafnalífsins hjá framgjarnri og hugstórri þjóð á sér engin takmörk.

Uppbyggingin hefur gengið í bylgjum. Á góðu árunum hafa verið tekin risastökk, en þess á milli orðið að feta sig áfram eða jafnvel að standa í stað og það jafnvel um langt árabil. Þannig var það á árunum 1920—45. Þann aldarfjórðung megnaði þjóðin m. a. ekki að endurnýja togaraflotann nema að mjög litlu leyti, svo að á því sviði var hún orðin langt á eftir öðrum þjóðum, sjálfri sér til tjóns og sorgar.

Frv. þessu er ætlað að koma í veg fyrir það, að slík kyrrstaða í atvinnulífi þjóðarinnar og uppbyggingu mannvirkja geti aftur átt sér stað, með því að lögbjóða, að eðlileg fyrningargjöld af fasteignum og skipum verði greidd í sérstakan sjóð, en ekki notuð sem eyðslufé. Aldrei hefur þjóðinni verið meiri nauðsyn á því en nú, að til væri stofnun, er sinnti því eina hlutverki að lána fé til uppbyggingar og endurnýjunar verðmæta, sem þjóðin getur ekki verið án, svo sem húsa, jarðræktar, orkuvera, verksmiðja og skipastóls. Aldrei hefur henni verið meiri nauðsyn á því en nú að spara fé, leggja eitthvað af mörkum vegna framtíðarinnar, til þess að tryggja lífsafkomu sína á komandi árum, og aldrei hefur hún haft jafngóð ráð á því og nú. Jafnskjótt og sjóður sá, sem hér um ræðir, myndast, skal honum veitt á ný út í athafnalífið til að þjóna því einu og engu öðru. Með þessu er ákveðnum hluta teknanna haldið kyrrum í þeim greinum, sem þær eru runnar frá, til þess einmitt þar að koma í veg fyrir hrörnun eða kyrrstöðu.

Verður nánar gerð grein fyrir einstökum greinum frv. í framsögu.

Sþ. 165. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Á fundi utanríkismálanefndar 30. október var tillaga þessi tekin til meðferðar, og ákváðu sex nefndarmanna að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar. Hinn 7. (Finnbogi R. Valdimarsson) kvaðst vera málinu andvígur og mundi hann skila um það sérstöku áliti.

Alþingi, 31. okt. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson.
Eysteinn Jónsson.	Bjarni Benediktsson.	Ólafur Thors.

Ed. 166. Frumvarp til laga [95. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Lögin frá 1941 hafa áður verið framlengd þrisvar sinnum á Alþingi, 1943, 1946 og 1948, en sú framlenging fellur niður í árslok 1951. Vegna þess árangurs, sem orðið hefur af lögunum um eyðingu svartbaks, viljum við flutningsmenn enn freista þess að fá lög þessi framlengd um næstu þrjú ár.

Allir eru á einu máli um það, að ræktun æðarfugls og dúnframleiðsla sé hinn allra ánægjulegasti atvinnuvegur hér á landi, sá er á dýrarækt er byggður. Því meir sem æðarvarpseigendur hlynna að æðarfugli, bæta og fegra varplandið og stökkva burt þaðan meginfjöndum hans, tófum og ránfuglum, því meiri verður eftirtekjan. Þetta hafa varpeigendur skilið og hafa mann fram af manni hlynnt með hinni mestu nákvæmni að varpinu. Æðarfuglinn hefur fundið það, að varpeigandinn var vinur hans og verndari og öryggið mest sem allra næst bústað hans, og gerði sér því hreiður við bæjarvegginn og oft í gluggatóftum baðstofunnar. Hvergi veldur æðarfuglinn skemmdum, nema vera kynni, að sláttumönnum þykir skammbeittara í þeim slægjulöndum, er hann verpur að mun.

Það er öllum ljóst, er við varplönd búa, að svartbakurinn er langskæðasti fjandi æðarfuglsins. Situr hann fyrir ungunum, þegar þeir fara á flot nýskriðnir úr eggjum, tínir þá upp og gleypir lifandi, og hafa fundizt oft sex eða fleiri æðarungar í maga svartbaks.

Nú er svo komið, að skotlist hefur mjög hrakað, og þeir fáu, sem með byssu fara, hafa ekki tíma til þess að elta og skjóta að nokkrum mun jafnvarkáran fugl og svartbakinn. Er hann stórum verri viðfangs en hrafninn, þótt viðsjáll sé. Það eina ráð, sem nú hefur komið að gagni, er að eitra fyrir hann, og hefur það reynzt þannig, að þar, sem rækileg eitrun hefur átt sér stað, hefur svartbak verið haldið í skefjum, en æðarvarp aukizt, að minnsta kosti þar, sem annar vágestur, öllum verri, minkurinn, hefur ekki náð til. Við fáum ekki skilið það, að Íslendingar séu svo auði hlaðnir, að þeir hafi efni á að kasta fyrir róða gróða þeim, er þeir geta aflað sér við æðarvarp, sem rekið er með hagsýni.

Það hefur verið sagt af mörgum, einkum þeim, sem dýravinir þykjast vera, að eiturdauðinn sé mjög kvalafullur og jafnvel seigdrepandi. Þótt það megi segja með nokkrum sanni um sum spendýr, er allt annað um fugla, en þeir hafa miklu örari blóðrás, og dauðastríð þeirra tekur ekki nema nokkra sekúndutugi. Hví vilja þessir eiturhatarar ekki banna að eitra fyrir meindýr í bæjum og kaupstöðum?

Frv. til fuglafriðunarlaga hefur nú verið lagt fyrir Alþingi, en hvort tveggja er það, að eins og það er úr garði gert, dugir það skammt til þess að eyða svartbaknum, einnig umstang hið mesta að fá eitrunarleyfi í hvert sinn, þegar gefa á inn vörgum þessum, og í annan stað er vafasamt, hvort frv. það verður að lögum á þessu þingi. Við flutningsmenn viljum því engu hætta, hvernig það mál fer, en viljum varna því, að réttur varpeigenda til verndar atvinnuvegi þeirra verði lakari en hingað til hefur verið.

Nd. 167. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. laganna orðist svo:
Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. ágúst 1951.

2. gr.

14. gr. 4. mgr. breytist þannig:
Í stað orðanna „1. júlí 1951“ komi: 1. ágúst 1951.

3. gr.

Aftan við fyrri mgr. 19. gr. bætist: Nú virðist framtalin en ólýst krafa ekki tortryggileg, og skal þá heimilt að taka hana upp í frumvarp til skuldaskila, sbr. 21. gr.

4. gr.

Aftan við fyrri málslið 22. gr. bætist: Þá lánardrottna þarf þó ekki að boða, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi, sbr. 21. gr., að fái kröfur sínar greiddar að fullu.

5. gr.

Framan við 24. gr. komi:
Þeir kröfuhafar einir, er lýst hafa kröfum sínum, áður en boðað er til skuldheimtumannafundar, og ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi samkvæmt 21. gr. að fái fulla greiðslu, eiga atkvæðisrétt um frumvarp til skuldaskila.

6. gr.

Aftan við 26 gr. bætist: nema um sé að ræða skuldir samkvæmt 1.—3. tölulið 1. greinar.

7. gr.

Aftan við 27. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Nú er stjórn Skuldaskilasjóðs sammála um, að nauðsyn beri til að veita eftirgjöf á veðskuldum umfram það, sem heimilað er í 1. tölulið þessarar greinar, í því skyni að koma hlutaðeigandi útgerð á heilbrigðan grundvöll, þá skal sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita eftirgjöf á einhverjum hluta veðskulda við styrktar- og lánasjóð, framkvæmdasjóð ríkisins og ríkissjóð.
Þann hluta umræddra lána, sem hlutaðeigandi útgerðarfyrirtæki verður talið fært að standa undir, er sjóðsstjórninni heimilað að greiða með skuldabréfum sjóðsins, og má lán úr sjóðnum þá fara fram úr því hámarki, sem segir í 10. gr., sbr. þó 11. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 168. Lög [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952.

(Afgreidd frá Nd. 5. nóv.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. **169. Frumvarp til laga** [96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Magnús Jónsson, Gísli Guðmundsson, Jónas Rafnar, Jón Pálmason, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur lærdómsdeildar sitji fyrir heimavist í skólanum á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var borið fram frumvarp þess efnis, að tvö næstu ár skyldi starfa miðskóladeild við Menntaskólann á Akureyri, ef húsrúm leyfði. Neðri deild gerði þá breytingu á frumvarpi þessu, að ríkisstjórn skyldi heimilt að láta starfa tveggja ára óskipta miðskóladeild við menntaskólana á Akureyri og í Reykjavík. Þannig breytt fór frumvarpið til efri deildar, en fékk þar ekki endanlega afgreiðslu, svo sem kunnugt er.

Nú er málið fram borið að nýju, en með þeim breytingum, er Alþingi hafði gert á því áður en meðferð þess stöðvaðist á síðasta þingi. Tímatakmarkið (1953) er þó fellt niður, enda hefur málið nú tafizt um eitt ár. Einsætt virðist, að húsrúm sé ekki látið ónotað, og það því fremur sem menntaskólarnir báðir, bæði á Akureyri og í Reykjavík, telja skóla og nemendum hag í því, að nemendur — eða einhverjir þeirra að minnsta kosti — komi sem yngstir í menntaskólana. Mun það tíðkast víða um heim og þykja heppilegt, að sá háttur sé á hafður, ef því verður við komið. Sem stendur mundi þetta einkum koma til greina í Menntaskólanum á Akureyri, þar sem verið er að reisa heimavistarhús, sem er vel við vöxt, eins og sjálfsagt var. Mun fjögurra ára menntaskóli ekki þurfa um sinn allt það rúm (fyrir 160—170), sem þar verður. Virðist eðlilegast, á meðan svo er, að húsrúmið sé notað fyrir miðskóladeild og þá einkum fyrir þá nemendur, er síðar hygðust stunda þar stúdentsnám.

Fylgiskjal.

Frá Menntaskólanum á Akureyri.

Menntaskólinn á Akureyri hefur oftar en einu sinni gert grein fyrir afstöðu sinni til miðskóladeildar í skólanum, og virðist ekki ástæða til að endurtaka það enn, sem þegar hefur verið margsagt. Þó eru nokkur atriði, sem enn skal vikið að.

Í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar efri deildar í fyrra stendur, að „Menntaskóli Akureyrar getur ekki nú sem stendur tekið við nærri því öllum þeim nemendum, sem óska eftir vist í heimavist skólans.“ Það er að vísu satt, að í fyrra varð að neita allmörgum nemendum um rúm í heimavist. En hér er aðeins sagður hálfur sannleikur, því að þess er látið ógetið, að í nýju heimavistinni bjuggu þá aðeins rúmir 30 nemendur af 160—170, sem þar eiga að rúmast í framtíðinni. Síðan hefur bætzt við heimavistarrúm. Og í þetta sinn skal það tekið skýrt fram, að allir þeir, sem sótt hafa um heimavist og réttindi hafa til náms í menntaskóla, hafa fengið rúm í heimavist skólans veturinn 1951—1952 og að auki 12 nemendur úr

miðskóladeild (2. bekk). Mun þó heimavistarrúmum enn fjölga um 30—40, þegar alflutt verður í heimavistina nýju. Það er því einsætt, að á næstu árum gerir heimavistin mun betur en anna þörfum menntadeildar.

Þá skal það enn fremur tekið fram, að Menntaskólinn á Akureyri hefur aldrei synjað neinum með landsprófsréttindi um skólavist og mun ekki þurfa þess fyrst um sinn, þó að það sé gefið í skyn í fyrrnefndu nefndaráliti. Skal sú fullyrðing studd tölulegum staðreyndum. Í skólanum hafa undanfarin ár verið 320—330 nemendur í 14 deildum. Reynslan af hinu nýja fyrirkomulagi er sú, að í hverjum landsprófs-árgangi verði 40—50 manns, sem hingað sækir, eða alls um 160—200 manns í fjögurra ára skóla, og yrðu það 8 bekkjardeildir í stað 14, sem verið hafa. Sér því hver heilvita maður, að það eru staðlausir stafir, að hér verði „fyrr en varir", eins og stendur í nefndarálitinu, farið að neita landsprófsnemendum um skólavist, þó að hér yrði miðskóladeild.

Í þessu sambandi er og vert að benda á, að það hlýtur að valda gífurlegu raski og erfiðleikum innbyrðis í skólanum, ef hann á skyndilega að minnka um meira en þriðjung, jafnvel allt að því um helming. Skólinn er gömul stofnun, sem hefur unnið að því að koma sér upp kennaraliði og miðað það við þá stærð, sem verið hefur á skólanum. Hafði Sigurður skólameistari unnið að því af sinni alkunnu forsjá og ötulleik. Þarf ekki skólafróða menn til að skilja, hvílík vandkvæði hljóta af því að stafa fyrir skólann, ef hér verður öllu kollvarpað. Er og vant að sjá, hvað við það vinnst menningarlega, að ein elzta menntastofnun þjóðarinnar sé tætt í sundur. Má vel svo fara, að skólinn missi sumt af sínu bezta starfsliði í slíku umróti. En á stað eins og Akureyri, er varla um að ræða menn, sem hægt er að grípa til við kennslu í viðlögum. Skólinn verður því að vera sjálfum sér nógur, en til þess að svo geti orðið, verður skólinn einnig að geta verið kennurum sínum nógur, þ. e. veitt þeim nægilegt verkefni, og til þess má hann ekki vera of lítill. Þetta var eitt af því, sem Sigurður skólameistari lagði mikla áherzlu á og skildi manna bezt af langri reynslu.

Þá er mikið um það talað, að óhæfa sé að kenna til miðskólaprófs á tveimur árum. Í áliti, er skólinn sendi frá sér í fyrra, var það tekið fram, að hvorki væri „æskilegt né heldur mögulegt", að allir lykju miðskólanámi á tveimur vetrum, en duglegum nemendum hefði hins vegar ekki orðið það ofraun. Skólanum er vel ljóst, að leiðin er hér vandrötuð. En felast ekki líka hættur í hinu, að láta gáfuð börn hafa of lítið að gera? Getur það ekki alið í þeim slæpingshátt, ef þau venjast því að fljóta bekk úr bekk án þess að þurfa nokkurn tíma að taka verulega á? Hvort tveggja ber að forðast, að nemendur hafi of mikið og of lítið að gera, og er vandi að þjóna báðum sjónarmiðum í senn. Því er það fremur kostur en galli, að skólarnir séu ekki allir eins.

Ed. 170. Frumvarp til laga [37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, sem kunna að setja heimili í hættu.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar, þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári.

Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar hluta ríkissjóðs til greiðslu á hallarekstri sveitarfélaganna. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til þess að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna, ber að greiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlagið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 171. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Orðin „og 1. marz og 1. júní 1952“ falli burt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:

Á árinu 1952 skal miða verðlagsuppbót til þeirra aðila, sem um getur í 1. gr., við vísitöluna eins og hún reynist 1. desember 1951. Skal á árinu 1952 greiða verðlagsuppbót á 50% þeirrar hækkunar á vísitölu, sem orðið hefur 1. desember frá því að lög nr. 22 1950 gengu í gildi.

Ed. 172. Frumvarp til laga [97. mál]

um skógræktardag skólafólks.

Flm.: Hannbal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er að kveðja hvern þann nemanda, pilt eða stúlku, sem ókeypis kennslu nýtur í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári, enda skipuleggi skógræktarstjóri starfið á hverjum stað, sjái fyrir hæfri verkstjórn, góðri vinnuaðstöðu og ákveði verkefni skógræktardagsins.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé jafnan að vorinu, áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóggræðslu, og má þá, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur löngum verið talið meðal gullaldareinkenna Íslands, að það var að fornu „viði vaxið milli fjalls og fjöru". Á sama hátt er það eitt ömurlegasta tákn niðurlægingar og hnignunar Íslendinga eftir margra alda einangrun og eymd, er landið var orðið blásið og bert — skógurinn eyddur af ágangi búpenings og upphöggvinn til eldsneytis fyrir landslýðinn. Það hefur svo orðið merkur þáttur íslenzkrar endurreisnar að hefja starf, er stefni að því marki að klæða landið skógi á ný. Þar er mikið starf fyrir höndum — sjálfsagt margra alda starf, þótt að því verði unnið af áhuga og eldmóði og ríflegar fjárhæðir árlega veittar úr ríkissjóði til verndar skógarleifa og til skóggræðslu í landinu.

Samkvæmt lögum um skógrækt frá 1940 er þetta markmið Skógræktar ríkisins:

Að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem í landinu eru.

Að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir.

Að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

Þessu þríþætta starfi stjórnar skógræktarstjóri ríkisins, og hefur hann sér til aðstoðar skógarverði, sem ráð er fyrir gert í lögum, að séu einn í hverjum landsfjórðungi. Skógræktarfélögin víðs vegar um landið eru svo einnig orðin virkir aðilar að þessu ræktunarstarfi.

Skógrækt ríkisins hefur þegar unnið merkilegt byrjunarstarf. Raunar má segja, að furðulegur árangur hafi þegar náðst í skógræktinni á nokkrum stöðum á landinu, og það sem mest er um vert: Trúin á það, að unnt sé að rækta nytjaskóg á Íslandi, er að verða almenn þjóðareign. Margir hafa þegar sýnt þessa trú í verki. Fjöldamargir einstaklingar í kaupstöðum landsins hafa komið upp trjágörðum við hús sín, og sann-

ast þar, að margar hendur vinna létt verk. Við nokkra sveitabæi eru líka til fagrir trjágarðar, og síðast en ekki sízt: Skógarleifar í námunda við nokkrar kaldranalegustu jökulbreiður Íslands, trjálundir og einstök tré á hinum ólíklegustu stöðum í öllum landshlutum hafa fært mönnum heim sanninn um, að í flestum byggðarlögum eru sæmileg skilyrði af nátturunnar hendi til trjáræktar og skóggræðslu.

Menn hafa vissulega öðlazt trú á málstaðinn, og áhugi á skógrækt er sem betur fer orðinn all almennur. En það, sem aðallega stendur stórstígum framförum í skógræktinni fyrir þrifum, er þekkingarskortur almennings. Meginþorri þjóðarinnar situr enn hjá og heldur að sér höndum í þessum málum, af því að þekkinguna á gróðursetningu og uppeldi trjáplantna skortir. Úr þessu er fljótlegast og bezt hægt að bæta með því að gera unga fólkið í skólum landsins þátttakanda í skógræktarstarfinu undir góðri stjórn sérfróðra manna.

Hér er lagt til, að Skógrækt ríkisins verði falin forusta þessa fræðslustarfs í samvinnu við skólana. Skógræktinni er ætlað að leggja fram verkstjórn, tryggja nauðsynlega vinnuaðstöðu og ráða verkefnavali. En hins vegar er þess vænzt, að æsku Íslands verði það ljúft verk að leggja fram krafta sína einn dag á ári, meðan náms er notið í ríkisskólum, í þjónustu þeirrar hugsjónar að klæða landið skógi og bæta þannig fyrir syndir feðranna á liðnum öldum.

Sé t. d. gert ráð fyrir því, að börn í tveimur efstu bekkjum barnaskólanna og allir nemendur við skyldunám á unglingastiginu inni þetta þegnskaparstarf af hendi, mundi Skógrækt ríkisins þar með fá nokkur þúsund dagsverk á ári unnin í þágu þessarar fögru hugsjónar, án annars endurgjalds en þess að leggja fram stjórnendur og leiðbeinendur við starfið.

Engin ástæða er þó til að ætla, að nemendur í miðskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum yrðu ekki einnig fúsir til að leggja fram krafta sína í þjónustu þessa máls, undir eins og Skógrækt ríkisins hefði sjálf nægilegt magn af trjáplöntum og nauðsynlegum fjölda hæfra og kunnandi stjórnenda og leiðbeinenda á að skipa.

Við því má búast, að Skógrækt ríkisins sjái sér ekki fært fyrst í stað að koma á skógræktardegi nema á nokkrum stöðum á landinu, enda er ákvæði 1. gr. um kvaðningu nemenda til skógræktarstarfa aðeins í heimildarformi. Meira máli skiptir, að þar, sem framkvæmd er hafin, sé það gert að undangengnum góðum viðbúnaði og við ákjósanleg skilyrði, en síðan sé framkvæmdin aukin frá ári til árs, þar til öll skólaæskan er orðin virkur þátttakandi í þeirri hugsjón að klæða landið.

Ekki er heldur til þess ætlazt, að allir nemendur í fjölmennum skóla þurfi endilega að fara til skógræktarþjónustunnar á einum og sama degi. Ef nauðsyn krefur, má alveg eins hugsa sér, að einn eða tveir bekkir taki sinn skógræktardag í þessari vikunni og aðrir bekkir skólans í þeirri næstu, eftir því sem aðstæður eru til framkvæmdarinnar.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að beina megi starfskröftum skólafólksins að fegrun og ræktun kringum opinberar byggingar, ef í því héraði eru ekki fyrir hendi ákjósanleg verkefni til skógræktarstarfa eða samkomulag hefur náðst við sveitarstjórn um að láta þessa fegrunarstarfsemi sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum verkefnum. Mun í engu héraði landsins skorta viðfangsefni af því tagi.

Ef vel tækist til um framkvæmd þessarar hugmyndar, að sjá öllu skólafólki landsins fyrir verkefni við skógræktarstörf einn dag á ári, öðlaðist öll þjóðin smám saman nokkra þekkingu á gróðursetningu og uppeldi trjáplantna, grisjun skóga og hirðingu trjágróðurs. Og ólíklegt er, að upp úr þeim jarðvegi spryttu ekki nýir og nýir áhugamenn, sem síðar helguðu tómstundir sínar að meira eða minna leyti hugsjón skógræktarinnar. Það er minnsta kosti von flutningsmannanna, að svo mundi reynast, og í því vænta þeir einmitt að höfuðgildi hugmyndarinnar um skógræktardaginn sé fólgið.

Fórnin, sem æskunni er með þessu ætlað að færa, verður engan veginn talin þungbær, nema hana skorti þá hvort tveggja í senn, ást á landi sínu og trú á framtíð þess. En í því efni er engin hætta á ferðum.

Ed. 173. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Er hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. nóv. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 174. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er borið fram í fjórða sinn á Alþingi. Það hefur fengið nokkuð óvenjulega meðferð á milli þinga, þar sem tvær milliþinganefndir, skipaðar af iðnaðarmálaráðherrum, hafa haft málið til meðferðar, og mun það eins dæmi, að ríkisstjórn sýni máli svo lítinn áhuga, sem hún þó annars skipar í milliþinganefnd, að vilja ekki sjá og taka afstöðu til álits nefndarinnar, heldur leggja fyrir hana að senda það beint til Alþingis.

Á síðasta þingi kom fram í málinu svo hljóðandi rökstudd dagskrá:

„Neðri deild Alþingis telur eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til styrktar upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi í þágu iðnaðarins, og mælir með því, að ríkisstjórnin setji fjárframlag í þessu skyni í frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár, ef slíkri starfsemi verður haldið uppi af félagssamtökum iðnaðarins. En með skírskotun til þess, að Alþingi hefur ekki sett lög um störf búnaðarmálastjóra og fiskimálastjóra, sem veita forstöðu þeim stofnunum, er annast upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnað og sjávarútveg, telur deildin ekki ástæðu til að setja lög um störf iðnaðarmálastjóra, sem félagssamtök iðnaðarins væntanlega ráða í sína þjónustu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Málið dagaði þá uppi, og aftur skipaði iðnaðarmálaráðherra nefnd í málið. Ekki flutti hæstv. stjórn þó málið á þingi nú, og ekki bað hún nefnd fyrir málið til flutnings, heldur flutti það enn á þingi sami hv. þingmaður og það hefur áður flutt. En hæstv. ríkisstjórn hefur orðið við því, sem mælt er með í dagskrártillögunni, og tekið upp í frumvarp til fjárlaga kr. 100000.00 í þessu skyni. Hins vegar er ekki vitað, að iðnaðarmenn hafi enn sameinað sig í eitt félag, eins og bændur og útgerðarmenn hafa gert. Sumir þeirra standa enn utan við þau félög, sem iðnaðarmenn annars standa að, eins og Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda o. s. frv. Enn vantar því frá hálfu iðnaðarmanna heildarskipulag í félagsskap þeirra, er nái til þeirra allra. Þetta hefur nefnd sú, er hæstv. ríkisstjórn skipaði 3. apríl 1951, fundið, og þess vegna leggur hún til, að komið verði á fót iðnaðarmálaskrifstofu, er vinni að því að auka afköst verksmiðjuiðnaðarins í landinu, og yfirstjórn þeirrar skrifstofu verði falin þriggja manna nefnd, er kallast iðnaðarmálaráð. Því ætlar hún að skipuleggja starfsemina í stórum dráttum. Starfsfé leggur hún til að það fái úr ríkissjóði, kr. 100000.00 árið 1952. Eftir þá reynslu, er fæst fyrsta árið, ætlast nefndin til, að iðn-

aðarmálaráð leggi fyrir ríkisstjórnina tillögur um framtíðarskipulag iðnaðarmálaskrifstofunnar.

Eftir að ríkisstjórnin hafði fengið þetta álit nefndarinnar, tekur hún áður nefndar kr. 100000.00 upp í fjárlög í þessu skyni og virðist því fallast á skoðun nefndarinnar.

Með bréfi 12. okt. 1951 var hinni síðari milliþinganefnd sent frumvarpið eins og það var lagt fyrir þetta þing og beðið um álit hennar á málinu, og er það prentað með áliti 1. minni hluta. Í því er nefndin enn á þeirri skoðun, að rétt sé nú að skipa iðnaðarmálaráð, en láta það svo um að skipuleggja starfið 1952 og vera það ár sem frjálsast með það, hvernig starfið verði framkvæmt. Væntanlega vona þeir þá, að á því ári heppnist að sameina að minnsta kosti alla iðnrekendur í eitt félag, sem þá sé þess umkomið að taka starfsemina upp á fastari grundvelli með fjárlagaframlagi frá ríkinu. 2. minni hluti iðnaðarnefndar fellst á þá skoðun milliþinganefndarinnar, að rétt sé, að nefnd sú, er skipuð verður af hæstv. ríkisstjórn til að veita iðnaðarmálaskrifstofunni forstöðu fyrsta árið, hafi sem frjálsastar hendur til að starfa, og leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin skipi nefnd, er starfræki iðnaðarmálaskrifstofu árið 1952 og veiti iðnrekendum þær tæknilegar leiðbeiningar, er þeir óska, og vinni annars að eflingu iðnrekstrar í landinu, og að til þessa starfs verði veitt fé á fjárlögum 1952, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. nóv. 1951.

Páll Zóphóníasson, frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.

Nd. 175. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er lagt fyrir þingið til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 26. sept. þ. á. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en telur rétt, að sú formsbreyting verði gerð á frv., að efni 2. og 3. gr. verði fellt í eina frumvarpsgrein. Það er því tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. grein orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. laga þessara.
2. 3. gr. falli burt.

Alþingi, 6. nóv. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ásgeir Ásgeirsson. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 176. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Síðasti málsl. 4. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo: Undanskildar sérleyfi og sérleyfisgjaldi skulu fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir og því um líkt.

Nd. 177. Breytingartillaga [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Framan við 1. gr. frv. komi:
B. 17 í 2. gr. laganna orðist svo:
Glitstaðavegur. Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland, Einifell, Veiðilæk, Svartagil að Glitstöðum.

Sþ. 178. Fyrirspurnir. [98. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stóreignaskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Hverju nemur álagður stóreignaskattur samkv. 12. gr. l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?
2. Hve miklu nemur skatturinn í Reykjavík, og á hve marga gjaldendur er hann lagður þar?
3. Hve mikið af skattinum hefur þegar verið innheimt og hve mikið greitt í skuldabréfum samkvæmt 12. gr. gengisskráningarlaganna?
4. Verður skrá yfir álagðan stóreignaskatt lögð fram?

II. Til landbúnaðarráðherra um útflutning og verðlag á dilkakjöti.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Hve miklar birgðir dilkakjöts og annars kindakjöts eru nú til í landinu?
2. Hvert er fob-verð dilkakjöts þess, sem selt hefur verið til Bandaríkjanna?
3. Hvert verður nettóverð til framleiðenda á því kjöti, sem selt hefur verið til Bandaríkjanna?
4. Hvaða nettóverð er áætlað að framleiðendur fái fyrir dilkakjöt, sem selt er innanlands samkv. verðlagsákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins á þessu hausti?
5. Hvað er greitt fyrir líflömb vegna fjárskipta á þessu hausti, miðað við kíló í lifandi þunga?

Nd. **179. Frumvarp til laga** [99. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm. Jón Pálmason.

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign, og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs, út á búpening 35% og út á verkfæri 30%. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 1 milljón króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu sem í öðrum deildum Búnaðarbankans. Innleggjendur eru ekki skyldir að telja þessi sparisjóðsinnlög fram til skatts eða neinnar gjaldaálagningar, og stjórn bankans er bannað að gefa upp nöfn innleggjenda eða upphæð innlánsfjár.

Verði þessi ákvæði afnumin með nýrri löggjöf, skal bankinn skyldur að greiða innlögin út innan 6 mánaða með 75% verðlagsuppbót.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Fyrr á tímum gátu ungir menn stofnað til búskapar með mjög lítið fé, ef þeir aðeins fengu jörð eða jarðarhluta til leigu. Fátækir menn ólu aldur sinn víða um land á afdala- og heiðajörðum, og margir þeirra björguðust ótrúlega vel. Þessir tímar eru löngu liðnir. Afdala- og heiðajarðirnar eru flestar komnar í eyði fyrir löngu. Fólkið hefur farið í kaupstaðina. Í sveitunum að öðru leyti hefur fólkinu fækkað mjög, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nú á tímum er aftur að verða vaxandi áhugi meðal ungra manna á því að hefja búskap. Aðsókn að nýbýlaaðstoð er mjög mikil og eftirspurn eftir byggðum jörðum hefur aukizt stórkostlega. En nú er af sem áður var. Nú er ekki hægt að byrja búskap með litlu stofnfé. Gildi peninganna er orðið lítið. Jarðir, búpeningur og verkfæri hefur allt margfaldazt í verði á fáum árum. Án verulegs lánsfjár er ekki unnt fátækum mönnum að byrja búskap, en þetta lánsfé er hvergi fáanlegt eins og nú er.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Þörfin fyrir framgang þess er ákaflega brýn og aðkallandi. Að því gæti orðið þýðingarmeiri og farsælli atvinnubót en atvinnubótavinna bæjanna og annars þess, er nú um skeið hefur verið stofnað til í óvissu. Segja má, að óvíst sé, að stofnlánadeildin fái fjármagn til að gegna sínu hlutverki, og ef það tekst ekki, þá verður árangurinn lítill. En mér þykir rétt, að gerð sé raunhæf tilraun með það, hver áhrif skattar og útsvör hafa á sparifjársöfnun í landinu. Reynslan ætti að skera úr um það á fáum árum, hvort þessi tilraun heppnast vel eða ekki. Verði breytt til aftur, eru sett nokkuð hörð viðurlög til tryggingar fyrir innleggjendur, og þótt bankanum sé ætlað að mæta afleiðingum af breyttri löggjöf í þessu efni, þá hlýtur ríkið sjálft, ef til kemur, að aðstoða bankann við það, enda er hann starfræktur á ábyrgð ríkisins.

Nd. 180. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærri en 12 af þúsundi“ í 1. gr. laganna komi: og ekki hærri en 16 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1947 var hámark álagningar vegna sýsluvegasjóða gegn tilskildu framlagi ríkissjóðs hækkað um 2‰ eða úr 10‰ í 12‰, og komu ákvæði þessi til framkvæmda þegar á því ári. Síðan þetta gerðist hafa þær einar breytingar orðið á framlagi ríkissjóðs, er leiðir af hækkuðu fasteignamati, aðallega vegna húsabygginga, en sú hækkun hefur hrokkið skammt til að mæta síhækkandi vegakostnaði síðustu ára. Í þessu sambandi má benda á, að á fjárlögum 1948 voru áætlaðar 9 millj. kr. til viðhalds og endurbóta á þjóðvegum, en nú leggur ríkisstjórnin til, að þessi liður verði áætlaður 17.5 millj. kr., og mun ekki of í lagt. Það þarf því engan að undra, þó að tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. lögunum frá 1947 hrökkvi ekki lengur, ekki einu sinni til vegaviðhalds, ef sæmilega væri fyrir því séð. Mörg hreppsfélög hafa af þessum ástæðum orðið að taka á sig þung gjöld til þess að þoka sýsluvegunum áfram. Með frv. er að því stefnt, að ríkissjóður taki sinn eðlilega þátt í þessu brautruðningsstarfi héraðanna og um leið verði leiðrétt það misræmi, er myndazt hefur á síðustu árum.

Ed. 181. Breytingartillaga [37. mál]

við frv. til l. um heimilishjálp í viðlögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. orðið „óviðráðanlegum“ í síðari málsl. falli niður.

Nd. 182. Frumvarp til laga [37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum, sem kunna að setja heimili í hættu.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar, þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári.

Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar hluta ríkissjóðs til greiðslu á hallarekstri sveitarfélaganna. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til þess að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna, ber að greiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlagið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 183. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Skúla Guðmundssyni og Andrési Eyjólfssyni.

1. Við 4. gr. Í stað „öryggisráðs“ komi: ráðuneytisins.
2. Við 8. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
3. Við 9. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
4. Við 10. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
5. Við 11. gr. Í stað „öryggisráðs“ komi: ráðuneytisins.
6. Við 24. gr.:
   a. Orðin „og öryggisráð“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Í stað „öryggisráðs“ í 4. málsgr. komi: ráðuneytisins.
   c. Orðin „öryggisráðs og“ í síðustu málsgr. falli burt.
7. Við 30. gr. Orðin „og öryggisráð“ í síðari málsgr. falli burt.
8. Við 32. gr. Á eftir orðinu „skulu“ bætist inn í greinina: að jafnaði.
9. Við 33. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
10. Við 34. gr. Orðin „í samráði við öryggisráð“ falli burt.
11. Við 36. gr.:
   a. Orðin „og öryggisráðs“ í 1. málsgr. falli burt.
   b. Síðasta málsgr. falli burt.
12. Við 37. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
13. Við 38. gr. Orðin „og öryggisráðs“ falli burt.
14. Við 39. gr. Orðin „og öryggisráð“ falli burt.
15. Við 42. gr. Orðin „í samráði við öryggisráð“ falli burt.
16. Við 43. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Öryggismálastjóri gerir útdrátt úr þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, og skal verkamönnum gert auðvelt að kynna sér efni þeirra.
17. Við 44. gr. Í stað „öryggisráð“ komi: öryggismálastjóra.
18. Við 45. gr. Í stað orðanna „skulu þeir velja“ í 1. málsgr. komi: er þeim heimilt að velja.
19. Við 47. gr. Í stað „öryggisráðs“ komi: ráðherra.
20. Við VII. kafla. Kaflinn (48.—49. gr) falli burt.
21. Við 50. gr.:
   a. Orðin „og öryggisráð“ í fyrri málsgr. falli burt.
   b. Í stað „öryggisráð“ í síðari málsgr. komi: öryggismálastjóra.

Nd. 184. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum. Hún hefur einnig fengið til viðtals iðnaðarmálaráðherra, skipaskoðunarstjóra og verksmiðjuskoðunarstjóra og rætt málið við þá.

Að þessari athugun lokinni leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkurri breytingu.

Öll nefndin leggur til, að á frumvarpinu verði gerð eftirfarandi

BREYTING:

Í stað 12.—15. gr. frv. komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum öryggismálastjóra [og öryggisráðs], reglur um ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum, verzlunarstöðum, skrifstofum, við fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga og við aðra starfsemi, eftir því sem ástæða þykir til. Í reglum þessum skulu m. a. sett fyrirmæli um stærð og fyrirkomulag húsnæðis þess, sem unnið er í, hitun þess, hreinlætisútbúnað og aðrar ráðstafanir, er gera þarf til verndar heilsu verkamanna.

Tveir nefndarmenn (SkG og AE) áskilja sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur og taka fram, að fylgi þeirra við frv. geti oltið á því, hvernig fer um þessar breytingartillögur.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Gunnar Thoroddsen, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Emil Jónsson, frsm.

Skúli Guðmundsson. Sigurður Guðnason.

Sþ. 185. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur enn á þessu þingi fengið til athugunar þáltill. þess efnis, að réttarrannsókn fari fram á slysum þeim, sem orðið hafa frá ársbyrjun 1948 á íslenzkum togurum.

Réttarrannsókn á að lögum að fara fram um öll óhöpp og slys, sem koma fyrir á sjó. Sjóprófin eru til þess að sannprófa þá atburði, sem átt hafa sér stað, og atvik þau, sem standa þar í sambandi og kunn eru eða sannast við prófin, þar á meðal orsakir slysanna, þegar hægt er að leiða þær í ljós.

Í framhaldi sjóprófanna getur hið opinbera eða jafnvel einstaklingar, sem teljast aðilar málsins, sótt til sakar þá eða þann, er valdur þykir að slysinu, ef ástæða þykir vera til þess.

Hins vegar eru fæstum slysum á sjó þann veg farið, að ástæða sé til sérstakrar saksóknar að afloknu sjóprófi, og virðist ekki ástæða til þess að fyrirskipa skilyrðislausa réttarrannsókn á öllum atburðum, er hér gæti um verið að ræða á því tímabili, sem þáltill. tekur yfir. Og ef í annan stað er athugaður tilgangur tillögunnar, sem upp er látinn, sem sé sá að gera ráðstafanir til að koma svo sem verða má í veg fyrir slík slys framvegis, þá getur rannsókn og nákvæm athugun, sem síðan er notuð til að byggja upp nýjar eða auknar reglur til að forða slysum, gert sama gagn og þótt um réttarrannsókn væri að ræða.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að gera verði það, sem unnt er til að grafast fyrir orsakir slysa á sjó, og reynt verði að fyrirbyggja slík slys svo sem unnt er og lærdómar fenginnar reynslu hafðir til ábendingar í því efni. Með þetta fyrir augum getur nefndin fallizt á að samþykkja það, sem hún telur að verði að skoða aðaltilgang tillögunnar

Nú er það vitað, að slys á veiðiskipum ná því miður eigi aðeins til togaranna. Þau koma því miður líka fyrir á vélbátum og eru t. d. alltíð á dragnótabátum í beinu sambandi við veiðiaðferðina. Ef unnt væri að koma þar eða annars staðar á öruggari

umbúnaði eða gera ráðstafanir til að draga úr slysahættunni á annan hátt að athuguðu máli, gæti ýtarleg rannsókn gert þar mikið gagn.

Með skírskotun til þess, er hér hefur sagt verið, leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega rannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenzkum togurum og öðrum veiðiskipum frá ársbyrjun 1948 og hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um öryggisráðstafanir á skipum skal ríkisstjórnin undirbúa og fá lögfest svo fljótt sem verða má ákvæði, sem tryggi svo sem auðið er öryggi skipverja gegn slysum.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á slysum á íslenzkum togurum og öðrum veiðiskipum.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. | Jón Gíslason, fundaskr. | Jón Sigurðsson.

Magnús Jónsson. | Stefán Jóh. Stefánsson. | Jörundur Brynjólfsson.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 186. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til laga um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ásamt breytingartillögu á þskj. 145, og mælir hún með því, að frumvarpið og breytingartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. | Jón Sigurðsson, fundaskr. | Jón Pálmason.

Andrés Eyjólfsson. | Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 187. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til laga um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til iðnaðarnefndar 1. þ. m., og var það tekið til umræðu á fundi nefndarinnar þann sama dag. Undirritaðir nefndarmenn lögðu þar til, að frv. yrði sent bankamálanefndinni, sem ríkisstjórnin hefur skipað og nú er að störfum, og til Landsbanka Íslands, til að leita álits þeirra aðila um málið. Á þetta vildi meiri hluti nefndarinnar ekki fallast, en samþykkti að mæla með frv., með smávægilegum breytingum, án frekari athugunar. En minni hlutinn sendi banka-

málanefndinni og bönkunum frumvarpið til umsagnar. Hafa nú borizt svör þessara aðila, og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Þegar fram koma tillögur um stofnun nýs banka og nokkurt ríkisframlag til hans, er ástæða til að virða fyrir sér ástand peningamálanna í landinu, íhuga þörfina fyrir nýja bankastofnun og hvert gagn mætti að henni verða fyrir einstakar greinar atvinnulífsins eða þjóðina í heild. Eftir þeim niðurstöðum, sem komizt verður að við gaumgæfilega athugun þessara mála, ætti að marka afstöðuna til þeirra tillagna, sem fyrir liggja. Kemur hér m. a. til athugunar, hvort þær peningastofnanir, sem fyrir eru í landinu, geti annað þeim verkefnum, sem slíkar stofnanir eiga að sinna. Fjöldi banka og sparisjóða þarf að miðast við þarfir atvinnu- og viðskiptalífsins. Sé vöntun á peningabúðum, getur það staðið heilbrigðum atvinnurekstri fyrir þrifum, en séu þær fleiri en þörf krefur, er með því lagður óþarfur skattur á viðskiptamenn peningastofnananna.

Mjög er nú um það rætt, að lánsfé skorti til ýmissa framkvæmda og atvinnurekstrar. Fjármagn vantar til bygginga, rafvirkjunarframkvæmda, stofnunar atvinnufyrirtækja o. fl., og munu því margir mæla, að fremur vanti nú peninga en fleiri stofnanir til að annast peningaviðskipti. Og ekki verður séð, að bætt verði úr lánsfjárskortinum að sinni með samþykkt þessa frv. um stofnun nýs banka.

Fyrir skömmu var frá því skýrt í skýrslu frá Landsbanka Íslands, að bankarnir hefðu samtals um 80 millj. kr. í útlánum hjá iðnaðinum. Þar með voru þó ekki talin lán til síldarverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, hraðfrystihúsa og annarra iðnfyrirtækja sjávarútvegsins. En auk bankanna þriggja, sem hafa aðalstöðvar sínar í Reykjavík, er þar starfandi sparisjóður, sem nefnist Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Aðalstofnendur hans voru iðnaðarmenn í borginni, og forgöngumenn í iðnaðarmálum eru áhrifamenn í stjórn sjóðsins. Má því gera ráð fyrir, að sparisjóðurinn hafi að einhverju leyti bætt úr lánaþörf iðnaðarins, en innlánsfé hans var um síðustu áramót rúml. 20 millj. króna. Það er fyrirsjáanlegt, að þó að iðnaðarbankinn verði nú stofnaður, mun hann fyrst um sinn ekki geta veitt svipað því eins mikið lánsfé til iðnaðarins og bankarnir gera nú. Gæti þá svo farið, að iðnaðurinn væri sízt betur settur en nú um öflun lánsfjár, ef dregið yrði að mun úr lánveitingum hinna bankanna til hans, eftir að iðnaðarbankinn væri stofnaður.

Í umræðum um þetta mál er því m. a. haldið fram, að iðnaðurinn þurfi að hafa sérstaka bankastofnun eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Við þetta er það að athuga, að þó að hér séu til bankar, sem nefnast Útvegsbanki og Búnaðarbanki, er starfsemi þeirra alls ekki einskorðuð við sjávarútveg og landbúnað. Í lögum um Útvegsbanka Íslands h/f er svo ákveðið um verksvið hans, að hann skuli styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna, og mun starfsemi bankans ætíð hafa verið miðuð við þetta. Útvegsbankinn er því ekki sérstofnun fyrir sjávarútveginn, eins og nafn hans bendir til, heldur er hann jafnframt iðnaðar- og verzlunarbanki. Og um Búnaðarbankann er það að segja, að starfsemi hans er alls ekki einskorðuð við landbúnaðinn. Hér eru því ekki til bankastofnanir, sem eingöngu skipta við sjávarútveg og landbúnað. Um Landsbankann er það kunnugt, að hann lánar jöfnum höndum fé til sjávarútvegs, iðnaðar og verzlunar. Aðstaða iðnaðarins til öflunar rekstarlána er því svipuð og annarra atvinnuvega. En þörf iðnaðarins fyrir meira fé til stofnlána væri hægt að mæta, ef fjármagn til þess væri fáanlegt, án þess að stofna nýjan banka, t. d. með eflingu iðnlánasjóðsins.

Félög iðnaðarmanna hafa borið fram kröfur um stofnun iðnaðarbankans. Minni hluti iðnaðarnefndar litur svo á, að skylt sé að athuga mál þetta sem vandlegast, og ef sú athugun sýnir, að stofnun bankans sé þörf og gagnleg ráðstöfun til eflingar iðnaðinum, sé rétt að stíga það skref. En eins og áður er að vikið, vinnur nú stjórnskipuð nefnd að athugun bankamálanna, og hefur hún m. a. það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag lánveitinga til atvinnuveganna, þ. á m. iðnaðarins. Minni hl. telur því sjálfsagt að fresta ákvörðun um stofnun iðnaðarbankans þar til bankamálanefndin hefur skilað áliti um þessi mál. Verður ekki heldur séð, að sú frestun

á afgreiðslu málsins valdi iðnaðinum tjóni, þar sem sú fjárhæð, sem frv. gerir ráð fyrir að ríkið leggi til bankans mun verða lögð fram til iðnaðarlána þegar á þessu ári, eins fyrir því þó að nýr banki verði ekki stofnaður að svo stöddu.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að athugun bankamálanna og hefur m. a. það verkefni að gera tillögur um lánveitingar til iðnaðarins, telur deildin rétt að fresta ákvörðun um það, hvort stofna skuli sérstakan iðnaðarbanka, þar til álit og tillögur bankamálanefndarinnar liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Skúli Guðmundsson, frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 2. nóvember 1951.

Til minni hluta iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.
Hr. Skúli Guðmundsson, alþingismaður.

Bankamálanefnd hefur móttekið bréf yðar, dags. 1. þ. m. Bréfið hefur verið rætt á tveim fundum nefndarinnar og þar samþykkt að svara því á þann hátt, sem hér fer á eftir:

Annað aðalverkefni bankamálanefndar er: „að gera athugun og tillögur um myndun lánsstofnunar, er veiti fé til fjárfestingar í sambandi við atvinnuvegina". Í fyrstu grein frumvarpsins um Iðnaðarbanka Íslands h/f segir, að bankinn skuli sérstaklega hafa að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu. Bankanum virðist því ætlað að lána fé til hinna ýmsu þarfa iðnaðarins, þ. e. bæði til rekstrar og fjárfestingar. Nefndin er þeirrar skoðunar, meðal annars af þessari ástæðu, að frumvarpið um Iðnaðarbanka Íslands h/f fjalli um mál, sem er innan verksviðs nefndarinnar.

Þetta sjónarmið kemur enn skýrar fram í bréfi frá samtökum iðnaðarins (F. Í. I. og L. Í.) til bankamálanefndar, dags. 19. sept. 1951. Bréfið hefur verið birt í „Íslenzkum iðnaði". Segir svo í niðurstöðum bréfsins: „Þau (samtök iðnaðarins) geta ekki að svo komnu, mælt með myndun sérstakrar lánsstofnunar, er hafi það viðfangsefni að veita fé til fjárfestingar í sambandi við alla atvinnuvegina". Með frumvarpinu um Iðnaðarbanka Íslands á því að leysa verkefni, sem bankamálanefndinni hefur verið falið að undirbúa.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, álítur nefndin ekki heppilegt eða tímabært, að Alþingi samþykki frumvarp um stofnun Iðnaðarbanka, áður nefndin hefur skilað áliti. Nefndin er þeirrar skoðunar, að afgreiðslu málsins á Alþingi beri því að fresta, enda mundi slíkt vera í samræmi við rökstudda dagskrá, sem fram var borin í fyrra, en með henni var meðferð málsins lokið að því sinni.

Virðingarfyllst,
f. h. bankamálanefndar.
Benjamín Eiríksson.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 7. nóvember 1951.

Með bréfi, dags. 2. þ. m., sendi minni hluti hæstvirtrar iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis oss til umsagnar frumvarp til laga um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f á þingskjali 137.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að aðalhlutverk bankans verði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu. Stofnfé bankans skal samkvæmt frumvarpinu nema allt að 6 millj. króna.

Það verður ekki séð af nefndu frumvarpi, hvaðan fyrirhuguðum banka er ætlað að fá viðbótarfé til útlána til iðnaðar. Er ósennilegt, að forgöngumenn þessa máls telji líklegt, að einar 6 millj. króna geti orðið að verulegu liði.

Ef nýjum banka tekst að ná inn verulegri fjárhæð í nýju sparifé, mundi það fé að sjálfsögðu koma að miklum notum fyrir viðskiptalífið og þá væntanlega sérstaklega fyrir iðnaðinn, en eins og sakir standa nú er því miður ekkert sem bendir til þess, að slíkir möguleikar séu fyrir hendi. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að nýr banki gæti aflað nokkurs sparifjár, sem tekið yrði úr öðrum lánsstofnunum, en slíkt mundi að sjálfsögðu þýða það, að hinar sömu stofnanir yrðu að daga úr útlánum sínum að sama skapi sem sparifé þeirra minnkar.

Höfuðröksemdir forgöngumanna málsins eru þær, að iðnaðurinn sé afskiptur að lánsfé miðað við aðra atvinnuvegi. Um slíkt má deila, en erfitt mun að færa fram sönnur fyrir því.

Forgöngumenn iðnaðarmála hér í Reykjavík stofnuðu árið 1932 Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Þessi stofnun hefur nú yfir 20 millj. króna sparifé, og er ekki ólíklegt, að eitthvað af útlánum sparisjóðsins sé til iðnaðar, eða geti orðið varið til þess, þegar á það er litið, hverjir stóðu að stofnun sparisjóðsins.

Einnig má benda á, að ef ríkissjóður eða aðrir aðilar hafa nýtt fé fram að leggja, þá virðist liggja beinast við, að slíkt fé renni í Iðnlánasjóð Íslands.

Vér leggjum eindregið gegn því, að umrætt frumvarp verði samþykkt á þessu þingi. Nú stendur yfir endurskoðun á bankakerfi landsins — m. a. ráðagerð um að stofna nýjan fasteignabanka. Virðist því algerlega ótímabært að setja á stofn nýjan banka áður en slík athugun hefur farið fram, og það því fremur sem litlar líkur benda til, að sá banki gæti annað því hlutverki, sem forgöngumenn málsins ætlast til, eins og lauslega er bent á hér að framan.

Vér höfum rætt mál þetta við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og hafa þeir tjáð sig samþykka umsögn vorri.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands.

Jón Árnason. Jón G. Maríasson. Gunnar Viðar.

Nd. 188. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá meiri hl. varnarsamningsnefndar.

Að aflokinni síðustu heimsstyrjöld vonaði og þráði meginhluti mannkynsins, að koma mundi langvarandi friðartímabil. Í trausti þess og því til styrktar voru samtök Sameinuðu þjóðanna stofnuð. Þjóðir Bandaríkjanna og Bretlands sýndu og trú sína um frið í verki. Þær tóku þegar að afvopnast, og herstyrkur þessara stórvelda varð bráðlega aðeins rúmlega tíundi hluti af því, er þær höfðu haft í stríðslok. En Sovét-Rússland hegðaði sér á aðra lund. Þar voru 4 milljónir manna áfram hafðar undir vopnum, eða um helmingi meiri her en samanlagt var um þær mundir í Bretlandi og Bandaríkjunum. Og samtímis gerði Sovét-Rússland Rúmeníu, Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu að leppríkjum sínum og studdi þar að hervæðingu, sem bráð-

lega varð raunverulega hluti af her Rússlands og undir þess stjórn. Þannig myndaðist hin geigvænlega austurblökk, grá fyrir járnum og ógnandi, það varð upphaf hinna ótryggu tíma.

En það var ekki einungis á hernaðarsviðinu, heldur einnig á sviði fjármála og efnahagslegrar endurreisnar, sem Sovét-Rússland blés í herlúðurinn. Kommúnistar sögðu Marshalláætluninni og samtökum Vestur-Evrópulandanna um fjárhagslega viðreisn stríð á hendur. Og í febrúar 1948 stóð Rússland með fimmtu herdeild sinni fyrir stjórnlagarofi og undirokun Tékkóslóvakíu.

Allt þetta varð til þess að vara vestrænar lýðræðisþjóðir við ógnandi hættum úr austri. Mánuði eftir hin dapurlegu örlög Tékkóslóvakíu var stofnað hið vestræna varnarbandalag Englands, Frakklands, Hollands, Belgíu og Luxemburg. Og ári síðar, eða vorið 1949, var Norður-Atlantshafsbandalagið sett á laggirnar. Það var neyðarvörn vegna ógnandi ofstækisathafna hins kommúnistiska heims. Og eins og í inngangsorðum sáttmála þess segir höfðu aðilar að Atlantshafsbandalaginu „ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis."

Ísland gerðist, eins og alkunnugt er, aðili að þessu varnarbandalagi, þar sem það með réttu taldi, ef illa færi, sér betur borgið innan bandalagsins en utan. Til stuðnings aðild Íslands að bandalaginu voru með réttu færð fram þau rök, hversu háttað væri legu landsins og hvaða reynsla hefði fengizt af síðustu heimsstyrjöld um örlög þeirra þjóða, er voru varnarlausar, en höfðu haft oftrú á hlutleysi og ekki heldur höfðu áttað sig til fulls á einkennum einræðis- og ofbeldisríkjanna, sem einskis svífast og fótumtroða frekast og fyrst hina varnarlausu. En af hálfu Íslands var því yfir lýst við inngöngu í bandalagið, að Íslendingar hefðu engan her sjálfir landinu til varnar og mundu ekki leyfa her annarra bandalagsþjóða landsetu, nema þeir sjálfir teldu ástandið svo ófriðvænlegt, að ekki væri viðunandi af hafa landið óvarið.

Íslendingar gerðu sér það einnig alveg ljóst, að það var fjarri öllum sanni, að Atlantshafsbandalagið hefði árásir á önnur lönd í huga. Ef nokkur skynsamleg ástæða hefði verið til þess að ætla það, mundi Ísland aldrei hafa gengið í bandalagið. Ef það kæmi fyrir, sem útilokað má telja. að eitthvert ríki bandalagsins réðist að fyrra bragði á annað ríki, hefðu hin aðildarríkin enga skyldu til aðstoðar. En ef hins vegar væri ráðizt á eitthvert aðildarríkið, hafa hin skyldu til þess að koma því tafarlaust til aðstoðar. Er það orðað þannig í sáttmálanum: „Ef vopnuð árás er gerð á eitt aðildarríkið, skoðast það sem árás á þau öll." Með þessu móti tryggði Ísland sér, ef á það væri ráðizt, tafarlausa aðstoð hinna aðildarríkjanna.

Það dylst engum, sem opin hefur augu og nokkuð fylgist með ástandi heimsmálanna, að á síðustu tímum hafa viðsjár mjög aukizt á alþjóðavettvangi. Átökin í Kóreu og í Þýzkalandi og Balkanmálunum, svo að nokkur dæmi séu nefnd, eru þar óræk vitni. Það þarf því engan að undra, þó að menn, og þá Íslendingar eins og aðrir, óttist það, að til alvarlegra átaka og víðtækra vopnaviðskipta gæti komið þegar minnst vonum varði. Þessi ótti hefur um skeið verið víða ráðandi og sannarlega ekki að ástæðulausu.

Af þessum ástæðum hófust á síðastliðnum vetri viðræður innan Atlantshafsbandalagsins um varnarleysi Íslands. Gerðu menn sér mjög ljóst, og ekki sízt þeir Íslendingar, sem láta sér annt um öryggi og frelsi lands síns, að hæpið mundi að láta við svo búið standa. Það er alkunnugt, að ofbeldis- og árásaröflin leita þar helzt á, sem varnirnar eru veikastar. Hættan gat verið á næsta leiti. Og þó að það væri vissulega mikils um vert að eiga vísa aðstoð, ef á Ísland væri ráðizt, þá var þó enn og stórum mikilsverðara að hindra það, að til árásar kæmi. En auðsætt var, að það yrði frekast með því gert að koma vörnum við á Íslandi án mikilla tafa, er gætu leitt til þess, að freistingin til árása á landið yrði minni. Og þar sem Íslendingar sjálfir hvorki gátu né vildu vígbúast, var ekki annað fyrir hendi en hefja samninga við hin ríki Atlantshafsbandalagsins um varnir Íslands.

Með þessum ríku rökum hófust samningar á milli Bandaríkjanna af hálfu Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Íslands hins vegar. Þeim samningum lauk á

þá lund, að Bandaríkin tækju að sér varnir Íslands. Þessi samningur var undirritaður 5. maí s. l. og er nú lagður fyrir Alþingi til endanlegrar samþykktar.

Þess er einnig rétt að geta í því sambandi, að þingmenn allra lýðræðisflokkanna þriggja athuguðu samninginn rækilega, áður en frá honum var endanlega gengið, og samþykktu hann allir undantekningarlaust.

Í upphafi þessa samnings á þskj. 17 eru tilgreind þrjú ómótmælanleg höfuðrök fyrir því, að hann sé gerður. Í fyrsta lagi, að Íslendingar geti ekki sjálfir varið land sitt. Í annan stað hafi reynslan sýnt, að varnarleysi lands stofni öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða. Og í þriðja lagi, að tvísýnt sé um alþjóðamál. Þetta eru vissulega allt ótvíræðar staðreyndir. Friðsömum þjóðum er það án efa ekkert keppikefli í sjálfu sér að leggja á sig þungar fórnir og mikil óþægindi til þess að efla og auka hervarnir sínar. En þessar þjóðir setja frelsið og öryggið ofar fjárútlátum og margs konar vandkvæðum, sem óhjákvæmilega hljóta að sigla í kjölfar öflugra hervarna.

Nágrannaþjóðirnar á Norðurlöndum hika ekki við að verja of fjár til hervarna og margs konar öryggisráðstafana gegn árásum og að taka blóma æsku sinnar í herinn. Þetta eiga þær við að stríða, en það aftrar þeim þó hvergi.

Til varnar á Íslandi verða að dveljast erlendir hermenn hér á landi. Þeir eru frá vinveittri þjóð, sem þekkt er að góðum og drengilegum skiptum við Íslendinga og margs konar aðstoð í vandkvæðum. En þó er dvöl hermannanna, sem koma samkvæmt frjálsum samningi og ósk Íslendinga, mönnum nokkuð áhyggjuefni og hlýtur að hafa í för með sér ýmis vandamál. Hafa Íslendingar þar reynslu að baki, sem margt má af læra og sitthvað til varnaðar. En allt gekk það í síðustu styrjöld þó furðu árekstralítið, þó að um fjölmennan her væri að ræða. Og þrátt fyrir þessi ómótmælanlegu óþægindi og nokkra áhættu verða Íslendingar að sætta sig við þetta hlutskipti, og ætti það sízt, ef vel og viturlega og með gagnkvæmri sanngirni er haldið á málum af báðum aðilum, að verða meiri fórnir né þungbærari en þær, sem aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins leggja nú á sig í viðbúnaði varna og til öryggis frelsi sínu. Og það ætti að vera vanmat á eðli, þroska og sjálfsvirðingu íslenzku þjóðarinnar, að hún kæmist ekki klakklaust gegnum slíka sambúð á takmörkuðu tímabili. Hefði það og verið með öllu óhæfilegt og ábyrgðarlaust, ef Íslendingar hefðu alveg látið skeika að sköpuðu, hver verða kynnu örlög lands og þjóðar, ef til styrjaldar kæmi. Hefði Ísland þá verið eina óvarða landið í Norður-Atlantshafsbandalaginu, en um leið hernaðarlega mikilvægt og mikil hætta á því, að varnarlaust landið í upphafi styrjaldar gæti þá þegar orðið að vígvelli. Varnarliðið í landinu sjálfu, áður en til átaka kæmi, gæti forðað Íslandi frá voveiflegum örlögum.

Um samning þann, er hér liggur fyrir Alþingi til staðfestingar, má það sama segja og um Atlantshafssáttmálann yfirleitt. Hvort tveggja er einungis gert til varnar. Það eru höfuðatriði málsins, sem aldrei má gleyma og sérstaklega ber að undirstrika. Með varnarsamningnum er alls ekki samið um neinn þann viðbúnað, sem til þess væri ætlaður að gera héðan hernaðarárásir á önnur lönd. Var þetta sérstaklega fram tekið í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem birt var samtímis samningnum. Engri þjóð á að stafa árásarhætta af þeim viðbúnaði, sem hefur verið gerður og gera á.

Almenningur um allan hinn vestræna heim þráir frið, og Íslendinga og Norðurlandaþjóðirnar yfirleitt má óhætt telja friðsömustu þjóðir veraldar. Einmitt þess vegna hefur hinn vestræni heimur bundizt samtökum Atlantshafsbandalagsins. Tilgangur þess er varðveizla friðar. Allir sannir Íslendingar vona það og óska þess af einlægum hug, að sá tilgangur takist og unnt verði að varðveita friðinn. Og einmitt með þetta fyrir augum leggur meiri hl. varnarsamningsnefndar það eindregið til, að Alþingi samþykki frumvarpið.

Meiri hl. nefndarinnar sér ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að viðbæti varnarsamningsins sjálfs um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Aðeins vill hann benda á það höfuðatriði í niðurlagi 5. gr. samningsins, þar sem stendur:

„Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum.“ Þetta er hinn rauði þráður, er einkenna á samningsgerð þessa.

Gísli Guðmundsson tekur fram, að hann mæli með frumvarpinu, en hafi viljað breyta orðalagi á nokkrum köflum í nefndarálitinu.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Pétur Ottesen, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.

Jóhann Hafstein.

Ed. 189. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. bætist nýr málsliður: Nú eru þessir embættismenn ekki allir starfandi á stað, þar sem ástæða þykir til loftvarna eða annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum tilnefna menn í þeirra stað, er lögreglustjóri skipar síðan til starfsins.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson.

Páll Zóphóníasson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 190. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd skal kjósa 3 af nefndarmönnum með hlutfallskosningu og jafnmarga til vara,

er séu ríkisstjórninni til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að milli lýðræðisflokkanna og kommúnista er staðfest djúp varðandi stefnu Íslendinga í utanríkismálum. Lýðræðisflokkarnir telja sér því ekki fært, vegna öryggis þjóðarinnar, að kveðja kommúnista til ráða um ákvarðanir í ýmsum atriðum á þessu mikilvæga sviði þjóðmálanna. Er frumvarp þetta flutt í því skyni að veita ríkisstjórninni kost á því að ráðfæra sig, jafnt milli þinga sem á þingtíma, við þá, sem þingið sérstaklega hefur kosið til þess að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í mikilvægum ákvörðunum í þessum efnum, án þess að neyðast til þess að sýna kommúnistum óverðskuldaðan trúnað. Eftir sem áður hafa kommúnistar þau áhrif á meðferð utanríkismálanna á þingi, þ. á m. í utanríkismálanefnd, sem þeir samkvæmt þingfylgi sínu eiga kröfu á.

Nd. 191. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl.

Frá Emil Jónssyni.

Við 1. gr. Orðin „í húsum, er húseigandi býr sjálfur í“ í 1. málsgr. falli niður.

Ed. 192. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 8. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson.
	Steingrímur Aðalsteinsson.	

Ed. 193. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fengið þetta frv. til meðferðar, sem er staðfesting á bráðabirgðalögum frá 6. júlí þ. á. Ástæðan fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna er talin sú, að skuldaskilasjóði hafi reynzt ókleift að afla fjár af eigin rammleik til innlausnar sjóveðskröfum á bátum þeim, er skuldaskila leituðu. Hafi því ríkisstjórnin þurft heimild til að taka allt að 7.5 millj. kr. lán til að endurlána skuldaskilasjóði í þessu skyni.

Taldi meiri hl. nefndarinnar rétt að mæla með því eftir atvikum, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Nd. 194. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.

Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk heilbrigðismálastjórnarinnar, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð, sem samin er af oddvita Höfðahrepps:

„Með skírskotun til meðfylgjandi bréfs, viljum vér leyfa oss að gera nánari grein fyrir þeim aðstæðum, sem eru þess valdandi, að vér óskum eftir skiptingu læknishéraðsins.

Í fyrsta lagi hefur Höfðakaupstaður þá sérstöðu, að þar er nú komin nokkurn veginn fullkomin höfn, sem næstum allar skipakomur eru til með vöruflutninga

frá og til Austur-Húnavatnssýslu, og enn fremur kemur þangað mikill fjöldi skipa, sérstaklega á sumrin og raunar alla tíma árs. Getur þá oft borið til, að skip hafi meðferðis slasaðan mann, sem koma þarf í skyndi til læknisaðgerðar.

Á sumrin er að vísu auðvelt að komast til Blönduóss, en á vetrum er það suma tíma með öllu ógerlegt og í flestum tilfellum mjög erfitt á þeim tímum. Er því hin mesta nauðsyn á lækni búsettum í Höfðakaupstað af þessum ástæðum.

Þá er einnig um að ræða síldarbræðslu hér á staðnum, sem vel geta orðið umfangsmikil störf við, en jafnframt slysahætta.

Auk þessa eru svo heimilisfastir íbúar í Höfðahreppi alls 620 samkvæmt síðasta manntali og þess vegna augljóst, að þörf læknis þar er mjög mikil og hefur vaxið að sama skapi sem fólki hefur fjölgað.

Skagahreppur hefur um 160 íbúa; hann er mikill að víðáttu, ca. 50 km strandlengja, sem nær alla leið norður á Skagatá. Ferðalög um þennan hrepp eru erfið alla tíma árs og þó alveg sérstaklega að vetrarlagi, því að þá er suma tíma með öllu ógerlegt að ná til læknis, sem búsettur er á Blönduósi, þegar hríðar eru miklar og ófærð, sem oft vill verða. Væri leiðin stytt um helming fyrir mestan hluta þessa hrepps, ef hann ætti kost á að sækja til læknis í Höfðakaupstað, sem þá að sjálfsögðu yrði samlagslæknir hreppsins.

Um Vindhælishrepp má segja, að mikill hluti íbúa hans mundi vilja sækja til læknis, sem búsettur væri í Höfðakaupstað, og hafa hann fyrir samlagslækni sinn.

Þá virðist ástæða að geta þess, að fyllstu líkur benda til, að íbúar í norðurhluta Skefilsstaðahrepps mundu í mörgum tilfellum telja hagkvæmara að sækja til læknis í Höfðakaupstað, með því að leiðin þangað er mun styttri og í mörgum tilfellum greiðfærari en til Sauðárkróks.

Sérstök ástæða er að taka fram, að ríkið á hús í Höfðakaupstað, svokallað Sænska-hús, sem er stórt og rúmgott og mundi með litlum eða engum tilkostnaði vera ákjósanlegur læknisbústaður.

Þess skal getið, að Páll V. G. Kolka héraðslæknir hefur gefið kost á að hafa aðstoðarlækni, sem dveldi í Höfðakaupstað, þó með því skilyrði, að hann gæti eftir þörfum gripið til hans og enn fremur að læknir þessi mætti leysa af læknana á Hvammstanga og Hólmavík og jafnvel á Sauðárkróki. Þessi ráðstöfun mundi allsendis ónóg, því að læknirinn mundi ekki verða til staðar í Höfðakaupstað langan tíma af sumrinu og ekki heldur suma tíma vetrarins.

Þá leggjum vér jafnframt ríka áherzlu á að geta fengið læknishéraðinu skipt vegna hins mikla kostnaðar, sem nú hvílir á sjúkrasamlögunum með þátttöku í sjúkraflutningum og sjúkravitjunum, sem að sjálfsögðu takmörkuðust mjög við hina hugsuðu breytingu, ef hún næði fram að ganga, og er þá gert ráð fyrir, að læknir í Höfðakaupstað hefði lyfsöluleyfi, svo að ekki þyrfti að vitja þeirra nauðsynja á annan stað.

Að síðustu viljum vér taka skýrt fram, að á bak við umsókn um skiptingu læknishéraðsins liggur ekki sú hugsun að slíta við það öll tengsl. Þvert á móti. Allir hreppar-nir, sem hér um ræðir, hafa skuldbundið sig til að leggja fram ákveðna fjárhæð í byggingu héraðshælisins á Blönduósi til þess að tryggja byggingu þess fyrir héraðið í heild og jafnframt til þess að vér getum átt þar athvarf fyrir sjúklinga, því að ljóst er, að í náinni framtíð verður ekki rekið sjúkrahús í Höfðakaupstað öðruvísi en til þess eins að gera þar að minni háttar sjúkdómstilfellum.

Vér treystum, að hæstvirt heilbrigðismálastjórn líti með velvild og fullum skilningi á brýnar þarfir vorar í þessum efnum og láti flytja málið sem stjórnarfrumvarp, svo að það nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi."

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIR

22. október 1951.

Um stofnun nýs læknishéraðs fyrir Höfðakaupstað og nágrenni.

Hér með aftur bréf oddvitans í Höfðakaupstað, dags. 3. þ. m., ásamt fylgiskjölum, þar sem bornar eru fram óskir Skagstrendinga um stofnun nýs læknishéraðs fyrir Höfðakaupstað og nágrenni. Nágrenni það, sem um ræðir, er fyrst og fremst Höfðahreppur utan kauptúnsins og Skagahreppur, en samkvæmt skjölunum var á huldu, hvort íbúar Vindhælishrepps óskuðu að teljast til hins nýja héraðs eða ekki. Til að taka af tvímæli um það, bar ég málið undir oddvita Vindhælishrepps, sem svaraði með bréfi, dags. 18. þ. m., er hér með fylgir í eftirriti. Er niðurstaðan sú, að einungis 3 eða 4 bæir í Vindhælishreppi mundu telja sér hagkvæmari læknissókn til Höfðakaupstaðar en til Blönduóss.

Þó að ekki væri nema um tvo hreppa að ræða, er gengju til hins nýja héraðs, Höfðahrepp og Skagahrepp, yrði íbúatala héraðsins samkvæmt manntali um síðustu áramót, er hagstofan hefur látið mér í té, 764 manns og þar af í þéttbýli, þ. e. í Höfðakaupstað, 570 manns. Eru a. m. k. 9 læknishéruð landsins fámennari, og sum svo að miklu nemur, og á 3 héruðum öðrum munar minnstu um fólksfjölda, þó að litlu einu séu fjölmennari, en æðimörg þessara héraða drjúgum betur sett með tilliti til þess að ná til næsta læknis, annars en héraðslæknis síns. Þó að þessir tveir hreppar gengju undan Blönduóshéraði, yrði það enn vænt hérað (1450 íbúar) og starfssvið læknis þar kappnóg, einkum þar sem gera má ráð fyrir, að á hans höndum hvíli sjúkrahúslæknisstörf fyrir bæði héruðin. Eftir þeirri stefnu, sem Alþingi hefur margsýnt, að það vill fylgja um læknaskipun í landinu, hagar því hér svo til, að ekki virðist verða staðið gegn kröfunni um stofnun þessa nýja héraðs. Er nú og svo komið, að héraðslæknirinn á Blönduósi telur sig þurfa að hafa aðstoðarlækni á ríkislaunum vegna Höfðakaupstaðar, enda gerir ráð fyrir því, að aðstoðarlæknirinn sitji þar, a. m. k. yfir veturinn. Verður sýnilega ekki til lengdar numið staðar við þá skipun, enda kemur í líkan stað niður fyrir ríkissjóð hvað launagreiðslur snertir, hvort aðstoðarlækni er greitt eða sjálfstæðum héraðslækni. Hins vegar er því ekki að leyna, að stofnun héraðslæknisembættis fylgir þá og þegar sú kvöð að veita tilskilinn styrk til læknisbústaðar.

Í samræmi við það, er að framan segir, hef ég tekið saman hjálagt frumvarp um stofnun umrædds læknishéraðs. Varðandi Vindhælishrepp hef ég kosið að leysa málið þannig að gera íbúum hreppsins utan Hafursstaðaár þess jafnan kost að vitja læknis til Höfðakaupstaðar og Blönduóss, og eru ýmis fordæmi fyrir slíku í læknaskipunarlögunum. En jafnan fer betur á því, að hreppum sé að öðru leyti ekki skipt á milli læknishéraða.

Vilm. Jónsson.

Sþ. 195. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um ræðuritun á Alþingi.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Hannibal Valdimarsson, Jóhann Jósefsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til að koma ræðuritun á Alþingi í viðunandi horf, svo fljótt sem auðið er, með því að hafa einungis æfða hraðritara við innanþingsskriftir, og sé haft sem nákvæmast eftirlit með því, að þeir inni starf sitt vel af hendi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að ræðuritun á Alþingi er ekki í eins góðu lagi og vera skyldi. Er því umræðupartur Alþingistíðinda ekki sú heimild, sem ætti að vera og til er ætlazt með útgáfu ræðnanna. Veldur því einkum það, að jafnhliða þeim tæknikröfum í vinnubrögðum við ræðuritun, sem öðrum þjóðþingum þykir sjálfsagt að gera, eru önnur og úrelt vinnubrögð notuð, sem gefa oft mjög misjafnan árangur sem eðlilegt er. Enn fremur staðnæmast margir þingskrifarar mjög stutt við þetta starf, og sífellt taka nýir og óæfðir menn við.

Útgáfa Alþingistíðinda hefur um nokkur undanfarin ár dregizt mjög, en hefur nú á síðustu mánuðum færzt nær því en áður að komast í rétt horf. Mun mega vænta þess, að þegar því marki er náð, að umræðupartur þingtíðindanna verður gefinn út fljótlega eftir að ræðurnar eru haldnar, þá vaxi áhugi almennings fyrir lestri þingtíðindanna, og er þá aukin ástæða fyrir Alþingi að vanda ræðuritunina. En til þess að ræðuritunin geti orðið góð, þarf að leggja áherzlu á að hafa eingöngu æfða og dugandi hraðritara til starfsins. Jafnframt þarf að hafa eftirlit með því, að þeir inni sitt starf vel af hendi. Í erlendum þjóðþingum munu hraðritarar víðast hvar annast ræðuritun, og mun hvergi vera gerðar svo lágar kröfur til ræðuritunar, að ræður þingmanna séu teknar upp með venjulegri skriftaraðferð.

Samanburður á frammistöðu æfðustu og starfhæfustu hraðritara þingsins við starfsárangur skrifara, sem enga hraðritun nota, er sá eini samanburður, sem til mála getur komið, ef komast á að réttri niðurstöðu um gildi hraðritunar við ræðuritun. Það er þýðingarlaust að nota sem rök gegn tillögum til endurbóta, að einstaka hraðritara kann að hafa skort tækni eða almenna starfsgetu í þessu efni, og bera slíka þingritara saman við duglegustu skrifara úr hópi þeirra, sem ekki nota hraðritun. En þetta hefur þó þráfaldlega verið gert. Leggja þarf áherzlu á, að allir starfskraftar, sem fást við ræðuritun í þinginu, geti orðið á borð við þá, sem bezt hafa reynzt hingað til. — Alþingi á upptökutæki, og virðist einsætt að nota það til þess að prófa hæfni innanþingsskrifara, hvers um sig, nægilega oft til þess að komast sem nákvæmast að, hvernig þeir inna starf sitt af hendi.

Alþingi þarf að stefna að því, að ræður þingmanna afbakist ekki í meðferð þingskrifara, að þingmenn geti fengið handritin mjög fljótt til yfirlestrar og að ræðupartur þingtíðindanna sé gefinn út á hverju ári fljótlega eftir að þingi er lokið. Sú aðferð, sem nú er tiltækilegust fyrir Alþingi til þess að ná þessum árangri, er að ráða aðeins æfða og dugandi hraðritara til þingskriftanna. Þegar það verður heyrin kunnugt, að slík stefna er tekin upp á Alþingi með festu, mun ekki reynast örðugt að fá nægilega marga vel hæfa hraðritara til þingskrifta.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um rannsókn á vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernh. Stefánsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem auðið er framkvæma rækilega rannsókn á því, hvar hagkvæmast sé að leggja akveg milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Greinargerð.

Ólafsfjarðarkaupstaður hefur nú að vísu komizt í samband við vegakerfi landsins með lagningu vegar yfir Lágheiði, en það vegarsamband er engan veginn nægilegt fyrir kaupstaðinn. Aðalviðskipti bæjarins hljóta að verða við Akureyri, og er því brýn nauðsyn fyrir Ólafsfirðinga að geta komizt í akvegasamband við vegakerfi Eyja-

fjarðar, því að ófullnægjandi er að hafa aðeins samgöngur sjóleiðis við Akureyri og sveitir Eyjafjarðar. Eins og sakir standa nú, er að vísu hægt að komast með bifreið til Akureyrar um Lágheiði og Skagafjörð, en sú leið er um þrefalt lengri en ef hægt væri að aka til Akureyrar inn með Eyjafirði.

Ýmsir kunnugir menn álíta, að hægt muni vera með tiltölulega litlum kostnaði að ryðja veg fyrir Ólafsfjarðarmúla, en fleiri leiðir munu ef til vill einnig koma til greina. Þar sem hér er um mikið hagsmunamál Ólafsfirðinga að ræða, teljum við nauðsynlegt að láta rannsaka þetta mál sem allra fyrst.

Sþ. 197. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi.

Flm.: Áki Jakobsson, Bernharð Stefánsson, Magnús Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera út eftirlitsbát fyrir Norðurlandi yfir haust- og vetrarmánuðina, er jafnhliða landhelgisgæzlu annist eftirlit með fiskibátum og sé þeim til aðstoðar, þegar þörf krefur.

Kostnað af framkvæmd þessarar þingsályktunar skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er framhald á viðleitni Slysavarnafélags Íslands, slysavarnadeilda norðanlands og ýmissa annarra, að haft verði fast björgunar- og gæzluskip fyrir Norðurlandi yfir vetrarmánuðina. Höfuðástæðan fyrir þessari tillögu er sú, að þörfin fyrir gæzlu- og björgunarskip fyrir Norðurlandi á veturna er mjög brýn, vegna þess að sjór er mikið stundaður allan veturinn þegar gefur og helzt á litlum bátum, svo sem trillum, sem litla vörn veita í byljum og stórsjó. Veðrátta er breytileg að vetrinum, og skella stórviðri oft á með litlum fyrirvara, og er þá bráð nauðsyn á því að hafa tiltækt björgunarskip til aðstoðar við þá báta, sem þess þurfa við. Flm. hafa leitað upplýsinga hjá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um, hve mikinn kostnað það muni hafa í för með sér að gera út björgunar- og gæzluskip fyrir Norðurlandi yfir vetrarmánuðina, og telst forstjóranum svo til, að hann muni nema 95000 krónum á mánuði, ef til starfsins yrði notað um það bil 100 tonna skip.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að hér sé um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að ekki megi kostnaðarhliðin aftra framkvæmdum, og vænta þess, að málið njóti skilnings þingmanna almennt.

Nánar í framsögu.

Ed. 198. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætast nýir töluliðir:

1. Á eftir D. 15 kemur nýr liður:
   Hólavegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Skálateigi að Hólum.
2. Á eftir D. 16 komi nýr liður:
   Vaðlavíkurvegur: Af Norðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði niður í Vaðlavík.

3. Á eftir D. 25 komi nýr liður:
Dalavegur: Af Stöðvarfjarðarvegi innan við Búðir um Norðurdal að Dölum.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um jöfnunarverð á olíum og benzíni.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að útsöluverð á gasolíu og brennsluolíu (fuel oil) verði ákveðið hið sama á öllum stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip, sem annast flutninga milli hafna, geta losað á birgðageyma olíufélaga og olíusamlaga. Einnig að útsöluverð á benzíni verði hið sama um allt land, þar sem það er selt frá benzíndælum.

Greinargerð.

Olíu- og benzínmál hafa verið rædd nokkuð á undanförnum þingum, bæði í sambandi við athugun á verðlagningu þessara vörutegunda og um verðjöfnun á þeim.

Á þingskjali 115 beindi ég fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi olíu- og benzínverð. Sömuleiðis hvað liði framkvæmdum með að koma á verðjöfnun á þessar vörutegundir, eins og þingsályktun frá 28. febrúar s. l. kvað á um. Viðskiptamálaráðherra svaraði fyrirspurninni. Taldi hann vafasamt, að nefnd þingsályktun fæli í sér skýlaus tilmæli til ríkisstjórnarinnar að hlutast til um að koma á verðjöfnun á olíum og benzíni. Tel ég því rétt að bera á ný fram tillögu til þingsályktunar um jöfnunarverð á olíum og benzíni, í þeirri von, að hún kveði nógu greinilega á um vilja Alþingis í þessu efni, ef hún verður samþykkt.

Óhætt er að fullyrða, að mikill hluti þjóðarinnar telur, að hér sé um réttlætismál að ræða. Þá má og benda á það, að olíufélögin hafa um langt skeið viðurkennt réttmæti þessarar tilhögunar með því að selja allar smurningsolíur á sama verði, hvar sem er á landinu.

Nd. 200. Frumvarp til laga [107. mál]

um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á árinu 1952 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins 1942 í því skyni að samræma það þeim verðlagsbreytingum og framkvæmdum, er orðið hafa í landinu frá 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 63/1945.

2. gr.

Til að framkvæma endurskoðun og samræmingu fasteignamatsins skipar fjármálaráðherra 3 menn í hverju sýslu- og bæjarfélagi. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í yfirmatsnefnd samkvæmt lögum þessum og 3 til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar. Nefnd þessi skal endurskoða og samræma mat héraðsnefnda.

4. gr.

14. Garpsdalssókn leggst til Reykhóla.
15. Staðar- og Hesteyrarsóknir leggjast til Staðar í Grunnavík.
16. Kollafjarðarnessókn leggst til Hólmavíkur.
17. Óspakseyrarsókn leggst til Prestsbakka í Hrútafirði.
18. Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir leggjast til Breiðabólstaðar.
19. Auðkúlu- og Svínavatnssóknir leggjast til Æsustaða.
20. Glæsibæjarsókn leggst til Möðruvalla.
21. Brettingsstaðasókn leggst til Húsavíkur.
22. Víðihólssókn leggst til Skútustaða.
23. Svalbarðssókn leggst til Sauðaness.

Þessar síðasttöldu breytingar leiðir sumpart af niðurlagningu prestakalla. Aðrar hafa verið taldar æskilegar til jöfnunar fólkstölu í prestaköllunum. Enn aðrar stafa af breyttum og bættum samöngum.

Í lögunum nr. 45 frá 16. nóv. 1907 er ekkert ákvæði um prestssetur, og hefur það leitt til þess, að ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar um prestssetursjarðir, er síður skyldi. Telur nefndin því nauðsynlegt að ákveða prestssetrin með lögum, eftir því sem auðið er. Verður að tryggja það, að húsabætur og aðrar umbætur á prestssetrum komi að sem fyllstum og varanlegustum notum.

Prestaköll eru öll kennd við prestssetur, þar sem þau eru skilyrðislaust ákveðin. Þykir það greinilegast og eðlilegast samræmis vegna, er prestssetrin hafa verið lögfest.

Um breytingar á einstökum prestaköllum skal þetta sérstaklega tekið fram.

Hofteigur. Einsætt þykir, að Hofteigsprestakall haldist sökum víðáttu þess, en Sleðbrjótssókn leggist til þess, þar eð auðveldast er að þjóna henni þaðan.

Eiðar. Æsklegt er, að Eiðar verði prestssetur, til þess að presturinn geti unnið sem mest kristilegt starf við alþýðuskólann þar. Er og þjónusta prestakallsins þaðan auðveldari en frá Kirkjubæ.

Hruni. Þegar Selfossprestakall verður tekið upp, getur Hraungerðisprestur þjónað Ólafsvallasókn, og er þá möguleiki fyrir hendi, að það, sem eftir er af Stóra-Núpsprestakalli, sameinist Hrunaprestakalli.

Selfoss. Á Selfossi er nú á 2. þúsund manns. Kauptúnið er í mjög örum vexti og mikill áhugi þar á því, að það verði sérstakt prestakall.

Grindavík. Kirkjuvogssókn leggist til Útskála, af því að auðveldara er að þjóna henni þaðan. Í stað þess leggist Kálfatjarnarsókn til Grindavíkur, og verði þannig létt störfum af Hafnarfjarðarpresti.

Keflavík. Útskálaprestakall er orðið svo fjölmennt og í svo örum vexti (m. a. vegna flugvallarins í Keflavík), að nauðsyn er á að skipta því. Liggur beinast við, að Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir verði þá sérstakt prestakall.

Reykjavík. Í lögum nr. 76 7. maí 1940 er þegar ákveðið, að þar skuli vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern. En framkvæmdir samkvæmt því hafa dregizt sökum þess, að engin skýr ákvæði hafa fylgt um það, hvernig haga skyldi. Eru þau sett síðar í frumvarpi þessu (sbr. 2. gr.). Í samræmi við það eru prestaköll í Reykjavík hér ekki tilgreind með sérstökum nöfnum. Mun það gert síðar, eftir því sem segir í 1. grein.

Saurbær á Hvalfjarðarströnd. Innra-Hólmssókn leggist til prestakallsins til þess að létta störfum af Akranespresti, en í prestakalli hans yrði við skiptinguna 2654 manns. Auk þess má gera ráð fyrir mjög mikilli fjölgun á Akranesi á komandi árum.

Söðulsholt. Við niðurlagningu Staðarhraunsprestakalls, sem bæði er fámennt og prestssetur þess niður fallið að húsum, verður eðlilegast og auðveldast, að sóknir þess leggist til Söðulsholts, en aftur á móti verði létt á Söðulsholtspresti með því að leggja Fáskrúðarbakkasókn til Staðastaðar.

Stykkishólmur. Breiðabólsaðarprestakall á Skógarströnd skiptist milli Stykkishólms og Kvennabrekku, þar eð prestakallið er fámennt og prestssetrið illa hýst.

Hvammur í Dölum. Hjarðarholtssókn leggist til Hvamms til þess að létta störfum af prestinum á Kvennabrekku, er hann þjónar Breiðabólstaðarsókn. Aftur á móti leggist Dagverðarnessókn til Staðarhólsþinga.

Reykhólar. Garpsdal er auðveldast að þjóna frá Reykhólum, eins og samgöngum er nú háttað.

Staður í Grunnavík. Staðarprestakall í Aðalvík leggist til prestakallsins, þar eð ekki eru eftir nema rúmlega 30 manns í Staðar- og Hesteyrarsóknum.

Hólmavík. Tröllatunguprestakall skiptist milli Hólmavíkur og Prestsbakka í Hrútafirði í sparnaðarskyni.

Breiðabólstaður í Vesturhópi. Tjarnarprestakall leggist til prestakallsins, þar eð bæði prestaköllin eru frekar fámenn og tiltölulega auðveld til yfirsóknar nú orðið.

Steinnesprestakall. Þar sem sett er innan sviga orðið Blönduósshreppur, þá er átt við það eitt, að sá hluti hreppsins, sem er fyrir austan Blöndu, fylgi einnig Blönduósssókn.

Æsustaðir. Auðkúluprestakall leggist til prestakallsins, þar sem samgöngur hafa batnað og bæði prestaköllin eru fámenn. Einsætt er, að presturinn á Æsustöðum þjóni Holtssókn, svo sem verið hefur undanfarið.

Hríseyjarprestakall. Vellir í Svarfaðardal er svo víðáttumikið prestakall, sex sóknir, og orðið svo fjölmennt (1860 manns), að rétt virðist að skipta því. Er þá eðlilegust sú skipting, sem hér er lögð til.

Möðruvellir í Hörgárdal. Samkvæmt núgildandi lögum telst Glæsibæjarsókn til Akureyrarprestakalls, en hefur þó undanfarið verið þjónað frá Möðruvöllum, enda virðist það liggja beinna við.

Skútustaðir. Víðihólssókn mun nú vera jafnauðvelt að þjóna þaðan sem frá Skinnastað. Er þessi breyting gerð til þess, að Skinnastaðarprestakall verði ekki eins erfitt og áður.

Húsavík. Auðveldara mun að þjóna Brettingsstaðasókn frá Húsavík en Hálsi, enda er mestallur söfnuðurinn í Flatey og líklegt, að kirkjan flytjist innan skamms þangað frá Brettingsstöðum. Að vísu eru um 15 sjómílur frá Húsavík til Flateyjar og mundi verða að greiða Húsavíkurpresti nokkurn ferðakostnað auk lögboðins embættiskostnaðar. Kemur því mjög til álita, hvort ekki sé réttast að gera Brettingsstaðasókn að skólaprestakalli með prestssetri í Flatey.

Sauðanes. Svalbarðssókn er auðveldara að þjóna frá Sauðanesi en Raufarhöfn, sem getur þá orðið skólaprestakall.

Um breytingar á prestssetrum skal enn fremur tekið fram.

Eiðar í stað Kirkjubæjar. Sbr. það er fyrr greinir. Enn fremur má geta þess, að endurbyggja þyrfti öll staðarhús á Kirkjubæ, ef þar yrði prestssetur áfram.

Prestsbakki á Síðu í stað Kirkjubæjarklausturs. Á Prestsbakka eru frábær ræktunarskilyrði, og getur hann orðið ágætasta höfuðból, ef jörðin er vel setin. Að vísu hefur prestssetureshús verið reist að Kirkjubæjarklaustri, en það mun nú mega selja sæmilegu verði. Andvirðinu yrði að sjálfsögðu varið til húsabóta á Prestsbakka. Munu bæði söfnuður og prestur óska þess eindregið, að þetta gamla prestssetur verði hafið til vegs þess, er því ber.

Kirkjuhvoll í stað Kálfholts. Presturinn í Kálfholtsprestakalli hefur um allmörg ár setið á Kirkjuhvoli í Þykkvabæ. Hefur þar verð reist yfir hann allsæmilegt hús, enda er þar mest þéttbýli og fjölmenni í sóknum hans. Hins vegar eru öll hús í Kálfholti mjög hrörleg og þyrftu bráðrar endurreisnar við, ef prestur ætti að flytjast þangað. Kálfholt er að vísu mikil jörð að landrými til, en erfið til ábúðar eins og nú er. Ef hún er seld og andvirðið notað til að fá land fyrir prestinn á Kirkjuhvoli og reisa þar peningshús, ætti Kirkjuhvoll að geta orðið sómasamlegt prestssetur án verulegra útgjalda frá hinu opinbera.

Skálholt í stað Torfastaða. Helzt til lengi hefur Skálholt verið annexía og í niðurníðslu, og krefst nú þjóðin þess, að staðurinn verði endurreistur. Einn liður í þeirri viðreisn á að vera sá, að þar komi prestur og gegni hann öllu Torfastaðaprestakalli, sem áður var. Verði Torfastaðir seldir og andvirði þeirra varið til húsbyggingar í Skáholti. Þetta er einnig í samræmi við það, sem þegar hefur verið ákveðið um Hóla í Hjaltadal.

Hveragerði í stað Arnarbælis. Allmörg undanfarin ár hefur presturinn setið í Hveragerð sökum þess, að þar er safnaðarfólk hans flest. Má ætla, að svo muni einnig eftirmenn hans kjósa. Fyrir því leggur nefndin það til, að Hveragerði verði prestssetur, enda þótt hún sjái eftir prestssetrinu Arnarbæli. Vel gæti komið til mála, að presturinn sæti í nýbýlahverfinu undir Ingólfsfjalli.

Suðureyri í stað Staðar í Súgandafirði. Þar eð prestakallið verður skólaprestakall og mestur hluti safnaðarfólksins er á Suðureyri, virðist eðlilegast, að prestssetrið flytjist þangað.

Hólmavík í stað Staðar í Steingrímsfirði. Allmörg hin síðari árin hefur presturinn setið á Hólmavík, þar sem mikill hluti safnaðarfólks hans á heima, og má ætla, að svo kjósi einnig eftirmenn hans í framtíðinni. Fyrir því leggur nefndin til, að Hólmavík verði prestssetur, enda fer fólki mjög fækkandi í Staðarsókn.

Þess skal að lokum getið í sambandi við 1. gr., að tveimur nefndarmönnum (Á. G. og I. J.) þykir hér of langt gengið í niðurlagningu prestakalla, en einum (P. Z.) of skammt.

Um 2. gr.

Vegna hinnar öru fólksfjölgunar í Reykjavík er nauðsynlegt, að prestakallaskipun verði hreyfanlegri þar en annars staðar og því ekki ákveðin með sama hætti í lögum. Verður nú að koma nýju skipulagi á sóknir og prestaköll prófastsdæmisins, og virðist rétt, að hlutaðeigandi prestar og söfnuðir eigi tillögurétt um það, svo og um þær breytingar, er gera verður í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir því, að yfirleitt verði einn prestur í hverju prestakalli, og geta þá fleiri söfnuðir en einn orðið innan sömu sóknar. Fyrir því er í þessari grein tekið upp nafnið safnaðarnefnd, miðað við söfnuði í Reykjavíkurprófastsdæmi.

Við skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll hið fyrsta sinn eftir lögum þessum koma að sjálfsögðu formenn sóknarnefnda í stað formanna safnaðarnefnda.

Mjög æskilegt er, að stofnun eins og safnaðaráði sé falið slíkt starf, er getur í 3. lið.

Um 3. gr.

Kaupstöðum utan Reykjavíkur fylgir venjulega nokkurt dreifbýli og erfiðara þar um aðstoð presta, ef þörf gerist, heldur en í Reykjavík. Er því gert ráð fyrir nokkru lægri tölu að meðaltali á prest í þessum kaupstöðum.

Um 4. og 5. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Á nokkrum stöðum hagar þannig til, að erfitt er að sameina einangraðar byggðir í hæfilega stór prestaköll eða að ætla þeim þjónustu frá presti, sem situr langt frá. Þessar byggðir eru þá einnig oftast of fámennar hver um sig til þess, að prestur hafi þar nægilegt verkefni. Langt er síðan því hefur verið hreyft og um það rætt opinberlega, að sameina bæri að einhverju leyti störf presta og kennara.

Nefndin gerir nú tillögur um, að þetta sé reynt á nokkrum stöðum. Eru einkum valin þau byggðarlög, sem erfitt er að veita prestsþjónustu án þess að prestur hafi þar aðsetur, og enn fremur að þar þurfi einnig að sjá fyrir kennslu barna og unglinga, en þau eigi ekki sókn í skóla annars staðar. Þegar svo stendur á, þyrfti helzt að hafa bæði prest og kennara, en yrði þó lítið verkefni fyrir hvorn um sig. Nokkur sparnaður yrði hér að því að sameina störfin, enda þótt gera verði ráð fyrir einhverri hækkun í launum til þess manns, sem vinna ætti hvort tveggja. Er lagt til, að hann hækki í launum um einn launaflokk.

Nefndin hefur átt tal við fræðslumálastjóra um þetta og þá staði, sem helzt virtust koma til greina. Var hann því fylgjandi, að tilraunir með sameiningu yrðu gerðar á þeim stöðum, sem nefndin leggur til (skólaprestaköll). Þar sem svo mörg börn eru, að tvo kennara þarf, er ætlazt til, að prestur gegni kennarastarfi, en annar sé skólastjóri. Ekki virtist ósanngjarnt, að kennsluskylda prests væri nokkru minni á þeim stöðum en venjulegs kennara, þar sem fólksfjöldi í því kalli mundi vera allmikill og starf prestsins af þeim sökum meira. Í mjög fámennum prestaköllum gæti presturinn aftur á móti séð um öll störf kennara.

Æskilegt væri, að fyrir því væri séð, um leið og prestsseturshús eru reist, að prestur geti tekið börn heim til sín á vetrum, þar sem ætlazt er til, að hann hafi kennslu á hendi.

Prestar, sem kennslu ættu að hafa jafnframt, mundu verða að fá nokkurn sérstakan undirbúning í því skyni. Er gert ráð fyrir, að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem lög um menntun kennara setja þar um. Ef þessi ákvæði verða að lögum, leiðir af því, að ekki mundu aðrir sækja um skólaprestaköll en þeir, sem fúsir eru til þess að taka að sér bæði störfin og hlutgengir eru til þess. Ekki mundi prestur í slíku prestakalli heldur síðar geta afsalað sér öðru starfinu en haldið hinu. Á sama hátt mætti yfirstjórn fræðslumálanna ekki heldur ráðstafa til frambúðar kennarastarfi á slíkum stöðum, þótt prestslaust yrði um sinn.

Skrifstofur fræðslumálastjóra og biskups hafa reiknað, hversu mikið fé muni sparast á þessu fyrirkomulagi miðað við greiðslur árið 1950, og er það alls kr. 158665.62.

Um 7. gr.

Erlendis hefur það reynzt mjög hagkvæmt að hafa slíka aðstoðarpresta; og hér á landi er þeirra alveg sérstök þörf vegna þess, hve örðugt er hér víða sökum staðhátta að láta nágrannapresta gegna þjónustu í prestslausum prestaköllum. Prestar þessir gætu einnig starfað m. a. um skeið bæði við sjúkrahús og fangelsi.

Um 8. gr.

Slík ráðstöfun er sanngirnis- og réttlætismál.

Um 9. gr.

Greinin er tekin upp orðrétt að mestu úr lögum nr. 45 16. nóv. 1907.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til þess að auðvelda sóknarskiptingu, þar sem hennar gerist þörf.

Um 11. gr.

Þess eru dæmi, að sóknir hafa gereyðzt að fólki, en í nokkrum sóknum öðrum er þegar svo komið vegna fólksfæðar, að eigi er unnt að hafa þar starfandi sóknarnefndir og tekjur kirkju hrökkva engan veginn fyrir óhjákvæmilegum gjöldum. Liggur þá beinast við, að svo verði gert sem segir í greininni.

Um 12. gr.

Nokkrar þessara breytinga munu geta komizt á umsvifalaust. Til annarra mun þurfa samþykki hlutaðeigandi presta. Fáist það ekki, verða þær að bíða prestaskipta.

Sveinbjörn Högnason. Ásmundur Guðmundsson. Pálmi Einarsson.
Ingimar Jónsson. Sveinn Víkingur. Sigurður Bjarnason.
Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Á fundi stjórnar Prestafélags Íslands hinn 30. sept. 1951 var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

Stjórn Prestafélags Íslands hefur athugað frumvarp prestakallaskipunarnefndar og telur það vera eftir atvikum til mikilla bóta. Lýsir prestafélagsstjórnin yfir stuðningi sínum við þá meginstefnu nefndarfrumvarpsins, að haldið sé í horfi um starfsmannalið þjóðkirkjunnar, enda sýnist ekki geta komið til mála að fækka starfsmönnum hennar jafnhliða því sem þjóðinni fjölgar. Jafnframt vill prestafélagsstjórnin taka það fram, að hún er mótfallin svo mikilli fækkun prestakalla í sveitum sem frumvarpið gerir ráð fyrir og væntir þess, að Alþingi sjái sér fært að bæta um það samkvæmt rökstuddum tillögum hlutaðeigandi aðila.

Í stjórn Prestafélags Íslands.

Björn Magnússon. Jón Auðuns. Þorst. Björnsson.
Sigurbjörn Einarsson. Hálfdán Helgason.

Fylgiskjal II.

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 28. sept. 1951.

Ég leyfi mér hér með að senda háttvirtri prestakallaskipunarnefnd útskrift úr gerðabók kirkjuráðs hinnar íslenzku þjóðkirkju, frá fundi ráðsins hinn 27. þ. m.

... Kirkjuráð Íslands hefur tekið til meðferðar frumvarp til laga, er samið er af nefnd þeirri, sem kirkjumálaráðherra skipaði síðastliðið vor, samkv. ákvörðun Alþingis, til þess að vinna að endurskoðun á prestakallaskipun landsins. Eftir að hafa rætt og íhugað frumvarp þetta, samþykkti kirkjuráðið svo hljóðandi ályktun:

Kirkjuráðið lýsir ánægju sinni yfir því verki, sem prestakallaskipunarnefndin hefur unnið, og frumvarpi því til laga um prestakallaskipun landsins, sem orðið hefur niðurstaða af störfum hennar. Telur kirkjuráðið sig í öllum höfuðatriðum samþykkt frumvarpinu, þótt ýmislegt sé, sem einstakir meðlimir kirkjuráðsins hefðu kosið á annan veg og rætt mun verða við nefndina af forseta ráðsins. Vill kirkjuráðið taka fram og leggja áherzlu á, að það telur, að mjög varhugavert sé að leggja niður prestaköll í dreifbýlinu, jafnvel þótt fámenn séu, ekki sízt þar, sem vilji fólksins bendir eindregið til, að því sé mjög óljúft að verða svipt presti sínum.

Enn vill kirkjuráðið leggja áherzlu á, að það telur fjölgun presta í þéttbýlinu ekki aðeins mikilvæga, heldur óhjákvæmilega, og þakkar nefndinni þá stefnu, er hún hefur tekið í því efni. ...

Var ályktunin samþykkt með öllum atkvæðum.

Sigurgeir Sigurðsson.

Nd. 206. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 11. nóv. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, frsm., fundaskr. Emil Jónsson.

Jónas G. Rafnar. Áki Jakobsson.

Ed. 207. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. á fundi sínum í dag og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 13. nóv. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson.

Ed. 208. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og auk þess aflað sér upplýsinga frá rektor háskólans, sem hefur upplýst, að viðbót sú, sem um ræðir í frv., muni gefa af sér um 100 þús. kr. á ári til háskólans auk 20 þús. kr. í ríkissjóð. Upplýsti rektor, að búið væri að eyða um 1.5 millj. kr. í háskólalóðina, en gert væri ráð fyrir, að enn þyrfti til hennar um ½ millj. kr. til að fullgera hana. Þá staðfesti rektor, að lofað hefði verið að

koma upp byggingu yfir náttúrugripasafnið af fé frá happdrættinu. Hefði sá kostnaður verið áætlaður um 1.5 millj. kr., en nú væri vitað, að þessi kostnaður mundi verða um 4 millj. kr., sem sumpart stafaði af hækkandi verðlagi, en þó miklu fremur af því, að nú væri gert ráð fyrir miklu stærri byggingu en gert hefði verið ráð fyrir í upphafi. Væri samkomulag um, að byggingu þessari skyldi koma upp fyrir fé frá happdrættinu, þó að kostnaðurinn yrði þetta meiri en gert hefði verið ráð fyrir.

Að fengnum þessum upplýsingum leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. nóv. 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 209. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist:

Liðinn D. 8 í sömu gr. skal orða svo:

Hróarstunguvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, Gunnhildargerði og Nefbjarnarstaði og áfram í sambandi við Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.

Nd. 210. Frumvarp til laga [110. mál]

um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands deild, sem hefur það sérstaka verkefni að veita lán fyrir heimtaugargjöldum til þeirra bænda, sem fá rafmagn hjá rafmagnsveitum ríkisins. Deildin skal heita raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Stofnfé deildarinnar skal vera kr. 5 000 000.00 og greiðast af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 fyrir lok aprílmánaðar 1952.

3. gr.

Lánin skulu veitt til 15 ára gegn tryggingum, sem stjórn Búnaðarbanka Íslands tekur gildar. Vextir skulu vera 3½%.

4. gr.

Leggja skal árlega í varasjóð ½% af útistandandi fé deildarinnar.

5. gr.

Búnaðarbankinn annast reikningshald, útlán og fjárreiður deildarinnar fyrir þóknun, sem ekki má fara yfir ½% árlega af útistandandi fé deildarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni hefur áður verið flutt á Alþingi, en náði ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að eins og nú er ástatt telur engin lánsstofnun sér skylt að veita lán fyrir heimtaugargjöldum. Hafa því margir bændur, sem fengið hafa rafmagn leitt til sín, orðið að taka víxillán með milligöngu hreppsfélaga eða sýslufélaga. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum og kostnaði, sem vont er að búa undir. Rafmagnsheimtaugargjöld eru mjög há, þegar miðað er við, að ¼ kostnaðar rafmagnsveitnanna greiðist af notendum. Mun láta nærri, að sá hluti sé til jafnaðar 6 þúsund kr. á býli. Við það bætist innlagningarkostnaður í íbúðarhús og peningshús, auk rafmagnstækja. Má því fullyrða, að heildarkostnaður við það að fá rafmagnið verði 12—15 þúsund kr. til jafnaðar á býli. Aðeins fáir bændur geta bætt slíkum bagga við hin venjulegu útgjöld án þess að taka lán.

Verði raforkulánadeild stofnuð við Búnaðarbankann, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, má fullyrða, að bætt verður úr þeim vandræðum, sem margir eru nú í vegna þess, að þeir hafa ekki fengið hentugt lánsfé til þess að greiða með heimtaugargjöldin, og einnig má ætla, að deildin með 5 millj. kr. stofnfé geti fullnægt brýnustu þörfum að þessu leyti í næstu framtíð.

Með frumvarpinu er ekki lagt til, að deildin fái árlegar tekjur frá ríkinu. Þykir ekki ástæða til þess að svo stöddu, enda eðlilegra, að tekjuöflun fyrir deildina verði athuguð síðar, eftir að reynsla er fengin fyrir því, að hve miklu leyti stofnféð nægir.

Gert er ráð fyrir, að lánin verði veitt til 15 ára með 3½% vöxtum. Eftir að höfuðstóll deildarinnar hefur verið lánaður út, verða árlegar nettótekjur hennar eigi að síður 500 þús. kr., þar af afborgun 7.5% af stofnfénu og svo vaxtatekjur.

Nægilegt þykir að leggja í varasjóð árlega ½% af útistandandi fé deildarinnar. Búnaðarbankinn mun sjá um rekstur deildarinnar fyrir væga þóknun, eins og 5. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Síðan raforkulögin komu til framkvæmda hafa rafmagnsveitur verið lagðar um ýmsar sveitir þessa lands. Hafa slíkar framkvæmdir vakið sóknarhug og aukinn framkvæmdavilja í sveitunum. Er enginn vafi á því, að rafmagnsframkvæmdir í sveitunum eru mjög þýðingarmiklar fyrir framtíð þeirra og velgengni. Það má því ekki eiga sér stað, að nú komi kyrrstaða á þessu sviði, í stað athafna. Enda þótt tímarnir verði erfiðir og meira þurfi að sér að leggja en áður, verður að halda þeim framkvæmdum áfram, sem sízt verður án verið.“

Ed. 211. Frumvarp til laga [111. mál]

um hluta sveitarfélaga af söluskatti.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jóhann Jósefsson, Hannibal Valdimarsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum á þeim eða annar skattur samsvarandi, skal hálfur skatturinn renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan milli bæjar- og hreppssjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs, þó þannig að ekkert

bæjar- eða hreppsfélag fær meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan.

3. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að eindregnum óskum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga og framkvæmdastjórn þess.

Frumvarpið er eins og bæjarstjórafundur sá, sem haldinn var í Reykjavík dagana 10.—13. okt. s. l., samdi það, að öðru leyti en því, að flutningsmenn hafa gert á því tvær breytingar:

1. Í 2. gr. er hámarkshlutfall hækkað úr 40% í 50%, sem flutningsmenn telja réttara í skiptingunni milli sveitarfélaga.
2. Niður hefur verið felld grein um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum ríkissjóðs af söluskatti 1951. Vitað er, að búið er á annan hátt að ráðstafa þeim tekjum — eða tekjuafgangi ríkissjóðs þetta ár — og þar af leiðandi þýðingarlaust að bera fram slíka tillögu. Í samræmi við þetta er gildistökutími settur 1. janúar 1952.

Flutningsmenn hafa hlaupið undir bagga með að flytja frumvarpið, af því að þeim er ljóst, að mörg sveitarfélög eiga við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, og þeir viðurkenna nauðsyn þess, að Alþingi taki skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga til rækilegrar athugunar.

Fylgiskjal I.

Greinargerð frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga.

Á síðari árum hefur tekið að bera mjög á vanskilum hjá sveitarfélögum landsins einkum þó kaupstöðum og stærri kauptúnum. Fjárhagsörðugleikar kaupstaðanna og kauptúnanna eru greinilega af þeim rótum runnir, að tekjustofnar sveitarfélaga bregðast. Ástæðurnar fyrir því, að tekjustofnarnir bregðast, eru einkum þær, að atvinnurekstur hefur dregizt saman vegna aflabrests um lengri eða skemmri tíma, dýrtíðar, sem farið hefur ört vaxandi, og þess, að allur tilkostnaður hefur stórlega aukizt, en tekjur sveitarfélaganna, sem eru nær eingöngu útsvör, innheimtast miklu verr en áður og í sumum tilfellum alls ekki.

Á árinu 1950 og því sem af er árinu 1951 hafa ábyrgðir fallið á ríkissjóð vegna kaupstaða landsins einna saman, er nema um 7 millj. króna, og á sama tíma áttu allir kaupstaðir landsins ógreidd öll árgjöld sín til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1951, og nokkrir skulduðu einnig eldri árstillög sín, svo verulegum fjárhæðum nam. Þá er og rétt að geta þess, að 3 síðustu árin hafa vanskil margra kaupstaða við Tryggingastofnun ríkisins verið gerð upp með lánum, sem Trygginga-

stofnunin hefur veitt í því skyni, eða greiðslurnar hafa verið teknar af lánum, sem veitt hafa verið til annarra framkvæmda.

Á öllum skuldbindingum sveitarfélaganna gagnvart Tryggingastofnun ríkisins ber ríkissjóður ábyrgð. — Þá hefur og tekið að bóla á því aftur hin síðari ár, að vanskilaskuldir hrúgist upp milli sveitarfélaganna innbyrðis og við sjúkrahús eða hæli, þar sem fólk dvelur á vegum sveitarfélaganna. Hjá einstaka sveitarfélögum nema þessar óreiðuframfærsluskuldir nú þegar mörgum tugum þúsunda króna. Innheimta þeirra gengur margfalt verr en vera þyrfti, þar sem ekki er hægt að beita þeim viðurlögum, sem lög þó heimila í ýmsum tilfellum, svo sem um vanskilaskuldir barnsfeðra. Þá er og farið að bera á því, að þótt atvinnufyrirtæki haldi eftir útsvarsskuldum af kaupi þess fólks, sem hjá þeim vinnur, eru fyrirtækin þess ómegnug að standa í skilum við sveitarsjóðina með þetta fé, þegar rekstur þeirra gengur illa eða harkalega er gengið að þeim með innheimtu á öðrum greiðslum, sem þeim ber að standa skil á.

Á árinu 1950 var þeim, sem fást við stjórn sveitarmálefna, ljóst, að ekki gat miklu lengur dregizt, að eitthvað raunhæft yrði aðhafzt til þess að forða sveitarfélögum frá algeru fjárhagslegu öngþveiti. Af þeirri ástæðu var stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og sérstakri þar til kjörinni nefnd falið að beita sér fyrir því, að kvaddur yrði saman fundur með öllum bæjarstjórum landsins á árinu 1951 til þess að ræða þessi vandamál og reyna að fá samkomulag um ákveðnar tillögur til lausnar þeim.

Fundur þessi var svo haldinn í Reykjavík dagana 10.—13. okt., og gekk hann meðal annars frá frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Sami fundur kaus einnig þriggja manna nefnd til þess ásamt stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að koma þeim tveim frumvörpum, sem fundurinn hafði samþykkt, á framfæri við ríkisstjórn og Alþingi.

Í nefndina voru kosnir: Gunnar Thoroddsen alþingismaður og borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjórarnir Helgi Hannesson í Hafnarfirði og Björgvin Bjarnason á Sauðárkróki.

Hinn 18. f. m. átti nefndin ásamt formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga tal við forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson um ályktanir og samþykktir bæjarstjórafundarins og afhentu honum þá samþykktirnar ásamt þessu frumvarpi. Jafnframt var ráðherranum tjáð, að frumvarp þetta mundi verða flutt á yfirstandandi Alþingi.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr samþykktum bæjarstjórafundarins 10.—13. okt. 1951.

I. Fjárhagsmál.

Sameiginlegur fundur bæjarstjóra úr öllum íslenzkum kaupstöðum, haldinn í Reykjavík dagana 10.—13. okt. 1951, lýsir yfir því, að hann telur nú svo komið, að tekjustofn sá, sem sveitarfélögum landsins er ætlaður til þess að standa undir meginútgjöldum sínum og víðast hvar má telja eina tekjustofn þeirra, útsvörin, — hafi á undanförnum árum verið skertur svo, að engar líkur eru til þess lengur, að sveitarfélög landsins, — sérstaklega kaupstaðir og stærri kauptún, — sem allur meginþungi félagsmálaútgjaldanna, framfærslubyrðanna og fræðslukostnaðarins í landinu hvílir á, — fái staðið undir þessum útgjöldum að óbreyttri löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga.

Útsvörin á öllu landinu námu alls árið 1950 105.8 millj. króna. Af þeim greiddu kaupstaðir landsins einir 86.4 millj. króna, en öll önnur sveitarfélög samtals 19.4 millj. króna.

Auk útsvaranna greiddu landsmenn þá í beina skatta til ríkissjóðs tekjuskatt,

sem ásamt tekjuskattsviðauka nam samtals rúmlega 44 millj. kr. Þar af var tekjuskattsviðaukinn einn úr kaupstöðunum þrettán alls um 5 millj. króna. Árið 1948 var söluskatturinn tekinn upp, og árið 1950 var hert mjög á innheimtu hans, en það hefur aftur haft þær afleiðingar, að innheimta útsvaranna gengur nú miklu verr en áður hjá þeim fyrirtækjum, sem söluskatti svara. Minni atvinna og aukin dýrtíð hafa og dregið úr gjaldþoli almennings og getu til að greiða útsvör sín, en auk þess ganga ríkistekjurnar jafnaðarlega fyrir tekjum sveitarfélaganna um innheimtu, og veikir það einnig aðstöðu sveitarsjóðanna.

Að þessu athuguðu telur bæjarstjórafundurinn, að ekki verði lengur hjá því komizt, að tekin verði til endurskoðunar öll gildandi lagaákvæði um tekjur kaupstaðanna með það fyrir augum að setja heildarlöggjöf um tekjustofna þeirra og sveitarfélaganna almennt, þar sem tryggilega verði búið um fjárhagsgrundvöll þeirra og tryggt, að ekki verði beint eða óbeint gengið á þá tekjustofna, sem sveitarfélögum verða fengnir. En þar sem slík löggjöf þarf bæði mikinn og nákvæman undirbúning, ekki sízt vegna þess, að hún hlýtur að snerta mjög ýmsa tekjustofna og tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs, en þörfin á skjótum úrbótum vegna sveitarsjóðanna svo brýn, að um enga bið getur lengur verið að ræða, ef ekki á enn verr að fara en á horfist, samþykkir fundurinn að bera nú fram við ríkisstjórn og Alþingi þær tillögur til bráðabirgðaúrlausnar á hinum miklu og vaxandi fjárhagsörðugleikum bæjarfélaganna:

1. Að nú þegar verði af þeim létt öllum kostnaði við lögreglumál, — og —
2. að sveitarfélögum verði fenginn helmingur af þeim tekjum, er ríkissjóður nú fær af söluskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum, meðan sá skattur, eða annar tilsvarandi er tekinn.

Bæjarstjórafundurinn lítur svo á, að ekki komi viðbótarfjárhæð að tilætluðum notum, sem lægri er en sem svarar þriðjungi af útsvarsupphæð ársins 1950, ef komast á hjá því að hækka útsvör til bæjarsjóðanna stórlega frá því, sem nú er. Það mundi koma í ljós, ef sú leið yrði farin að hækka útsvörin enn, að verulegur hluti þeirra mundi ekki innheimtast og hækkunin því ekki koma að tilætluðum notum. Fundurinn hefur því tekið það ráð að semja tvö frumvörp, sem hann hyggst að fá borin fram á Alþingi til bráðabirgðaúrlausnar á fjárhagsvandræðum sveitarfélaganna, annað um lögreglumenn, en hitt um hluta sveitarfélaga af söluskatti, og vísast, að öðru en hér er sagt, til frumvarpanna sjálfra og greinargerða þeirra, sem þeim fylgja.

Bæjarstjórafundurinn væntir velvilja og skilnings bæði hjá ríkisstjórn og Alþingi á þeim vandamálum, sem kaupstaðir landsins og önnur sveitarfélög eiga nú við að stríða, og væntir því fastlega, að fallizt verði á þá bráðabirgðalausn, sem hér er bent á og fundurinn hefur einróma samþykkt og fer fram á, að lögfest verði á Alþingi því, sem nú situr.

Aths. frá flm.: Að því leyti sem minnzt er á í útdrætti þessum tillögur um að létta lögreglukostnaði af sveitarfélögum, snertir það ekki þetta frv. nema óbeinlínis.

Ed. 212. Frumvarp til laga [112. mál]

um öryrkjahæli.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenzkra sveitarfélaga f. h. sveitarfélaga landsins að reisa og reka öryrkjahæli fyrir þá líkamlegu og andlegu öryrkja, sem þeim ber að annast framfærslu á og eigi verður með öðrum hætti séð fyrir viðunanlegum dvalarstað.

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, hvar hælið skuli reist, svo og hvenær hafizt skuli handa um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hælið skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins (sbr. þó 16. gr.), en rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og fjárhag. Hælið má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé til þess veitt af Alþingi.

3. gr.

Stofnkostnaður hælisins skal greiddur með framlögum frá sveitarfélögum landsins eftir þessum reglum:

Sveitarfélag með allt að 150 íbúa greiðir í stofnframlag pr. íbúa							kr.	35.00
—	—	150—1500	—	—	-	—	—	— 40.00
—	—	1500—10000	—	—	-	—	—	— 45.00
—	—	10000 íb. og þar yfir	—	-	—	—	—	— 50.00

Ríkissjóður leggur fram í eitt skipti fyrir öll eina og hálfa milljón króna til stofnunar hælisins.

4. gr.

Stofnframlög er sveitarfélögum heimilt að greiða með árlegum greiðslum á allt að fimm árum, ef sveitarstjórn óskar.

5. gr.

Nú hrekkur stofnframlag ekki fyrir stofnkostnaði eða þörf er stækkunar hælisins, og skal þá stjórn þess, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, heimilt í eitt skipti að krefjast viðbótarframlags frá sveitarfélögunum. Viðbótarframlag má ekki hærra vera en helmingur af stofnframlagi, reiknað eftir sömu reglum og stofnframlagið.

6. gr.

Stjórn hælisins skipa 3 menn. Tvo þeirra kýs stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, annan sem fulltrúa kaupstaða og kauptúna, en hinn vegna annarra sveitarfélaga. Þriðja mann stjórnarinnar, sem jafnframt er formaður hennar, skipar félagsmálaráðherra. Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár. Þóknun til stjórnarinnar fyrir störf skal ákveðin af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Stjórnarlaun teljast til rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Stjórnin hefur yfirumsjón með rekstri hælisins og framkvæmdum öllum. Hún ræður forstöðumann og lækni hælisins. Forstöðumaður hefur á hendi daglega stjórn hælisins og annast rekstur þess. Hann ræður starfsfólk, en háður er hann samþykki stjórnarinnar um launakjör þess. Forstjóranum ber að öðru leyti að hlíta ákvæðum erindisbréfs, er stjórn hælisins setur honum.

8. gr.

Vistmönnum á hælinu skulu reiknuð daggjöld samkvæmt reglum, sem stjórn hælisins setur, en félagsmálaráðherra staðfestir. Sveitarfélög þau, sem vistmenn eiga á hælinu, greiða daggjöld þessi mánaðarlega, nema öðruvísi sé um samið við hælisstjórn.

Nú á öryrki, sem á hælinu dvelur, rétt á ellilífeyri, örorkubótum, barnalífeyri eða öðrum framfærslueyri frá Tryggingastofnun ríkisins, öðrum tryggingarsjóði eða ríkissjóði, og skulu þær fjárhæðir þá greiddar beint til hælisins og dragast frá daggjöldum þeim, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir vistmann þann, sem hlut á að máli, en mismuninn, ef einhver er, greiðir sveitarsjóður.

9. gr.

Reikningsár hælisins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt, að endurskoðun sé lokið í lok aprílmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum. Annan skipar fjármálaráðherra, en hinn stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Nú vill sveitarstjórn ráðstafa manni á öryrkjahælið, og skal hún þá senda hælisstjórn skýrslu um öryrkjann ásamt vottorði héraðslæknis um það, hvort hann telji nauðsynlegt, að öryrkinn njóti hælisvistar.

11. gr.

Að fengnum þeim upplýsingum, sem í 10. gr. getur, og að fenginni umsögn hælislæknis úrskurðar stjórn hælisins, hvort öryrki skuli tekinn á hælið, og er stjórninni skylt að hafa fellt úrskurð sinn og tilkynnt hann sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því er umsóknin berst, nema þörf sé ýtarlegri upplýsinga, sem ekki verður aflað á þeim tíma.

12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn greitt stofnframlag sitt til hælisins eða samið um greiðslu þess, og er þá skylt, eftir að nægilegum húsakosti hefur verið komið upp, að taka á hælið hvern þann öryrkja, sem viðkomandi sveitarstjórn hefur óskað hælisvistar fyrir og stjórn hælisins hefur úrskurðað að rétt eigi til vistar þar, enda eigi öryrkinn ekki rétt á hælisvist annars staðar eða verði að bíða hennar lengri eða skemmri tíma.

Nú vanrækir sveitarfélag að greiða stofnframlag sitt til hælisins, og greiðir þá ríkissjóður framlagið og innheimtir það síðar hjá sveitarsjóði, en ekki öðlast slíkt sveitarfélag rétt til að ráðstafa fólki á hælið fyrr en sú skuld þess við ríkissjóð er að fullu greidd.

13. gr.

Hælið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarsjóðs.

14. gr.

Dvöl vistmanna á hælinu hefur engin áhrif á sveitfesti og framfærslurétt þeirra.

15. gr.

Nú verður ágreiningur milli stjórnar hælisins annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar út af stofnframlagi, viðbótarframlagi eða öðrum viðskiptum fjárhagslegs eðlis, og getur þá hvor aðili um sig skotið málinu til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

16. gr.

Meðan Reykjavíkurbær rekur öryrkjahæli að Arnarholti á Kjalarnesi eða sér öryrkjum sínum á annan hátt fyrir viðhlítandi hælisvist, skal hann undanþeginn þátttöku í stofnun og rekstri hælis þess, sem komið verður upp samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, þegar rekstraráætlanir hafa verið gerðar fyrir væntanlegt öryrkjahæli, að hagkvæmara mundi reynast og kostnaðarminna að hafa aðeins eitt slíkt hæli fyrir allt landið, og skal þá leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhendingu Arnarholtshælisins og stækkun á því, eða lausn málsins á annan hagkvæmari hátt, áður en ráðizt verður í að reisa nýtt hæli.

Nú takast samningar milli Reykjavíkurbæjar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um stofnun og rekstur sameiginlegs hælis, og er þá félagsmálaráðherra heimilt að ákveða, að málið skuli leyst á þann veg.

Í samningi þeim, sem að ofan getur, er heimilt að ákveða, að stjórn hælisins verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja og að tveir stjórnarmanna skuli kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. gr.

Nánari ákvæði um rekstur hælisins og skipulag skulu sett með reglugerð, sem stjórn hælisins semur, en félagsmálaráðherra staðfestir.

19. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, að upphæð allt að tvær milljónir króna, til byggingarframkvæmda samkvæmt lögum þessum, enda greiðist lánið af stofnframlögum sveitarfélaganna jafnóðum og þau innheimtast.

Ef þess gerist þörf, er ríkissjóði enn fremur heimilt að ábyrgjast allt að einnar milljónar króna rekstrarlán fyrir hælið gegn tryggingu í tekjum hælisins.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum félagsmálaráðherra. Er það samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta þingi og náði þá ekki afgreiðslu.

Nefndin varð ekki sammála um flutning frumvarpsins. Einn nefndarmanna, Gísli Jónsson, kvaðst vera andvígur frumvarpinu og því ekki vilja taka þátt í flutningi þess. Hinir fjórir voru sammála um, að rétt væri að verða við ósk ráðherra um að leggja málið fyrir þingið, en hafa hver um sig óbundnar hendur bæði um einstök atriði frumvarpsins og um málið í heild.

Svo hljóðandi greingerð frá félagsmálaráðuneytinu fylgdi málinu:

„Á síðasta Alþingi var flutt, að tilhlutan Sambands ísl. sveitarfélaga, frumvarp til laga um öryrkjahæli.

Alþingi afgreiddi ekki málið, en heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis sendi félagsmálaráðuneytinu frumvarpið til athugunar 23. janúar s. l., með beiðni um, að ráðuneytið leitaði umsagnar sveitarstjórna um málið. Var öllum sveitarstjórnum á landinu sent frumvarpið til umsagnar á s. l. vori. Af 105 umsögnum, sem borizt hafa um frumvarpið, lýsa 72 sveitarstjórnir sig samþykkar frumvarpinu í meginatriðum, 15 sveitarstjórnir, þar af tvö bæjarfélög (Akureyri og Siglufjörður), taka neikvæða afstöðu til málsins, 18 sveitarstjórnir tjá sig þess ekki umkomnar að taka ákveðna afstöðu til frumvarpsins, en af þeim lýsa 13 yfir því, að þær séu hlynntar málefninu, þó þær af fjárhagslegum ástæðum sveitarfélaga sinna færist undan að taka afstöðu til þess.

Í þeim tveimur bréfum, sem félagsmálaráðuneytið skrifaði sveitarstjórnunum um þetta efni, var skýrt tekið fram, að bærist ekki svar frá viðkomandi sveitarstjórn innan tiltekins tíma, mundi ráðuneytið líta svo á, *að sveitarstjórnin væri samþykk stefnu þeirri, er í frumvarpinu felst.* Virðist því mega líta svo á, að þær sveitarstjórnir, er enga umsögn sendu, en þær eru 124 alls, séu samþykkar stefnu og meginefni frumvarpsins, eins og það var lagt fyrir síðasta Alþingi, eða að minnsta kosti ekki andvígar því.

Samkvæmt því má telja að yfirgnæfandi meiri hluti sveitarstjórna í landinu séu frumvarpinu samþykkur.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur, með bréfi 2. okt. s. l., tjáð ráðuneytinu, að hún sé fylgjandi því, að öryrkjahælisfrumvarpið, sem flutt var af Karli Kristjánssyni á síðasta Alþingi, verði nú enn lagt fyrir yfirstandandi Alþingi.

Að þessu athuguðu lítur ráðuneytið svo á, að rétt sé, að nú verði aftur lagt fyrir Alþingi frumvarp það um öryrkjahæli, sem flutt var á síðasta þingi.

Það skal tekið fram, að ráðuneytið hefur ekki lagt mál þetta á ný fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, en hún neitaði samstarfi við önnur sveitarfélög um málið, þegar þess var leitað á árinu 1950. Allar aðstæður eru óbreyttar síðan, og höfuðröksemd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík var þá sú, að meðan engin ákvæði væru í lögum, sem legðu kvöð á sveitarfélögin í þessu efni, væri tæpast viðræðugrundvöllur fyrir hendi. Ráðuneytið er hins vegar þeirrar skoðunar, að takast muni að ná samkomulagi við Reykjavík um málið, þegar frumvarp þetta hefur náð samþykki Alþingis.

Nokkur sveitarfélög telja í svörum sínum réttu leiðina til lausnar þessu máli vera þá, að ríkið og Tryggingastofnun ríkisins reisi hæli þetta og reki það, en sveitarsjóðir greiði hæfileg daggjöld með framfærsluþurfum sínum á hælinu.

Ráðuneytið telur hins vegar, að eigi að bíða þess, að t. d. Kleppur verði stækkaður svo, að hann geti tekið við öllum, sem sveitarfélögin þurfa að sjá fyrir hælisvist vegna þeirrar örorku, sem frumvarpið fjallar um, eða ríkið reisi nýtt hæli fyrir þá annars staðar á landinu, muni þær framkvæmdir dragast enn um langt árabil. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar, að rétt sé að ríkissjóður leggi fram nokkra fjárhæð þegar í upphafi til stofnkostnaðar, eins og ráðgert er í frumvarpinu, og að Tryggingastofnun ríkisins verji fé ellistyrktarsjóðanna fyrst og fremst til að styrkja byggingu deildar fyrir elliær gamalmenni, sem einna fyrst yrði að koma upp, þegar hafin er bygging hælis þessa. Þá er og sanngjarnt að gera ráð fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins veiti hagkvæm lán til hælisins, ef þess þyrfti með og framlög ríkis og sveitarfélaga hrykkju ekki fyrir stofnkostnaði.

Ekki hefur þörfin fyrir aðkallandi lausn þessa vandamáls minnkað síðan málið var síðast lagt fyrir Alþingi, nema síður sé.

Öll höfuðrök fyrir þörf þess að reisa hæli þetta voru rakin í ýtarlegri greinargerð, er fylgdi frumvarpi því, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi og eru þau hin sömu enn, og lætur ráðuneytið nægja að vísa til þeirrar greinargerðar (þskj. 514 — 70. þing).

Þess skal að lokum getið, að á sameiginlegum fundi allra bæjarstjóra landsins, sem nú er nýlokið, var í öryrkjahælismálinu samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Bæjarstjórafundurinn lýsir sig samþykkan frumvarpi því um öryrkjahæli, sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið að leggja fyrir yfirstandandi Alþingi, og væntir þess, að það nái samþykki Alþingis sem allra fyrst."

Þess mun nú vænzt, bæði af fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga landsins og öðrum þeim, sem kunnugastir eru málefnum þeim, sem frumvarp þetta er ætlað að leysa að vissu marki, að lengri dráttur en orðinn er á einhverri viðhlítandi lausn verði til mikils tjóns og sinni Alþingi engu málefni þessu munu sveitarfélögin að líkindum leggja árar í bát um lausn þess, en taka upp þá stefnu að ætla ríkissjóði einum að ráða fram úr vandræðunum, sem fara vaxandi með hverju ári. Yrði þeim tæpast láð sú afstaða, ef um enga samvinnu gæti orðið að ræða, hvorki við ríkisvaldið né þá, sem stjórna málefnum höfuðstaðarins."

Ed. 213. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Aftan við 4. tölulið greinarinnar bætist nýr töluliður:

Á eftir B. 60 í 2. gr. laganna komi nýr liður:

Glámuvegur: Af Þingeyrarvegi á Rafnseyrarheiði suður um hálendið vestan Glámu á Gufudalsveg.

Sþ. 214. Fyrirspurnir. [113. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um kristfjárjarðir o. fl.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Hvað líður athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, sem Alþingi fól ríkisstjórninni að framkvæma með þingsályktun 19. apríl 1950?

II. Til viðskiptamálaráðherra um mannahald við vöruskömmtun og verðlagseftirlit.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hvað margir menn vinna enn hjá fjárhagsráði við vöruskömmtun, og hve miklu nema launagreiðslur til þeirra?
2. Hvað margir menn vinna við verðlagseftirlit, og hve miklu nema launagreiðslur til þeirra:
   a. í Reykjavík,
   b. utan Reykjavíkur?

Ed. 215. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. nóv. 1951.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Finnbogi R. Valdimarsson.	

Nd. 216. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir VI. kafla (40. gr.) laganna kemur nýr (VII.) kafli (41.—47. gr.), svo hljóðandi:

VII. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum.

a. (41. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlag-

anna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar.

b. (42. gr.) Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

c. (43. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 42. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

d. (44. gr.) Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi.

e. (45. gr.) Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og trygga örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

f. (46. gr.) Verði jarðareigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

g. (47. gr.) Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 45. og 46. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkv. ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 44. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 36. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af landbúnaðarnefnd, en einn nefndarmanna (ÁS) hefur áskilið sér óbundið atkvæði um málið. Frumvarpið var flutt á síðasta Alþingi af 2. þm. Skagf. (JS), og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Í lok síðustu heimsstyrjaldar var sú skoðun almenn, að verkefni landbúnaðarins hlyti að verða það eitt að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur. Sjávarútvegurinn mundi sjá þjóðinni fyrir öllum þeim gjaldeyri, er hún þarfnaðist. Með þetta í huga var allt kapp lagt á að efla sjávarútveginn og varið til þess miklu fé á okkar mælikvarða.

Til þess að landbúnaðurinn gæti fullnægt sínu hlutverki þurftu bændur að auka framleiðslu mjólkur og garðávaxta; af kjöti var meira en nóg framleitt, ef ekki var hugsað um útflutning. Nýbýlalögin, sem sett voru á þessum árum, mótast mjög af þessu viðhorfi, þar er höfuðáherzlan lögð á stofnun byggðahverfa, þar sem mjólkurframleiðsla og garðyrkja hljóta að verða aðalatvinnuvegirnir.

En þetta fór sem kunnugt er á annan veg en áætlað var. Aflabrestur, verkföll og sölutregða erlendis hefur leitt í ljós, að það er fyrirhyggjulaust af þjóðinni að byggja allar gjaldeyrisvonir á jafn misbrestasömum atvinnuvegi og sjávarútvegurinn er og hlýtur ávallt að verða. Til þess að ráða bót á þessu verður að vinna markvisst að því að koma öðrum atvinnugreinum, er hafa aðstöðu til að framleiða gjaldeyrisvöru til útflutnings, í það horf, að ekki þurfi að treysta eingöngu á getu sjávarútvegsins í þessum efnum. Að því er landbúnaðinn snertir er það sauðfjárræktin, sem hér kemur fyrst og fremst til álita.

Unnið er að því að útrýma sauðfjárpestunum. Fjárskiptin, sem farið hafa fram, hafa yfirleitt gefið ágæta raun og gerbreytt viðhorfi bænda til sauðfjárræktarinnar. Gengisbreytingin og hækkandi verðlag á útfluttum sauðfjárafurðum hefur einnig bætt mjög aðstöðuna til útflutnings á þessum afurðum, þó að gengið sé fram hjá þeirri tilraun með sölu á dilkakjöti til Bandaríkjanna, sem nú stendur yfir, og þeim vonum, sem við hana eru tengdar.

Það mun láta nærri, að nú sé rúmlega 400 þús. sauðfjár á öllu landinu. Flest mun sauðféð hafa orðið nokkuð yfir 700 þús., og mætti fjölga enn meir, líklega allt að 1 milljón, án þess að landið biði tjón af, ef jafnframt væri unnið markvisst að fjölgun býla í þeim sveitum, þar sem eru rúmgóð sauðlönd og góð ræktunarskilyrði, fækkun stóðhrossa, aukinni ræktun og tækni. Koma upp fjárheldum girðingum á hentugum stöðum og beitilönd ræst fram, þar sem þess er þörf. En þá má ekki afskipta þessi byggðalög um vegi og síma, eins og nú vill brenna við.

Hér skal engu um það spáð, hverju slíkt átak fengi orkað til bóta í gjaldeyrismálum okkar. En illa þætti mér þá úr rætast, ef útfluttar sauðfjárafurðir jafngiltu ekki að verðmæti öllum innfluttum rekstarvörum landbúnaðarins og skiluðu auk þess nokkrum afgangi í erlendum gjaldeyri.

Því miður er högum bænda nú svo háttað vegna fjárpestanna, að þeir eiga fyrir höndum erfiðan róður áður en því marki yrði náð, er ég hef drepið á. En nokkuð mætti líka flýta fyrir þessari þróun, ef markvisst væri að því unnið.

Að hér hefur verið vikið sérstaklega að því verkefni, er virðist bíða sauðfjárræktarinnar stafar af því, að aðaltilgangurinn með flutningi þessa frv. er að stuðla að því, að sauðfjárræktin geti sem fyrst tekið þetta verk að sér svo að um muni. Hér er um það að ræða, að nýbýlastjórn fái rýmra um hendur en nú er til að kaupa jarðir, ef þörf krefur, og til að veita ýmsa aðstoð og fyrirgreiðslu við endurbyggingu jarða. Þessi aðstoð mun aðallega koma sauðfjárræktarsveitunum að notum, þar eð sauðfjárpestirnar hafa í mörgum héruðum átt langmestan beinan og óbeinan þátt í, að jarðir byggðust ekki, er ábúendaskipti urðu. Talið er, að af þeim jörðum, er farið hafa í eyði síðustu 10 árin, hafi að minnsta kosti 52 byggilegar og góðar sauðjarðir farið í eyði af þessum sökum. Með þessu frv. er leitazt við að beina fjármagni nýbýlasjóðs meira til þessara sveita en unnt hefur verið hingað til og um

leið að því stefnt að tryggja búreksturinn og stuðla að því, að lönd, sem nú eru lítið nytjuð, en vel fallin til búrekstrar, verði fullnytjuð. Þá hefur það komið í ljós, að margar hreppsnefndir eru afskiptalausar um, þó að jarðir séu lagðar í eyði þvert ofan í ákvæði ábúðarlaganna. Til þess að ráða bót á þessu er lagt til, að nýbýlastjórn, sem auk nýbýlastjóra hefur trúnaðarmenn í hverju héraði, hafi rétt til að hlutast til um þessi mál að hreppsnefndinni frágenginni. Þykir líklegt, að þetta verði nokkuð aðhald fyrir einstaklinga um að sniðganga ekki lögin í þessu efni, eins og átt hefur sér stað. Það er heldur ekki við það unandi, að samtímis og ríkið ver miklu fé til að reisa nýbýli, leggi einstakir menn jafnvel allgóðar bújarðir í eyði óátalið og jafnvel með góðu samþykki sveitarstjórnanna, án þess að nokkuð sé að gert."

Frv. var afgreitt með svo felldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að í frv. eru nokkur nýmæli, sem meðal annars taka til allra hreppsnefnda á landinu, telur deildin rétt, að ríkisstjórnin sendi stjórn Búnaðarfélags Íslands frv. með ósk um, að hún leggi það fyrir næsta búnaðarþing til umsagnar. Í trausti þess, að svo verði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Hér fara á eftir umsagnir um frumvarpið.

Fylgiskal I.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 17. janúar 1951.

Á fundi nýbýlastjórnar ríkisins 12. þ. m. var lagt fram bréf háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 29. nóv. f. á., ásamt frumv. til laga um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946. Samþykkt var eftirfarandi:

„Nýbýlastjórn ríkisins telur þörf á lagaákvæðum, er tryggi betur en nú er, að jarðir, sem vel eru fallnar til ábúar, fari ekki í eyði, t. d. vegna jarðabrasks, og felur landnámsstjóra að öðru leyti að svara bréfi landbúnaðarnefndar."

Eins og fram er tekið í samþykkt þessari, þá var nýbýlastjórn öll sammála um nauðsyn ráðstafana, er tryggði ábúð jarða betur en gert er. Hins vegar taldi nýbýlastjórnin sig ekki viðbúna að benda á aðrar leiðir heppilegri en á er bent í frumvarpinu til að ná því marki, sem það stefnir að.

Á árinu 1947 og 1948 var safnað skýrslum um eyðijarðir og gerð skrá yfir þær. Gert var ráð fyrir, að jafnframt væru skráðar allnákvæmar upplýsingar um búrekstrarskilyrði jarðanna, orsakir til þess að þær færu í eyði o. fl. Nokkur misbrestur var á hve nákvæmlega skýrslurnar voru gerðar og nokkurs misræmis gætti hjá teljendum, hvað þeir teldu til eyðijarða, þó einkum á þann hátt, að nokkrir tóku með forn eyðibýli, sem ekki hafa verið sérmetin við þrenn fasteignamöt, er fram hafa farið eftir aldamót.

Búnaðarfélag Íslands fékk þessi gögn til athugunar á síðastliðnu sumri og skrifaði þá öllum hreppstjórum, og fengust bæði nokkrar leiðréttingar og allgott yfirlit um ástandið eins og það var miðað við fardaga 1950. Samkvæmt því hefur tala byggðra jarða verið þessi:

1932	.....	5589
1942	.....	5685
1950	.....	5279

Við síðustu tölur er þess að gæta, að þar eru ekki þau nýbýli talin, sem stofnuð hafa verið á síðustu árum, og mun býlatalan vantalin af þeim ástæðum um 232 býli, sem þó ekki eru öll komin í fullan rekstur.

Nokkuð hefur verið að því gert að benda þeim, er jarðnæðis leita, á eyðijarðir, en það virðist bera fremur lítinn árangur og helzt vegna þess, að byggilegustu jarð-

irnar eru ekki gefnar falar til sölu eða ábúðar, þó um þær sé beðið. Virðist því, að eitthvað þurfi annað að gera en halda uppi upplýsingastarfsemi í þessum málum.

Frumvarpið er tilraun í þá átt. Þar sem mál þetta varðar því nær öll sveitarfélög á landinu og búnaðarþing kemur saman innan skamms, verður að telja æskilegt, að umsögn þess komi til, áður en frumvarp um þetta efni er gert að lögum, og það væri ástæða til, þar sem nýbýlastjórn er ætlað að hafa eftirlit þessara mála samkvæmt frumvarpinu, að sameiginleg athugun búnaðarþings og nýbýlastjórnar færi fram, hver lagaákvæði mundu líklegust til úrbóta í þessu efni.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Ályktun búnaðarþings um frumvarp til laga um breyting á lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Samþykkt 6. marz 1951.

Búnaðarþing er samþykkt stefnu þeirri, er kemur fram í frumvarpinu, og beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis, að það heimili nýbýlastjórn með lögum að verja fé til þess að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, með því:

1. Að aðstoða fátæka bændur við að koma á nauðsynlegum umbótum á ábúðarjörðum þeirra í þeim tilgangi að hindra, að byggilegar jarðir fari í eyði.
2. Að aðstoða hreppsnefndir á því verksviði, er ábúðarlögin fela þeim, við að tryggja, að jarðir haldist í ábúð.
3. Að kaupa byggilegar jarðir, sem eru í eyði eða ekki byggjast að áliti nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi hreppsnefndar. Enda vinni nýbýlastjórn ötullega að því, að jarðir þessar komist sem fyrst í trygga ábúð.

Samþykkt með 21 samhljóða atkvæði.

Fylgiskjal III.

Ályktun milliþinganefndar búnaðarþings um frumvarp til laga um breytingar á lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frumvarpið var sent búnaðarþingi frá Alþingi s. l. vetur, og tók jarðræktarnefnd þess málið til meðferðar og lagði fram tillögur, er hníga í sömu átt og frumvarpið stefnir að, en gerði engar breytingartillögur við það. Búnaðarþingi vannst ekki tími til að afgreiða málið að fullu, og var því þess vegna vísað til milliþinganefndar þess til fullnaðarafgreiðslu frá hendi Búnaðarfélags Íslands.

Nefndin hefur nú tekið frumvarpið til endurskoðunar og rætt það við landnámsstjóra, sem er manna kunnugastur þessum málum. Sá hún ekki tilefni til að gera neinar breytingartillögur við það, en vísar því til aðgerða Alþingis með skírskotun til þeirrar ályktunar, er því fylgir frá búnaðarþingi.

Reykjavík, 12. nóv. 1951.

Jón Sigurðsson. Gunnar Þórðarson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 217. Þingsályktun [75. mál]

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands.

(Afgreidd frá Sþ. 14. nóv.)

Samhljóða þskj. 114.

Sþ. 218. Þingsályktun [25. mál]

um lánveitingar til íbúðabygginga.

(Afgreidd frá Sþ. 14. nóv.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta safna ýtarlegum skýrslum um lánsfjárþörf til íbúðabygginga og leggja fyrir þingið á grundvelli þeirrar rannsóknar tillögur til úrbóta, sem við það miðist, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf, til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum.

Ed. 219. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefur þegar hlotið samþykki Nd. með nokkrum breytingum, og hefur meiri hluti sjávarútvegsnefndar við athugun málsins á fundi sínum í dag ákveðið að mæla með því, að frv. verði samþykkt. óbreytt.

Tveir nefndarmenn, þeir Steingrímur Aðalsteinsson og Hannibal Valdimarsson, voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins í nefndinni, og er meiri hlutanum ókunnugt um afstöðu þeirra.

Alþingi, 14. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 220. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leitað álits landnámsstjóra og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Eru umsagnir þeirra prentaðar hér sem fylgiskjöl. Einnig bárust álit minni hluta hreppsnefndar Hraunhrepps og skógarvarðar Vesturlands, og eru þau einnig birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Það er samróma álit nefndarinnar, að fremur beri að stuðla að fjölgun býla en fækkun. En hins vegar lítur hún svo á, að með sameiningu umgetinna jarða skapist betri skilyrði fyrir tvo bændur til búskapar eða skiptingar jarðarinnar síðar meir í tvö býli heldur en með núverandi skipun.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú, eftir rækilega athugun þeirra gagna, er fyrir liggja, og viðtal við landnámsstjóra, er kom á fund nefndarinnar, að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Við athugun málsins kom í ljós, að jörðin er kirkjujörð, en ekki þjóðjörð. Leggur nefndin til, að það verði lagfært og frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við fyrirsögn frv. Fyrir orðið „þjóðjörðina“ komi: kirkjujörðina.

Alþingi, 14. nóv. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Andrés Eyjólfsson, frsm.
Jón Pálmason.	Ásmundur Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 5. nóv. 1951.

Hæstvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi dagsettu 1. þ. m. leitað umsagnar um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Það staðfestist hér með, að umsögn hreppsnefndar um jörð þessa er í alla staði rétt. Hvorki tún eða engjar er véltækt, mesta heyskaparaðstaða á jörð þessari, meðan túnið var í rækt, voru rúmir 200 hestar, þar af um 70 hestburðir taða. Ræktunarskilyrði heima eru erfið.

Með sameiningu þessara tveggja jarða ættu að vera möguleikar fyrir tvo góða bændur að búa á Helgastöðum, þar sem sú jörð gæti látið í té túnræktaraðstöðu, en Múlasel gæfi beitaraðstöðuna, bæði vetrar- og sumarhaga. Ef sameining jarðanna tryggði betur en nú er afkomu tveggja búenda á Helgastöðum, tel ég sölu jarðarinnar eðlilega ráðstöfun.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Fylgiskjal II.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. nóv. 1951.

Út af bréfi háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. þ. m., þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til að selja hr. Gísla Jónssyni Helgastöðum í Hraunhreppi í Mýrasýslu kirkjujörðina (eyðijörðina) Múlasel í sama hreppi, skal það tekið fram, að ráðuneytið sér ekkert því til fyrirstöðu, að ríkisstjórninni verði veitt heimild í lögum til að selja nefndum ábúanda og eiganda Helgastaða téða ríkisjörð Múlasel.

F. h. r.

e. u.

Kristinn Stefánsson.

Fylgiskjal III.

2. nóvember 1951.

Út af beiðni þeirri, er Gísli Jónsson bóndi á Helgastöðum í Hraunhreppi sendi hreppsnefnd Hraunhrepps og bað að hún mælti með sölu á kirkjujörðinni Múlaseli í Hraunhreppi, þannig að jarðirnar Helgastaðir og Múlasel yrðu sameinaðar. Nefndin hefur ekki orðið sammála, og skilar því minni hlutinn séráliti.

1. Minni hlutinn telur, að löggjafarvaldið eigi að beita sér fyrir því, að býlum fjölgi í landinu, hvort sem það er með þeim hætti að endurbyggja gömul eyðibýli eins og Múlaselið eða reisa ný frá grunni.
2. Viðhorf fólksins gagnvart landbúnaðinum er að breytast, þannig að mörg býli, sem fóru í eyði á fyrri setuliðsárunum, eru að byggjast aftur, og því er engin goðgá að halda, að Múlaselið geti byggzt aftur, þar sem það hefur þá laxveiði að bjóða í hálfri Grjótá og er nú komið í gott akvegasamband.
3. Verði Múlaselið selt, þá leggur minni hlutinn til, að allt skóglendi verði tekið undan, en það eru tugir hektara á hraunbreiðu og lyngmóum. Vel fallið til að planta út í það.

Ríkið hefur gert dálítið að því að kaupa skóglendi til friðunar og gróðursetningar. Því virðist mjög undarlegt, ef það fer að selja af skóglendi sínu tugi hektara til beitar búfénaði.

Á þessum forsendum segir minni hlutinn nei við sölu á Múlaselinu.

Hítardal, 18. okt. 1951.

Í minni hluta hreppsnefndar Hraunhrepps,

Leifur Finnbogason.

Til landbúnaðarnefndar á Alþingi.

Fylgiskjal IV.

Þar sem leitað hefur verið umsagnar hjá mér um Múlaselsland í Hraunhreppi í Mýrasýslu með tilliti til skógræktar, vil ég taka fram eftirfarandi:

Sá hluti Múlaselslands, sem er kjarri vaxinn, er á hrauni og jarðvegslítill og er þar af leiðandi á engan hátt eftirsóknarverður til skógræktar.

Mörg óleyst verkefni bíða skógræktarinnar á Vesturlandi um þessar mundir, og verður erfitt að fullnægja nema litlu einu af þeim næstu árin sökum fjárskorts og af öðrum ástæðum.

Að yfirveguðu ráði sé ég ekki ástæðu til þess, að skógræktin hafi nokkur afskipti af Múlaselslandi né óski eftir að fá land af umræddri jörð til skógræktar.

Virðingarfyllst,

Hreðavatni, 8. nóv. 1951.

Skógrækt ríkisins.

Skógarvörðurinn á Vesturlandi,

Daníel Kristjánsson.

Nd. 221. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Við 3. gr. Aftan við síðustu mgr. bætist: og hver beri ábyrgð á gæzlu hennar gagnvart öryggiseftirlitinu.
2. Við 6. gr.:
   a. Í stað niðurlags 2. mgr. „og skulu þeir lagfæra .... ef unnt er“ komi: og skulu strax tilkynna yfirmanni sínum, ef þeir verða varir við, að verkfæri, áhöld eða annar útbúnaður gengur úr lagi.
   b. Í stað orðanna „ber honum að tilkynna“ í 3. mgr. komi: ber honum eða trúnaðarmanni að tilkynna.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

   Sérhver sá, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal tilkynna það öryggiseftirlitinu.

   Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að allur öryggisútbúnaður sé samkvæmt þessum lögum.

   Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið viðkomandi skoðunarvottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi.
4. Aftan við 20. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

   Á vinnustöðum, þar sem aflvélar eru eða önnur vélknúin tæki notuð við reksturinn, skal að jafnaði vera starfandi maður eða menn, er hafa þekkingu á vélum þeim og tækjum, sem á vinnustöðum eru.

   Í fiskiðjuverum, frystihúsum og rafstöðvum skulu eingöngu vera við vélgæzlu menn, sem hafa öðlazt vélstjóraréttindi, og skulu þeir sjá um, að allur öryggisútbúnaður sé í lagi, í nánu samráði við öryggiseftirlitið. Þó skulu þeir menn, sem nú eru í þessum störfum, en hafa þó ekki tilskilin vélstjóraréttindi, eigi missa rétt til starfans við setningu þessara laga.

Nd. 222. Breytingartillaga [102. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Framan við gr. bætist:

Upphaflegur 14. liður (fyrir áorðnar breytingar 15. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

a. *Flateyrarhérað:* Ingjaldssandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.
b. *Súgandafjarðarhérað:* Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.

Ed. 223. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist nýr stafliður:
C. 29 í sömu gr. laganna orðist svo:
Eyjafjarðarbraut: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði og Hólsgerði að Vatnahjallavegi.
Til vara:
Eyjafjarðarbraut: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Hólsgerði.

Nd. 224. Frumvarp til laga [115. mál]

um úthlutun launa til listamanna.

Flm.: Jónas Árnason, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Fé því, sem veitt er á fjárlögum til rithöfunda, skálda og annarra listamanna, skal úthlutað samkvæmt því, sem segir í lögum þessum:

2. gr.

Úthlutun þeirra launa til listamanna, er Alþingi ákveður að veita ár hvert, annast nefnd, sem skipuð er nefndarmönnum menntamálaráðs, einum manni kosnum af háskólaráði til eins árs í senn og formanni Bandalags íslenzkra listamanna.
Nefndin kýs sér sjálf formann.

3. gr.

Úthlutunarnefnd veitir laun til listamanna í þrem flokkum, og skulu einstakar fjárhæðir ákveðnar í þessum hlutföllum: 5:3:1.
Nefndin úthlutar launanum til einstaklinga.
Hafi listamaður komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, má eigi lækka hann í flokki úr því.
Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

4. gr.

Laun til listamanna samkvæmt lögum þessum skulu skattfrjáls.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt af Magnúsi Kjartanssyni á tveim seinustu þingum, en ekki fengizt afgreitt. Á seinasta þingi fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:
Frumvarp það, sem hér er flutt, er algerlega samhljóða frumvarpi, sem gengið var frá á fundi Bandalags íslenzkra listamanna 26. janúar 1947, en áður höfðu listamannasamtökin innan Bandalagsins hvert um sig samþykkt frumvarpið því nær einróma í þessari mynd.

Aðdrangandi þeirrar frumvarpsgerðar var sá, að árið 1946 var það fyrirkomulag upp tekið, að pólitískri sérnefnd, skipaðri einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, var falið að úthluta launum til listamanna. Úthlutun nefndar þessarar vakti megna óánægju. Ýmsir listamenn neituðu að taka við því fé, sem þeim var skammtað, en aðrir mótmæltu opinberlega úthlutuninni og tilhögun hennar. Þáverandi menntamálaráðherra skipaði síðan fjögurra manna nefnd til að semja tillögur um endanlega skipan þessara mála, og áttu sæti í henni Jakob Benediktsson, Kjartan Ólafsson, Pálmi Hannesson og Gunnar Thoroddsen. Varð nefndin sammála um frumvarp, og sendi menntamálaráðherra það síðan Bandalagi íslenzkra listamanna til umsagnar. Bandalagið gerði nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar og gekk endanlega frá frumvarpinu í þeirri mynd, sem það birtist hér.

Af einhverjum ástæðum stöðvaðist frumvarpið eftir þetta í hirzlum menntamálaráðuneytisins, og því fyrirkomulagi hefur verið haldið, sem upp var tekið 1946. Mun þó sízt ástæða til að fullyrða, að sú tilhögun hafi gefið betri raun með árunum. Hver úthlutun hefur vakið ákafar deilur og óánægju jafnt meðal listamanna sem annarra, sem áhuga hafa á menningarmálum, enda ótvírætt, að störf nefndanna hafa oftast borið meiri keim af ýmsum annarlegum sjónarmiðum en listrænu mati.

Um einstök atriði frumvarpsins skal vísað til greinargerðar þeirrar, sem Bandalagið sendi menntamálaráðuneytinu ásamt tillögum sínum og hér fer á eftir.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. jan. 1947.

Með bréfi, dags. 4. des. '46, senduð þér Bandalagi ísl. listamanna til umsagnar „Frumvarp til laga um úthlutun höfundalauna".

Frumvarp þetta hefur verið athugað í öllum listamannafélögunum innan Bandalagsins, og Bandalagið sjálft hefur haft það til meðferðar og endurskoðað það. Bandalagið telur rétt, að frumvarpið verði kallað: „Frumvarp til laga um úthlutun launa til listamanna", og fylgir þessu bréfi uppkast að frumvarpi eins og bandalagsfundur 26. jan. 1947 samþykkti að óska eftir, að það yrði.

Vér viljum taka það fram þegar, að listamannasamtökin í landinu, skipulögð innan Bandalagsins, hafa goldið þessum endurskoðaða texta frumvarpsins því nær einróma jákvæði í öllum atriðum.

Nú skulu talin höfuðrök Bandalagsins fyrir hverri grein um sig í frumvarpinu.

2. gr.: Með því að menntamálaráði eru falin á hendur ýmis ábyrgðarmikil verkefni í menningarmálum þjóðarinnar, telur Bandalagið líkur fyrir því, að Alþingi vandi eftir föngum val nefndarmanna til þessa ráðs, og telur ekki í grundvallaratriðum ástæðu til að vantreysta ráðinu til að eiga þátt í úthlutun launa handa listamönnum. Hins vegar er það almenn skoðun listamanna, að þeim sé lítið öryggi í algerlega pólitískum sérnefndum, sem kosnar eru í því skyni einu að dreifa listamannafé í umboði stjórnmálaflokka, en hafa engar almennar menningarlegar skuldbindingar gagnvart þjóðfélaginu að öðru leyti. Er þess skemmst að minnast, að slík pólitísk nefnd var kosin til þess starfs (1946) með þeim afleiðingum, að listamenn ýmist neituðu að taka við fé úr hendi hennar eða gerðu það með hangandi hendi, enda erfitt að benda á nokkurn aðila, sem var ánægður með þá skipan.

B. Í. L. telur listamönnum öryggi í því, að kjörinn maður frá virðulegustu almennri menntastofnun landsins, Háskóla Íslands, eigi sæti í nefnd, sem umbunar listamönnum fyrir þjóðfélagsins hönd.

Með skipun formanns B. Í. L. í nefndina teljum vér tryggt, að sjónarmið listamanna sjálfra komi fram við úthlutun listamannalauna, enda er fundarsamþykkt Bandalagsins frá 26. janúar 1947 fyrir því, að nái lögin alþingissamþykki með því ákvæði, að í úthlutunarnefnd skuli bandalagsformaður sitja, þá skuli á næsta aðalfundi eftir gildistöku laganna vera sett í lög Bandalagsins ákvæði, sem skylda for-

manninn til að leita tillagna frá sambandsfélögum Bandalagsins, áður en úthlutun fer fram.

3. gr.: B. Í. L. telur eðlilegt, að listamönnum sé úthlutað í þrem flokkum: Heiðursflokki, viðurkenningarflokki (atvinnulaun) og nýliðaflokki (efnilegir byrjendur). Enn fremur leggja listamenn áherzlu á, að heildarfúlgunni sé ekki jafnað niður á listgreinar, slík niðurjöfnun er óvinsæl og olli í þau skipti, sem hún var framkvæmd, óhollum metingi og rig milli listafélaganna. B. Í. L. álítur, að framar beri að launa listamenn eftir persónulegum verðleikum en hinu, hvort fleiri eða færri stunda hverja listgrein, því vel kann svo að vera, að i hinni fjölmennustu listgrein sé enginn framúrskarandi listamaður, og er þá sízt ástæða til að ætla þeirri listgrein meira fé en annarri fámennari, sem kann þó að eiga afburða listamenn í sínum hópi.

B. Í. L. telur mikilsvert ákvæði það, sem leggur bann við að svipta listamann launum eða lækka á honum, hafi hann af fleiri nefndum en einni verið metinn til ákveðinnar fjárhæðar. Með ákvæði þessu er tilgangurinn að koma í veg fyrir, að viðurkenndur listamaður geti um fjárhag sinn verið háður duttlungafullum refsiaðgerðum hugsanlegra nefnda, sem af einhverjum ástæðum vilja ekki aðhyllast hlutlæg sjónarmið í úthlutunarstarfinu. Eru þess dæmi úr fortíðinni, að listamenn, sem um áraskeið höfðu notið ákveðinna launa, voru sakir sjónarmiða, óskyldra list, fyrirvaralaust sviptir launum sínum að mestu eða öllu og þar með lífsöryggi sínu.

4. gr.: Margir listamenn líta svo á, að laun til listamanna séu aðeins að nafni til laun; enda standa listamenn utan launalaganna. Þeir halda því fram, að fé, sem veitt er af ríkinu ýmist til að styrkja menn eða heiðra þá, eigi að vera skattfrjálst, og benda á, að í öðrum löndum sé því svo farið um legöt og heiðursfé.

Virðingarfyllst,

f. h. Bandalags ísl. listamanna,

Lárus Pálsson (form.).

Ed. 225. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta fer fram á, að hækkaðir séu vextir af skuldabréfum þeim, er ríkissjóður hefur greitt bændum upp í bætur fyrir að vera sauðlausir, úr 4% í 6%. Öllum var ljóst, að það var mjög mikilsvert, að fjárskiptunum yrði flýtt, og mun það hafa verið höfuðástæðan til þess, að gripið var til þess að greiða bændum nokkurn hluta af þeim bótum, er þeim bar, með skuldabréfum. Þessi bréf eru, eins og kunnugt er, 5 ára bréf, og er því sá höfuðstóll, sem í þeim stendur, tekinn úr rekstri búanna. Við þessu mega bændur illa, og hefur þorri þeirra, sem aftur hafa fengið fjárstofn, orðið að taka lán til að geta greitt hann með. Illa hefur gengið að fá slík lán og það torveldað fjárskiptin. En hafi það fengizt, hafa það verið 6—7% vaxta lán.

Nefndin rannsakaði hver kostnaður ríkissjóðs mundi verða vegna þessarar 2% hækkunar bréfavaxtafætinum. Sé gengið út frá því, að útgáfu bréfa til bótagreiðslna til bænda verði hagað eins 1952—54 og verið hefur 1950 og 1951, yrði aukinn kostnaður ríkissjóðs sem hér segir:

1951:73325, 1952:119903, 1953:159903, 1954:202903, 1955:144578, 1956:144578, 1957:98000, 1958:58000, 1959:58000.

Alls yrði það þá liðug milljón króna, sem ríkissjóður greiddi á 9 árum vegna þessa. Nefndin lítur svo á, að hvort tveggja sé, að bændur geti illa staðið undir þeim vaxtamun, sem er á lánum þeim, sem þeir kunna að geta fengið til fjárkaupa, og þeir fá af bréfunum, og eðlilegra sé, að heildin, ríkissjóður, greiði sömu eða svipaða vexti af þeim og bændur þurfa að greiða af fjárkaupalánum sínum. Þar að auki hefur ríkisstjórnin á hverjum tíma á valdi sínu, hve mikið hún notar sér heimildina til að greiða bæturnar í bréfum, og að því leyti á valdi sínu, hve vaxtagreiðslan verður há.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmaður (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var rætt og ákvörðun tekin um afgreiðslu þess.

Alþingi, 15. nóv. 1951.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	

Ed. 226. Lög [61. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.)

Samhljóða þskj. 87.

Ed. 227. Lög [30. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.)

Samhljóða þskj. 32.

Sþ. 228. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um fiskveiðaaðstöðu íslenzkra skipa við Grænland.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja íslenzkum fiskiskipum sem bezta útgerðaraðstöðu á Grænlandi.

Greinargerð.

Á yfirstandandi ári hófu íslenzkir togarar fiskveiðar við Grænland í allstórum stíl. Veiðin á þessum nýju miðum hefur gefið góða raun, og nú má telja það víst, að á næsta ári leiti íslenzki togaraflotinn aftur á þessi mið.

Reynsla íslenzku togaranna af veiðunum við Grænland er góð. Fiskimiðin eru stór og víða hægt að leita fyrir sér. Fiskmagnið virðist vera mjög mikið, og fiskurinn er góður. Þann tíma, sem íslenzku togararnir stunduðu þessar veiðar í ár, eða ágúst, september og októbermánuð, var tíðarfarið mjög gott og miklum mun betra en hér á heimamiðum. En reynslan af þessum veiðum hefur líka leitt í ljós, að aðstaða Íslendinga til veiða við Grænland er ekki góð hvað eðlileg viðskipti við land snertir.

Héðan að heiman og á Grænlandsmið er löng leið. Skipin eru yfirleitt 3—6 sólarhringa, eftir því, hvar veitt er við Grænland. Veiðiferð á þessi fjarlægu mið er því gerð þannig, að skipin haldi sem lengst úti að mögulegt er vegna olíu og vista. En margt getur komið fyrir í svona veiðiferðum, þannig að leita verður lands. Skip geta orðið fyrir áföllum, skipverjar orðið illa veikir, olía eða vatn eyðzt óeðlilega eða vistir reynzt ónógar. Og þá er óhjákvæmilegt að leita til lands. Nú er öll aðstaða í þessu efni hin versta. Langar leiðir getur þurft að fara til þess að hægt sé að fá nauðsynlegt vatn eða að leita megi læknis. Verzlunarviðskipti í þeirri einu höfn, sem heimilt er að leita í, eru vægast sagt erfið, og ýmislegt bráðnauðsynlegt virðist ekki mögulegt að fá.

Aðalkeppinautar okkar í fiskveiðum, Norðmenn og Færeyingar, hafa búið um sig í Færeyingahöfn. Þangað leita þeirra skip og geta bæði losað þar farma og fengið þar vistir. Íslendingar eiga þarna engan fyrir, og aðstaða þeirra er hin versta.

Fari svo, sem margt bendir til, að mikill hluti íslenzka togaraflotans stundi veiðar á Grænlandsmiðum næsta sumar og haust, þá verða þar sennilega um 40 skip með um 40 mönnum hvert, eða 1600 Íslendingar. Þetta er æði mikill hópur og ekki sæmandi að láta aðstöðu þeirra vera á þá lund, sem hún er nú.

Það væri á margan hátt eðlilegt, að Íslendingar sendu stór fiskflutningaskip til Grænlands, sem tækju þar saltfisk af togaraflotanum og færðu skipunum jafnframt salt og vistir, svo að hægt væri að komast hjá því, að veiðiskipin séu að flytja fiskinn úr hverri ferð til útlanda. Á þann hátt gætu þau haldið sér að veiðunum og og aflað meira. En til þess að slíkt sé mögulegt, þarf að tryggja Íslendingum rétt til þessa atvinnurekstrar í höfn á Grænlandi.

Hér hefur einvörðungu verið rætt um veiðar togara við Grænland. En það er vitað, að einnig er mikill og vaxandi áhugi bátaútvegsmanna fyrir fiskveiðum við Grænland. En þar til tekizt hefur að skapa sæmilega góða útgerðaraðstöðu fyrir íslenzk skip í höfn á Grænlandi, getur varla orðið úr veiði báta þaðan, en togaraflotinn mun leita þangað, jafnvel þótt engin aðstaða til bóta fáist frá því, sem nú er.

Mér er það ljóst, að það kann að vera ýmsum örðugleikum bundið að tryggja Íslendingum góða útgerðaraðstöðu á Grænlandi. Margir Íslendingar eru þeirrar skoðunar, að okkur en ekki Dönum beri eðlilegur yfirráðaréttur yfir Grænlandi. Ríkisstjórnin hefur þó hlið þessara mála til athugunar, en hér er um að ræða þá eðlilegu sanngirniskröfu Íslendinga að fá sæmilega frjálsa aðstöðu til þess að athafna sig í grænlenzkum höfnum og eiga þar venjuleg viðskipti, og svo þess, að njóta sambærilegrar aðstöðu og Norðmenn t. d. njóta í Færeyingahöfn.

Það er skoðun mín, að ríkisstjórnin eigi að taka þetta mál til skjótrar athugunar, og mætti þá kannske takast að gera aðstöðu okkar betri á þessum þýðingarmiklu, nýju fiskimiðum.

Nd. **229. Frumvarp til laga** [117. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1952 leggja á tekjur ársins 1951 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af	afgangi.			
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	—	—	—			
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	—	—	—			
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	—	—	—			
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	—	—	—			
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	—	—	—			
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	—	—	—			
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	—	—	—			
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	—	—	—			
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	—	—	—			
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	—	—	—			
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	—	—	—			
—	200		—	—	—	16730	—	—	200										

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum skulu gilda til ársloka 1952.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1952 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 406.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, sem nú eru í gildi um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1952, og umreikningstala tekjuskatts er sett 406 í stað 340 og er það í samræmi við breytingar þær, sem orðið hafa síðan í fyrra.

Ed. 230. Frumvarp til laga [118. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. grein, og hljóðar svo:

Nú óska forráðamenn sjóðs eða stofnunar, er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að fá leyfi til breytinga á skipulagsskrá, og getur þá forseti veitt staðfestingu á breytingunni, enda séu þau ákvæði skipulagsskrár, er breyta skal, orðin verulega óhagkvæm vegna breyttra aðstæðna eða viðhorfa.

Því aðeins má heimila, að fjármunum sjóðs eða stofnunar verði ráðstafað í öðru augnamiði en skipulagsskrá mælir fyrir um, að þær þarfir, sem með þeim fjárframlögum skyldi leysa, séu horfnar eða fyrir þeim séð með öðrum hætti, er geri fjárframlög samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þýðingarlítil.

Gæta skal þess, þegar breyting er heimiluð á skipulagsskrá, að farið sé svo nærri óskum stofnenda hennar sem hinar breyttu aðstæður leyfa.

Dómsmálaráðuneytið fjallar um málefni þau, er um ræðir í þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo hefur reynzt um ýmsa sjóði, er fengið hafa staðfesta skipulagsskrá sína, að breyttar aðstæður í þjóðfélagsháttum og fjármálum hafa gert úrelt eða óhagkvæm ýmis ákvæði í skipulagsskránum, þótt góð og gild væru, er þau voru sett. Hafa þannig orðið óvirkir ýmsir sjóðir, sem ætluð voru ákveðin verkefni, og er það ýmist sökum þess, að verkefni eru eigi lengur fyrir hendi með sama hætti og gert var ráð fyrir, þegar sjóður var stofnaður, eða leiðir þær, sem ákveðið er að farnar skuli til að leysa verkefnin, eru eigi lengur hagkvæmar.

Eigi hefur verið talið ótvírætt að heimila mætti breytingar á slíkum skipulagsskrám, a. m. k. þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum breytingum í upphaflegu skipulagsskránni. Er því lagt til að lögfest verði ákvæði þessa frumvarps.

Nd. 231. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Eysteini Jónssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Aftan við 1. gr. frv. bætist:
   Í stað inn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. l. nr. 8 1944 koma tvö ný héruð, þannig:
   a. *Egilsstaðahérað vestra:* Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.
   b. *Egilsstaðahérað eystra:* Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.
2. Aftan við 1. gr. frv. bætist ný grein:
   7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.
3. Við fyrirsögn frv. bætist: og á l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim lögum.

Ed. 232. Lög [3. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild).

(Afgreidd frá Ed. 16. nóv.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. 233. Lög [42. mál]

um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 16. nóv.)

Samhljóða þskj. 52.

Ed. 234. Lög [41. mál]

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. nóv.)

Samhljóða þskj. 51.

Ed. 235. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. Við V. (Rangárvallaprófastsdæmi).
Töluliður 27 falli niður.

b. Við VII. (Kjalarnessprófastsdæmi).
Á eftir tölul. 41 komi nýr liður, svo látandi:
Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn. Prestssetur: Ofanleiti.

Nd. 236. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. c-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Undanskilið skal þó áætlað afgjald fyrir húsnæði, sem eigandi býr í.

2. gr.

Á eftir c-lið 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Frá tekjum einstaklings skal draga leigu eftir húsnæði, sem hann býr í, og kostnað við að hita það upp. Sama gildir um hitakostnað vegna húsnæðis, sem eigandi býr sjáfur í.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi skattalögum er við skattlagningu ekki tekið neitt tillit til sannanlegra útgjalda vegna húsaleigu eða hitakostnaðar, og húseigendum eru áætlaðar tekjur vegna afnota eigin íbúðar.

Þessi skattlagningarregla leiðir til mjög ósanngjarnar niðurstöðu hjá fjölda skattgreiðenda. Húsaleiga er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu, og sama er að segja um hitunarkostnað. Þá er einnig vitanlegt, að mikils ósamræmis gætir í mati skattanefnda á eigin húsaleigu. Þegar alls þessa er gætt, verður ljóst, að hækkun persónufrádráttar getur ekki leyst þennan vanda, heldur er eina leiðin til jafnréttis sú, að heimila frádrátt frá skattskyldum tekjum sem svarar greiddri húsaleigu og hitakostnaði og hætta að reikna mönnum tekjur vegna afnota af eigin húsnæði, enda ekki um neinar beinar tekjur að ræða. Hefur þessi áætlaði tekjuauki vegna eigin húsnæðis torveldað mjög efnalitlu fólki að geta ráðizt í húsbyggingar, því að tekjurnar hafa verið áætlaðar því hærri sem byggingarkostnaður hefur hækkað.

Nd. 237. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. Orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“ í niðurlagi 1. málsgr. falli burt.
b. 2. málsgr. falli burt.

2. gr.

Síðasti málsl. 5. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frv. er lagt til, að numinn verði úr lögum einkaréttur ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Oft er um það rætt, að æskilegt sé að stuðla að auknum ferðalögum útlendinga til landsins. Er til þess vitnað, að sumar aðrar þjóðir hafi drjúgar tekjur af ferðamannaviðskiptum, og talið líklegt, að þau gætu orðið íslenzku þjóðinni tekjulind í framtíðinni, ef unnið væri að því að bæta hér skilyrði til móttöku erlendra manna og hvetja þá til ferða hingað. En ríkiseinokun, á þessu sviði sem öðrum, er misjafnlega séð í viðskiptalöndum okkar, og er mjög sennilegt, að ferðalög útlendra manna hingað til lands mundu aukast, ef fleiri aðilar en ferðaskrifstofa ríkisins *hefðu möguleika til þess að reka ferðaskrifstofur og veita útlendingum* leiðbeiningar og fyrirgreiðslu á ferðalögum þeirra hér á landi.

Nd. 238. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá minni hl. varnarsamningsnefndar (EOl).

Afstaða Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins gagnvart hernámssamningnum frá 5. maí 1951 og aðstöðu Alþingis til að fjalla um hann var mörkuð í upphafi þessa þings með þeirri yfirlýsingu flokksins, er ég las upp á þingfundi 2. okt. og hljóðaði svo:

„Frá því Alþingi var slitið síðasta vor hafa gerzt þau tíðindi í landi voru, að stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið brotin af ríkisstjórninni og landið verið ofurselt erlendum her, sem að undirlagi ríkisstjórnarinnar hefur hernumið landið.

Alþingi hafa með þessu stjórnlagarofi verið settir tveir kostir.

Annar er sá, að sætta sig við framið ofbeldi. En engin aðgerð Alþingis eftir á getur löghelgað þann verknað, sem valdhafarnir auðsjáanlega óttuðust að aldrei fengist drýgður, ef þing og þjóð yrðu látin ráða því áður að lögum. Alþingi getur tekið þann kost og þar með kropið valdinu, svo sem það gerði á niðurlægingartíma þjóðar vorrar hinum fyrra. En aldrei getur það afsalað þjóðinni þeim rétti, sem hún var rænd með stjórnlagarofinu og hernáminu 5.—7. maí, réttinum til að ráða landinu og byggja það ein og frjáls.

Hinn kosturinn er sá, að ómerkja aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ógilda þar með þann hernámssamning, sem hún gerði við eitt sterkasta herveldi heims, eftir að hafa árum saman þegið fjárgjafir af ríki því og gert íslenka ríkið þeim fjárgjöfum háð að hennar áliti.

Þessi er sú leið, sem þjóð og þing fyrr eða síðar munu velja.

Baráttan á Alþingi mun því héðan af fyrst og fremst mótast af því markmiði, svo sem var á undanförnum öldum, að endurheimta til þings og þjóðar fullt vald yfir landinu og algert fjárforræði í hendur þjóðarinnar. Barátta Íslendinga mun því beinast fyrst og fremst gegn því herveldi, sem lagt hefur undir sig landið, og þeirri landstjórn, sem það heldur uppi með fé sínu og segir fyrir verkum.

Ég vil lýsa yfir því fyrir hönd Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins í byrjun þessa þings, að þeirri baráttu verður haldið áfram, unz sigur er unninn og hið erlenda herveldi verður að sleppa tökum á þjóð vorri og innrásarher þess að hrökklast burt af landi voru fyrir einhuga kröfum vopnlausrar en sameinaðrar þjóðar vorrar.

Þessa yfirlýsingu vildi ég flytja hinu fyrsta Alþingi lýðveldisins, sem nú hefur störf sín í hernumdu landi á friðartímum."

Afstaða flokksins til innihalds samningsins var birt opinberlega 8. maí í vor, strax eftir hernámið, með yfirlýsingu til þjóðarinnar, er miðstjórn Sósíalistaflokksins gaf út og prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal nr. I.

Ég hafði búizt við því, að þess yrði kostur að ræða þennan samning í nefndinni, svo afdrifaríkur sem hann getur orðið, en svo varð ekki. Mun ég nú hér gera nokkra grein fyrir rökum mínum gegn þessum samningi.

1. Sögulegur aðdragandi samningsins.

Ísland hefur einu sinni áður gert samning um „hervernd" við Bandaríkin. Sá samningur var gerður af ríkisstjórn 25. júní 1941 og lagður fyrir Alþingi 9. júlí s. á., en deginum áður hafði ameríska herlið stigið á land á íslenzkri grund.

Það hefur síðan verið upplýst, að sá „samningur" var þannig til orðinn, að íslenzku ríkisstjórninni voru settir eins konar úrslitakostir að samþykkja þennan

„samning“ innan 24 klukkustunda, og það gerði hún. Síðan var hann lagður fyrir Alþingi sem gerður hlutur. Það Alþingi, er samþykkti hann, hafði enga heimild til þess. Umboð þess frá kjósendum, er því var gefið með kosningunum 20. júní 1937 til fjögurra ára, var runnið út 20. júní 1941. Þrír flokkar þingsins, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, höfðu komið sér saman um að brjóta stjórnarskrána, láta kosningar ekki fara fram, en veita sjálfum sér umboð til þingsetu. Þessir sjálfkjörnu þingmenn samþykktu síðan nauðungarsamninginn frá 25. júní. Sumir þeirra fengu þó ekki dulið andúð sína, svo sem þáv. þm. Akureyrar, er sagði svo m. a. í greinargerð fyrir atkvæði sínu:

„Mun ekki verða hjá því komizt að gera þennan samning við Bandaríkin, því að hnífurinn er á barka okkar. Þessi ríki hafa ráð okkar í hendi sér og geta bannað alla flutninga til landsins, þau geta komið í veg fyrir það, að við getum flutt einn fiskugga úr landi, og stefnt þannig fjárhag okkar og lífi í hættu. Ég sé því ekki, að komizt verði hjá því að samþykkja þetta, og mun því ekki greiða atkvæði á móti þessu, þó að ég héldi í fyrstu, að ég mundi gera það, og getur meira að segja verið, að ég greiði beinlínis atkvæði með málinu, þó að ég geri það nauðugur.“

Samkvæmt þessum ólöglega nauðungarsamningi skuldbundu Bandaríkin sig til að fara með her sinn burt af Íslandi strax að stríði loknu.

Er stríðinu lauk, brugðust Bandaríkin þessu heiti sínu og rufu þannig samninginn. Kváðust þau skilja hann á annan veg en Íslendingar og sátu sem fastast með her sinn hér að stríðslokum.

En Bandaríkjastjórn sú, sem nú var tekin við undir forsæti Trumans, lét sér það ekki nægja, heldur ætlaði auðsjáanlega að hagnýta sér hina ólöglegu hersetu sína á Íslandi til þess að ná varanlegum hernaðarítökum á landi voru.

1. okt. 1945 fór Bandaríkjastjórn fram á það við ríkisstjórn Íslands, að Bandaríkjunum væru afhentir þrír tilteknir staðir á Íslandi: Keflavíkurflugvöllur, Skerjafjörður og Hvalfjörður — til herstöðva í 99 ár undir algerum bandarískum yfirráðum. Með þessum „tilmælum“ sýndi Bandaríkjastjórn, hvað hún hugðist fyrir gagnvart Íslandi: að ná hér herstöðvum sér til handa. Þessi yfirdrottnunarstefna hins ameríska hervalds var þá ekki hulin neinum átyllum, svo sem þeim, að Íslendingar ættu að sameinast Bandaríkjunum til baráttu gegn bolsévismanum, eins og Hitler hafði sagt við þær smáþjóðir, sem hann gerði sér undirgefnar. Bandaríkjastjórn sýndi Íslandi klærnar 1. okt. 1945, án þess að fela þær í silkiglófa lýðræðisins, svo að Íslendingum má síðan vera minnisstætt hvað sú stjórn vill oss. Það er táknrænt um haldleysi þeirra átyllna, sem nú eru notaðar af sömu mönnum, er höfnuðu kröfum Bandaríkjanna frá 1. okt. 1945, að bera saman afstöðu Bandaríkjanna annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar gagnvart þeim Norðurlöndum, er þau höfðu her í 1. okt. 1945.

Sovétríkin höfðu her bæði í Noregi og Danmörku 1. okt. 1945. Sovétríkin tilkynntu stjórnum þessara landa, að þau færu með her sinn á brott úr þeim og hófu í sama mánuði brottflutning hersins og luku honum bráðlega.

Bandaríkin höfðu her á Íslandi 1. okt. 1945 og tilkynntu þá ríkisstjórn Íslands, að þau færu alls ekki burt með hann fyrr en þeim sýndist, svo og skeyttu engu um skilning Íslendinga á samningnum, en kröfðust hins vegar herstöðva til 99 ára.

Síðan hafa Bandaríkin klófest Ísland sem herstöð og svælt Noreg og Danmörk inn í hernaðarbandalag við sig. Þetta á svo að heita ágengni frá Sovétríkjunum!

Ólafur Thors, er var forsætisráðherra 1945, lýsti ágengni og yfirdrottnunarstefnu Bandaríkjanna, er fram kom í kröfum þeirra 1. okt. 1945, á þessa leið í þingræðu 20. sept. 1946 (Alþt. 1946, aukaþing, B. 140):

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera voldugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sínu

landi. Og margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi. Gegn þessu reis íslenzka þjóðin.“

Ísland hafnaði kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar 1945 og bauð yfirgangi þessa volduga herveldis byrginn, vegna þess að Sósíalistaflokkurinn var í stjórn og gerði það að skilyrði stjórnarsetu, að árás þessari á sjálfstæði landsins væri hrundið. Þá markaði þjóðina stórhugur og ættjarðarást, sem einkennt hafði lýðveldisstofnunina, og góður efnahagur hennar og sæmileg lífskjör voru raungóður grundvöllur þess stolts, sem kom fram í neituninni á því að beygja sig fyrir ágengni Bandaríkjastjórnar.

Bandaríkjastjórn mun hafa orðið fyrir vonbrigðum, er henni mistókst að sölsa undir sig herstöðvar á Íslandi 1945. En því, sem henni mistókst að ná í einu áhlaupi, hugði hún nú að ná eftir nokkrum krókaleiðum og í nokkrum áföngum. Áfangarnir voru þessir:

1. Með Keflavíkursamningnum 5. okt. 1946 náði hún fangstað á íslenzkri grund undir fölsku yfirskini og klæddi nú hermenn sína í borgaraleg föt, unz sá tími kæmi, að hún þyrði að sýna Íslendingum framan í her sinn einkennisklæddan aftur.

2. Með Marshallsamningnum 1948 tryggði hún sér yfirráðin yfir efnahagsmálum Íslendinga, og síðan hefur lífskjörum landsbúa hrakað, svo sem reynslan sýnir. Með því að gera ríkisstjórn landsins sér háða með hinum miklu fjárgjöfum, en leiða hins vegar atvinnuleysi og kauplækkanir yfir almenning, hugðist Bandaríkjastjórn skapa sér fylgispaka ríkisstjórn í landinu, en brjóta kjark þjóðarinnar með aukinni fátækt almennings. Jafnhliða átti svo samstilltur áróður hinna amerísksinnuðu blaða á Íslandi að brjála svo dómgreind almennings, að Bandaríkjastjórn fengi komið hernaðaráformum sínum á Íslandi í framkvæmd.

3. Með Atlantshafssamningnum 30. marz 1949 tryggði Bandaríkjastjórn sér átyllu þá, sem nú er vitnað í, til þess að ná herstöðvum þeim, sem Bandaríkin allt þetta árabil ætluðu sér að klófesta hér.

Þó voru bæði Keflavíkursamningurinn og Atlantshafssamningurinn af hálfu formælenda þeirra einmitt varðir undir því yfirskini, að einmitt væri verið með þessum samningum að fyrirbyggja, að herstöðvar yrðu á Íslandi.

Ólafur Thors sagði 1946 — Keflavíkursamningnum til varnar — í ræðu þeirri, er áður var vitnað í, þessi orð fyrst um herstöðvakröfurnar 1945 og svo um Keflavíkursamninginn:

„Hins vegar töldu Íslendingar, að réttur til herstöðva á Íslandi erlendu ríki til handa væri ekki samræmanlegur sjálfstæði Íslands og fullveldi.“ — Og svo ofurlítið síðar: „Að nefna þennan samning (Keflavíkursamninginn) í sömu andránni og hið svonefnda herstöðvamál er goðgá.“

Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra sagði um Atlantshafssamninginn í Morgunblaðinu 22. marz 1949 út af viðræðum ráðherranna við Bandaríkjastjórn:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum því aldrei samþykkja, að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þess afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“

Nú hafa þessir menn, sem lýstu sig andvíga herstöðvum á Íslandi og vopnun Íslendinga, snúið við blaðinu. Nú lýsa þeir því yfir, að sjálfsagt sé, að erlent ríki hafi herstöðvar á Íslandi á friðartímum og helzt eigi Íslendingar líka að taka upp vopnaburð sjálfir.

Þessi snarsúningur þessara manna gefur til kynna, að þeir hafi vitandi vits sagt þjóðinni ósatt, er verið var að blekkja hana inn í hernaðarbandalag. Tilgangur þeirra hafi verið að sefa hana, unz þeir ærðdu að hleypa erlendum her inn í landið, svo að ofurefli slíks hers gæti sýnt þjóðinni í tvo heimana, ef hún tæki að mögla.

Er það einkum eftirtektarvert, hvernig tilhneigingar Sjálfstæðisflokksins til fasisma hafa aukizt síðan hinn ameríski her kom inn í landið.

Þannig hefur sá hluti þjóðarinnar, er trúði þessum mönnum, verið dreginn á tálar með ósannindum um fyrirætlanir Bandaríkjanna, unz Bandaríkjastjórn þótti tími til kominn að ráðast með her sinn inn í land vort, láta ríkisstjórnina samþykkja innrásina og leggja undir sig Ísland sem herstöð.

Takmarki því, sem Bandaríkjastjórn ætlaði að ná í einu áhlaupi 1. okt. 1945, tókst henni að ná í áföngum, og var lokaáfanginn hernámið 7. maí 1951. Eftir það hernám var átyllunum, sem veifað hafði verið í kosningum undanfarið, fleygt fyrir borð. Byssustingir Bandaríkjahers áttu nú að verða haldbeztu rökin gagnvart Íslendingum.

Síðan virðist það vera næsti áfanginn að kenna Íslendingum að beita byssustingjum, hver gegn öðrum, ef dæma skal eftir ræðu utanríkisráðherra á landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Það fyrsta, sem Alþingi verður að gera sér ljóst viðvíkjandi þeim „samningi", er hér liggur fyrir, er, að hann er frá hálfu Bandaríkjastjórnar liður í þrauthugsaðri hernaðaráætlun, framkvæmd á þeim þætti hennar að leggja Ísland undir sig í tíð okkar, sem nú lifum, barna okkar og barnabarna, ef Bandaríkin fengju framgengt 100 ára hersetu sinni, er þau kröfðust 1945. Reynslan hefur sýnt, að yfirlýsingum þeirra manna, sem nú í 6 ár hafa hjálpað Bandaríkjunum til að ná Íslandi á sitt vald, er ekki trúandi. Þá yfirlýsingu, er þeir gefa við samþykkt eins málsins (t. d. Atlantshafssamningsins) lýsa þeir sjálfir ómerka, er þeir hefja framkvæmd á næstu fyrirskipun Bandaríkjanna gagnvart Íslandi, svo sem hernáminu nú.

Ef Ísland á ekki að bresta úr höndum Íslendinga og íslenzkt þjóðerni, jafnvel þjóð vor sjálf, að tortímast, þá verður að láta staðar numið á þeim helvegi, sem þjóð vor er teymd inn á og leiðir til sams konar niðurlægingar og vér urðum áður að þola sem nýlenduþjóð. Aðeins er þessi óheillabraut nú gengin miklu hraðar en eftir 1262.

2. Forsendur og einstök atriði samningsins.

Í nefndinni fékkst samningurinn ekki lesinn yfir grein fyrir grein og athugaður þannig.

Ég mun nú hér ræða í stuttu máli forsendur samningsins og nokkur atriði hans.

1. Ástæður til þess, að Ísland sé gert að herstöð, eru taldar þessar:

a. „Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt." Það liggur í augum uppi, að Íslendingar geta ekki varið land sitt fyrir hernaðarárás stórveldis eins og t. d. Bandaríkjanna. Ef þetta er ástæða til að biðja um her hingað, þá er þar með sagt, að alltaf verði að vera erlendur her á Íslandi, meðan hernaður sé hafður um hönd á jörðunni. Með þessum forsendum er beinlínis neitað rétti vor Íslendinga til að vera lausir við erlendan her og ráða einir landi voru.

b. „Tvísýnt er um alþjóðamál" — er önnur höfuðástæðan, sem færð er fram fyrir nauðsyn á hernáminu í upphafi samningsins. Það hefur verið tvísýnt um alþjóðamál síðustu aldirnar. Það er líklegt, að talið verði tvísýnt um alþjóðamál, meðan undirokaðar nýlenduþjóðir eru að varpa af sér oki þeirra þjóða, sem arðrænt hafa þær síðustu áratugi og aldir. Sé því tvísýni í alþjóðamálum næg ástæða til hernáms Íslands, þá mun langt þar til Bandaríkjastjórn finnst ekki nógu tvísýnt í alþjóðamálum til að viðhalda hernámi á Íslandi. Leiðir þá af forsendum samningsins, að þeir, sem hann gera, hugsa hann til langframa.

2. Í 1. gr. er ákveðið, að Ísland láti í té aðstöðu í landinu með „varnir" fyrir augum. Það er í sífellu talað um varnir í þessum samningi, en ekkert ákvæði til í honum, sem leggi viðurlög, ef Bandaríkin nota aðstöðuna, sem þeim er látin í té, til árásarstríðs. Ríkisstjórn Íslands áskilur sér engan rétt til ráðstafana, ef Bandaríkin misnota aðstöðu sína, ekkert vald til að koma í veg fyrir slíka misbeitingu.

En það þýðir, að ríkisstjórn Íslands tekur á sig gagnvart öðrum ríkjum ábyrgðina af því að láta Bandaríkjunum í té hernaðaraðstöðu á Íslandi, sem þau síðan geta notað til árása á önnur lönd, ef þeim býður svo við að horfa. Þetta er stórhættulegt atriði, sem jafnvel þeir, sem fylgjandi væru samningnum, ættu að vera reiðubúnir til að lagfæra, ef þeir gera samninginn „bona fide", þ. e. í trú á yfirlýstan tilgang hans, en ekki beinlínis til að tryggja Bandaríkjunum yfirráð á Íslandi, eins og Bandaríkjastjórn og erindrekar hennar á Íslandi stefna að.

3. Í 2. gr. er ákveðið, að íslenzka ríkið skuli láta Bandaríkjunum í té landsvæði hér á landi, án þess að Bandaríkjunum beri skylda til að greiða fyrir það. Mun tilætlunin, að íslenzka ríkið greiði þær fjárfúlgur, sem hér kann að verða um að ræða. Með þessari grein samningsins er því verið að leggja hernaðarútgjöld á herðar íslenzka ríkisins og þó reynt að dylja það fyrir almenningi eins og hægt er. Þessi útgjaldaliður getur orðið gífurlega þungur og bætist ofan á þær drepandi skatta- og tollabyrðar, sem þegar eru að sliga almenning.

4. Í 7. gr. er bætt inn hættulegu ákvæði, sem getur orðið Bandaríkjunum átylla til hersetu hér á landi, þótt samningi þessum væri sagt upp. Þar segir, að þótt þessum samningi væri sagt upp, þá „skal sú aðstaða, sem veitt er með samnnigi þessum, látin í té á sama hátt", hvenær sem atburðir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til. Samkvæmt 5. og 6. gr. nefnds samnings er Ísland aðeins skyldugt til þátttöku í hernaðaraðgerðum, ef ráðizt hefur verið á eitt land bandalagsins að dómi íslenzkra stjórnarvalda. Samkvæmt þeim samningi er Ísland laust allra mála, ef stjórnarvöld þess álíta t. d. viðkomandi land Atlantshafsbandalagsins vera árásaraðilann. — En setjum nú svo, að Bandaríkin fremji slíka árás, — eftir að þau væru farin héðan út af uppsögn þessa samnings, — en litu sjálf svo á, að á þau væri ráðizt, og gerðu þá kröfu til hernaðaraðstöðu hér, þótt íslenzk ríkisstjórn væri á annarri skoðun um upptök styrjaldarinnar. Þá stendur í þessari grein, að afstaðan skuli látin í té, og Bandaríkin munu þá standa fast á sínum skilningi, eins og þau gerðu, er Ísland deildi við þau um skilning samningsins frá 1941. Með þessu orðalagi er beinlínis verið að gefa Bandaríkjunum slíka átyllu. Til hins sama bendir síðasta málsgreinin í 7. gr., um viðhald mannvirkjanna, ef samningurinn félli úr gildi. Vitað er, að Ísland gæti vart né vildi undir slíkum kringumstæðum viðhalda hernaðarmannvirkjunum, — og þá skal Bandaríkjunum heimilað að annast viðhald þeirra. Með öðrum orðum: Þessi samningur skuldbindur Ísland, jafnvel þótt honum væri sagt upp strax, til að lofa Bandaríkjunum að viðhalda flugvöllum, herskipahöfnum og öðrum hernaðarmannvirkjum á Íslandi um lengri tíma og nota þau í stríði, jafnvel þótt íslenzk ríkisstjórn áliti Bandaríkin hefja árásarstríð.

Öll ákvæði þessa „samnings" miðast því við að tryggja Bandaríkjunum langvarandi hersetu í landinu og að gefa þeim átyllu til áframhaldandi hersetu eða notkunar herstöðva hér í sína þágu, jafnvel þótt íslenzk stjórnarvöld álitu Bandaríkin hefja árásarstríð eða vildu vera laus við allar erlendar herstöðvar í landinu. Með samþykkt svona samnings er því verið að binda hendur kjósenda landsins og komandi stjórnarvalda þess og gefa erlendu herveldi aðstöðu, sem það samkvæmt þessum samningi mundi nota í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar og íslenzkra stjórnarvalda, ef þessir aðilar væru annars sinnis en Bandaríkjastjórn um hernaðaraðgerðir. Þessi ákvæði eru eins lymskuleg og þau eru hættuleg.

3. Réttarstaða liðs Bandaríkjanna.

Með „viðbæti" þeim, sem fylgir samningnum og fjallar um réttarstöðu herliðs Bandaríkjanna, er lögsaga Íslendinga yfir Íslandi brotin, þar sem Íslendingar hafa þá ekki lengur lögsögu yfir öllum mönnum, er hér dveljast. Auk skerðinganna á fullveldi Íslands, sem felast í þessum „viðbæti" eins og í samningnum öllum, er þar að auki svo um búið, að íslenzkir borgarar búa sjálfir við hið mesta öryggisleysi. Skulu talin upp nokkur atriði:

1. Bandaríkjamönnum er afhent lögregluvald á „samningssvæðunum“ (10. liður 2. gr.) Auk þess hneykslis að fela útlendum mönnum slíkt vald, er svo illa frá þessu gengið, að engin ákvæði eru um, hver samningssvæði séu, hvernig þau skuli auglýst og merkt, svo að Íslendingur getur verið kominn inn á amerískt umráðasvæði í landi sínu án þess að vita af.

2. Amerísk yfirvöld geta tekið Íslendinga fasta og haldið þeim eins og þeim sýnist, unz íslenzk stjórnarvöld hefja saksókn gegn Íslendingunum (2. gr. 6. c.). Hvað þetta þýðir, getur hver maður, sem þekkir hið gerspillta réttarfar Bandaríkjanna og aðferðir herlögreglu þeirra, gert sér í hugarlund. Menn geta nærri, hvað verður um rétt Íslendinga, sem lenda í klóm Bandaríkjahersins, þegar svipuð íslenzk yfirvöld og nú eru, eiga að vera „verndin“ gagnvart Bandaríkjunum.

3. Íslenzk yfirvöld skuldbinda sig til þess að hundelta þá Ísleidinga og færa til yfirheyrslu hjá Bandaríkjamönnum, sem Bandaríkin kunna að óska eftir út af málaferlum (2. gr. 7. b.).

4. Bandaríkjamönnum er veitt sérstakt skattfrelsi og tollfrelsi hér á landi (7. og 8. gr.

5. Íslenzka ríkisstjórnin afsalar sér rétti til skaðabótakrafna á hendur Bandaríkjunum fyrir það tjón, sem hernaðaraðgerðir kunna að valda hér á landi (12. gr.). Slíkan rétt hafði Ísland áður, og kröfu um bætur fyrir slíkan skaða eiga íslenzkir borgarar á hendur íslenzka ríkinu samkv. lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Það er ekkert í þeim lögum afnumið. En hins vegar átti íslenzka ríkið áður endurgreiðslukröfu á Bandaríkin fyrir slíkt tjón. Nú hefur þeim rétti verið fórnað. Næsta skrefið mun verða að eyðileggja lögin frá 1943, svo að íslenzkir þegnar standi uppi algerlega réttlausir, þrátt fyrir ægilegt tjón, sem þeir kunna að hljóta vegna þessa samnings, sem einvörðungu er gerður vegna hernaðarlegra hagsmuna og yfirdrottnunarstefnu Bandaríkjanna.

„Viðbætirinn“ er þannig allur viðbót við þá smán og þann skaða, sem Íslandi og Íslendingum er ger með aðalsamningnum.

4. Réttur ríkisstjórnarinnar til samningsgerðarinnar og aðstaða Alþingis til „staðfestingar“ hans.

Hvað snertir rétt ríkisstjórnarinnar til þess að gera þennan samning, þá er engum blöðum um það að fletta, að ríkisstjórnin hefur með þeirri aðferð, er hún þar beitti, brotið bæði lög og stjórnarskrá. Skal um það atriði vísað til ýtarlegrar greinar eftir ungan, efnilegan lögfræðinema, Inga R. Helgason, sem birtist í Þjóðviljanum 10. júlí 1951 og styðst einkum við túlkanir Bjarna Benediktssonar sem lögfræðiprófessors á þeim verkum, er ríkisstjórnin nú hefur framið. Birtist sú grein hér á eftir sem fylgiskjal nr. 2 („Hið nýja afnám Alþingis Íslendinga“).

Hvað snertir svo aðstöðu Alþingis til þess að eiga nú að samþykkja þennan samning, þá er aðeins eitt um hana að segja:

Það er amerískur her á Íslandi. Það er ekki hægt að gera bindandi samning við Bandaríkin, meðan þau hafa her í okkar landi. Allir samningar Alþingis við Bandaríkin undir slíkum kringumstæðum hafa jafnmikið lagagildi og undirskrift manns undir samning, framkvæmd meðan skammbyssan er miðuð á hann.

Samþykkt Alþingis á þessum samningi getur því ekki skuldbundið þjóð vora, eins og nú er ástatt í landinu.

Það er hins vegar eftirtektarvert atriði um, hvernig verið er að reyna að gefa erlendu ríki rétt á Íslandi, jafnvel þvert ofan í vilja Alþingis, að Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að ríkisstjórnin hefði fullan lagalegan rétt til þess að gera þennan samning samkvæmt þingsályktunartillögu um Atlantshafssamning, hvað sem Alþingi nú segði. Ef sami skilningur er hjá Bandaríkjastjórn, sem ekki þarf að efa, þá mundi hún því skoða þennan samning

skuldbindandi fyrir Ísland, jafnvel þótt Alþingi nú hafnaði honum. Þannig er ríkisstjórnin samkvæmt eigin yfirlýsingu að taka fram fyrir hendur Alþingis og veita erlendu ríki herstöðvar og sérréttaraðstöðu á Ísland, samtímis því sem ríkisstjórnin tekur á móti svo miklum fjárgjöfum frá því ríki, að hún segist ekki geta komizt af án þeirra. — Þannig er ríkisstjórn, sem fjárhagslega er háð hinu erlenda stórveldi, að gera „samning“ við það, sem að áliti ríkisstjórnarinnar og Bandaríkjanna skuldbindur Ísland, hvað sem Alþingi gerir.

Þessar aðfarir minna óneitanlega meir á þær aðferðir, sem Bandaríkjastjórn hefur við að stjórna upplendum sínum í Mið- og Suður-Ameríku, en á hætti Íslendinga í samningum við erlend ríki fram að þessu. En það er alkunna, að í ýmsum þeim löndum Mið- og Suður-Ameríku og víðar, þar sem auðvald Bandaríkjanna á mestra hagsmuna að gæta, mútar það ríkisstjórnunum til samninga við sig, og ef ameríska auðvaldið óttast óþægilegar stjórnarbreytingar í landinu, þegar kosningar nálgast, gerir það sér hægt um hönd og lætur leppa sína gera uppreisn nokkru fyrir kosningar og tryggja með aðstoð hins þæga hers vald sitt í landinu. (Minnt er á nokkrar aðfarir Bandaríkjanna við að ná taki á þessum löndum í fskj. 3).

Það er vafalaust eðlileg afleiðing þeirra stjórnarhátta, sem verið er að koma á hér á landi með þessum hernáms-„samningi“, að nú skuli frumkvöðlar hans bera fram kröfu um að vopna hér innlendan her og draga ekki dul á, að beita eigi honum gegn Íslendingum sjálfum, eins og skýrt kom fram á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í frásögn Morgunblaðsins af honum.

5. Afleiðingar þessa samnings fyrir Ísland í friði og stríði.

Þá er að lokum að gera sér grein fyrir því, hverjar afleiðingar þessi „samningur“ hefur fyrir Ísland í friði og stríði, ef hann er látinn standa.

Fyrst skulu þá athugaðar afleiðingarnar, ef friður helzt. Séu þær röksemdir teknar gildar, sem ríkisstjórnin nú færir fram fyrir gildistöku samningsins, má búast við alllöngu hernámi landsins að óbreyttum stjórnmálaaðstæðum hér innanlands. Löngu hernámi mundi að líkindum fylgja vaxandi vígbúnaður Bandaríkjanna hér á landi, aukinn innflutningur hermanna og vaxandi kröfur Bandaríkjastjórnar á hendur Íslendingum um landsvæði, framlög og jafnvel vopnun Íslendinga. Afleiðing slíks yrði hætta á glötun þjóðernis vors, þjóðmenningar allrar og frelsis. Yfirráð Íslendinga einna yfir Íslandi yrðu gerð að orðum tómum með áratuga hersetu framandi þjóðar. Og réttur vor til að byggja þetta land einir, yrði, ef Bandaríkin þannig næðu því, sem þau heimtuðu 1945 — 99 ára herseta, hættur að vera veruleiki: Ísland væri þá orðið amerísk nýlenda, þar sem hinir „innfæddu“ sættu að líkindum hlutskipti Indíánanna, — ef Íslendingar sættu sig við yfirgang Bandaríkjanna á sama hátt og undanfarin 5 ár.

Þetta yrði hlutskipti Íslands í friði, að óbreyttu stjórnmálaástandi á Íslandi. Og ef ríki þau í Evrópu, sem nú eru í Atlantshafsbandalaginu, færu úr því hvert á fætur öðru, af því að þau þyldu ekki núverandi ánauð og yfirgang Bandaríkjanna gagnvart þeim, þá mundu Bandaríkin kreppa klær sínar enn fastar um Ísland, ef Íslendingar létu þeim haldast það uppi.

Ef þjóð vor ætlar að koma í veg fyrir þessar ægilegu hættur, sem hennar bíða við áframhaldandi hernám á friðartíma, er því ekki seinna vænna að gera það en nú með því að Alþingi ógildi þennan samning.

Þá er að athuga afleiðingar þessa samnings, ef til ófriðar kæmi milli auðvalds Bandaríkjanna og alþýðuríkja Evrópu.

Slíkur ófriður yrði Íslandi ægilegur, hvort sem það væri þegar hernumið af Bandaríkjunum sem „bandamaður“ fyrir stríðið eins og nú er eða það yrði hernumið af Bandaríkjunum sem hlutlaust land í upphafi slíks stríðs. Þó væri eina veika vonin um að sleppa við hörmungar stríðs sú, að lýsa landið „óvarið land“, eins og sumar elztu menningarborgir Evrópu, svo sem París og Róm, voru lýstir „óvarðar

borgir“ í síðasta stríði og sluppu mjög við eyðileggingar. Með hernámssamningi eins og þeim, sem hér er um að ræða, væri landið gert að styrjaldarvettvangi frá upphafi með Íslandi sem beinum stríðsaðila og á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og flokka þeirra, er ábyrgð taka á því athæfi.

Orrustur um Ísland yrðu því ægilegri fyrir landsbúa, því meiri sem svokallaðar „varnir“ væru, — því fleiri herflugvellir, herskipahafnir og hvers kyns vígvélar, sem yrðu hér, því harðvítugar yrði barizt. Allar slíkar „varnir“ eru aðeins tæki fyrir herinn og svo langt frá því að vera „varnir“ fyrir íbúa landsins, að þær þvert á móti auka eyðileggingarnar og skelfingarnar, er yfir þá dyndu.

Það er nóg hlutverk fyrir þjóð vora og ríkisstjórn landsins að reyna að sjá um, að íslenzk þjóð yrði lifandi í þessu landi, eftir að ný heimsstyrjöld hefði verið háð.

Hitt er einn örlagaríkasti glæpur, sem hægt er að fremja gagnvart íslenzkri þjóð, að leiða hana sem ábyrgan styrjaldaraðila út í heimsstyrjöld, ef háð yrði. En það er verið að gera með samþykki þessa „samnings“, ef auðvald Bandaríkjanna þorir að leggja til þess árásarstríðs á Sovétríkin, sem það nú undirbýr með árásarstöðvum þeim, sem það hefur komið sér upp alla leið frá Japan, suður og vestur um Asíuströnd og Asíulönd, — nú síðast hjá hinum nýja bandamanni Íslands, Hund-Tyrkjanum, — og um Vestur-Evrópu alla leið til Íslands og Grænlands.

Ég skal að lokum minna á orð, sem ég áður hef vitnað í og sýna hvað hugsandi Bretar ætla að bíði Íslendinga og þeirra sjálfra, ef til slíks stríðs kemur. Það er það, sem „New Statesman and Nation“ sagði í grein eftir Ritchie Calder fyrir nokkrum árum og ræddi þá afstöðu Englands:

„Við þurfum ekki að ræða, hvað Ameríka og Sovétríkin halda, að þau geti unnið með svona stríði. Það er nóg fyrir okkur að hugleiða örlög okkar, ef við flækjumst í stríð milli hnatthelminganna. Við vitum, að sá, sem á ræðst, stendur betur að vígi, og það er ómögulegt að hugsa sér Stóra-Bretland sem árásaraðilann. En við getum ásamt Grikklandi, Tyrklandi og Íslandi verið herstöð í fremstu víglínu fyrir Ameríku.“ Og „Bulletin of the Atomic Scientists“ segir í ritstjórnargrein sinni: „Það er hægt að eyðileggja þau ríki, sem verða herstöðvar í fremstu víglínu fyrir okkur, með þeim sprengjufleygum og flugvélum, sem nú þegar eru til taks. Ameríka getur því aðeins haldið þessum herstöðvum með því að stofna þessum vinsamlegu þjóðum í þá hættu, að þeim verði gersamlega útrýmt, og væntanlega gegn þeirra vilja.“

Hvernig sem á er litið, felur þessi „samningur“ því ekkert í sér nema hættur fyrir Ísland og íslenzka þjóð.

Ég legg því til, að frv. þetta sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samningur sá, sem frv. þetta á að staðfesta, er gerður af ríkisstjórninni þvert ofan í lög og stjórnarskrá og stofnar framtíð íslenzks þjóðerns og tilveru íslenzkrar þjóðar í hættu, en Alþingi álítur það hins vegar fyrir neðan virðingu sína að ræða slíkan milliríkjasamning við erlent ríki, meðan her þess er í landinu, vísar deildin máli þessu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. nóv. 1951.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Ávarp til Íslendinga frá miðstjórn Sósíalistaflokksins 8. maí 1951.

Ríkisstjórn Íslands hefur með „samningi“ við Bandaríki Norður-Ameríku kallað ameríska her inn í land vort og tryggt honum herstöðvar þær, er ameríska auðvaldið heimtaði af Íslendingum 1. október 1945 til 99 ára og Íslendingar neituðu þá um.

Samningsgerð þessi er brot á lögum og stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins. Samkvæmt lögum skal leggja öll mikilvæg utanríkismál fyrir utanríkismálanefnd. Samkvæmt stjórnarskránni, 21. gr., þarf samþykkis Alþingis við til að leggja slíkar kvaðir á land og þjóð, sem í þessum samningi felast. Samningur þessi er því hvorki löglega né siðferðislega skuldbindandi fyrir þjóð vora. Hann er einkasamningur spilltustu höfðingja landsins við framandi hervald, gerður á þeirra persónulegu ábyrgð.

Tilgangur þessa samnings af hálfu hins ameríska auðvalds er að leggja land vort undir sig til langframa og geta notað það sem herstöð til árása á meginland Evrópu. Tilgangur hinnar spilltu höfðingjaklíku lands vors með því að fá herinn inn í landið er að geta notað hann gegn íslenzku þjóðinni, — ef valdhafarnir álíta auði sínum eða völdum hættu búna.

Afleiðing þessa samnings getur á friðartímum orðið glötun frelsis vors, sjálfstæðis og þjóðernis, en á ófriðartímum kallar samningur þessi yfir landið hörmungar hernaðaraðgerða, eyðileggingu flestra efnahagsverðmæta og ófyrirsjáanlegt manntjón og gæti leitt til eyðingar lands og þjóðar, — allt á ábyrgð þeirra manna, er nú að þjóðinni fornspurðri hafa tekið örlagaríkustu ákvarðanir í sögu hennar.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gerir þennan samning við ríkisstjórn, sem hún hefur gert sér handgengna og háða með fjárgjöfum, er skipta hundruðum milljóna króna. Slíkir ráðherrar eru þess ekki umkomnir að geta komið fram sem sjálfstæðir aðilar fyrir Íslands hönd.

Þingmenn stjórnarflokkanna og Alþýðuflokksins eru kallaðir til Reykjavíkur til þess að gjalda jáyrði við þeim staðreyndum, sem gerðar eru. Samtímis eru bandarísk herskip að ósk Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra látin liggja í Reykjavíkurhöfn og ameríkskir hermenn hafðir í landi, eftir fyrirmynd Hendriks Bjelke höfuðsmanns við undirskrift Kópavogsskuldbindingarinnar. Þó mun það hernám hugans, sem forheimskunarmálgögnin hafa framið, hafa nægt til þess að tryggja samþykki þingmanna Marshall-flokkanna, án þess að benda þyrfti þeim á byssustingina. En aðferðin er jafntáknræn fyrir ofbeldi ameríska auðvaldsins við Ísland og undirlægjuhátt keyptra þýja þess.

Í nafni íslenzku þjóðarinnar ákærum vér ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku fyrir að hafa sent vopnaðan her inn í friðsamt land, fyrir að níðast á fámennri, varnarlausri þjóð, til þess að ná landi hennar sem herstöð. Það dregur ekki úr sök bandaríska auðvaldsins á þessu níðingsverki gagnvart Íslandi, þótt auðvald Ameríku hafi náð slíkum tökum á valdhöfum lands vors með fjárgjöfum, blekkingum og grýlusögum, að það hafi getað látið þá undirskrifa fyrirskipanir hins ameríska hervalds og traðka á lögum og stjórnarskrá landsins.

Framkoma ríkisstjórnar Bandaríkjanna gagnvart þjóð vorri frá því árið 1941 hefur verið óslitin röð ofbeldis og svika á gefnum loforðum eða samningum.

25. júní 1941 er ríkisstjórn Íslands kúguð til þess með 24 klukkutíma úrslitakostum að afhenda Bandaríkjunum Ísland til hersetu.

Að stríði loknu reynir Bandaríkjastjórn 1. október 1945 að kúga Íslendinga, meðan hún enn hefur her í landinu, til þess að afhenda þrjá staði á landinu undir hennar yfirráð í 99 ár sem herstöðvar.

Þegar Íslendingar neita þessum yfirgangi, rýfur Bandaríkjastjórn samninga sína og neitar að fara burt með her sinn af landinu, nema Keflavíkursamningurinn sé gerður.

Eftir að Keflavíkursamnigurinn er gerður 5. október 1946, taka Bandaríkin til að brjóta hann, hrifsa undir sig öll yfirráð á vellinum og svíkjast um að greiða Íslandi hundruð milljóna í tolla og skatta, sem þeim ber.

Þannig hefur amerískt auðvald ár frá ári aukið ágang sinn, eftir að undan því var látið 5. október 1946, unz nú er svo komið, að Bandaríkin sölsa undir sig yfirráð íslenzkra atvinnumála, heimta að ráða kaupgjaldi Íslendinga, banna að Al-

þingi Íslendinga samþykki lög um hagsmuni landsmanna, — og knýja nú loks fram afhendingu landsins sem opinberrar herstöðvar.

Amerískir auðdrottnar hafa þannig með fláttskap og ofbeldi unnið að því á undanförnum áratug að leggja undir sig land vort í áföngum. Þeir hafa notið til þess aðstoðar spilltustu valdhafa landsins, svo sem Hákon gamli gerði forðum daga, er hann vélaði af oss frelsi vort.

En hvernig sem réttindum vorum er rænt og valdi þjóðarinnar yfir landinu hnekkt, þá mun þjóð vor aldrei viðurkenna það réttarrán, aldrei lúta því framandi valdi, sem nú er að sölsa Ísland undir sig.

Íslendingar! Örlagaríkustu atburðir í sögu þjóðar vorrar kalla oss til varðstöðu um málstað lands vors.

Hernám það, sem ameríska auðvaldið hefur nú framið, á að þess hyggju að vera langvarandi og leiða til fullkominnar undirokunar vor Íslendinga undir Bandaríkin.

Mætið þessu hernámi með þeirri mótspyrnu einni, sem vér fámennir og vopnlausir, friðsamir og frelsisunnandi, getum veitt.

Látið ekki æðrast þótt ofbeldi sé beitt, og látið ekki heldur ögra yður til verka, sem innrásarherinn mundi nota sem átyllu til frekari árása.

Berjizt um hvert atriði réttar vors til yfirráða í landi voru, þegar innrásarherinn hyggst ræna þeim rétti.

Standið saman um, að Íslendingar haldi óskertu dómsvaldi í landi sínu! Hindrið, að Bandaríkjamenn fái sjálfir að dæma í eigin sök, geri þeir sig seka um rán, nauðganir og manndráp eins og þeir gerðu hér síðast.

Standið saman um að hindra, að amerískt auðvald eða umboðsmenn þess leggi skatta á Íslendinga til þess að greiða herkostnað af innrás og hervirkjum Bandaríkjamanna í landi voru.

Standið órofa vörð um tungu vora, þjóðerni og menningu gegn þeirri skrílmenningu ameríska mammonsríkisins, sem nú gerir innrás í land vort.

Standið vörð gegn því hernámi hugans og hjartans, gegn forheimskunni og þýlindinu, sem leppblöðin og leppflokkar amerísks auðvalds boða, — því það hernám er öllu öðru hættulegra.

Íslendingar! Hefjizt handa, hver á sínum stað, til þess að vinna aftur það, sem nú hefur glatazt:

Vinna aftur land vort úr höndum ameríska auðvaldsins, — vinna það með því að sameina þjóðina í órofa fylkingu — gegn þeirri ríkisstjórn, sem svikið hefur Ísland í hendur erlends hervalds, — gegn því stórveldi, sem notað hefur sér varnarleysi og fámenni Íslands og fláttskap valdhafa þess til þess að níðast á því.

Full og óskoruð yfirráð Íslendinga yfir öllu landi voru og öllum málum vorum!

Burt með allan erlendan her af Íslandi!

Ísland fyrir Íslendinga!

Hvað sem á dynur, hvort sem hin nýja sjálfstæðisbarátta vor stendur lengur eða skemur, látið boðorðið forna sameina þjóðina á ný:

Aldrei að víkja frá algerum rétti vor Íslendinga einna til að ráða þessu landi og byggja það einir og frjálsir!

Fylgiskjal II.

INGI R. HELGASON:

Hið nýja afnám alþingis Íslendinga.

I.

Að morgni hins 7. maí síðastliðins var Ísland hertekið af bandarískum innrásarher. Klukkan hálf sjö þennan sama morgun tilkynnti íslenzka ríkisstjórnin, að hún hefði hinn 5. maí gert samning við Bandaríki Norður-Ameríku, þar sem Banda-

ríkjunum er heimilað að hafa herstöðvar á Íslandi. Það sló felmtri og óhug á íslenzku þjóðina við svo níðingsleg svik. Með þessu athæfi höfðu valdhafar Íslands að fullu og endanlega látið undan kröfum Bandaríkjanna um opinberar herstöðvar á Íslandi þvert ofan í svardaga sjálfra sín og margyfirlýstan vilja íslenzku þjóðarinnar að leyfa engu erlendu ríki slík fríðindi hér. Herstöðvakröfur Bandaríkjanna voru fyrst bornar fram í október 1945. Vegna mjög eindreginnar andstöðu þjóðarinnar gegn þeim sáu Bandaríkin sinn kost vænstan að draga kröfur sínar til baka í bili, þ. e. þar til leppum þeirra íslenzkum tækist að koma málum þannig fyrir á bak við þjóðina, að bandarískum her væri óhætt að hernema landið og koma hér upp herstöðvum sínum. Þetta hefur nú loksins tekizt, en tók tæp sex ár.

Sá maðurinn, sem ber persóulega ábyrgð á þessum drottinsvikum við íslenzku þjóðina, er sjálfur utanríkisráðherra hennar, Bjarni Benediktsson. Aðalverkefni hans í ráðherrastóli undanfarin ár hefur verið að skipuleggja lygarnar um, að Sovétþjóðirnar hyggi til innrásar í Ísland, sem ástundaðar hafa verið af öllum borgarablöðunum í því skyni að lama viðnámsþrótt þjóðarinnar gagnvart hinum bandarísku kröfum. Óheilindi og sviksemi ráðherrans í garð íslenzku þjóðarinnar og um leið blygðunarlaus leppmennska hans í þágu bandarískra stjórnarvalda er auðsæilegust í ljósi þeirrar staðreyndar, að hann skuli alla sína ráðherratíð standa í leynimakki við Bandaríkjastjórn um það, hvenær og hvernig bandarískri herinn eigi að hertaka landið, en notar á sama tíma hvert tækifærið eftir annað til að fullvissa landa sína um, að á slíku sé engin hætta, að enginn skilji það betur en Bandaríkjamenn, að Íslendingar vilji ekki hafa herstöðvar í landi sínu, að slíkt komi ekki til mála. Það voru til dæmis ekki dónaleg ummæli, sem Bjarni lét hafa eftir sér í víðlestnasta blaði landsins meðan stóð á samningsgerðinni um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið:

„Við skýrðum rækilega sérstöðu okkar sem fámennrar og vopnlausrar þjóðar, sem hvorki gæti né vildi halda uppi her sjálf, og mundum aldrei samþykkja að erlendur her né herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Dean Acheson utanríkisráðherra og starfsmenn hans skildu fyllilega þessa afstöðu okkar. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus.“ (Morgunblaðið 22. marz 1949.)

En hvað skeður svo?

Áður en nokkur Íslendingur veit, er Bjarni Benediktsson sjálfur búinn að undirrita samning við Bandaríkjastjórn um bandarískar herstöðvar í landinu á friðartímum, og íslenzka þjóðin vaknar snemma morguns í maí við gný í herflugvélum, sem eru að flytja fyrstu hernámsliðssveitirnar til landsins!

Íslandssagan og komandi kynslóðir Íslendinga munu dæma Bjarna Benediktsson fyrir þessi ósannindi hans, ótryggð hans við þjóð sína og þjónustulipurð hans í erindisrekstri erlends vopnavalds á Íslandi. Þessa hlið á landráðastarfsemi utanríkisráðherrans ætla ég ekki að ræða í grein minni, heldur hina, hvaðan þessum manni kemur valdið til að afhenda landið bandaríska hernum með prívat samningi við hr. Lawson, og hvort samningur þeirra kumpána sé gildur að ríkisrétti. Í því efni verður að styðjast við gildandi stjórnarskrá og lög íslenzka lýðveldisins og glugga svo í fræðibækur og kennslubækur prófessora í stjórnlagafræði, þar sem glöggar útskýringar er að fá.

II.

Hið nýja hernám Íslands er framkvæmt samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, sem birtur var Íslendingum hinn 7. maí, eftir að herinn var kominn, en undirritaður í leyni af Bjarna Benediktssyni tveimur dögum áður, hinn 5. maí, og staðfestur þann sama dag í ríkisráði Íslands af handhöfum forsetavalds, en aldrei lagður fyrir Alþingi Íslendinga. Nokkru síðar gaf ríkisstjórnin út bráðabirgðalög um, að ákvæði þessa samnings hefðu lagagildi á Íslandi. Áður en ég vík að þessari einstæðu samingsgerð, þykir mér rétt til glöggvunar að fara

örfáum almennum orðum um gildandi íslenzk lagaákvæði um gerð milliríkjasamninga.

Hver gerir milliríkjasamning fyrir Íslands hönd, svo að gilt sé að þjóðrétti og ríkisrétti?

Í samræmi við viðurkenndar þjóðréttarreglur kveður 21. grein íslenzku stjórnarskrárinnar frá 1944 svo á, að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki, en takmarkar þó um leið samningsvald hans á þann veg, að suma samninga má hann ekki gera án samþykkis Alþingis. Orðrétt hljóðar 21. gr. stjskr. svo:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“

Orðalag fyrri málsgreinar 21. greinarinnar: „forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki“ — hefur aldrei verið skilið á þann veg, að forseti eigi sjálfur að vasast í samningaumleitunum og annast samningsgerðina, þótt honum að vísu sé það heimilt. Hér er greint á milli samningsumleitana (negotiation)og staðfestingar (ratification). Samkvæmt venju felur forseti öðrum samningsgerðina, en hans er að staðfesta samninginn með undirskrift sinni, og ná ákvæði málsgreinarinnar fyrst og fremst til staðfestingarinnar. Það er fyrst við staðfestinguna, sem samningurinn er orðinn skuldbindandi fyrir ríkið, og hann öðlast þá strax gildi, ef gildistökuákvæði hans sjálfs segja ekki til um annað.

Um embættisstöðu og skyldu utanríkisráðherra í sambandi við gerð milliríkjasamninga er það að segja, að honum ber að undirrita samninga með forseta. Meðundirskrift ráðherra (contrasignatur) er nauðsynleg eftir þjóðrétti. Hún er að vísu ekki sönnun þess, að farið hafi verið að öllu eftir fyrirmælum stjórnarskrár og laga, en hún á að vera trygging fyrir því, að forsetinn hafi skilið og vitað, hvað hann hefur skrifað undir.

Meðundirskrift ráðherra er einnig nauðsynleg eftir ríkisrétti. Samkvæmt 11. gr. stjskr. er forseti ábyrgðarlaus, og samkvæmt 14. gr. stjskr. ber ráðherra sá, er ritar undir milliríkjasamning með forseta, ábyrgð á samningnum, og samkvæmt 19. gr. stjskr. veitir meðundirskrift ráðherra staðfestingu forseta ríkisréttarlegt gildi.

Seinni málsgr. 21. gr. stjskr. felur í sér takmörkun á ríkisréttarlegri heimild forseta til að gera samninga við önnur ríki. Greinin kveður Alþingi til og segir, að forsetinn geti ekki gert suma samninga án samþykkis Alþingis. Þessi takmörkun á ríkisréttarlegri heimild forseta í stjórnarskránni íslenzku til að gera samninga við önnur ríki á sér hliðstæður í stjórnarskrám annarra ríkja, en með henni er verið að reisa skorður við því, að forsetinn geri samninga, sem ganga í berhögg við stjórnarskrána eða fela í sér afsal á landi eða landhelgi, og er takmörkunin fólgin í því að gefa þjóðkjörnum fulltrúum, Alþingi, stjórnarskrárlegt úrslitavald í gerð svo mikilvægra samninga.

Í seinni málsgr. 21. gr. er þeim samningum greinlega lýst, sem hér falla undir.

Í fyrsta lagi má forseti ekki afsala landi eða landhelgi án samþykkis Alþingis. Hið sama gildir um lofthelgina. Stærð landsvæðisins skiptir engu máli, en yfirráðarétturinn yfir því má ekki hverfa undir annað ríki, nema samþykki Alþingis komi til. Til dæmis, ef afsala ætti Vestmannaeyjum til Bretakonungs eða Njarðvíkum til Trumans, væru afsalssamningarnir ekki gildir að ríkisrétti fyrr en Alþingi samþykkti þá.

Í öðru lagi má forseti ekki gera neina samninga, sem fela í sér kvaðir á landi eða landhelgi, nema samþykki Alþingis komi til. Hér er átt við takmarkanir á yfirráðaréttinum, án þess að um hreint afsal sé að ræða. Það mundi til dæmis falla undir þetta ákvæði, ef önnur ríki hefðu notkunarrétt á landi, í landhelgi eða lofthelgi, sem þau ella mundu ekki hafa, svo sem rétt til heræfinga á slíkum yfirráðasvæðum íslenzka ríkisins. Það mundi einnig falla undir þetta ákvæði, ef yfirráðarétturinn yfir landinu væri takmarkaður á þann hátt, að ríkið væri skuldbundið til

ákveðinna framkvæmda eða framkvæmdaleysis á landi sínu, t. d. byggingar hernaðarmannvirkja, o. fl. Engar slíkar takmarkanir á yfirráðarétti ríkisins yfir landi þess, landhelgi og lofthelgi má gera með samningum við önnur ríki án samþykkis Alþingis.

Að lokum má forseti ekki gera samninga við önnur ríki, ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Ákvæði þetta nær fyrst og fremst til stjórnskipunarlaga, t. d. mætti ekki koma hér á ritskoðun eða afnema fundafrelsi með samningi við annað ríki, nema Alþingi samþykkti, auk þess sem þarf eftir sem áður að breyta lögunum eða stjórnarskránni á lögformlegan hátt.

21. gr. stjskr. segir ekki, í hvaða formi samþykki Alþingis skuli gefið. Eðlilegast væri, að samþykki Alþingis væri gefið í þingsályktunarformi frá sameinuðu þingi eða frá báðum þingdeildum. Samþykki Alþingis í formi löggjafar væri líka gilt. Bráðabirgðalög væru hins vegar ekki gild, þar eð þá lægi ekki fyrir samþykki þingsins.

III.

Ákvæði 21. gr. íslenzku stjórnarskrárinnar eru mjög skýr og ótvíræð, enda eiga þau að vernda frumréttindi innbyggjara þessa lands: yfirráðarétt þeirra yfir öllu landinu. Þessi ákvæði eiga að tryggja, svo sem auðið er, að landið verði ekki af skíthælum selt undan Íslendingum, svo að gilt sé, í hendur erlendra ríkja, án þess að fulltrúasamkunda þjóðarinnar fái að fjalla um málið. Í samræmi við þessa grein stjórnarskrárinnar er þingsályktun Alþingis frá 10. júlí 1941 um herverndarsamninginn við Bandaríkin og ályktun Alþingis frá 5. október 1946 um Keflavíkursamninginn, enda þótt í þessum tilfellum hafi verið beitt ofbeldi við Alþingi sjálft, þingskaparlög þverbrotin og þjóðin aldrei spurð ráða.

Að vísu var þingið 1941 ólöglegt og umboðslaust frá þjóðinni, þar eð þingmenn borgaraflokkanna höfðu lengt kjörtímabil sjálfra sín með frestun reglulegra alþingiskosninga, en það er önnur saga.

Nú er hins vegar gerður samningur við erlent ríki um afsal og takmarkanir á yfirráðaréttinum, án þess að fylgt sé fyrirmælum 21. gr. stjskr. Hvert mannsbarn á Íslandi veit, að erlendar herstöðvar og erlend herseta í landinu er beint afsal á yfirráðarétti ríkisins yfir sérstökum landssvæðum og geysivíðtækar takmarkanir á yfirráðaréttinum yfir öðrum landssvæðum. Allir samningar um erlendar herstöðvar á Íslandi heyra undir 21. gr. stjórnarskrárinnar og þá má ekki gera nema Alþingi samþykki. Samt sem áður lætur Bjarni Benediktsson hafa sig til að gera við Bandaríkin herstöðvarsamning, án þess að fyrir liggi samþykkt Alþingis, svo sem 21. greinin áskilur. Bjarni Benediktsson hefur unnið drengskaparheit að íslenzku stjórnarskránni. Hvort man hann ekki það heit sitt, eða er svona lítill drengskapurinn?

Alþingi var ekki kallað saman, og það sem meira er: ríkisstjórnin neitar að verða við kröfum 9 alþingismanna um að kalla saman þing til að fjalla um samninginn. Augljóst er, að undirskrift Bjarna Benediktssonar undir þennan samning, án þess að fullnægt sé ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar um samþykki Alþingis, er svívirðilegt stjórnarskrárbrot, gert á persónulega ábyrgð hans sjálfs, en jafnljóst er, að samningurinn er af sömu ástæðum ekki gildur að ríkisrétti og er því ekki skuldbindandi fyrir íslenzku þjóðina.

Enginn veit þetta betur en Bjarni Benediktsson sjálfur. Sú var tíðin, að hann var prófessor í lögum við Háskóla Íslands og kenndi lögfræðinemum einmitt stjórnlagafræði. Þá gaf hann út kennslubækur eftir sjálfan sig og einnig bækur eftir aðra höfunda auknar og endurbættar. Í þær bækur ætla ég að vitna stuttlega um þau atriði, sem hér um ræðir, svo að ljóst sé, að ég fer með rétt mál:

„Um afsal lands segir svo í 17. gr. stjskr. (nú 21. gr.), að konungur (nú forseti) geti eigi með samningum afsalað landi, nema Alþingi samþykki. Fyrr er afsalið ekki gilt ... skiptir eigi máli, hvort landið er lítið eða stórt, ef Ísland aðeins afsalar sér yfirráðarétti yfir því .... Ef Noregskonungur vildi nú fá Grímsey handa Noregi eins

og Ólafur Haraldsson forðum þá þyrfti samþykki Alþingis til þess skv. 17. gr. stjskr. (nú 21. gr.) ... Það skiptir eigi máli, hvort landið er afhent fyrir annað land, selt eða gefið eða samningurinn er kúgaður fram með valdi. Afhendingin er eigi gild að ríkisrétti nema Alþingi samþykki.“ (Ágrip af Íslenzkri stjórnlagafræði eftir Einar Arnórsson, gefin út af Bjarna Benediktssyni með breytingum og viðaukum, — bls. 10). Og enn fremur:

„En hvað sem þessu og þjóðarréttarlegu gildi samnings líður, er brotið á móti íslenzkum ríkisrétti, ef vanrækt er að fá samþykki Alþingis á samningi, þegar það er nauðsynlegt skv. 17. gr. stjskr. (nú 21. gr.).“ (Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 66).

Það er kaldhæðnislegt og sýnir gæfuleysi Bjarna Benediktssonar, að einmitt hann skuli hafa staðið ár eftir ár í æðstu menntastofnun þjóðarinnar og haldið þeim skilningi á 21. gr. stjskr. að nemendum sínum, sem nú dæmir hann beran að því að hafa þverbrotið stjórnarskrá ríkisins í máli, er snertir helgasta rétt þjóðarinnar.

IV.

Auðvitað bar Bjarna Benediktssyni að afla lögformlegs samþykkis Alþingis á samningnum, áður en hann lét hina bandarísku hermenn hertaka þá staði, sem þeir fá yfirráð yfir á Íslandi. Til að afla slíks samþykkis þurfti hann að láta kalla saman aukaþing. Í stað þess smalar hann 42 þingmönnum „lýðræðisflokkanna“ saman og lýgur þá fulla af mikilli nákvæmni um, að Rússar séu að koma. Og sjá, — „af ótta við tröllin í þokunni hlaupa þeir allir fyrir björg“, en um þetta segir svo í tilkynningu ríkisstjórnarinnar hinn 7. maí s. l.:

„Samningsgerðinni er nú lokið, og höfðu allir þingmenn lýðræðisflokkanna þriggja, 43 að tölu, áður lýst sig samþykka samningnum, svo sem hann nú hefur verið gerður. Utanríkisráðherra Íslands hefur þess vegna í umboði ríkisstjórnarinnar undirritað samninginn af Íslands hálfu hinn 5. maí s. l., og var samningurinn sama dag staðfestur í ríkisráði af handhöfum valds forseta Íslands, svo sem lög standa til.“

Orðalagið „þess vegna“ á að blekkja almenning á Íslandi og gefa til kynna, að ályktun á þessum þingmannafundum jafngildi lögformlegu samþykki Alþingis á samningum skv. 21. gr. stjskr. og að hann sé þar af leiðandi gildur að ríkisrétti og skuldbindandi fyrir þjóðina. Ekkert er þó hlægilegri fjarstæða. Ákvarðanir þingm., sem teknar eru eftir að þingi er slitið og áður en það er kallað saman á ný, hafa ekkert lögformlegt gildi. Það er meira að segja hægt að vitna í Bjarna Benediktsson um þetta atriði:

„Áhrif þingslita eru fyrst og fremst þau, að ályktanir þingmanna, sem gerðar eru eftir það en áður en þing kemur saman á ný, eru marklausar, þótt gerðar væru með sama hætti og á löglegu þingi. Með þessu er auðvitað ekkert sagt um pólitískt gildi slíkra ályktana, en formlegt gildi þeirra er ekki neitt.“ (Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 18).

Þannig hefur Bjarni Benediktsson sjálfur fellt þann dóm meðan hann var prófessor í lögum við Háskóla Íslands, að ályktanir nokkurra þingmanna á klíkufundum séu marklausar og nægi þar af leiðandi ekki til að gera samning hans við hr. Lawson gildan og skuldbindandi fyrir þjóðina.

V.

Auk þeirrar skyldu að kalla saman aukaþing til að fullnægja ákvæði stjórnarskrárinnar um samþykki Alþingis á samningnum var ríkisstjórninni skylt að leggja samninginn fyrir utanríkismálanefnd þingsins. Sú skylda hvílir á ríkisstjórninni hvort sem Alþingi situr eða situr ekki. Um þetta eru mjög skýr lagaákvæði, sem eiga að stuðla að því, að Alþingi hafi sem víðtækust áhrif og afskipti af samningsgerðum við önnur ríki:

„Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd

starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ (Þingskapalögin, 16. gr.).

Bjarni Benediktsson lætur nú sem hann viti ekki af þessu lagaákvæði, en í kennslubókum hans er þetta að finna:

„Skylda ríkisstjórnarinnar til að bera mál undir utanríkismálanefnd er vafalaust víðtækari en svo, að hún eigi einungis við um þau mál, er samþykki þingsins þarf við um, því að það samþykki getur nefndin eigi veitt.“ (Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði eftir Bjarna Benediktsson, 1940, — bls. 67).

Það er mjög alvarlegt lagabrot af ráðherra að ganga fram hjá utanríkismálanefnd og meina henni afskipti af utanríkismálum, sem hún á að hafa samkvæmt lögum. Þó verður að líta enn alvarlegri augum á þetta lagabrot Bjarna Benediktssonar, að fara á bak við utanríkismálanefnd með samning um erlendar herstöðvar á Íslandi, fyrir þá sök, að fyrir liggur álit utanríkismálanefndar frá því í júlí 1945, sem staðfest var af Alþingi, þar sem skýrt er fram tekið, að íslenzka þjóðin vilji engar erlendar herstöðvar hafa í landi sínu. Þetta álit utanríkismálanefndar er enn í fullu gildi og Alþingi gerði það að sínu áliti. Bjarni Benediktsson gerir sig því ekki aðeins sekan um stjórnarskrárbrot og brot á þingskapareglunum, heldur lætur hann sér sæma að heimila með privatsamningi Bandaríkjunum herstöðvar í landinu þvert ofan í yfirlýsingu Alþingis.

VI.

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar frá 7. maí s. l. segir svo meðal annars:

„Ríkisstjórnin hefur talið sjálfsagt að leita samþykkis þingmanna lýðræðisflokkanna þriggja um samningsgerðina. Hins vegar hefur ríkisstjórnin ekki talið rétt að hafa samráð við þingmenn Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins, um öryggismál Íslands.“

Hér liggur hundurinn grafinn.

Þarna lýsir ríkisstjórnin sjálfri sér betur en á verður kosið. Þetta er hennar lýðræði. Þetta er hennar þingræði.

Yfirlýsing þessi greinir frá hinum raunverulegu ástæðum þess, að Alþingi var ekki kvatt saman til aukafundar, þegar skylt var samkvæmt stjórnarskránni, og að samningurinn var ekki borinn undir utanríkismálanefnd. Þannig stendur nefnilega á, að rúmlega 14 þúsund íslenzkir kjósendur Sósíalistaflokksins eiga 9 fulltrúa á Alþingi, löglega kjörna í seinustu alþingiskosningum, hafandi öll réttindi og berandi allar skyldur alþingismanna samkvæmt lögum og stjórnarskrá, og einn af þessum 9 fulltrúum á sæti í utanríkismálanefnd þingsns. Það er vitað, að þessir 9 þjóðkjörnu menn eru ekki á sama máli og utanríkismálaráðuneytið í Washington um bandarískar herstöðvar á Íslandi, og samráð við þessa menn eru því mjög óæskileg(!) bæði frá sjónarmiði þeirra í Washington og amtmanns þeirra, Bjarna Benediktssonar. Og það er einmitt af hræðslu við þessa 9 menn og til að forðast þá, að ríkisstjórnin kallar ekki saman Alþingi og leggur ekki samninginn fyrir utanríkismálanefnd. En það er ekki létt verk, þótt það sé löðurmannlegt, að sniðganga sjötta hluta Alþingis: Til þess að meina 9 rétt kjörnum alþingismönnum þátttöku í málum, sem heyra undir Alþingi, þarf hvorki meira né minna en að þverbrjóta íslenzku stjórnarskrána og þingskapalögin.

Hér eru alvarlegir hlutir að gerast í íslenzku stjórnmálalífi undir handleiðslu Bjarna Benediktssonar. Hér er um að ræða hreint afnám Alþingis Íslendinga í þýðingarmesta máli þjóðarinnar: Tiltekinn meiri hluti þingmanna tekur sig til og útilokar tiltekinn minni hluta þingmanna frá þátttöku í störfum, sem heyra samkvæmt lögum og stjórnarskrá undir Alþingi. Slík útilokun er vitaskuld ekkert annað en afnám Alþingis hvað þessi störf snertir og stórhættulegt fordæmi. Alþingi Íslendinga hefur að vísu orðið að þola margt ofbeldi af hendi danskra og bandarískra, en þá verður óhamingju Íslands allt að vopni, þegar íslenzkur tekur sig fram um að sýna Alþingi þá lítilsvirðingu og það ofbeldi, að afnema

það í þýðingarmesta málaflokki þjóðarinnar með því að ráðstafa upp á eigin spýtur landi og réttindum þjóðarinnar.

VII.

Niðurlagsorð mín eru þessi:

Samningur, sem heimilar erlendu ríki að hafa herstöðvar og herlið á Íslandi um ófyrirsjáanlegan tíma, fellur ótvírætt undir ákvæði 21. greinar stjórnarskrárinnar frá 1944, og slíkan samning má því ekki gera nema Alþingi hafi samþykkt hann lögformlega.

Þar sem slíkt samþykki Alþingis lá ekki fyrir 5. maí s. l. um „varnarsamninginn“ við Bandaríkin og þar sem ályktanir nokkurra þingmanna meðan Alþingi situr ekki á rökstólum eru marklausar, þá skorti handhafa forsetavalds ríkisréttarlega heimild til að staðfesta samninginn, og meðundirskrift Bjarna Benediktssonar gerð á hans persónulegu ábyrgð, þar eð honum var ljóst, að ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar hafði ekki verið fylgt.

Þar sem hins vegar ríkisréttarlega heimild skorti til að staðfesta samninginn, er hann ekki gildur að ríkisrétti né skuldbindandi fyrir íslenzku þjóðina.

Ingi R. Helgason.

Fylgiskjal III.

Nokkur dæmi um aðfarir Bandaríkjanna við smáríki.

1893 setti Bandaríkjastjórn her á land á Hawaieyjum. Ríkisstjórn landsins mótmælti við sendiherra Bandaríkjanna. Hinn ameríski her setti þá ríkisstjórnina frá völdum og setti aðra stjórn, sem var þægt verkfæri hinna amerísku auðmanna, sem vildu fá eyjarnar til aukinnar sykurræktar. Nú eru þær ein helzta herstöð Bandaríkjanna.

Í nóvember 1903 skipulögðu Bandaríkin uppreisn á Panamasvæðinu, sem var hluti af Kolumbíu. Síðar viðurkenndi Bandaríkjastjórn Panama sem sérstakt ríki og kom þar á leppstjórn og samdi við hana um yfirráð yfir landssvæði undir Panamaskurðinn.

Á árunum 1911—1917 höfðu amerískir bankar undir forustu National City Bank í New York náð vaxandi ítökum í bönkum hins sjálfstæða lýðveldis Haiti. Samhliða vildi Bandaríkjastjórn ná völdum yfir landinu. Í desember 1914 lét hún herlið sitt ráðast í land á Haiti og taka 500000 dollara úr bankahvelfingu þjóðbankans og flytja út í ameríska herskipið „Machias“. 1915 tók amerískur her Haiti á vald sitt, lét velja þann mann fyrir forseta, sem Bandaríkjastjórn vildi, og gerði þann samning við Bandaríkin, sem þau óskuðu eftir (sjá U. S. Foreign Rel. 1915, tíðindi Bandaríkjaþings um samskipti við önnur lönd bls. 476, 479—480, og U. S. „Haiti Hearings“), Undir hersetu Bandaríkjanna var knúin fram ný stjórnarskrá fyrir Haiti, sem svipti íbúana mörgum dýrmætustu lýðréttindum. „National City Bank“ fékk einokunarvald yfir lánsfjármálum eyjarinnar, og amerískir auðmenn náðu á skammri stund öllum tökum á efnahagslífi eyjaskeggja. Öll frelsisbarátta eyjaskeggja var kæfð í blóði. Ógnarstjórn Ameríkana á Haiti á fimm árum, frá 1916 til 1921, var slík eftir því sem helztu menn Haiti lýstu því við rannsóknanefnd ameríska öldungaráðsins 1921, að „Haitibúar hefðu á síðustu 5 árum þolað meira tjón, píningar, eyðileggingar og eymd en annars í allri sinni ógæfusömu fortíð.“ — Haiti er enn í dag raunveruleg nýlenda Bandaríkjanna.

Kuba hefur frá 1899 verið raunveruleg nýlenda ameríska auðvaldsins, sem hefur sölsað undir sig dýrmætustu auðlindir landsins. Fjórum sinnum á tímabilinu 1899—1919 hefur Bandaríkjastjórn ráðizt með her inn í Kubu og hvað eftir annað haldið landinu hernumdu í mörg ár. Allar þessar innrásir frömdu Bandaríkin undir yfirskini „varnarsamnings“ við Kubu, sem þau neyddu þing Kubu til að

taka upp í stjórnarskrá landsins 1901. (Sbr. U. S. Foreign Relations 1902, bls. 321, og 1904, bls. 244). Þá höfðu Bandaríkin her sinn þar í landi.

Þannig mætti lengi rekja yfirgang Bandaríkjastjórnar við smáríki, þegar amerískt auðvald hefur haft ágirnd á auðlindum slíkra landa eða þeim sjálfum fyrir herstöðvar. Nicaragua, Filipseyjar og önnur smáríki hafa sömu ljótu söguna að segja.

Nú ætla Bandaríkin Íslandi sömu örlög og þessi ríki hlutu á tímabilinu 1890—1920.

Ed. 239. Frumvarp til laga [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Frá 1. janúar 1952 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur til Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., skal varið til þess að koma upp (vinnustofum og) vinnuhælum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um fyrirkomulag og rekstur vinnuheimila samkv. 2. gr. Með reglugerð getur ráðherra og ákveðið, að fé því, sem er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., megi verja til stofnlána til sveitarfélaga eða ákveðinna félagssamtaka, sem setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tala öryrkja hér á landi yfir 16 ára aldur, sem talið er að hafi misst helming starfsorku eða meira og njóta bóta samkv. lögum um almannatryggingar, munu nú vera nálægt 2500. Greiðslur örorkulífeyris og örorkustyrkja til þessa fólks námu árið 1950 um 8 millj. króna og nema á þessu ári sennilega yfir 9½ milljón. Eru þá ótaldir allir þeir mörgu, sem dveljast á sjúkrahúsum og hælum langtímum saman vegna örorkusjúkdóma. Má því ætla, að nálægt 3000 manns, karla og kvenna, á starfsaldri séu öryrkjar.

Öryrkjum þessum má skipta í tvo aðalflokka. Í öðrum flokknum eru þeir, sem ekkert geta unnið og fyrirsjáanlegt er að verða algerir öryrkjar til æviloka. Margt af þessu fólki þarfnast stöðugrar hjúkrunar og umönnunar, enda dvelur nú talsverður hluti þess á hælum eða sjúkrahúsum, þótt enn skorti mikið á, að nægilega sé séð fyrir þörfunum í þessum efnum, sérstaklega að því er verðar fávita og geðbilað fólk. En í þessum flokki er einnig margt fólk, sem vel getur dvalið í heimahúsum eða hjá vandalausum, ef séð er fyrir daglegum þörfum þess með sæmilegum lífeyrisgreiðslum. — Í hinum flokknum eru þeir öryrkjar, sem hafa skerta starfsorku, en geta þó eða gætu unnið fyrir sér að einhverju eða jafnvel að öllu

leyti, ef skilyrði væru fyrir hendi til þess, að vinnuafl þeirra geti komið að sem fyllstum notum.

Allmargt af þessu fólki vinnur nú fyrir sér að einhverju leyti við störf í heimahúsum eða ýmiss konar lausavinnu utan heimilis. Hinn hópurinn er þó sennilega eins stór eða stærri, sem á þess litinn eða engan kost að fá störf við sitt hæfi og því situr auðum höndum við kröpp kjör. Enginn efi er þó á því, að starfsgeta þessa fólks gæti komið að miklum notum, ef því væri séð fyrir vinnu og aðbúð við þess hæfi, hentugum vinnustöðvum og verkefnum.

Með hentugum vinnustöðvum eða vinnustofum má ætla, að unnt sé að gera hvort tveggja í senn, að bæta hag þessa fólks og um leið létta nokkuð kostnaðinn við framfærslu þess. Slíkar vinnustöðvar og vinnustofur eru ætlaðar fólki, sem dvalið getur á heimilum sínum og farið til vinnustaðar dag hvern eða flesta daga eða tekið verkefni heim til sín. Vinnuheimilin eru aftur á móti ætluð þeim, sem þurfa að hafa heimili á vinnustaðnum og vera undir stöðugu heilbrigðiseftirliti.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér í Reykjavík með vinnustofur fyrir fólk með skerta starfsgetu. Má eflaust talsvert af þeirri reynslu læra. Þá er og öllum kunnugt um starfsemi vinnuheimilis S. Í. B. S. fyrir berklaveika að Reykjalundi. Er það án efa á margan hátt til fyrirmyndar.

Verkefni yrði að sjálfsögðu að hafa nokkuð fjölbreytt og velja þau með hliðsjón af vinnugetu, verkkunnáttu og fyrri störfum hlutaðeigenda og með tilliti til sölumöguleika varningsins. Í sambandi við vinnustofur og vinnuheimili mætti og án efa undirbúa öryrkja, einkum fólk á ungum aldri, til sérstakra starfa, sjá þeim fyrir námskeiðum, þjálfun og verkmenntun, að svo miklu leyti sem sérstakar stofnanir, skólar og fyrirtæki tækju slíkt ekki að sér.

Nú er unnið að því að semja yfirlitsskýrslur um alla þá öryrkja á landinu, sem ætla má að gætu unnið fyrir sér að einhverju eða öllu leyti, ef þeim væru sköpuð skilyrði til að geta notað starfsorku sína og séð fyrir menntun og þjálfun við þeirra hæfi.

Við Íslendingar höfum ekki efni á því að láta nokkurn mann, sem eitthvað getur unnið, sitja auðum höndum vegna skorts á hentugum verkefnum og vinnustað. Vinnuheimili kosta mikið fé. Til vinnustöðva með nauðsynlegum tækjum og útbúnaði öllum þarf og mjög veruleg stofnfjárframlög. Er því nauðsynlegt, ef tryggja skal framkvæmdir, að sjá fyrir ákveðnum tekjustofni í þessu skyni. — Erfðafjárskatturinn ásamt arfahluta ríkissjóðs er í frv. til fjárlaga fyrir 1952 áætlaður 300 þús. krónur. Þess má þó sennilega vænta, að hann reynist nokkru hærri, sennilega um hálf milljón króna á ári. Virðist hyggilegra að nota þennan tekjustofn, sem tekinn er af eignum framliðinna, til þess að koma upp varanlegum fasteignum til hjálpar öryrkjum og til að létta byrðar þjóðfélagsins í framtíðinni, heldur en að láta hann verða árlegan eyðslueyri.

Í frv. eru engin ákvæði um það, hver skuli reka vinnuheimili og vinnustöðvar. Þykir ekki ástæða til að kveða nánar á um það efni að svo stöddu en þegar er gert í lögum um almannatryggingar og öðrum lögum. Aðalatriðið er, að dómi flutningsmanna, að tryggja nú þegar ákveðinn tekjustofn til þessara framkvæmda.

Nauðsyn aðgerða í þessu efni hefur verið mönnum ljós á undanförnum árum. Þegar erfðalögunum var síðast breytt, árið 1949, bar einn nefndarmanna (Gísli Jónsson) fram breytingartillögur við erfðalagafrv., sem í meginatriðum voru í samræmi við þetta frv. Á haustþingi sama ár flutti heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar tillögur um breytingar á almannatryggingalögunum, sem einnig gengu í sömu átt. Og á síðasta Alþingi bar Gísli Jónsson fram sérstakt frumvarp um aukningu á arfahluta ríkissjóðs og ráðstöfun erfðafjárskatts í sama skyni.

Ed. 240. Lög [28. mál]

um breyting á lögum nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 167.

Nd. 241. Frumvarp til laga [83. mál]

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f. — Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

2. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

3. gr.

Hlutafé félagsins skal nema allt að 6½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

4. gr.

Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. KAFLI
Um stjórn hlutafélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningum á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð 5 aðalmönnum og 5 mönnum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

7. gr.

Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðanðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

III. KAFLI
Starfshættir bankans.

8. gr.

Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

9. gr.

Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

10. gr.

Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.

IV. KAFLI
Um iðnlánasjóð.

11. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h/f um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.

12. gr.

Bankanum er heimilt að starfrækja fleiri deildir innan bankans, sem vinna að því markmiði, sem um er rætt í 1. grein.

Sþ. 242. Fyrirspurnir. [122. mál]

I. Til dómsmálaráðherra varðandi rannsókn máls og vítaverða framkomu setudómara og aðstoðarmanna hans.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Af hvaða tilefni var hafin sú rannsókn á atvinnurekstri Helga Benediktssonar útgerðarmanns og kaupmanns í Vestmannaeyjum árið 1948, sem falin var setudómara og talið er að standi enn yfir?
2. Er dómsmálaráðherranum ekki kunnugt um ósæmilega og vítaverða framkomu setudómarans og aðstoðarmanna hans gegn rannsóknarþola við meðferð málsins?
3. Ef dómsmálaráðherranum er þetta kunnugt, ætlar hann þá að fresta því lengur að taka mál Helga Benediktssonar úr höndum setudómarans?

II. Til félagsmálaráðherra um kostnað og iðgjaldainnheimtu hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hvað margir menn vinna á aðalskrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins í Reykjavík? Hve miklu námu launagreiðslur til þeirra árið 1950, og hver var annar kostnaður við skrifstofuna það ár?
2. Hvað mikið borgaði Tryggingastofnunin hverjum héraðsdómara um sig árið 1950:
   a. í innheimtulaun,
   b. í umboðsþóknun?
3. Hvað mikla umboðsþóknun borgaði Tryggingastofnunin hverju sjúkrasamlagi um sig árið 1950?
4. Hvað var mikið óinnheimt af iðgjöldum til Tryggingastofnunarinnar í árslok 1950 úr hverju tryggingarumdæmi:
   a. frá árinu 1950,
   b. frá fyrri árum?

Nd. 243. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 92 5. júní 1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Við 1. tölulið 1. gr. laganna bætist:

svo og að leggja háspennulínu frá raforkuverinu inn Fróðárhrepp og Eyrarsveit um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.

2. gr.

Kostnað við lagningu háspennulínunnar frá Fossá til Stykkishólms skal greiða af tekjuafgangi ríkissjóðs fyrir árið 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 92 frá 5. júní 1947 var ríkisstjórninni heimilað að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að reisa raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands;
2. að reisa raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók;
3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi.

Jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 6 millj. kr. til þessara framkvæmda.

Virkjun Gönguskarðsár og aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd var fljótlega unnið að, eftir að löggjöfin var sett, og samkvæmt upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni má gera ráð fyrir, að Fossárvirkjunin geti tekið til starfa á árinu 1953, með því að þegar er búið að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir með öflun véla og annars, sem með þarf til að fullgera veituna.

Á yfirstandandi ári hefur raforkumálastjóri látið framkvæma áætlun um kostnað við að leggja háspennulínu frá væntanlegri virkjun við Fossá til Stykkishólms.

Lengd háspennulínunnar mun vera 91 km og stofnkostnaður hennar ásamt spennistöðvum og heimtaugum 4.6 millj. kr. Nær öll býli í Fróðárhreppi, Eyrarsveit og Helgafellssveit, auk Stykkishólms og Grafarneskauptúns, yrðu rafmagns aðnjótandi frá Fossárvirkjuninni, ef umrædd háspennulína fengist lögð. Mjög er það aðkallandi fyrir kauptúnin og sveitirnar á Snæfellsnesi að geta notað til fulls það rafmagn, sem Fossárvirkjunin getur látið í té. Munu það vera yfir 2300 íbúar í 6 hreppsfélögum Snæfellsnessýslu, sem fengju rafmagn frá virkjuninni, ef háspennulína sú yrði lögð, sem frumvarpið ræðir um.

Þegar þess er gætt, að Alþingi hefur á undanförnum þingum haft margs konar fyrirgreiðslur og mikilvæg fjárframlög til að leysa rafmagnsþörf þeirra íbúa, sem hafa skilyrði til að fá rafmagn frá Sogs- og Laxárvirkjuninni, virðist ekki ósanngjarnt, að Alþingi geri einnig ráðstafanir til að létta undir með íbúum dreifbýlisins, sem verr eru á vegi staddir til að geta hagnýtt sér þessi eftirsóknarverðu þægindi, en óska þess þó eindregið og leggja mikið í sölurnar til að verða þeirra aðnjótandi.

Flutningsmaður lítur svo á, að margt mæli með því, að nokkrum hluta þess tekjuafgangs, sem útlit er fyrir að ríkissjóður muni hafa á yfirstandandi ári, verði varið til að leysa aðkallandi þarfir Snæfellinga í rafmagnsmálum, eins og framangreint frumvarp mælir fyrir um.

Sþ. 244. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um landtökuvita á Norðausturlandi.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að hið bráðasta verði reistur öflugur landtökuviti (radioviti) á Norðausturlandi, á þeim stað, sem kunnáttumenn telja bezt til þess fallinn.

Greinargerð.

Meðal þeirra tæknilegu framfara, sem hafa rutt sér til rúms á síðari árum, er það, að stór hluti skipastóls þjóðarinnar hefur verið búinn miðunartækjum. Svo er um allan verzlunarflota okkar og togaraflotann og enn fremur verulegan hluta vélbátaflotans, t. d. Sviþjóðarbátana svonefndu, og ýmis önnur vélskip, sem byggð hafa verið eða keypt til landsins á síðustu árum.

En þessi dýru og nauðsynlegu tæki koma að litlum notum víða við strendur landsins, vegna þess að ekki eru til staðar radiovitar, sem skipin geti náð til með miðunartækjum sínum og þannig gert öruggar staðarákvarðanir. Aðeins á Suðvesturlandi er vel séð fyrir þessum hlutum, svo að jafnvel mætti kalla ofrausn, því að þar eru þrír öflugir radiovitar hlið við hlið, einn á Reykjanesi, annar á Álftanesi og hinn þriðji á Seltjarnarnesi.

Nú er það hins vegar svo, að þótt siglingar séu miklar til Suðvesturlandsins og fjölsótt fiskimið á þeim slóðum, þá er samt engan veginn nóg að hugsa aðeins um þann landshluta í þessum efnum, því að hið sama gildir um aðra landshluta í vaxandi mæli. Eftir að togaraútgerð hefur vaxið upp á Norður- og Austurlandi, hefur fjölgað að mun þeim skipum, sem iðulega þurfa að taka land á þessu svæði, ýmist er þau koma úr veiðiferðum eða erlendis frá eftir að hafa siglt út með afla sinn.

Hið sama gildir og um síldveiðiskipin, sem t. d. síðastliðið sumar urðu að leita síldarinnar allt upp í 100 mílur til hafs út af Norðausturlandinu og leita síðan lands, oft í svartaþoku og misjöfnu veðri, enda mörg dæmi þess, að síldveiðiskip, sem

leitað hafa síldar, þvers og kruss, án landsýnar um lengri tíma, hafa ekki getað ákveðið stöðu sína og lent í erfiðleikum af þeim sökum.

Öflugur radioviti, sem staðsettur væri þar á Norðausturlandinu, sem kunnáttumenn í þessum sökum teldu hann bezt settan, mundi bæta að verulegu leyti úr brýnni þörf í þessum efnum, og er tillagan flutt með það fyrir augum.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um stöðvun útvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jónas Árnason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stöðva rekstur bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Greinargerð.

„Radio Station TSK“ tók til starfa síðastliðinn fimmtudag, bandarísk útvarpsstöð á Íslandi. Þetta er lítil stöð til að byrja með, aðeins 25 vött. En sendikrafturinn verður fljótlega aukinn upp í 100 vött, og þá mun heyrast vel í stöðinni hér um allt Suðvesturland, og sennilega víðar.

Þessari stofnun útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli hefur verið fagnað sums staðar, m. a. frá því sjónarmiði, að nú muni hermönnunum reynast léttbærara lífið hér í framandi landi; málið með öðrum orðum túlkað sem æskileg og raunar bráðnauðsynleg ráðstöfun til að lægja heimþrána í vissum hópi manna. Það skal ekki dregið í efa, að stríðsmenn þessir kunni að verða dálitið viðkvæmir á sálinni af langdvölum á þeim stað, þar sem brunahraun Reykjaness blasir við í öllum áttum; þó að slíkt hafi lítið tekið á taugar Suðurnesjamanna hingað til; enda ólíku saman að jafna, hinir fyrrnefndu sjálfsagt flestir upprunnir í blómlöndum blíðrar veðráttu, hinir síðarnefndu fæddir á hrjóstugri strönd, þar sem ríkt hefur öllu ofar boðorðið um að sækja úfinn sjóinn, og sækja hann fast. Heimþrá hinna bandarísku á Keflavíkurflugvelli er sem sé án efa ómótmælanleg staðreynd, og eins og allt er í pottinn búið, þá mun því miður tilgangslaust að benda þeim á það, sem ætíð hefur reynzt óbrigðult ráð við heimþrá: að fara bara heim. En þar með er ekki sagt, að stofnun útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli sé ráðstöfun, sem ekki verði hjá komizt. Fjölmargar útvarpsstöðvar í ættlandi þessara manna eru svo sterkar, að þær ná saman með sendingar sínar kringum hnöttinn, og vel það; þar að auki starfrækir bandarískí herinn í Þýzkalandi sérstakar útvarpsstöðvar, sem ná hingað norður með dagskrárefni sitt; og margt fleira slíkt mætti til telja; ef hermenn Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli þurfa endilega að lægja í sér heimþrána með því að hlusta á útvarp, þá hafa þeir frá byrjun haft hin ágætustu skilyrði til þess; nýja stöðin á vellinum breytir þar engu um; hún er á engan hátt líkleg til að sjá hermönnunum fyrir kröftugri lækningaskömmtum gegn heimþrá heldur en til dæmis þær fullkomnar útvarpsstöðvar, sem starfandi eru í sjálfum átthögum þeirra, í Bandaríkjunum.

En þó að heimþráin á Keflavíkurflugvelli muni þannig að öllum líkindum standa í stað, þrátt fyrir þessa ráðstöfun, er þá ekki samt sem áður ástæðulaust að amast við bandarískum útvarpssendingum þaðan? Er þetta ekki bara ólund og sérvizka, skortur á heilbrigðu frjálslyndi, slettirekuskapur í garð vinsamlegrar þjóðar, sem leggur á sig langdvalir í norðlægum brunahraunum til að berjast fyrir alls konar merkilegum hugsjónum? — Reynslan af rekstri hermannaútvarps hér á stríðsárunum svarar m. a. þessum spurningum.

Það var fastur liður í dagskrá þess útvarps að tilkynna dansleiki hermannanna, hvar þeir yrðu haldnir og hvenær, hvílíkar dásemdir skemmtana þar yrðu á boðstólum í veitingum og músikk, stundum frægir spilarar frá sjálfri New York, allt ókeypis fyrir íslenzkar stúlkur, sem vildu koma. **Ungar stúlkur velkomnar,** á þetta atriði var ætíð lögð sérstök áherzla; enda mun ekki ofmælt, að útvarp þetta hafi verið ein hin rammasta þeirra tauga, sem drógu stúlkurnar burt úr siðferðilegri umhyggju föðurtúna, inn í meira og minna spillandi samkvæmi hermannabragganna. — Til þess bendir ekkert, að nýtt hermannaútvarp á Íslandi muni láta hjá líða að ástunda þennan þátt í starfsemi þess gamla; þeir hermenn, sem nú dveljast í landinu, hafa í engu tilliti sýnt minni hug á að komast í kynni við íslenzkar stúlkur heldur en þeir, sem hér dvöldust á stríðsárunum. Og þó ekki væri fyrir aðra sök en þessa, þá er strax ærin ástæða til þess fyrir Íslendinga að beita sér gegn starfrækslu útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. — Nú er mikið — og ekki að ófyrirsynju — rætt um nauðsyn þess, að ungar stúlkur séu verndaðar gegn þeirri hættu á siðferðilegri óhollustu, sem þeim er búin, ef þær láta lokkast í félagsskap hermanna. Allt slíkt tal hlyti að teljast óeinlægt í hæsta máta, ef um leið yrði látið gott heita, að starfrækt er hermannaútvarp á Keflavíkurflugvelli. Það væri sama og að hafa uppi stór orð um ógnir skæðrar pestar, en hirða þó ekki um sóttvarnir.

En hér kemur fleira til greina, og ekki afdrifaminna. — Þegar blöð sögðu frá því, að í uppsiglingu væri stofnun útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, þá hófust hringingar miklar á símalínum íslenzka ríkisútvarpsins, og hlóðust ákafar spurningar á þá, sem önzuðu, allar sama efnis: hvenær tæki hermannastöðin til starfa? — Það var unga fólkið í Reykjavík, sem hringdi. Ákafi þess mun eflaust í mörgum dæmum hafa orsakazt af þeirri gagnrýnislausu Bandaríkjadýrkun, sem ungu fólki hefur á seinni árum leynt og ljóst verið boðuð af ýmsum aðilum, einkum þó bíóhúsum og ríkisstjórninni. En undir málið gengur þó einnig sú staðreynd, að í augum unga fólksins er starfsemi íslenzka útvarpsins leiðinlegt fyrirbæri; það nennir ekki að fylgjast með dagskrá þess, heldur þvert á móti forðast hana, eins og erfiðan kross, líkjandi við þurrt og óaðlaðandi skólanám. Og hjá bandarísku útvarpsstöðinni á þetta unga fólk von á að finna það fjör og þann auðmelta skemmtikost, sem það telur sig skorta hjá þeirri íslenzku. — Ástæðan til þessarar afstöðu unga fólksins gagnvart útvarpinu okkar er eflaust ekki sízt sú, að fast er horft á galla, en fram hjá litið kostum. Þó mun hún hafa við nokkur rök að styðjast; íslenzka útvarpið hefur sennilega ekki gætt þess eins og skyldi að búa svo dagskrá sína, að hún mætti ná eyrum unga fólksins. En sé í þessum efnum einhverra umbóta þörf, þá er það einskis aðila hlutverk annars en íslenzka ríkisútvarpsins að gangast fyrir þeim. Útlendingar eiga hvergi nærri að koma um það, hversu miklu af tíma sínum ungir Íslendingar verja til að hlusta á útvarp.

En eins og fyrr var að vikið, þá bendir nú allt til þess, að stór hluti unga fólksins — að minnsta kosti hér í Reykjavík og nágrenni — muni algerlega hætta að hlusta á sitt eigið útvarp, en sitja þeim mun lengur við dagskrá þess bandaríska. Og hvers konar andleg næring mun því þar tilreidd? — Fyrri flm. þessarar tillögu hafði um eitt skeið aðstöðu til að kynnast allvel dagskrárefni bandarískra útvarpsstöðva. Ásamt léttri dægurlagamúsikk og tiltölulega saklausum skrítluskap er meginuppistaða þess ýmiss konar afleitir leikþættir, reyfarar af því tagi, sem Íslendingar hafa kynnzt nokkuð í svonefndum „hasar"-blöðum bandarískum. Þegar 1. flm. vissi seinast til, voru tveir furðulegir ævintýramenn einna vinsælastar hetjur þessara þátta og virtust eiga sér langt líf fyrir höndum, gekk annar undir nafninu Lone Ranger, kúreki, sem fékkst raunar meira við að skjóta fólk en hirða kýr, hinn Dick Tracy, lögregluspæjari, sem atvinnu sinnar vegna umgekkst fátt annað fólk en glæpahyski.

Margir þykjast nú sjá þess merki, að æskulýður höfuðborgarinnar hirði lítt um þjóðlegan uppruna sinn, og tiltaka það dæmi meðal annarra, að þegar þeir komi inn í sjoppurnar svokölluðu, þar sem æskulýðurinn hefst einkum við í tómstund-

um sínum, þá finnist þeim eins og þeir séu skyndilega staddir meðal framandi þjóðar. Eru þeir að vonum uggandi nokkuð um framtíð íslenzkrar menningar í höndum slíks fólks. Harma það réttilega, að æskulýðurinn skuli ekki finna hjá sér hvöt til að nema þau fræði, sem verið hafa yndi og líf þeirra kynslóða, sem á undan honum eru gengnar; þessu fólki væri til dæmis sæmra að sitja heima og fylgjast með lestri fornrita í útvarpinu heldur en að eyða hverju kvöldi í andleysi og menningarleysi sjoppunnar. — Flutningsmönnum þessarar tillögu er fyllilega ljós hætta sú, sem þarna er á ferðum. En þeim þykir alls ekki örvænt um, að afstýra megi henni. Þessi æskulýður er hvergi nærri týndur og tröllum gefinn í þjóðlegu tilliti. Sá tími þarf ekki að vera langt undan, að hann setjist aftur á menningarpall með eldri kynslóðinni, til að heyra lesin fornritin okkar. En til þess að svo geti orðið, verða allir góðir kraftar að sameinast um aðgerðir til úrbóta. Og fyrsta skilyrðið er, að áhrifamenn þjóðarinnar hætti að láta reka á reiðanum í þessum efnum. Æskulýður höfuðborgarinnar er ærið illa á vegi staddur meðan hann lætur við það sitja að forsmá fornritin okkar og önnur þjóðleg verðmæti; en þá fyrst verður fullkomin vá fyrir dyrum, þegar hann hefur tileinkað sér útlenda reyfaraþætti í stað þessara verðmæta, þegar í staðinn fyrir Gunnar á Hlíðarenda er kominn Lone Ranger, í staðinn fyrir Njál á Bergþórshvoli Dick Tracy. — Vegna hinna miklu menntasetra og margvíslegra skóla dvelst meir en helmingur alls íslenzks æskulýðs í Reykjavík og nágrenni hennar mestan hluta ársins. Reykjavík má þannig með réttu kallast festarklettur menningar okkar. Og það er komin sprunga í klettinn. Og í þessa sprungu er nú rekinn fleinn á flein ofan. Einn þeirra er stofnun bandarísku útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Og ef þann veg heldur áfram sem stefnt hefur, hlýtur að fara svo um síðir, að kletturinn klofni, menning okkar losni upp, og þjóðarnafnið Íslendingar hverfi í hafrót miskunnarlausrar stórveldisstefnu, til að gleymast.

Enn þá hefur þó ekkert verið minnzt á það atriði, sem frá sjónarmiði löggjafans er ef til vill þýðingarmest í málinu: Stofnun útvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er algert brot á íslenzkum lögum. Í lögum nr. 68 frá 28. des. 1934 stendur þessi skýra og skorinorða setning: **„Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.“** Og svo strangt er auk þess á kveðið, að orkuaukning ríkisútvarpsins og bygging endurvarpsstöðva er jafnvel óleyfileg án samþykkis Alþingis. — Það er vissulega ekki skemmtilegt afspurnar, að Alþingi skuli þurfa að gera ríkisstjórninni sérstaka áminningu um að gæta íslenzkra laga og réttar. En því miður virðist slíks nú meiri þörf en svo, að kyrrt megi liggja. Alþingi hlýtur að leggja áherzlu á, að til þess setur það lögin, að þau séu haldin. Hér gildir einu, hvort útlendingar eiga í hlut eða Íslendingar. Lög eru lög á Íslandi.

Í skyldu máli þessu hefur því verið haldið fram, að krafan um skilyrðislausa virðingu fyrir ísl. lögum væri til þess gerð að hafa í frammi ókurteisi við vinaþjóð og nota til áróðurs gegn henni. Slík afstaða frjálsra manna er óskiljanleg. Hún er ekki einu sinni líkleg til að hækka hlut þeirra í augum viðkomandi þjóðar. Því að það vex enginn af því að láta traðka á rétti sínum. Og það getur ekki verið ókurteisi við neinn að ganga uppréttur.

Nd. 246. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, þannig:

Sambandi íslenzkra samvinnufélaga er heimilt að gerast hluthafi í félaginu, með allt að 1½ milljón króna hlutafjárframlagi, og verður þá hlutafé félagsins samtals allt að 8 milljónum króna, ef heimild þessi verður notuð.

Nd. 247. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

Frá forsætisráðherra.

Á eftir 1. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, þannig:

a. (2. gr.) Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 6.5 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingartæki í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 90% af kostnaðarverði eða matsverði skipanna með olíukyndingu.

b. (3. gr.) Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 50 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

Nd. 248. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar framleiðsluráði landbúnaðarins, sem mælir með frv. Nefndin er sammála flutningsmönnum um mikla þörf geymsluhúsa fyrir kartöflur og aðra garðávexti og að styrkurinn gæti orðið einhver hvatning til að koma þeim upp. En nefndin telur, að í frv. sé ekki nægilega tryggt, að byggingarnar séu úr varanlegu efni og útbúnaður sé þannig, að húsin verði örugg vetrargeymsla, og það því fremur sem úttekt á þessum húsum mun að öllum jafnaði fara fram að haustinu og áður en reynsla er fengin fyrir, hvernig þau reynast.

Þá hefur nefndin orðið ásátt um að leggja til, að bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna um nokkru hærri styrk til sléttunar túnþýfis verði framlengt um 2 ár, eða til ársloka 1954. Breytingartillaga þessi er flutt með tilliti til þess, að margir bændur hafa enn ekki átt kost á stórvirkum jarðvinnslutækjum svo sem þeir hefðu kosið til að slétta tún sín. — Einn nefndarmanna (ÁS) var fjarstaddur, þegar gengið var frá breytingartillögunum.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Stafliður d. orðist þannig:
Geymsluhús fyrir garðávexti, enda séu þau vönduð, byggð úr varanlegu efni og gerð eftir fyrirmyndum, er teiknistofa landbúnaðarins hefur samþykkt; enn fremur sé loftræsting og einangrun þannig, að þar sé örugg geymsla fyrir garðávexti, kr. 3.00 pr. m^3.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Í stað „1952“ í 3. málsgr. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

Alþingi, 21. nóv. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Jón Pálmason.
	Andrés Eyjólfsson.	

Nd. 249. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Á undan 1. gr. komi ný gr. (verður 1. gr.), svo hljóðandi:
VI. kafli laganna (36.—40. gr.) breytist þannig:
1. 38. gr. laganna verður 36. gr.
2. Á eftir 36. gr. komi ný grein (37. gr.), svo hljóðandi:
Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér hentugra að gera fyrst nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama styrks úr landnámssjóði til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo.
Þessi styrkveiting er þó bundin eftirfarandi skilyrðum:
a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdirnar, sem styrks njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að styrkþegi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 8 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur. Að öðrum kosti endurgreiði hann landnámssjóði styrkinn með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.
Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.
3. 36. og 37. gr. laganna verða 38. og 39. gr.
4. 39. og 40. gr. laganna verða 40. og 41. gr.
5. Fyrirsögn kaflans verði:
Um landnám einstaklinga og nýbýli.

II. 1. gr. frv. verður 2. gr., og greinatalan innan sviga í meginmálinu breytist þannig, að 41. gr. verður 42. gr. o. s. frv.

III. Á eftir 2. gr. frv. (verður 3. gr.) kemur ný grein, svo hljóðandi:
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 35 1946 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 250. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Pétri Ottesen.

1. Fyrir 1.—12. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
a. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:
Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur ríkissjóður fram til hans kr. 3300000 á árinu 1952, kr. 800000 árlega árin 1953—1961, að báðum árum meðtöldum, og síðan kr. 300000 árlega.
b. (2. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Nd. 251. Frumvarp til laga [72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 252. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Frá Ingólfi Jónssyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja bræðrunum Konráð og Valdimar Auðunssonum, Dalsseli, eyðijarðirnar Tjarnir og Brúnir í Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel og þjóðjarðirnar Tjarnir og Brúnir.

Ed. 253. Lög [50. mál]

um breyting á lögum nr. 47/1950, um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 22. nóv.)

Samhljóða þskj. 71.

Sþ. 254. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um rekstur tunnuverksmiðja ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkið á nú tvær tunnuverksmiðjur, sem eru á Siglufirði og Akureyri. Bæði frá sjónarmiði verksmiðjanna og þeirra bæjarfélaga, sem hlut eiga að máli, virðist sjálfsagt að stuðla að því, að þessar verksmiðjur smíði allar þær síldartunnur, sem nota þarf í landinu. Þar sem bæði er minnst um atvinnu yfir vetrarmánuðina í bæjum þeim, þar sem verksmiðjurnar eru, og tunnurnar þurfa einnig að vera tilbúnar fyrir

sumarvertíð, verður að reyna að tryggja það, að verksmiðjurnar séu helzt starfræktar á veturna.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, að verksmiðjurnar verði í vetur látnar smíða allar þær tunnur, sem gert er ráð fyrir að þurfi að nota næsta sumar og haust, og lagt verði nú þegar allt kapp á að fá nægilegt efni til þessarar framleiðslu.

Tveir nefndarmanna (LJós og StJSt) voru ekki á fundi nefndarinnar, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 255. Frumvarp til laga [38. mál]

um hámark húsaleigu o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1951.

Nd. 256. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til laga um hámark húsaleigu o. fl.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 257. Frumvarp til laga [47. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna, tilkynningarskylda o. fl.

1. gr.

Lög þessi ná til sérhverrar starfsemi, þar sem einn verkamaður eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni einn eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, rekið af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins annar eða einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinn eða hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með rekstrinum, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

3. gr.

Sérhvert fyrirtæki, sem lög þessi ná til (sbr. 1. gr.), skal tilkynna öryggiseftirlitinu starfsemi sína áður en liðinn er hálfur mánuður frá því hún hófst. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, hvers konar og hve mikil orka er notuð, hve margir verkamenn vinni þar að jafnaði og annað það, er máli kann að skipta og krafizt verður. Ef notuð eru í fyrirtækinu efni, efnasambönd eða lofttegundir, sem hættuleg teljast heilsu manna, skal fylgja um þau skrá frá trúnaðarlækni öryggiseftirlitsins.

Þegar gerð er breyting á fyrirtæki, skal senda öryggiseftirlitinu sams konar tilkynningu og um getur í 1. málsgr. þessarar greinar strax og breytingum er lokið.

Eigandi farandvélar skal tilkynna hana öryggiseftirlitinu, og þegar þess er óskað, láta því í té upplýsingar um, hvar vélin er í notkun og hver beri ábyrgð á gæzlu hennar gagnvart öryggiseftirlitinu.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum laga þessara, má skjóta ágreiningnum til ráðuneytisins, og kveður það upp úrskurð um hann.

II. KAFLI

Almenn ákvæði um tilhögun á vinnustað.

5. gr.

Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því, sem föng eru frekast til.

Vinnuveitanda ber að sjá svo um, að verkamenn fái vitneskju um, ef hætta fylgir störfum þeirra og á hvern hátt bezt sé að forðast hana. Sérstaklega skal leiðbeina óvönum verkamönnum, nemum og ungum verkamönnum í þessu efni.

6. gr.

Verkamenn skulu stuðla að því eftir megni, að allt, sem gert er til að vernda þá gegn slysum og sjúkdómum, komi að sem beztum notum, þeim ber og að stunda reglusemi og nauðsynlega varkárni á vinnustað.

Verkamenn skulu sérstaklega gæta þess, að vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, sé í góðu lagi, og skulu strax tilkynna yfirmanni sínum, ef þeir verða varir við, að verkfæri, áhöld og annar útbúnaður gengur úr lagi.

Verði verkamaður fyrir slysi við vinnu sína, eða fái atvinnusjúkdóm, ber honum eða trúnaðarmanni að tilkynna það yfirmanni sínum svo fljótt sem verða má. Eigi má taka upp þá vinnu á ný, fyrr en það hefur verið lagfært, sem kann að hafa verið í ólagi.

Þegar verkamönnum er ætluð sérstök matstofa, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt, er þeim óheimilt að neyta matar síns annars staðar á vinnustað.

7. gr.

Trúnaðarmaður verkamanna (sbr. 42 .gr.) skal reglulega líta eftir því, að allur öryggisútbúnaður sé í góðu lagi og hann notaður á réttan hátt. Verði hann var einhverra ágalla, skal hann tilkynna það vinnuveitanda. Verði trúnaðarmaðurinn þess var, að hægt sé að bæta um öryggisútbúnaðinn á einhvern hátt, ber honum að vekja athygli vinnuveitanda á því. Sömuleiðis skal trúnaðarmaðurinn vekja áhuga verkamanna á notkun alls þess, er til öryggis má verða, og leiðbeina þeim um allt það, er að öryggisútbúnaðinum lýtur.

Trúnaðarmaður skal, í samráði við verkstjóra, hafa gát á því, að óviðkomandi menn séu ekki á ferli á vinnustað.

8. gr.

Þegar um vinnu er að ræða, sem hefur í för með sér óvenjulega mikla hættu fyrir líf, limi eða heilbrigði verkamanna eða er óvenjulega erfið, getur ráðherra sett reglur í samráði við öryggismálastjóra um öryggisútbúnað umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Í þeim reglum geta verið ákvæði um takmörkun vinnutímans, að verkamenn innan 18 ára aldurs séu eigi látnir framkvæma verkið og eigi heldur verkamenn, sem hafi annaðhvort ekki nægilegt líkamlegt eða andlegt atgervi til vinnunnar.

9. gr.

Ráðherra getur ákveðið, í samráði við öryggismálastjóra, að fram fari reglubundin læknisskoðun verkamanna, enda sé ástæða til að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma til muna. Þegar svo stendur á, er vinnuveitandi skyldur til að gefa verkamönnum frí frá störfum, án skerðingar á kaupi, til þess að skoðun geti farið fram.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við öryggismálastjóra, að gefa út reglugerðir og aðrar reglur um tilhögun á vinnustað, starfsháttu og önnur atriði, er varða heilbrigði og velferð verkamanna, svo og um öryggisútbúnað til að forðast slys og sjúkdóma af völdum vinnunnar, allt innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

Ef vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður, sem notaður er við vinnuna, er þannig gerður, að nauðsynlegt sé að sannreyna styrkleika hans eða önnur gæði eða rannsaka hann á annan hátt, ber seljandinn eða eigandinn allan eða nokkurn hluta kostnaðarins af rannsókninni eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

11. gr.

Sérhver sá, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal tilkynna það öryggiseftirlitinu.

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að allur öryggisútbúnaður sé samkvæmt þessum lögum.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið viðkomandi skoðunarvottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi.

III. KAFLI

Sérstakar reglur varðandi ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna.

12. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum öryggismálastjóra, reglur um ráðstafanir til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum, verzlunarstöðum, skrifstofum, við fermingu og affermingu skipa, mannflutninga

og aðra flutninga og við aðra starfsemi, eftir því sem ástæða þykir til. Í reglum þessum skulu m. a. sett fyrirmæli um stærð og fyrirkomulag húsnæðis þess, sem unnið er í, hitun þess, hreinlætisútbúnað og aðrar ráðstafanir, er gera þarf til verndar heilsu verkamanna.

IV. KAFLI
Ráðstafanir til að verjast slysum.

13. gr.

Byggingar allar og önnur mannvirki, sem lög þessi ná til, svo og vélar, verkfæri, áhöld og annar útbúnaður skal vera tryggilega gerður, og skal hann notaður og honum haldið við á tilhlýðilegan hátt. Þar, sem byggingarsamþykktir eru í gildi, skal farið eftir ákvæðum þeirra, enda séu ekki gerðar strangari kröfur í lögum þessum. Ef nauðsynlegt er, skal vinnuveitandi láta fram fara rannsókn á því, hvort frágangur sé tryggilegur.

Þegar fyrirkomulag bygginga og annarra mannvirkja er ákveðið, skal þess gætt, að gangar, stigar og útgöngudyr séu nægilega greiðfærar, ef eldsvoða ber að höndum. Hættulegar gryfjur, skurðir og annað þess háttar skal vera nægilega varið. Gólfum skal haldið þannig við, að ekki sé sérstök hætta við falli á þeim. Hvarvetna þar, sem umferð er, skal vera séð fyrir nægilegri birtu.

Útbúnaður, sem gerður er til varnar slysum, skal vera eins hentugur og frekast eru föng á og settur upp á réttan hátt. Honum skal haldið nægilega vel við.

14. gr.

Enginn framleiðandi eða seljandi má láta af hendi vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, nema ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé tryggilega fullnægt, og skal allur nauðsynlegur öryggisútbúnaður fylgja vélunum.

Sá, sem setur upp vélar, vélahluta, verkfæri, áhöld eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, ber ábyrgð á því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skerða þó á engan hátt ábyrgð þá, sem hvílir á vinnuveitanda samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur ákveðið, að hver sá, sem lætur af hendi aflvélar, verkfæri eða annan útbúnað, sem lög þessi ná til, skuli tilkynna það öryggismálastjóra. Lætur öryggiseftirlitið þá í té ókeypis eyðublöð fyrir tilkynningarnar.

Raforkuver skulu láta öryggiseftirlitinu í té upplýsingar um sölu þeirra á raforku, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

15. gr.

Á sérhverjum vinnustað, sem lög þessi ná til, skal vera tiltækilegur útbúnaður til hjálpar í viðlögum, og skal útbúnaðurinn vera í samræmi við nánari fyrirmæli öryggismálastjóra. Sömuleiðis getur öryggismálastjóri krafizt þess af stærri fyrirtækjum, að þau búi út sérstakar slysastofur eftir nánari fyrirmælum hans.

Í fyrirtækjum, þar sem slysahætta er veruleg, skal einn eða fleiri af verkamönnunum hafa tekið þátt í námskeiði í hjálp í viðlögum, og hafi þá sá eða þeir verkamannanna einir umráð yfir útbúnaði þeim, sem er fyrir hendi til hjálpar í viðlögum.

16. gr.

Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slysahættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.

Ef öryggismálastjóri telur það nauðsynlegt af öryggisástæðum, getur hann krafizt þess, að þannig sé frá vél og öryggisbúnaði hennar gengið, að eigi sé hægt að nota vélina, nema öryggisbúnaður hennar sé í fullu lagi.

Eigi má taka öryggisbúnað af vél meðan hún er í notkun.

Gangar ætlaðir til umferðar í vélarúmum eða öðrum stöðum, þar sem vélar eru í notkun, skulu vera svo breiðir og háir, að umferð þar sé hættulaus. Önnur bil milli véla skulu vera lokuð, meðan önnur hvor eða báðar vélarnar eru í gangi, og á þann hátt, er öryggismálastjóri kann að segja fyrir um.

Meðan vél er í gangi má eigi leggja á hana reim, snúru eða annað þess háttar, hreinsa hana, smyrja eða gera annað svipað við hana, nema það sé óumflýjanlega nauðsynlegt og þá því aðeins, að gætt sé ýtrustu varkárni, t. d. þess, að viðkomandi verkamaður sé eigi þannig klæddur, að fötin auki hættuna.

Þegar eigi verður hjá því komizt, t. d. vegna viðgerðar eða annars þess háttar, að unnið sé nálægt eða við hættulegar vélar, skal þeim haldið kyrrum og þannig vera frá þeim gengið, að þær verði eigi settar í gang, unz vinnunni er lokið.

Eigi má nota hanzka, vettlinga eða annað þess háttar við vörzlu véla, ef það kann að auka slysahættu.

17. gr.

Aflvélar skulu vera þannig gerðar, að ræsa megi þær hættulaust, sé gætt venjulegrar varkárni. Öryggismálastjóri getur sett nánari reglur um þetta atriði.

Þegar vélar eru tengdar aflvélinni, má ekki ræsa hana, fyrr en gefið hefur verið greinilegt merki um það, og skal merkið heyrast alls staðar þar, sem þess er þörf. Frá þessu ákvæði getur öryggiseftirlitið gefið undanþágu, ef slysahætta eykst ekki við það að þess áliti.

Nú hefur leigutaka orðið á misferli, er greinir í 1., 3., 5., 6. eða 7. lið 45. gr., en hann hefur bætt úr því, sem aflaga fór, áður en leigusali riftir leigumála, eða leigusali riftir ekki leigumála innan mánaðar, eftir að honum er kunnugt um misferli það, sem í 2., 4., 8. eða 9. lið 45. gr. segir, og er honum þá óheimilt síðar að láta hera leigutaka út úr hinu leigða húsnæði af þeim sökum.

48. gr.

Nú tekur fógeti kröfu leigusala um útburð á leigutaka til greina, en leigutaki áfrýjar málinu innan sjö daga frá uppsögn fógetaúrskurðar til hæstaréttar, og er þá fógeta heimilt að fresta framkvæmd útburðar um tiltekinn tíma, ef sérstaklega stendur á, gegn þeirri tryggingu, er hann kann að ákveða.

X. KAFLI

Heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir.

49. gr.

Þegar mikil húsnæðisekla er í kaupstað eða kauptúni, sem hefur 500 íbúa eða fleiri, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu, að einhverju eða öllu leyti, ákvæði þessa kafla.

Samþykkt þá, sem um getur í 1. mgr. skal ræða á tveim fundum í sveitarstjórn, og skal eigi líða skemmri tími milli funda en ein vika.

Nú samþykkir sveitarstjórn, að ákvæði kafla þessa skuli koma til framkvæmda í umdæmi hennar, og skal þá skipuð húsaleigunefnd, sem hefur á hendi framkvæmd þeirra.

50. gr.

Húsaleigunefnd skal skipuð fimm mönnum í þeim sveitarfélögum, þar sem starfandi er félag leigusala (fasteignaeigendafélag) og félag leigutaka (leigjendafélag).

Húsaleigunefndarmenn skulu valdir eins og hér segir:

Tveir skulu kosnir af sveitarstjórn hlutbundinni kosningu, einn tilnefndur af félagi leigusala (fasteignaeigendafélagi), einn tilnefndur af félagi leigutaka (leigjendafélagi) og einn tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Ef fleiri en eitt félag fasteignaeigenda eða leigjenda eru starfandi í sama bæjarfélagi, skal stærra (stærsta) félagið tilnefna manninn.

Í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem félög leigusala og leigutaka starfa ekki, skal húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum. Skulu þá tveir kjörnir af sveitarstjórn hlutbundinni kosningu, en einn tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður.

Varamenn skulu jafnmargir og aðalmenn og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Húsaleigunefnd skal skipuð til sama tíma og fastanefndir sveitarstjórna.

51. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í húsaleigunefnd. Þó getur sá, sem átt hefur þar sæti eitt kjörtímabil, skorazt undan endurkosningu.

52. gr.

Húsaleigunefnd fer með öll þau mál í umdæmi sínu milli leigutaka og leigusala, sem henni ber að hafa afskipti af samkvæmt lögum þessum, nema útburðarmál, skaðabótamál og önnur mál, sem samkvæmt lögum eða venju heyra beint undir dómstóla.

53. gr.

Húsaleigunefnd er ályktunarhæf, ef meira en helmingur aðalmanna eða varamanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

54. gr.

Skylt er málsaðilum að mæta fyrir húsaleigunefnd, ef hún krefst þess, og gefa upplýsingar um málsatriði.

Um skyldu annarra manna til að mæta fyrir húsaleigunefnd fer sem um skyldu vitna í einkamálum, sbr. lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

55. gr.

Um rétt og skyldur húsaleigunefndarmanna til að víkja sæti í máli fer eftir sömu reglum og um sáttamenn, þegar þeir úrskurða mál, sbr. 6. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

56. gr.

Nú vill leigusali eða leigutaki ekki hlíta ákvörðun húsaleigunefndar um leigu eða flokkun húsnæðis, og getur hann þá beiðzt yfirmats.

57. gr.

Hæstiréttur skal skipa þrjá aðalmenn í yfirmatsnefnd og þrjá varamenn. Einn aðalmanna skipar hæstiréttur sérstaklega sem formann nefndarinnar og einn varamanna sem varaformann, og skulu þeir fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómarar. Hinir nefndarmennirnir skulu vera valdir með hliðsjón af því, að þeir hafi staðgóða þekkingu á húsnæðismálum. Nefndin skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Hlutverk yfirmatsnefndar er að ákveða endanlega leigu eftir húsnæði og úrskurða um flokkun þess.

58. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum yfirmatsnefndar, setja reglugerð um flokkun íbúðarhúsnæðis. Reglugerðina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

59. gr.

Húsaleigunefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn eru opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og eru háðir skyldum þeirra í starfi sínu.

60. gr.

Kostnaður við húsaleigunefndir greiðist úr sveitarsjóði og ákveður sveitarstjórn þóknun til húsaleigunefndarmanna. Kostnaður við yfirmatsnefnd greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þóknun yfirmatsnefndanna.

61. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beina línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini. Nær þetta einnig til tímabundinna leigusamninga, þó leigutaki hafi skuldbundið sig til að rýma húsnæðið á tilteknum tíma. Ákvæði 1. mgr. taka þó ekki til:

1. Íbúðarhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi býr á sjálfur og hefur sama ytridyrainngang.
2. Einstaklingsherbergja.
3. Atvinnuhúsnæðis.

Uppsögn er einnig heimil ef leigutaki á sjálfur íbúð í sama sveitarfélagi, sem er honum nothæf að dómi húsaleigunefndar.

Uppsögn leiguhúsnæðis er ávallt heimil, ef leigutaki hefur brotið ákvæði 45. gr. laga þessara.

62. gr.

Nú hefur leigusali sagt leigutaka upp húsnæði og fært fram ástæður þær, sem tilgreindar eru í 61. gr., en síðar kemur í ljós, að um yfirskinsástæður hefur verið að ræða, og á leigutaki þá aftur rétt á hinu leigða húsnæði og auk þess skal leigusali bæta honum að fullu tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna uppsagnarinnar. Leigutaki skal þó gera skaðabótakröfu sína eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því honum var kunnugt um yfirskinsástæður uppsagnarinnar.

63. gr.

Heimilt skal leigusala og leigutaka að semja um viðhaldsskyldu húsnæðis á þann hátt, að leigusali hafi viðhaldsskyldu eignarinnar að meira eða minna leyti. Má þá leiga eftir húsnæðið hækka frá því er 64. gr. ákveður, sem viðhaldinu nemur, þó aldrei meira en 15 af hundraði af hámarksleigu þeirri, sem tiltekin er í 64. gr.

Ef viðhaldsskylda skal að einhverju leyti hvíla á leigutaka, skal húsnæðið tekin út á sama hátt og 35. gr. gerir ráð fyrir.

64. gr.

Leiga eftir íbúðir, sem eru eitt herbergi og eldhús eða meira, skal frá 1. janúar 1952 ekki mega vera hærri en 11 krónur fyrir hvern fermetra íbúðarinnar, miðað við utanmál, gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Skal hámark þetta miðast við gott og vandað húsnæði, búið öllum venjulegum nýtízku þægindum, en leigan skal vera lægri eftir því sem skortir á gæði húsnæðisins að dómi húsaleigunefndar. Leiga fyrir afnot þvottahúss og fyrir geymslur skal ákveðin í samræmi við gæði þess húsnæðis, með hliðsjón af áðurgreindu hámarki, og skal þá m. a. hafa hliðsjón af því, hversu fullkomin tæki eru til afnota í þvottahúsi.

Leiga sú, sem ákveðin verður þann 1. janúar 1952, skal teljast grunnleiga og breytist hún til hækkunar eða lækkunar þriðja hvert ár samkvæmt meðalvísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir næstliðinn þriggja ára tíma. Skal vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út af Hagstofu Íslands, en félagsmálaráðuneytið auglýsir vísitöluna og jafnframt þá breytingu, sem verður á húsaleigu samkv. henni.

65. gr.

Nú telur leigusali eða leigutaki, að umsamin og greidd leiga eftir húsnæði sé í ósamræmi við fyrirmæli 64. gr., og getur hann þá krafizt þess, að húsaleigunefnd meti leiguna.

66. gr.

Nú hefur leigutaki greitt hærri húsaleigu en húsaleigunefnd eða yfirmatsnefnd telur hæfilega. Skal þá leigusala skylt að endurgreiða þá fjárhæð, sem leigutaki

hefur ofgreitt. Heimilt skal leigutaka að láta hina ofgreiddu leigu ganga til greiðslu húsaleigunnar. Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein verður þó eigi krafin nema 3 ár aftur í tímann.

67. gr.

Íbúðarhúsnæði, sem ákvæði þessa kafla ná til, má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa. Húsaleigunefnd getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar í umdæminu.

Ef íbúðarhúsnæði, sem ákvæði þessa kafla ná til, er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd heimilt að knýja húseiganda að viðlögðum allt að 400 kr. dagsektum í sveitarsjóð til að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

68. gr.

Heimilt skal leigusala að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka í húsi sínu, enda komi íbúð leigusala leigutaka að sömu eða svipuðum notum, að dómi húsaleigunefndar. Svo skal og leigusala, er býr í húsi annars undir sömu kringumstæðum, heimilt að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda samþykki leigusali hans skiptin. Skipti á íbúðum geta því aðeins farið fram, að leigusali hafi tilkynnt leigutaka vilja sinn þar um, með sama fyrirvara og um uppsögn væri að ræða.

69. gr.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Sveitarsjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er leigunámi samkvæmt grein þessari, svo og hugsanlegt álag vegna skemmda eða vanunnins viðhalds.

70. gr.

Krafa leigutaka um endurgreiðslu fyrir ofgreidda leigu fyrnist á tveimur árum.

Aðrar fjárkröfur leigutaka á hendur leigusala svo og fjárkröfur leigusala á hendur leigutaka fyrnast á sama tíma, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

XI. KAFLI

Um húsaleigumiðstöð.

71. gr.

Nú er svo ástatt í kaupstað eða kauptúni með 500 íbúa eða fleiri sem segir í 49. gr. og heimildarákvæðum X. kafla hefur verið beitt, en þykja ekki koma að tilætluðum notum, og er þá sveitarstjórn heimilt með sérstakri samþykkt, gerðri á sama hátt og í 49. gr. getur, að ákveða, að komið skuli á fót húsaleigumiðstöð í umdæmi sínu.

Fela má húsaleigunefnd starfrækslu húsaleigumiðstöðvar.

72. gr.

Nú hefur húsaleigumiðstöð verið komið á fót samkv. 71. gr., og skal hún þá annast leigu á öllu nýju húsnæði og eldra húsnæði, sem losnar eftir að húsaleigumiðstöðin tekur til starfa.

Heimild leigumiðstöðvar til ráðstöfunar á húsnæði getur þó aldrei náð til þess leiguhúsnæðis, sem er í því sama húsi og húseigandi býr í sjálfur.

73. gr.

Áður en húsnæði er leigt af húsaleigumiðstöð, skal leita tillagna eiganda húsnæðisins um væntanlegan leigutaka.

Fjölskyldur, sem ómegð hafa, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um húsnæði, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð.

Nú hefur húsaleigumiðstöð leigt húsnæði öðrum en eigandi þess hefur óskað eftir, og skal honum þá heimilt, þrátt fyrir 61. gr. laga þessara, að segja leigutaka upp húsnæðinu eftir að leigutaki hefur verið í húsnæðinu í sex mánuði.

Sveitarstjórn ábyrgist eiganda húsnæðis, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð, greiðslu á leigu eftir húsnæðið, enda á hún endurkröfurétt á hendur leigutaka fyrir þeirri fjárhæð, sem hún greiðir hans vegna.

74. gr.

Með reglugerð, sem sveitarstjórn setur og félagsmálaráðherra staðfestir, skal kveða nánar á um fyrirkomulag og starfrækslu leigumiðstöðvar áður en hún tekur til starfa.

Allur kostnaður við starfrækslu húsaleigumiðstöðvar greiðist úr sveitarsjóði.

XII. KAFLI

Um áfrýjun, refsingar o. fl.

75. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar, öðrum en matsgerðum um leiguhæð, má skjóta til dómstólanna.

76. gr.

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt lögum þessum, tekur við eða býður fram hærri leigu, eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum til ríkissjóðs allt að 50 þúsundum króna, eða, ef um meiri háttar brot er að ræða, varðhaldi.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber mál.

77. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, lög nr. 47 23. febrúar 1945, lög nr. 95 12. des. 1945 og lög nr. 56 25. maí 1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu, svo og bráðabirgðalög nr. 61/1951, um hámark húsaleigu o. fl.

78. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frv. þetta að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndin í heild og einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins í heild og einstakra greina þess.

Frumvarpinu fylgdi frá ráðherra svolátandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 19. júní 1951, til þess að semja frumvarp að almennri húsaleigulöggjöf. Það skal strax tekið fram, að nefndarmenn eru í aðalatriðum sammála um níu fyrstu kafla frumvarpsins, sem eru almenn ákvæði um viðskipti leigusala og leigutaka, en um 10. og 11. kafla frumvarpsins, sem eru heimildarákvæði, greinir nefndarmenn allmjög á, bæði um einstök ákvæði og kafla þessa í heild. Þykir því rétt þegar í upphafi greinargerðarinnar að vekja athygli á sérstöðu þriggja nefndarmanna og sér-

tillögum þeirra og rökstuðningi fyrir þeim, en það er prentað aftan við greinargerð þessa.

Rétt þykir þó að taka fram, að meiri hluti er í nefndinni fyrir öllum þeim ákvæðum, sem í frumvarpinu eru, en fyrir engri sértillögu eru meira en tvö atkvæði í nefndinni og hvað sumar þeirra snertir aðeins atkvæði flutningsmanns.

Með lögum nr. 56 25. maí 1950 var ákveðið, að gildandi húsaleigulög skyldu úr gildi falla á tímabilinu frá 1. október 1950 til 14. maí 1952, á þann hátt, er hér segir:

1. Þau ákvæði laganna, er snerta leigu á einstökum herbergjum, skyldu úr gildi falla 1. október 1950.
2. 14. maí 1951 skyldu úr gildi falla:
   a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
   b. Ákvæði laganna um íbúðir, sem eru í sama húsi og húseigandi býr í sjálfur.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Með áðurgreindum lögum (nr. 56/1950) var sveitarstjórnum þó veitt heimild til að framlengja gildi laganna, að því er snertir ákvæði b-liðs 2. töluliðs og 3. töluliðs. Bæjarstjórn Reykjavíkur kaus ekki að framlengja þau ákvæði, en beiddist þess, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að sett yrðu bráðabirgðalög um hámark húsaleigu og ákvæði, er tryggðu áfram forgangsrétt bæjarmanna að leiguhúsnæði í bænum. Til þess að verða við þeirri ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur voru sett bráðabirgðalög þar að lútandi 5. maí 1951, um hámark húsaleigu o. fl.

Nefnd þá, er að ofan getur, skipuðu þeir Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Hannes Pálsson frá Undirfelli, starfsmaður í fjármálaráðuneytinu, Magnús Jónsson, hdl., framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélagsins, Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri framfærslumála Reykjavíkurbæjar, og Þórður Björnsson, bæjarfulltrúi í Reykjavík.

Áður en gerð verður grein fyrir störfum nefndarinnar og frumvarpi því, sem hér liggur fyrir að hennar tilhlutan, þykir rétt að rekja í stórum dráttum sögu húsaleigulöggjafarinnar hér á landi frá því er fyrst hófust afskipti af þeim málum á Alþingi og gera nokkra grein fyrir ástandinu í þessum málum eins og það er nú.

Löggjöf um húsaleigu hefur til þessa aðeins verið sett í sambandi við styrjaldarástand eða afleiðingar þess, enda þá orðið mest vart húsnæðisskorts.

Með lögum nr. 24/1917, um húsaleigu í Reykjavík, hófust afskipti Alþingis af húsaleigumálum.

Þau lög, með seinni breytingum, voru í gildi fram til 14. maí 1927, er þau voru afnumin með lögum nr. 25/1926. Það er svo ekki fyrr en með lögum nr. 10/1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, að aftur voru leidd í lög ákvæði um húsaleigu. Lögum þessum var síðan breytt á ýmsa lund á árunum 1940 og 1941.

Hinn 9. nóvember 1942 skipaði ríkisstjórnin þriggja manna nefnd til að athuga og endurskoða gildandi húsaleigulög. Nefndina skipuðu: Árni Tryggvason, hæstaréttardómari, þáverandi fulltrúi lögmanns, formaður, Gunnar Þorsteinsson, hrl., þáverandi framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélagsins, og Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþingismaður.

Tillögur nefndar þessarar voru síðan lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi, og var það frumvarp samþykkt með nokkrum breytingum og gefið út sem lög nr. 39 frá 7. apríl 1943. Breytingar voru gerðar á þeim lögum með lögum nr. 47/1945 og lögum nr. 95/1945. Lög nr. 39/1943 eru því að nokkru leyti í gildi ennþá. Helztu ákvæði laga nr. 39/1943 voru þessi:

1. Bannað var að segja upp leigumála á öllu húsnæði, nema sérstakar þar til greindar ástæður væru fyrir hendi.
2. Sett voru takmörk við því, að öðrum en innanhéraðsmönnum væri leigt húsnæði.

3. Bannað var að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota og bannað að rífa íbúðarhús nema í sérstökum tilfellum.
4. Leigunám húsnæðis var heimilað.
5. Bannað var að hækka húsaleigu nema samkv. vísitölu og vegna hækkaðs eldsneytis o. fl., þar sem hiti og lýsing var innifalin í leigu.

Árið 1946 var aftur skipuð nefnd til að framkvæma heildarendurskoðun á gildandi húsaleigulögum. Í nefndinni voru: Baldvin Jónsson, hdl., formaður, Egill Sigurgeirsson, hrl. og Gunnar Þorsteinsson, hrl. Samkomulag varð ekki innan nefndarinnar um, hvaða tillögur skyldi gera.

Haustið 1947 var athugað, að tilhlutan félagsmálaráðherra, hvort samkomulag gæti tekizt um einhvers konar tilslökun á húsaleigulöggjöfinni. Fóru fram viðræður við húsaleigunefnd, trúnaðarmenn frá fasteignaeigendum o. fl. Niðurstaða þeirra viðræðna varð neikvæð.

Haustið 1948 fóru enn fram viðræður um málið við fulltrúa frá þáverandi stjórnarflokkum, um hvort takast mætti að fá samkomulag um að bera fram einhverjar breytingar á húsaleigulöggjöfinni. Viðræður þær urðu sem fyrr neikvæðar.

Virtist félagsmálaráðherra þá fullreynt, að ekki næðist samkomulag um neina lausn, og hóf þá félagsmálaráðuneytið að láta semja frumvarp til almennra húsaleigulaga, og var það frv. lagt fyrir Alþingi 1949 (þskj. 489, 68. löggjafarþing). Er þar rakin allýtarlega saga húsaleigulöggjafarinnar og ýmissa annarra atriða getið sérstaklega, sem hér verður sleppt, og vísast þar um til greinargerðarinnar með því frumvarpi.

Við samningu frumvarpsins unnu þeir Jónas Guðmundsson, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, og Gizur Bergsteinsson, hæstaréttardómari. Félagsmálaráðuneytið hafði áður aflað sér upplýsinga um gildandi húsaleiguákvæði á Norðurlöndum og í Bretlandi. Við samningu frumvarpsins var aðallega stuðzt við reynslu Norðmanna og Dana í þeim efnum, en tekið tillit til íslenzkra staðhátta.

Með frumvarpi félagsmálaráðuneytisins 1949 var gerð fyrsta tilraun til heildarlöggjafar um húsaleigumál, því lögin frá 1917 og 1939, með síðari breytingum, voru sett eingöngu vegna styrjaldaráhrifa, sem urðu margvísleg á húsnæðismál hinna stærri kaupstaða, sérstaklega þó Reykjavíkur. Ekki þykir ástæða til að rekja efni þessa frumvarps hér, og vísast um það til þskj. 489, 1949. Frumvarpið komst til nefndar, en dagaði þar uppi og hefur ekki verið flutt síðan.

Eins og fyrr segir var með lögum nr. 56/1950 ákveðið að fella núgildandi húsaleigulög úr gildi smátt og smátt á árunum 1950—1952, þó þannig að sveitarstjórnum er heimilað að halda þeim í gildi áfram, hverri í sínu umdæmi, en allur kostnaður við framkvæmd þeirra skyldi þó greiðast úr sveitarsjóði.

Um ástandið í húsnæðismálum almennt skal þetta tekið fram:

Í *Reykjavík* hefur bærinn þurft að sjá svipaðri tölu fjölskyldna fyrir húsnæði nú eins og undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum borgarfógetaembættisins í Reykjavík hafa útburðarbeiðnir árlega, árin 1941—1945 verið sem hér segir:

Árið	1941	bárust	170	útburðarbeiðnir.	
—	1942	—	178	—	
—	1943	—	201	—	
—	1944	—	181	—	
—	1945	—	127	—	
—	1946	—	164	—	
—	1947	—	149	—	
—	1948	—	112	—	
—	1949	—	120	—	
—	1950	—	87	—	
—	1951	—	121	—	pr. 25. okt.

Ástandið í húsnæðismálum Reykjavíkur virðist vera svipað og undanfarin ár samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir nefndinni hafa legið.

Akureyri. Bæjarstjórn Akureyrar var ein þeirra bæjarstjórna, sem samþykktu að framlengja gildi húsaleigulaga og ber það vott um, að þar sé enn um nokkur húsnæðisvandræði að ræða, enda er svo að sögn formanns húsaleigunefndarinnar þar og samkvæmt upplýsingum bæjarstjórans á Akureyri hefur bærinn þurft að sjá ýmsum húsnæðislausum fjölskyldum fyrir húsnæði á þessu ári eins og undanfarin ár.

Hafnarfjörður. Samkvæmt upplýsingum bæjarstjórans í Hafnarfirði er húsnæðisleysi nokkurt í Hafnarfirði, og bærinn hefur þurft að sjá húsnæðislausu fólki fyrir húsnæði eins og undanfarin ár. Á vegum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar starfar sérstök húsnæðisnefnd, sem vinnur að því að greiða götu húsnæðislausu fólki. Bæjarstjórnin þar samþykkti á s. l. vori að framlengja gildi húsaleigulaganna.

Keflavík og *Vestmannaeyjar.* Samkvæmt upplýsingum bæjarstjóranna í Keflavík og Vestmannaeyjum er húsnæðisleysi í þeim bæjum allmikið og frekar vaxandi. Bæjarstjórnir Keflavíkur og Vestmannaeyja samþykktu á s. l. vori að framlengja gildi húsaleigulaganna.

Ísafjörður, Sauðárkrókur og *Siglufjörður.* Bæjarstjórnir Ísafjarðar, Sauðárkróks og Siglufjarðar hafa samþykkt að framlengja gildi húsaleigulaganna, enda þótt ekki sé um neitt teljandi húsnæðisleysi að ræða á þeim stöðum.

Akranes. Bæjarstjórinn á Akranesi hefur tjáð félagsmálaráðuneytinu, að húsnæðisleysi sé þar nokkurt, en ekki var þó gerð samþykkt um að framlengja þar gildandi húsaleigulög.

Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður og *Neskaupstaður.* Í kaupstöðum þessum hafa ekki verið gerðar samþykktir um að framlengja gildi húsaleigulaganna og bendir það til þess að ekki sé um verulegt húsnæðisleysi að ræða á þessum stöðum, né heldur í hinum stærri kauptúnum landsins.

Félagsmálaráðuneytið hefur látið rannsaka, hversu mikið af íbúðarhúsnæði í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri sé íbúðarhúsnæði, sem eigendur nota sjálfir, og hversu mikið af því sé leiguhúsnæði. Sú skýrsla er gerð samkvæmt upplýsingum, er fylgdu manntalinu frá 1950, og er sem hér segir:

	Reykjavík:	*Akureyri:*	*Hafnarfj.:*
Eigin íbúðir annars staðar en í kjöllurum ..	6072	979	786
Eigin íbúðir í kjöllurum	397	17	18
Eigin íbúðir samtals	6469	996	804
Leiguíbúðir annars staðar en í kjöllurum	4770	565	341
Leiguíbúðir í kjöllurum	1510	66	65
Leiguíbúðir alls	6280	631	406
Auðar íbúðir	80	12	5
Herbergi leigð til einstaklinga	3437	399	128
Kjallaraherbergi leigð til einstaklinga	607	25	19
Herbergi leigð til einhleypra alls	4004	424	147

Braggar. Í Reykjavík voru taldar 539 íbúðir í bröggum, auk þess 34 einstaklingsherbergi. Af þessum 539 íbúðum voru 303 eigin íbúðir, en 236 leiguíbúðir. Í þessum íbúðum bjuggu 2272 manns, þar af 912 börn.

Á Akureyri töldust 20 braggaíbúðir, 14 eigin, en 6 leiguíbúðir, þar bjuggu 74 manns í bröggum, þar af 31 barn.

Ekki þótti ástæða til að láta athugun þessa ná til fleiri staða, en gera má ráð fyrir því, að í þessum efnum sé ástandið í öðrum kaupstöðum ekki ósvipað því og er t. d. í Hafnarfirði, þar sem leiguhúsnæði er um það bil ⅓ alls húsnæðis í bænum.

Af þessari skýrslu má sjá, að verulegur hluti alls húsnæðis í kaupstöðum landsins er leiguhúsnæði, en um skipti leigutaka og leigusala er engin löggjöf til hér á landi, aðeins venjur sem litla stoð eiga í lögum, og því virðist tímabært að setja almenna húsaleigulöggjöf hérlendis.

Um einstaka kafla og greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

1. Um I. kafla. Almenn ákvæði.

Í kafla þessum eru tvö atriði, sem sérstaklega þykir ástæða til að vekja athygli á. Annað er það, að í 1. gr. er svo fyrir mælt, að heimildarákvæði þau í X. og XI. kafla, sem sveitarstjórnum veitist vald til að láta koma til framkvæmda, þegar mikil húsnæðisekla er í umdæmum þeirra, skuli gilda í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri til 14. maí 1955, án þess að bæjarstjórnir þessara kaupstaða geri þar um þá samþykkt, sem annars þarf samkvæmt 49. gr. frumvarpsins.

Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú, að bæjarstjórnir Akureyrar og Hafnarfjarðar samþykktu að framlengja gildi núverandi húsaleigulaga og hafa upplýst, að svipuð húsnæðisvandræði séu í stöðum þessum og verið hafa þar undanfarin ár. Bæjarstjórn Reykjavíkur felldi hins vegar að framlengja gildandi húsaleigulög, a. m. k. að því er tekur til leiguíbúða í húsum, sem eigandi býr í sjálfur, en óskaði eftir, að sett yrðu sérstök ákvæði um hámark húsaleigu og rétt innanhéraðsmanna til að sitja fyrir leiguhúsnæði í bænum, og var orðið við þessari áskorun og sett bráðabirgðalög 5. maí 1951 um hámark húsaleigu o. fl. eins og áður segir. Svo virðist sem ástandið í húsnæðismálum Reykjavíkur hafi ekki batnað til muna síðan á s. l. vor, er um þessi ákvæði var beðið af bæjarstjórn, og þykir því rétt að kveða svo á, að bindingsákvæði X. kafla gildi enn í þrjú ár fyrir þessa kaupstaði, en að þeim tíma liðnum ákveði bæjarstjórnir þessara kaupstaða, á sama hátt og aðrar bæjarstjórnir það, hvort heildarákvæðin skuli vera þar í gildi áfram.

Hitt atriðið er það, að rétt þykir, þar sem húsaleigusamningar skulu samkv. frumvarpinu eftirleiðis vera skriflegir, að gefið sé út löggilt form fyrir slíka samninga og að félagsmálaráðuneytið annaðhvort gefi sjálft út slíkt form, sem þá yrði selt vægu verði, eða löggildi form, sem aðrir gæfu út. Það yrði bæði til öryggis í viðskiptum leigusala og leigutaka, að þetta yrði gert, og mikil hjálp við almenning, sem á þennan hátt fengi fullnægjandi samningsform í sínar hendur til samningsgerðar.

2. Um II. kafla. Leigufardagar.

Leigufardagar skulu vera þeir sömu og almennt hafa verið hér á landi, uppsagnartími sami og venja hefur helgað í leiguviðskiptum manna á milli um land allt.

Ákvæði 9. gr. miða að því að setja skýrar reglur um tímatakmörkuð tilvik og girða fyrir óþarfa málaferli.

3. Um III. kafla. Afhending leigðrar íbúðar og húsnæðis.

Meginefni þessa kafla er í samræmi við þær reglur, sem venja skapast um. Sett eru skýrari ákvæði um ýmis atriði, sem áður mátti deila um, og sum ákvæði gerð ófrávíkjanleg og leigutaka með því veitt aukin vernd.

4. Um IV. kafla. Staður og stund leigugreiðslu.

Gert er ráð fyrir, að öll húsaleiga verði greidd fyrir fram. Kaflinn þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

5. Um V. kafla. Skyldur leigusala.

Í þessum kafla þykir sérstaklega ástæða til að benda á, að viðhaldsskylda leigusala nær samkv. frumvarpinu einungis til hússins að utanverðu og þess eða þeirra hluta húss, sem leigjendur eða leigjandi og húseigandi nota sameiginlega.

6. Um VI. kafla. Um viðhaldsskyldu leigutaka.

Í þessum kafla eru þau nýmæli, að viðhaldsskylda innanhúss á leigðri íbúð hvílir á leigutaka. Þó er leigusala og leigutaka frjálst að semja um það atriði. Þá eru ákvæði um úttekt húsnæðis, um endurgreiðslu af hálfu leigusala, ef íbúðarhúsnæði hefur aukizt að verðmæti fyrir tilverknað leigutaka og eins bótagreiðslu til leigusala af hálfu leigutaka, ef um vanunnið viðhald er að ræða. Höfuðástæðan fyrir því að þessi ákvæði eru tekin upp er sú, að með því að leggja viðhaldsskyldurna á leigjandann ætti að fást betri umgengni um hið leigða húsnæði, þar sem leigutaki yrði sjálfur að bera það viðhald, sem af illri umgengni hans eða fjölskyldu hans leiðir. Er þetta mjög þýðingarmikið atriði, þegar um barnafjölskyldur er að ræða, því að ein ástæðan fyrir því, að fólk vill síður leigja þeim, er einmitt sú, að viðhald á þeim íbúðum verður mun meira en á þeim, sem leigðar eru barnlausu fólki. Í þessum kafla er og ákvæði um umgengnisskyldur leigusala og leigutaka.

7. Um VII. kafla. Aðgangur leigusala að leigðu húsnæði.

Með kafla þessum er ætlazt til, að settar verði skýrar reglur um aðgang leigusala að leigðu húsnæði o. fl. Ákvæðin þurfa ekki skýringa við.

8. Um VIII. kafla. Andlát leigutaka, hjónaskilnaður o. fl.

Það hefur tíðkazt, að maki hafi rétt til þess að halda áfram leigu látins maka, þó um það séu engin bein ákvæði í lögum. Ákvæði þetta er hér lögfest og eins látið ná til skyldmenna og venzlamanna, er voru heimamenn leigutaka við andlát hans. Ástæða er til að vekja athygli á ákvæðum 44. gr., en þau fela í sér heimild til þess að leyfa leigutaka að sitja áfram nokkurn tíma í íbúð, sem hann skal víkja úr, ef ástæður eru þær, að leigutaka skiptir það miklu, t. d. vegna veikinda eða annarra sérstaklega erfiðra ástæðna, en leigusala skiptir tiltölulega miklu minna máli. Virðist regla sem þessi réttlát og sanngjörn, enda hefur fógeti talið sér heimilt að fella þannig úrskurði, þegar svo hefur borið undir, án þess að í lögum væru skýlaus ákvæði um þetta.

9. Um IX. kafla. Réttur leigusala til að rifta leigumála.

Fullyrða má, að ákvæði þessa kafla, ef að lögum yrðu, mundu koma í veg fyrir margvísleg málaferli og þar með afstýra mikilli fjársóun. Mörg af ákvæðum 45. gr. eru að vísu í samræmi við þær reglur, sem nú eru taldar gilda, en hér eru ákvæðin sett glögg og afmörkuð, en sérstaklega sker ákvæði 47. gr. úr því, hvenær réttur leigusala er glataður, en nú verður það að metast hverju sinni. Það er alltítt, að leigusali biður um útburð á leigutaka sínum. Fógeti kemst að þeirri niðurstöðu, að útburðarkrafa skuli tekin til greina, og kveður upp úrskurð þess efnis. Leigusali krefst framkvæmdar á úrskurðinum, og er leigutaki þá borinn út. Síðan áfrýjar leigutaki úrskurðinum, og hæstiréttur kemst e. t. v. vegna nýrra skýrslna og annarra gagna að þeirri niðurstöðu, að útburðarbeiðnin hefði ekki átt að takast til greina. Af þesssu geta hlotizt mikil óþægindi fyrir báða aðila. Leigusali e. t. v. búinn að ráðstafa íbúðinni á þessu tímabili og leigutaki búinn að koma sér einhvers staðar fyrir. Leigusali getur orðið skaðabótaskyldur o. s. frv. Ákvæði 48. gr. eiga að stuðla að því, að komizt verði hjá þessu, og þar með skapa meira öryggi í lögskiptum leigusala og leigutaka.

10. Um X. kafla. Heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir.

Í kafla þessum er sveitarstjórnum í kaupstöðunum öllum og kauptúnum með 500 íbúa eða fleiri veitt heimild til þess, þegar húsnæðisekla er mikil, að grípa til ýmissa ráðstafana til að bæta úr húsnæðisskortinum.

Rétt þykir, að sú ákvörðun sveitarstjórnar sé tekin að vel athuguðu máli, og er því gert ráð fyrir tveim umræðum í sveitarstjórn um tillögu til slíkrar ályktunar. Ráðstafanir þær, sem ráðgert er, að gripið verði til, eru svipaðar þeim, sem nú eru í gildi, og þess vegna er breytingin frá því, sem nú er, nánast sú, að lögfesta þessar heimildir í sérstökum húsaleigulögum í stað þess að nú geta sveitarstjórnir ákveðið að halda í gildi þeim lagaslitrum, sem eftir eru af gömlu húsaleigulögunum. Fyrirkomulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í aðalatriðum svipað því, sem verið hefur þar, sem húsaleigunefndir hafa starfað, en þó þykir rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum.

Í 58. gr. er sú kvöð lögð á félagsmálaráðuneytið að setja reglugerð um flokkun húsnæðis. Reglugerðin, sem verður samin af yfirmatsnefnd og staðfest af ráðherra, er hugsuð til leiðbeiningar húsaleigunefndum, en þær eiga að meta leigu eftir húsnæðið og ákveða í hvaða flokki það skuli teljast. Þeirri ákvörðun húsaleigunefndar má svo skjóta til yfirmatsnefndar.

Í 61. gr. er ákveðið, að ekki megi segja upp leigusamningi um íbúðarhúsnæði, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Undanþegið því ákvæði er íbúðarhúsnæði, sem er á sömu hæð og húseigandi notar sjálfur til íbúðar. Þá eru einstaklingsherbergi og allt atvinnuhúsnæði undanþegið þessum heimildarákvæðum.

Í 64. gr. er ákveðin hámarksleiga fyrir fyrsta flokks húsnæði, og er hún ákveðin 11 krónur fyrir hvern fermetra íbúðarinnar, en það er sú leiga, sem nú er goldin hæst eftir nýtt húsnæði með öllum þægindum. Taki eigandi að sér viðhald íbúðarinnar samkv. samningi, má þessi leiga hækka um 15% eða upp í kr. 12.65 pr. fermetra. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að byggingarkostnaður hefur hækkað allmjög síðan hámarksleigan var ákveðin með bráðabirgðalögum á s. l. vori, svo að ekki er ósanngjarnt að leiga hækki eitthvað frá því, sem nú er.

Húsaleigunefnd ákveður svo hlutfallið milli 1. og 2. flokks húsnæðis og svo annarra lægri flokka, ef um þá verður að tefla.

Þá er og í þessari grein ákveðið, að leiga megi breytast *þriðja hvert ár* til hækkunar eða lækkunar samkv. vísitölu byggingarkostnaðar, sem reiknuð skal út af Hagstofu Íslands.

Um önnur ákvæði kafla þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða.

11. Um XI. kafla. Um húsaleigumiðstöð.

Því verður ekki neitað, að svartur markaður með húsnæði hefur átt sér stað, þar sem húsnæðisekla hefur verið mikil undanfarin ár og sannazt hefur einnig, að okrað hefur verið stórlega á húsnæði. Til þess að fyrirbyggja slíkt er raunar aðeins ein leið til og hún er sú, að leigja allt húsnæði sem losnar eða bætist við frá einni og sömu miðstöð. Þykir rétt, að til séu heimildarákvæði í lögum um slíkar aðgerðir, sem sveitarstjórn getur ákveðið að beita, ef henni þykir þörf. Framkvæmdin í þessu efni mundi verða ákveðin í reglugerð þeirri, sem í 73. gr. getur, og mundi þá reglugerðin sniðin eftir því hverju sinni, hvaða tegund húsnæðisskorts þyrfti að vinna gegn.

Að öðru leyti þarfnast kafli þessi ekki skýringa.

12. Um XII. kafla. Um áfrýjun, refsingar o. fl.

Kaflinn þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Svo sem getur í upphafi greinargerðarinnar, skila þrír nefndarmenn, þeir Hannes Pálsson, Magnús Jónsson og Ólafur Sveinbjörnsson, sértillögum um nokkrar greinar frumvarpsins og sérálitum af því tilefni, og hefur þótt rétt að láta sérálit þeirra og

tillögur fylgja frumvarpinu, svo að Alþingi gæfist kostur á að kynnast aðalágreiningsefnum þeim, sem fram komu í nefndinni. Eru sértillögur þessar og sérálit prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Tveir nefndarmanna, þeir Jónas Guðmundsson og Þórður Björnsson, skila ekki sértillögum og sérálitum. Jónas Guðmundsson vill þó taka fram, að hann telur, að ákvæði X.—XI. kafla ættu ekki að gilda fortakslaust í neinu sveitarfélagi, svo sem mælt er í 1. gr., heldur aðeins að vera heimildarákvæði fyrir allar sveitarstjórnir í kaupstöðum og kauptúnum.

Þórður Björnsson tekur fram, að hann telur, að hámark húsaleigu, samkv. 64. gr., ætti að vera sem næst því, sem ákveðið var með 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 61 1951, og hámarksleigan því ekki að vera hærri en tíu krónur, miðað við fermetra leigðs húsnæðis, þar sem viðhald innanhúss er í frumvarpinu lagt á leigutaka.

Fylgiskjal I.

Sértillögur og sérálit Hannesar Pálssonar.

Hannes Pálsson leggur til að eftirtaldar greinar í frv. til laga um húsaleigu orðist eins og hér segir:

1. gr.

Lög þessi gilda um land allt, ákvæði X. kafla og ákvæðin til bráðabirgða taka þó aðeins til Reykjavíkur-, Akureyrar- og Hafnarfjarðarkaupstaða. Heimilt er bæjarstjórnum í öðrum kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, að ákveða með sérstakri samþykkt, að ákvæði X. kafla og bráðabirgðaákvæðanna skuli einnig gilda í umdæmum þeirra.

61. gr.

Leigusala er eigi heimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar eða atvinnurekstrar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini. Nær þetta einnig til tímabundinna leigusamninga, og það þó leigutaki hafi við upphaf leigu skuldbundið sig að rýma húsnæðið eftir vissan tíma. Ákvæði 1. málgsr. tekur þó ekki til íbúðar né atvinnuhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi (framleigusali) býr á sjálfur og hefur sama inngang. Ávallt skal þó uppsögn leigumála heimil, ef leigutaki hefur brotið ákvæði 45. gr. Uppsögn skal einnig heimil, ef leigutaki á sjálfur íbúð í sama sveitarfélagi, sem er honum nothæf að dómi húsaleigunefndar.

64. gr.

Leiga eftir húsnæði, sem byggt er fyrir 1. ágúst 1950, má eigi vera hærri fyrir hvern mánuð en kr. 9.00 fyrir hvern flatarmetra íbúðar innanmáls. Gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Kjallaraíbúð má þó eigi leigja hærra en kr. 7.00 hvern flatarmetra, og geymslu og þvottahús mest á kr. 5.00 fyrir hvern flatarmetra. Leiguhámarkið miðist við, að hæð undir loft sé a. m. k. 2.50 m, en lækki hlutfallslega, eftir því sem meðalhæð kann að vera lægri. Hámark leigu þeirrar, er tilgreint er í 1. málslið, miðast við gott og gallalaust húsnæði með þeim fullkomnustu þægindum, er hérlendis tíðkast, en lækki eftir því, sem á það skortir að dómi húsaleigunefndar.

Leiga eftir allt atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði, sem byggt er eftir 1. ágúst 1950, skal miðast við það, að leigusali hafi 6% vexti af eðlilegu kostnaðarverði húss og lóðar, auk fasteignakatta, og viðhalds þess, er leigusala ber að hafa á hendi samkvæmt 22. gr.

XI. kafli.

Ég legg til, að allur XI. kafli falli niður, en í hans stað komi „ákvæði til bráðabirgða“, sem prentuð eru með athugasemdum mínum hér á eftir (sjá bls. 28—32).

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum í nokkrum þýðingarmiklum atriðum varðandi frumvarp til laga um húsaleigu.

Áður en vikið er að hinum einstöku greinum, sem samkomulag hefur ekki náðst um, tel ég hlýða að gera grein fyrir þeirri grundvallarskoðun, er afstaða mín mótast af.

Húsnæði er eitt af frumþörfum okkar Íslendinga. Án húsnæðis getur enginn lifað frekar en án matar.

Verðlag húsnæðis hefur því ávallt mikil áhrif á það, hversu dýrt eða ódýrt er að lifa í landinu.

Ef húsnæði er dýrt, orsakar það almenna dýrtíð. Hátt kaupgjald og hátt verðlag á allri framleiðslu veldur svo aftur erfiðleikum með að standast samkeppni á erlendum mörkuðum. Lágt verðlag á húsnæði skapar aftur möguleika til að framleiða ódýrar vörur, sem verða samkeppnishæfar.

Til þess að vinna markaði fyrir framleiðsluvörur okkar og til þess að vinna gegn almennri dýrtíð í landinu þarf þjóðfélagið að einbeita sér að því, að sem minnstur hluti af tekjum manna gangi til þess að greiða húsnæði, án þess þó að húsnæðið verði heilsuspillandi eða hafi áhrif til hrörnandi menningar. Gildir þetta að sjálfsögðu jafnt um eigið húsnæði og leiguhúsnæði. Gagnvart eigin húsnæði þarf þjóðfélagið að finna leiðir til að hægt sé að reisa ódýr og hentug hús með hagkvæmum lánakjörum.

Varðandi leiguhúsnæði þarf þjóðfélagið að gæta þess, að allt leiguhúsnæði sé leigt með sanngjörnum kjörum. Hver eyrir, sem greiddur er fyrir leiguhúsnæði fram yfir hæfilega vexti af því fé, sem lagt hefur verið í hið leigða húsnæði og viðhald þess, er óþarfa kostnaður þjóðarbúsins, er að síðustu kemur framleiðslunni til gjalda og veldur aukinni verðbólgu og rýrnun peninga. Hið íslenzka ríki hefur vanrækt báðar þessar skyldur sínar, og er því tími til kominn að fara að dæmi okkar nágrannaþjóða og fara að hugsa um að eyða ekki að óþörfu í húsnæði, hvort heldur er eigið húsnæði eða leiguhúsnæði.

Löggjöf um leiguhúsnæði nær að sjálfsögðu ekki til þess að ráða fram úr því, hvernig eigið húsnæði megi verða ódýrast. Er sá þáttur því látinn liggja á milli hluta í frumvarpi því, er milliþinganefndin í húsaleigumálum hefur samið. Þó verður það að teljast hið mesta nauðsynjaverk að gera íbúðarhús okkar ódýrari en nú er, án þess að þau verði lakari til íbúðar. Mætti það vera fullt verkefni einnar milliþinganefndar að fást við þá hlið málsins.

Gjaldeyris- og fjármagnsskortur ríkisins, samhliða óheppilegri tilfærslu fólks í landinu, hefur valdið því, að á nokkrum stöðum á landi voru er óhæfileg húsnæðisekla og húsnæði leigt á óhæfilega háu verði. Sumstaðar á landinu eru tveggja til þriggja herbergja íbúðir leigðar fyrir allt að ½ meðallauna hinna lægra launuðu verkamanna.

Í Reykjavík má finna fjölda af tveggja herbergja íbúðum, sem leigðar eru fyrir meir en 1000 kr. á mánuði. Á Selfossi veit ég um dæmi, þar sem tveggja herbergja íbúð er leigð fyrir 1000 kr. á mánuði.

Með húsnæðiseklunni og óhæfilegum kostnaði við húsbyggingar samhliða slæmum lánakjörum, hefur sá óvani myndazt, að leigutakar húsnæðis verða að greiða mörg þúsund krónur, oft tugi þúsunda fyrir fram, til að komast inn í leiguhúsnæði. Eru þessar fyrirframgreiðslur í Reykjavík oftast frá 5 þús. til 40 þús. krónur og leigumálarnir ávallt gerðir þannig, að leigutaki hefur húsnæðið aðeins til þess tíma, að hann hefur unnið upp fyrirframgreiðsluna. Leigusalinn hendir svo leigutakanum út, þegar hinn umsamdi tími er útrunninn, nema hann greiði nýja fyrirframgreiðslu. Í nær öllum tilfellum er fyrirframgreiðslan aldrei talin fram til skatts, og

sleppur því leigusalinn með tugi þúsunda af tekjum sínum án þess að greiða af þeim skatt eða útsvar.

Dýrleiki húsanna og slæm lánakjör, samhliða því að leigutakarnir lenda strax í klóm okraranna, valda því, að almenningur bæjanna getur ekki byggt, en er dæmdur til þess um allan aldur að verða leigutakar húsnæðis með þeim kjörum, er lýst hefur verið hér að framan.

Leigutakar húsnæðis í Reykjavík voru við síðasta manntal miklu meira en helmingur bæjarbúa. Nokkur hluti þessara manna býr við sæmileg leigukjör annaðhvort hjá venzlamönnum eða sanngjörnum húseigendum, sem ekki nota sér húsnæðisekluna til óhæfilegs fjárdráttar, en mikill hluti þessara leigutaka má greiða ⅓—½ núverandi launa sinna í húsaleigu. Slíkir leigumálar knýja fram launakröfur, sem þjóðfélagið getur ekki risið undir, auk þess sem það verður að teljast miður æskilegt, að mikill hluti þegnanna verði ánauðugir þrælar nokkurra fésýslumanna í hópi húseigenda. Nú er þróun húsnæðismálanna í höfuðstað íslenzka ríkisins sú, að nokkrir fjársterkir húseigendur sópa til sín arðinum af erfiði leigutaka, en sjálfir geta þeir lifað á húsaleigutekjunum einum saman án þess að leggja fram nokkra arðbæra vinnu til þess þjóðfélags, er skapað hefur þeim gróðaskilyrðin.

Í ljósi þeirra staðreynda, sem ég hef fært fram hér að framan, hefur sú skoðun mótazt um húsaleigulöggjöf, er fram kemur í ágreiningi mínum um einstakar greinar frumvarps þessa.

Skal þá vikið að einstökum greinum.

1. Ágreiningsatriði.

Nefndin leggur til, að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Lög þessi gilda um land allt.

Heimildarákvæði 10. og 11. kafla skulu vera í gildi í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri til 14. maí 1955.“

Enda þótt ég sé að nokkru sammála þeirri hugsun, er felst í 1. gr., eins og meiri hluti nefndarinnar vill orða hana, tel ég ákvæði hennar ekki geta samrýmzt þeirri afgreiðslu frumvarpsins, er ég tel henta.

Ég er sammála því, að 10. og 11. kafli laganna nái ekki skilyrðislaust til annarra landshluta en þeirra, sem mest áhrif hafa á hið almenna verðlag í landinu, og koma þá helzt til greina Reykjavík með Hafnarfirði og Akureyri. Reykjavík er vitanlega áhrifaríkust varðandi hið almenna verðlag.

Um Reykjavík fer öll utanríkisverzlunin, þar er mestur hluti iðnaðarins og mikill hluti smásölunnar. Flestar opinberar stofnanir, stærsta verkalýðsfélagið, sem ræður öllu kaupgjaldi í landinu, og við Reykjavík er framfærsluvísitalan miðuð. Hafnarfjörður liggur það nærri Reykjavík, að hægt er að búa í Hafnarfirði fyrir þá, sem atvinnu stunda í Reykjavík, og gagnkvæmt.

Akureyri er næst mesti iðnaðarbær landsins. Þjóðfélaginu ber því, vegna hins almenna verðlags í landinu, að ákveða húsaleigulög þessara bæja, ef um húsnæðisekluna er að ræða. Aðrir staðir á landinu eru meira innilokaðir og verðlag þar hefur síður almenn áhrif. Þess vegna get ég aðhyllzt, að vissar ráðstafanir, sem 10. og 11. kafli laganna gera ráð fyrir, séu heimildarákvæði fyrir bæjar- og sveitarstjórnir slíkra staða. Um þetta mun nefndin að mestu sammála. En ég er algerlega ósammála því, að Reykjavík, Hafnarfjörður og Akureyri hafi 10. og 11. kafla aðeins sem heimildarlög eftir árslok 1955.

Á meðan þörf er þvingunarákvæða vegna hættu á húsaleiguokri, á þjóðfélagið að dæma um nauðsyn þeirra í þessum þremur bæjum. Auk þess er tímatakmarkið 1955 allt of skammt undan til að áhrif 10. og 11. kafla komi að nokkru gagni þjóðfélagslega séð, ef þau yrðu ekki framlengd eftir þann tíma. En ávallt er hætt við,

að einhliða sjónarmið húseigenda ráði frekar innan bæjarstjórnar en á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Tillaga mín er því sú, að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Lög þessi gilda um land allt, ákvæði X. kafla og ákvæðin til bráðabirgða taka þó aðeins til Reykjavíkur-, Akureyrar- og Hafnarfjarðarkaupstaða. Heimilt er bæjarstjórnum í öðrum kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, að ákveða með sérstakri samþykkt, að ákvæði X. kafla og bráðabirgðaákvæðanna skuli einnig gilda í umdæmum þeirra."

2. Ágreiningsatriði.

Frumvarp nefndarinnar gerir ráð fyrir, að 61. gr. orðist svo:

„Leigasala er óheimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beina línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini. Nær þetta einnig til tímabundinna leigusamninga, þó leigutaki hafi skuldbundið sig til að rýma húsnæðið á tilteknum tíma. Ákvæði 1. mgr. taka þó ekki til:

1. Íbúðarhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi býr á sjálfur og hefur sama ytridyrainngang.
2. Einstaklingsherbergja.
3. Atvinnuhúsnæðis.

Uppsögn er einnig heimil, ef leigutaki á sjálfur íbúð í sama sveitarfélagi, sem er honum nothæf að dómi húsaleigunefndar.

Uppsögn leiguhúsnæðis er ávallt heimil, ef leigutaki hefur brotið ákvæði 45. gr. laga þessara."

Þessari grein er ég sammála, svo langt sem hún nær, en ég tel hana ná of skammt til að vinna gegn vaxandi dýrtíð og húsaleiguokri.

Ég er sammála því, að tæpast sé rétt að skerða svo umráðarétt húseigenda yfir eignum sínum, að þeir geti ekki ávallt sjálfir ráðið, hvenær þeir leigja óviðkomandi fólki út úr sinni eigin íbúð. Það er, húseigandi hafi ávallt óskoraðan umráðarétt yfir því húsnæði, sem er á sömu hæð og hann býr á sjálfur, forstofuherbergi þar með talin. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að uppsögn leigumála á íbúðarhúsnæði, sem er ekki á sömu hæð og húseigandi býr á sjálfur, sé háð vissum takmörkunum, en nefndin vill ekki, að einstaklingsherbergi og atvinnuhúsnæði sé háð neinum takmörkunum varðandi uppsögn leigumála. Þessu síðara er ég ekki sammála.

Varðandi almennt verðlag í landinu varðar það miklu, að leiga atvinnuhúsnæðis sé hæfileg. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að hámarksleiga sé á atvinnuhúsnæði, *en hámarksleiga í lögum hefur ekkert gildi, nema uppsagnarréttur húseiganda sé takmarkaður.* Hefur þetta þegar sýnt sig í húsnæðismálum Reykjavíkur.

Verðlag iðnaðarvara, sem framleiddar eru í landinu, álagning verzlunarvara (dreifingarkostnaður) svo og ýmis opinber þjónusta verður því dýrari, sem húsaleiga er hærri. Eða hversu mikil aukin verzlunarálagning hefur ekki orðið við hina stórfelldu tilfærslu og leiguhækkun atvinnuhúsnæðis í Reykjavík vegna afnáms gömlu húsaleigulaganna? Gagnvart atvinnuhúsnæði þess opinbera má benda á ræðu fjármálaráðherra, er hann flutti, um leið og hann lagði fjárlagafrumvarp ársins 1952 fram á Alþingi. Hver mjólkurlítri hefur hækkað allmikið til neytenda á árinu 1951 vegna afnáms húsaleigulaganna gömlu, og svo mætti lengi telja.

Vegna hins almenna verðlags í landinu, þarf atvinnuhúsnæði að vera háð hliðstæðum reglum og íbúðarhúsnæði.

Meiri hluti nefndarinnar gerir einnig ráð fyrir því, að einstaklingsherbergi séu engum uppsagnarákvæðum háð, frekar en gert er ráð fyrir í 8. gr. Einstaklingsherbergi verða því raunverulega óháð öllu verðlagseftirliti, og gildir þá um þau lögmál framboðs og eftirspurnar, svo sem um atvinnuhúsnæði. Á þetta get ég eigi fallizt af ástæðum, sem hér skal greina:

a. Engin ástæða virðist til þess að ofurselja vissan hóp þegnanna húsaleiguokrurum, aðeins af því að þeir eru einhleypir. Margt af einhleypingum eru verðandi heimilisfeður og mæður og þurfa að spara til þess að geta síðar stofnað heimili.
b. Á einstaklingsherbergjum hefur verið skefjalaust okur. Til skamms tíma hefur gott einstaklingsherbergi verið leigt fyrir 400—500 kr. hér í Reykjavík, og mjög sjaldgæft að almennilegt herbergi sé leigt fyrir minna en 300 kr. á mánuði.
c. Margar einhleypar konur eða einstæðar mæður eru að reyna að búa í sérherbergi. Konur þessar hafa yfirleitt það lágt kaup, að þær geta ekki með núverandi leigu leigt 1 sæmilegt herbergi einar og verða því oftast að búa tvær saman. Slík kjör myndu leigusalarnir ekki telja sér samboðin.
d. Með því að undanskilja einstaklingsherbergi uppsagnarákvæðum 61. gr. verða þau um leið óbeinlínis undanskilin hámarksleigu. Afleiðing þessa verður sú, að leigusalar fara að leigja fjölskyldum einstaklingsíbúðir og leyfa þeim matseld á plötu eða prímus. Verður það að teljast fremur óæskileg þróun húsnæðismála, að stór fjölskylda búi í einu herbergi, sem notað væri bæði sem eldhús, svefnhús og dagstofa. Slíkt er þó óumflýjanleg afleiðing þess, að herbergi án eldhúss verði engum hömlum háð með uppsögn leigumála né leiguhæð.
e. Leigusalar halda því fram, að nægilegt framboð sé nú á einstaklingsherbergjum, er það e. t. v. rétt hvað úthverfi Reykjavíkur áhrærir, en alrangt hvað aðalbæinn áhrærir. Innan Hringbrautar í Reykjavík er hóflaus leiga á einstaklingsherbergjum, og til þeirra herbergja þarf 61. gr. að ná að svo miklu leyti, sem þau fylgja ekki íbúð leigusala.

Vegna framangreindra ástæðna legg ég til, að 61. gr. X. kafla frumvarpsins orðist svo:

„Leigusala er eigi heimilt að segja upp leigusamningi um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf til íbúðar eða atvinnurekstrar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini. Nær þetta einnig til tímabundinna leigusamninga, og það jafnvel þó leigutaki hafi við upphaf leigu skuldbundið sig að rýma húsnæðið eftir vissan tíma. Ákvæði 1. mgr. tekur þó ekki til íbúðar né atvinnuhúsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi (framleigusali) býr á sjálfur og hefur sama inngang. Ávallt skal þó uppsögn leigumála heimil, ef leigutaki hefur brotið ákvæði 53. gr. Uppsögn skal einnig heimil, ef leigutaki á sjálfur íbúð í sama sveitarfélagi, sem er honum nothæf að dómi húsaleigunefndar."

3. Ágreiningsatriði.

Samkvæmt 63. gr. í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir, að hækka megi leigu um 15% frá því hámarki, sem tilgreint er í 64. gr., ef leigusali hafi allt viðhald hins leigða húsnæðis. Þetta tel ég of mikla hækkun, þótt leigusali taki á sig allt innanhússviðhald. Gagngerð endurbót eða viðhald, sem nokkuð verulegt kostar, fer tæpast fram nema á 7—10 ára fresti og oftast með lengra millibili. Leiguhúsnæði, sem tekið er sem dæmi í sambandi við 4. ágreiningsatriði, gefur í leigu á 7 árum, samkv. því hámarki, er ég legg til í 64. gr., kr. 180180.00, Ef húseigandi hefði haft allt innanhússviðhald, hefði leigan orðið kr. 27027.00 hærri, eða kr. 207207.00, ef farið væri eftir 63. gr. nefndarinnar. Ég tel fjarri öllu lagi, að á 7 ára fresti þurfi að kosta kr. 27027.00 til innanhússviðhalds slíkra eigna. Legg ég því til, að í stað 15% í 63. gr. komi 10%. Með því hefur leigusali kr. 18018.00 upp í innanhússviðhald umræddS húsnæðis, og er það án efa nægjanlegt. Ekki sízt þar sem vitað er, að húseigendur hirða lítt um innanhússviðhald hinna leigðu húsa eða íbúða.

4. Ágreiningsatriði.

Nefndin, eða hluti hennar, leggur til, að 64. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Leiga eftir íbúðir, sem eru eitt herbergi og eldhús eða meira, skal frá 1. janúar 1952 ekki mega vera hærri en 11 krónur fyrir hvern fermetra íbúðarinnar miðað við

utanmál, gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Skal hámark þetta miðast við gott og vandað húsnæði, búið öllum venjulegum nýtízku þægindum, en leigan skal vera lægri eftir því sem skortir á gæði húsnæðisins að dómi húsaleigunefndar. Leiga eftir afnot þvottahúss og fyrir geymslur skal ákveðin í samræmi við gæði þess húsnæðis með hliðsjón af áðurgreindu hámarki, og skal þá m. a. hafa hliðsjón af því, hversu fullkomin tæki eru til afnota í þvottahúsi.

Leiga sú, sem ákveðin verður þann 1. janúar 1952, skal teljast grunnleiga, og breytist hún til hækkunar eða lækkunar þriðja hvert ár, samkvæmt meðalvísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir næstliðinn þriggja ára tíma. Skal vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út af Hagstofu Íslands, en félagsmálaráðuneytið auglýsir vísitöluna og jafnframt þá breytingu, sem verður á húsaleigu samkv. henni."

Ég legg til, að 64. gr. frumvarpsins orðist þannig:

„Leiga eftir húsnæði, sem byggt er fyrir 1. ágúst 1950, má eigi vera hærri fyrir hvern mánuð en kr. 9.00 fyrir hvern flatarmetra íbúðar innanmáls. Gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Kjallaraíbúð má þó eigi leigja hærra en kr. 7.00 hvern flatarmetra og geymslu og þvottahús mest á kr. 5.00 hvern flatarmetra. Leiguhámarkið miðist við, að hæð undir loft sé a. m. k. 2.50 m, en lækki hlutfallslega eftir því, sem meðalhæð kann að vera lægri. Hámark leigu þeirrar, er tilgreint er í 1. málslið, miðast við gott og gallalaust húsnæði með þeim fullkomnustu þægindum, er hérlendis tíðkast, en lækki, eftir því sem á það skortir að dómi húsaleigunefndar.

Leiga eftir allt atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði, sem byggt er eftir 1. ágúst 1950, skal miðast við það, að leigusali hafi 6% vexti af eðlilegu kostnaðarverði húss og lóðar auk fasteignaskatta og viðhalds þess, er leigusala ber að hafa á hendi samkvæmt 22. gr."

Ástæður mínar fyrir, að ég tel greinina eins og hún er í frumvarpinu óhæfa, en tel greinina, eins og ég legg til, að hún sé, mun réttlátari og þjóðfélaginu heppilegri, eru eftirfarandi:

Eins og vikið var að í upphafi álits míns, varðar það miklu í sambandi við hið almenna verðlag í landinu, að allt húsnæði, hvort heldur það er notað til íbúðar eða atvinnurekstrar, sé sem ódýrast, og það fjármagn, sem lagt er í húsnæði, taki sem lægsta vexti.

Vegna þess álít ég það hina mestu óhæfu, að húseigendur hafi í ofanálag á óhentugar og of dýrar byggingar óhæfilega háa vexti af því fé, er í húseignirnar hefur verið lagt. Það er með öllu óeðlilegt, og mjög óheppilegt varðandi þróun atvinnulífsins, að fjármagn, sem lagt er í byggingar, beri hærri vexti en nokkurt annað fjármagn. Allir vita, að húseign í vaxandi bæ er öruggasta eignin, sem hægt er að eiga. Þar kemur ekkert verðfall peninganna til greina, og ekki skella holskeflur atvinnulífsins á húseigendum, sbr. það að einn eða fleiri útgerðarmenn af Suðurnesjum eru þeir leigutakar, er hæst borga í Reykjavík. Það verður því að telja óheppilegt, að húseigendur fái meira en innlánsvexti peninga af því fé, er þeir leggja í húseignir, auk hæfilegs viðhalds eða fyrningar. Hinir háu vextir, er húseignir hafa gefið í hinum vaxandi bæjum undanfarin ár, hafa valdið því, að peningamenn hafa keypt hús í Reykjavík í stórum stíl. Það má nefna fjölda manns út um hinar dreifðu byggðir lands vors, sem hafa keypt hús í Reykjavík í stað þess að leggja fjármuni sína í atvinnulíf síns byggðarlags. Er nú svo komið, að flestir þeir, sem leggja stund á einhliða auðsöfnun, eiga nú húseignir í Reykjavík, sem þeir leigja út. Ef fjármagn það, sem í húseignunum liggur, bæri aðeins hæfilega vexti, mundi ásókn fésýslumannanna ekki vera eins í húseignir, og fleiri af efnaminni borgurum þjóðfélagsins ættu sitt eigið húsnæði. En vitanlega þarf það að vera keppikeflið. En til þess að það geti orðið, mega fésýslumennirnir ekki fá einkarétt til að láta greipar sópa um tekjur hinna efnaminni borgara, svo þeir komist aldrei úr fjárkröggum.

Hæfilega vexti af húseign, þegar viðhald er ekki tekið með, tel ég eins og að framan er sagt, innlánsvexti sparifjár, en með tilliti til óhagstæðra lánakjara margra þeirra, er ráðizt hafa í húsbyggingar, tel ég, að reikna megi 6% af eðlilegu kostn-

aðarverði hússins auk viðhalds. Flestir, sem ráðast í byggingar, eiga nokkurt eigið fé, auk þess fá allir nokkurt lánsfé fyrir lága vexti 4—5%. En allir efnaminni menn þurfa að taka allmikil lán með mjög óhagstæðum vaxtakjörum. Meðaltalsvextir mættu verða í kringum 6% af öllu húsverðinu.

Til að glöggva sig á hæfilegri hámarksleigu vil ég taka eftirfarandi dæmi af mjög algengri húseign í Reykjavík.

Dæmi: Hús er 100 fermetrar, 2 hæðir og kjallari, sem er íbúð að hálfu. Vegghæð hússins 8 m frá kjallaragólfi að þakbrún. Húsið hefur valmaþak og reiknast ris því ekki. Hús þetta er því 800 teningsmetrar. Miðað við byggingarkostnað í Reykjavík í apríl—júlí 1950 má ætla, að hver teningsmetri hefði kostað kr. 500.00, og er því verð hússins kr. 400 000.00. Ef húseigandanum eru ætlaðir 6% vextir af fé því, er hann hefur lagt í húsið, þarf hann að fá kr. 24 000.00 í leigu eftir árið, auk viðhalds og fasteignaskatta.

Hús, sem er 100 fermetrar að utanmáli, mun vera nærri 90 fermetrum að innanmáli, ef útveggir eru dregnir frá, eins og ég geri tillögu um í 64. gr. Með 9 kr. leigu á hvern flatarmetra íbúðar innanmáls (innveggir meðtaldir) yrði leigan eftir hverja hæð 810 kr. á mánuði. Með 7 kr. í íbúðarkjallara á hvern fermetra og 5 kr. á fermetra í geymsluplássi og þvottahúsi, yrði mánaðarleiga eftir kjallarann kr. 525.00. Alls yrði því ársleigan eftir húsið með framangreindu hámarki kr. 25 740.00. Húseigandinn hefði þá 1740 kr. auk 6% vaxta af húsverðinu. Verður það að teljast nóg fyrir fasteignaskatti og utanhússviðhaldi, þar sem lögin gera ráð fyrir, að leigutaki hafi allt innanhússviðhald. Engin sanngirni mælir með því, að leigutaki taki þátt í að borga afborgun af eign leigusala, og má því hámarksleiga ekki vera hærri en greint er hér að framan, miðað við verðlag um mitt ár 1950.

Ýmsir halda þeirri röksemd fram, að þeir, sem byggja hús, verði oft að taka lán með okurkjörum af þeim, er fást við að lána peninga með okurvöxtum. Talað er um, að okrararnir kaupi skuldabréf í húsum með allt að 30% afföllum eða láni gegn víxlum með hliðstæðum kjörum. Vegna þessara okurlána telja ýmsir, að húseigendur verði að fá mun hærri vexti af húseignum sínum en útlánsvextir banka benda til. Það verður að teljast furðuleg röksemd, að ríkisvaldið með því að taka tillit til slíks eigi á þann hátt að lögfesta peningaokrarana og skapa jarðveg fyrir þá. — Það er hin háa húsaleiga í Reykjavík, sem hefur gert svarta peningamarkaðinn í Reykjavík eins blómlegan og hann er nú.

Um leið og húseigendur vita, að þeir geta ekki velt yfir á væntanlegan leigutaka okurvöxtum og afföllum, er þeir hafa greitt peningaokrurunum, þá vita þeir, að það er tilgangslaust að taka slík lán. Húseigendur verða sjálfir að bera ábyrgð á sínum gerðum, en eiga ekki að hafa rétt til að færa leigutakann í ánauð peningaokrarans.

Hæfileg húsaleiga, sem miðuð er við inn- og útlánsvexti bankanna, er því stærsta sporið til að útrýma svartamarkaðinum á peningum. Með því að lögleiða hæfilegt hámark húsaleigu og búa svo um hnútana, að ekki sé hægt að komast í kringum lögin, þá hætta menn við að byggja fyrir okurlán í trausti þess að væntanlegir leigutakar borgi. Ríki og bæjarfélög verða heldur að byggja eða sjá einstaklingum fyrir hentugum lánum heldur en kasta almenningi í klær okraranna.

Eins og sést á 64. gr., eins og ég tel, að hún eigi að vera, er gert ráð fyrir því, að allt eldra húsnæði færist upp á þann verðlagsgrundvöll, sem hér var til staðar 3—4 mánuðum eftir síðustu gengislækkun. Á þeim grundvelli tel ég, að setja eigi hámarksleigu. Miða ég þá við hús, sem fullbyggt var 1. ág. 1950. Verðlag byggingarefnis hefur farið síhækkandi síðan, og 1951 mun byggingarkostnaður verða mun hærri en 1950. Ég tel því ósanngjarnt, með tilliti til þess, er ég hef rökstutt hér að framan, að setja ákveðna hámarksleigu á það húsnæði, er byggt hefur verið eftir 1. ág. 1950. Þar tel ég, að mat húsaleigunefndar eigi að koma til hvert sinn, innan þess ramma, að húseiganda sé aldrei ætlað meira en 6% vextir af eðlilegu kostnaðarverði hússins, auk fasteignaskatta og viðhalds. Hver heilskyggn maður hlýtur að sjá,

að með því að húsaleiga í öllum gömlum húsum færist upp í nákvæmu hlutfalli við aukinn byggingarkostnað nýrra húsa, þá er ekkert gert til þess að sporna gegn verðbólguflóðinu.

Eins og 64. gr. er í frumvarpi nefndarinnar er beinlínis ákveðin hækkandi húsaleiga í öllum gömlum húsum í beinu hlutfalli við aukinn byggingarkostnað. Með minni tillögu er reynt að spyrna við fótum og draga úr verðbólgunni með því að festa verðlag húsnæðis, að því er varðar hús byggð fyrir 1. ág. 1950. Allir stjórnmálaflokkar hafa rætt um nauðsyn þess að draga úr verðbólguflóðinu, og verður því fróðlegt að sjá, hvaða afgreiðslu 64. gr. fær hjá hinu háa Alþingi.

Tillaga nefndarinnar er einnig að því leyti ósanngjörn, að gert er ráð fyrir, að húsaleiga verði miðuð við meðaltalshækkun (eða lækkun) 3ja ára. Þá verður sá, sem byggt hefur, þegar hærra verðlagið hefur gilt, mun lakar settur en sá, sem byggði það árið, sem verðlag bygginga var hagstæðara.

Tillaga mín byggist því á meiri sanngirni, því þar er keisaranum gefið það, sem keisarans er.

Háttvirtir meðnefndarmenn mínir töldu þann galla á minni tillögu, að með því yrði húsaleiga mjög misjöfn. Það er vitanlega rétt að ganga má út frá því, að þeir, sem taka leigt í húsi, sem kostar 700 kr. hver teningsmetri, verði að borga hærra en sá, sem tekur leigt í húsi, sem kostað hefur 500 kr. teningsmetrinn. En við þessu er ekkert að gera, því sú hrossalækning, sem tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir, er þó verst. En hún er sú að láta alla leigutaka borga eins og þann, sem hæst þarf að borga.

Allir vita, að það verður dýrara að lifa fyrir húseigandann, sem verður að búa í húsi, sem kostar 700 kr. hver teningsmetri, heldur en húseigandann, sem á sitt hús fyrir 1950. Við slíku er ekki hægt að gera nema með sérstökum verðhækkunarskatti, sem meiri hluti háttv. nefndarmanna mun sízt leggja til. En úr því húseigendur búa við jafnmisjöfn kjör hvað raunverulega húsaleigu áhrærir, hvað er þá að athuga við það, þó að nokkur mismunur sé á húsaleigu leigutaka, eftir því hvort þeir búa í nýju eða gömlu húsnæði?

Leiguhámark það, sem ákveðið er í 64. gr. nefndarinnar, tel ég fjarri öllu lagi.

Samkvæmt 64. gr., eins og ég legg til, að hún sé orðuð, er atvinnuhúsnæði háð hámarki, svo og einstaklingsherbergi. Ætlast ég til, að hámark leigu á atvinnuhúsnæði byggðu fyrir 1. ág. 1950 sé hið sama og íbúðarhúsnæðis, en leiga eftir það atvinnuhúsnæði, sem byggt er eftir 1. ág. 1950 fari eftir hæfilegu kostnaðarverði samkvæmt mati húsaleigunefndar.

Að endingu þykir mér hlýða að benda á tvö önnur atriði, sem mig greinir á við meðnefndarmenn mína, er ráðið hafa orðalagi 64. gr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að miðað sé við utanmál húsa, en ég legg til, að miðað sé við *innanmál*. Afstaða mín mótast af staðreyndum varðandi leigumat hjá húsaleigunefnd Reykjavíkur.

Í mörgum, ég vil segja flestum, tilfellum hefur húsaleigunefnd ekki uppdrætti húsanna undir höndum, og erfitt er að meta utanmál íbúða í sambyggingum eða þar sem dregið er úr einstökum hæðum. Framkvæmd verksins verður því vanalega sú, að matsmenn mæla innanmál íbúðar og áætla svo fyrir útveggjum. Svo höndulega tókst húsaleigunefnd eitt sinn, er hún framkvæmdi mat á húsaleigu fyrir mig, að þá reiknaði hún húsið 10 fermetrum stærra en það var raunverulega, og mun þar hafa ráðið röng áætlun á þykkt útveggja. Slík mistök munu vera alltíð undir núverandi fyrirkomulagi, og tel ég ekki ástæðu til að viðhalda slíkri venju.

Notagildi íbúða mun ekki að jafnaði fara eftir því, hvað útveggir eru þykkir, auk þess verður oft nokkuð erfitt að ákveða raunverulegt flatarmál þakhæða, þegar miða á við vissa hæð undir loft. Öll rök tel ég því hníga að því, að leiga sé miðuð við innanmál, en ekki utanmál húsnæðis.

Sjálfsagt tel ég líka, að tilgreint sé í lögum, hvað lofthæð megi vera minnst, til að húnæði komist í hámarksleigu, og það jafnt þó gert sé ráð fyrir flokkun hús-

næðis með sérstakri reglugerð. Einkum er þetta ákvæði nauðsynlegt með tilliti til hámarksleigu á þakhæðum, en eins og 64. gr. ber með sér er gert ráð fyrir, að leiga í þakhæðum fyrir hvern fermetra íbúðar, sem nær 2.50 m hæð, sé jöfn og á stofuhæð.

Að lokum skal á það bent, að samkvæmt bráðabirgðalögum, er gildi tóku 14. maí s. l., er hámarksleiga ákveðin kr. 11.00 á hvern fermeter íbúðar á mánuði, og er þá gert ráð fyrir, að leigusali hafi allt viðhald.

Með bráðabirgðalögum frá s. l. vori var hámark leigunnar hækkað um 25% frá því, sem áður hafði verið í lögum. Það virðist því nokkuð ör hækkun, ef nú ætti aftur á annað sinn á sama ári að hækka hámark húsaleigu, sem nemur öllu innanhússviðhaldi, en þá hækkun leggur frumvarp nefndarinnar til, að viðbættri áframhaldandi sjálfvirkri hækkun samkvæmt hækkun byggingarkostnaðar. Slík lagasetning samrýmist illa yfirlýstri stefnu ríkisstjórnar og Alþingis.

5. Ágreiningsatriði.

Ég legg til, að í stað 11. kafla frumvarpsins komi kafli, er nefnist ákvæði til bráðabirgða, og verði hann síðasti kafli frumvarpsins. Kaflinn hljóði svo:

„Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á meðan ríkisvaldið hefur með höndum ákvörðun fjárfestingarleyfa, skal allt nýtt húsnæði í sveitarfélögum þeim, er ákvæði X. kafla gilda, sem kemur til útleigu, og allt eldra húsnæði, sem losnar til leigu, eftir að lög þessi öðlast gildi, leigt eftir fyrirmælum húsaleigunefndar, samkvæmt 4.—10. málslið þessara bráðabirgðaákvæða.

Ef mikil húsnæðisekla er í einhverju sveitarfélagi, getur sveitarstjórn viðkomandi staðar ákveðið, að það fyrirkomulag á leigu húsnæðis, sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðum þessum, haldist um tiltekinn tíma, enda þótt ákvörðun fjárfestingarleyfa sé ekki tekin af ríkisvaldinu.

2. Ákvæði fyrsta málsliðs nær þó ekki til þess húsnæðis, sem er á sömu hæð og húseigandi (framleigusali) býr á sjálfur, hafi það sama inngang.

Slíkt húsnæði má leigusali leigja, án þess að húsaleigunefnd ákveði leigutaka.

3. Hver húseigandi (framleigusali) skal tilkynna húsaleigunefnd, ef nýtt húsnæði verður fullbúið til útleigu, eða ef gamalt húsnæði losnar. Skal sú tilkynning koma til húsaleigunefndar 4 vikum áður en ætla má, að húsnæðið sé tilbúið til útleigu. Í tilkynningu skal tilgreina stærð og herbergjatölu, legu og útbúnað húsnæðis.

4. Um leið og húseigandi (framleigusali) tilkynnir húsaleigunefnd laust húsnæði, getur hann sent tillögu, hverjum hann kýs að leigja húsnæðið, tölu heimilisfólks hans og hversu lengi hann hefur verið búsettur í umdæminu, svo og leiguhæð.

5. Húsaleigunefnd skal kynna sér eftir föngum ástæður leigutaka þess, er leigusali óskar að leigja húsnæðið. Sérstaklega skal nefndin kynna sér, hvort um duldar fyrirframgreiðslur kynni að vera að ræða.

Húsaleigunefnd skal tilkynna leigusala eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning hans hefur borizt, hvort nefndin samþykkir leigutakann. Ef nefndin samþykkir ekki tillögu leigusala, skal hún benda honum á annan leigutaka, sem hafi ekki færra heimilisfólk. Fallist leigusali ekki á að leigja honum, skal hann skyldur að leigja hverjum öðrum, er húsaleigunefnd tiltekur, fyrir þá leigu, er húsaleigunefnd ákveður.

6. Skylt er húsaleigunefnd að fylgjast með því, að húseigendur (framleigusalar) ræki þá skyldu sína að tilkynna ónotað húsnæði.

7. Húsaleigunefnd er óheimilt, ef húsnæðisekla er í umdæmi hennar, að samþykkja eða ráðstafa til leigu íbúðarhúsnæði til utanhéraðsmanna, nema til opinberra starfsmanna, nemenda í skólum, sem starfræktir eru í umdæminu, og alþingismanna.

8. Húsaleigunefnd er skylt að öðru jöfnu, að láta þær fjölskyldur, er mikla ómegð hafa, sitja fyrir leiguhúsnæði.

9. Ef húseigandi (framleigusali) er þvingaður af húsaleigunefnd til að leigja öðrum en hann sjálfur hefur óskað eftir, þá skal leigusala heimilt, þrátt fyrir ákvæði 61. gr. laga þessara, að segja upp húsnæðinu, þegar 1 ár er liðið frá upphafi leigu.

10. Skylt skal húsaleigunefnd að halda skrá um allt fólk, er leiguhúsnæðis óskar, ásamt upplýsingum um fjölskyldustærð og aðrar ástæður. Skal nefndin eigi sjaldnar en einu sinni í hverjum mánuði auglýsa eftir hverja vanti húsnæði.

11. Nú er stórum meiri eftirspurn eftir húsnæði en framboð á einhverjum þeim stað, er lög þessi ná til. Skal þá húsaleigunefnd rétt og skylt að fengnu samþykki sveitastjórna að taka upp skömmtun húsnæðis eftir reglum, er félagsmálaráðherra samþykkir. Allt ónotað húsnæði, er þannig fæst, skal leigt út eftir ákvæðum 4.—10. töluliðs, og háð þeirri hámarksleigu, er 64. gr. ákveður.

12. Nú hlýðir húseigandi ekki fyrirmælum húsaleigunefndar eða vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 3. málslið, skal hann þá sæta allt að 400 kr. dagsektum, þar til úr er bætt. Sektirnar skulu renna í sveitarsjóð."

Þar sem efni bráðabirgðaákvæðanna er nýmæli í íslenzkri löggjöf, þykir mér hlýða að færa fram þær ástæður, sem því valda, að ég tel hina mestu nauðsyn að lögfesta slíkar reglur, eins og húsnæðismálum er komið í Reykjavík og fleiri bæjum á landi voru.

Til þess að nokkurt gagn sé að því að ákveða hámarksleigu á húsnæði, þar sem mikil húsnæðisekla ríkir, þarf að tryggja það, að leigusalar geri ekki baksamninga við leigutaka. Húsaleigulögin frá 1943 tryggðu þá leigutaka, er fengið höfðu leiguhúsnæði áður en þau lög gengu í gildi, en voru haldlaus og einskis nýt fyrir þá, sem tóku leigt, eftir að lögin höfðu fengið staðfestingu, af því að leigumiðstöð vantaði.

Leigusalar gerðu tvennt. Létu leigutakana greiða svo og svo margar þúsundir til þess að komast inn í húsnæðið. Var sú upphæð hvergi skráð. Síðan gerði svo leigusali leigusamning við leigutaka, þar sem mjög hófleg leiga var skráð fyrir hvern mánuð, en leigutaki skuldbatt sig til að fara úr íbúðinni eftir tiltekinn tíma. Sá tími var ávallt miðaður við það, að leigutaki hefði þá unnið upp fyrirframgreiðsluna.

Með þessum aðferðum greiddi leigutaki oft raunverulega 1200—1600 kr. á mánuði, þó að leigusamningur hljóðaði upp á 300—500 kr. á mánuði. Varla þarf að taka það fram, að leigusalinn taldi að jafnaði ekki fram til skatts það, sem hann tók í leigu með fyrirframgreiðslu. Missti ríki og bæjarfélag þannig drjúgan tekjustofn. Ef lög um húsaleigu hafa engin ákvæði að geyma, sem hindra slíkar duldar leigugreiðslur, þá endurtekur sagan sig frá árunum 1940—1950.

Samkvæmt X. kafla frumvarpsins hafa tímabundnir leigusamningar ekki gildi, sbr. 61. gr. Flestir leigusamningar munu nú tímabundnir, ef ekki er um að ræða samninga á milli venzlamanna. En væntanlegir leigutakar eru með öllu ofurseldir leiguokri, enda þótt X. kafli frumvarpsins yrði lögfestur, ef leigusalar hafa áfram óhindraða möguleika til baksamninga. Af framangreindum ástæðum tel ég ljóst, að húsaleigulöggjöf getur aldrei komið í veg fyrir okur, þegar eftirspurn eftir húsnæði er meiri en framboð, nema með leigumiðstöð, þar sem húseigandi hafi mjög takmarkaðan rétt til að ráða, hver leigutaki hans er.

Slík leigumiðstöð er ekkert nýmæli í löggjöf félagslega siðaðra þjóð. Til dæmis skal þess getið, að Danir hafa sína húsaleigulöggjöf á þann hátt, að allt leiguhúsnæði er leigt út af þar til skipaðri nefnd.

Samkvæmt dönsku lögunum, skal húseigandi tilkynna þar til kjörinni nefnd, þegar húsnæði losnar hjá honum, eða nýtt húsnæði verður fullbúið til útleigu.

Um leið og húseigandi tilkynnir húsaleigunefnd, að hann hafi laust húsnæði, má hann gera tillögu um það, hverjum hann vill leigja. Húsaleigunefnd skal tilkynna leigusala innan ákveðins tíma, hvort hún samþykkir tillögu hans um leigjanda og

leiguhæð. Fallist nefndin ekki á tillögu húseiganda gefur hún honum kost á tilteknum leigutaka, fallist húseigandi ekki á hann, tiltekur húsaleigunefnd annan. Fallist húseigandi heldur ekki á að leigja honum, þá getur húsaleigunefnd ákveðið húseiganda leigutaka, hvort sem honum þykir betur eða verr. Húsaleigunefnd skal aðeins skylt að gæta þess, að leigutaki, sem hún skipar húseiganda að taka, hafi ekki færri manns í heimili en sá, sem eigandi upphaflega ætlaði að leigja. Þessi ákvæði dönsku húsaleigulaganna ná þó aðeins til Kaupmannahafnar og útborga hennar.

Með slíkri löggjöf er trygging fengin fyrir því, að leigusalar geta ekki pínt mikið fé á laun af leigutökum og barnafjölskyldur geta setið fyrir húsnæði.

Þessi ákvæði Dananna eru því bæði mannúðleg og réttlát, og væri Íslendingum sómi að taka sér slík lög til fyrirmyndar.

Norsku lögin um húsaleigu eru nokkuð á annan veg. Þar getur tiltekin nefnd eða dómstóll dæmt uppsögn leigumála ógilda, og einnig getur sami dómstóll ákveðið leigu.

Í bráðabirgðaákvæðum þeim, sem ég legg til, að verði samþykkt með húsaleigulögunum, tek ég ákvæði dönsku laganna til fyrirmyndar. Ég legg til, að slík ákvæði séu til bráðabirgða, af því ég vonast eftir, að innan allt of langs tíma hafi Íslendingum tekizt að bæta úr húsnæðisskortinum, og þá þarf ekki á neinum þvingunarlögum að halda til að hindra baksamninga. Má þá fella bráðabirgðaákvæðin úr gildi án þess að hreyfa við öðrum köflum laganna.

Vel má vera, að ýmsum þyki eignarréttur manna skertur um of, ef tiltekin nefnd á að hafa rétt til að fyrirskipa húseiganda, hverjum hann leigir. En áður en menn fella dóm í því máli, vil ég, auk þess sem ég hef áður bent á í séráliti mínu, minna menn á eftirfarandi:

1. Samkvæmt frumvarpi nefndarinnar og sértillögum mínum, hefur húseigandi ávallt óskoraðan umráðarétt yfir öllu húsnæði, sem er á sömu hæð og hann býr á sjálfur. Með öðrum orðum, húseigandi þarf aldrei að láta aðra ganga um sína íbúð — innri forstofu, bað og salerni — en þá, er hann sjálfur hefur valið.
2. Þau takmörk eignarréttar, er ég legg til, hafa þegar verið um nokkurt skeið í lögum hinna mestu menningarþjóða, eins og Dana, og hliðstæð ákvæði um allmörg ár verið í ábúðarlöggjöf okkar.
3. Án þess að hindra óhæfilegt okur og féflettingu almennings geta forráðamenn þjóðfélagsins aldrei vænzt þess að fá samúð almennings með neinu því, sem nefndar eru dýrtíðarráðstafanir.
4. Leigumiðstöð er eina úrræðið, sem hindrað getur leiguokur, þegar eftirspurn er meiri en framboð, og eini möguleikinn til að fá húsaleigutekjur rétt taldar fram til skatts. En varla getur það verið meining forráðamanna þjóðfélagsins að vernda okur og skattsvik.
5. Með leigumiðstöð eins og ég legg til tryggir löggjafinn sanngjarna leigu og hindrar alla okurstarfsemi varðandi leigu húsnæðis. Í öðru lagi tryggir löggjafinn rétt skattaframtal á húsaleigutekjum, og verður slíkt að teljast mikils virði.

Eins og fram er tekið hér að framan, eru bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, eins og ég legg til, að þau séu, að mestu tekin eftir dönsku húsaleigulöggjöfinni. Þó hef ég gengið lengra til móts við húseigendur en dönsku lögin gera, þar sem ákveðið er í 9. málslið, að húseigandi hafi heimild til að segja leigumála upp eftir 1 ár, ef honum líkar illa sá leigutaki, er hann hefur fengið. Ekkert slíkt ákvæði er í dönsku lögunum. Samkvæmt minni tillögu er húseigandanum gefinn kostur á reynslutíma með hvern leigutaka.

Um einstaka málsliði bráðabirgðaákvæðanna sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Þó tel ég nauðsynlegt að víkja nokkuð að 11. málslið. Samkvæmt 11. málslið er gert ráð fyrir, ef um mikla húsnæðiseklu er að ræða, þar sem húsaleigunefnd er starfandi, þá hafi nefndin heimild, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, til þess að taka upp skömmtun húsnæðis og leigunám.

Eins og húsnæðismálum er háttað í landi voru er fyrirsjáanlegur skortur á hús-

næði um ófyrirsjáanlegan tíma. Verzlunarjöfnuður okkar er ár eftir ár óhagstæður, og fyrirsjáanlegt er, að ekki er unnt að viðhalda þeirri fjárfestingu, sem framkvæmd hefur verið árlega. Þess vegna er eigi hægt að auka byggingu íbúðarhúsa og leysa húsnæðisvandræðin á þann hátt. Með fjárfestingu síðustu ára hefur ekki dregið neitt úr húsnæðisskorti, nema síður sé.

Enn þá er eftir að byggja upp fjölda sveitabæja og útihúsa á jörðum. Verði það ekki gert á næstu árum, fara jarðirnar í eyði í stórum stíl, og bætist þá það fólk, sem þaðan þyrfti að flytja, við hið húsnæðislausa fólk bæjanna.

Fólksfjölgun er ör, og vonandi verður ekki breyting á slíku. Þegar þannig er ástatt, er það þýðingarmikið fyrir þjóðarbúskapinn, að allt húsnæði, sem til er í landinu, sé nýtt sem bezt.

Vegna framangreindra ástæðna þarf að gera löggjöf okkar þannig, að hægt sé að koma í veg fyrir, að dýrmætum gjaldeyri og fjármagni sé sóað í það, að húsnæði standi ónotað eða lítt notað. Auk þess verður það að teljast óheppileg þróun mála, að einstakir efnamenn búi í höllum, þar sem mörg herbergi eru lítt notuð, en hið vinnandi fólk, sem með erfiði sínu skapar verðmætin, verði að hírast í hreysum eða vera með öllu húsnæðislaust.

Á undanförnum árum hafa á Alþingi verið borin fram frumvörp um stóríbúðaskatt. Tilætlun þeirra frumvarpa hefur sjáanlega verið sú að vinna gegn óhófsnotkun húsnæðis.

Slík lausn á þessu vandamáli hefur ekki fundið náð fyrir augum hins háa Alþingis, enda þótt vitað sé, að hér sé mikið af húsnæði, sem að engu gagni kemur fyrir þjóðarbúskapinn, en er aðeins munaður nokkurra einstaklinga.

Síðast þegar frumvarp til laga um stóríbúðaskatt lá fyrir Alþingi, héldu fulltrúar stóríbúðaeigendanna því fram í blöðum sínum, að skömmtun húsnæðis væri miklu betra úrræði heldur en stóríbúðaskattur. Sé það virkilega svo, að eigendur og notendur þess húsnæðis, þar sem ein fjölskylda eða jafnvel barnlaus hjón hafa til afnota 10 til 20 herbergi, vilji heldur sætta sig við skömmtun húsnæðis en stóríbúðaskatt, þá finnst mér rétt, að þjóðfélagið verði við óskum þeirra.

Skömmtun húsnæðis er vitanlega mun róttækari aðgerð en skattur af óhófshúsnæði, en ekki ætti að standa á þjóðfélagi, sem býr við eins mikinn húsnæðisskort og íslenzka þjóðin býr við nú, að aðhyllast hinar róttækustu leiðir til að bæta úr húsnæðiseklunni og gjaldeyris- og fjármagnsskortinum.

Með tilliti til þess, að hverju sveitarfélagi ber að sjá þegnum sínum fyrir nauðþurftum, ef þeir geta það ekki sjálfir, hef ég talið rétt, að það væri á valdi viðkomandi sveitarstjórna, hvort skömmtunarákvæðið væri notað.

Þess skal getið, að allar okkar nágrannaþjóðir hafa tekið upp skömmtun húsnæðis, þegar húsnæðisekla hefur verið mikil.

Þeir menn, sem engar hömlur vilja hafa gegn okri og misbeitingu auðæfa, munu að sjálfsögðu reyna að halda því fram, að húsaleigumiðstöð eins og gert er ráð fyrir í tillögum mínum kosti þjóðfélagið of fjár.

Slíkt er firra ein. Ef frumvarp þetta eins og ég legg til, að það sé, yrði að lögum, kæmist meiri festa á alla leigumála og flutningar milli íbúða og atvinnuhúsnæðis minnkuðu.

Á ári hverju yrðu vart leigðar nema 300—400 íbúðir í Reykjavík, og ætti ekki að þurfa neitt skrifstofubákn til að annast leigu og mat slíks húsnæðis. Sé skynsamlega að hlutunum farið, ætti kostnaðarauki við húsaleigunefndir frá því, sem nú er, ekki að verða neinn.

Til að viðhalda trú manna á gildi peninga og til að sporna gegn óhæfilegri verðbólgu, er geri framleiðslu vora ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum, verður þjóðfélagið að vinna að því, að hverjum vinnandi manni verði sem mest úr hverri krónu. Þó að þjóðfélagið þyrfti að verja nokkru fé í þann stríðskostnað, má ekki í það horfa. Þjóðfélagið greiðir nú marga tugi milljóna á ári hverju vegna of hárrar húsaleigu einstaklinga og fyrirtækja. Allt það fé rennur í vasa nokkurra svartamark-

aðs braskara, og af því eru engir skattar greiddir. Til að leiðrétta slíkt má það sama þjóðfélag ekki horfa í ½ milljón, ef sú upphæð sparaði nokkra tugi milljóna fyrir atvinnuvegi vora og skapaði betri lífsskilyrði fyrir hið vinnandi fólk í landi voru.

Útgjöld ríkis og sveitarfélaga vegna leigumiðstöðvar myndu fyllilega vinnast upp með betra framtali til skatts. Hreinn hagnaður þjóðarbúsins yrði því það, sem ynnist í lækkaðri dýrtíð fyrir almenning. Með lækkaðri dýrtíð myndi þjóðfélagið geta komið í veg fyrir auknar vinnudeilur og hækkandi launakröfur.

Hannes Pálsson.

Fylgiskjal II.

Sértillögur og sérálit Magnúsar Jónssonar.

61. gr. falli niður.

62. gr. falli niður.

2. mgr. 64. gr. orðist svo:

Leiga sú, sem ákveðin verður þann 1. janúar 1952, skal teljast grunnleiga, og breytist hún til hækkunar eða lækkunar einu sinni á ári í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík. Skal vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út af Hagstofu Íslands, en félagsmálaráðuneytið auglýsir vísitöluna og jafnframt þá breytingu, sem verður á húsaleigu samkv. henni.

67. gr. falli niður.

68. gr. falli niður.

XI. kafli frumvarpsins (um leigumiðstöð) falli niður.

Ég er þeirrar skoðunar, að samningar um leigu á húsnæði eigi að vera frjálsir og aðeins fullkomið neyðarástand geti réttlætt það, að réttur húseigenda til að ráða yfir húsum sínum sé skertur með opinberum ráðstöfunum, og þá aðeins um stundarsakir.

Almennar reglur um samskipti leigusala og leigutaka eru nauðsynlegar, og því er fullkomlega tímabært að setja almenna löggjöf um það efni til þess að forðast óþarfa málarekstur og vandræði, sem hlotizt geta af óvissu um það, hvaða reglur skuli gilda í ýmsum tilvikum, sem ógerlegt er að hafa öll í huga við samningsgerð. Af þeim sökum er ég í meginatriðum sammála samnefndarmönnum mínum um hin almennu atriði, sem um ræðir í níu fyrstu köflum frumvarpsins, þótt að sjálfsögðu séu þar ýmis atriði, er ég hefði fremur kosið, að væru á annan veg. Má í því sambandi benda á heimild fógeta til að fresta útburði í allt að þrjá mánuði í vissum tilfellum og fyrirmæli um skyldu leigutaka til að greiða vexti af fyrirfram greiddri leigu, sem fremur ætti heima í 10. kafla laganna, því að slík ákvæði virðast ástæðulaus nema um vandræðaástand sé að ræða, en um þessi atriði hef ég þó ekki séð ástæðu til að gera ágreining, þar sem hinn almenni kafli frumvarpsins er til orðinn fyrir tilslökun nefndarmanna yfirleitt á ýmsum sérsjónarmiðum.

Um 10. kafla laganna hefur nefndin ekki getað orðið á eitt sátt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að hann skuli gilda í tilteknum kaupstöðum, en heimild veitt sveitarstjórnum í öðrum kaupstöðum og kauptúnum til að láta hann gilda hjá sér. Ég tel engin frambærileg rök fyrir þessari tilhögun. Ég tel ekki fjarri lagi að hafa í almennum húsaleigulögum einhver sérákvæði, sem megi láta gilda í sérstökum neyðartilfellum, en mér virðist eðlilegast, að sömu reglur séu látnar gilda um vald sveitarstjórna í því efni.

Á Alþingi 1950 voru samþykktar nokkrar breytingar á húsaleigulögunum, og var sú mikilvægust, að gert var ráð fyrir því, að lögin féllu úr gildi í áföngum: Fyrst ákvæði þeirra um einstaklingsherbergi 1. okt. 1950, ákvæði þeirra um íbúðir í húsum, er eigandinn býr í sjálfur og allt atvinnuhúsnæði 14. maí 1951 og ákvæði laganna um allt annað húsnæði 14. maí 1952.

Bann húsaleigulaganna við uppsögn húsnæðis féll þannig úr gildi s. l. vor hér í Reykjavík varðandi leiguíbúðir í öllum þeim húsum, þar sem eigandinn býr sjálfur.

Margir þeir, sem fastast héldu í bindingarákvæði húsaleigulaganna héldu því fram, að afnám uppsagnabannsins mundi valda fullkomnu öngþveiti í húsnæðismálunum. Reyndin hefur þó alls ekki orðið sú. Sennilega eru í Reykjavík 6—7 þúsund leiguíbúðir. Húsaleigunefnd lét í vor framkvæma athugun á uppsögnum húsnæðis og létu skrá sig hjá henni um 250 leigjendur, og hafði meiri hluti þeirra mjög fátt fólk á framfæri sínu. Þegar þess er gætt, að uppsagnir húsnæðisafnota hafa verið bannaðar í heilan áratug, er ljóst, að því fer víðs fjarri, að afnám uppsagnabannsins hafi valdið öngþveiti í húsnæðismálunum í Reykjavík, en einmitt þar hefur ástandið verið talin verst, því að meiri hl. allra leiguíbúða mun vera í húsum, þar sem eigandinn býr sjálfur. Að vísu munu einhverjir þeir, sem sagt var upp í vor, ekki hafa getað fengið íbúð aftur, en í staðinn hafa aðrir fengið íbúð, sem áður voru húsnæðislausir. Uppsagnir húsnæðis nú í haust hafa þó verið miklum mun færri en í vor, svo að ekki vex öngþveitið af þeim sökum.

Reynslan hefur þannig ótvírætt sannað það, að með engu móti er hægt að réttlæta þá miklu réttarskerðingu að lögleiða nú á ný bann við uppsögn leigumála, svo sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til í 10. kafla frumvarpsins, enda er nú gert ráð fyrir að ganga enn lengra en í hinum eldri húsaleigulögum, því að nú eiga allir tímabundnir leigusamningar að vera ógildir, og er því samningsréttur á þessu sviði alveg afnuminn. Er vissulega óeðlilegt að leggja slík höft á húseigendur, þegar allar aðgerðir íslenzkra stjórnvalda nú stefna til aukins frelsis. Það er auðvitað ekkert vafamál, að húsnæðisskortur er enn tilfinnanlegur í Reykjavík og sennilega víðar og einmitt af þeim sökum er mikilvægt að stuðla að því, að húseigendur leigi sem mest út frá sér. Enginn efi er á því, að eigi á ný að innleiða bindingarákvæði gömlu húsaleigulaganna mun það hafa greinileg áhrif í þá átt að minnka leiguhúsnæði. Er mér persónulega kunnugt um nokkur tilfelli, þar sem húseigendur hafa ekki viljað leigja út íbúðir af ótta við ný bindingarákvæði í sambandi við hina boðuðu nýju húsaleigulöggjöf.

Þar sem ekki er hægt að færa nein rök að því, að ný bindingarákvæði muni bæta úr húsnæðisvandræðunum, heldur miklu fremur verka í öfuga átt, get ég með engu móti fallizt á að innleiða á ný þá miklu skerðingu á umráðarétti manna yfir eignum sínum, er í þessu ákvæði felst.

Meðan eftirspurn er miklu meiri eftir íbúðarhúsnæði en framboð, tel ég rétt að ákveða vissa hámarksleigu og leitast þannig við að koma í veg fyrir óeðlilega hátt verð á húsnæði. Slík ákvæði hafa þó því aðeins rétt á sér, að hámarksleigan sé sanngjörn, en hingað til hefur það mjög brunnið við, að hámarksleigan væri ákveðin svo lág, að óviðunandi hefur verið, og hefur það eðlilega skapað virðingarleysi fyrir lagaboðinu, þegar jafnvel báðir samningsaðilar hafa verið sammála um ósanngirni þess. Þegar miðað er við hinn mikla byggingarkostnað nú, virðist ekki óeðlilegt, að hámarksleiga sé allt að 15 krónur fyrir hvern flatarmeter íbúðar. Samkvæmt núgildandi lögum gilda sex mismunandi taxtar um húsaleigu, allir ákveðnir meira og minna af handahófi. Ekkert vit er í að láta þær verðlagningarreglur haldast, heldur er sjálfsagt að ákveða eina hámarksleigu, er miðist við vandað og gallalaust húsnæði með öllum nútíma þægindum, en leiga sé ákveðin hlutfallslega lægri fyrir húsnæði, er ekki hefur þessa kosti. Hingað til hefur hámarksleiga verið miðuð við aldur húsa. Þetta tel ég fráleitt, enda yrði þá að vera sérstakur taxti fyrir hvern árgang húsnæðis. Það eina rétta er að miða við notagildi húsnæðisins fyrir leigutaka. Sú regla er fullkomlega sanngjörn gagnvart leigutakanum. Tel ég því rétt að ákveða eina hámarksleigu, sem eðlilegt er að miða við sennilegan gildistökudag laganna, ef sett verða. Þótt það sé heldur lág leiga fyrir nýjustu húsin, tel ég þó viðunandi að ákveða hámarksleiguna 11 krónur, miðað við það, að leigutaki hafi það viðhald á sinn kostnað, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þessi hámarksleiga er þó við það miðuð, að ekki verði um neina bindingu uppsagna að ræða, en þá tel ég hana of lága.

Ég hef ekki getað fallizt á þá skoðun, að hámarksleiga taki ekki breytingum í samræmi við hækkandi verðlag. Tel ég eðlilegt, að leigan breytist í samræmi við

byggingarvísitölu einu sinni á ári hverju. Sé leigan bundin um margra ára skeið, getur það leitt til jafnfjarstæðrar niðurstöðu og í gömlu húsaleigulögunum, þar sem fyrirstríðsleigan var fest. Þótt heimilað væri að hækka þá leigu í samræmi við vísitölu viðhaldskostnaðar, var leigan strax eftir þrjú til fjögur ár orðin svo ósanngjörn, að margir leigutakar buðust til að greiða hærri leigu, enda urðu eigendur hinna eldri húsa yfirleitt að greiða með húsum sínum, og mörg hús grotnuðu blátt áfram niður vegna þess, að efnalitlir húseigendur höfðu ekki efni á að halda þeim við.

Ellefta kafla frumvarpsins er ég algerlega andvígur. Þar er lagt til að taka upp enn strangari þvingunarreglur en nokkru sinni giltu á stríðsárunum, og húseigendur algerlega sviptir rétti til þess að ráða því, hverjir búa í húsum þeirra. Þetta ákvæði hlýtur að valda mikilli hættu á því, að húseigendur selji þessi hús sín, og er það ekki líklegt til að stuðla að auknu leiguhúsnæði, svo sem hlýtur að vera takmark ráðstafana, sem gerðar eru vegna húsnæðisvandræða.

Ég hef lagt til, að einnig verði fellt niður úr frumvarpinu bannið við að breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði, og rífa íbúðarhúsnæði. Stafar þetta ekki af því, að ég neiti, að á vandræðatimum geti verið nauðsynlegt að banna slíkt, heldur af því, að eins og frá frumvarpinu er gengið, er gert ráð fyrir því, að lögin séu þvingunarlög í Reykjavík og tveimur öðrum kaupstöðum. Það er víst, að eins og nú standa sakir er svo lítil eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði á þessum stöðum, að engin ástæða er til að lögbjóða þá skerðingu á ráðstöfunarrétti manna yfir húsum sínum, sem slíku banni fylgir.

Ég vil að lokum taka það fram, að ýmis þeirra ákvæða, sem ég hef lýst mig andvígan í 10. kafla frumvarpsins, hefði ég ekki talið óeðlilegt að hafa í frumvarpinu, ef 10. kaflinn hefði einungis verið heimildarákvæði, en kaflinn ekki lögbundinn á tilteknum stöðum á landinu. Þar sem sá fulltrúi í nefndinni, er túlkað hefur einkum sjónarmið bæjarstjórnar Reykjavíkur, hefur tjáð bæjarstjórnina andvíga því að fá sett þvingunarákvæði, sem væri á valdi bæjarstjórnar að ákveða hvort beita skyldi eða ekki, hef ég ekki talið fært að byggja tillögur mínar á því, að 10. kaflinn væri einnig heimildarákvæði fyrir Reykjavík.

Magnús Jónsson.

Fylgiskjal III.

Sérálit og sértillögur Ólafs Sveinbjörnssonar.

Ég er ósammála meiri hluta nefndarinnar í tveim höfuðatriðum og hef í samræmi við það gert fyrirvara við undirskrift um ákvæði 1., 49., 50., 51., 60., 64., 69., 71, og 73. gr. Mér þykir rétt að gera mjög stuttlega grein fyrir þeirri sérstöðu minni.

Það er alkunnugt, að á nokkrum stöðum á landinu hefur verið húsnæðisleysi undanfarin ár og er enn. Sérstaklega á þetta við um Reykjavíkurbæ. Þar er ástandið langerfiðast, og valda því fyrst og fremst hömlur af opinberri hálfu á byggingarframkvæmdum og óeðlilegt aðstreymi utanbæjarmanna til bæjarins. Ríkisvaldið hefur í mörg ár haft einsamalt með höndum veitingu fjárfestingarleyfa, og hefur Reykjavík orðið mjög afskipt um leyfisveitingar miðað við umsækjendafjölda. Hagfræðilegir útreikningar liggja fyrir um, að þar þurfi að byggja 600 nýjar íbúðir árlega til þess að taka við eðlilegri fjölgun bæjarmanna einni saman, fyrir utan aðflutt fólk. Leyfisveitingar til íbúðabygginga í bænum hafa aldrei náð þeirri tölu og stundum ekki nema þriðjungi hennar. Í núgildandi húsaleigulögum eru ákvæði til varnar því, að utanbæjarmenn flytji óhindrað til bæjarins. Ríkisvaldið hefur framkvæmd þessa ákvæðis með höndum, en hefur alla tíð rekið þá framkvæmd slælega og á síðustu tímum naumast gert tilraun til þess. Enn fremur er á það að líta, að alvarlegt húsnæðisleysi í sveitarfélagi er svo stórfellt vandamál, að það getur verið algerlega ofvaxið sveitarstjórnum að ráða fram úr því.

Mér virðist því öll rök hníga að því, að framkvæmd þessara mála og kostnaður við þau eigi framvegis sem hingað til að vera í höndum ríkisvaldsins og síður en

svo ástæða til að gera þá höfuðbreytingu frá núgildandi ákvæðum, sem meiri hlutinn leggur til í 1., 49., 50., 60. og 2. mgr. 69. gr. frumvarpsins.

Eitt af höfuðatriðum frumvarpsins eru ákvæði 61. gr. um hömlur þær, sem þar eru lagðar á ráðstöfunarrétt húseigenda á íbúðarhúsnæði. Slíkar ráðstafanir eru að sjálfsögðu fullkomið neyðarúrræði og hafa alls staðar gefizt illa og er ég þeim mótfallinn. En ef óhjákvæmilegt þykir, eins og meiri hluti nefndarinnar telur, að taka upp hömlur að nýju, álít ég, að fullnægja verði þessum skilyrðum: að það verði gert með beinu lagaboði á ákveðnum stöðum til skamms tíma, en aldrei lagt á vald sveitarstjórna, að hámark þeirrar leigu, sem heimilt er að taka fyrir slíkt húsnæði, sé ekki lægra en ég hef lagt til í tillögu minni að 64. gr., þ. e. 15 krónur fyrir hvern fermetra íbúðarinnar auk viðhaldskostnaðar, er breytist árlega samkv. byggingarvísitölu. Er þar miðað við fyrsta flokks húsnæði, eins og það gerist bezt, og niðurstaðan fengin með því að reikna með 700 króna verði pr. teningsmetra í nýbyggingu og ætlazt til, að eigandinn fái allt að 10% vexti af stofnkostnaðinum til að standast kostnað við rekstur, viðhald utanhúss, skatta, afföll af lánum o. s. frv.

Um fyrra atriðið er þess sérstaklega að gæta, að heimildarákvæðin til handa sveitarstjórnum mundu skapa slíka óvissu um eitt af aðalatriðum húsnæðismálanna, að óþolandi væri, og mundu verða þess valdandi, að húsnæði stæði autt og ónotað tímum saman. Húseigendur, sem t. d. ætluðu sér að selja íbúðir, mundu ekki þora að leigja þær til skamms tíma til íbúðar, ef breytilegur meiri hluti í sveitarstjórn gæti lagt hömlur á ráðstöfunarrétt þeirra á húsnæðinu með litlum eða engum fyrirvara. Það er einmitt þessi óvissa um framhaldslöggjöf í húsnæðismálum, sem nú veldur því, að nokkurt húsnæði stendur autt í Reykjavík og víðar. Heimildarákvæðin til handa sveitarstjórnum í frv. þessu, sem mundu gera þessa óvissu enn meiri og langvarandi, ef samþykkt væru, eru því að mínum dómi það allra fráleitasta, sem unnt væri að hugsa sér í þessum efnum. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt um þetta atriði.

Öllum sérfræðingum, sem ég hef leitað upplýsinga hjá, ber saman um það, að byggingarkostnaður er kr. 700.00 pr. teningsmetra í sept.—okt. 1951, og á árunum fyrir síðustu styrjöld, þegar húsnæðisviðskipti voru með eðlilegum hætti, voru húseignir tæplega seljanlegar nema því aðeins, að árlegar leigutekjur gætu numið a. m. k. 10% söluverðsins, og engum kom til hugar að byggja leiguíbúð nema ætla mætti, að hann gæti haft af henni leigutekjur, sem þessu næmi.

Ef lægra leiguhámark væri ákveðið, væri það í fyrsta lagi ósanngjarnt og í öðru lagi nokkurn veginn víst, að það mundi draga úr eða hindra alveg byggingu leiguíbúða. En það væri það versta, sem fyrir gæti komið í sveitarfélagi, þar sem skortur er á húsnæði.

Ákvæði núgildandi húsaleigulaga um hámarksleigu voru árum saman svo fráleit, að öllum ofbauð, og það voru fyrst og fremst þau, sem urðu lögunum að falli. Verði hömlur á ráðstöfun húsnæðis látnar gilda framvegis að einhverju leyti, verður að varast fyrri mistök og hafa ákvæðin um hámarksleigu a. m. k. í samræmi við það, sem taldar voru lágmarksupphæðir í eðlilegum viðskiptum áður fyrr.

Um ákvæðin í 71.—73. gr., húsaleigumiðstöð, vil ég vísa til þess fyrirvara, sem ég hef gert hér að framan um hömlur á ráðstöfunarrétti húseigenda, og tek það fram, að ég er þeim mótfallinn, en verði slík ákvæði sett, tel ég útilokað annað en að setja þau með beinu lagaboði en alls ekki að leggja þau á vald sveitarstjórnanna.

Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að þær greinar frumvarpsins, sem ég hef gert fyrirvara um, verði orðaðar þannig:

1. gr.

Lög þessi gilda um land allt.

Ákvæði 10. kafla skulu vera í gildi í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri til 14. maí 1955, en falla þá úr gildi.

49. gr. falli burt.

50. gr.

Í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri skulu vera 3 manna húsaleigunefndir, skipaðar af hæstarétti.

Formenn nefndanna tilnefnir hæstiréttur sérstaklega. Skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja almennum skilyrðum til að vera héraðsdómarar.

Jafnmarga varamenn skipar hæstiréttur með sama hætti.

Skipun húsaleigunefndar gildir til 14. maí 1955.

51. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í húsaleigunefnd.

60. gr.

Kostnaður við húsaleigunefndir og yfirmatsnefnd greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðuneytið þóknun nefndarmanna.

64. gr.

Leiga eftir íbúðir, sem eru eitt herbergi og eldhús eða meira, skal frá 1. jan. 1952 ekki mega vera hærri en 15.00 kr. fyrir hvern fermetra íbúðarinnar, miðað við utanmál, gangar, innri og ytri forstofa meðtalin. Skal hámark þetta miðast við gott og vandað húsnæði, búið öllum venjulegum nýtízku þægindum, en leigan skal vera lægri eftir því, sem skortir á gæði húsnæðisins að dómi húsaleigunefndar. Leiga eftir afnot þvottahúss og fyrir geymslur skal ákveðin í samræmi við gæði þess húsnæðis, með hliðsjón af áðurgreindu hámarki, og skal þá meðal annars hafa hliðsjón af því, hversu fullkomin tæki eru til afnota í þvottahúsi.

Leiga sú, sem ákveðin verður þann 1. jan. 1952, skal teljast grunnleiga, og breytist hún til hækkunar eða lækkunar árlega samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir næsta ár á undan. Hagstofa Íslands reiknar út vísitölu byggingarkostnaðar, en félagsmálaráðuneytið auglýsir vísitöluna og jafnframt þá breytingu, sem verður á húsaleigu samkv. henni.

69. gr.

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er leigunámi samkv. grein þessari, svo og hugsanlegt álag vegna skemmda eða vanunnins viðhalds.

71. gr.

Nú þykja ákvæði 10. kafla ekki koma að tilætluðum notum í bæjarfélögum þeim, sem talin eru í 1. gr., og er félagsmálaráðuneytinu þá heimilt að ákveða, að komið skuli á fót húsaleigumiðstöð í bæjarfélaginu.

Fela má húsaleigunefnd rekstur húsaleigumiðstöðvar.

73. gr.

Með reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, skal kveða nánar á um fyrirkomulag og rekstur leigumiðstöðvar áður en hún tekur til starfa.

Allur kostnaður við rekstur húsaleigumiðstöðvar greiðist úr sveitarsjóði.

Ólafur Sveinbjörnsson.

Ed. **269. Frumvarp til laga** [16. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera vélaverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, Félags íslenzkra iðnrekenda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna; skipar ráðherra einn af hinum tilnefndu mönnum formann ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.
2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.

3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
   d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldir hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

8. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rann-

sóknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 270. Frumvarp til laga [38. mál]

um hámark húsaleigu o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 271. Frumvarp til laga [47. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 257 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Rísi ágreiningur milli öryggismálastjóra og vinnuveitanda um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum laga þessara, má skjóta ágreiningnum til ráðherra, og kveður hann upp úrskurð um hann.

21. gr. hljóðar svo:

Gæzla gufukatla og suðukatla, sem eru með yfirþrýstingi, má aðeins fá í hendur reglumönnum og áreiðanlegum mönnum, sem eru fullra 18 ára að aldri.

Sá, sem stendur fyrir gæzlu eða gætir á eigin ábyrgð gufketils með hitafleti, sem er 30 m² eða meira, skal hafa vélstjórapróf eða hafa notið annarrar menntunar, sem ráðherra, í samráði við öryggismálastjóra, telur fullnægjandi.

Þeir, sem gæta á eigin ábyrgð annarra gufukatla en þeirra, er getur í 2. málsgr. þessarar greinar, þurfa að hafa notið þeirrar menntunar, er öryggismálastjóri tekur gilda, eða að sanna á annan hátt fyrir honum kunnáttu sína, t. d. með því að ganga undir próf hjá honum eða fulltrúa hans.

Verði gæzlumaður gufuketils sannur að sök um óreglu í starfi eða vítaverða óvarkárni, getur öryggismálastjóri svipt hann rétti til gæzlu gufuketils. Úrskurði öryggismálastjóra má áfrýja til ráðherra.

Ef ómögulegt er af óviðráðanlegum ástæðum að útvega til gæzlu gufuketils mann, sem hefur réttindi til þess, getur vinnuveitandi falið gæzluna manni, sem hann telur vel til þess fallinn, enda þótt hann hafi eigi rétt til gæzlu gufuketils. Þessi ráðstöfun skal strax tilkynnt öryggiseftirlitinu, og tekur það ákvörðun um, hversu lengi hún megi haldast. Eigi má haga gæzlu gufuketils eins og segir í þessari málsgrein lengur en hálfan mánuð, nema samþykki öryggismálastjóra komi til.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum öryggismálastjóra, veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar fyrir einstaka gufukatla eða sérstakar gerðir gufukatla.

25. gr. hljóðar svo:

Ef eigi er hægt að veita verkamönnum nægilega vernd gegn slysum eða sjúkdómum með öðrum hætti, skal gera sérstakar öryggisráðstafanir, þar sem því verður við komið, t. d. nota hentugasta fatnað, öryggisbelti eða hlífðarútbúnað, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verða í reglugerð, sbr. 12. gr.

Verkamenn eru skyldir að nota þann öryggisútbúnað, sem nefndur er í 1. málsgrein þessarar greinar, þegar þeir þarfnast hans við vinnu sína.

Nd. 272. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

VI. kafli laganna (36.—40. gr.) breytist þannig:

1. 38. gr. laganna verður 36. gr.
2. Á eftir 36. gr. komi ný grein (37. gr.), svo hljóðandi:

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér hentugra að gera fyrst nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir,

svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama styrks úr landnámssjóði til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo.

Þessi styrkveiting er þó bundin eftirfarandi skilyrðum:

a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdirnar, sem styrks njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að styrkþegi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 8 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur. Að öðrum kosti endurgreiði hann landnámssjóði styrkinn með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

3. 36. og 37. gr. laganna verði 38. og 39. gr.
4. 39. og 40 gr. laganna verða 40. og 41. gr.
5. Fyrirsögn kaflans verði:
Um landnám einstaklinga og nýbýli.

2. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr (VII.) kafli (42.—48. gr.), svo hljóðandi:

VII. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum.

a. (42. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar.
b. (43. gr.) Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.
c. (44. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 43. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.
d. (45. gr.) Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist

ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi.

e. (46. gr.) Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og trygga örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

f. (47. gr.) Verði jarðareigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

g. (48. gr) Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 46. og 47. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkv. ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 45. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 38. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 35 1946 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 273. Frumvarp til laga [129. mál]

um útflutning á saltfiski.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Frá 1. janúar 1952 er Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga heimilt að bjóða til sölu, selja og flytja saltfisk til útlanda, án þess að leyfi atvinnumálaráðuneytisins komi til.

Frá sama tíma er öðrum aðilum óheimilt að bjóða til sölu, selja eða flytja saltfisk úr landi, nema með leyfi atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Snemma á árinu 1951 sagði Samband íslenzkra samvinnufélaga sig úr Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og gildir úrsögnin frá byrjun ársins 1952. Er það ætlun

S. Í. S. að hefja útflutning á saltfiski frá þeim tíma. Hefur það óskað útflutningsleyfis fyrir saltfisk eða löggildingar sem saltfisksútflytjandi, en ráðuneytið hefur ekki enn orðið við þeim tilmælum.

Í Sambandi ísl. samvinnufélaga eru 55 samvinnufélög um land allt. Af þeim félögum munu um 30 hafa haft saltfisk til sölumeðferðar undanfarin ár.

Flm. telja eðlilegt, að S. Í. S. fái heimild til sölu á saltfiski, þar sem það hefur ákveðið að hætta þátttöku í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Hins vegar er hér lagt til, að fleiri aðilum en þessum tveim félögum verði ekki leyft að selja saltfisk úr landi að svo stöddu, nema leyfi ráðuneytisins komi til, þar sem þess hefur orðið vart, að margir framleiðendur telja óvarlegt að gefa fiskverzlunina alveg frjálsa.

Þess má geta, að Samband ísl. samvinnufélaga flytur út frystan fisk og hefur annazt sölu á þeirri vöru allt frá því að sá útflutningur hófst.

Nd. 274. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Nú hefja Bandaríki Norður-Ameríku árásarstríð, og skal þá þessi samningur samstundis úr gildi fallinn. Skulu Bandaríkin þá tafarlaust flytja allan her sinn burt af Ísandi.

Nd. 275. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Frá Helga Jónassyni.

1. Aftan við 1. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Vestur-Eyjafjallahreppi eyðijarðirnar Tjarnir og Brúnir í Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og þjóðjarðirnar Tjarnir og Brúnir í Rangárvallasýslu.

Ed. 276. Frumvarp til laga [130. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnveitna ríkisins.

Flm.: Lárus Jóhannesson, Páll Zóphóníasson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfjarðarkaupstað til raforkuvinnslu í allt að 1830 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;

2. að virkja Hvammsá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Vopnafjarðarkauptúns.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 19.645 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 6.5 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveiturnar og tryggt sé, að nægilegt fé sé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem ræðir um í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að frv. þessu standa auk flutningsmannanna aðrir þm. af Austurlandi, þeir Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., Jónas Árnason, 10. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., og Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Er í frv. þessu farið fram á, að bætt verði að nokkru leyti úr brýnustu rafmagnsþörf íbúa Austfirðingafjórðungs.

Austfirðingafjórðungur hefur orðið allmikið aftur úr með rafvirkjanir. Er ein af meginorsökunum sú, að athuganir á því, hvaða virkjanir séu hentugastar og komi sem flestum íbúum að notum, hafa dregizt mjög lengi.

Var eytt löngum og dýrmætum tíma til að athuga virkjunarmöguleika í Gilsárvötnum og Lagarfossi, en hvor tveggja þessi fallvötn voru talin líkleg til virkjana fyrir stór svæði, þó að síðar væri frá því horfið að virkja þau.

Þetta hefur tafið t. d. sérvirkjun fyrir Seyðisfjarðarkaupstað um árabil, og á þeim tíma hefur kostnaður við vélakaup og allur vinnukostnaður farið stórhækkandi.

Í sumar hefur verið gerð nákvæm áætlun um virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði, og er talið, að 1830 hestafla virkjun sé hagstæðust. Kostar virkjun hvers hestafls kr. 5850.00 auk háspennulína til Neskaupstaðar, sem áætlað er að kosta muni 3.5 milljónir með spennistöð í Neskaupstað, og sams konar lína til Eskifjarðar 1.8 millj. kr.

Er þetta auðvitað mun dýrara en þær rafvirkjanir, sem þegar hafa verið reistar eða eru í byggingu, en það sama má væntanlega segja um allar þær rafvirkjanir, sem eftirleiðis verður ráðizt í.

Í þessu sambandi má geta þess, að talið er, að úr Fjarðará megi virkja upp í ca. 10000 hestöfl, ef grundvöllur verður fyrir slíkri virkjun.

Í Hvammsá er gert ráð fyrir að virkja 500 hestöfl til afnota fyrir Vopnafjarðarkauptún og sveitina í nágrenni við það. Virkjun hvers hestafls þar er áætlað að muni kosta kr. 5405.00. Vopnafjarðarkaupstaður er í vexti og hefur brýna þörf fyrir rafmagn, m. a. í sambandi við fiskiðnað.

Rafmagn má nú orðið telja til brýnustu lífsnauðsynja, og verður á einhvern hátt að sjá minni kaupstöðum og strjálbýlinu fyrir rafmagni, ef heilir landshlutar eiga ekki að eyðast að fólki.

Ed. 277. Frumvarp til laga [131. mál]

um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja.

Um prófessor þenna gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskólaráð gerði hinn 5. október 1951 svofellda ályktun varðandi læknadeild háskólans:

„Háskólaráð hefur kynnt sér tillögur læknadeildar um nýja skipun embætta og fellst á, að mikil þörf sé nú á stofnun embættis í lífeðlis- og lífefnafræði og sömuleiðis í lyfjafræði, en telur, að eðlilegt sé, að breytingar þær á embættum, sem að öðru leyti er gert ráð fyrir í tillögunum, komi til framkvæmda áður en langt um líður."

Ríkisstjórnin hefur orðið ásátt um að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði.

Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1954 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem bezt undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði til háskólaráðs um málið:

„Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937, voru kenndar 10 stundir á viku í líffæra- og lífeðlisfræði. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin verkleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldinn í læknadeild hafði þá undanfarandi 5 ár (1932—37) verið að meðaltali um 69, og að jafnaði innrituðust á því árabili 16 á ári.

Nú er kennslan í ofangreindum fögum 19 stundir á viku. Síðustu 5 árin (1946—1951) voru að meðaltali 156 nemendur í læknadeild, og árlega innrituðust um 44 nýliðar. Hins vegar útskrifaðist líkur læknafjöldi bæði fimm ára bilin. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að nú sækja nær þrefalt fleiri nemendur kennslu í fyrsta hluta en 1937, og er nú svo komið, að nær ógerningur er að sjá þessum nemendafjölda fyrir verklegri kennslu, sökum skorts á nægum tækjafjölda og kennslukrafti. Verklega kennslan er þó minni en æskilegt væri.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlisfræði og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stór fög, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Víðast í Norðurlöndunum eru prófessorarnir fjórir í þessum fögum, sá fjórði í vefjafræði og fósturfræði eða vefjafræði og erfðafræði mannsins.

Háskólinn er hvort tveggja í senn, undirbúningsskóli fyrir embættismenn og vísindastofnun. Það hlýtur því að vera krafa hans, engu síður en til hans, að þannig sé búið að starfsmönnum hans, að þeiri eigi einhvern tíma aflögu til sjálfstæðra rannsókna.

Af ofansögðu má ljóst vera, að líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði eru umfangsmeiri og kennslufrekari fög en svo, að hægt sé að ætlast til, að einn kennari geti

annað kennslu í þeim öllum svo viðunandi sé. Enda mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði, og mun 4—6 stunda kennsla á viku vera talin fullkomin kennslustundafjöldi í öðrum deildum háskólans en læknadeild og verkfræðideild. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu eru allt of fáar fyrir jafn nauðsynlegt kennslutæki og safnið er.

Það verða því tilmæli mín, að kennslustörfum mínum verði skipt milli tveggja prófessora, þannig að ég hefði áfram kennslu í líffærafræði, vefjafræði og fósturfræði, en að stofnað yrði nýtt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði. Vegna þess að rannsóknarstofur þær, er ég hef nú til umráða, eru ekki til tviskiptanna, þá er nauðsynlegt að sjá hinum nýja kennara fyrir rannsóknarstofum. Enda var læknadeild fyrir löngu ljóst, að hún myndi þurfa á auknu húsnæði að halda á næstunni, því að þegar háskólinn var reistur, var gert ráð fyrir, að húsnæði það, sem Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú í til bráðabirgða, yrði til ráðstöfunar fyrir læknadeild. Það liggur því beinast við, að tilvonandi kennari í lífeðlis- og lífefnafræði fái það húsnæði til afnota. Nú mun ekki völ á neinum manni, sem gæti tekið við hinu nýja embætti án frekari undirbúnings, og mun ekki ofætlað að gera ráð fyrir allt að tveggja ára undirbúningstíma. Þess er ekki að vænta, að nokkur læknir fáist til að leggja út í þennan aukakostnað, nema hann eigi að vísri atvinnu að hverfa að loknu námi.

Það er því áríðandi, að heimild fyrir þessu embætti fáist þegar á þessu þingi, með því yrði þó tíminn, þar til hinn nýi kennari gæti tekið til starfa, allt að því þrjú ár, og er það það lengsta, sem ég get hugsað mér að þrauka við óbreyttar aðstæður.“

Nd. 278. Frumvarp til laga [132. mál]

um lánasjóð stúdenta.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán, eftir því sem frekar er kveðið á í lögum þessum.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og einum tilnefndum af menntamálaráðherra, en hann skipar jafnframt formann sjóðsstjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt stúdentum við Háskóla Íslands. Þó getur ráðherra eftir tilmælum sjóðsstjórnarinnar ákveðið, að lánsheimildin nái einnig til annarra stúdenta.

Lánin skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði, og er heimilt að lána út á einu ári allt að 500 000 kr. Hver stúdent skal hafa heimild til að taka lán, þau ár, sem hann er í háskólanum, en þó ekki oftar en hæfilegur námstími er talinn í hverri deild. Ár miðast við háskólaár hverju sinni.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðslurnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf

eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri lánsstofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 300000 kr. á ári í 25 ár frá stofnun sjóðsins og ábyrgist jafnframt 2.6 millj. króna lán til 10 ára, sem sjóðnum er heimilt að taka á þeim tíma, sem styrkurinn er veittur.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Frumvarpið er flutt að beiðni stúdentaráðs háskólans. Stúdentaráð fór í fyrstu fram á 250000 kr. árlegt framlag úr ríkissjóði til lánasjóðsins, en óskaði þess síðan, að framlagið yrði 500000 kr.

Ráðuneytið hefur hins vegar eftir athugun, ákveðið að leggja til í frumvarpi þessu, að framlag ríkissjóðs til námslánasjóðs skuli vera kr. 300000 árlega í 25 ár frá stofnun sjóðsins.

Stúdentar, sem stunda nám við Háskóla Íslands, hafa á undanförnum áratugum hlotið náms- og húsaleigustyrki af almannafé. Heildarupphæð styrkja þessara hefur verið mismunandi há árlega, en oftast þó hin sama nokkur ár í einu, þ. e. a. s. hún hefur ekki hækkað frá ári til árs til að vega upp á móti stúdentafjölguninni og hækkuðum námskostnaði. Af því leiðir, að heildarupphæð styrkjanna, sem ef til vill hefur verið viðunandi á fyrsta ári eftir hækkun, deilist strax árið eftir á mun fleiri stúdenta og þannig koll af kolli, unz hlutur hvers og eins verður ærið rýr og notagildi styrksins harla lítið.

Síðasta hækkun heildarupphæðarinnar varð með fjárlögum 1947, en þá voru styrkirnir hækkaðir úr kr. 190 000 í kr. 250 000.

Frá árinu 1947 hefur *stúdentafjöldinn* stöðugt farið vaxandi, og hefur sú staðreynd, ásamt *hækkandi námskostnaði*, rýrt mjög notagildi 250000 kr. styrksins, í þau fjögur ár, sem hann hefur haldizt óbreyttur.

Til þess að sýna hvernig styrkurinn hefur skipzt milli stúdentanna er birt hér eftirfarandi tafla, er fylgdi greinargerð stúdentaráðs í máli þessu:

Ár	Styrkþegar	kr. undir 500	500 — 600	600 — 700	700 — 800	800 — 900	900 — 1000	1000 — 1100	1100 — 1200	1200 — 1300	1300 — 1400	1400 — 1500	1500 — 1600	1600 — 1700	1700 — 1800	1800 — 1900	1900 — 2000	2000 — 2100	2100 — 2200	2200 — 2300	2300 — 2400	2400 — 2500	2500 — 2600	2600 — 2700	2700 — 2800	2800 — 2900	2900 — 3000	3000 — 3100	3100 — 3200	3200 — 3300	3300 — 3400	3400 — 3500
1947—'48	131	–	–	–	5	1	5	–	3	2	–	–	23	1	17	4	8	24	–	16	4	3	2	11	2	–	–	–	–	–	–	–
1948—'49	159	1	2	4	–	1	6	5	18	26	22	11	4	26	3	7	–	1	–	1	2	1	2	1	–	1	3	2	3	1	–	5
1949—'50	172	8	–	2	7	10	5	4	17	31	18	7	–	25	2	5	2	10	3	3	1	5	–	–	1	1	–	–	–	3	1	1
1950—'51	194	9	4	2	19	8	18	31	3	25	6	31	2	–	6	3	4	6	1	5	3	1	–	1	2	–	–	3	–	2	–	–

Að því athuguðu, er að framan greinir, ætti að vera ljóst, að ekki er unnt að byggja á framhaldandi greiðslu 250000 kr. styrksins, og nauðsyn er nýrra úrræða í þessu efni.

II. *Lánasjóður.* Það er ljóst, að óendurkræfir styrkir þyrftu að hækka gífurlega frá því sem nú er, til þess að þeir kæmu stúdentum, sem þá fá, að verulegum notum. Eins og er, skiptist styrkurinn milli svo margra, að segja má, að hann hafi mjög lítið notagildi fyrir hvern og einn. Ekki væri þó nægjanlegt að hækka styrkina stöku sinnum, heldur myndu þeir þurfa að hækka ár frá ári í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Slíkt gæti er fram líða stundir leitt til mjög mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð.

Það er aðalatriðið fyrir stúdentinn að hafa nægilegt fé til þess að mæta námskostnaðinum, og þar eð auðsætt er, að til þess fær hann ekki nægilegan óendurkræfan styrk, er leiðin til námslána með svo góðum kjörum, að hún er stúdentinum viðráðanleg, sú lausn, er virðist skynsamlegust. Segir um þessi efni svo í greinargerð Stúdentaráðs:

„Það mætti líka segja, að stúdentum sé ekki vandara um en öðrum þjóðfélagsþegnum að taka lán til að ná ákveðnu marki í lífinu. Þá leið hafa líka margir farið, svo sem umsóknareyðublöð þeirra um styrki sýna, og fjöldi stúdenta er skuldum vafinn, og mörg lánin eru víxillán.

Fyrir ríkissjóð er það veigamikið hagsmunamál að losna við að greiða óendurkræfa styrki. Það er ekki ósanngjarnt að fara fram á, að Alþingi geri það, sem í þess valdi stendur, til að hjálpa stúdentum að byggja upp öflugan lánasjóð, sem með tímanum verður því hlutverki vaxinn, að verða stúdentum sú stoð og stytta, sem gerir þeim kleift að vinna áhyggjulausir að námi sínu, verða fljótari með það og ef til vill hver og einn færari í sínu fagi, sem kemur þjóðfélaginu í heild að haldi, og mundi þá ríkissjóður einnig losna við alla námsstyrki til stúdenta við Háskóla Íslands, er tímar líða fram."

Því er lagafrumvarp þetta fram komið.

Nd. 279. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.

Andrés Eyjólfsson. Ásmundur Sigurðsson.

Ed. 280. Breytingartillaga [118. mál]

við brtt. á þskj. 265 [Eftirlit með opinberum sjóðum].

Frá allsherjarnefnd.

Við a-lið brtt. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Gæta skal þess, þegar breyting er heimiluð á skipulagsskrá, að farið sé svo nærri óskum sjóðsstofnanda sem hinar breyttu aðstæður leyfa.

Ed. 281. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Í stað „1952“ komi: 1953.

Nd. 282. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

12.—20. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal gefa lög nr. 33 8. marz 1951 út þannig breytt með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður skrásetningarskyldu dráttarvéla, sem hefur í för með sér kostnað, skriffinnsku og fyrirhöfn. Gert er ráð fyrir, að innflutningur dráttarvéla til heimilisþarfa verði frjáls, og losna stjórnir búnaðarfélaga þannig við skýrslusöfnun og umstang, sem því fylgir.

Nd. 283. Frumvarp til laga [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1953 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur til Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., skal varið til þess að koma upp (vinnustofum og) vinnuhælum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um fyrirkomulag og rekstur vinnuheimila samkv. 2. gr. Með reglugerð getur ráðherra og ákveðið, að fé því, sem

er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar samkv. 1. gr., megi verja til stofnlána til sveitarfélaga eða ákveðinna félagssamtaka, sem setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 284. Frumvarp til laga [118. mál]

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs eða stofnunar, er hlotið hefur staðfestingu forseta (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, að fá leyfi til breytinga á skipulagsskrá, og getur þá forseti veitt staðfestingu á breytingunni, enda séu þau ákvæði skipulagsskrár, er breyta skal, orðin verulega óhagkvæm vegna breyttra aðstæðna eða viðhorfa.

Því aðeins má heimila, að fjármunum sjóðs eða stofnunar verði ráðstafað í öðru auganmiði en skipulagsskrá mælir fyrir um, að þær þarfir, sem með þeim fjárframlögum skyldi leysa, séu horfnar eða fyrir þeim séð með öðrum hætti, er geri fjárframlög samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þýðingarlítil.

Gæta skal þess, þegar breyting er heimiluð á skipulagsskrá, að farið sé svo nærri óskum sjóðsstofnanda sem hinar breyttu aðstæður leyfa.

b. (8. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs að fá skipulagsskrá hans breytt (sbr. 7. gr.), og skal þá bera breytingarnar undir eftirlitsmenn opinberra sjóða.

Á árinu 1952 skulu eftirlitsmenn opinberra sjóða gera skrá yfir alla þá sjóði, er þeir telja, að eðlilegt sé að breyta skipulagsskrá fyrir samkvæmt 7. gr. þessara laga, og senda hana ásamt tillögum sínum til þess ráðuneytis, sem yfirstjórn sjóðsins heyrir undir. Skal þá það ráðuneyti í samráði við forráðamenn sjóðanna, sem um ræðir, taka til athugunar, hvort og hvernig breyta skuli skipulagsskrá hvers einstaks sjóðs, og gera tillögu um það til dómsmálaráðuneytisins.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóða eftir lögum þessum skulu staðfestar af dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 285. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Í stað „fjölskyldu“ komi: vandamönnum.

Ed. 286. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „konunginn“ og „konungsvald“ í 99. gr., 2. mgr. 100. gr. og 1. málsgr. 101. gr. almennra hegningarlaga komi: „forsetann“ og „forsetavald“.

2. gr.

2. málsgr. 101. gr. laganna orðst svo:

Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta megi, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

3. gr.

Á eftir orðunum „Hver sem leitast við að aftra því“ í upphafi 102. gr. laganna bætist inn í orðin: „að fram fari kjör forseta“, o. s. frv.

4. gr.

Hvarvetna þar, sem í lögunum segir: „í konunglegri tilskipun“ (33., 37., 43., 45., 47., 266. greinar), komi: „með reglugerð“.

Í stað „konungur“ (85. gr. 1. og 2. málsgr.) og „konung“ (149. gr.) komi: „forseti“ og „forsetann“.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 287. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá Páli Zóphóníassyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Ráðherra sá, er fer með iðnaðarmál, skal skipa þriggja manna nefnd, er kallast iðnaðarmálaráð. Á árinu 1952 skal það vera ráðuneytinu til aðstoðar, eftir því sem iðnaðarmálaráðherra óskar, en að öðru leyti veita iðnaðinum í landinu allar þær tæknilegu leiðbeiningar, er það getur og óskað er eftir frá því. Til þess að hafa á hendi daglegar framkvæmdir ræður iðnaðarmálaráð iðnaðarverkfræðing, er vera skal ráðunautur þess í iðnaðarmálum og leiðbeina iðnaðarmönnum eftir getu og þörfum.
2. 2.—9. gr. frv. falli niður.

Ed. 288. Frumvarp til girðingalaga. [134. mál]

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar með einum eða fleiri strengjum skulu ávallt þannig gerðar, að efri brún girðingarinnar sé hvergi minna en 70 cm frá jörðu.

2. gr.

Þegar lögð er ný girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. ábúðarlög. Sama gildir um mat og sölu fráfaranda á girðingu, þegar ábúendaskipti verða.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi byggingarlóða eða ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þessum landeigendum er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni; þar kosti viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag girðinguna að jöfnu við lóðar- eða landeiganda.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna.

6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald sem aðrar þær girðingar, er um ræðir í lögum þessum.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland eða samfelld engjalönd, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efni í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, þannig að afnot girðingarinnar notist ekki að öðrum kosti.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða beitiland er girt, þar sem vegur liggur, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær alfaravegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um hreppsveg að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá grindin vera að minnsta kosti 3 metra breið á reiðvegi, en 4 metra breið á akfærum vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk milliþinganefndar búnaðarþings. Landbúnaðarnefndin er sammála um að verða við þeirri ósk að flytja frumvarpið, en nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja sjálfir breytingartillögur við frv. og fylgja breytingartillögum öðrum, sem fram kunna að koma við það.

Frv. fylgdi svofelld greinargerð frá höfundum þess:

„Stjórn Búnaðarfélags Íslands hafði síðastliðinn vetur látið semja uppkast að nýjum girðingalögum. Var það frumvarp lagt fyrir búnaðarþing, og hafði búfjárræktarnefnd þess málið til meðferðar og lagði fram nokkrar breytingartillögur við það.

Búnaðarþingi vannst ekki tími til þess að ganga að fullu frá málinu, og fól því stjórn Búnaðarfélagsins okkur undirrituðum að ganga að fullu frá frumvarpinu fyrir hönd búnaðarþings, svo að það yrði lagt fyrir yfirstandandi Alþingi.

Þau girðingalög, sem nú gilda, voru aðallega miðuð við girðingar um tún og ræktuð lönd, enda þá naumast um haga- eða afréttargirðingar að ræða. Það er því orðin aðkallandi þörf á, að sett verði ný girðingalög, þar sem hæfilegt tillit er tekið til þessara breyttu viðhorfa. Munu allir sammála um, að æskilegt sé, að löggjöfin stuðli sem bezt að auknum girðingum, ekki einungis um ræktað land, heldur og beitilönd og afréttir. Nauðsyn þessa fer stöðugt vaxandi, eftir því sem mannafli við gæzlu búpenings fer minnkandi og verður dýrari, auk þess öryggis, er girðingar veita að því er snertir að varna útbreiðslu búfjársjúkdóma, en hættur af þeim hafa á síðustu áratugum vaxið gífurlega sem kunnugt er.

Í því frumvarpi, sem við leggjum hér fram, er skýrar en áður gerð grein fyrir, hvernig fer um fjárhagsleg skil varðandi girðingar milli jarðeigenda og leiguliða. Er þess rík þörf, þar sem hér getur verið um allháar upphæðir að ræða. Virðist okkur eðlilegast að fylgja í því sömu reglum og gilda í ábúðarlögum um hús á jörðum. Þá eru og sett ákvæði um girðingar á þeim jörðum, sem fara í eyði, og um skyldur og réttindi gagnvart girðingum í þorpum og kauptúnum.

Kröfurétturinn til samgirðinga milli bújarða svo og afrétta er stórum aukinn í þessu frumvarpi með tilliti til hins stóraukna notagildis þeirra, eins og áður er drepið á, og enn fremur eru sérákvæði um aðstöðu heimalanda gagnvart afréttarlöndum. Að hlutur afréttarfélaga er gerður mun þyngri en ábúenda, er vegna þess, að rétt þótti að taka hæfilegt tillit til hins eðlilega munar á greiðslugetu aðila og þess ágangs, er ábúendur fjalljarða verða oft við að búa af afréttarfénaði.

Rétt þótti að setja inn í lögin ákvæði um þær girðingar, er ríkið hefur lagt og kann að leggja til varnar á útbreiðslu skaðlegra búfjársjúkdóma, þar sem ætla má, að þær girðingar komi til með að færast að meira eða minna leyti yfir á hendur einstaklinga og sveitarfélaga. Verður að telja eðlilegast, að skyldur og réttindi gagnvart slíkum girðingum séu á sömu lund og um lagningu og viðhald nýrra girðinga sé að ræða.

Eitt veigamesta atriðið, er búnaðarþing samþykkti til breytingar á girðingalögunum, eru ákvæði 9. greinar um, að vegir verði skoðaðir sem landeign þess, er veginn leggur eða annast. Það virðist ekki eðlilegt, að búendur á þeim jörðum, sem vegir skipta í 2—4 hluta, fái enga aðstoð frá þeim, er veginn annast, til að standast þann kostnað, er slíkt hefur í för með sér hvað girðingar snertir. Og þar sem skoða verður land undir vegi sem almenningseign og kvöð til fjárframlaga af hendi einstaklinga og ekki síður sveitarfélaga er gerð svo víðtæk sem hér er lagt til, verður að telja ósamrýmanlegt, að land, sem er til almenningsnota sé algerlega undanþegið slíkri kvöð. Benda og þau ákvæði, er nú gilda í framkvæmdum girðingar meðfram

vegum gegnum tún, glöggt í þessa átt. Er og þess að vænta, að ristarhlið þau, er nú eru farin að verða algeng, bæti stórlega úr þessu vandamáli, en naumast er samræmanlegt, að ábúendur jarða kosti eða annist viðhald slíkra hliða á alfaravegum.

Það þótti nauðsynlegt að hafa ýtarlegri ákvæði en áður um skyldur manna um viðhald samgirðinga, sbr. 11. gr. Aftur eru 12.—16. gr. í fullu samræmi við ákvæði vegalaganna, sem fjalla um sama efni. Þá er og lagt til, að sektir fyrir brot verði verulega hækkaðar með tilliti til hins stórbreytta verðlags í landinu.

Einn nefndarmanna, Jón Sigurðsson, vill taka fram, að hann hefur áskilið sér óbundið atkvæði um 9. gr. sökum þeirra breytinga, er samþykkt hennar mundi hafa á gildandi ákvæði vegalaganna.

Reykjavík, 16. nóv. 1951.

Jón Sigurðsson. Gunnar Þórðarson. Ásgeir Bjarnason.“

Sþ. 289. Fyrirspurnir. [135. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skiptingu á greiðslu stóreignaskattsins.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvernig skiptist greiðsla á stóreignaskatti milli: einstaklinga, hlutafélaga og samvinnufélaga?

II. Til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á innfluningstolli af sænskum timburhúsum.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hefur ríkissjóður endurgreitt innflutningstoll af sænsku timburhúsunum, sem flutt voru inn 1946?
2. Hefur ríkissjóður endurgreitt innflutningstoll af sænskum timburhúsum, sem flutt hafa verið inn á öðrum árum en 1946?
3. Ef svo er, eftir hvaða heimild er þetta gert?
4. Hvað nemur endurgreiðslan mikilli upphæð:
   a) af húsum innfluttum 1946,
   b) af húsum innfluttum á öðrum tíma?
5. Hvaða aðilar hafa fengið endurgreiðslu og hve mikla upphæð hver?

Sþ. 290. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Leggur meiri hl. n. til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali, en á þetta getur minni hl., þeir HV og ÁS, ekki fallizt. Gefa þeir því út minnihlutanál. Minni hl. hefur allan tímann tekið þátt

í umræðum í n. um hin ýmsu mál og greitt atkvæði um þau og verið samþykkur mörgum þeim brtt., sem meiri hl. ber fram.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1952 var útbýtt á Alþingi þann 2. okt. og vísað til nefndarinnar þann 8. s. m. Hélt n. fyrsta fund sinn þ. 4. okt., en fjárlagafrv. tók hún fyrst til umræðu á 2. fundi sínum, þ. 9. s. m., og hélt hún eftir það fundi daglega til 27. þ. m. og hafði þá alls haldið 47 fundi og tekið fyrir og afgreitt 340 erindi, sem borizt höfðu til hennar.

Skal nú vikið hér að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á því.

TEKJURNAR.

Samkvæmt fjárlagafrv. eru heildartekjurnar áætlaðar á árinu 1952 tæpar 358 milljónir króna. Er það 60 milljónum hærri tekjur en áætlaðar voru á fjárlögum yfirstandandi árs, en þá voru tekjurnar áætlaðar því sem næst þær sömu og á fjárlögum 1950. Samkvæmt ríkisreikningi árið 1950 reyndust tekjurnar alls 306 millj., eða aðeins 8 millj. hærri en áætlað var á fjárlögum það ár. Rekstrargjöldin urðu hins vegar 265 millj. og rekstrarhagnaður 41 millj. króna. Þrátt fyrir svo hagstæðan rekstrarhagnað varð hagstæður greiðslujöfnuður aðeins um 3 milljónir króna. Í október 1950 eru ríkissjóðstekjurnar orðnar um 215 millj. Tilsvarandi tekjur í októberlok í ár eru um 318 millj. Má því gera ráð fyrir, að heildartekjurnar á yfirstandandi ári verði um 450 millj., eða um 150 millj. fram yfir áætlun. Stafar þetta af hinum mikla vöruinnflutningi á árinu og aukinni efnahagsaðstoð. Er mjög óvarlegt að gera ráð fyrir vaxandi tekjum ríkissjóðs af vöruinnflutningi á n. á., þar sem vörueftirspurninni hefur að mestu verið mætt. Mun nú allmikill vöruforði vera til í landinu og aðstæður að því leyti breyttar frá s. l. áramótum.

Í lok október s. l. voru rekstrargjöld ríkisins orðin 187 millj., eða 130 millj. lægri en tekjurnar á sama tíma. Það verður þó á þessu stigi ekkert sagt um það með vissu, hvernig fjárhagsútkoman verður á árinu, þar sem útgjöldin eru ávallt mest síðasta mánuð ársins. Allt bendir þó til þess, að hún verði verulega hagstæð. Hitt er ljóst, að útgjöldin fara allverulega hækkandi á n. á., nema verðlag á erlendum vörum falli verulega eða gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að færa niður kaupgjaldsvísitöluna, en fyrir því er ekki séð, og verður því óhjákvæmilegt að hækka allverulega ýmsa gjaldaliði frumvarpsins. Þegar vitað er um heildartekjur og gjöld ríkissjóðs í lok þ. m., má fara nær um fjárhagsafkomuna, og sést þá betur, hvort tiltækilegt þykir að breyta tekjuáætluninni, og verður þetta athugað nánar fyrir 3. umr.

Nefndin hefur lagt allmikla vinnu í það að kynna sér rekstur í hinum ýmsu stofnunum ríkisins, sumpart af viðtölum við forstjóra stofnananna og sumpart af gögnum, sem n. hafa borizt í fylgiskjölum eða sem svör við ákveðnum fyrirspurnum. Eru margar af þessum upplýsingum allmerkilegar og gefa tilefni til, að fram verði látin fara gaumgæfileg athugun á rekstrarkerfinu. Mun nefndin gera frekari grein fyrir þessu áður en þingi lýkur, svo að Alþingi gefist tækifæri til þess að taka afstöðu til þessa máls. Er hér um svo yfirgripsmikið mál að ræða, að engin leið er til þess, að fjárveitinganefnd geti samfara afgreiðslu frv. gert yfirgripsmiklar tillögur til breytinga á rekstrarkerfinu, enda nauðsynlegt, að fram yrði látin fara nánari athugun á rekstri hinna ýmsu stofnana, áður en slíkar tillögur yrðu bornar fram.

2. gr.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir um yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs, er lagt til, að greinin verði samþykkt óbreytt.

3. gr.

Nefndin hefur rætt ýtarlega við póst- og símamálastjóra um rekstur pósts og síma. Taldi hann, að tekjur póstsjóðs væru áætlaðar allverulega hærrí á fjárlagafrv. en þær mundu reynast að óbreyttum burðargjöldum. Árið 1950 varð rekstrarhagnaður póstsjóðs tæpar 210 þús. Síðan hefðu öll útgjöld hækkað eins og kunnugt er, en tekjur póstsjóðs hins vegar um 100 þús. minni á yfirstandandi ári en gert er ráð fyrir á fjárlögum. Benti allt til þess, að rekstrarhalli yrði á póstinum á yfirstandandi ári um 200 þús. Burðargjöld milli landa mætti ekki hækka frá því, sem nú er, þar sem þau væru komin í hámark samkvæmt alþjóðasamningi. Hækkun burðargjalds á bréfum innanlands um 25 aura á bréf mundi gefa rúmlega 300 þús. í tekjuauka, væri því ógerlegt að áætla tekjur póstsjóðs meira en 9 millj. 720 þús. og gjöld eigi undir 10 millj. 320 þús. Yrði því að áætla rekstrartap á póstsjóði 600 þús. kr. Leggur meiri hl. n. til, að áætluðum tekjum og gjöldum póstsjóðs verði á frv. breytt til samræmis við þetta, en hann vill jafnframt taka fram, að hann lítur svo á, að stofnuninni beri að gera allt sem unnt er til þess að náð verði hallalausum rekstri á póstinum á n. á.

Nefndin ræddi enn fremur við póst- og símamálastjóra tekju- og gjaldaáætlun landssímans. Samkvæmt ríkisreikningi var rekstrarhagnaður landssímans árið 1950 rúmlega 5.6 millj. Af þessari upphæð var varið rúmlega 4.6 millj. til byggingarframkvæmda og til aukningar á símakerfinu, en auk þess voru greiddar afborganir af skuldum, um 740 þús., mismuninum, 1.3 millj. var haldið sem rekstrarfé í stofnuninni, og talinn þar eign ríkissjóðs. Af þessu má sjá, að hagur landssímans hefur verið ágætur á því ári. Á yfirstandandi ári er búizt við, að rekstrarhagnaður símans verði um 3 millj. króna og að fjárfestingin verði á sama tíma um 4.9 millj., eða tæpum 2 millj. meiri en tekjurnar. Er því sýnilegt, að stofnunin hefur ekki annað fé til fjárfestingar á næsta ári en áætlaðan rekstrarhagnað að viðbættu framlagi frá ríkissjóði. Nefndin hefur því rætt við póst- og símamálastjóra og ráðherra, hvort gerlegt væri að hækka áætlaðar tekjur landssímans frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hefur niðurstaðan af þeim umræðum orðið sú, að með því að hækka gjaldskrá landssímans, sem þó getur ekki að fullu komið til framkvæmda fyrr en á síðari helmingi næsta árs, mætti áætla tekjurnar 855 þús. hærri en þær eru áætlaðar á frumvarpinu. Póst- og símamálastjóri hefur jafnframt bent á, að vegna hækkandi vísitölu sé óhjákvæmilegt að hækka allverulega útgjaldaliðinn og hefur því lagt fram nýja gjaldaáætlun, sem sýnir, að hækka verður rekstrargjöldin um tæpar 1.5 millj. Leggur meiri hlutinn til, að þessar breytingar verði gerðar á greininni. Verður þá áætlaður rekstrarhagnaður landssímans 2 millj. 276 þús., eða 629 814.00 kr. óhagstæðari en áætlað er á frumvarpinu.

Eignabreytingar landssímans. Vegna verðbreytinganna á landinu hefur einnig þótt nauðsynlegt að athuga áætlun um verklegar framkvæmdir landssímans. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að þessir liðir verði hækkaðir alls um 480 þús., en þar af er 200 þús. króna hækkun til notendasíma í sveitum. Miðað við, að þessar tillögur verði samþykktar og að rekstur ársins verði ekki óhagstæðari en gert er ráð fyrir, yrði fjárfestingin um 1.5 millj. fram yfir tekjurnar, og yrði því sú upphæð að leggjast til stofnunarinnar úr ríkissjóði á næsta ári.

Meiri hl. n. gerir ekki tillögur til breytinga á öðrum liðum þessarar greinar. Hins vegar mun nefndin athuga fyrir 3. umr. afkomu áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar í lok þessa mánaðar, þegar betur má sjá, hverjar tekjur verða þar á þessu ári.

GJALDABÁLKURINN.

11. gr.

Lagt er til, að framlag til dómgæzlu og lögreglustjórnar verði hækkað um 150 þús. Er hækkun þessi vegna nauðsynlegrar aukningar á mannahaldi við löggæzlu og dómgæzlu í Reykjavík, á Sauðárkróki, Seyðisfirði og Vopnafirði og vegna bif-

reiðakaupa í sambandi við löggæzlu á Keflavíkurflugvelli. Eru tillögur þessar bornar fram af ríkisstjórninni.

Nefndin hefur leitað sér upplýsinga um rekstrarkostnað við fjárhagsráð og undirdeildir þess og enn fremur fengið áætlun um tekjur og gjöld þeirrar stofnunar á næsta ári. Verður tekið til athugunar fyrir 3. umr., hvort rétt þykir að leggja til að taka þessa áætlun upp í frumvarpið. Hins vegar þykir rétt að hér komi fram, að rekstrarhagnaður stofnunarinnar á fyrra ári var 343 þús. kr. og að rekstrarhagnaður á yfirstandandi ári, miðað við tekjur og gjöld, sem þegar er þekkt, er áætlaður rúmar 2 millj. króna.

12. gr.

Nefndin ræddi við landlækni um heilbrigðismálin almennt, rekstur ríkisspítalanna og nauðsyn á byggingu hæla fyrir ýmiss konar sjúklinga, sem ekki geta fengið hælisvist, vegna þess að ekki hefur tekizt að koma upp nægilegum sjúkrahúsum í landinu. Var enginn ágreiningur um það, að nauðsyn bæri til þess að hækka verulega framlag til sjúkrahúsa frá því, sem áætlað er á frumvarpinu. Hins vegar óskaði ráðherra eftir því, að þessu yrði frestað til 3. umr. Er því ekki gerð tillaga til breytinga á þessum lið að svo stöddu, heldur verður þetta athugað síðar.

Nefndin ræddi einnig mjög ýtarlega við landlækni þá erfiðleika, sem sjúkrahúsin almennt eiga við að stríða í sambandi við rekstur sinn. Þótti meiri hluta nefndarinnar ekki æskilegt, að ríkissjóður tæki á sig meiri þátttöku í rekstri sjúkrahúsanna en þegar er orðið, enda mundi það leiða til þess, að ríkið yrði að lokum að starfrækja öll sjúkrahús í landinu. Varð því ekki samkomulag um að leggja til að hækka framlag til rekstrar sjúkrahúsanna frá því, sem áætlað er á frumvarpinu.

13. gr.

Lagt er til, að framlag til nýrra vega hækki um 900 þús. og að allri upphæðinni verði skipt á þann hátt, sem breytingartillagan ber með sér. Þá er lagt til, að framlag til viðhalds vega hækki um 100 þús. og að framlag til fjallvega hækki um sömu upphæð. Er sýnilegt, að framlag til fjallvega er áætlað of lágt, ef mæta á þeim þörfum, sem fyrir eru í sambandi við fjallvegi landsins.

Lagt er til, að framlag til brúargerða verði hækkað um 798 þús. og að allri upphæðinni verði skipt á þann hátt, sem brtt. ber með sér.

Inn á fjárlagafrv. hafði ekki verið tekið framlag til ræktunarvega. En framlag til þeirra hefur verið á fjárlögum mörg undanfarin ár. Með því að þessum vegagerðum er langt frá því að vera lokið, leggur meiri hl. n. til, að tekið verði upp í frv. framlag til þessara framkvæmda, að upphæð 50 þús. Er það sama upphæð og er á fjárlögum yfirstandandi árs, og verði henni skipt á sama hátt og þar er gert.

Rætt var nokkuð um að breyta framlagi til strandferða. En rétt þótti að fresta því til 3. umr., og verður þetta athugað nánar fyrir þann tíma.

Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um framlag til flóabáta sem venja er til, og ber meiri hl. n. því engar breytingartillögur fram við þann lið greinarinnar.

Þá ræddi nefndin nokkuð um kostnað við Ferðaskrifstofu ríkisins, þar sem samgöngumálaráðherra hafði tjáð henni, að sérleyfisgjöldin hefðu verið lækkuð úr 7% í 3% og væri því ekki fé fyrir hendi í sérleyfissjóði til þess að greiða áætlað rekstrartap stofnunarinnar. Meiri hl. n. vill þó ekki leggja til, að hallinn verði greiddur úr ríkissjóði, og gerir því enga till. til breytingar á þessum lið. Lagt er til að hækka framlag til umbóta við Geysi um 10 þús. Er þetta samkvæmt ósk ráðherra.

Nefndin ræddi við vitamálastjóra um hafnarframkvæmdir almennt og m. a. um nauðsyn þess að hækka framlag til áhaldakaupa, með það fyrir augum, að framkvæmdirnar yrðu sem mestar fyrir framlagt fé til hafnarmála. En með því að ríkisstjórnin kvaðst mundu greiða af tekjum yfirstandandi árs kaupverð sanddælu, er fest höfðu verið kaup á, þótti ekki eins brýna nauðsyn bera til þess að hækka fram-

lagið að þessu sinni, og er því ekki borin fram breytingartillaga til hækkunar á þessum lið.

Lagt er til að hækka framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 825 þús. og upphæðinni allri skipt á þann hátt, sem brtt. ber með sér.

Lagt er til, að framlag til ferjuhafna verði hækkað um 195 þús. og því skipt á þann hátt, sem brtt. ber með sér. Samkv. upplýsingum frá vegamálastjóra og vitamálastjóra var þessi upphæð talin nægileg til þess að ljúka þeim ferjuhöfnum, sem nú er byrjað á, en á því er hin mesta nauðsyn.

Nefndin ræddi allýtarlega við flugvallastjóra kostnaðaráætlun vegna flugmálanna. Taldi flugvallastjóri, að unnt væri að hækka allverulega tekjuáætlunina með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar hefði fengizt á rekstri Keflavíkurflugvallar. Hann taldi það höfuðnauðsyn að auka fé til flugvallagerðar og þess annars, er tryggir öryggi í sambandi við viðkomu flugvéla hér á landi, þar sem þetta væri grundvallaratriði fyrir vaxandi tekjum af flugsamgöngunum. Ríkisstjórninni þótti ekki gerlegt að hækka tekjuáætlunina að svo stöddu, og verða því ekki gerðar tillögur til breytinga á þessu stigi. Hins vegar verður þetta athugað nánar fyrir 3. umr.

14. gr.

Lagt er til að lækka framlag til kennaralauna við Háskóla Íslands sem svarar til launa eins kennara, eða rúmlega 51 þús. Er hér um að ræða leiðréttingu, þar sem vitað er, að Sigurður Nordal, sem haldið hefur fullum launum án kennaraskyldu, hefur nú tekið við sendiherrastarfi í Danmörku. Þá er jafnframt lagt til að hækka framlag til stundakennslu við skólann um 37 þús. vegna kennslu við B.A.-deild hans, sem hafizt hefur á þ. á. Þá hefur og verið lagt til að hækka aðra liði í sambandi við rekstur skólans um 21 þús.

Lagt er til, að niður verði felld 1. mgr. í athugasemdum við lið II. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis). Þykir eðlilegast, að menntamálaráð, sem úthlutar styrknum, meti það á hverjum tíma, hvernig réttast sé að úthluta honum, miðað við það, í hvaða landi nemendur dvelja og hvort gerlegt sé fyrir þá að nema sömu greinar í löndum, þar sem kostnaðurinn er lægri.

Þá er lagt til að hækka framlag til stundakennslu við stýrimannaskólann um 35 þús. vegna aukins nemendafjölda. Enn fremur er lagt til að taka upp nýjan lið til kaupa á radartækjum fyrir skólann, 50 þús. kr., sem er fyrri greiðsla af tveimur, þar sem tækin munu kosta um 100 þús. krónur.

Lagt er til að taka einnig upp nýjan lið til að koma fyrir kennsluvélum í vélstjóraskólanum, 75 þús. Hefur skólinn eignazt allmikið af vélum og áhöldum fyrir um og yfir 200 þús. krónur, sem mest eru gjafir til skólans. Þykir ótækt að geta ekki hafizt handa um að koma þessu fyrir, svo að unnt sé að nota vélarnar við kennslu í skólanum, en á því er mikil nauðsyn. Er þessi upphæð aðeins lítill hluti af því, sem nauðsynlegt er að veita til þessara framkvæmda í framtíðinni, áður en komið hefur verið upp fullkomnu kennslusafni véla og áhalda við skólann. En að því ber að stefna sem fyrst.

Lagt er til að hækka framlag til framkvæmdar sundkennslu í barnaskólum um 65 þús. Eru þessi útgjöld lögboðin og tillagan frá ráðherra.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður vegna menntaskólakennslu á Laugarvatni, 100 þús. Samkvæmt lögum ber að koma upp menntaskóla í sveit, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Hefur kennsla til stúdentsprófs farið fram á Laugarvatni, og þykir því rétt að leggja til að taka upp í frv. þessa upphæð til að mæta þeim kostnaði, sem af þeirri kennslu leiðir.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: „Til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur, 25 þús.“. Er þetta byggingarstyrkur vegna stækkunar skólans.

Lagt er til að hækka framlag til handíða- og myndlistarskólans um 20 þús. Er þetta gert samkvæmt ósk ráðuneytisins.

Lagt er til að hækka framlag til undirbúnings Ólympíuleikjanna um 50 þús. Þykir nauðsynlegt að verða við þessari beiðni íþróttamanna.

15. gr.

Lagt er til, að framlag til Náttúrugripasafnsins verði hækkað um tæpar 35 þús. Er hér um að ræða leiðréttingu á útreikningi launa og öðrum kostnaði. Lagt er til að hækka framlög til Hins ísl. náttúrufræðifélags og til Vísindafélags Íslendinga um 6 þús. til hvors aðila. Lagt er til, að skilyrði, sem sett eru fyrir styrk til bókasafnsins á Akureyri um, að Davíð Stefánsson rithöfundur annist þar bókavörzlu, falli niður, með því að upplýst er, að hann muni ekki starfa þar á næsta ári. Þá er lagt til, að teknir séu upp tveir nýir liðir til bókasafna: í Borgarnesi og á Vopnafirði, 1000 kr. til hvors. Nefndin hefur fengið sundurliðaða skýrslu yfir styrki, sem veittir eru til bókasafna af skemmtanaskatti. Nemur heildarupphæðin á s. l. ári um 150 þús., og er af því fé einnig veitt til sumra þeirra aðila, sem styrk hafa til bókasafna á fjárlögum. Vill nefndin benda á, að rétt er að láta fara fram athugun á því, að hve miklu leyti þessi styrkur gæti nægt bókasöfnunum, ef fellt yrði niður framlag til þeirra á fjárlögum.

Lagt er til, að teknir séu upp tveir nýir liðir: til Jóns Dúasonar 30 þús. vegna útgáfu rita hans og 20 þús. til Snæbjarnar Kaldalóns vegna útgáfu tónverka föður hans. Tónsmíðar Kaldalóns hafa náð slíkum vinsældum meðal landsmanna, að rétt þótti að stuðla að því, að þjóðin ætti aðgang að þeim.

Lagt er til, að hækka styrk til myndlistarskóla Félags ísl. frístundamálara um 5 þús., þar sem starfsemi þess er m. a. í því fólgin að halda unglingum að námi, sem annars kynnu að eyða stundunum til óhollari starfa, þykir rétt að stuðla að því, að svo megi verða, hvað svo sem segja mætti um listgildi skólans.

Lagt er til að taka inn tvo nýja liði til leikfélaga í Neskaupstað og Hveragerði, samtals 3 250 kr. Er þetta í samræmi við styrki til annarra leikfélaga. Þá er einnig lagt til að hækka framlög til ýmiss konar tónlistarstarfsemi alls um 100 þús.

Lagt er til að hækka framlag til listasafns Einars Jónssonar um 22 þús. Er þetta óhjákvæmilegt vegna hækkandi verðlags. Lagt er til að taka upp nýjan lið, til Þorfinns Kristjánssonar vegna útgáfu á tímaritinu „Heima og erlendis“ kr. 3 500.

Þá er lagt til, að teknir séu upp námsstyrkir til sex listamanna, 8 þús. til hvers, eða alls 48 þús. Hafa þessir námsmenn allir að undanteknum einum notið styrks á fjárlögum, en ekki verið teknir upp á frumvarpið að þessu sinni, þótt þeir séu enn við nám og eigi að búa við mikla fjárhagslega erfiðleika.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til kennarastóls í ísl. fræðum við háskólann í Manitoba 80 þús., 2. greiðsla af fjórum. Er hér um að ræða þátttöku Íslands í að koma upp þessari menntastofnun meðal landa vestanhafs. Lagt er til að taka upp einnig nýjan lið: til umbóta í Skálholti 25 þús. Er ætlazt til þess, að þessi upphæð greiðist Skálholtsfélaginu, sem annast um framkvæmdir.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til byggingar verkfæraskýlis á Hesti 30 þús.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til Jöklarannsóknarfélags Íslands til kaupa á snjóbifreið til jöklarannsókna. Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að samningar takist við samgöngumálastjórnina um notkun bifreiðarinnar til samgöngubóta á vetrum, ef hún er þá ekki í notkun við jöklarannsóknir.

16. gr.

Lagt er til að hækka framlag til jarðræktartilrauna um 90 þús. vegna rekstrar- og stofnkostnaðar. Er hækkun þessi gerð í samráði við landnámsstjóra, sem taldi óhjákvæmilegt að hækka framlagið. Þá er lagt til, að tekinn sé upp nýr liður: til umbóta á Reykhólum 25 þús. krónur. Var sama upphæð á fjárlögum yfirstandandi

árs, og með því að þeim framkvæmdum, sem féð er ætlað til, er ekki lokið, þótti rétt, að þessi upphæð yrði tekin upp í frumvarpið. Lagt er til, að framlag til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti hækki um 50 þús. Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: til landþurrkunar 40 þús. Lagt er til, að framlag til nýrra sandgræðslugirðinga hækki um 50 þús. Jafnframt er lagt til, að upphæðin öll sé ósundurliðuð á frv. Hefur þetta verið rætt við sandgræðslustjóra. Þykir rétt, að hann ásamt ráðherra ráði því, hvar fénu sé varið, þar sem hann er kunnugastur því, hvar nauðsynin er mest hverju sinni. Rétt er að taka fram, að þótt þetta sé lagt til, felst ekki í því nein ábending um það, að hætta skuli sandgræðslu í Meðallandi eða dregið úr framkvæmdum þar frá því, sem kann að hafa verið fyrirhugað.

Nefndin ræddi ýtarlega við framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar. Tjáði hann nefndinni, að hækka yrði allverulega framlag til þessara mála vegna þeirra nýju veikindatilfella, sem komið hafa fyrir í Strandasýslu, eftir að fjárskipti höfðu farið þar fram. Var álitið, að ekki minna en 1 millj. króna hækkun nægði til þess að hindra frekari útbreiðslu veikinnar, þar sem allt yrði að gera sem unnt væri til þess að fyrirbyggja frekari útbreiðslu en orðin væri.

Þá er lagt til, að framlag til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir hækki um 250 þús. Er þetta samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar.

Lagt er til, að framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík hækki um 275 þús. Þá er og lagt til, að tekinn sé upp nýr liður: til norræns verkfræðingamóts á Íslandi 50 þús.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til brennisteinsrannsókna 500 þús. Hafði ráðherra óskað eftir, að 1 millj. yrði tekin upp í þessu skyni. Er hér um að ræða mjög athyglisverða nýjung, sem aukið gæti útflutning landsins í stórum stíl. Var litið svo á, að með því að draga úr borunarframkvæmdum á öðrum sviðum á næsta ári mætti rannsaka þetta sérstaka atriði, þótt ekki yrði tekin upp stærri upphæð í frv. í þetta sinn. Þá er einnig lagt til að taka upp nýjan lið: til jarðborana vegna kolarannsókna 150 þús. Er féð ætlað h/f Kol til rannsókna á kolalögum á Skarðsströnd. Upplýst var í nefndinni, að kol þau, sem þar fyndust, væru nothæf til brennslu í Toppstöðinni við Elliðaár og mundu geta sparað innflutning á olíu í stórum stíl, ef magnið reyndist vera svo mikið, að það svaraði kostnaði að vinna kolin og unnt væri að koma því í framkvæmd, en frumskilyrði fyrir frekari framkvæmdum er rannsókn sú, sem hér um ræðir. Þótti því rétt að stuðla að því, að þessi rannsókn gæti farið fram.

Rætt hefur verið við ríkisstjórnina og raforkumálastjóra um frekari framlög til raforkuframkvæmda. Hefur nefndin kynnt sér þau verkefni, sem fram undan eru, og er sýnilegt, að mjög verður að auka framlögin frá því, sem er á frv., ef gera á verulega stór átök í þeim málum á skömmum tíma. Hefur orðið samkomulag um að fresta afgreiðslu þessa máls til 3. umr., og verða því ekki gerðar tillögur til breytinga á þessum liðum frv. við þessa umræðu.

17. gr.

Rætt var við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og ríkisstjórnina um hækkun á framlagi til stofnunarinnar, þar sem vitað er, að framlagið, eins og það er áætlað á frv., er engan veginn nægilegt til að mæta þeim hluta gjaldanna, sem ríkissjóði ber samkvæmt óbreyttum lögum. Hefur orðið að samkomulagi að hækka framlagið um 2 millj. kr. frá því, sem áætlað er á frv., og er lagt til, að þessi upphæð sé tekin upp í frv.

Lagt er til að hækka framlög til gamalmennahæla um 59 þús., er skiptist á þann hátt, er till. ber með sér. — Þá er lagt til að tekinn sé upp nýr liður til S. Í. B. S., rekstrarstyrkur vegna læknislauna. Hafði þetta fallið niður við samningu frv. Lagt er enn fremur til að breyta orðalagi á 7. lið, framlagi til S. Í. B. S., til leiðréttingar, þar sem styrkur til sambandsins var látinn falla niður á fjárlögum yfirstandandi árs vegna 1. greiðslu af andvirði Silfurtúns.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga, sem eru á vegum barnaverndarnefndarinnar. Þykir nauðsynlegt að koma sem fyrst upp slíkri stofnun, enda skylt að lögum. — Enn fremur er lagt til að hækka framlag til slysavarna um 50 þús. Hefur Slysavarnafélagið hugsað sér að gerast meðeigandi að sjúkraflugvél og telur sig þurfa aukinn styrk til þess, en sjúkraflutningar með flugvélum fara sívaxandi í landinu, og á þann hátt hefur verið bjargað mörgum mannslífum.

Borizt hafði erindi um það til nefndarinnar, að Samband bindindisfélaga í skólum hafi ekki tvö undanfarin ár fengið styrk, eins og venja hafði verið áður. Hafði jafnan verið til þess ætlazt, að sambandið fengi styrkinn af þeim 130 þús., sem dómsmálaráðuneytið hafði til umráða. Með því að þetta hefur ekki verið framkvæmt þannig, þykir rétt að leggja til að taka þessa tillögu upp í frv.

Lagt er til, að framlag til Bandalags ísl. skáta hækki um 6 þús.

Þá er lagt til, að leiðrétting sé gerð á 19. lið, en þar hafði orðið prentvilla í athugasemdinni.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður: til heimilisiðnaðarfélags Íslands 12 þús. — Þá er enn lagt til, að framlag til Kvenréttindafélags Íslands sé hækkað um 15 þús. vegna landsfundarhalds á næsta ári. Var þessi aðstoð einnig veitt félaginu, er það hélt síðasta landsfund.

18. gr.

Rétt þótti að athuga nánar breytingar, sem nauðsynlegt sýnist að gera á þessari grein. Verður þetta athugað fyrir 3. umræðu.

20. gr. Út.

Lagt er til að taka upp nýjan lið: til ræktunar á jörðum ríkisins 150 þús. Þykir ógerlegt að láta ekki þessar jarðir verða aðnjótandi ræktunarframkvæmda með stórvirkum vélum á líkan hátt og aðrar jarðir, sem eru í einkaeign, en til þess skortir fé, og er tillagan því tekin upp. Er þetta í samráði við ríkisstjórnina.

Þá er enn fremur lagt til að hækka framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana um 500 þús. Er ætlazt til þess, að þessu fé sé varið til að koma upp þvottahúsi spítalanna, en á því er hin mesta þörf, að því sé komið upp sem allra fyrst.

Lagt er til að hækka framlag til bygginga á prestssetrum um 150 þús. Er hækkunin gerð til þess að unnt sé að koma upp prestsbústað í Sauðlauksdal, en á því veltur, hvort unnt er að halda þar presti, að byggt sé yfir hann á næsta ári.

Þá er einnig lagt til að hækka framlag til byggingar við málleysingjaskólann. Er á því hin mesta nauðsyn, að þessari byggingu verði komið upp sem fyrst.

Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður: til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga 150 þús., og vísast um þetta atriði til þess, sem sagt er um þessa stofnun hér að framan.

22. gr.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að kaupa íbúð handa rektor menntaskólans, er hér um að ræða framlengingu á fyrri heimild, sem ekki hefur verið notuð; að ábyrgjast lán fyrir fiskiðjuver ríkisins allt að 1.6 millj. til þess að tryggja rekstur þess; að endurgreiða Rauðakrossi Íslands aðflutningsgjöld af sjúkrabifreiðum; að gefa Íþróttabandalagi Reykjavíkur eftir eftirstöðvar af kaupverði íþróttahúss við Hálogaland, en hús þetta er eitt af eignum setuliðsins; að endurgreiða Krabbameinsfélagi Reykjavíkur aðflutningsgjöld af lækningatækjum; að kaupa 1.6 ha. land handa tilraunastöðinni á Keldum og að kaupa landsspildu ásamt sumarbústað við Geysi.

Rætt hefur verið um það við ríkisstjórnina að taka upp á 22. gr. heimild til þess að verja þeim tekjum af flugsamgöngum, sem fara kynnu á árinu fram úr

því, sem áætlað er, til flugvallagerðar, þó eigi yfir 2 millj. króna. Verður þetta athugað nánar fyrir 3. umræðu.

Þegar séð verður, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr., mun nefndin athuga á ný, hvort nauðsynlegt þyki að gera frekari tillögur til breytinga til þess að tryggja greiðsluhallalaus fjárlög, og ræða þá við fjármálaráðherra um það fyrir 3. umr., svo að stjórninni gefist tækifæri til þess að afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði:

Hækkun gjalda alls		kr. 9 837 130
÷ lækkun gjalda		— 51 047
	Gjaldahækkun alls	kr. 9 786 083

EIGNABREYTINGAR.

Út. Hækkun á greiðslum samkvæmt brtt. við 20 gr. ..	kr. 1 580 000

Ef allar tillögur meiri hluta nefndarinnar verða samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrv. verða sem hér segir:

REKSTRARYFIRLIT.

Tekjur alls		kr. 357 918 192
Gjöld alls	kr. 324 363 559	
Rekstrarhagnaður	— 33 554 633	
	kr. 357 918 192	kr. 357 918 192

SJÓÐSYFIRLIT.

Innborganir		kr. 363 868 192
Útborganir	kr. 371 139 634	
Óhagstæður greiðslujöfnuður		— 7 271 442
	kr. 371 139 634	kr. 371 139 634

Fyrir öllum breytingartillögunum er meiri hluti í nefndinni.

Alþingi, 27. nóv. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Pétur Ottesen. Karl Kristjánsson.

Jónas G. Rafnar. Ingólfur Jónsson. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. **291. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 1. (Póstsjóður). Kaflinn orðist svo:

I. Tekjur			9 720 000
II. Gjöld:			
1. Póststjórnarkostnaður		465 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík		4 170 000	
3. Önnur pósthús		2 475 000	
4. Póstflutningar		2 700 000	
5. Önnur gjöld		505 000	
6. Fyrning af fasteignum		4 000	
			10 320 000

2. — 3. — A. Sundurliðun. 2. (Landssíminn). Kaflinn orðist svo:

I. Tekjur			35 505 000
II. Gjöld:			
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:			
1. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	1 520 000		
2. Ritsímastöðin í Rvík	3 922 000		
3. Loftskeytastöðin í Rvík	410 000		
4. Stuttbylgjustöðin í Rvík	900 000		
5. Bæjarsím. í Rvík og Hf.	6 530 000		
6. Birgðahúsið	445 000		
7. Ritsímast. á Akureyri	1 055 000		
8. Ritsímast. á Seyðisfirði	460 000		
9. Ritsímast. á Ísafirði	517 000		
10. Símast. í Hrútafirði	430 000		
11. Símast. í Vestm.eyjum	530 000		
12. Símastöðin á Siglufirði	560 000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	4 020 000		
		21 299 000	
b. Eyðublöð, prentkostn., ritföng m. m.		600 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva		1 870 000	
d. Viðhald landssímanna		6 810 000	
e. Framhaldsgjald		220 000	
f. Ýmis gjöld		230 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum		450 000	
h. Vextir af lánum		400 000	
i. Almannatryggingar		350 000	
			32 229 000

3. — 3. — A. Sundurliðun. (Eignabreytingar landssímans). Kaflinn orðist svo:

I. Afborganir af lánum og til húsakaupa	850 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa	1 310 000
III. Til talstöðva í báta og skip	220 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip	100 000

		V. Til aukningar bæjarsímans í Reykjavík ..	500 000	
		÷ Úr stofngjaldasjóði	500 000	
		VI. Til nýrra landssímalína		450 000
		VII. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		1 740 000
				4 670 000
4.	Við 11. gr.	A. 2. (Borgardómaraembættið).		
		a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „286 056“ kemur		319 176
		b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „105 347“ kemur ..		112 964
5.	— 11. —	A. 5. c. Nýr liður:		
		Til kaupa á nýjum bifreiðum		100 000
6.	— 11. —	A. 6. (Sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar).		
		a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „803 160“ kemur		831 200
		b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „275 640“ kemur ..		281 179
7.	— 11. —	A. 8. a. 7. Nýr liður:		
		Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði		50 000
8.	— 13. —	A. II. a. Liðurinn orðist svo:		
		Til nýrra akvega:		
		1. Reynivallavegur	70 000	
		2. Hvalfjarðarvegur	165 000	
		3. Akrafjallsvegur	10 000	
		4. Leirársveitarvegur	30 000	
		5. Svínadalsvegur	20 000	
		6. Lundarreykjadalsvegur	60 000	
		7. Melasveitarvegur	20 000	
		8. Bæjarsveitarvegur	15 000	
		9. Skorradalsvegur	75 000	
		10. Hálsasveitarvegur	70 000	
		11. Hvítársíðuvegur	60 000	
		12. Álftaneshreppsvegur	80 000	
		13. Hraunhreppsvegur	110 000	
		14. Þverárhlíðarvegur	15 000	
		15. Hnappadalsvegur	30 000	
		16. Kolviðarnesvegur	15 000	
		17. Fróðárheiðarvegur	190 000	
		18. Útnesvegur	70 000	
		19. Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur ...	70 000	
		20. Helgafellssveitarvegur	35 000	
		21. Skógarstrandarvegur	140 000	
		22. Skógarstrandarvegur í Dalasýslu	100 000	
		23. Dalasýsluvegur	25 000	
		24. Svínadalsvegur	120 000	
		25. Klofningsvegur	90 000	
		26. Skarðstrandarvegur	35 000	
		27. Haukadalsvegur	15 000	
		28. Laxárdalsvegur	25 000	
		29. Laugavegur	10 000	
		30. Staðarhólsvegur	40 000	
		31. Reykhólavegur	135 000	
		32. Gautsdalsvegur	25 000	
		33. Gufudalsvegur	150 000	
		34. Barðastrandarvegur	100 000	

35.	Rauðasandsvegur	25 000
36.	Örlygshafnarvegur	150 000
37.	Bíldudalsvegur	60 000
38.	Suðurfjarðavegur	30 000
39.	Dalahreppsvegur	30 000
40.	Súgandafjarðarvegur	60 000
41.	Hjarðardalsvegur	30 000
42.	Núpsvegur	160 000
43.	Rafnseyrarvegur	30 000
44.	Gemlufallsheiði	20 000
45.	Ögurvegur	240 000
46.	Bolungavíkurvegur	60 000
47.	Ármúlavegur	60 000
48.	Súðavíkurvegur	30 000
49.	Jökulfjarðavegur	35 000
50.	Selstrandarvegur	30 000
51.	Kaldrananesvegur	30 000
52.	Strandavegur	225 000
53.	Reykjarfjarðarvegur	90 000
54.	Reykjarfjarðarvegur frá Veiðileysu til Djúpuvíkur	25 000
55.	Miðfjarðarvegur	30 000
56.	Vatnsnesvegur	150 000
57.	Vesturhópsvegur	30 000
58.	Vatnsdalsvegur	115 000
59.	Svínvetningabraut	45 000
60.	Norðurárdalsvegur	40 000
61.	Skagastrandarvegur	80 000
62.	Gönguskarðsvegur	80 000
63.	Skagafjarðarvegur	80 000
64.	Út-Blönduhlíðarvegur	80 000
65.	Hofsósvegur	40 000
66.	Siglufjarðarvegur	165 000
67.	Flókadalsvegur	25 000
68.	Öxnadalsheiðarvegur	170 000
69.	Hrísavegur	45 000
70.	Eyjafjarðarbraut sunnan Leynings	35 000
71.	Laugalandsvegur	25 000
72.	Hörgárdalsvegur ytri	40 000
73.	Ólafsfjarðarvegur	85 000
74.	Svalbarðsstrandarvegur	100 000
75.	Fnjóskadalsvegur	60 000
76.	Ljósavatnsskarðsvegur	30 000
77.	Kinnarbraut	50 000
78.	Bárðardalsvegur vestri	15 000
79.	Bárðardalsvegur eystri	15 000
80.	Mývatnssveitarvegur (hjá Skútustöðum)	10 000
81.	Laxárdalsvegur	40 000
82.	Hvammsheiðarvegur	20 000
83.	Reykjahverfisvegur	20 000
84.	Tjörnesvegur í S-Þingeyjarsýslu	40 000
85.	Kelduhverfisvegur og Tjörnesvegur í N-Þing.	90 000

86.	Hólsfjallavegur		65 000
87.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		90 000
88.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		60 000
89.	Langaness- og Ytralónsvegur		60 000
90.	Bakkafjarðarvegur		85 000
91.	Sandvíkurheiði		30 000
92.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Vesturdalsvegur	25 000	
	b. Strandavegur	35 000	
	c. Fjallasíðuvegur ytri	20 000	
			80 000
93.	Hróarstunguvegur nyrðri		30 000
94.	Hróarstunguvegur eystri		20 000
95.	Hlíðarvegur		30 000
96.	Jökuldalsvegur		30 000
97.	Fljótsdalsvegur		35 000
98.	Upphéraðsvegur		30 000
99.	Úthéraðsvegur		30 000
100.	Borgarfjarðarvegur		150 000
101.	Fjarðarheiðarvegur		110 000
102.	Skógavegur		10 000
103.	Mjóafjarðarvegur		25 000
104.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		60 000
105.	Eskifjarðarvegur		10 000
106.	Fáskrúðsfjarðarvegur		280 000
107.	Stöðvarfjarðarvegur		80 000
108.	Berufjarðarvegur		80 000
109.	Breiðdalsvíkurvegur		40 000
110.	Vattarnesvegur		15 000
111.	Geithellnavegur		50 000
112.	Fagradalsbraut		35 000
113.	Austurlandsvegur		150 000
	Þar af til Fagradalsbrautar 25 þús. kr.		
114.	Lónsheiðarvegur		120 000
115.	Almannaskarðsvegur		85 000
116.	Nesjavegur		20 000
117.	Hornsvegur		20 000
118.	Mýravegur		25 000
119.	Suðursveitarvegur		25 000
120.	Öræfavegur		25 000
121.	Síðuvegur		25 000
122.	Suðurlandsvegur um Landbrot		35 000
123.	Landbrotsvegur		35 000
124.	Búlandsvegur		15 000
125.	Skaftártunguvegur		25 000
126.	Meðallandsvegur		30 000
127.	Mýrdalssandsvegur		40 000
128.	Mýrdalsvegur		50 000
129.	Dyrhólavegur		25 000
130.	Eyjafjallavegur		30 000
131.	Landeyjavegur		50 000
132.	Landeyjavegur syðri		40 000
133.	Landeyjavegur ytri		35 000

134.	Bakkabæjavegur	50 000	
	Þar af vegurinn Bakkakot—Skúmsstaðir 20. þús. kr.		
135.	Rangárvallavegur	35 000	
136.	Þykkvabæjarvegur	60 000	
	Þar af vegurinn Miðkot—Unhóll 20 þús. kr.		
137.	Árbæjarvegur	55 000	
138.	Ásvegur	50 000	
139.	Hagabraut	80 000	
140.	Landvegur	55 000	
141.	Vallarvegur	10 000	
142.	Grafningsvegur	48 000	
143.	Hrunamannahreppsvegur	60 000	
144.	Laugardalsvegur	80 000	
145.	Skálholtsvegur	50 000	
146.	Partavegur	21 000	
147.	Hamarsvegur	12 000	
148.	Selvogsvegur	200 000	
149.	Bræðratunguvegur	42 000	
150.	Kiðjabergsvegur	12 000	
151.	Grindavíkurvegur	50 000	
			8 985 000
9.	Við 13. gr. A. II. b. (Viðhald akvega). Fyrir „17 500 000“ kemur		17 400 000
10.	— 13. — A. III. Liðurinn orðist svo: Brúargerðir:		
	1. Laxá í Kjós	130 000	
	2. Reykjadalsá	150 000	
	3. Stapagil	20 000	
	4. Kársstaðaá	130 000	
	5. Búðardalsá	150 000	
	6. Sauðlauksdalsá	35 000	
	7. Djúpadalsá	180 000	
	8. Selá	250 000	
	9. Staðará	150 000	
	10. Víðidalsá	50 000	
	11. Vatnsdalsá	100 000	
	12. Norðurá	150 000	
	13. Glerá	100 000	
	14. Sandá	55 000	
	15. Víðidalsá nálægt Víðidalstungu	25 000	
	16. Bakkaá	300 000	
	17. Jökulsá á Dal hjá Brú	100 000	
	18. Þórisá	20 000	
	19. Geitá	235 000	
	20. Djúpá	40 000	
	21. Grenlækur	40 000	
	22. Kerlingardalsá	120 000	
	23. Miðskálaá	115 000	
	24. Smábrýr	750 000	
			3 395 000
11.	— 13. — A. IV. (Fjallvegir). Fyrir „150 000“ kemur		250 000

12. Við 13. gr. A. VI. Nýr liður:
Til ræktunarvega:

1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3. Í Flatey á Skjálfanda	3 000	
4. Í Grímsey	3 000	
5. Í Hrísey	4 000	
		50 000

13. — 13. — B. IV. (Umbætur við Geysi).
Fyrir „50 000“ kemur 60 000

14. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1. Akranes	220 000
2. Akureyri	220 000
3. Hafnarfjörður	220 000
4. Landshöfnin í Njarðvíkum og Keflavík	220 000
5. Skagaströnd	220 000
6. Vestmannaeyjar	220 000
7. Þorlákshöfn	220 000
8. Patreksfjörður	220 000
9. Ólafsfjörður	175 000
10. Sauðárkrókur	175 000
11. Flateyri	150 000
12. Hornafjörður	150 000
13. Ísafjörður	125 000
14. Stykkishólmur	125 000
15. Sandgerði	125 000
16. Dalvík	125 000
17. Þórshöfn	100 000
18. Seyðisfjörður	100 000
19. Kópasker	100 000
20. Siglufjörður	100 000
21. Raufarhöfn	80 000
22. Borgarnes	75 000
23. Grafarnes	75 000
24. Bakkafjörður	65 000
25. Bolungavík	60 000
26. Borgarfjörður eystri	70 000
27. Hofsós	60 000
28. Ólafsvík	60 000
29. Fáskrúðsfjörður	50 000
30. Stokkseyri	50 000
31. Tálknafjörður	50 000
32. Vopnafjörður	50 000
33. Neskaupstaður	40 000
34. Svalbarðseyri	30 000
35. Hafnir	25 000
36. Haganesvík	25 000
37. Járngerðarstaðir	25 000
38. Kaldrananes	25 000
39. Breiðdalsvík	25 000
40. Eyrarbakki	25 000
41. Grenivík	20 000

		42. Blönduós	15 000	
		43. Drangsnes	15 000	
		44. Flatey á Skjálfanda	15 000	
		45. Grímsey	15 000	
		46. Hnífsdalur	15 000	
		47. Hrísey	15 000	
		48. Suðureyri	15 000	
		49. Hvammstangi	15 000	
		50. Flatey á Breiðafirði	10 000	
		51. Súðavík	10 000	
		52. Hellnar	10 000	
		53. Landshöfnin á Rifi á Snæfellsnesi	500 000	
				4 945 000
15.	Við 13. gr.	C. X. Liðurinn orðist svo:		
		Til ferjuhafna:		
		1. Í Hornafirði	200 000	
		2. Í Ögri	65 000	
		3. Á Brjánslæk	155 000	
				420 000
16.	— 14. —	B. I. a. (Háskólinn).		
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „1 365 485“ kemur		1 327 190
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „457 267“ kemur		444 515
		c. Við 9. Nýr liður:		
		Til stundakennslu vegna B.A.-deildar		37 000
		d. Við 12. (Námskeið). Fyrir „20 000“ kemur		28 000
		e. Við 14. (Tannlækningaáhöld). Fyrir „45 000“ kemur		58 000
17.	— 14. —	B. II. (Til styrktar ísl. námsmönnum erlendis).		
		1. málsgr. aths. fellur niður.		
18.	— 14. —	B. V. Nýr (rómv.) liður:		
		Vegna menntaskólakennslu á Laugarvatni		100 000
19.	— 14. —	B. VII. (Sjómannaskólinn).		
		a. Við b. (Stundakennsla). Fyrir „134 500“ kemur		169 500
		b. Við d. Nýr liður:		
		Til kaupa á radartækjum, fyrri greiðsla		50 000
20.	— 14. —	B. VIII. c. (Vélstjóraskólinn). Nýr liður:		
		Til niðursetningar á vélum til kennslu í skólanum		75 000
21.	— 14. —	B. XIII. 5. (Framkvæmd sundskyldu í barnaskólum).		
		Fyrir „325 000“ kemur		390 000
22.	— 14. —	B. XIV. 9. b. (Handíðaskólinn). Nýr liður:		
		Annar kostnaður		20 000
23.	— 14. —	B. XV. 3. Nýr liður:		
		Til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur		25 000
24.	— 14. —	B. XVI. 9. (Þátttaka í Ólympíuleikjunum).		
		Fyrir „50 000“ kemur		100 000
25.	— 15. —	A. V. (Náttúrugripasafnið).		
		a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „78 900“ kemur		102 099
		b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „29 212“ kemur		20 936
		c. Við 8. (Ýmis gjöld). Fyrir „13 000“ kemur		33 000
26.	— 15. —	A. VI. (Hið ísl. náttúrufræðifélag).		
		Fyrir „9 000“ kemur		15 000
27.	— 15. —	A. VIII. 1. (Amtsbókasafnið á Akureyri).		
		Orðin „að því tilskildu, að Davíð Stefánsson skáld hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 3 245 króna grunnlaunum“ falli niður.		

28.	Við 15. gr.		A. VIII. 22. Nýir liðir:	
			a. Til bókasafns á Vopnafirði	1 000
			b. Til bókasafns í Borgarnesi	1 000
29.	—	15. —	A. IX. 9. Nýr liður:	
			Til Snæbjarnar Kaldalóns til útgáfu á tónsmíðum föður hans (í eitt skipti fyrir öll)	20 000
30.	—	15. —	A. IX. 10. (Vísindafélag Íslendinga).	
			Fyrir „9 000“ kemur	15 000
31.	—	15. —	A. IX. 12. Nýr liður:	
			Til dr. Jóns Dúasonar (vegna útgáfu rita hans)	30 000
32.	—	15. —	A. XI. (Myndlistarskóli Fél. ísl. fristundamálara).	
			Fyrir „15 000“ kemur	20 000
33.	—	15. —	A. XXI. 5. Nýr liður:	
			Til leikfélags Neskaupstaðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Neskaupstaðar	2 250
34.	—	15. —	A. XXI. 13. Nýr liður:	
			Til leikfélags Hveragerðis	1 000
35.	—	15. —	A. XXIII. 3. (Tónlistarfélag Ísafjarðar).	
			Fyrir „10 000“ kemur	20 000
36.	—	15. —	A. XXIII. 4. Nýr liður:	
			Til tónlistarskóla Vestmannaeyja	10 000
37.	—	15. —	A. XXIII. 7. (Lúðrasveit Reykjavíkur).	
			Fyrir „25 000“ kemur	50 000
38.	—	15. —	A. XXIII. 8. (Lúðrasveit Akureyrar).	
			Fyrir „10 000“ kemur	20 000
39.	—	15. —	XXIII. 10. Nýr liður:	
			Til karlakórsins Geysis, utanfararstyrkur	20 000
40.	—	15. —	A. XXIII. 12. Nýr liður:	
			Til kirkjukórasambands Íslands til eflingar kirkjusöng í landinu	25 000
41.	—	15. —	A. XXIV. Nýir liðir:	
			a. Til Gerðar Helgadóttur, til myndlistarnáms	8 000
			b. Til Guðmundar Elíassonar, til náms í höggmyndalist	8 000
			c. Til Guðmundu Elíasdóttur óperusöngkonu, til söngfarar um Kanada	8 000
			d. Til Guðrúnar Á. Símonardóttur, til söngnáms	8 000
			e. Til Sigursveins D. Kristinssonar, til tónlistarnáms	8 000
			f. Til Þórunnar Jóhannsdóttur, til tónlistarnáms erlendis	8 000
42.	—	15. —	A. XXV. 3. (Listasafn Einars Jónssonar, ýmis gjöld).	
			Fyrir „25 000“ kemur	47 000
43.	—	15. —	A. XXVII. Nýr liður:	
			b. Til Þorfinns Kristjánssonar, vegna útgáfu á ársfjórðungsritinu Heima og erlendis	3 500
44.	—	15. —	A. XXX. Nýr liður:	
			Til kennarastóls í íslenzkum fræðum við háskólann í Manitoba, Kanada, önnur greiðsla af fjórum	80 000
45.	—	15. —	A. XXXI. Nýr liður:	
			Til Skálholtsfélagsins, til umbóta í Skálholti	25 000
46.	—	15. —	B. I. 3. d. 2. (Fjárræktarbúið á Hesti). Nýr liður:	
			Til byggingar verkfærageymslu	30 000
47.	—	15. —	B. VI. Nýr liður:	
			Til Jöklarannsóknafélags Íslands til kaupa á snjóbíl, enda náist samkomulag við vegamálastjórnina um notkun bílsins að vetrarlagi	25 000

48. Við 16. gr. A. 10. (Jarðræktartilraunir).
a. Við a. (Rekstrarkostnaður). Fyrir „550 000“ kemur .. 565 000
b. Við b. (Stofnkostnaður). Fyrir „225 000“ kemur 300 000
c. Nýr töluliður:
Til umbóta á Reykhólum, vegna skipulags staðarins .. 25 000
49. — 16. — A. 13. (Fyrirhleðsla í Þverá og Markarfljóti).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000
50. — 16. — A. 18. Nýr liður:
Til landþurrkunar í Austur- og Vestur-Landeyjum, 20 þús. til hvorra 40 000
51. — 16. — A. 19. (Sandgræðsla).
a. Við c. (Nýjar sandgræðslugirðingar).
Fyrir „150 000“ kemur 275 000
b. Við d. (Sandgræðslugirðingar í Meðallandi).
Liðurinn fellur niður.
52. — 16. — A. 30. b. (Bætur vegna fjárskipta).
Fyrir „12 630 000“ kemur 13 330 000
53. — 16. — A. 30. c. Nýr liður:
Til nýrra varnargirðinga 300 000
54. — 16. — B. 7. (Nýjar síldveiðiaðferðir).
Fyrir „550 000“ kemur 800000
55. — 16. — B. 8. Fyrir „aflatryggingarsjóðs“ kemur: hlutatryggingasjóðs.
56. — 16. — B. 9. Fyrir „olíusamlaga“ kemur: Olíusamlags útvegsmanna á Ísafirði.
57. — 16. — C. 6. (Bygging iðnskóla í Reykjavík).
Fyrir „275 000“ kemur 500 000
58. — 16. — D. XI. 6. Nýir liðir:
1. Til jarðborana vegna kolarannsókna á Skarðsströnd 150 000
2. Til brennisteinsrannsókna 500 000
3. Til norræns raffræðingamóts á Íslandi sumarið 1952 50 000
59. — 17. — 2. a. 1. (Almannatryggingar).
Fyrir „22 800 000“ kemur 24 800 000
60. — 17. — 6. a.
a. Við a. (Elliheimilið Grund). Fyrir „7 000“ kemur .. 10 000
b. Við b. Liðurinn orðist svo:
Til gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 10 000 til hvers 80 000
61. — 17. — 7. (Samband ísl. berklasjúklinga).
a. Fyrir „Til sambands íslenzkra berklasjúklinga, ⅓ af andvirði Silfurtúns“ kemur: Til sambands íslenzkra berklasjúklinga, önnur greiðsla af þremur vegna Silfurtúns.
b. Nýr liður:
Til Sambands íslenzkra berklasjúklinga, rekstrarstyrkur vegna læknislauna 50 000
62. — 17. — 12. Nýr liður:
Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga .. 150 000
63. — 17. — 15. a. (Til almennra slysavarna).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
64. — 17. — 17. a. (Bindindisstarfsemi). Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi aths.:
Þar af 15 þús. kr. til Sambands bindindisfél. í skólum.
65. — 17. — 18. b. (Bandalag ísl. skáta).
Fyrir „4 000“ kemur 10 000

66. Við 17. gr. 19. (Kvenfélagasamband Íslands).
a. Liðurinn orðist svo:
Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju 175 000
Þar af til heimilisiðnaðarfélagsins 5 þús. kr.
b. Nýr liður:
Til heimilisiðnaðarfélags Íslands, til leiðbeiningar .. 12 000
67. — 17. — 21. (Kvenréttindafélag Íslands). Liðurinn orðist svo:
a. Til Kvenréttindafélags Íslands 15 000
b. Til sama félags (vegna landsfundar) 15 000
68. — 20. — Út. V. Nýr liður:
Til ræktunar á jörðum ríkisins 150 000
69. — 20. — Út. VIII. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „1 100 000“ kemur 1 600 000
70. — 20. — Út. XIII. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „800 000“ kemur 950 000
71. — 20. — Út. XXIII. (Viðbygging Málleysingjaskólans).
a. Fyrir „150 000“ kemur 300 000
b. Nýr liður:
Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga 150 000
72. — 22. — II. Nýr liður:
Að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.
73. — 22.— VII. Nýir liðir:
a. Að kaupa landsspildu og sumarbústað, svonefnt Kóngstún, við Geysi í Haukadal, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.
b. Að kaupa 1.6 ha landsspildu, sem liggur að Keldnalandi, fyrir allt að 32 þús. kr., ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.
74. — 22. — IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán allt að 1.6 millj. kr. fyrir fiskiðjuver ríkisins.
75. — 22. — X. Nýr liður:
Að endurgreiða Rauðakrossi Íslands aðflutningsgjöld af tveimur sjúkrabifreiðum.
76. — 22. — XI. Nýir liðir:
a. Að endurgreiða eða gefa eftir öll aðflutningsgjöld, söluskatt og rafmagnseftirlitsgjöld af geislalækningatækjum, er Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur ákveðið að gefa landsspítalanum.
b. Að gefa Íþróttabandalagi Reykjavíkur eftir eftirstöðvar af kaupverði íþróttahúss við Hálogaland.

Sþ. 292. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur þríklofnað um frumvarpið. Þótt ágreiningur væri nálega enginn milli mín og fulltrúa Alþýðuflokksins (HV) og í félagi flyttum við margar breytingartillögur, hefur hann þó ekki séð sér fært að skila með mér sameiginlegu nefndaráliti.

Ágreiningur minn við meiri hluta nefndarinnar stafar fyrst og fremst af því, að mér virðist sú stefna, er mörkuð var með afgreiðslu hans á frv. í hæsta máta var-

hugaverð og hættuleg fyrir efnahag þjóðarinnar og afkomu alla. Að vísu er hér ekki um neina stefnubreytingu að ræða frá undanförnum árum. Stefnan hefur verið hin sama síðan hinir þrír ábyrgu borgaraflokkar tók við stjórn í ársbyrjun 1947. Afleiðing hennar er það atvinnu- og fjárhagsástand, sem nú er ríkjandi í landinu, og má fullyrða, að ekki sé seinna vænna að snúa við á þeirri braut, ef ekki á verr að fara. Hins vegar sjást þess engin merki í afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu, sem gerð er í samráði við hæstv. ríkisstjórn, að nein stefnubreyting sé í vændum.

Sú þróun, sem átt hefur sér stað þessi ár, er í stuttu máli þannig, að jafnframt því sem fjárlögin hafa hækkað, hefur hlutfallslega meira farið til hvers konar kostnaðar við rekstrarkerfi ríkisins, en minna til beinna framkvæmda, sem skapa þjóðinni bætt framleiðsluskilyrði og bættan grundvöll að efnahagsafkomu.

Önnur aðalhlið þessarar þróunar er sú, að hinir óbeinu skattar og tollar, sem lenda á almenningi nokkurn veginn jafnt, hvort sem efnahagur einstaklingsins er góður eða ekki, eru mikill og vaxandi hluti ríkisteknanna. En að sama skapi lækka hinir beinu skattar hlutfallslega. Skal nú sýnt fram á þetta nokkru nánar.

Fjárlagafrumvarp það, er hér er til afgreiðslu, er hæsta fjárlagafrumvarp, sem Alþingi nokkru sinni hefur fengið til meðferðar. Eru rekstrarútgjöld þess áætluð 314,577 millj. kr. Með hækkunartillögum meiri hlutans mun þessi upphæð verða allmiklu meiri. Það skal tekið fram, að um allmargar af þessum tillögum, svo sem þær hækkanir, er gerðar voru á fjárveitingum til verklegra framkvæmda, var ekki ágreiningur í nefndinni. En hér er um að ræða mörgum tugum milljóna hærri upphæð en á fjárlögum yfirstandandi árs. Mun þó eitthvað ókomið, sem hækka mun þessa upphæð við 3. umræðu.

Á frv. er gert ráð fyrir tekjum að upphæð 363.8 millj. Þar af er áætlað, að 270.8 millj. fáist með sköttum og tollum, en ca. 93 millj. eftir öðrum leiðum, og gilda þar mest tekjur áfengis- og tóbakseinkasölu.

Hinar 270.8 millj. kr. skatta- og tollatekjur, sem áætlaðar eru, skiptast þannig, að beinir skattar: tekju- og eignarskattur, tekjuskattsviðauki, stríðsgróðaskattur og fasteignaskatur — nema samtals 43 millj. og 200 þús. kr. Nema því hinir óbeinu skattar og tollar samtals 227 millj. kr. 650 þús. kr. Sé þessari upphæð deilt niður á landslýðinn, koma ca. 1600 kr. í hlut hvers einstaklings, eða 8000 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu.

Fimm stærstu liðirnir, sem leggjast beint á söluverð almennra nauðsynjavara, nema þessum uppphæðum samkvæmt áætluninni:

Vörumagnstollur	22.5	millj.
Verðtollur	93.0	—
Innflutningsgjald af benzíni	9.5	—
Gjald af innlendum tollvörum	7.5	—
Söluskattur	77.0	—
Samtals	209.5	millj.

Til samanburðar má benda á það, hve mikið var innheimt af þessum skattstofnum frá síðustu áramótum til októberloka yfirstandandi ár. Þær tölur líta þannig út:

Vörumagnstollur	20.202	millj.
Verðtollur	92.103	—
Innflutningsgjald af benzíni	9.550	—
Gjald af innl. tollvörum	4.176	—
Söluskattur	67.381	—
Samtals	193 412	millj.

Nú er það algild reynsla, að innflutningur og verzlunarvelta öll er langsamlega mest síðustu mánuði ársins. Eru því allar líkur til, að tekjuliðir þessir séu of lágt áætlaðir, og hefur verið gefið í skyn af meiri hlutanum, að til mála gæti komið að hækka þá eitthvað við 3. umr. til að vega á móti hækkunum gjaldabálksins.

Þessir gífurlega háu óbeinu skattar, sem leggjast beint á vöruverðið í landinu, eru einmitt einn stærsti þáttur dýrtíðarinnar, sem allir kvarta undan. Í því samband er rétt að minnast á, að árstekjur Dagsbrúnarverkamanns, sem hefur vinnu allt árið, munu nú nema ca. 30000.00 kr. miðað við núgildandi kauptaxta. Sé hann fjölskyldumaður, þarf hann að greiða ¼ hluta launa sinna eða meira í óbeina skatta til ríkisins, um leið og hann kaupir nauðsynjavörur til heimilis síns. Þar við bætast svo beinir skattar og nefskattar, svo að ekki mun ofmælt, að skattgreiðslur slíks heimilisföður séu í mörgum tilfellum ⅓—⅖ af tekjum hans og stundum meira. Nú er það viðurkennt af öllum, að það sé einmitt hin óbærilega, sívaxandi verðbólga, sem þjakar allt efnahags- og atvinnulíf, og er því ljóst, hve nauðsynlegt er að stefna inn á þá braut að lækka hina óbeinu skatta að verulegu leyti.

Einn mikilsverður liður í þróuninni undanfarin ár er sá, að óbeinir skattar og tollar hafa verið hækkaðir og lagðir á nýir til þess að mæta ákveðnum útgjöldum ríkissjóðs. Þannig var t. d. með söluskattinn. Þegar hann var lagður á, var því haldið fram af þáverandi stjórnarflokkum, að það væri gert til að standa straum af fiskábyrgðinni. Þær greiðslur námu samtals rúmum 50 millj. kr. þau þrjú ár, sem fiskábyrgðarlögin giltu. Nú eru þær greiðslur úr sögunni fyrir nærri tveimur árum, en samt er haldið áfram að leggja söluskatt, hærri en áður, á hvers konar vöru og þjónustu, sem um er að ræða. Á yfirstandandi ári mun upphæð hans nema a. m. k. 90 millj., og næsta ár er upphæð hans áætluð 77 millj., eða þriðjungi hærri en fiskábyrgðargreiðslurnar námu samtals í þrjú ár. Hér er því framkvæmt svo gífurlegt skattarán af almenningi, að slíkt er óhugsandi til lengdar. Þegar þess er enn fremur gætt, að þessi eini skattstofn er talinn nema 11—12% af hinu almenna verðlagi í landinu og 5—6 vísitölustigum, þá er auðsætt, að eigi nokkra tilraun að gera til að halda verðbólgunni í skefjum, á að afnema þennan skatt.

Á fyrsta fundi nefndarinnar flutti ég því eftirfarandi tillögu:

„1. Þar sem verðlag allra nauðsynjavara í landinu er nú orðið mjög hátt og vitað er, að tekjur þær, er ríkið tekur í tollum og öðrum óbeinum sköttum, ásamt verzlunarálagningu þeirri, er þeim fylgir, eru verulegur hluti vöruverðsins, og þar sem þegar hefur verið létt af ríkissjóði þeim útgjöldum, er söluskattinum var ætlað að mæta, þá er hann var lagður á fyrst, telur nefndin rétt að láta innheimtu þessa skattstofns niður falla um næstu áramót, þegar lög um hann falla úr gildi, og ákveður að starfa að afgreiðslu frumvarpsins með tilliti til þess, að svo verði gert.

2. Til þess að lækka útgjöld ríkisins svo sem unnt er og mæta þannig þeirri lækkun á tekjuáætlun frumvarpsins, er afnám söluskattsins veldur, vill nefndin marka þá stefnu, að rekstrarútgjöld í starfskerfi ríkisins og ríkisstofnunum verði eigi hærri en á síðustu fjárlögum, nema þar sem sérstakar ástæður kunna að vera fyrir hendi.“

Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni (HV) lýsti sig tillögunni meðmæltan, en meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, fann henni flest til foráttu. Töldu þeir ómögulegt að samþykkja hana, nema fyrir lægju í einstökum atriðum nákvæmar tillögur um niðurfærslu gjalda, er næmu upphæð söluskattsins, og yrði þá að taka afstöðu til þeirra áður en samþykkt væri að fella skattstofn þennan niður.

Vitanlega var hér aðeins um undanbrögð að ræða, því að slíkar tillögur áttu að vera til í starfi nefndarinnar, jafnframt því er hún athugaði frumvarpið og rannsakaði starfrækslu hinna ýmsu stofnana, möguleika á sparnaði og aðra tekjumöguleika ríkissjóðs á næsta ári. Hér var því um það að ræða, hvort starf nefndarinnar

skyldi beinast að þessu ákveðna marki þegar frá byrjun og finna skyldi leið til þess að afnema þennan óvinsælasta og ranglátasta neyzluskatt, sem almenningur verður að greiða. Á það vildi stjórnarmeirihlutinn ekki fallast. Eftir allharðar umræður var tillögunni vísað frá á þriðja fundi nefndarinnar með eftirfarandi dagskrá, er flutt var af formanni nefndarinnar:

„Þar sem engar ákveðnar tillögur eru gerðar um niðurfærslu útgjalda á fjárlagafrumvarpinu á móti lækkun þeirra tekna, er niðurfelling söluskattsins hlyti að hafa í för með sér, og ekki hefur heldur verið bent á aðra tekjustofna til þess að vega upp á móti söluskattinum, en nefndin lítur hins vegar svo á, að fjárlög beri að afgreiða greiðsluhallalaus, þykir ekki tímabært að láta fara fram sérstaka afgreiðslu um þennan lið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Atkvæðagreiðslan féll þannig, að með frávísuninni greiddu atkvæði allir fulltrúar beggja stjórnarflokkanna, 7 að tölu, en móti henni voru aðeins við tveir hv. fulltrúi Alþýðuflokksins HV. og undirritaður.

Var þá sýnt, að ekki yrði fram komið neinni stefnubreytingu, enda hefur ríkisstjórnin flutt frumv. um framlenginu söluskattsins, sem ákveðið mun vera að lögfesta á þessu þingi.

Þrátt fyrir þetta fluttum við Hannibal Valdimarsson margar breytingartillögur til lækkunar á ýmsum gjaldaliðum í ríkisrekstrinum, sem óhóflega hafa vaxið hin síðari ár. Undantekningarlaust voru þær felldar af sameiginlegum meiri hluta stjórnarflokkanna. Munu þeir nú telja sig hafa næga peninga í ríkissjóði, svo að óþarft sé að hugsa um sparnað.

Skulu nú færð rök að því, að auðvelt var að ná því marki, er í tillögunni fólst, ef nægur vilji hefði verið fyrir hendi í þá átt.

Í fyrsta lagi skal á það bent, að með afnámi söluskattsins væri stórt spor stigið til lækkunar verðbólgunnar í landinu. Þannig mundi ríkissjóði sparast allveruleg útgjöld, ekki aðeins í beinum launagreiðslum til opinberra embættismanna, heldur einnig í hvers konar útgjöldum við rekstur hinna ýmsu ríkisstofnana. Sem dæmi skal það nefnt, að samkvæmt upplýsingum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins kostar hvert vísitölustig 150 000.00 kr. fyrir skipaútgerðina og landhelgisgæzluna sameiginlega. Lækkun um 6 vísitölustig mundi því spara þessum stofnunum, sem ríkissjóður stendur beint undir, ekki minna en 900 þús. kr.

Þá hefur póst- og símamálastjóri enn fremur upplýst á fundi fjárveitinganefndar, að launagreiðslur póstsins hækki um 42 þús. kr. við hvert hækkað vísitölustig og launagreiðslur símans um 272 þús. kr. við hvert stig. 6 stiga lækkun mundi því spara þessum stofnunum 1.884 millj. Þannig mætti vitanlega halda áfram gegnum hverja ríkisstofnun af annarri. Hvað mundi koma í ljós gagnvart öllum verklegum framkvæmdum, sem ríkið kostar að öllu eða einhverju leyti, svo sem hafnargerðir, brýr og vegagerðir, er kosta marga milljónatugi? Sama mundi gilda um skólakerfið á 15. gr., er kostar samkvæmt áætlun næsta árs ca. 50 mlllj., atvinnumálin á 16. gr., sem áætlað er að kosti ríkissjóð nærri sömu upphæð, o. s. frv. Þá má nefna aðra kostnaðarliði, svo sem húsaleigu, ljós, hita, ræstingarkostnað o. fl.

Í öðru lagi bendir margt til þess, að ýmsir aðrir liðir í tekjuáætlun næsta árs séu óþarflega lágt áætlaðir. Má þar til nefna vörumagnstoll, verðtoll, tekjur áfengisverzlunar o. fl.

Í þriðja lagi munu fáir vilja neita því, að möguleikar séu til sparnaðar í rekstri ríkis og ríkisstofnana, er verulegum upphæðum mættu nema, ef viljann vantaði ekki til framkvæmda. Þess gerast fjölmörg dæmi, að einstaklingar hafa fleiri en eitt starf á hendi, með hálf önnur og tvöföld laun og jafnvel meira, og þekkist að þeir reki sjálfstæða atvinnu þar að auki. Í athugasemdum við frumvarpið er þess getið, að í forsætis-, félagsmála-, fjármála- og menntamálaráðuneyti verði fjölgað um einn fulltrúa í hverju ráðuneyti, er vinni hálfan daginn.

Þegar athugaður er starfsmannafjöldi þessara ráðuneyta, virðist þessi ráð-

stöfun óneitanlega bera nokkurn keim af því, að þarna sé um fólk að ræða, sem viðkomandi stjórnarvöld vilji koma fyrir í starfi.

Síðan ég tók sæti í fjárveitinganefnd árið 1946 hefur sú nefnd þrásinnis óskað eftir að fá starfsmannaskrá ríkis og ríkisstofnana þannig sundurliðaða, að sýnt væri hjá hverjum einstaklingi, hvaða laun hann tekur fyrir störf í þágu hins opinbera, þótt á fleiri stöðum sé en einum. Var þetta gert í skýrslum ríkisgjaldanefndar, er Framsóknarflokkurinn setti á stofn, er hann tók við völdum 1927. En þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir nefndarinnar hefur þessari ósk aldrei verið sinnt.

Þá er full ástæða til að athuga kjör þau, er þær stofnanir, er sitja í leiguhúsnæði, þurfa að búa við. Upplýst var t. d., að ein ríkisstofnun, er leigir húsnæði hjá Reykjavíkurbæ, muni þurfa að greiða kr. 250 000.00 á ári fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu. Hve mörg ár skyldi þurfa til að láta slíkar greiðslur borga nægilega stóra byggingu yfir viðkomandi stofnun?

Allt þetta og margt fleira þurfti vitanlega að athugast í starfi nefndarinnar og samvinnu við hv. ríkisstjórn og var fyllilega mögulegt, ef einhver vilji hefði verið fyrir hendi til að lagfæra þessi mál. En til þess þurfti að stefna frá byrjun að ákveðnu marki, svo sem tillagan gerði ráð fyrir.

Þá leiddi ég einnig rök að því, að þótt ekki tækist að ná fullkomnum greiðslujöfnuði með þeim ráðum, er hér hefur verið lýst, þá er það síður en svo nein goðgá að skila fjárlögum með einhverjum greiðsluhalla, þegar það vinnst í staðinn að lækka hið almenna verðlag í landinu allt að 12% og vísitöluna allt að 6 stigum.

Alveg sérstaklega er þetta athugandi í sambandi við þá útkomu, er sýnilega verður á fjárhagsafkomu ríkisins yfirstandandi ár. Skal nú gerð grein fyrir því máli nánar.

Tekjuáætlun síðustu fjárlaga nam 297.9 millj. kr. Á fyrstu 10 mánuðum ársins, eða til októberloka s. l., námu innheimtar tekjur 317.9 millj., eða 20 millj. hærri upphæð en áætlunin nam. Eru þá ókomnar tekjur tveggja síðustu mánaða, sem samkvæmt margra ára reynslu eru langsamlega tekjuhæstir, einkum vegna aukinnar verzlunarveltu og innflutnings fyrir hátíðar. Tekjur októbermánaðar námu 45.75 millj., og er því varlega áætlað, að tekjur nóvember- og desembermánaðar nemi samtals 110 millj. En það þýðir hins vegar 130 millj. tekjur fram yfir áætlun og gæti orðið meira. Þetta sýnir það, að tekjuáætlun frumvarpsins er gerð meira en þriðjungi of lág. Til októberloka námu gjöldin 233.9 millj., og var því tekjuafgangur um þau mánaðamót 84 millj. Tekjuafgangur í októbermánuði var 18.4 millj. Sé reiknað með sama tekjuafgangi í nóvember og desember verður það samtals 36.8 millj. og allur tekjuafgangur ársins þá 120.8 millj. og er varlega áætlað.

Í októberlok var innheimtur söluskattur að upphæð 67.4 millj. Kemur þá í ljós, að þótt innheimta hans hefði verið felld niður um síðustu áramót og ríkið því farið á mis við þær tekjur, þá hefði samt verið 16.6 mllj. kr. tekjuafgangur um síðustu mánaðamót.

Þar við bætist, að afnám söluskattsins hefði sparað ríkissjóði veruleg útgjöld og tekjuafgangurinn því raunverulega orðið mun meiri en þetta.

Þetta sýnir mjög greinilega, að á þessu ári var innheimta söluskattsins algerlega óþörf.

Það, sem gert hefur verið á þessu ári, er því það að innheimta af almenningi og atvinnulífinu á annað hundrað millj. kr. fram yfir það, sem þurfti vegna afkomu ríkisins, og afleiðingin leynir sér ekki.

Fyrir nokkru síðan voru allir bæjarstjórar landsins saman komnir á fundi í Reykjavík til að leita eftir aðstoð hins opinbera vegna fjárhagserfiðleika bæjarfélaganna. Atvinnuleysið er orðið óþolandi böl í fjölmörgum bæjum og þorpum landsins. Inn á markaðinn hefur verið hrúgað miklu af erlendum varningi, sem hleðst upp í vörugeymsluhúsum, þurrkar upp fjármagnið, sem í umferð var, en selst ekki vegna síminnkandi kaupgetu.

Iðnaðurinn innlendi dregst svo saman, að í Reykjavík einni mun ófaglærðu iðn-

verkafólki fækka allt að helmingi á árinu. Útgerðarfyrirtæki stöðvast vegna lánsfjárskorts, þótt eigendur þeirra eigi sannanlega miklar eignir bundnar í stofnframlögum. Sama gildir um fjölmarga iðnrekendur. Bændurnir safna skuldum við kaupfélögin, sem aftur lenda í stórkostleg fjárhagsvandræði og greiðsluþrot.

Og kóróna þessa ástands er ríkissjóður með a. m. k. 120 millj. kr. tekjuafgangi. Nákvæmlega þessari sömu stefnu er haldið í afgreiðslu frumvarpsins. En það er einmitt af völdum þessarar stefnu, að nú er að skella yfir íslenzkt atvinnulíf verri kreppa en hin alræmda heimskreppa 1931. Það gerist, þótt nú séu afurðir okkar mjög auðseljanlegar á ágætu verði og framleiðslutæki eigum við betri og fullkomnari en nokkru sinni áður.

Það er því fyrst og fremst af þessum ástæðum, sem ég er andvígur afgreiðslu frumvarpsins í þeirri mynd, sem meiri hlutinn hefur gengið frá því.

Breytingartillögur mun ég flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. nóv. 1951.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 293. Viðaukatillaga [80. mál]

við brtt. á þskj. 254 (Tunnuverksmiðjur ríkisins).

Frá Áka Jakobssyni.

Aftan við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að hlutast til um, að keypt verði efni til tunnugerðar, er tryggi, að hægt verði að smíða að minnsta kosti 200 000 tunnur á næsta vetri í tunnuverksmiðjunum á Siglufirði og Akureyri.

Nd. 294. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Nefndin hefur ekki enn orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. hefur enn hvorki getað tekið afstöðu með því né móti, en ég legg hins vegar til, að frv. verði samþykkt.

Það hefur þegar bakað þjóðarbúinu tjón, er nemur hundruðum milljóna króna í erlendum gjaldeyri, að þetta frv. hefur enn ekki verið samþykkt. Hefði þetta frv. orðið að lögum í fyrra, þá mundi hafa verið framleiddur freðfiskur og aðrar útflutningsvörur í svo stórum stíl, að stórum hefði dregið úr því atvinnuleysi, sem nú hefur skapazt um land allt, og þjóðarbúið aflað sér erlendra vara og erlends gjaldeyris fyrir útflutningsafurðir, sem menn hafa ekki árætt að framleiða, af því að ekki var frelsi til að selja þær og kaupa vörur aftur í staðinn til að selja hér í samkeppni við aðra.

Tökum freðfiskinn sem dæmi. Þótt við Íslendingar hefðum látið togarana framleiða fyrir frystihúsin t. d. 10 þúsund smálestir af freðfiski á þessu ári, þá var hægt að selja allt það fiskmagn á framleiðsluverði án allrar uppbótar með báta-

gjaldeyri, ef menn fengju aðeins að kaupa inn vörur fyrir freðfiskinn og selja hér í samkeppni við aðra. Framleiðsla á 10 þúsund smálestum af freðfiski úr togurunum hefði skapað mikla vinnu á öllum þeim stöðum, sem hraðfrystihús hafa, jafnt Reykjavík, Ísafirði og annars staðar þar, sem atvinnuleysið hefur orðið tilfinnanlegt. Og 10 þúsund smálestir af freðfiski veittu þjóðarbúinu allt að 50 millj. króna í erlendum gjaldeyri eða jafnvirði hans í erlendum vörum.

Nú hefur hins vegar einokun ríkisstjórnarinnar á útflutningi og innflutningi og lánsfjárbann það, sem ríkisstjórnin hefur fyrirskipað bönkunum, tafið fyrir þessari nauðsynlegu framleiðslu- og atvinnuaukningu og valdið sáru böli um land allt.

Ríkisstjórnin hefur skapað neyðarástand víða um land með verzlunareinokun sinni og banni því, sem hún heldur uppi gegn því, að fólk fái að bjarga sér sjálft, fái að framleiða, flytja út og flytja inn án þess að þurfa að knékrjúpa einokunarklíku auðmanna í Reykjavík og skilningslausum skriffinnum þeirra um leyfi til að lifa og starfa.

Samþykkt þessa frv. væri spor í áttina til þess að rjúfa þann einokunarmúr, sem ríkisstjórnin hefur reist til að hindra sjálfsbjargarviðleitni almennings. Virðist sú harðvítuga einokun, sem ríkisstjórnin heldur dauðahaldi í, vera liður í hinni kerfisbundnu viðleitni hennar til að gera Íslendinga atvinnulausa og fátæka, eins og henni hefur drjúgum miðað með á síðustu árum, og virðist takmarkið vera að skapa hér þýlynda ölmusuþjóð, sem liggi á hnjánum, til að betla dollara af hrokafullum innrásarher.

Frv. þetta miðar að því að leyfa sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar, gefa Íslendingum rétt til að framleiða fisk og selja hann óáreittir fyrir nauðþurftir sínar. Því legg ég til, að frv. þetta sé samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1951.

Einar Olgeirsson.

Nd. 295. Breytingartillaga [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Í stað „8 árum“ í c-lið 2. tölul. kemur: 5 árum.

Sþ. 296. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

Enn hefur svo farið, að fjárveitinganefnd hefur tvíklofnað. Að nefndaráliti meiri hlutans standa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd. Fulltrúi Sósíalistaflokksins í nefndinni, Ásmundur Sigurðsson, gerir grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku áliti, og í eftirfarandi nefndaráliti geri ég nokkra grein fyrir afstöðu minni og Alþýðuflokksins til ýmissa ágreiningsatriða út af afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1952.

Síðan í októberbyrjun hefur fjárveitinganefnd unnið að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, og kemur það nú frá nefndinni til 2. umræðu svo tímanlega, að víst má telja, að afgreiðslu fjárlaga verði lokið fyrir jól. Er það eins og vera ber, því að vissulega er það ósæmilegt í lýðræðisríki að vera fyrst að hnoða saman fjárlögum, þegar langt er liðið á fjárhagsárið, sem þau eiga að gilda fyrir. Hefur þetta þó átt sér stað hér nokkur undanfarin ár.

Þegar hæstv. fjármálaráðherra lagði fjárlagafrumvarpið fyrir þingið í haust, voru rekstrartekjur ríkissjóðs áætlaðar 357 millj. 918 þús. kr., en rekstrarútgjöld 314 millj. 577 þús. kr. Áætlaður rekstrarafgangur var þannig röskar 43 milljónir króna. Hagstæður greiðslujöfnuður á sjóðsyfirliti var hins vegar ekki nema 4.1 millj. kr.

Engin gagnger breyting hefur orðið á þessum niðurstöðum frumvarpsins vegna aðgerða fjárveitinganefndar. Rekstrargjöld hafa hækkað um 9.8 milljónir króna vegna tillagna, sem samþykktar hafa verið í nefndinni, þegar gjaldalækkanir, er nefndin einnig samþykkti, hafa verið frá dregnar. Rekstrarafgangur á frumvarpinu er þá 33554633.00 kr., þegar nefndin skilar því til 2. umræðu. Hefur verið samkomulag í nefndinni um flestar þessara breytingartillagna, þótt margar tillögur hafi verið felldar fyrir minni hlutanum.

Skömmu eftir að nefndin tók til starfa, bar einn nefndarmanna (ÁS) fram tillögu um niðurfellingu söluskattsins, þar sem vinnubrögð nefndarinnar snertandi gjaldabálk frumvarpsins hlytu mjög að mótast af því, hvort reikna ætti með þessum tekjustofni ríkissjóðs á næsta ári eða ekki. Einnig var það kannað, hvort stuðningsmenn stjórnarinnar í nefndinni gætu fallizt á, að söluskattur yrði felldur niður á nauðsynjavörum og efnivörum til iðnaðar, en sá hófsamlegi meðalvegur virtist stjórnarsinnum engu girnilegri. Þannig sló stjórnarliðið í nefndinni allt skjaldborg um söluskattinn, og voru tillögur um niðurfellingu hans felldar gegn atkvæðum okkar Ásmundar Sigurðssonar.

Að öðru leyti fékkst meiri hluti fjárveitinganefndar ekki til að taka afstöðu til tekjubálks frumvarpsins að sinni, og hefur nú verið ákveðið að fresta því alveg til 3. umræðu.

Útgjöld á 10. grein hækka um fast að einni milljón króna. Verður ekki séð, að stjórnarráðið gangi á undan öðrum ríkisstofnunum og fyrirtækjum í sparnaðarátt. Undantekningarlítið fer rekstrarkostnaður ráðuneytanna stórhækkandi frá ári til árs. Þannig er áætlaður kostnaður við utanríkisráðuneytið 126 þús. kr. hærri en hann var samkvæmt ríkisreikningi ársins 1950, og kostnaður við dómsmálaráðuneytið 165 þús. kr. hærri en hann reyndist það ár. — Þarna sjá menn sem sé órækan vottinn um gróandi þjóðlíf. Sums staðar er að því vikið í athugasemdum fjármálaráðherra, að nokkur viðleitni hafi verið sýnd af ríkisstjórninni til að fækka starfsfólki í sparnaðarskyni. Þessu er þó a. m. k. ekki til að dreifa í stjórnarráðinu. Þar er nefnilega um ekki óverulega fólksfjölgun að ræða. Bætt er t. d. við einum fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu. Einnig er ákveðið, „að í fjármála- og félagsmálaráðuneytunum og forsætis- og menntamálaráðuneytunum verði fjölgað um fulltrúa í hverju ráðuneyti fyrir sig, er vinni hálfan daginn". Loks er bætt við á launaskrá viðskiptamálaráðuneytisins launum dr. Benjamíns Eiríkssonar, sem ráðinn hefur verið ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og viðskiptamálum.

Ekki gat ég fallizt á, að mikil þörf væri starfsmannafjölgunar, þar sem margt fólk er að störfum, ef hægt væri að komast af með hálfan mann í viðbót. Lagði ég því til í fjárveitinganefnd, að synjað væri um þessa umbeðnu „helminga" eða hálfs-dagsmenn í ráðuneytunum, en gegn þeirri tillögu minni greiddu allir stjórnarliðar, 7 að tölu, atkvæði sem einn maður. Hef ég á tilfinningunni, að þessi mannafjölgun í stjórnarráðinu sé ekki sprottin af brýnni nauðsyn heldur sé þar miklu fremur um eins konar pólitískar hallamælingar að ræða milli íhalds og framsóknar.

Þess skal þá jafnframt getið, að kostnaður við forsætisráðuneytið og við samgöngumálaráðuneytið er áætlaður nálega sá sami og hann reyndist árið 1950, og sýnir það, að hægt er, ef ráðdeildar er gætt og vilji er með, að sporna við þeirri

ofþenslu ríkisbáknsins, sem allt of víða setur annars svip sinn á þetta fjárlagafrumvarp.

Áætlað er, að endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins kosti á næsta ári 140 þús. kr. meira en 1950, og færi betur, að endurskoðun veitti því meira öryggi sem hún yrði dýrari.

Um utanríkismálin er það að segja, að kostnaður við þau fer hraðvaxandi. — Sendiráðið í Moskva þótti dýrt, sem vonlegt var. Tók það til sín 705 þús. kr. seinasta árið, sem það starfaði. Þetta ofbauð mörgum, og var það þá lagt niður. Nú er áætlað, að sendiráðið í Washington kosti á næsta ári 702800 krónur, og sendiráðið í París 741900 krónur, og öll hækka þau verulega. Samanborið við árið 1950 er aukinn kostnaður við sendiráðið í Stokkhólmi t. d. 108 þús. kr. og við sendiráðið í London 153 þús. Er kostnaðurinn við utanríkisþjónustuna nú orðinn hærri en hann var áður en sendiráðið í Moskvu var lagt niður.

Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins er áætlaður 650 þúsundir, og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum sama ráðuneytið auk þess 600 þús. kr. Hér við bætist svo kostnaður við alþjóðaráðstefnur og utanfarir á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins að upphæð 200 þús. kr. Enn er varið til ferðakostnaðar 170 þús. kr., og tillag Íslands til Atlantshafsbandalagsins er 260 þús. kr. — Mundi nú ekki vera gerlegt að draga eitthvað úr þessum kostnaði, t. d. með því að fela sendiherrum vorum samningagerðir og fá þeim umboð til að sitja á alþjóðaráðstefnum fyrir Íslands hönd oftar en gert hefur verið? Svo mikið er víst, að mörgum þykir þessi íburður sæma okkur illa, meðan ríkið telur sig ekki hafa efni á að sjá þúsundum atvinnuleysingja fyrir vinnu og allt of mikill hluti þjóðarinnar verður að búa í heilsuspillandi húsnæði vegna fáránlegrar „bannstefnu“ hæstvirtrar ríkisstjórnar í byggingarmálum.

Ekki hefur það vantað, að margt hafi verið fagurlega sagt í tíð núverandi stjórnar um nauðsyn þess að draga úr skriffinnsku og vexti skrifstofu- og ríkisbáknsins. En um árangurinn sýna verkin merkin.

Bæjarfógetaembættið í Reykjavík, sem á sínum tíma hafði aðeins örfáa menn í þjónustu sinni, er nú orðið að fjórum risavöxnum embættis- og skrifstofubáknum. Þar er fyrst að telja borgardómaraembættið í Reykjavík. Það hefur 11 starfsmenn, og er áætlað, að það kosti á næsta ári 480 þús. kr. Þá er næst borgarfógetaembættið, einnig með 11 starfsmenn, og er áætlað, að það kosti 455 þús. kr. á ári. Þriðja embættið, sem til varð upp úr bæjarfógetaembættinu gamla, er svo lögreglustjóraembættið í Reykjavík, með 12 menn á skrifstofu og kostar ca. 680 þúsundir. Það fjórða er svo sakadómaraembættið, og er það miklu mest. Þar eru 16 menn í þjónustunni, og er áætlað, að rekstrarkostnaður þess verði um 966 þús. kr. á árinu 1952. — Aftur gróandi þjóðlíf og mikill vöxtur á skömmum tíma.

Samtals kosta þessi fjögur embætti þá 2580000 krónur, og fer kostnaður við þau hækkandi um hundruð þúsunda ár frá ári.

Felld var tillaga frá okkur 5. landsk. (ÁS) um að draga nokkuð úr áætluðum kostnaði við þessi og ýmis önnur embætti, en samþykkt hennar hefði raunverulega þýtt fyrirmæli um skipulagsbreytingar og fækkun starfsmanna. Á það leizt stjórnarliðinu sem sagt ekki, og hefur meiri hluti fjvn. þannig lýst velþóknun sinni á útþenslu ríkisbáknsins, eða a. m. k. ekki treyst sér til að brjóta þar í blað og spyrna við fótum.

Eitthvert allra stærsta skrifstofubákn hér á landi er tollstjóraembættið í Reykjavík. Þar eru 67 starfsmenn, og er kostnaður við það á næsta ári áætlaður 2900000 krónur. Árið 1950 var kostnaður þessa embættis þó ekki nema 2100000 krónur, og hefur hann þannig hækkað um 800 þús. kr. síðan.

Tollgæzluna í Reykjavík annast svo auk þessa 40 menn, og er áætlaður kostnaður við það embætti 2134000 krónur samkv. frumvarpinu.

Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd, sýna, hvílíkur feikna ofvöxtur er hlaupinn í ríkisbáknið, og má öllum ljóst vera, að hjá því verður ekki komizt að stöðva

þann vöxt, ef ekki á illa að fara. Ber að harma það, að núverandi stjórn sýnist engan vilja hafa til þessa nauðsynjaverks.

Í viðtölum við ýmsa embættismenn, sem kallaðir voru á fund nefndarinnar, kom það í ljós, að ýmsir þeirra hafa fært starfsmenn milli launaflokka þvert ofan í ákvæði launalaga. Mun þetta þó í flestum tilfellum hafa gerzt með vitund og samþykki ráðherra. Einnig eru stórar upphæðir greiddar í sumum embættum fyrir aukavinnu, og skapar þetta allt slíka ringulreið og ósamræmi í launamálum opinberra starfsmanna, að raunar er ekki lengur til heil brú í launalögum og þeir starfsmenn freklega ranglæti beittir, sem af samvizkusemi fylgja enn þá ákvæðum þeirra.

Á fjárlögum þessa árs er fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju í Grundarfirði, 125 þús. kr. Þegar þingmenn stjórnarflokkanna samþykktu þessa fjárveitingu fyrir ári, var öllum kunnugt, **að þetta svonefnda hæli var ekki til,** enda er það ekki tekið til starfa enn. Nú er þó í annað sinn tekin í fjárl. 125 þús. kr. fjárveiting til vinnuhælis að Kvíabryggju. Þykir mér það furðu mikil djarftækni á fé úr ríkissjóði, að veita ár eftir ár fé úr ríkissjóði **til rekstrar** fyrirtækja, sem einhver tilkynnir, að hann hafi í hyggju að stofna til einhvern tíma í framtíðinni.

Ég bar fram tillögu í nefndinni um að fella þennan gjaldalið niður, en gegn því voru allar hendur stjórnarflokkanna á lofti þegar í stað. Kvíabryggjuhæli virðist þannig vera mikið hjartansmál stjórnarliðsins.

Landlæknisembættið er eitt þeirra fáu embætta, sem ekki fylgir hinni almennu risaþróun ríkisbáknsins um vaxandi kostnað og mannfjölda. Á ríkisreikningi 1950 var kostnaður við þetta embætti 93 þús. kr., og á þessu fjárlagafrumvarpi er áætlað, að það kosti ekki nema 110 þús. kr. Sýnir þetta vel, hvernig verið gæti umhorfs hér á landi, ef horfið væri frá þeirri stefnu, sem hér hefur ríkt um skeið og að því miðar, að annar hver Íslendingur verði skrifstofumaður.

Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa eru í frv. samtals aðeins 160 þús. kr. Verður óhjákvæmilegt að taka sjúkrahúsmálin almennt og aðstoð til sveitarfélaga vegna sjúkrahúsrekstrar til einhverrar úrlausnar, sem gagn er að, fyrir 3. umræðu. Virtist og vera meirihlutavilji fyrir því í fjárveitinganefnd.

Fjárframlög til vega, brúa og hafna fengust lítillega hækkuð í nefndinni. En felldar voru tillögur um nokkra verulega hækkun til brúa og hafna, sem þó má teljast óumflýjanlegt.

Rétt um það leyti, sem fjárveitinganefnd var að skila af sér frumvarpinu til 2. umræðu, fengust þær upplýsingar frá ríkisbókhaldinu, að flestir tekjuliðir gildandi fjárlaga hefðu farið stórkostlega fram úr áætlun. Þetta kom mér ekki á óvart. Ég vissi vel, að tekjuáætlunin var röng — miklu lægri en nokkur efni stóðu til — enda lagði ég til, er gengið var frá fjárlögum þessa árs, að tekjuáætlunin yrði hækkuð um tugi milljóna og væri þó allrar varfærni gætt.

Nú er sem sé auðsætt, að tekjur ríkissjóðs á þessu ári, 1951, munu fara a. m. k. **eitt hundrað og fimmtíu til eitt hundrað og sextíu milljónir króna fram úr áætlun.**

Ef hæstvirtur fjármálaráðherra fer ekki því meira fram úr fjárlagaheimildum um gjöld ríkissjóðs, virðist auðsætt, að tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári verði a. m. k. 110—120 millj. kr. Slíku fé hefur hvorki ráðherra né ríkisstjórn nokkra stjórnskipulega heimild til að ráðstafa. Það verður að gerast af Alþingi og engum aðila öðrum.

Hér við bætist, að einnig er nú upplýst, að fjárhagsráð hefur á þessu ári eitthvað á þriðju milljón króna í tekjuafgang, og gegnir sama máli með það sem umframtekjur ríkissjóðs, að ráðstöfunarrétt á því fé hefur Alþingi og enginn aðili annar.

Í þriðja stað benda allar líkur til þess, að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði ekki miklu lægri en á því yfirstandandi og megi því hækka tekjuáætlun þessa fjárlagafrumvarps allverulega.

Alþýðuflokkurinn hlýtur því að leggja til, að annað tveggja verði teknar ákvarðanir um **að lina á þeirri harðsvíruðu skattaáþján, sem virðist vera aðalburðarásinn í stjórnarsamstarfi íhalds og framsóknar,** eða þá að hækkaðar verði allverulega

fjárveitingar til verklegra framkvæmda ríkissjóðs, veittur aukinn stuðningur til atvinnu- og menningarmála og ákveðið að koma nauðstöddum sveitarfélögum til hjálpar, sem þau hafa sannað, að þeim sé allt að því lífsnauðsyn að fá.

Hugsanlegt væri þó einnig að fara að einhverju leyti báðar þessar leiðir, lækkun eða niðurfellingu skatta og veita jafnframt aukna aðstoð til framfara- og menningarmála.

Skattpíningarleiðin með söfnun of fjár til eigin ráðstöfunar ríkisstjórnar er undir öllum kringumstæðum forkastanleg leið, ólýðræðisleg og óþingræðisleg í senn og að öllu leyti óþolandi.

Flugmálin munu verða athuguð nánar af nefndinni fyrir 3. umræðu, og einnig bíða breytingartillögur nefndarinnar við 18. gr. 3. umræðu.

Samþykkt var að taka 100 þús. kr. fjárveitingu vegna menntaskólakennslu á Laugarvatni inn á 14. gr., en hins vegar var fellt að veita 35 þús. kr. til sams konar kennslu (einnar deildar) á Ísafirði. Sýnist svo sem ekki gæti fullrar sanngirni í slíkri mismunandi afstöðu til sams konar kennslu, þar sem ríkið kosti hana að öllu leyti á öðrum staðnum, en neiti að gera það á hinum. Mun ég bera fram tillögu þessu til leiðréttingar í þinginu.

Að síðustu skal það tekið fram, að ég mun bera fram breytingartillögu á sérstöku þingskjali, og mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Þá er rétt að geta þess, að ég er samþykkur miklum meiri hluta þeirra breytingartillagna, sem bornar hafa verið fram af háttvirtum meiri hluta nefndarinnar, svo langt sem þær ná.

Alþingi, 28. nóv. 1951.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 297. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (ÁkJ).

Nefndin hefur rætt þetta mál og ekki getað orðið sammála. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðis-, Framsóknar- og Alþýðuflokksins, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, ég undirritaður, leggur til, að frv. verði fellt.

Frv. þetta er flutt af formönnum þriggja flokka í þinginu, og virðist því fyrir fram samið um, að það skuli ná fram að ganga. Frv. felur í sér, að utanríkismálanefnd skuli kjósa 3 menn með hlutfallskosningu úr sínum hópi og jafnmarga til vara, er séu ríkisstjórninni til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingi. Þannig á 7 manna nefnd að kjósa úr sínum hópi 6 menn, sem eiga raunverulega að gegna þeim störfum, sem nefndinni er ætlað að inna af höndum. Þessir 6 menn eru kosnir í tvennu lagi, svo að tryggt sé alveg, að sósíalistar, sem hafa þingstyrk til þess að eiga einn mann í utanríkismálanefnd, séu útilokaðir frá að eiga mann í þessum 6 manna hópi. Þarna hafa flutningsmenn þannig fundið aðferð til þess að bægja fulltrúa Sósíalistaflokksins frá störfum í utanríkismálanefnd. Vafalaust eru flutningsmennirnir hreyknir af þessu uppátæki og telja sig geta náð sér niðri á Sósíalistaflokknum.

Flokkarnir þrír, sem standa að frv., hafa valið sér heitið lýðræðisflokkar, jafnframt því sem þeir hafa nefnt Sósíalistaflokkinn einræðisflokk. Á þessum grundvelli hefur verið rekinn magnaður og samhljóða áróður í blöðum allra flokkanna þriggja, sem að frv. standa. Ýmsir hafa lagt trúnað á þennan áróður og trúa því, að flokkar þeirra Ólafs Thors, Eysteins Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar séu

lýðræðisflokkar, en Sósialistaflokkurinn sé einræðisflokkur, og gegnir það þó furðu, hve rógsferðin gegn Sósialistaflokknum hefur lítinn árangur borið. Í rökstuðningi þeim, sem fylgir frv., og þeim fáu orðum, sem fyrsti flm. lét fylgja frv. við 1. umræðu í Nd., er ekki gerð tilraun til að rökstyðja frv. út frá því sjónarmiði, að það sé í samræmi við lýðræðishugsjónir þær eða reglur, sem flokkar þeir, sem að frv. standa, hafa mest státað af, að þeir fylgdu. Þingstyrkur Sósialistaflokksins veitir honum aðstöðu til að eiga einn mann af sjö í utanríkismálanefnd og þar með til að hafa málfrelsi og tillögurétt í nefndinni um utanríkismál. Ríkisstjórn er með lögum uppálagt að hafa samráð við utanríkismálanefndina og þar með að hlíta því, að fulltrúi Sósialistaflokksins beri fram tillögur um þau utanríkismál, sem rædd verða í nefndinni og reifi afstöðu sína til þeirra. Það er eitt af grundvallaratriðum lýðræðislegra stjórnarhátta, að ríkisstjórnin hlusti á tillögur og röksemdir stjórnarandstöðunnar. Það er hins vegar ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar á Alþingi í sjálfsvald sett, hvort og að hve miklu leyti ríkisstjórnin tekur tillit til tillagna eða röksemda Sósialistaflokkisns. Það er þjóðin, sem hefur veitt Sósialistaflokknum rétt til þess að koma fram skoðunum sínum og tillögum um utanríkismál í utanríkismálanefnd Alþingis. Með frv. þessu eru hins vegar þrír flokkar þingsins að bindast samtökum um að bola fulltrúa sósíalista í utanríkismálanefnd frá þeim rétti, sem þjóðin hefur veitt honum. Slíkt tiltæki er brot á öllu lýðræði, er skref í einræðisátt. Flokkarnir þrír, sem standa að þessu lýðræðisbroti, hafa eins og ég gat um áðan, sí og æ skreytt sig með hinu fagra orði lýðræði. En það er alltaf hæpið að dæma pólitíska flokka og stjórnmálamenn eftir orðum þeirra. Ef fólk vill kynnast eðli flokka og heiðarleik stjórnmálamanna, á það að fylgjast með gerðum þeirra. Frv. það, sem hér liggur fyrir, sýnir, að flokkarnir þrír, sem að því standa, lýðræðisflokkarnir eins og þeir sjálfir kalla sig, eru í reyndinni ekki meiri lýðræðisflokkar en það, að þeir geta ekki þolað það, að Sósialistaflokkurinn eigi einn fulltrúa í 7 manna utanríkismálanefnd, þrátt fyrir það þó þjóðin hafi í almennum frjálsum kosningum veitt flokknum umboð til þess. Þetta frv. lýsir því betur en langar blaðagreinar, hvers eðlis sú lýðræðisást er, sem forustumenn þessara flokka eru sýknt og heilagt að tjá. Frv. sýnir, að flokkarnir, sem að því standa, munu fótum troða og svívirða allar lýðræðisreglur, sem eitthvað eru þeim eða fyrirætlunum þeirra til trafala, ef þeir þora það fyrir þjóðinni.

Sósialistaflokkurinn hefur áður orðið að þola ranglæti af þessum sömu flokkum, er þeir hafa brotið lýðræðisreglur. Þegar flokkurinn var stofnaður, átti hann 4 fulltrúa á þingi. Þá var þvert ofan í lög og reglur lýðræðis og þingræðis, úrskurðað, að þessir 4 fulltrúar skyldu ekki teljast þingflokkur, og þeim þannig meinað að taka sem flokkur þátt í útvarpsumræðum frá Alþingi. Þegar finnsk-rússneska styrjöldin skall á, gerðu þessir þrír flokkar tilraun til að bola þm. Sósialistaflokksins út úr öllum þingstörfum. Slík dæmi mætti mörg nefna, þótt ekki sé hér fleira talið. Afleiðingar þessara einræðistilhneiginga hafa ekki orðið þær, sem upphafsmennirnir ætluðust til, heldur þveröfugar. Sósialistaflokkurinn hefur staðið þessar árásir af sér, haldið velli þrátt fyrir þær og eflzt.

Það verður ekki séð, að þeim 3 flokkum, sem standa að þessu frv., sé nauðsyn á, að mál þetta nái fram að ganga. Á bak við þá flokksformenn, sem flytja frv., standa 43 þingmenn, svo að ekki ætti núverandi stjórn, sem slíks stuðnings nýtur í öllum stórmálum, að þurfa að óttast það, þótt Sósialistaflokkurinn eigi einn fulltrúa í utanríkismálanefnd. Það virðist liggja einhver önnur ástæða til þess, að þetta frv. er flutt. Það mun vera fyrir áhrif erlendis frá, að formenn þriggja þingflokka flytja þetta frv. Sennilega er hér um að ræða einn lið í hinni hetjulegu baráttu lýðræðisins gegn einræðinu. Sú barátta hefur að vísu í þessu máli tekið á sig dálítið einkennilegt form. Flutningsmenn virðast vera þeirrar skoðunar, að öruggasta leiðin til að vernda lýðræði sé að afnema það. Það má segja, að þetta sé rökrétt hjá þeim lýðræðishetjum, sem flytja frv., því að ef þeim tekst smám saman að afnema allt lýðræði á Íslandi, þá ætti að vera fengin full trygging fyrir því, að ótætis komm-

únistunum tekst ekki að afnema það. Óneitanlega minnir frv. þetta á ýmsar lýðræðisaðgerðir í Bandaríkjum Ameríku og fylgiríkjum þeirra, og vafalaust er frv. þetta flutt að ósk Bandaríkjastjórnar eða til að þóknast henni. Bandaríkjastjórn getur sennilega ekki sætt sig við annað en að styrkþegar hennar hafist eitthvað að til „verndar" lýðræðinu, ef þeir eiga að vera þess verðugir að fá styrk áfram.

Sumum virðist það vafalaust skrýtið, að Alþýðuflokkurinn skuli standa að frv. þessu, en það er þó ekki. Alþýðuflokkurinn hefur verið og er í meginatriðum sammála núverandi ríkisstjórn. Formaður hans lýsti því yfir, að Alþýðuflokkurinn styddi utanríkisstefnu núv. stjórnar, þegar hún var mynduð. Það er vitað, að stefna ríkisstjórnarinnar í innanlandsmálum er í rauninni framkvæmd á skuldbindingum, sem núv. stjórn og ríkisstjórn Stefáns Jóhanns, formanns Alþýðuflokksins, hafa undirgengizt í samningum við Bandaríkin og fylgiríki þeirra. Alþýðuflokkurinn hefur staðið að öllum þeim samningum. Þannig stóð hann að Marshallsamningnum, sem fyrirskipaði gengislækkunina, lánsfjárstöðvunina, samdrátt veltufjár þjóðarinnar og hvers konar kjaraskerðingu til þess að eyða kaupmætti almennings. Það að Alþýðuflokkurinn er ekki í stjórn núna, er nánast slys, sem stafar af kjósendahræðslu forustumanna hans. En þrátt fyrir það þó Alþýðuflokkurinn sé utan við stjórn, er hann óðfús í að sýna núverandi stjórn stuðning sinn, í hverju því máli, sem hann þorir að sýna lit í. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra. Við flutning frv. sýnir formaður Alþýðuflokksins líka það, sem oft hefur komið fram hjá honum áður, að hann tekur lýðræðishugsjónina ekki of alvarlega.

Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að frv. verði felld.

Alþingi, 28. nóv. 1951.

Áki Jakobsson.

Sþ. 298. Breytingartillaga [80. mál]

við brtt. á þskj. 254 (Tunnuverksmiðjur ríkisins).

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Einnig leggur Alþingi fyrir ríkisstjórnina að hlutast til um, að hið bráðasta verði byggð tunnugeymsla við tunnuverksmiðjuna á Akureyri og gerðar aðrar þær umbætur á verksmiðjunni, sem nauðsynlegar eru.

Nd. 299. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Á undan greininni kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

   2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

   Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 3.5 millj. kr. á ári árin 1952—1956.

2. Við 4. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi.
Ríkisstjórninni er heimilt að greiða landnámssjóði af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 þá 1 millj. kr. af lögbundnu framlagi ríkissjóðs, er frestað var greiðslu á samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Sþ. 300. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 og við brtt. á þskj. 291.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við brtt. 291, 8. 37. (Við 13. gr. A. II. a. — Nýir akvegir).
Aftan við orðið „Bíldudalsvegur“ bætist: Arnarfjarðarmegin.
2. Við brtt. 291, 10. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir).
a. Við 10. Liðurinn orðist svo:
Víðidalsá nálægt Víðidalstungu 75 000
b. Við 15. Liðurinn fellur niður.
3. Við 16. gr. B. 3. (Alþjóðahafrannsóknir).
Fyrir „30 719“ kemur 35 445
4. Við 16. gr. B. 6. (Alþjóðahvalveiðaráð).
a. Fyrir „6 820“ kemur 6 855
b. Nýr liður:
Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum 6 000

Nd. 301. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 150 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

2. gr.

Fyrir orðin „þriðja hvert ár“ í 1. málsl. 10. gr. laganna komi: ár hvert.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og gefa þau út þannig breytt.

Greinargerð.

Þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, Gísli Guðmundsson, sendi landbúnaðarnefnd erindi sýslufundar þeirrar sýslu, sem fer fram á, að hækkuð verði verðlaun fyrir unnin hlaupadýr (refi). Nefndin hefur rætt þetta mál og telur sanngjarnt, að hækkuð verði nokkuð þau verðlaun, sem lögin ákveða fyrir unnin meindýr, refi og minka,

þar sem verðgildi peninga hefur fallið síðan lögin um eyðingu dýra þessara voru sett og einnig með tilliti til þess, hve mikil nauðsyn er á að eyða þessum dýrum.

Af sömu ástæðu telur nefndin rétt að breyta ákvæðinu um eitrunarskyldu, þannig að í stað þess að lögin fyrirskipa nú eitrun þriðja hvert ár, skuli skylt að eitra árlega, þar sem telja má, að rækileg eitrun árlega sé öruggasta ráðið til þess að firra bændur tjóni af vargi þessum.

Sþ. 302. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um landhelgisgæzlu á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir um leigu á vélskipi, er annist landhelgisgæzlu og aðstoði fiskibáta, ef með þarf, á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes á komandi vetrarvertíð (jan.—maí).

Greinargerð.

Í febrúarmánuði s. l. var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun um aukna landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta verði hagað þannig, að veiðisvæði, sem mjög mikil þörf er á að vernda, svo sem svæðin umhverfis Snæfellsnes og á Breiðafirði, fái nauðsynlega gæzlu. Skal fyrst og fremst lögð áherzla á að framkvæma þetta með þeim skipastóli, sem nú starfar við landhelgisgæzluna, en takist það ekki, verði skip leigt, eftir því sem þörf er á.“

Þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis í þessu efni virðast engar jákvæðar tillögur koma fram frá þeim aðilum, sem hafa þessi mál með höndum, um að bátur skuli leigður yfir vetrarmánuði (jan.—maí) til landhelgisgæzlu og aðstoðar við fiskibáta við Snæfellsnes og á Breiðafirði.

Þegar þess er gætt, hve miklu fé ríkissjóður ver árlega til landhelgisgæzlu og til björgunarstarfsemi fyrir fiskibáta, virðist með öllu óverjandi, að veiðisvæðin við Snæfellsnes og á Breiðafirði séu að mestu gæzlulaus, eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum. Útvegsmenn og sjómenn hafa þráfaldlega fært fram kvartanir sínar yfir ágangi botnvörpuskipa á miðum línubátanna og óskað eindregið eftir því, að bátur yrði leigður yfir vetrarvertíðina til að hafa gæzlu á hendi. Þá er og vitað, að mjög algengt er, að botnvörpuskipin valdi línubátunum stórkostlegu tjóni á veiðarfærum.

Af framangreindum ástæðum hef ég talið rétt að bera fram þessa tillögu til þingsályktunar.

Nd. 303. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um lánasjóð stúdenta.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jónasi Rafnar.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 500000 kr. á ári í 20 ár frá stofnun sjóðsins og ábyrgist jafnframt 500000 kr. lán til 18 ára, sem sjóðnum er heimilt að taka á þeim tíma, sem styrkurinn er veittur.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

Ed. 304. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um skógræktardag skólafólks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á tveim fundum. Hún hefur og sent það skógræktarstjóra og fræðslumálastjóra til umsagnar. Bréf þeirra eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.
   Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuaðstöðu.
   Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.
2. Við 2. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „og má þá“ komi: Mega þá stjórnendur skóla.
4. Við 4. gr. Á eftir orðunum „er skógræktarstjóri semur“ komi: í samráði við fræðslumálastjóra.

Alþingi, 29. nóv. 1951.

Páll Zóphóníasson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Finnbogi R. Valdimarsson.
Sig. Óli Ólafsson. Þorst. Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

SKÓGRÆKT RÍKISINS

Reykjavík, 16. nóv. 1951.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp þeirra Hannibals Valdimarssonar og Haralds Guðmundssonar um heimild til að ákveða skógræktardag fyrir skólafólk.

Ég geri ekki ráð fyrir, að slík heimild og sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði almennt notuð fyrr en nægilega margir kennarar kunni nóg til gróðursetningarstarfa, en á slíkt hefur mjög skort. Nú hefur verið reynt að bæta úr slíku með námskeiðum fyrir kennaraefni, og verður sjálfsagt áframhald á því næstu árin. Innan nokkurra ára munu því margir kennarar geta leiðbeint um gróðursetningu. Ef áhugi og kunnátta kennara reynist vel, er árin líða, má án efa hafa mikið gagn af þessu frumvarpi, ef að lögum verður. Þessari heimild mun ekki unnt að beita, nema vilji kennara sé nægur og þeir óski, að henni verði beitt.

Þau börn, sem hverfa úr skólum fyrir skógræktardaginn, hljóta að verða undanþegin gróðursetningarskyldu, því að takmarkið með þessu frumvarpi er auðvitað fyrst og fremst að kenna börnum handtök við gróðursetningu, svo að þau geti staðið að því verki síðar, en ekki til þess að fá ódýran vinnukraft. Enda hefur þetta starf í Noregi sýnt, að það eru uppeldisáhrifin af starfinu, sem mega sín mest. Af þeim ástæðum má ekki leggja mikið upp úr vinnu barna í barnaskólum. Unglingaskólarnir geta hins vegar afkastað töluverðu verki, einkum ef unglingarnir hafa komið að því áður í barnaskólunum.

Um 3. gr. frumvarpsins vil ég taka fram, að hún snertir ekki skóggræðsluna og er því utan míns verkahrings. En hins vegar er ekki óeðlilegt að börnum og unglingum sé kennt að laga til umhverfis byggð ból, og veitir sannarlega ekki af því víðast hvar um land allt.

Að öðru leyti mun ekki ástæða til að segja fleira um þetta, en ég tel, að þetta frumvarp geti orðið skógræktarstarfseminni í landinu til góðs, er fram líða stundir, ef það verður að lögum.

Með virðingu.

Hákon Bjarnason.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. nóvember 1951.

Vegna frumvarps til laga á þingskj. 172 um skógræktardag skólafólks, sem landbúnaðarnefnd Ed. sendi hingað til umsagnar 14. þ. m., skal tekið fram, að ég tel efni þess og tilgang í fullu samræmi við störf skólanna og stefnu skólamanna um aukið verklegt nám og lifrænt skólastarf.

Allmargir skólar hafa þegar tekið upp skógræktardag — eða daga — og hefur sú nýbreytni gefizt vel. Þar eð frumvarpið gerir ráð fyrir náinni samvinnu við stjórnendur skólanna um þennan dag, tel ég, að vart muni þurfa að óttast, að „skógræktardagur“ þurfi að tefja fyrir því, að kaupstaðabörn komist til sumardvalar í sveit.

Ég leyfi mér aðeins að benda á til athugunar, hvort eigi væri rétt, m. a. til þess að sýna eðlilega aðild fræðslumálastjórnarinnar að þessu máli, að í 4. gr. væri þess getið, að reglugerð um skógræktardag skyldi skógræktarstjóri semja í samráði við fræðslumálastjóra.

Ég mæli eindregið með því, að umrætt frumvarp verði að lögum.

Helgi Elíasson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 305. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 36. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (37. gr.) Heimilt er hrossaræktarfélögum að mynda með sér samband til þess sameiginlega að vinna að hrossakynbótum á sambandssvæðinu, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
   1. Að sambandið nái yfir minnst 10 hreppa og þátttakendur eigi minnst 1000 hryssur.
   2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

b. (38. gr.) Hrossaræktarsambönd, sem mynduð verða samkvæmt lögum þessum, geta árlega notið aukastyrks á hvern stóðhest, sem þau eiga og nota eða hafa á leigu, að upphæð kr. 250.00 á hvern. Styrkur þessi skal lagður í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn.

Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og samþykki hans fyrir skiptunum liggi fyrir.

Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern.

Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í búfjárræktarlögunum frá 1948 er ekki gert ráð fyrir, að stofnuð séu sambönd hrossaræktarfélaga á stóru svæði, sem hafi það að starfi að kynbæta hrossastofninn.

Eitt slíkt samband var þó stofnað árið 1949 á sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. Vinnur sambandið að skipulögðum kynbótum hrossa innan félagssvæðis síns.

Þegar sambandið var stofnað, lögðu hrossaræktarfélög þau, er þátttakendur gerðust, fram fé til kaupa á stóðhestum. Nægði framlagt fé til kaupa á níu hestum, en þar að auki tók sambandið tvo hesta á leigu. Eru þetta allt, nema einn sem er 4 vetra, tamdir og reyndir kynbótahestar, 5 gæðingar og 5 dráttarhestar.

Verð á völdum stóðhestum er nú mjög hátt, allt að 6—10 þús. kr. Verður því erfitt fyrir slík félagasambönd sem hér um ræðir að endurnýja stóðhestastofninn án þess að njóta styrks. En veittur styrkur í þessu skyni stuðlar að fjölgun góðra hesta — reiðhesta og dráttarhesta — og er eftirspurn eftir báðum flokkum.

Í frumvarpi þessu er styrkupphæðin miðuð við, að hún nægi til að endurnýja hvern stóðhest á sem næst 10 ára fresti. Þykir það hæfilegt, þar sem gert er ráð fyrir að kaupa aðeins tamda og reynda hesta.

Sþ. 306. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

1. Við 10. gr. III. 11. (Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum utanrrn.).
   Í stað „600 000“ kemur 400 000
2. Við 10. gr. III. 14. (Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra).
   Í stað „200 000“ kemur 100 000
3. Við 11. gr. A. 10. c. (Vinnuhæli að Kvíabryggju).
   Liðurinn fellur niður.

4. Við 14. gr. B. XIII. 6. (Bygging barnaskóla og skólastjóraíbúða).
   Fyrir „2 200 000“ kemur 3 500 000
5. Við 14. gr. B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
   Fyrir „600 000“ kemur 800 000
6. Við 15. gr. A. X. (Listamannalaun).
   Aftan við liðinn bætist:
   Á upphæð þessa skal greidd verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.
7. Við 15. gr. A. XX.. Nýr liður:
   Til endurskoðunar á dansk-íslenzkri orðabók Freysteins Gunnarssonar 25 000
   Til vara 15 000
8. Við 15. gr. A. XXI. 13. Nýr liður:
   Til Bandalags íslenzkra leikfélaga 30 000
9. Við 16. gr. D. VI. (Lán til dieselrafstöðva).
   a. Við a. Fyrir „500 000“ kemur 600 000
   b. Við b. Fyrir „150 000“ kemur 300 000
10. Við 16. gr. D. XI. 6. Nýr liður:
    Til að leita að heitu vatni í landi Siglufjarðarkaupstaðar gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 10 000
11. Við 17. gr. 30. Nýr liður:
    Til atvinnu- og framleiðsluaukningar 10 000 000
12. Við 17. gr. 37. (Tillag til Evrópuráðsins).
    Liðurinn fellur niður.
13. Við 17. gr. 40. (Til Atlantshafsbandalagsins).
    Liðurinn fellur niður.

Sþ. 307. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1. Við 2. gr. 17. (Söluskattur).
   Liðurinn falli niður.
2. Við 22. gr. XII. Nýr liður:
   a. Að verja af tekjuafgangi áranna 1950 og 1951:
      1. Allt að 40 milljónum króna, er lánaðar verði til byggingar íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum og sveitum. Þar af allt að 15 milljónum kr. til bygginga í sveitum, allt að 15 milljónum kr. til verkamannabústaða og allt að 10 milljónum kr. til smáíbúða og íbúðarhúsnæðis, er bæjarfélög byggja.
      2. Allt að 15 milljónum króna til byggingar heilbrigðisstofnana, svo sem héraðssjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, — og til stækkunar geðveikrahælisins á Kleppi og byggingar fávitahælis allt að 16 milljónum króna.
      3. Allt að 20 milljónum króna til greiðslu á vangreiddum framlögum ríkisins lögum samkvæmt vegna hafna, skóla og sjúkrahúsa, miðað við árslok 1951.
      4. Allt að 10 milljónum króna til kaupa á 4 nýjum dieseltogurum til atvinnujöfnunar í landinu.
   b. Að lána af tekjuafganginum allt að 9 milljónum króna til byggingar fiskiðjuvera á Ísafirði, Siglufirði og Hornafirði.

Sþ. **308. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 og við brtt. á þskj. 291.

I. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 12. gr. XI. Nýr liður:
Til heilbrigðisstofnana í Hafnarfirði 500 000

II. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni, Gunnari Thoroddsen* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við brtt. 291, 8. 150. (Við 13. gr. A. II. a.) Nýr liður:
Austurvegur 1 500 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við brtt. 291, 12. 5. (Við 13. gr. A. VI. — Ræktunarvegir, Hrísey).
Fyrir „4 000“ kemur 8 000

IV. Frá *Emil Jónssyni.*
1. Við 13. gr. C. VI. (Vitamál og hafnargerðir, áhöld).
Fyrir „550 000“ kemur 850 000
2. Við brtt. 291,14. 3. (Við 13. gr. C. VIII. — Hafnarfjörður).
Fyrir „220 000“ kemur 400 000

V. Frá *Andrési Eyjólfssyni.*
1. Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til kirkjubyggingar í Borgarnesi 50 000
2. Við 14. gr. B. XIV. 6. Nýr liður:
Til Egilsgarðs á Borg á Mýrum 10 000

VI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Magnúsi Jónssyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XXVI. Nýr liður:
Til dr. Sveins Bergsveinssonar til rannsókna á íslenzkri hljóðsögu og framburði í íslenzku 15 000

VII. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 13. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „4 500“ kemur 13 000
Til vara 8 000

VIII. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 21. Nýir liðir:
a. Til bókasafns Dalvíkur 1 500
b. Til bókasafns Hríseyjar 1 500

IX. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Emil Jónssyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 15. gr. A. XXI. 1. Nýr liður:
Til Bandalags íslenzkra leikfélaga 20 000
Til vara 15 000

X. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við brtt. 291,41. b. (Við 15. gr. A. XXIV.). Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar, til söngnáms 8 000

XI. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XXXI. Nýir liðir:
a. Til minningarlundar Jónasar Hallgrímssonar í Öxnadal .. 5 000
b. Til minningarlundar Jóns Arasonar við Grýtu 5 000

XII. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 15. gr. B. VII. 2. (Sjómælingar, annar kostnaður).
Fyrir „175 000“ kemur 250 000

XIII. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 291,66. b. (Við 17. gr. 19. — Heimilisiðnaðarfélag Íslands).
Fyrir orðið „leiðbeiningar“ kemur leiðbeiningarstarfsemi.

XIV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Bjarnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Gunnari Thoroddsen, Jónasi Árnasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða Finni Jónssyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

XV. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er stjórn Íslenzk-dansks orðabókarsjóðs tekur fyrir hönd sjóðsins til þess að láta ljósprenta orðabók Sigfúsar Blöndals.

XVI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir h/f Skipanaust vegna dráttarbrautar og skipasmíðastöðvar allt að 6 millj. kr. lán (sbr. fjárl. 1949 22. gr. XXXIV.).

XVII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja í samráði við vitamálastjóra fé til að ljúka viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á mannvirkinu 10. des. 1950.

Ed. 309. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við VII. 36. (Grindavík). Í stað „Kálfatjarnarsóknir“ komi: Kirkjuvogssóknir.
   b. Við VII. 37. (Útskálar). Í stað „Hvalsness- og Kirkjuvogssóknir“ komi: og Hvalsnesssóknir.
   c. Við VII. 39. (Hafnarfjörður). Í stað „og Bessastaðasóknir“ komi: Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
   d. Við VIII. Fyrri málsliður orðist þannig:
   42.—48. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu vera sjö prestar.
   e. Við XI. 60. (Setberg). Í stað „Setbergssókn“ komi: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir.
   f. Við XI. 61. (Stykkishólmur). Í stað „Bjarnarhafnar-“ komi: Breiðabólstaðar-.

g. Við XII. 62. (Kvennabrekka). Í stað „Breiðabólstaðarsóknir“ komi: Hjarðarholtssóknir.
h. Við XII. 63. (Hvammur). Í stað „Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir“ komi: Staðarfells- og Dagverðarnessóknir.
i. Við XII. 64. (Staðarhólsþing). Í stað „Skarðs- og Dagverðarnessóknir“ komi: og Skarðssóknir.

2. Við 3. gr. Í stað „4000“ komi: 5000.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Ed. 310. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

I. Við 1. gr.
1. Við I. 2. (Hof). Í stað „og Vopnafjarðarsóknir“ komi Vopnafjarðar- og Möðrudalssóknir.
2. Við I. 3. (Hofteigur). Liðurinn orðist svo:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Sleðbrjótssóknir. Prestssetur: Kirkjubær.
3. Við I. 5. (Eiðar). Liðurinn falli niður.
4. Við I. 6. (Desjarmýri). Í stað „og Húsavíkursóknir“ komi: Húsavíkur- og Hjaltastaðarsóknir.
5. Við II. 8. (Vallanes). Í stað „og Þingmúlasóknir“ komi: Þingmúla- og Eiðasóknir
6. Við II. 9. (Mjóifjörður). Liðurinn falli niður.
7. Við II. 10. Liðurinn orðist svo:
Norðfjörður. Norðfjarðar- og Brekkusóknir. Prestssetur í Neskaupstað.
8. Við III. 15. (Bjarnanes). Í stað „og Stafafellssóknir“ komi: Stafafells- og Brunnhólssóknir.
9. Við III. 16. Liðurinn orðist svo:
Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir. Prestssetur: Kálfafellsstaður.
10. Við III. 17. (Hof). Liðurinn fellur niður.
11. Við IV. 18. (Prestsbakki). Liðurinn orðist svo:
Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær). Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
12. Við V. 23. (Breiðabólstaður). Í stað „og Hlíðarendasóknir“ komi Hlíðarenda og Stórólfshvolssóknir.
13. Við V. 24. (Oddi). Í stað „Stórólfshvols- og Keldnasóknir“ komi: Keldna-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
14. Við V. 25. (Kirkjuhvoll). Liðurinn fellur niður.
15. Við V. 26. (Fellsmúli). Í stað „og Marteinstungusóknir“ komi: Marteinstungu- og Kálfholtssóknir.
16. Við VI. 30. (Mosfell). Í stað „og Búrfellssóknir“ komi: Búrfells- og Úlfljótsvatnssóknir.
17. Við VI. 31. (Þingvellir). Liðurinn falli niður.
18. Við VII. 40. Liðurinn orðist svo:
Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Viðeyjar- og Þingvallasóknir.
19. Við VII. 41. (Reynivellir). Í stað „og Saurbæjarsóknir“ komi: Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
20. Við XIII. 65. Liðurinn orðist svo:
Flatey. Flateyjarsókn. Prestssetur í Flatey.

21. Við XIII. 67. (Brjánslækur). Í stað „og Hagasóknir“ komi: Haga- og Skálmarnesmúlasóknir.
22. Við XIV. 71. (Hrafnseyri). Liðurinn falli niður.
23. Við XIV. 72. (Þingeyri). Í stað „og Hraunssóknir“ komi: Hrauns,- Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
24. Við XV. 77. (Ísafjörður). Í stað „og Hnífsdalssóknir“ komi Hnífsdals- og Eyrarsóknir.
25. Við XV. 78. (Ögurþing). Liðurinn falli niður.
26. Við XV. 79. (Vatnsfjörður). Í stað „og Unaðsdalssóknir“ komi: Unaðsdals- og Ögursóknir.
27. Við XVIII. 94. (Hólar). Í stað „og Hofstaðasóknir“ komi: Hofstaða- og Hofssóknir (Hofsós).
28. Við XVIII. 95. (Hofsós). Liðurinn falli niður.
29. XVIII. 96. (Barð). Í stað „og Knappsstaðasóknir“ komi: Knappsstaða- og Fellssóknir.
30. Við XIX. 100. (Vellir). Í stað „og Upsasóknir“ komi: Upsa-, Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
31. Við 101. (Hrísey). Liðurinn fellur niður.

II. Við 2. gr. Á eftir orðunum „formönnum safnaðarnefnda“ bætist: og safnaðarfulltrúum.

III. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Flatey á Breiðafirði, Sauðlauksdal, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu ...

Ed. 311. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr.

1. Við VI. 28. (Hruni). Fyrir liðinn koma tveir liðir, þannig:
   a. *Skarð.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. Prestssetur: Skarð.
   b. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir. Prestssetur: Hruni.
2. Við VI. 32. (Hraungerði). Fyrir orðin „Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir“, kemur: Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.

Nd. 312. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið allýtarlega á mörgum fundum, fengið um það umsagnir tryggingarfélaga og bifreiðaeigenda og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.

Alþingi, 30. nóv. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form. Emil Jónsson, frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr.
Áki Jakobsson. Jónas G. Rafnar.

Ed. 313. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur haldið nokkra fundi um málið og kvaddi á sinn fund í sambandi við afgreiðslu þess þá Pálma Hannesson rektor, Ingimar Jónsson skólastjóra, Freystein Gunnarsson skólastjóra Kennaraskólans og þá Helga Þorlaksson og Guðmund Þorlaksson fyrir hönd Landssambands framhaldsskólakennara.

Öllum þessum aðilum kom saman um, að rétt væri að lögfesta meginefni frumvarpsins, en jafnframt voru menn nokkurn veginn á eitt sáttir um það, að gera þyrfti á frumvarpinu nokkrar minni háttar breytingar.

Það er t. d. ekki talið heppilegt í framkvæmd að veita þeim, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, forréttindi til kennslu í íslenzku, nema þar sem kennsla á unglingastiginu hefur verið skilin frá barnaskólunum í framkvæmd. Bæði er það, að kennsla á unglingastiginu fer víða um land fram í beinu sambandi við barnaskólana og eins er erfitt að koma við aðgreindri fagkennslu í hinum smærri framhaldsskólum. Af þeirri ástæðu þykir heldur ekki rétt að krefjast þess, að íslenzkufræðingar séu ráðnir til kennslu í framhaldsskólum, nema kennsla í sérfræðigreinum þeirra nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða ætlunin sé að ráða sérstakan kennara til starfsins.

Þá þykir ekki rétt, að þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi, njóti forréttinda umfram þá kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófum við erlenda kennaraháskóla. Þykir ekki nema sjálfsagt að halda opinni þeirri leið fyrir reynda kennara, sem auka vilja menntun sína eftir lengri eða skemmri starfstíma við kennslustörf.

Að lokum var svo nefndin og þeir aðilar allir, er hún ræddi málið við, sammála um, að ekki mættu lög þessi á nokkurn hátt skerða réttindi þeirra manna, sem hlotið hafa kennararéttindi, er lögin taka gildi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög nr. 84/1936 (2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1911) orðist svo:
   Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu og íslenzkum bókmenntum við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarstarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. gr. laga nr. 36/1911 komi ný málgrein, 3. málsgrein, svofelld:
   Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

3. Á eftir 2. gr. koma tvær nýjar greinar svo hljóðandi:
   a. (3. gr.) Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi skv. 1. og 2. gr. þessara laga að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.
   b. (4. gr.) Lög þessi skerða þó á engan hátt kennsluréttindi þeirra manna, sem hafa hlotið kennararéttindi, þegar lögin taka gildi.

Alþingi, 30. nóv. 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form. Hannibal Valdimarsson, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson. Brynjólfur Bjarnason.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 7. nóv. 1951.

Samkvæmt beiðni háttv. menntamálanefndar efri deildar Alþingis hefur stjórn Landssambands framhaldsskólakennara íhugað allrækilega frv. til laga um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin.

Lagabreytingin frá 1936 var svo hljóðandi:

„Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraprófi í ísl. fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi eða sérstakur kennari er tekinn til starfsins."

Aðalbreytingin, sem 1. gr. téðs frv. gerir ráð fyrir, er því sú, að skv. henni skulu íslenzkufræðingar hafa — að öðru jöfnu — forgangsrétt til allrar kennslu í umræddum greinum við framhaldsskóla, enda fullnægi þeir að öðru leyti kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla.

Það er sjálfsagt, að menntun og starfsreynsla skuli ráða mestu um stöðuveitingar í kennarastétt sem annars staðar, en hins vegar er hæpið, að smáskólar, þar sem fagkennslu verður ekki komið við, geti framfylgt ákvæðum þessarar frumvarpsgreinar, ef að lögum yrði. Auk þess er vitað, að við ýmsa hinna stærri gagnfræðaskóla, t. d. hér í Reykjavík, þykir bekkjarkennsla í einstökum deildum unglingastigs mun heppilegri en fagkennsla, þótt henni mætti annars beita þar vegna stærðar skólanna. Virðist stjórn L. S. F. K. nauðsynlegt, að tryggt verði í frumvarpinu, að slíkum eðlilegum starfsháttum verði ekki raskað, þótt téður forgangsréttur sé veittur.

Þá þykir stjórn L. S. F. K. rétt, að svipuð forgangsréttindi verði veitt þeim, er lokið hafa fullnaðarprófum í öðrum kennslugreinum, t. d. við erlenda kennaraskóla. Eðlilegt virðist að halda opinni slíkri leið fyrir reynda kennara, sem vilja auka menntun sína að loknu kennaraprófi og kennslustarfi.

Hins vegar telur stjórn L. S. F. K. orðið augljóst, að nauðsyn sé samræmdrar löggjafar um kennsluréttindi. Í einstökum köflum fræðslulaga eru ákvæði um menntunarkröfur, sem gerðar eru til kennara, en ljóst er, að þar gætir þegar nokkurs misræmis, og eykst það að sumu leyti við samþykkt þessa frumvarps. Af þeim sökum hefði sambandsstjórnin talið æskilegast, að háttvirt menntamálanefnd hefði beitt sér fyrir skipun nefndar til að semja frv. til laga um kennsluréttindi, þar sem m. a. hefðu verið tryggð þau eðlileg forréttindi, sem frv. þetta mun ætlast til.

Stjórn L. S. F. K. leyfir sér enn fremur að benda á, að slík lagasetning um kennsluréttindi er nú sérstaklega tímabær, þegar vænta má allmikilla breytinga á kennaraskólanum vegna nýrrar löggjafar, sem nú er að koma þar til framkvæmda, og betri starfsskilyrða, sem þeim skóla verða væntanlega tryggð innan skamms. Enn fremur

var á þessu ári gerð sú breyting á reglugerð háskólans, að B.A.-deildin mun veita stúdentum, sem þess óska, fræðilega og verklega menntun, svo að þeir geti gerzt kennarar við framhaldsskóla.

Með þessu er sýnt, að innan skamms verður auðveldara en áður að tryggja skólum vel menntaða kennara, og er þá heppilegast, að bundið sé í einum lögum, hverjar menntunar- og starfskröfur eru gerðar til kennara við hvert skólastig, skólastjóra o. s. frv.

Stjórn L. S. F. K. væntir þess fastlega, að háttvirt menntamálanefnd treysti sér til að hrinda þessu máli af stað, t. d. með flutningi þingsályktunartillögu. Telji háttvirt menntamálanefnd samt eðlilegt að samþykkja umrætt lagafrumvarp, leyfir stjórn landssambandsins sér að óska þess, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frv.:

Við 1. gr.

Á eftir orðunum: „... sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé“, komi: þegar kennsla í þessum greinum nemur a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari er ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla og menntaskóla, sem eru gerðar í lögum.

2. gr. orðist svo:

Þeir, sem hafa lokið B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigs og sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla (eða menntaskóla), sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki mönnum þeim, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og öðrum þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að.

3. gr. (ný grein):

Sé um að ræða kennarastöðu í tveim eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi skv. 1. og 2. gr. þessara laga að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.

4. gr. (ný grein):

Lög þessi skerða þó á engan hátt réttindi þeirra manna, sem hafa hlotið kennararéttindi, er lögin taka gildi.

Virðingarfyllst.

Fyrir Landssamband framhaldsskólakennara

Helgi Þorláksson formaður. Helgi Tryggvason ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 22. nóv. 1951.

Varðandi breytingartillögur háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis við frumvarp til laga um embættisréttindi kandidata frá Háskóla Íslands, sem sendar hafa verið heimspekideild til umsagnar af háttvirtu menntamálaráðuneyti, vill deildin taka þetta fram:

1) Það hefur að sjálfsögðu aldrei verið til þess ætlazt, að væntanleg gildistaka frumvarpsins skerði rétt kennara til núverandi stöðu þeirra. Deildin er því samþykk viðaukagrein þeirri, sem lagt er til að verði 4. grein, en telur þó heppilegra

að orða hana þannig: „Lög þessi skerða á engan hátt rétt kennara til þeirrar stöðu, sem þeir gegna, er lögin öðlast gildi.“

2) Deildin er samþykk viðaukagrein þeirri, sem lagt er til að verði síðasta málsgrein 2. greinar, en telur þó skýrara að skjóta inn orðunum „í viðkomandi greinum“, svo að málsgreinin orðist þannig: „Þá standa B.A.-prófs menn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi í viðkomandi greinum frá erlendum kennaraháskólum.“

3) Deildin er mótfallin því, að næstsíðasta málsgrein 2. greinar, um B.A-prófs menn, orðist svo: „Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og öðrum þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að“, heldur standi óbreytt upphaflegt orðalag frumvarpsins: „Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa fullnaðarprófi við erlenda háskóla í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að.“ Virðist varhugavert að skipa B.A.-prófs mönnum skilyrðislaust að baki öllum þeim, sem lokið hafa erlendum háskólaprófum, hvers kyns sem þau kunna að vera, þar sem vitanlegt er, að námstími til slíkra prófa erlendis getur leikið allt frá 2 árum til 6 eða 7 ára. Með upphaflegu orðalagi er veitingarvaldinu hins vegar gefið fullt frjálsræði um val milli þeirra, sem lokið hafa íslenzkum B.A.-prófum og erlendum háskólaprófum, og hlýtur sú skipan að vera öllum haganlegust.

4) Deildin vill benda á, að í 1. grein hefur Íslandssaga fallið niður meðal þeirra kennslugreina, sem forgangsréttindi meistara og kandidata taka til, og telur sjálfsagt, að henni sé aftur við bætt, í samræmi við þau lög, sem nú gilda.

5) Deildin er andvíg þeirri miklu skerðingu, sem lagt er til að verði á kennsluforréttindum meistara, kandidata og B.A.-prófs manna — er að öðru leyti fullnægja lögum um menntun kennara — frá því, sem ætlað er í upphaflega frumvarpinu. Forgangsréttindin eru hér skert með tvennum hætti:

a) að í stað þess að taka til skóla gagnfræðastigsins, nái þau aðeins til tveggja síðari bekkja þeirra, að afloknu unglingaprófinu (skyldunáminu), en til fyrra helmings gagnfræðakennslunnar séu barnakennarar jafnréttháir háskólaprófsmönnum; þá færi víða svo, að til miðskólaprófs (landsprófs) nytu nemendur aðeinn vetur kennslu sérfróða manna, en það getur ekki talizt æskilegust skipan, ef kostur er annars.
b) að í stað þess, að háskólaprófsmenn njóti forgangsréttinda til kennslu í sérgreinum sínum, hvort heldur er fastrar kennslu eða tímakennslu, við þá framhaldsskóla, sem styrktir eru af ríkisfé eða sveitarfé, hljóti þeir forgangsréttindin því aðeins við skóla þessa, að kennslan í sérgreinum þeirra nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins. Varla getur orðið að því bagi að njóta fremur kennslu sérfróðs manns en ósérfróðs, þótt í fáum stundum sé, ef hans er völ.

Loks leyfir deildin sér að benda á, að með frumvarpi þessu hefur áður verið mælt af háskólaráði, fræðslumálastjóra, fundi skólastjóra gagnfræða- og héraðsskóla, sem haldinn var á Eiðum 1950, og uppeldismálaþinginu 1951, með þeim breytingartillögum, sem inn í frumvarpið eru felldar, eins og hæstvirtur menntamálaráðherra nú flytur það.

Heimspekideild leggur því til, að frumvarpið verði svo hljóðandi:

1. gr.

Lög nr. 84/1936 (2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1911) orðist svo:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu, hvort heldur er fastrar kennslu eða tímakennslu, í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af

ríkisfé eða sveitarfé, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar er í lögum.

2. gr.

Við 1. gr. laga nr. 36/1911 komi ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigs og sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til. Þeir standa þó að baki mönnum þeim, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa fullnaðarprófi við erlenda háskóla í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þá standa B.A.-prófs menn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi í viðkomandi greinum frá erlendum kennaraháskólum.

3. gr.

Við 1. gr. laga nr. 36/1911 komi ný málsgrein, 4. málsgrein, svofelld:

Lög þessi skerða á engan hátt rétt kennara til þeirrar stöðu, sem þeir gegna, er lögin öðlast gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Virðingarfyllst,

Steingrímur J. Þorsteinsson
forseti heimspekideildar.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 314. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Í stað 3. málsgr. síðari efnismálsgr. kemur: Utanríkismálanefnd kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Með sama hætti kýs nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna.

Sþ. 315. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 og við brtt. á þskj. 291.

I. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

II. Frá *Jóni Gíslasyni.*
Við brtt. 291,10. 22. (Við 13. gr. A. III. — Kerlingardalsá).
Fyrir „120 000“ kemur 300 000

III. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við brtt. 291,14. 7. (Við 13. gr. C. VIII. — Þorlákshöfn).
Fyrir „220 000“ kemur 400 000

IV. Frá *menntamálaráðherra.*
Við 14. gr. B. II. Aftan við liðinn bætist ný málsgr. svo hljóðandi:
Af fjárveitingunni skulu 275 þús. kr. veittar námsmönnum sem lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt reglum, er menntamálaráðuneytið setur.

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 14. gr. B. V. Nýr (rómv.) liður:
Til kennslu í 1. bekk menntaskóla á Ísafirði 30 000

VI. Frá *Lárusi Jóhannessyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 4. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).
Fyrir „6 250“ kemur 10 000

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. A. XXI. 13. Nýr liður:
Aukastyrkur til þess að örva leiklistarstarfsemi utan Reykjavíkur 100 000
Menntamálaráðherra úthlutar styrknum, og miðast hann við tölu leiksýninga á árinu 1952 á hverjum stað.

VIII. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur, Sigurði Bjarnasyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við brtt. 291,41. e. (Við 15. gr. A. XXIV.). Nýr liður:
Til Þorsteins Hannessonar söngvara, til söngnáms 8 000

IX. Frá *Jóni Gíslasyni.*
Við 16. gr. A. 13. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu í Kúðafljót í Meðallandi 200 000

X. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 17. gr. 24. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 1 000 000

XI. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 20. gr. Út. XI. 1. (Heimavist við Menntaskólann á Akureyri).
Fyrir „250 000“ kemur 500 000

XII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:
Að greiða Gunnlaugi Björnssyni kennara á Hólum tvo þriðju hluta núverandi launa hans, ef hann lætur af kennslustarfi.

XIII. Frá *flugmálaráðherra.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja allt að tveimur milljónum króna til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun, sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna skv. 13. gr. D.

XIV. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja allt að 10 millj. kr. af tekjuafgangi ríkisins árið 1951 til framkvæmda rafveitna ríkisins eða taka sömu upphæð að láni í þessu skyni.

XV. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Hannibal Valdimarssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja allt að 180 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi s. l. sumar.

XVI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að endurgreiða hafnarsjóði Þorlákshafnar kostnað af lagningu Þorlákshafnarvegar, kr. 262 851.81.

XVII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkv. lögum.

Sþ. 316. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið þingsályktunartill. ásamt viðaukatill. á þingskjali 112 til ýtarlegrar athugunar og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:
   a. að gefa nú þegar frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum, ásamt tilheyrandi verkfærum og tækjum, svo og prjónavélum;
   b. að gefa á árinu 1952 frjálsan innflutning á landbúnaðarbifreiðum (jeppum og landrover), ef nægur gjaldeyrir er fyrir hendi, enda verði jafnframt settar reglur, sem komi í veg fyrir, að bifreiðarnar fari til annarra en þeirra, sem stunda landbúnaðarstörf að aðalatvinnu.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
Till. til þál. um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum, prjónavélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa.

Alþingi, 30. nóv. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr., frsm.	Jörundur Brynjólfsson.
Magnús Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jón Sigurðsson, með fyrirvara.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 317. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum, og hafa mætt á þeim raforkumálastjóri, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Undir þeim umræðum upplýstist, að ein af þeim fyrstu framkvæmdum, sem gerðar yrðu á eftir þeim línulögnum, sem verið er að vinna að og lofað hefur verið að framkvæma, væri orkuveita sú til Dalvíkur, sem frumvarpið ræðir um. Landbúnaðarráðherra upplýsti, að fengi hann greiddar þær 1½ millj. kr., sem ríkið er talið skulda raforkusjóði, og tekin yrði að láni 1½ milljón, sem heimilað var að taka að láni til raforkuveitna af síðasta Alþingi, og yrði fjárframlag til raforkuframkvæmda á árinu 1952 hækkað í fjárlögum um 1½ milljón, þá mundi hann sjá sér fært að láta leggja línuna til Dalvíkur. Hins vegar taldi hann, að ekki væri mögulegt að leggja rafmagn inn á alla bæi á leiðinni, um leið og línan yrði lögð til Dalvíkur, og ekki væri nú mögulegt að segja um, hvenær það yrði gert.

Af ofanrituðu virtist nefndinni einsýnt, að orkuveitan yrði komin til Dalvíkur um líkt leyti og lokið er virkjun Laxárfossanna, og leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti svo fljótt sem auðið er leggja orkuveitu frá Hjalteyri til Dalvíkur og að því verði lokið um svipað leyti og lokið er við viðbótarvirkjun á Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Steingrímur Aðalsteinsson.	

Ed. 318. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ í 5. tölulið 21. gr. laganna komi: Samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Síðasta málsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð.

3. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1952.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allmiklar breytingar hafa orðið á verðlagi og vísitöluákvæðum á þessu ári. Er því óhjákvæmilegt að færa til rétts horfs þau ákvæði almannatryggingalaganna, sem fjalla um þau efni. Bráðabirgðaákvæði laganna um takmörkun á lífeyrisgreiðslum vegna tekna fellur auk þess úr gildi í lok þessa árs, og að lögunum óbreyttum að öðru leyti hækka útgjöld Tryggingastofnunarinnar af þeim sökum stórlega þegar á næsta ári, eins og nánar er vikið að í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum verður ekki hjá því komizt að gera nú þegar breytingu á þeim ákvæðum laganna, sem mest er aðkallandi að breytt verði nú fyrir næstu áramót. Þar sem allýtarlegar athugasemdir fylgja frumvarpsgreinunum, þykir ekki sérstök ástæða til að ræða frumvarpið frekar almennt.

Um frumvarpsgreinarnar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. tölulið 21. gr. ber að greiða verðlagsuppbót á framlag ríkissjóðs og sveitarsjóða „samkvæmt vísitölu". Framfærsluvísitala samkv. ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu o. fl. er reiknuð út mánaðarlega og á að sýna raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði. Samkv. ákvæðum 6. gr. sömu laga átti kaupgjald að hækka eftir framfærsluvísitölu, en þó þannig að ekki skyldi tillit tekið til þeirra breytinga á framfærslukostnaði, sem áttu rót sína að rekja til breytts verðlags á landbúnaðarafurðum, sem stafar af ákveðnum breytingum á launum bónda og verkafólks hans. Vísitala sú, sem kaupgjald skyldi miðað við, hefur af þessum ástæðum verið nokkrum stigum lægri en framfærsluvísitalan, frá því að lögin um gengisbreytingu o. fl. tóku gildi.

Með lögum nr. 117 28. des. 1950 var ákveðið, að verðlagsuppbót opinberra starfsmanna árið 1951 skyldi vera 123 stig, og að frá 1. febr. 1951 skyldu launagreiðslur almennt ekki taka breytingum samkv. ákvæðum 6. gr. gengisbreytingarlaganna. Hinn 30. júní 1951 var svo ákveðið með bráðabirgðalögum, að á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum opinberra starfsmanna, sem ekki eru hærri en 1830 krónur á mánuði, skyldi ekki lengur takmarka uppbótina við 23%, heldur greiða fulla verðlagsuppbót samkvæmt **kaupgjaldsvísitölu**, þ. e. framfærsluvísitölu með þeim frádrætti, sem að framan greinir.

Af þessu er ljóst, að um a. m. k. þrenns konar vísitölu getur verið að ræða, þ. e.:

1. framfærsluvísitölu,
2. lögbundna vísitölu á þann hluta launa, sem er yfir kr. 1830 á mánuði, og
3. **kaupgjaldsvísitölu** á laun opinberra starfsmanna upp í 1830 kr. á mánuði auk hinnar samningsbundnu kaupgjaldsvísitölu verklýðsfélaganna, sem er hin sama og greinir í 3. lið.

Fram til ársins 1947, er vísitalan var bundin við 300 stig, voru framlög til sjúkrasamlaganna jafnan miðuð við framfærsluvísitölu. Ekki þykir þó eðlilegt, eins og málum er nú komið, að miða við framfærsluvísitölu, þar sem sú vísitala er ekki nema að nokkru leyti ákvarðandi um útgjöld samlaganna. Aftur á móti er augljóst, að samlögin væru mjög vanhaldin, ef miðað væri við hina bundnu vísitölu 123 stig, sem ekki er í neinu sambandi við aukningu dýrtíðarinnar, þar sem útgjöld þeirra eru að mjög miklu leyti bundin við hærri vísitölu og margir háir út-

gjaldaliðir hafa hækkað til stórra muna meir en sem svarar hækkun framfærsluvísitölu, t. d. lyf og sjúkrahússkostnaður.

Félagsmálaráðuneytið lítur svo á, að orðin „samkvæmt vísitölu“ beri að skilja svo, að þar sé átt við kaupgjaldsvísitölu opinberra starfsmanna á laun eða launahluta upp í 1830 kr. á mánuði, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga frá 30. júní 1951. Þykir þó rétt eftir atvikum að taka af öll tvímæli um þetta efni.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lagaákvæðum greiðir Tryggingastofnun ríkisins allar grunnupphæðir bóta með dýrtíðaruppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna miðast við á hverjum tíma. Hins vegar ber að miða vísitöluálagið á grunnupphæðir tekjuliðanna við meðalvísitölu næsta árs á undan. Mismunurinn á greiðsluvísitölunni, sem bæturnar miðast við, og meðalvísitölu næsta árs á undan, sem tekjurnar eru nú miðaðar við, hefur s. l. 2 ár verið svo mikill, að stórfelldur halli hefur orðið á rekstri stofnunarinnar, þrátt fyrir hækkun þá á tekjuliðunum, sem ákveðin var á s. l. sumri.

Bótavísitala ársins 1950 var milli 108 og 109 stig, en tekjuálagsvísitalan rétt 100 stig, enda varð mjög verulegur halli á rekstri Tryggingastofnunarinnar það ár. Bótavísitala ársins 1951 verður a. m. k. 131 stig, eða 23 stigum hærri en tekjuvísitalan, þ. e. meðalvísitala ársins 1950. Við hvert stig, sem bótavísitalan hækkar um, aukast útgjöld Tryggingastofnunarinnar um ca. 550 þús. krónur á ári. Hefði því orðið 12—13 millj. króna rekstrarhalli á þessu ári, ef ekki hefði verið notuð heimild sú, sem veitt er í bráðabirgðaákvæði viðaukalaganna frá síðasta Alþingi, en samkv. þessari heimild voru tekjuliðirnir hækkaðir um 10—11% á s. l. sumri, eins og áður er sagt. Þrátt fyrir þessa hækkun vantar um 11—12 stig á, að tekjuvísitalan verði jafnhá bótavísitölunni á þessu ári, og er því fyrirsjáanlegt, að um 6 milljónir skortir á, að tekjur Tryggingastofnunarinnar á árinu hrökkvi fyrir útgjöldunum. Verður því rekstrarhalli stofnunarinnar á s. l. 2 árum um eða yfir 8 millj. króna.

Eins og áður er sagt er talið, að meðalvísitala yfirstandandi árs, þ. e. tekjuvísitala næsta árs, og við þá vísitölu er framlag ríkissjóðs í frumvarpinu til fjárlaga miðað, muni verða um 131 stig. Hins vegar er vísitala kaupgjaldsins, þ. e. bótavísitalan, nú þegar orðin 13 stigum hærri, komin upp í 144 stig. Engu skal um það spáð, hvort vísitalan breytist til hækkunar eða lækkunar næstu 14 mánuði, þ. e. til loka ársins 1952, en augljóst er, að munurinn á bótavísitölu og tekjuvísitölu á árinu 1952 verður meiri en svo, að Tryggingastofnunin geti að óbreyttu borið þann halla.

Heimildin til að hækka tekjuliðina með ákvörðun ríkisstjórnarinnar fellur niður í lok þessa árs, enda stórfelldum erfiðleikum bundið og tæplega gerlegt að hækka iðgjöld og framlög á miðju ári. Slíkar breytingar kosta mikla vinnu og fé og torvelda innheimtuna stórlega.

Hér er því lagt til, að framvegis verði iðgjöld hinna tryggðu og atvinnuveitenda svo og framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða ákveðin samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð.

Ber þá Tryggingastofnunin áfram áhættuna við það, að marzvísitalan verði lægri en meðalvísitala ársins.

Um 3. gr.

Þegar lögin um almannatryggingar voru endurskoðuð 1946, voru látin fylgja þeim nokkur bráðabirgðaákvæði, og var hið fyrsta þeirra um takmörkun á ellilífeyrisgreiðslum svo hljóðandi:

„Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr., eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar

lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.

Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna."

Ákvæði þetta á að falla úr gildi 31. des. 1951, og ef svo yrði, mundi það auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar um eigi lægri upphæð en 5 millj. króna árlega, sem þá mundi bætast við tekjuhalla þann, sem nú er á stofnuninni.

Upphaflega var svo ráð fyrir gert, að fjárhagur Tryggingastofnunar ríkisins væri orðinn það góður og árlegar tekjur hennar það tryggar, að stofnunin gæti borið þessa viðbót án þess að hækka iðgjöld og framlög þeirra vegna. En þetta hefur farið á annan veg. Verulegur rekstrarhalli hefur orðið á stofnuninni síðustu árin, og ekki er öruggt að tekjuafgangur verði næsta ár. Er því ekki annað fyrir hendi nú en framlengja ákvæði þetta enn, og er lagt til, að það verði framlengt til ársloka 1952 með það fyrir augum, að tekizt hafi fyrir þann tíma að finna lausn á málinu, sem þá mætti lögfesta á næsta þingi, ef þess yrði talin þörf.

Ed. 319. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Hannibal Valdimarsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 320. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Á eftir 2. málsl. 2. efnismálsgr. („Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum") komi svo hljóðandi málsliður:

Ráðuneytið skal ávallt, jafnt milli þinga sem á þingtíma, bera undir utanríkismálanefnd verzlunarsamninga, er ríkið gerir, og skipanir í embætti í utanríkismálum.

Sþ. 321. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 og brtt. á þskj. 291.

I. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahúsbyggingar).
a. Fyrir „550 000“ kemur 1 050 000
b. Aftan við liðinn bætist:
Þar af til sjúkrahúsbyggingar á Blönduósi 500 þús. kr.

II. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 291, 14. 20. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 220 000

III. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. C. X. Nýr liður:
Til flóðvarnargarðs á Siglufjarðareyri, gegn jafnháu framlagi annars staðar að 100 000

IV. Frá *Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gunnari Thoroddsen, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða Svavari Guðnasyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

Nd. 322. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (EOl) áskilur sér þó rétt til að flytja brtt.

Alþingi, 3. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 323. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur á fundi sínum rætt frumvarpið, og er meiri hluti hennar sammála um að mæla með, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (EOl) er frv. andvígur.

Alþingi, 3. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Jóhann Hafstein.

Nd. 324. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það umsagnar fræðslumálastjóra, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Eftir að nýja skólalöggjöfin gekk í gildi hefur allt fram á þetta ár, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis, verið starfandi miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri. Byggði Alþingi þessar ákvarðanir á þeim forsendum, að skólinn hefði nægilegt húsrúm til miðskólakennslu, enda því skilyrði bundnar, að svo væri. Nú hefur húsrúm skólans enn aukizt síðan nefnd ákvörðun var fyrst tekin, en nemendum við menntaskólann þar þó heldur farið fækkandi síðustu árin. Húsrúm ætti því síður en svo að vera því til fyrirstöðu, að hægt sé að halda þessari starfsemi áfram og þar með verða við þeim óskum, er Alþingi hafa borizt um þetta efni úr flestum héruðum norðanlands. Með frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er þetta heimilað, ef samþykkt verður, þó með þeirri takmörkun, að í bekki miðskóladeildar verði ekki teknir fleiri en svo, að komizt verði hjá skiptingu þeirra bekkja. Gerir meiri hluti nefndarinnar ráð fyrir því, að nemendur utan Akureyrar verði þá látnir sitja fyrir skólavist í miðskóladeildinni, enda er gagnfræðaskóli með nýju húsnæði og nægum kennslukröftum starfandi í Akureyrarbæ. Rétt þykir að tímabinda heimildina svo sem verið hefur. Hins vegar telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að láta heimildina ná til menntaskólans í Reykjavík, enda hefur þar engin miðskólakennsla verið undanfarið og húsnæði þess skóla af skornum skammti.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Meginmál ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólann á Akureyri til vorsins 1954, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur við menntaskólanám (í 3.—6. bekk) sitji fyrir heimavist í skólanum.

Alþingi, 3. des. 1951.

Gunnar Thoroddsen, form.	Gísli Guðmundsson, frsm.	Kristín Sigurðardóttir.

Nd. 325. Frumvarp til laga [140. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

2. gr.

Enginn má gera sér gististaðahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

3. gr.

Óheimilt er að veita leyfi samkvæmt lögum þessum, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráður.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Hefur óskert borgaraleg réttindi.
4. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
5. Hefur ekki síðustu 3 ár verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning, tilbúning, sölu eða veitingu áfengis.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að um þau sé leitað álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi.

Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

4. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að meiri hluti stjórnarmanna, þar á meðal allir þeir, er firmað rita, og þeir, sem bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægi skilyrðum 3. gr.

5. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 3. gr. er ekki lengur fullnægt.
2. Ef leyfishafi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.
3. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni eða fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting er tilkynnt leyfishafa skriflega.

7. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 13. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkv. 13. gr., ef um gistihús er að ræða.

8. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur, svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

II. KAFLI
Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

9. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða.

Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit.

Heimilt er ferðaskrifstofunni að fá sér til aðstaðar heilbrigðisnefndir eða héraðslækna, þar sem hún telur þess þörf.

Ákvörðunum ferðaskrifstofunnar (og heilbrigðisnefnda) má skjóta til ráðuneytis.

10. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum ferðaskrifstofunnar og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

III. KAFLI
Gistihús.

11. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda). Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem til er tekið í leyfisbréfi.

12. gr.

Skilyrði fyrir veitingu gistihúsleyfis eru:

1. Að húsakynni og gistihúsbúnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu að jafnaði ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 3. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi.

Notkun leyfisins er bundin því skilyrði, að forstöðumaður hafi réttindi samkvæmt 13. gr. laga þessara. Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og ferðaskrifstofunni, hver sé forstöðumaður hverju sinni.

13. gr.

Hver sá, er öðlast vill réttindi til að veita gistihúsi forstöðu, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihússtjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal hafa unnið við gistihús minnst 5 ár þau störf, er ráðuneytið tekur gilt. Umsókn skal fylgja umsögn vinnuveitanda um störf umsækjanda og hegðun.
3. Hann skal færa sönnur á bókhaldsþekkingu sína á þann hátt, sem ráðuneytið telur fullnægjandi.
4. Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 1.—5. tölul. 3. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið vikið frá skilyrðum 2. tölul. þessarar greinar.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum til að veita gistihúsi forstöðu.

14. gr.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfi til gistihússtjórnar, þegar leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum, eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 1.—5. tölul. 3. gr.

15. gr.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi gistihúsleyfi. Lögreglustjóri skal leggja bann við heimildarlausri notkun heita, sem í bága fara við þetta

IV. KAFLI
Gistiskálar og veitingahús.

16. gr.

Gistiskálaleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistiskála og hafa með höndum veitingastarfsemi, og veitingaleyfi veitir heimild til veitingastarfsemi, hvort tveggja innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Heimilt er að takmarka veitingaleyfið við ákveðna tegund veitinga.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi (eiganda). Leyfið heimilar eingöngu rekstur á þeim stað, sem til er tekinn í leyfinu.

17. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 16. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur á hverjum tíma með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 3. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.

Lögreglustjóra er heimilt að krefjast þess, að forstöðumenn gistiskála hafi réttindi samkvæmt 13. gr. og enn fremur að í veitingahúsum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðsluiðn eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðuneytið skal gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameiginlegan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Bæjar- eða sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, sem gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipan þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

19. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Gistihúsleyfi	kr. 800.00
Önnur gististaðaleyfi	— 500.00
Veitingaleyfi	— 500.00
Leyfi til tækifærisveitinga	— 100.00
Bráðabirgðaleyfi skv. 21. gr.	— 100.00.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá gjald greiða fyrir hvern þeirra.

Leyfi skal endurnýja fyrir hvert almanaksár gegn kr. 200.00 gjaldi. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá ferðaskrifstofunni eða heilbrigðisnefnd um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

20. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og ferðaskrifstofunni fyrir 1. marz ár hvert eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

21. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið út gefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 12. gr., allt til ársloka 1955.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt forstöðumaðurinn hafi ekki leyfi skv. 13. gr., ef eigandi hefur rekið starfsemina 6 síðustu mánuði fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss í minnst 2 ár, getur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara þrátt fyrir ákvæði 13. gr. fengið út gefið sér til handa leyfi til að veita gistihúsi forstöðu, enda fullnægi hann skilyrðum 1.—5. tölul. 3. gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gistihússtarfsemi.

23. gr.

Öll gistihús- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hæstv. samgöngumálaráðherra. Er það samið af milliþinganefnd, er skipuð var 1949 af þáverandi samgöngumálaráðherra. Nefndina skipuðu: Brynjólfur Ingólfsson stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir í Reykjavík, báðir skipaðir án tilnefningar, Böðvar Steinþórsson, tilnefndur af Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna, Hörður Ólafsson lögfræðingur, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda, og Sigurjón Danivalsson, tilnefndur af Ferðaskrifstofu ríkisins.

Nefndin í heild og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og enn fremur að fylgja breytingartill., er fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan samgöngumálaráðuneytisins, miðar að því að bæta úr þeim ágöllum, sem vera þykja á gildandi veitingalögum, koma á opinberu eftirliti með rekstri gisti- og veitingastaða og skapa stoð undir reglugerð um hreinlæti og aðbúnað þeirra, því til tryggingar, að bættri skipan verði komið á slíka starfsemi fyrr en ella. Verða naumast bornar á það brigður, að þessa sé full þörf, þar sem það er á almanna vitorði, að í flestu, er hér að lýtur, stöndum vér að baki öðrum sæmilegum menningarþjóðum.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar stuttlega.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 2. gr.

Lagt er til, að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur, hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskylduíbúð.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá út gefið, verður að fullnægja. Eru þetta sömu ákvæði og í 3. gr. gildandi laga, 1.—4. tölul. Í gildandi veitingalögum (3. gr. 5. tölul.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- eða sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggi fyrir, ásamt áliti heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lögreglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, kemst á, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til, að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist og enn fremur að lögreglustjóri geti leyft slíkar veit-

ingar í sínu umdæmi án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er, o. s. frv.

Um 4. gr.

Svipað ákvæði er í gildandi lögum (5. gr.). Þó er þar gert að skilyrði, til þess að hlutafélag fái leyfi, að meira en helmingur atkvæðisbærs hlutafjár sé í eigu manna búsettra hérlendis. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að meiri hluti stjórnarmanna sé þeim kostum búinn, að þeir hefðu sjálfir getað fengið leyfi.

Endurnýjun leyfanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu (sbr. 19. gr., 3 mgr.), gerir lögreglustjóra kleift að fylgjast með því, að stjórn félags, er leyfi hefur fengið, sé jafnan svo skipuð, að fullnægt sé þessari grein. Að öðrum kosti mundi leyfið afturkallanlegt (sbr. 6. gr.). Í gildandi lögum virðist ákvæðið um skilyrði þau, er félag skal fullnægja til að fá leyfi út gefið, aðeins skipta máli á útgáfudaginn, en síðan hefur lögreglustjóri enga aðstöðu til að fylgjast með hreyfingu hlutafjár, hverjum kostum stjórnendur séu gæddir o. þ. h. Má því segja, að þrátt fyrir orðalag frvgr. gangi hún í framkvæmdinni engan veginn skemmra en 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 6. gr.

Aðallega er ætlazt til, að afturköllun leyfis verði beitt, er sá aðili, sem leyfi hefur fengið, hættir að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Athugandi er þó, að enda þótt skilyrðum 12. gr., 1. tölul. frv. sé ekki fullnægt lengur, veldur það ekki afturköllun, heldur skerst þá eftirlitið í leikinn með þeim ráðum, sem um getur í 10. gr. Afturköllun leyfa má áfrýja til ráðuneytis innan 14 daga.

Um 7. gr.

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi; þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33 1. febr. 1936 er Ferðaskrifstofu ríkisins skylt að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum í landinu. Hefur þótt rétt að halda hinu opinbera eftirliti áfram og efla það og er sú stefna tekin í frumvarpinu. Hefur einnig þótt rétt að fela ferðaskrifstofunni eftirlitið áfram, enda er ljóst, að ef setja ætti á stofn sérstaka stofnun til að annast slíkt eftirlit, mundi það verða mjög kostnaðarsamt. Hins vegar er ferðaskrifstofunni kleift að sameina eftirlitið að talsverðu leyti ferðum á vegum skrifstofunnar og því unnt að komast af með minni

kostnað en ef hin leiðin, sem minnzt var á, væri farin. Þá má einnig benda á, að starfsmenn ferðaskrifstofunnar eru tíðir gestir einmitt á þeim gisti- og veitingastöðum, sem ríkust ástæða er til að hafa strangt eftirlit með, þeim stöðum, sem innlendir og erlendir ferðamenn sækja mest. Gera verður þó ráð fyrir, ef eftirlit það, er frumvarpið felur í sér, kemst á, að nauðsynlegt verði að ætla því hærri fjárveitingu en á fjárlögum undanfarinna ára. Til þess að tryggja sem bezt, að heilbrigðisöryggis sé gætt, er í frumvarpinu gert ráð fyrir nánu samstarfi milli ferðaskrifstofunnar og eftirlitsmanna hennar annars vegar, og heilbrigðisnefnda og héraðslækna hins vegar. Er jafnvel gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi í kaupstöðum, annist þeir daglegt eftirlit undir yfirumsjón ferðaskrifstofunnar.

Um 10. gr.

Hingað til hefur eftirlit ferðaskrifstofunnar ekki haft nægileg áhrif, og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum, og einnig er óljóst, hvaða kröfur núgildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrrnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Sjálfum eftirlitsmanninum er þó ekki gefið vald til að hefjast handa um stöðvun starfseminnar, heldur verður hann að leita fulltingis lögreglustjóra. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn að gefinni aðvörun eða ekki eða grípa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins næst er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að heitið „gistihús“ (hótel) verði löghelgað sem heiti á gististöðum vissrar stærðar og með ákveðnum búnaði, en í IV. kafla koma aftur ákvæði um aðra gististaði, sem lagt er til að nefndir verði „gistiskálar“, og sömuleiðis um veitingastaði almennt. Þau rök, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði, eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús“ eða „hótel“ í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður á í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttilega er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minnst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sanni segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Þungamiðja III. kafla frumvarpsins er í tveimur atriðum:

a. Þau ein fyrirtæki mega bera gistihúsnafn (eða hótel), hvort sem er einstakt eða í samsettu heiti, er hlotið hafa til þess séstakt leyfi lögreglustjóra, — gistihúsleyfi — og þannig fengið viðurkenningu um, að þau fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað.
b. Eigandi gistihúss (hótels) eða leigutaki má ekki hefja reksturinn, enda þótt hann hafi gistihúsleyfi fullgilt, fyrr en fenginn er forstöðumaður, sem hefur réttindi til að veita gistihúsi forstöðu.

Um 11. gr.

Jafnframt því að heimila gistihúsrekstur felur gistihúsleyfi einnig í sér heimild til að reka veitingastarfsemi í sambandi við gistihúsið fyrir dvalargesti og aðra. Um vínveitingar fer eftir áfengislögum.

Gistihúsleyfi er gefið út til þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstr-

inum, en það mundi venjulega vera eigandi, eða þá leigutaki. Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna). Í frumvarpinu er lagt til, að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis, og einnig mundi leyfishafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafnmörg gistihúsleyfi og auk þess fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu, og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram, til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 12. gr.

Með orðunum „sérstakar ástæður“ er aðallega átt við, að óheppilegt geti verið af félagslegum orsökum að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, heimavistarskóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsazt, að á högum umsækjanda væru einhverjir þeir annmarkar, sem gerðu hann að dómi lögreglustjóra óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihússtarfsemi, og mundi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Ef eigandi (leyfishafi) hefur sjálfur ekki réttindi til að veita gistihúsi forstöðu, annaðhvort samkv. 13. gr. frv. eða bráðabirgðaákv. 22. gr., 2. mgr., verður hann að afla sér manns, sem hefur réttindi til þessa. Fyrr getur gistihúsið ekki tekið til starfa.

Um 13. gr.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúsa, eru ærið margbrotin og vandasöm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórna eiga gistihúsi, hafi öðlazt nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annaðhvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætzt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlazt til, að umsækjandi hafi kynnzt sem flestu, er að rekstri gistihúss lýtur. Þar sem forstöðumaðurinn hefði oftast nær reikningshald starfseminnar á hendi, er ekki síður nauðsynlegt, að hann hafi þekkingu á bókhaldi en leyfishafi sjálfur.

Samkvæmt 22. gr., 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi til gistihússtjórnar samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 14. gr.

Ekki þykir rétt, að þeir, sem gerzt hafa sekir um alvarleg brot gegn áfengislögunum eða reglugerðum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, haldi réttindum til gistihússtjórnar, og er því leyfi afturkallanlegt, ef þannig stendur á. Enn fremur er leyfið afturkallanlegt, ef einhverju hinna persónulegu skilyrða 3. gr., 1.—5. tl., er ekki lengur fullnægt.

Um 15. gr.

Í sambandi við grein þessa er rétt að geta þess, að nefnd sú, er frumvarp þetta samdi, leitaði aðstoðar og álits nokkurra þekktra málfræðinga um val á hentugum nöfnum á þeim greinum gisti- og veitingastarfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Voru þeir allir mótfallnir lögfestingu orðsins „hótel“, en mæltu með heitum þeim, sem notuð eru í frumvarpinu: Gististaður, samnefni á öllum þeim stöðum, þar sem seld er næturgisting, enda þurfi gistihús- eða gistiskálaleyfi til að reka starfsemina. Gistihús (hótel) nefnist fyrsta flokks gististaður, en aðrir gististaðir nefnast gistiskálar.

Um IV. kafla.

Um 16. gr.

Grein þessi hefur að geyma samsvarandi ákvæði um gistiskála og veitingahús eins og 11. gr. frv. um gistihús.

Um 17. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis til að reka gistiskála eða veitingahús eru hér talin, og eru þau samhljóða skilyrðum 12. gr. fyrir veitingu gistihúsleyfa, enda þótt kröfur þær, sem gerðar verða í reglugerð, hljóti að verða að ýmsu leyti gerólíkar.

Ekki er samkvæmt frumvarpinu skylt að hafa mann með sérþekkingu við stjórn starfseminnar, nema um gistihús sé að ræða (hótel). Hins vegar verður því ekki neitað, að ekki er síður nauðsynlegt, að tryggt sé eftir föngum, að stórum gistiskála eða stóru veitingahúsi sé vel stjórnað og heilbrigðisöryggis gætt, og því er hér tekin upp heimild fyrir lögreglustjóra til að krefjast þess, að forstöðumaður gistiskála hafi réttindi til gistihússtjórnar eða matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðsluiðn starfi að staðaldri í eldhúsi veitingahúss.

Um 18. gr.

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl., o. fl.

Ákvæðin um opnunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt, að hægt sé að tryggja, að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 19. gr.

Hér eru ákveðin gjöld fyrir hin ýmsu leyfi, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Eru gjöldin ekki há, miðað við gjöld fyrir sambærileg leyfi, t. d. verzlunarleyfi, og ef höfð er í huga verðbreyting sú, er orðið hefur á krónunni síðan gildandi veitingalög voru sett og gjöldin ákveðin kr. 150.00 og kr. 200.00, er ljóst, að hér er ekki um að ræða raunverulega hækkun frá því, sem þá (1926) var ákveðið.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem leyfishöfum er gert að skyldu að endurnýja leyfi sín árlega. Er þetta gert til að koma á nánara og lífrænna sambandi milli lögreglustjóra og leyfishafa en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir án þess að nota lokunarheimild 10. gr., 2. mgr.

Um 20. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, sem leiðir af skipulagsbreytingu þeirri, er felst í frumvarpinu.

Um 21. gr.

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótel og ekki fullnægja um stærð eða annað þeim kröfum, sem gerðar eru um gistihús í frumvarpinu (og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum), nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 22. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til, að ákvæði 12. gr. frumvarpsins um, að ekki megi nota gistihúsleyfi án starfandi forstöðumanns með réttindi samkvæmt 13. gr. frumv., gildi ekki um gistihús (hótel) þar, sem sami eigandi hefur staðið fyrir rekstrinum í 6 mánuði fyrir gildistöku laganna.

Í síðari málsgrein er ívilnun fyrir þá, sem unnið hafa við gistihús eða hótel í

10 ár eða unnið við stjórn slíkrar starfsemi eða verið þar forstöðumenn í ákveðinn tíma, enda hafi þeir unnið við slík störf, að þeir hafi að dómi ráðuneytisins öðlazt staðgóða þekkingu á stjórn og rekstri gistihúsa. Þessir menn geta í næstu 5 ár fengið út gefið leyfi sér til handa til að veita gistihúsi forstöðu, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 13. gr. um sérmenntun. Athugandi er, að til þess að leyfi fáist út gefið á framangreindan hátt, verður umsækjandi að fullnægja ákvæðum 3. gr., 1.—5. tl. Ef leyfishafi hættir að fullnægja einhverju framangreindra skilyrða, er leyfi samkvæmt þessari grein afturkallanlegt, sbr. 14. gr. Tilgangurinn með ákvæði þessarar mgr. er að gera þeim mönnum kleift að halda áfram atvinnurekstri sínum, sem eytt hafa við hann löngum starfstíma, hætt þar til fé sínu og byggt þar á framtíðar afkomuvon sína.

Um 23.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa."

Nd. 326. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. málsliður 8. gr. laganna orðist svo:

Til þessarar deildar ganga frá 1. janúar 1951 15% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og alkunnugt er, þá er lánsfjárþörf sjávarútvegsins mjög brýn á ýmsum sviðum, en einkum kreppir nú að í þessum efnum um fjáröflun til kaupa á nýjum aflvélum, þar sem margir bátar eru nú óstarfhæfir vegna vélaleysis. Deild sú, sem um ræðir í 8. gr. laganna, hefur nú eignazt nokkurn höfuðstól, og þykir því mega lækka framlög til hennar úr 33⅓% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi í 15%, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Er þessi breyting gerð í því skyni að efla aðstöðu fiskveiðasjóðs til þess að bæta úr framangreindri þörf.

Til þess að fiskveiðasjóður geti veitt lán til kaupa á aflvélum í báta, sem veðsettir eru stofnlándeild sjávarútvegsins, er samhliða þessu frumvarpi flutt á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, þar sem stofnlánadeildinni er heimilað að veita nauðsynleg veðleyfi."

Nd. 327. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veð-

leyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að ⅔ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Mikil brögð hafa orðið að því undanfarið, að aflvélar báta hafi bilað eða eyðilagzt, og hefur bátaútvegurinn fyrir þetta orðið fyrir miklum skakkaföllum. Nú hafa eigendur bátanna yfirleitt ekki haft tök á að endurnýja vélakostinn nema fyrir aðstoð lánsstofnana. Stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur að lögum fyrsta veðrétt í bátum og vélum fyrir stofnlánum þeim, sem hún hefur veitt. Þess vegna hafa eigendur bátanna yfirleitt ekki getað útvegað lánsfé til kaupa á nýjum vélum, þar sem ekki eru nægilegar veðtryggingar aðrar fyrir hendi. Úr þessu er frumvarpi þessu ætlað að bæta, þannig að stjórn stofnlánadeildar sjávarútvegsins veitist heimild til þess að gefa veðleyfi vegna lána til kaupa á nýjum vélum, þegar brýn nauðsyn er fyrir hendi að áliti deildarinnar. Er þetta útláta- og áhættulaust fyrir deildina, því að veðtryggingar hennar aukast við það, að ný vél kemur í skipið.

Samhliða frumvarpi þessu er á Alþingi flutt frumvarp um breyting á lögum nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, sem gera á sjóðnum fært að sinna nokkuð lánsfjárþörf útvegsmanna að þessu leyti.“

Nd. 328. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Samkvæmt 1. gr. laga nr. 70 frá 12. apríl 1945 heimilast fjármálaráðuneytinu að ákveða hækkun á skattmati fasteigna í landinu eins og tilgreint er í lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið annast um útreikninga og skýrslur varðandi hækkun matsins með aðstoð yfirskattanefnda í sýslu- og bæjarfélögum landsins.
3. Við 3. gr. Greinin falli burt.
4. Við 4. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
   Til viðbótar gildandi fasteignamati skal taka allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því að matið fór fram. Einnig þau hús og mannvirki, er reist hafa verið frá því 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar í aukafasteignamati. Öll þessi mannvirki skulu reiknuð eftir sömu reglu sem fylgt var við gildandi fasteignamat.
5. Við 5. gr. (verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
   Þegar bætt hefur verið við skattmat fasteigna verði þeirra umbóta, sem um getur í 3. gr., skal hækka matsverðið þannig, að við það sé bætt 100%. Þær undantekningar eru þó frá þessari reglu, sem heimilaðar eru í 5 gr.

6. Við 6. gr. (verður 5. gr.). Greinin orðist svo:
   Frá þeirri reglu, sem ákveðin er í 4. gr., eru þessar undantekningar:
   a. Jarðir, sem eru í eyði, afréttarlönd og hús, sem hætt er að nota, og lóðir, sem þeim fylgja, hækki ekki.
   b. Yfirskattanefndir geta að fengnum tillögum undirskattanefnda ákveðið, að jarðir, sem eru illa settar með samgöngur eftir þær samgöngubætur, sem orðið hafa síðan 1942, séu undanþegnar hækkuninni að hálfu eða öllu leyti. Sama gildir um hús og lóðir á afskekktum stöðum.
   Ef fjármálaráðuneytið telur einhverja yfirskattanefnd nota þessa undantekningarheimild óeðlilega mikið, getur það breytt til, en leita skal þó samkomulags við hlutaðeigandi yfirskattanefnd áður en breytingin er gerð.
7. Við 7. gr. (verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
   Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að gefa hverri yfirskattanefnd skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1951. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign í umdæmi viðkomandi yfirskattanefndar.
   Á sama hátt er öllum undirskattanefndum skylt að aðstoða yfirskattanefndir með allar upplýsingar varðandi matið.
8. Við 8. gr. Greinin fellur burt.
9. Við 9. gr. Greinin fellur burt.
10. Við 10. gr. (verður 7. gr.). Greinin orðist svo:
    Þegar hækkun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðuneytið, svo fljótt sem við verður komið, gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal fjármálaráðherra ákveða, hvenær hið hækkaða matsverð gengur í gildi. Matsbækurnar skulu sendar ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, bæjarstjórum, hreppstjórum, oddvitum og skattstjórum.
11. Við 11. gr. (verður 8. gr.). Greinin orðist svo:
    Yfirskattanefndir og undirskattanefndir fá greidd laun og annan kostnað við framkvæmd laga þessara, er greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.
12. Við 12. gr. (verður 9. gr.). Greinin orðist svo:
    Frá því að hið hækkaða fasteignamat gengur í gildi, skal fasteignaskatturinn renna til bæjarfélaga og sýslufélaga, þar sem hann er á lagður, enda lækki þá sýslusjóðsgjöld sveitarfélaganna að tilsvarandi hluta. Bæjar- og sýslufélögin annast þá innheimtu skattsins.
13. Við 13. gr. Greinin verði 10. gr.
14. Fyrirsögn frumvarpsins verði þannig:
    Frumvarp til laga um hækkun á skattmati fasteigna.

Ed. 329. Lög [20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 286.

Nd. 330. Lög [74. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Afgreitt frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 202.

Ed. 331. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Stofna skal tvö ný prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, annað í lífeðlis- og lífefnafræði og hitt í röntgenfræði. Hið fyrrnefnda skal veitt í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja, en hið síðarnefnda frá 1. janúar 1952.
   Um prófessora þessa gilda að öllu leyti sömu reglur sem um prófessora þá, sem fyrir eru í háskólanum.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „nýs prófessorsembættis“ kemur: tveggja nýrra prófessorsembætta.

Ed. 332. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta og viðauka við síðargreindu lögin.

(Eftir 2. umr. Ed.)

1. gr.

Lög nr. 84/1936 (2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1911) orðist svo:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu og íslenzkum bókmenntum við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Við 1. gr. laga nr. 36/1911 komi ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa

við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

3. gr.

Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.

4. gr.

Lög þessi skerða þó á engan hátt kennsluréttindi þeirra manna, sem hafa hlotið kennararéttindi, þegar lögin taka gildi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 333. Frumvarp til laga [97. mál]

um skógræktardag skólafólks.

(Eftir 2. umr. Ed.)

1. gr.

Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuaðstöðu.

Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóggræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 334. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins, en einn nefndarmaður (BrB) er ósammála um rökstuðning og skilar því séráliti.

Frumvarp þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, er ríkisstjórnin gaf út 30. júní s. l. og enn eru í gildi. En ástæðan fyrir því, að ríkisstjórninni þótti nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalögin, var sem hér segir:

Þegar fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var undirbúið, var kaupgjaldsvísitalan 115 og því reiknaðar aðeins með þeirri vísitölu greiðslur til starfsmanna ríkisins. Í desember s. l. var sýnilegt, að dýrtíðin mundi aukast enn allverulega og yrði því að gera annað tveggja, að binda kauplagsvísitöluna með lögum eða að áætla óvissa allverulega upphæð á fjárlögum til þess að mæta útgjöldum vegna hækkandi vísitölu. Alþingi ákvað þá með lögum nr. 117 1950 að binda kaupgjaldsvísitölu starfsmanna ríkisins við 123 stig og áætlaði 5 millj. króna á 19. gr. fjárlaga til að mæta auknum útgjöldum vegna þessara laga. Kaupgjaldsvísitala annarra launþega í landinu var ekki bundin á sama tíma, heldur skyldu vinnuþiggjendur og vinnuveitendur vera algerlega frjálsir að semja um þetta sín á milli. Samningar tókust á milli þessara aðila um það, að kaupgjaldsvísitalan skyldi fylgja verðlaginu í landinu eftir ákveðnum reglum, og með því að allt verðlag fór ört hækkandi á árinu, hækkaði einnig kaupgjaldsvísitalan til launafólks almennt í samræmi við samningana, þannig að hún var orðin allverulega hærri en kauplagsvísitala sú, er ákveðið var með lögum að lögð skyldi til grundvallar við kaupgreiðslur til starfsmanna ríkisins. Taldi ríkisstjórnin sig því knúða til að gefa út bráðabirgðalög þ. 30. júní s. l. En með þeim lögum er ákveðið, að kaupgjaldsvísitala sú, er lögð verði til grundvallar fyrir launum til starfsmanna ríkisins, skuli fara stighækkandi eða stiglækkandi á sama hátt og hin almenna kaupgjaldsvísitala í landinu. Þó skal eigi greiða hærri kaupgjaldsvísitölu en 23% á laun, sem fara yfir 1830 krónur á mánuði. Vísitala, sem starfsmönnum ríkisins eru nú greidd laun eftir, samkvæmt þessum lögum, er 141 á öll laun upp að kr. 1830 á mánuði, en 123 á þann hluta launanna, sem þar er fram yfir. Eftirvinna og helgidagavinna er hins vegar greidd með fullu vísitöluálagi. Er reiknað með þessari kaupgjaldsvísitölu í fjárlagafrv. því fyrir árið 1952, sem nú er til umræðu í Alþingi. Um þessi ákvæði er fullt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og félagssamtaka starfsmanna ríkisins. Hér skal enginn dómur lagður á það, hvort rétt hafi verið að baka ríkissjóði slík útgjöld með bráðabirgðalögum eða að láta málið bíða þar til Alþingi kæmi saman, en á hitt skal bent, að með því að sýnilegt er, að mikill meiri hluti Alþingis er samþykkur því að reikna á næsta ári laun starfsmanna ríkisins eftir sömu reglum og ákveðnar eru í bráðabirgðalögunum, er ljóst, að sá meiri hluti viðurkennir hið ríkjandi sjónarmið ríkisstjórnarinnar í sambandi við útgáfu bráðabirgðalaganna. Hefði því allt komið að sama marki, hvort sem bráðbirgðalögin voru gefin út eða málinu frestað þar til Alþingi fékk tækifæri til að segja álit sitt um málið.

Tveir nefndarmenn, sem sæti eiga í fjvn., hafa upplýst, að samkvæmt gögnum, sem fyrir liggi í fjvn., hafi fjöldi starfsmanna ríkisins margvíslegar aðrar uppbætur á laun sín eftir ýmsum leiðum, svo að heildarlaun þeirra verði allvíða allt að því tvöföld frá því, sem ákveðið er í launalögum, og stundum jafnvel enn hærri. Um starfstíma slíkra manna er allt á huldu, og eru m. a. ýmsum forstjórum stofnana greiddar allháar fjárfúlgur fyrir yfirvinnu í starfinu, en aðrir gegna aukastörfum hjá ríkinu, sem ekki er hægt að vinna við á öðrum tíma en þeim, sem venjulega er talinn almennur vinnutími. Eru þess dæmi, að menn á þennan hátt geti fengið

tvisvar eða jafnvel þrisvar sinnum 1830 krónur í grunnlaun á mánuði frá ríkissjóði. Hefur ráðuneytið upplýst, að sé hér um að ræða föst laun frá ýmsum stofnunum ríkisins, þá sé jafnan fylgt þeirri reglu að greiða óskerta kaupgjaldsvísitölu á samanlögð grunnlaun kr. 1830.00 á mánuði, en ekki á grunnlaunin eins og þau kunna að vera greidd til viðkomandi aðila fyrir hin ýmsu verk. Telur nefndin, að sjálfsagt sé að fylgja þeirri reglu. Þessar upplýsingar benda hins vegar til þess, að starfsmenn ríkisins hafi í allverulegum mæli miklu hærri raunverulegar tekjur frá ríkissjóði en launalög mæla fyrir um og jafnvel ráðuneytunum er kunnugt um. En sé svo, er nauðsynlegt að fá yfirlit um það, hversu þessu er farið, þar sem sönn mynd af þessu ástandi í starfskerfi ríkisins gæti leitt til þess, að athuga þyrfti nánar, eftir hvaða reglum rétt væri að greiða kaupgjaldsvísitölu á laun starfsmanna. Lítur nefndin svo á, að fullkomin athugun á þessu eigi að fara fram þegar í stað.

Frv. á þskj. 31 og 38 um breytingar á sömu lögum sem hér um ræðir eru einnig staðfesting á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 16. júní s. l. Þykir nefndinni rétt, að þessi ákvæði séu einnig tekin upp í þetta frv., svo að breytingarnar á lögunum liggi fyrir á einu og sama þingskjali.

Þá hefur fjármálaráðherra óskað eftir því, að nefndin flytti breytingartillögu við frv. um vísitöluuppbót á greiðslur úr lífeyrissjóði. Þykir nefndinni rétt að verða við þeirri beiðni og mælir með því, að sú breytingartillaga verði samþykkt. Upplýst er, að framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs verði sem hér segir, ef tillagan verður samþykkt.

Fyrir	árið	1950	kr.	90 000
—	—	1951	—	390 000
—	—	1952	—	550 000
			Alls kr.	1 030 000

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við frvgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkazt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Verðlagsuppbót þessi greiðist frá 1. maí 1950. Viðkomandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá.
2. Á eftir frvgr. komi þrjár nýjar greinar og bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Nú hækka laun samkvæmt 1. málslið 1. gr. áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum hækki tilsvarandi frá sama tíma og launahækkunin verður.
   b. (3. gr.) 2. efnismálsgr. 2. gr. l. nr. 117/1950 orðast svo:
      Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið

og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

c. (4. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

d. (Brbákv.) Ríkisstjórnin lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstjórnin gera á ný tillögur um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingunum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

3. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, um breyt. á þeim l.

Alþingi, 4. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Gísli Jónsson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Nd. 335. Frumvarp til laga [143. mál]

um virkjun jarðgufu í Krýsuvík.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Hafnarfjarðarkaupstað er heimilað að reisa og reka orkuver í Krýsuvík, er hagnýti jarðgufu þá, er þar er fáanleg, til rafmagnsframleiðslu. Enn fremur að leggja háspennutaugar til Hafnarfjarðar og þeirra staða annarra, er ákveðið kann að verða að leiða rafmagn til frá Krýsuvík, svo og að reisa spennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal senda ráðherra þeim, sem fer með raforkumál, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja að dómi sérfræðinga vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast lán, er Hafnarfjarðarkaupstaður tekur vegna virkjunarinnar, sbr. 1. gr., að upphæð allt að 20 millj. kr. eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó ekki yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

4. gr.

Orkuverið í Krýsuvík skal rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Orkuverið í Krýsuvík selur rafmagn til Rafveitu Hafnarfjarðar og annarra aðila, er þess kunna að óska. Nánari ákvæði um söluna skulu sett í reglugerð, sbr. 4. gr. Söluverð má þó aldrei vera hærra en kostnaðarverð að viðbættum 10%.

6. gr.

Ríkissjóði er heimilt að gerast þátttakandi í virkjuninni, ef um semst við Hafnarfjarðarkaupstað. Þátttaka ríkissjóðs skal þó ekki vera meiri en svo, að hann eigi orkuverið og mannvirki þess að hálfu á móti bæjarsjóði Hafnarfjarðar. Verði að þessu ráði horfið, er ríkissjóði heimilt að leggja fram stofnfé og taka að sér lán vegna fyrirtækisins í sama hlutfalli og eignarhluti hans verður. Þá skal og ákveða með reglugerð, sbr. 4. gr., um stjórn fyrirtækisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði og bæjarráðs. Fylgir bréf bæjarstjórans hér með (fskj. I.).

Í 5—6 ár hefur Hafnarfjarðarkaupstaður nú, að heita má samfleytt, látið gera boranir á jarðhitasvæði Krýsuvíkur, en þetta jarðhitasvæði er, eins og kunnugt er, eitt hið álitlegasta hér á landi til virkjunarframkvæmda. Borað hefur verið með tiltölulega ófullkomnum áhöldum, og því hefur verkið sótzt seinna en ella. En þó er svo komið nú, að gufuútstreymið mun nema rúmlega 60 tonnum af gufu á klukkustund, en það svarar til 7—8 þús. kw. orku, ef allt væri virkjað. Auk þess eru svo um 50 sek.lítrar af heitu vatni, 100° C.

Allar líkur benda til, að virkjun gufunnar megi framkvæma á hagkvæman hátt og öllu ódýrar en þar, sem bezt skilyrði eru til vatnsaflsvirkjunar. Með hliðsjón af hinni öru aukningu í rafmagnsnotkun, sem bæði hefur átt sér stað og fyrirsjáanleg virðist vera, er því augljóst, að þennan möguleika ber að nota til orkuframleiðslu og það sem fyrst, og þess vegna er frumvarp þetta fram borið.

Valgarð Thoroddsen rafveitustjóri í Hafnarfirði hefur haft á hendi alla umsjón með framkvæmd borananna, og hefur hann nú gert áætlun um orkuvinnsluna í samráði við sérfræðinga, innlenda og erlenda. Fylgir þessi frumáætlun hans hér með (fskj. II.).

Um frumvarpið sjálft skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að Hafnarfjarðarkaupstað verði veitt leyfi til virkjunarinnar, sem virðist eðlilegt, þar sem hann hefur annazt allan undirbúning og er eigandi hitaréttindanna.

Um 2. gr.

Telja verður sjálfsagt, þar sem um svo stórt og þýðingarmikið mannvirki er að ræða, að ríkisstjórninni verði gefinn kostur á að ráða að verulegu leyti um fyrirkomulag virkjunarinnar í samráði við sérfræðinga sína, svo að framkvæmdum öllum verði hagað sem mest í samræmi við þarfir heildarinnar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóði verði heimilað að ábyrgjast 85% af kostnaðarverði virkjunarinnar, allt að 20 millj. kr. Er það lítið eitt hærri upphæð en kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir, en sú áætlun mun vera varlega gerð og ætti því að standast, ef ekki koma til verðbreytingar að ráði.

Um 4. gr.

Hliðstætt ákvæði við Sogs- og Laxárvirkjanirnar.

Um 5. gr.

Eins og rafveitustjóri gerir grein fyrir í greinargerð sinni með áætluninni, mun heppilegast að reka stöðina í sambandi við önnur raforkuver. Er því í greininni gert ráð fyrir, að orkuverið í Krýsuvík selji fleirum en Rafveitu Hafnarfjarðar framleiðslu sína. Kemur þar bæði til greina samvinna við Rafveitur ríkisins og Sogsvirkjunina. Nánari ákvæði um þetta verður heppilegast að setja með reglugerð, sem bæði bæjarstjórn Hafnarfjarðar og raforkumálaráðherra eru aðilar að.

Um 6. gr.

Að því hefur verið stefnt að undanförnu, að ríkissjóður yrði aðili bæði að Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, auk þess sem hann tæki að sér einn ýmsar virkjanir. — Hér er því ráð fyrir því gert, að ríkissjóður geti orðið þátttakandi í virkjunarframkvæmdum, þó þannig, að hann eigi ekki yfir helming, og taki þá um leið á sig tilsvarandi skuldbindingar, bæði um framlög og lán. Verður þá að setja fyrirtækinu sérstaka stjórn, eitthvað svipað og gert hefur verið með Sogs- og Laxárvirkjanirnar. Er gert ráð fyrir, að ákvæði um það verði sett í reglugerð eins og aðilar koma sér saman um.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfirði, 3. desember 1951.

Herra alþingismaður, Emil Jónsson, vitamálastjóri,
Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarráðs í morgun var rætt um væntanlega virkjun gufuborholanna í Krýsuvík, og lagði rafveitustjóri, sem mættur var á fundinum, fram frumdrög að áætlun yfir virkjunarkostnaðinn, en hann nemur ca. 22 milljónum króna fyrir 5500 kw. stöð. Þó þannig, að áætlað er, að stækka megi stöðina upp í 11000 kw. með 10 milljón króna viðbótarkostnaði.

Bæjarráð samþykkti að óska þess við yður, herra alþingismaður, að þér berið fram á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um virkjun gufunnar í Krýsuvík til raforkuframleiðslu, þannig að Hafnarfjarðarbær byggi og reki fyrirtækið, en síðan verði samið um, á hvern hátt rekstrinum verði komið fyrir.

Í frumvarpinu skal einnig kveðið á um það, á hvern hátt aðstoð ríkissjóðs skuli veitt.

Jafnframt samþykkti bæjarráð að óska þess við rafveitustjóra, að hann veiti yður allar þær upplýsingar um málið, sem að gagni megi verða.

Um leið og ég kynni yður þessa samþykkt bæjarráðs, leyfi ég mér að óska þess, að þér eins fljótt og við verður komið leggið fram á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um gufuvirkjun í Krýsuvík á þeim grundvelli, er að framan getur, snertandi mál þetta.

Allar upplýsingar, sem fyrir hendi eru eða kunna að verða, skulu yður og Alþingi í té látnar, eftir því sem óskað er og nauðsynlegt verður talið. —

Virðingarfyllst,

Helgi Hannesson.

Fylgiskjal II.

Áætlun um raforkuver í Krýsuvík ásamt greinargerð.

Áætlun þá, sem hér fer á eftir, ber að skoða sem frumáætlun.

Hún er samin með aðstoð þeirra verkfræðinganna Benedikts Gröndals og Jóhannesar Zoëga og miðuð við verðlag eins og það var snemma á haustinu 1951.

Verðtilboð í vélasamstæður hafa borizt frá Ítalíu, Þýzkalandi, Sviss, Belgíu og Bandaríkjunum, og eru flest þeirra miðuð við óbeina notkun jarðgufunnar, en við þá tilhögun, sem í fyrstu var tekin til athugunar, reyndist hæfilegt að miða stærð orkuversins við 3000 kW. Við síðari athuganir fyrrnefndra verkfræðinga, svo og í samráði við ítalskar verksmiðjur, sem rafveitustjóri átti viðræður við s. l. vor, en þessar ítölsku verksmiðjur eru hinar einu, sem reynslu hafa um smíði véla fyrir jarðgufu, kom í ljós, að hægt mundi vera að nota jarðgufuna í Krýsuvík beint á vélar fyrirhugaðs orkuvers. Við það varð að breyta hinu fyrst hugsaða fyrirkomulagi í mörgum atriðum, en framleidd orka úr sama gufumagni hækkar við það úr 3000 kW í 5500 kW og jafnvel meir samkvæmt síðustu athugunum nefndra verksmiðja um hagnýtingu á votri gufu.

Með tilliti til möguleika á rýrnun gufumagns úr hverri holu hefur þó ekki þótt rétt í þessari áætlun að miða við hærri orku en 5500 kW.

Á það má þó benda, að síðustu boranir, sem gerðar hafa verið í Krýsuvík, virðast benda til þess, að mjög víða megi þar fá aukið gufumagn og á fleiri stöðum en áður hafði verið reiknað með.

Í sambandi við neðangerða áætlun skal þess getið, að háspennulínan til Hafnarfjarðar er gerð fyrir allt að 15000 kW.

Áætlun:

1.	Umbúnaður við holu, lokar, beygjur o. fl.	kr.	10 000.00
2.	Vatnsskilja I 3 m Ø × 4 m × 20 mm, 10 to.	—	150 000.00
3.	Vatnsskilja II 3 m Ø × 4 m × 10 mm, 6 to.	—	90 000.00
4.	Gufuleiðslur ca. 300 m 12″ Ø 57,4 kg/m = 17,2 to.	—	150 000.00
5.	Öryggislokar, stopplokar, einangrun	—	40 000.00
6.	Vinna við uppsetningu skilju og leiðslu	—	50 000.00
7.	Turbina, rafall, eimsvali, kælir fyrir rafal, búnaður, f. o. b. Genova 3 830 000.00	—	5 000 000.00
8.	Gufuleiðslur, barom. vatnsl., ventlar	—	30 000.00
9.	Loftdæla fyrir gastegundir	—	100 000.00
10.	Undirstaða, jarðvinna, bygging 2500 m^3	—	1 000 000.00
11.	Krani í vélahúsi ca. 10 t.	—	200 000.00
12.	Vatnsleiðslur og ventlar innanhúss	—	80 000.00
13.	Vatnsdæla 1600 to/h H = 50 m m/hreyfil og stýritækjum	—	250 000.00
14.	Vatnsleiðsla 3000 m 500 mm Ø = 144 kg/m, 435 to.	—	3 000 000.00
15.	Jarðvinna og samsetning vatnsleiðslu, sogkassi á botni Kleifarvatns	—	700 000.00
16.	Dæluhús og undirstöður dælu	—	60 000.00
17.	Spennir 5500 kW, 6/30 kV. Spennir 375 kW, 30/6 kV. Rafbúnaður allur í stöð, spennistöð og dæluhúsi, f.o.b. Genova 599 000	—	780 000.00
18.	Undirstöður fyrir spenni o. fl.	—	100 000.00
19.	Setning véla og búnaður	—	1 500 000.00
20.	Flutningur til Krýsuvíkur	—	120 000.00
21.	Íbúðir starfsmanna og vinnubraggar	—	1 200 000.00
22.	Háspennulína Krýsuvík—Hafnarfj., 24 km á 90 000.00 kr./km	—	2 160 000.00
23.	Breyting á aðalspennistöð við Hafnarfjörð	—	200 000.00
24.	Borun og rannsóknarkostnaður í Krýsuvík	—	1 000 000.00

25. Yfirumsjón, skrifstofukostn., verkstjórn, ófyrirséð, um 15%	—	2 650 000.00
26. Vextir á byggingartíma um 7%	—	1 380 000.00
Samtals	kr.	22 000 000.00

Eins og að framan greinir, eru ýmsir þættir í þessari áætlun reiknaðir fyrir meira en 5500 kW orku, með tilliti til síðari stækkunar orkuversins. Þess vegna verður stofnkostnaður á hverja afleiningu lægri við aukningu orkuversins, og má í því sambandi benda á, að með viðbót einnar vélasamstæðu, jafnstórrar þeirri, sem hér er reiknað með, áætlast viðbótarkostnaður um 10 millj. kr., eða heildarkostnaður 32 millj. kr. og stofnkostnaður tæplega 3000 kr. á hvert kW í stað 4000 kr. á hinu fyrsta virkjunarstigi.

Rekstrarkostnaður þessarar stöðvar, 5500 kW, áætlast sem hér segir:

1. Vextir og afborganir, jafnar ársgreiðslur:		
11 000 000.00 í 15 ár 5,5% p. á.	kr. 1 067 000.00	
11 000 000.00 í 20 ár 5,5% p. á.	— 918.000.00	
	kr.	1 985 000.00
2. Kaup gæzlumanna	—	150 000.00
3. Annar viðhaldskostnaður	—	245 000.00
4. Borkostnaður	—	200 000.00
	Kr.	2 580 000.00

Einingarverð kr. 470.00 hvert kW-ár. Kostnaðarverð á hverja kWst. verður 7,8 aurar miðað við 6000 klst. ársnýtingu og 6,7 aurar miðað við 7000 klst., en gera má ráð fyrir, að nýting verði á þessu sviði.

Við helmingi stærri stöð, 11 000 kW, áætlast rekstrarkostnaður þessi:

1. Vextir og afborganir, jafnar ársgreiðslur:		
17 000 000.00 í 15 ár 5,5% p. á.	kr. 1 650 000.00	
15 000 000.00 í 20 ár 5,5% p. á.	— 1 250 000.00	
	kr.	2 900 000.00
2. Kaup gæzlumanna	—	150 000.00
3. Annar viðhaldskostnaður	—	350 000.00
4. Borkostnaður	—	200 000.00
	Kr.	3 600 000.00

Einingarverð kr. 327.00 hvert kW-ár.

Kostnaðarverð á hverja kWst. verður 5,5 aurar miðað við 6000 klst. nýtingu á ári, en 4,7 aurar við 7000 klst.

3. desember 1951.

Valgarð Thoroddsen.

Greinargerð:

Haustið 1945 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hefja rannsóknir í Krýsuvík með tilliti til þess að fá þar upp jarðgufu til raforkuvirkjunar.

Vegna vöntunar á borvél var fyrst fenginn lítill tilraunabor frá Jarðborunardeild ríkisins, til þess að bora nokkrar tilraunaholur, en síðan festi Hafnarfjarðarbær kaup á stærri borvél, sem tekin var í notkun næsta ár, og hefur sú borvél æ síðan verið notuð.

Boranir þessar, svo og allar rannsóknir við þær, hafa verið kostaðar af bæjarsjóði Hafnarfjarðar og stofnun bæjarins, Rafveitu Hafnarfjarðar.

Borað hefur verið í Krýsuvík með tilliti til væntanlegrar raforkuvirkjunar, svo og til að fá upp hita fyrir gróðurhús og íbúðarhús á staðnum, og hefur kostnaði við þetta tvennt verið haldið aðgreindum.

Samkvæmt lögum nr. 98 frá 14. maí 1940 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við slíkar jarðboranir samkvæmt nánar tilteknum skilyrðum. Þessum skilyrðum er fullnægt af hálfu Hafnarfjarðar, en Hafnarfjörður hefur þó ekki farið fram á styrk þennan, en kostnaður alls við boranir og rannsóknir vegna væntlegrar virkjunar einnar mun nú nema nálægt 800 þús. krónum.

Hin fyrstu ár gengu boranir erfiðlega vegna lítillar reynslu og hins sérstæða jarðvegs, sem bora þurfti, en hin síðari ár hefur verkið gengið mun greiðar vegna fenginnar reynslu svo og kynnisferða yfirmanns borananna til Ítalíu, þar sem náðst hefur mjög góður árangur við svipuð verk sem hér er um að ræða, og hafa þar nú verið virkjuð um 300 þús. kilowött fyrir jarðgufu, og hefur slík orka reynzt mun ódýrari en frá vatnsaflsstöðvum þar í landi.

Varðandi árangur af borunum með jarðbor Hafnarfjarðar í Krýsuvík má geta þess, að aðeins hin fyrsta hola, sem boruð var, gaf misheppnaðan árangur, þannig að ekki var hægt að komast þá nægjanlega djúpt niður til að fá gufu. Síðari holur hafa allar gefið árangur og úr þeim ávallt fengizt gufa, að vísu mismunandi að magni til og þrýstingi og af mismunandi samsetningu vatns og hreinnar gufu. Heildargufumagn, sem streymir út úr þessum borholum, mun nú vera ríflega 60 tonn af hreinni gufu á klst., og auk þess nálægt 50 sek.lítrar af heitu vatni, miðað við 100°C.

Megnið af þessum hita er ónotaður, og má geta þess, að úr síðustu holunni, sem boruð hefur verið, streymir upp tæplega 18 tonn gufu á klst., og er verðgildi þess hita, umreiknað eftir núverandi kolaverði, um kr. 1000.00 á klst.

Við athugun á virkjunarmöguleikum hefur rafveitan notið aðstoðar þeirra verkfræðinganna Benedikts Gröndals og Jóhannesar Zoëga, svo og haft samráð við Jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, Atvinnudeild háskólans, jarðgufuraforkuverin í Larderello á Ítalíu, svo og notið leiðbeiningar frá þeim ítölsku verksmiðjum, sem smíðað hafa vélar og tæki í hin ítölsku orkuver.

Það fyrirkomulag, sem ráðgert er, hafa hinir ítölsku sérfræðingar talið öruggt varðandi rekstur vélanna, en auk þess skal á það bent, að jarðskjálftar, sem tíðir eru í Krýsuvík, hafa aldrei haft áhrif á útstreymi borhola. Þá skal enn fremur á það bent, að möguleiki er til þess, að gufumagn rýrni í borholum, enda mun einnig vera um rýrnun að ræða í borholum orkuvera á Ítalíu, en þar er ávallt verið að bora, og fæst þá ekki aðeins það magn, sem þarf til að vega á móti rýrnun, heldur mjög aukið heildarmagn, sem hins vegar hefur leitt af sér síaukna stærð orkuveranna. Í rekstrarkostnaði væntanlegrar stöðvar í Krýsuvík er því einnig reiknað með kostnaði við áframhaldandi borun.

Við samanburð á stofnkostnaði jarðgufustöðvar í Krýsuvík og kostnaði við vatnsaflsstöðvar er aðgætandi, að Krýsuvíkurstöðin er áætluð með verðlagi, sem verið hefur í haust, en á þessu ári hafa orðið mjög miklar hækkanir á málmum, svo sem járni og eir, sem er hins vegar mikill þáttur í heildarkostnaði. Með því að gera slíkan samanburð, á sama verðgrundvelli, kemur í ljós, að fyrir sömu stöðvarstærð verður jarðgufustöð þessi töluvert ódýrari í stofnkostnaði heldur en vatnsaflstöð, en heldur ódýrari að stofnkostnaði á afleiningu en stærsta vatnsaflstöð, sem byggð er hér á landi.

Vegna hins tiltölulega jafna rennslis gufunnar ber að skoða jarðgufurafstöð sem „grunnafl"stöð. Nýting hennar sem slíkrar fæst hins vegar tæplega nema í samvinnu við aðrar stöðvar, sem nauðsynlegt er að reka með nokkuð misjöfnu álagi. Þetta gerir einmitt samvinnu og samtengingu Krýsuvíkurstöðvarinnar við Sóg og Elliðaár mjög heppilega og æskilega, þar sem það einnig eykur öryggi um rekstur allan á kerfi því, sem þessar virkjanir ná til. Vegna hins jafna álags og framleiðslu jarðgufustöðvarinnar verður framleiðsluverð hennar á kWst-einingu mjög lágt.

Varðandi það atriði, hvort þörf sé á slíku orkuveri nú, þegar stækkun Sogsvirkjunarinnar verður lokið innan skamms, skal á það bent, að væntanlegri áburðarverksmiðju mun vera þörf á meir en helmingi þeirrar stækkunar, og verður því harla lítið afgangs til hinnar almennu aukningar á raforkunotkun, þegar fullnægt

er þeirri orkuþörf, sem nauðsynleg er til þess að ná fullri spennu á orkuveitukerfinu.

Þá er þess enn fremur að gæta, að þegar komið er fyrsta virkjunarþrep jarðgufustöðvarinnar, er hægt að stækka hana með hlutfallslega litlum aukakostnaði og með stuttum fyrirvara, ef aukin gufa fæst, en hinar síðustu boranir gefa góðar vonir um, að það megi takast. Getur því þar verið um að ræða mjög hagkvæma leið til þess að brúa bil til næstu stórrar vatnsaflsvirkjunar, ef það yrði nauðsynlegt.

Þá skal enn fremur bent á, hve mikla þýðingu það hefur fyrir notkun jarðhita á landinu almennt, að komið verði nú upp í Krýsuvík slíku raforkuveri, sem byggja mætti á frekari framkvæmdir og víðar á þessu sviði.

Valgarð Thoroddsen.

Ed. 336. Frumvarp til laga [144. mál]

um framkvæmd á heilsugæzlukafla laga um almannatryggingar, nr. 50/1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkv. þeim lögum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Steingrímur Aðalsteinsson, Finnbogi R. Valdimarsson

1. gr.

III. kafli laga um almannatryggingar, nr. 50/1946 (heilsugæzla), skal koma til framkvæmda frá 1. jan. 1953.

2. gr.

Þau ákvæði l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og laga um breytingar á þeim lögum, sem fjalla um persónuiðgjöld hinna tryggðu, skulu úr gildi falla 1. jan. 1953.

3. gr.

116. gr. l. nr. 50/1946 orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er tvíþætt að efni. Að öðrum þræði er það tryggingamál, þar sem mælt er fyrir um, að einn meginþáttur almannatrygginganna — kaflinn um heilsugæzlu — skuli koma til framkvæmda. Að hinum þræðinum er það skattamál, að því leyti sem mælt er fyrir um, að persónuiðgjöld til almannatrygginganna skuli falla niður, en ríkissjóður skuli í staðinn leggja tryggingasjóði til það fé, sem á vantar til að bera uppi tryggingarnar.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1946, var eitt höfuðnýmæli þeirra það, að komið skyldi upp skipulagðri heilsugæzlu og heilsuvernd. Fjallar III. kafli laganna um þetta efni. Var þá í upphafi ákveðið, að þessi kafli laganna skyldi koma til framkvæmda 1. jan. 1948. Við það var þó ekki staðið, heldur framkvæmd heilsugæzlunnar frestað hvað eftir annað, og samkv. þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, á hún ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1955.

Flm. frumvarpsins telja, að þegar sé orðinn of langur dráttur á framkvæmd þeirra þýðingarmiklu fyrirmæla, sem felast í heilsugæzlukafla almannatrygginga-

laganna, og leggja áherzlu á, að án frekari tafar sé hafinn alvarlegur undirbúningur að framkvæmd hans og framkvæmdin sjálf hafin að ári liðnu hér frá, eins og mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Um fjárhagshlið frumvarpsins er það helzt að segja, að með þeirri skatta- og tollaáþján, sem almenningur nú býr við — ásamt stöðugt vaxandi dýrtíð, en minnkandi atvinnu —, er miklum fjölda manna að verða um megn að greiða persónuiðgjöld sín til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna og því sú hætta fyrir hendi, að fjöldi fólks — og þá auðvitað fyrst þeir fátækustu, sem sízt mega án trygginganna vera — lendi í vanskilum með þessi gjöld og tapi réttindum sínum til þeirra bóta, sem í tryggingunum felast.

Í þessu sambandi skal á það minnt, að ríkissjóður sækir nú í vasa hvers mannsbarns í landinu að meðaltali hvorki meira né minna en 1600 krónur á ári í tollum og óbeinum sköttum. Það þýðir, að fimm manna fjölskylda borgar með þessum hætti að meðaltali 8000 krónur á ári í ríkissjóðinn. Og undan þeirri innheimtu verður ekki komizt, því að hún er fólgin í fötum og fæði og öðrum daglegum nauðþurftum fjölskyldunnar.

Við þessi lögþvinguðu iðgjöld heimilanna bætast svo meðal annars iðgjöld til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna, sem á 1. verðlagssvæði trygginganna og þar, sem sjúkrasamlagsgjöldin eru hæst, munu vera ca. 1000 krónur á ári fyrir kvæntan mann.

Eins og áður segir er orðin hætta á, að fjöldi manna geti ekki staðið í skilum með þessi gjöld og tapi af þeim sökum réttindum. Flm. leggja þess vegna til, að þessi persónulegu iðgjöld verði felld niður, en ríkissjóður leggi tryggingunum því meira fé, enda ærin tollheimta hans af einstaklingum, eins og áður er sagt. Að sjálfsögðu hefði þetta í för með sér allmikið aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, og verður því sennilega borið við, að ríkissjóður geti ekki tekið þau á sig án nýrra tekjustofna.

Flm. eru þó þeirrar skoðunar, að þetta sé hægt. Það hefur sýnt sig, að á þessu ári hefur verið tekið af landslýðnum í ríkissjóðinn ekki minna en hundrað milljónir króna umfram útgjöld hans, og mætti þó áreiðanlega halda betur á fé ríkisins en gert er. Ef haldið er öllum núverandi tekjustofnum ríkisins, ætti þetta því að vera hægt. Ef hins vegar t. d. söluskatturinn yrði felldur niður — eins og þingmenn Sósíalistaflokksins vilja að gert verði — mundi þurfa að athuga um auknar tekjur, t. d. með ráðstöfunum, sem duga til að ná til þess fjár, sem almennt er talið að svikið sé undan skatti í ýmiss konar meiri háttar rekstri. Einnig mætti áreiðanlega spara í gjöldum ríkissjóðs með því að draga saman skriffinnskubáknið.

Ed. 337. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Í staðinn fyrir 1.—12. gr. kemur ein grein, er verður 1. gr. og orðast svo:
   Í stað orðanna „1. janúar 1952“ á tveim stöðum í 3. gr. laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla kemur: 1. janúar 1953.
2. Við 13. gr. (verður 2. gr.). Greinin orðast svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðast svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Ed. 338. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Með sama hætti kýs nefndin úr hópi varamanna sinna 3 menn til vara, er kvaddir skulu til í forföllum aðalmanna. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Nd. 339. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi nýr stafliður, þannig:

d. Geymsluhús fyrir garðávexti, enda séu þau vönduð, byggð úr varanlegu efni og gerð eftir fyrirmyndum, er teiknistofa landbúnaðarins hefur samþykkt: enn fremur sé loftræsting og einangrun þannig, að þar sé örugg geymsla fyrir garðávexti, kr. 3.00 pr. m^3.

2. gr.

Í stað „1952“ í 3. málsgr. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 340. Breytingartillaga [33. mál]

við brtt. á þskj. 201 [Skipulag á fólksflutningum með bifreiðum].

Frá Birni Ólafssyni.

Í stað orðanna „innan héraðanna“ komi: innan sýslna.

Nd. 341. Frumvarp til laga [37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar, þó eigi yfir 100 þús. kr. á ári.

Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar. Nægi ekki framlag ríkissjóðs samkvæmt fyrirmælum þessara laga til að greiða að fullu ⅓ hluta af sameiginlegum rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna þessarar starfsemi, ber að endurgreiða sveitarfélögunum hallann hlutfallslega miðað við framlög þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 342. Breytingartillögur [16. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „vélaverkfræðingur“ í 1. málsgr. komi: iðnaðarverkfræðingur.
2. Við 5. gr. Töluliður 8 falli niður.

Nd. 343. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt, með breytingum, en tillögur um þær breytingar ber meiri hl. fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Nd. 344. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOl).

Þetta frumvarp felur í sér framlengingu söluskattsins, sem nú er orðinn illræmdastur og óréttlátastur allra þeirra þungu skatta og tolla, sem alþýða landsins nú stynur undir. Meiri hlutinn vill framlengja söluskattinn, en ég er andvígur því.

Söluskatturinn var upphaflega lagður á þjóðina til þess að greiða kostnað vegna fiskábyrgðar. Nú er fiskábyrgðin löngu horfin. Gengið hefur síðan verið lækkað til að bæta útvegsmönnum upp afnám fiskábyrgðarinnar og firra ríkissjóð útgjöldum af henni, að því er formælendur gengislækkunarinnar sögðu. En söluskatturinn var hækkaður um leið í stað þess að afnema hann. Síðan var svo hinn ólöglegi bátaútvegsgjaldeyrisskattur lagður á almenning, — enn ein uppbót í viðbót við gengislækkunina í stað fiskábyrgðarinnar, — en söluskatturinn var jafnframt hækkaður í stað þess að afnema hann. Og svo kemur það í ljós, að tekjur ríkissins á árinu, sem nú er að líða, eru svo miklar, að tekjuafgangur hefði numið tugum milljóna króna, þótt söluskatturinn hefði alls ekki verið á lagður. Það sýnir sig því, að hægt var að afnema söluskattinn í fyrra, eins og Sósialistaflokkurinn þá lagði til.

Þegar Sósialistaflokkurinn nú hefur lagt til afnám söluskattsins, hafa formælendur hans, stjórnarflokkarnir og ráðherrar þeirra, svarað því, að innflutningur og

þar af leiðandi ríkistekjur yrðu ekki eins miklar á komandi ári eins og því, sem nú er að líða. Þetta er komið undir þeirri efnahagsstefnu, sem ákveðin er. Ef almenningur fær að framleiða fisk til útflutnings, óáreittur af bönnum ríkisstjórnarinnar, — ef þjóðin fær að nýta til fulls hin miklu atvinnutæki sín og bankarnir eru látnir styðja að gjaldeyrisöflun landsmanna með eðlilegum lánveitingum til gernýtingar afurðanna, — þá er enginn efi á, að Ísland getur fræmleitt gjaldeyrisverðmæti, sem nema 150—200 millj. kr. meira en gert hefur verið á þessu ári, og því einnig flutt inn meira sem því svarar.

Fái efnahagslíf þjóðarinnar að þróast í friði fyrir höftum og lánsfjárbanni ríkisstjórnarinnar, er því alveg jafnt hægt að sleppa þjóðinni við söluskattinn á árinu 1952 eins og staðreyndirnar nú sanna, að hægt hefði verið að sleppa henni við hann 1951.

Samtök almennings um allt land hafa krafizt afnáms söluskattsins. Ég birti hér sem fylgiskjal sýnishorn slíkra samþykkta, sína úr hverjum hóp hinna ýmsu stétta í landinu: verkamanna, húsmæðra, bænda, atvinnurekenda o. s. frv.

Fáist frumvarp þetta ekki fellt við 2. umr., mun ég freista þess við 3. umr. að fá fram breytingu á því.

Tillaga mín er, að frv. þetta sé fellt.

Alþingi, 5. des. 1951.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal.

Sýnishorn af samþykktum almennings um samþykkt söluskattsins.

1. Samþykkt aðalfundar Bandalags kvenna í Reykjavík 12.—13. nóv.

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 12.—13. nóv. skorar m. a. á Alþingi að gera raunhæfar ráðstafanir gegn hinni sívaxandi dýrtíð, t. d. með afnámi söluskattsins. Þar segir m. a.:

„Fundurinn skorar á Alþingi að gera raunhæfar ráðstafanir gegn hinni sívaxandi dýrtíð, sem er að verða alþýðu manna óbærileg, til dæmis með því, að söluskatturinn verði afnuminn frá næstu áramótum."

2. Ályktun Hins íslenzka prentarafélags 25. nóv. 1951.

Hið íslenzka prentarafélag sendir ályktanir af fundi, sem það hélt 25. nóv. 1951, í bréfi til Alþingis 26. nóv. s. l., þar sem þeir vilja afnám söluskattsins nú þegar. Þar segir m. a.:

„Fundur haldinn í Hinu íslenzka prentarafélagi í Alþýðuhúsinu í Reykjavík 25. nóv. beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar og Alþingis, að þessir aðilar afnemi nú þegar söluskattinn. Fundurinn telur, að skattur þessi sé slík byrði á almenning, að ekki verði lengur við unað."

3. Samþykkt Félags íslenzkra iðnrekenda 13. okt. 1951.

Félag íslenzkra iðnrekenda skorar á Alþingi m. a. að afnema nú þegar söluskatt af innlendum iðnaðarvörum, með bréfi 15. okt.

Þar segir viðvíkjandi söluskattinum:

„Þrefaldur söluskattur.

Almennur fundur í Félagi ísl. iðnrekenda hinn 13. okt. 1951 beinir þeirri áskorun til Alþingis að afnema nú þegar hinn þrefalda söluskatt af innlendum iðnaðarvörum.

Átelur fundurinn sérstaklega, að tilbúnum varningi erlendum skuli veitt sérstök vernd með því að leggja þyngri söluskatt á innlendar iðnaðarvörur úr aðfluttum hráefnum en erlendar iðnaðarvörur innfluttar."

4. Samþykkt stjórnar Alþýðusambands Íslands 26. nóv. 1951.

Stjórn Alþýðusambands Íslands segir í bréfi til Alþingis 26. nóv. 1951 um söluskattinn:

„Lækkaðir séu til muna tollar á nauðsynjavörum og afnuminn söluskattur af þeim og innheimta hans gerð einfaldari, á meðan hann að einhverju leyti er innheimtur."

5. Samþykkt 13. iðnþings Íslendinga.

Landssamband iðnaðarmanna sendir bréf 10. september 1951, þess efnis m. a. að nema úr gildi söluskatt á þessu ári. Þar segir:

„13. iðnþing Íslendinga skorar á ríkisstjórn og Alþingi að nema úr gildi söluskatt á þessu ári. Meðan söluskatturinn ekki fæst niður felldur, verður að krefjast þess, að söluskattur verði ekki nema einu sinni innheimtur af sömu vörusölu og þjónustu.

Greinargerð: Söluskatturinn var upphaflega lagður á til styrktar sjávarútveginum, en þar sem nú hefur verið tekin upp önnur leið í þeim efnum, er sá grundvöllur, sem þessi skattur var byggður á, raunverulega fallinn úr sögunni. Framkvæmd söluskattslaganna er og slík, að ekki verður við unað, þar sem honum er beitt sem beinum verndartolli fyrir innfluttan erlendan iðnað. Má sem dæmi nefna, að föt unnin að öllu leyti hér innanlands eru háð 15.7% söluskatti, en innflutt föt ekki nema 9.7%."

6. Ályktun Bændafélags Þingeyinga 20. nóv.

Bændafélag Þingeyinga sendir ályktanir frá fundi þess, er haldinn var 20. nóv., með bréfi til Alþingis 25. nóv. s. l. Þar segir m. a.:

„Söluskattur. Bændafélag Þingeyinga krefst þess, að lög um söluskatt séu afnumin, og lítur svo á, að frumvarp það, sem fram er komið á Alþingi um, að helmingur söluskattsins renni til bæjar- og sveitarfélaga, verði einungis til þess að tefja fyrir afnámi söluskattslaganna."

Nd. 345. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um afstöðuna til þessa frv. Meiri hlutinn vill samþykkja það óbreytt, en ég legg til, að 1. gr. frv. sé felld. Sósialistaflokkurinn hefur frá upphafi barizt gegn þeim hækkunum á álögum á almenning, sem í henni felast. — Hins vegar er ég samþykkur 2. og 3. gr. frv.

Alþingi, 5. des. 1951.

Einar Olgeirsson.

Ed. 346. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um afnám laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frumvarp þetta á fullskipuðum fundi sínum í dag.

Undirritaðir nefndarmenn geta ekki fallizt á, að hætt verði að afla ríkinu tekna með tekju- og eignarskatti, og leggja þar af leiðandi til, að frumvarpið verði fellt.

Minni hlutinn (GJ) skilar væntanlega séráliti.

Alþingi, 5. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Brynj. Bjarnason.

Nd. 347. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1952, með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.
   b. (3. gr.) Við a-lið 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.
   Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

Nd. 348. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með lögum nr. 58 1946, um menntaskóla, var ákveðið, að menntaskólarnir skyldu vera fjögurra ára skólar og að landspróf, sem fram fer í héraðsskólum og gagnfræðaskólum, skuli gilda til inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna. Menntaskólinn í Reykjavík hefur starfað samkvæmt þessum lögum, síðan þau voru sett. Á hinn bóginn hafa forstöðumenn menntaskólans á Akureyri ekki viljað sætta sig

við þá skipan. Einkum hefur verið lögð áherzla á það af þeirra hálfu að láta miðskóladeild starfa við skólann áfram. Á þingi 1948 var borið fram frumvarp þess efnis, að meðan húsrými menntaskólans á Akureyri leyfði, að dómi skólastjórnar, skyldi skólinn starfa áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku laganna frá 1946, að því viðbættu, að landspróf skyldi gilda til upptöku í þriðja bekk skólans. Menntamálanefnd þessarar deildar lagði þá til, að um tveggja ára skeið skyldi starfa miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri, enda starfaði þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum frá 1946 um menntaskóla. Þannig var málið afgreitt. Flutningsmenn þess á þingi féllust á þessa breytingu, og þingmenn höfðu ástæðu til að ætla, að skólastjórn menntaskólans á Akureyri gæti unað við þau málalok. Síðar kom þó í ljós, að svo var ekki. Á þingi í fyrra var þetta mál tekið upp að nýju, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Nú eru því úr gildi fallin þau lagaákvæði, er starfsemi miðskóladeildar við menntaskólann á Akureyri var byggð á. Minni hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til, að sú skipan verði lögfest að nýju, og leggur til, að frumvarp þetta verði fellt. — Nefndin leitaði umsagnar fræðslumálastjóra um frumvarpið, og er álit hans birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 5. des. 1951.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Jónas Árnason.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

27. nóvember 1951.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 22. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga á þingskj. 169 um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, og fjallar það um heimild til þess að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og Reykjavík, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa.

Eins og kunnugt er, hefur svipað frumvarp verið þrívegis til meðferðar á Alþingi, og tvisvar var menntaskólanum á Akureyri veitt heimild til þess að halda óskipta tveggja ára miðskóladeild. Í bæði skiptin var umrædd heimild veitt til tveggja ára. Á síðasta Alþingi og því, er nú situr, er einnig óskað sams konar heimildar handa menntaskólanum í Reykjavík, og nú er ekki um tímabundna heimild að ræða.

Afstaða mín og margra málsmetandi skólamanna til máls þessa mun þingmönnum og öðrum vera ljós af gögnum þeim, sem Alþingi hafa verið send áður. Vísast í þeim efnum m. a. til fylgiskjala þeirra, sem prentuð voru á þskj. 809 með nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar efri deildar á síðasta Alþingi, og fylgir það hér með.

Uppeldismálaþing, sem haldið var í Reykjavík síðastl. sumar — sameiginlegt fyrir barnakennara og framhaldsskólakennara —, gerði svofellda samþykkt:

„Þingið vill leggja áherzlu á, að það telur skipan gagnfræðastigsins, eins og fræðslulögin gera ráð fyrir, skynsamlega og tiltölulega sveigjanlega í framkvæmd, nema ef vera skyldi að því leyti, að aðgreining verknáms og bóknáms sé á skyldunámsárunum óþarflega ákveðin.

Sérstaklega vill þingið vara alvarlega við þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til að kljúfa gagnfræðastigið á þann veg, að miðskóladeildir verði tengdar menntaskólunum, að ekki sé nefnd sú óhæfa að ætla unglingum aðeins tveggja vetra nám frá barnaprófi til landsprófs miðskóla."

Til viðbótar framanskráðu leyfi ég mér að benda á eftirtalin atriði til íhugunar:

1. Hefur allt skraf menntaskólanna um þröngan húsakost og aukna húsnæðisþörf verið markleysa? Er ástæða til fjárframlaga til úrbóta í þessu skyni, ef

ekki er — eða verður — fullnotað húsnæði menntaskólanna, sem fyrir eru, nema þeir fari að þarflausu inn á verksvið gagnfræðastigsskólanna? Má í þessu sambandi geta þess, að í gagnfræðaskólanum á Akureyri eru nú um 300 nemendur, en talið er, að þar gætu rúmast 550 nemendur. Er ekki nauðsynlegt fyrir menntaskólana að fá hið allra fyrsta aukið og hentugt húsnæði til kennslu í eðlisfræði, efnafræði og náttúrufræði? Í þeim efnum virðist mér, að menntaskólarnir okkar standi langt að baki hliðstæðum skólum í nágrannalöndunum og þótt víðar væri leitað. Það þykir vart vænleg kennsla til góðs árangurs í framangreindum námsgreinum, nema nemendurnir geti sjálfir gert tilraunir, en á því munu vera mjög litlir möguleikar að óbreyttum aðstæðum. Mér virðist því, að hafi menntaskólarnir ráð á húsnæði umfram það, sem þarf til bóklegrar kennslu í lærdómsdeild, þá eigi tilraunakennslugreinar þær, er ég áður nefndi, að njóta þess.

2. Í miðskólum skal kenna handavinnu og matreiðslu. Hvernig hyggjast menntaskólarnir að framkvæma þá kennslu?
3. Þar til síðastl. haust hefur ekki komið til orða að synja unglingum, sem lokið höfðu miðskólaprófi í landsprófsgreinum með einkunninni 6.00 eða meir (að 6.40?) um upptöku í menntaskóla. En þá taldi rektor menntaskólans í Reykjavík vart kleift að hafa sexskiptan 3. bekk (þ. e. 1. bekk lærdómsdeildar) sökum þrengsla, er það mundi valda í sambandi við framhaldsdvöl þeirra í skólanum. Fyrir atbeina menntamálaráðherra var hætt við þetta og umræddir nemendur fengu inngöngu í skólann. Væri það nú rétt gagnvart landsprófsnemendum að synja þeim, sem náð hafa tilskilinni einkunn (6.00), um inngöngu í 1. bekk lærdómsdeildar, en taka í staðinn gagnfræðanemendur, sem allir komast í einhvern gagnfræðastigsskóla?
4. Hér með fylgir „yfirlit um tölu nemenda við menntaskólanám 1948—1951 (o. fl.)“, sem ég tel, að vakið geti til allmikillar umhugsunar; t. d.:
   a. Hvað veldur því, að lærdómsdeildarnemendum fækkar í M. A., en fjölgar á Laugarvatni? Getur ekki verið, að þar um valdi nokkru hinn mikli áhugi M. A. fyrir miðskóladeild og Laugarvatnsskóla fyrir lærdómsdeild?
   b. Ef lærdómsdeildarnemendur Laugarvatnsskóla hefðu farið í M. A., hefði síðarnefndi skólinn verið allvel skipaður, og mundi ekki hafa verið hagkvæmara fyrir þá nemendur í menntaskólanum í Reykjavík, sem þurfa að greiða námsdvölina hér fullu verði, að fara í heimavistina á Akureyri?
   c. Þeim miðskólaprófsnemendum fer sem betur fer fjölgandi, sem taka landspróf til þess að fá góða almenna menntun (sjá E-lið skýrslunnar), en hyggja ekki til langskólanáms.
   d. Það mun vera almennt álit sálfræðinga og uppeldisfræðinga, að varast beri að ætla börnum og unglingum umfangsmeira og erfiðara nám en aldur þeirra og þroski segir til um. Það mun víst flestum ljóst, að það er ofætlun unglingum að ljúka því námi á 2 árum, sem mið- og gagnfræðaskólar ætla þeim í 3 vetur. Gefur F-liður skýrslunnar ekki ástæðu til íhugunar um þetta atriði? Það er sitt hvort að geta lært einhver minnisatriði eða að geta notfært sér það, sem lært er. Hið fyrrnefnda atriði fer e. t. v. ekki svo mjög eftir aldri nemenda, en hið síðarnefnda er ótvírætt háð aldri og þroska þeirra. Og verða nemendur og skólar ekki dæmdir eftir því, þegar til háskólanáms eða starfa kemur, hvernig til tekst um hagnýtingu lærdómsins? Þess má geta hér, að sé um andlega og líkamlega bráðþroska nemendur að ræða, geta gagnfræðastigsskólarnir fært þá í næsta bekk fyrir ofan á miðjum vetri, eða látið þá hlaupa yfir bekk, ef hentara þykir. Þeir geta því lokið þriggja ára námi á 2 árum í téðum skólum.
5. Hvað skyldu margir þeirra manna, sem hafa beitt sér — eða beita sér — fyrir miðskóladeildum við menntaskólana, hafa þurft að senda börn sín frá sér til

náms strax að loknu barna- eða fullnaðarprófi? Með nýju skólalöggjöfinni er stefnt að því, að fólk geti sem lengst haft börn sín og unglinga við nám sem næst heimilum þeirra. Einnig er þetta gert til þess, að fólk þurfi síður að yfirgefa sveitir og þorp og fara í stærstu kaupstaðina til þess að fá sæmilega almenna menntun handa börnum sínum.

Það er oft vitnað til þess, sem áður var. Ég lít svo á, að fortíðinni sé ekki vanþakkaður arfurinn, sem við höfum fengið, þótt við ávöxtum þann arf á annan hátt en gert var. „Tímarnir breytast og mennirnir með.“ Sjálfsagt er rétt að fara gætilega í öllum málum, en hins vegar verðum við að gæta þess „að missa ekki af strætisvagninum“.

Ég vil, að menntaskólarnir á Akureyri og í Reykjavík verði efldir að gögnum og gæðum til þess að gegna því hlutverki, sem núgildandi lög um þá ætla þeim, og verði lærdóms- og starfsstöðvar, en gagnfræðastigsskólarnir verði látnir sjá um þá undirbúningsmenntun, sem þarf til inngöngu í 1. bekk menntaskóla.

Helgi Elíasson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 349. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Miðnesheiðarvegur:* Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
5. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
6. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
7. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
8. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
9. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
10. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
11. *Krýsuvíkur- og Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.

12. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
13. *Reykjavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði í Ölfusi að Reykjaskóla.
14. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
15. *Tjarnarvegur:* Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Tjörn.
16. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
17. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
18. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
19. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
20. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns, hjá Úlfljótsvatni á Sogsveg vestan Sogs nálægt Alviðru, með álmu yfir Írafossbrú á Sogsveg hjá Syðri-Brú.
21. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
22. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
23. *Skeiða- og hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
24. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi austan Laxárbrúar að Auðsholti.
25. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
26. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og Norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
27. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
28. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla að Gaulverjabæjarvegi.
29. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
30. *Hamarsvegur:* Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
31. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
32. *Kaldaðarnesvegur:* Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
33. *Ásvegur:* Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás að Sandhólaferju.
34. *Vetleifsholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
35. *Heiðarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Hárlaugsstaði um Heiði, Kamb og Raftholt að Hreiðri.
36. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
37. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
38. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
39. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
40. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandssvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
41. *Út-Landeyjavegur:* Af Bakkabæjavegi nálægt Fróðholti um Eystri-Hól að Ytra-Hóli, með álmu að Skúmsstöðum.

42. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
43. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
44. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
45. *Fljótshlíðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
46. *Vallarvegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
47. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
48. *Sandhólmavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri, ofan við Lambhúshól á Suðurlandsveg hjá Hvammi.
49. *Skógaskólavegur:* Af Suðurlandsvegi austan Skógaár að Skógaskóla.
50. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
51. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
52. *Mýrdalsvegur syðri:* Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand á Áftaversveg nálægt Hraunbæ.
53. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
54. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
55. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
56. *Holtsvegur á Síðu:* Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti.
57. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
58. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra undan Bjarnanesi.
59. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.
60. *Bæjarvegur í Lóni:* Af Suðurlandsvegi hjá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Svínhólum.
61. *Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:* Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufuá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Keldnavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
3. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
4. *Kjalarnesvegur innri:* Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallaveg hjá Seljabrekku.
5. *Eyrarfjallsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.

6. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
7. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
8. *Dragháls- og Skorradalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
9. *Andakílsfossavegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum, Grund og Háafelli um Fitjabrú að Vatnshorni.
10. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá, yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
11. *Svínadalsvegur:* Af Leirársveitarvegi hjá Hóli norðan Laxár að Eyri.
12. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
13. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
14. *Melasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
15. *Hvalfjarðarferjuvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.
16. *Mófellsstaðavegur:* Af Vesturlandsvegi innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði á Skorradalsveg hjá Vatnsósnum.
17. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalssvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
18. *Skálpastaðavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði og Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.
19. *Bæjarsveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalsárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi, með hliðarálmu að flugvelli á Kálfanesmelum.
20. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal að Skógum.
21. *Reykdælavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum inn Reykholtsdal, yfir Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
22. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufuár.
23. *Ferjubakkavegur:* Af Borgarnesbaut hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
24. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur, yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
25. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandsskóla.
26. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
27. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
28. *Kleifavegur:* Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
29. *Hvítársíðuvegur:* Af Kleifavegi um Hvítársíðu, Hvítársíðukrók og hjá Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut fyrir innan Húsafell, með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.

30. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólmsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
31. *Grímsstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
32. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.
33. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.
34. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
35. *Kolviðarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.
36. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
37. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, hjá Miklaholti og Ytra-Skógarnesi að Syðra-Skógarnesi.
38. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt að Krossum.
39. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla og Lýsudal að Lýsuhóli.
40. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
41. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
42. *Búðavegur:* Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
43. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
44. *Rifsvegur:* Af Hellissandsvegi að Rifi.
45. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík til Hellissands.
46. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
47. *Framsveitarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði út fyrir Eyrarfjall, um Setberg og á Eyrarsveitarveg nálægt Vindási.
48. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi til Bjarnarhafnar með álmu að Seljum.
49. *Helgafellssveitarvegur:* Af Stykkishólmsvegi nálægt Grishól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
50. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
51. *Miðdalavegur:* Frá Vesturlandsvegi vestan Tunguár, hjá Kvennabrekku og Svalbarði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
52. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Kross.
53. *Hörðudalsvegur:* Af Skógarstrandarvegi um Hörðudal, hjá Hlíð að Fremri-Vífilsdal.
54. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
55. *Laugavegur:* Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
56. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
57. *Efribyggðarvegur:* Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.

58. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
59. *Staðarhólsvegur:* Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.
60. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
61. *Gautsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
62. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn um Reykhóla og Stað að Laugalandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum að Hofstöðum.
63. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
64. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
65. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikluháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðaheiði.
66. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
67. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
68. *Gjögurvegur:* Frá Eyri í Ingólfsfirði um Árnes að Gjögri í Reykjarfirði.
69. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd, um Drangsnes, um bæ til Kaldrananess.
70. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
71. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Mýri.
72. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall, meðfram Mjóafirði, um Ögur að Hjöllum í Skötufirði.
73. *Vatnsfjarðarvegur:* Af Ögurvegi við Ísafjarðarbotn um Vatnsfjörð að Skálavík með álmum að Púfum og til Reykjaness.
74. *Jökulfjarðavegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Dynjanda.
75. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
76. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
77. *Tungudalsvegur:* Frá Seljalandsárbrú um Tungudal að Bunuá.
78. *Engidalsvegur:* Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.
79. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
80. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
81. *Fjarðarvegur:* Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn að Eyri í Seyðisfirði.
82. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði, um Suðureyri að Stað.
83. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
84. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
85. *Núpsvegur:* Frá Alviðruvör um Núp að vegamótum Ísafjarðarvegar hjá Gemlufalli.

86. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
87. *Dýrafjarðarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli inn fyrir Dýrafjörð að norðan og út að sunnan til Þingeyrar.
88. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
89. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri til Haukadals.
90. *Álftamýrarvegur:* Frá Rafnseyri til Álftamýrar.
91. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
92. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal um Bakka að Selárdal í Dalahreppi.
93. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Reykjarfirði.
94. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
95. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga og Brjánslæk, um Þingmannaheiði og Klettsháls að Kletti í Kollafirði.
96. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
97. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Mývatnsheiði, Mývatnssveit og Mývatnsöræfi, um Jökulsárbú til Grímsstaða á Fjöllum.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Núpi.
4. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár að Kollufossi.
8. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brýr á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg, með álmu að Hnausakoti í Austurárdal.
9. *Ásabæjavegur:* Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
10. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu og yfir brú á Víðidalsá.
11. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá og út austan ár að Norðurlandsvegi.
12. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
13. *Flugvallarvegur:* Af Húnvetningabraut að flugvelli hjá Akri.

14. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi hjá Svínavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
15. *Svínadalsvegur:* Af Reykjabraut hjá Svínavatni um Auðkúlu á Svínvetningabraut innan við Svínavatn.
16. *Svartárdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð að Bergsstöðum.
17. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum.
18. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
19. *Skagavegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal og Skaga að sýslumörkum.
20. *Reykjarstrandarvegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
21. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
22. *Sæmundarhlíðarvegur:* Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði að Sólheimum.
23. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
24. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
25. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss.
26. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.
27. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi hjá Miklahóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
28. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar með álmu inn Deildardal að Kambi.
29. *Flókadalsvegur eystri:* Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
30. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
31. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Púfnavöllum.
32. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl að Hörgárdalsvegi innri með álmu að Barká.
33. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
34. *Hauganesvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
35. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
36. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
37. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum, um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
38. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
39. *Dagverðareyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri.

40. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli.
41. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
42. *Vatnsendavegur:* Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjaðará, hjá Hólum að Vatnsenda.
43. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
44. *Fnjóskadalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
45. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Illugastöðum.
46. *Kljástrandarvegur:* Af Fnjóskadalsvegi utan við Gljúfurárbrú, um Höfða að Kljáströnd.
47. *Svalbarðseyrarvegur:* Af Vaðlaheiðarvegi ofan við Geldingsárbrú til Svalbarðseyrar.
48. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Þingeyjarsýslubraut hjá Garði í Aðaldal.
49. *Út-Kinnarvegur:* Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
50. *Reykjahverfisvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Þingeyjarsýslubraut hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
51. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
52. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
53. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, um Bárðardal austan Skjálfandafljóts, inn að Bjarnastöðum.
54. *Þingeyjarsýslubraut:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri, um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes og Kelduhverfi, um Jökulsárbrú í Axarfirði að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega.
55. *Mývatnssveitarvegur nyrðri:* Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.
56. *Reykjaheiðarvegur:* Frá Húsavík um Reykjaheiði að vegamótum Tjörnesvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
57. *Laugaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
58. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
59. *Sandsvegur:* Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú.
60. *Hólsfjallavegur:* Frá vegamótum austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi, á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
61. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
63. *Eiðavegur:* Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði.
64. *Ytra-Lónsvegur:* Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkauptúni.
4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.
6. *Sunnudalsvegur í Vopnafirði:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi austan við Hofsá að Sunnudal.
7. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
8. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðs- og Borgarfjarðarveg nálægt Hóli.
9. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og Úthéraðs- og Borgarfjarðarveg hjá Bóndastöðum.
10. *Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka um Hallfríðarstaði og Kirkjubæ að Gunnhildargerði.
11. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað.
12. *Fellavegur efri:* Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Hafrafell og Fjallsel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
13. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
14. *Seyðisfjarðarvegur:* Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
15. *Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
16. *Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiða, út Hjaltastaðaþinghá hjá Bóndastöðum og yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum. Yfir Vatnsskarð um Njarðvík til Bakkagerðis í Borgarfirði.
17. *Hjaltastaðarvegur:* Af Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað út að Sandbrekku.
18. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
19. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
20. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
21. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
22. *Vaðlavíkurvegur:* Af Viðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði að Vöðlum í Vaðlavík.
23. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um

Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
24. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg.
25. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
26. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi ofan við Miðhús um Eyvindarárdal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Hofi í Mjóafirði.
27. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
28. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
29. *Kolfreyjustaðarvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi út ströndina að Kolfreyjustað.
30. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
31. *Norðurdalsvegur:* Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
32. *Breiðdalsvegur syðri:* Af Austurlandsvegi sunnan við Breiðdalsárbrú að Flögu.
33. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1952 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa verið borin fram tvö frumvörp til breytinga á vegalögum og við þau margar viðaukatillögur. Hefur samvinnunefnd samgöngumála fengið þessi frumvörp til athugunar, rætt þau ýtarlega á mörgum fundum, og er niðurstaða þeirrar athugunar þetta frumvarp, sem nefndin hefur samið í samráði við vegamálastjóra.

Síðast var vegalögunum breytt árið 1947. Síðan hafa á hverju þingi verið bornar fram ýmsar tillögur til breytinga á lögunum. Hafa þessar breytingartillögur ekki náð samþykki þingsins til þessa, en nú eru óskirnar um vegalagabreytingar orðnar svo almennar og úr öllum héruðum landsins, að nefndin telur ekki lengur vera hægt að standa gegn þeim, enda hefur lögunum verið breytt með þriggja til fjögurra ára fresti síðan árið 1937.

Vegamálastjóra telst svo til, að lengd þeirra vega, sem bornar hafa verið fram tillögur um á þessu þingi að taka í tölu þjóðvega, sé samtals um 1550 km. Samvinnunefndin taldi ekki gerlegt að auka svo stórlega við þjóðvegina í einu, þegar þess er gætt, að heildarlengd þjóðvega nú er ekki nema 6215 km, og svo mikil viðbót hlyti að hafa í för með sér 25—30% hækkun á framlögum ríkissjóðs til vegamála. Ákvað nefndin að reyna að halda sér við svipaða aukningu og gerð var árið 1947 og fól vegamálastjóra að gera tillögur um aukningu þjóðvega um 700—750 km á grundvelli þeirra tillagna, sem einstakir þingmenn höfðu borið fram.

Nefndin taldi augljóst, að til þess að koma nokkurri sæmilegri og skynsamlegri breytingu fram á vegalögunum yrði nauðsynlegt að fá sem bezt samkomulag um þær tillögur, sem nefndin legði fram. Eftir að vegamálastjóri hafði gert

tillögur sínar, leitaði því nefndin samstarfs við alla þá þingmenn, sem borið höfðu fram vegalagabreytingar. Tóku þingmenn yfirleitt mjög vel þessari viðleitni nefndarinnar til þess að tryggja framgang málsins. Í ýmsum tilfellum töldu þingmenn þó nauðsynlegt að fá einhverja viðbót eða breytingu frá tillögum vegamálastjóra. Telur nefndin sig hafa tekið til greina allar réttmætar óskir í því efni.

Nefndin taldi eðlilegast að sameina allar þessar breytingar í eitt frumvarp, og er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að hin einstöku frumvörp um vegalagabreytingar, sem lögð hafa verið fram á þessu þingi, komi ekki til frekari meðferðar í þinginu.

Samkvæmt þessu frumvarpi lengjast þjóðvegirnir um 958.8 km, eða úr 6215 km í 7174 km. Nemur þessi aukning 15.4%.

Að sjálfsögðu er aukningin allmismunandi í hinum ýmsu héruðum, svo sem eðlilegt er, þar eð vegaþörfin er mjög mismunandi og einnig mjög misjafnt, hversu héruðin eru nú þegar vel veguð.

Þessi mikla aukning þjóðveganna gerir óumflýjanleg verulega aukin framlög til vegaviðhalds. Þar sem afgreiðsla fjárlaga er nú komin á lokastig, taldi nefndin vonlaust að fá nauðsynlega hækkun á framlögum til vegamála í fjárlögum ársins 1952. Af þeim sökum telur nefndin ekki hægt hjá því að komast að láta sömu aðila og áður annast viðhald þessara nýju þjóðvega á árinu 1952.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 20. nóvember 1951.

Umsögn um fram komnar tillögur um breytingar á vegalögunum.

Ég sendi hér með skýrslu, er tekin hefur verið saman, um lengd þjóðvega 1937, ásamt viðbótum samkvæmt lagabreytingum síðan. Voru þeir 4437 km 1937, þar af taldir akfærir 3307 km eða tæplega 75%, en eru nú samtals 5505 km og þar af taldir akfærir 4796 km eða um 87%.

Eru þá taldir akfærir þeir vegir, sem eru venjulega sumarfærir öllum bifreiðum, en um nokkra þeirra getur þó verið álitamál, hvort skuli telja í þessum flokki. Svo sem kunnugt er, þá eru enn í öllum sýslum langir vegakaflar, sem eru aðeins ruddir og stirðir yfirferðar og því unnið að endurbyggingu þeirra, því frekar, sem þeir eru yfirleitt ekki færir eða illfærir á vetrum og jafnvel aðra tíma árs, þegar blautt er um.

Síðan 1945 hefur verið varið til nýbygginga á þjóðvegum árlega 7.0—7.6 millj. kr., en 1946 9.8 millj. kr., sem að mestu leyti hefur verið varið til slíkra endurbygginga. Hefur fjárveitingum þessum verið skipt á 110—140 vegakafla. Hafa þetta yfirleitt verið sömu kaflarnir nokkur undanfarin ár, og enn er mjög fáum þeirra lokið, en á næstu árum mun endurbyggingu margra þó væntanlega lokið.

Unnið er að því að gera heildaryfirlit yfir áætlaðan kostnað við nýbyggingar þjóðveganna, sem nú eru, og er það komið nokkuð vel áleiðis. Virðist enn þurfa fyllilega 50 millj. kr. til áformaðra vegabóta á þeim, miðað við verðlag í ársbyrjun 1950, og er Austurvegur þó ekki meðtalinn, en nokkuð er það misjafnt í einstökum sýslum, mest í Snæfellsnes-, Barðastrandar-, Suður- og Norður-Múlasýslum, 4.5—6.5 millj. í hverri, en minnst í Gullbringu-, Kjósar-, Vestur-Húnavatns- og Austur-Skaftafellssýslu, 300—500 þús. kr. í hverri. Er svo ástatt í einstaka sýslum, að nýbyggingum þjóðvega er mjög langt komið, svo sem í þessum síðasttöldu, auk nokkurra annarra, svo sem í Norður-Ísafjarðarsýslu, en þar er nú aðallega einn þjóðvegur — Ögurvegur — ógerður. Fjárveitingar til nýbygginga í einstökum sýslum hafa verið nokkuð misjafnar og miðað aðallega við vegaþörf hverrar. Þannig

voru hæstar fjárveitingar 1950 610 þús. kr. til Barðastrandarsýslu, 580 þús. kr. til Suður-Múlasýslu, en að meðaltali um 330 þús. kr. til hverrar sýslu. Lægst var til Kjósarsýslu, 65 þús. kr., og engin til Gullbringusýslu.

Viðhaldskostnaður þjóðveganna hefur verið sem hér greinir, næst undanfarin ár, og er þá meðtalinn viðhaldskostnaður brúnna, svo og þær endurbætur, sem allvíða hafa verið gerðar á gömlum vegum, en síðustu 3 árin hefur þó mjög litlum upphæðum verið varið í því skyni vegna of naumra fjárveitinga. Aðgætandi er, að vegna mjög hækkaðs verðlags ár frá ári eru tölurnar alls ekki sambærilegar. Telst mér til, að 13.32 millj. kr. 1948 samsvari 18.1 millj. kr. 1950, en þá var dregið svo úr viðhaldskostnaðinum, að hann varð tæpar 14 millj. kr.

Viðhaldskostnaður:

1951	áætlað	um	17.8	millj.	kr.
1950	—	—	13.95	—	—
1949	—	—	13.3	—	—
1948	—	—	13.32	—	—
1947	—	—	13.94	—	—
1946	—	—	11.83	—	—
1945	—	—	10.97	—	—

Hér með sendast og skýrslur um sýsluvegi 1937 og 1947. Nýrri heildarskýrslan hefur enn ekki verið tekin saman, en nokkuð hafa sýsluvegirnir lengzt síðar og sérstaklega akfæru kaflarnir. Lauslega má áætla lengd sýsluvega:

1950	alls	2700	km	þar	af	akf.	1900	km	eða	um	70 %
1947	—	2557	—	—	—	—	1527	—	—	—	60 —
1937	—	2331	—	—	—	—	1155	—	—	—	50 —

Á þessu tímabili hafa orðið miklar breytingar á sýsluvegakerfinu í öllum sýslum, sérstaklega í hvert sinn, er aukið hefur verið þjóðvegakerfið. Þannig var bætt við þjóðvegakerfið, sem hér greinir, og voru flestir nýju kaflarnir teknir úr tölu sýsluvega, en jafnan bætt við nýjum vegum í tölu sýsluvega, svo heildarlengd þeirra fór jafnan hækkandi:

Samkvæmt vegal. 1937 voru þjóðvegir					4437 km
Samkvæmt vegalagabreytingu	1940	viðbót	.....		474 —
— —	1943	—	.....		597 —
— —	1947	—	.....		707 —
			Lengd þjóðvega 1950	Samtals	6215 km

Aukning þjóðvegakerfisins hefur verið nokkuð ör á þessu tímabili og raunar einnig áður.

Þetta er eðlileg og ánægjuleg þróun, því vitanlega hefur hún orðið undirstaða að stórbættum samgöngum, þar sem sýslunum hefði verið algerlega um megn að verja til sýsluvegakerfanna nema litlu broti af því fé, sem veitt hefur verið úr ríkissjóði til þessara sömu vega, eftir að þeir höfðu verið teknir í tölu þjóðvega, en hins vegar sívaxandi þörf bættra innansveitarvega og hreppsfélögin mjög lítils megnug um framlög til hreppsveganna. Hafa því margir hreppsveganna verið teknir í tölu sýsluvega, og er nú að vísu svo komið, að í hverri sýslu eru fleiri eða færri vegir, sem nánast eru heimreiðir á 2—3 bæi eða jafnvel aðeins á 1 bæ. Má reyndar segja svipað um einstaka þjóðvegakafla.

Ég hef tekið saman skrá, er fylgir, yfir gjöld til sýsluveganna 1950, bæði úr héraði og framlög úr ríkissjóði. Samkvæmt henni námu þessar upphæðir:

	Framl. ríkissjóðs	héraðs
Í 15 sýslum, þar sem eru sýsluvegasjóðir	917.1 þús. kr.	877.8 þús. kr.
Í 8 sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir ..	259.2 — —	416.7 — —
Samtals kr.	1 576.3 þús.	1 294.5 þús.

Þar, sem eru vegasjóðir, er fasteignaskattur víðast í hámarki 12‰ af löndum og 6‰ af húsum, og verður þá framlag ríkissjóðs um ⅝ móti ⅜ úr vegasjóði. Auk fasteignaskattsins afla sumar sýslur framlaga til vegasjóðanna með því að krefjast til viðbótar allt að því jafnhárrar upphæðar frá hreppunum.

Sýslur, sem ekki hafa stofnað vegasjóð, njóta framlags til akfærra sýsluvega samkv. 15. gr. vegalaganna, og má það nema allt að ⅝ hlutum kostnaðar nýbygginga og helmingi viðhaldskostnaðar.

Berast jafnan árlega umsóknir um nokkru hærra framlag en veitt er í fjárlögum, og aldrei hefur verið unnt að veita hærra framlag en helming kostnaðar.

Er hér ljóst, að sýslufélögin leggja fram mjög verulegar upphæðir til vega, miðað við tekjustofna þeirra.

Það er því eðlilegt, að nokkuð sé sótt á um, að sýsluvegir verði teknir í þjóðvegatölu, ekki beinlínis til þess að létta útgjöldum af sýslunum, því að þau mundu naumast færð til lækkunar, heldur mundu frekar aðrir núverandi hreppsvegir teknir í tölu sýsluvega eða, og þess mundi sennilega gæta meir, lögð meiri áherzla á að geta unnið örar að því að gera núverandi sýsluvegi akfæra og halda þeim betur við.

Tilgangurinn með því að koma sýsluvegunum í þjóðvegatölu er því frekast sá að fá á þann hátt meiri framlög úr ríkissjóði til vegakerfisins.

Nú er það vitanlegt, að þeir þjóðvegir, sem fyrir eru, þurfa árlega til nýbygginga sízt minni fjárveitingar en undanfarin ár og helzt nokkru meiri og munu þurfa þess allmörg ár enn. Skilyrði fyrir því, að slíkar lagabreytingar komi að notum, er því, að aukið verði árlegt framlag til nýbygginga, því þeir vegir, sem mest kapp er lagt á, að komist í þjóðvegatölu, eru einmitt þeir, sem sýslurnar hafa undanfarið lagt mest fé til, og eru langfæstir fullgerðir. Mundi því lítill fengur í, að framkvæmdir yrðu stöðvaðar, þó ekki væri nema um tíma. Hér við bætist viðhaldskostnaður, sem ekki má áætla lægri með núverandi verðlagi en 1000 kr. að meðaltali árlega á hvern km vegar, en meðalviðhaldskostnaður akfæru þjóðveganna var 1950 um kr. 2300.00 á hvern km árlega og vitanlega æðimisjafn, upp í 10 þús. kr. á km sumra fjölförnustu vegakaflanna.

Við athugun á fram komnum tillögum virðist mér, að naumast megi vænta, að samkomulag innan Alþingis fengist um, að minna en 700—750 km yrði bætt við þjóðvegina, ef vegalögin verða opnuð, eða um helmingur framkominna tillagna tekin til greina.

Verði samþykkt að bæta við þjóðvegaköflum nálægt því, sem hér hefur verið gerð tillaga um, þá verður óhjákvæmilega að hækka fjárveitinguna til viðhalds þjóðveganna um 800 þús. kr. til greiðslu nauðsynlegs viðhalds þessara kafla. Jafnframt væri æskilegt að veita nokkuð fé til nýlagninga á þeim á næsta ári.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samvinnunefnd samgöngumála, Alþingi.

Lengd þjóðvega. Heildaryfirlit 1937—1947.

Sýslur	1937				1940	1943	1947	Samtals 1947—1950		1950	
	Samtals km	% af vegal.	Akfær km	Ekki akfær km	Viðbót km	Viðbót km	Viðbót km	Samtals km	% af vegal.	Akfær km	Ekki akfær km
Gullbringusýsla	103,1	2,3	75,6	27,5	16,9	5,0	8,5	133,5	2,1	133,5	0
Kjósarsýsla	93,1	2,1	93,1	–	–	21,0	33,7	147,8	2,4	135,7	12,1
Borgarfjarðarsýsla	144,8	3,3	144,8	–	41,0	19,0	48,2	253,0	4,1	251,5	1,5
Mýrasýsla	160,2	3,6	150,7	9,5	–	24,5	16,0	200,7	3,2	198,1	2,6
Snæf.- og Hnappadalss.	246,3	5,5	147,7	98,6	38,0	50,0	16,4	350,7	5,6	295,9	54,8
Dalasýsla	161,6	3,6	146,6	15,0	34,4	27,0	15,0	238,0	3,8	237,1	0,9
Barðastrandarsýsla ...	155,8	3,5	48,7	107,1	24,0	38,5	88,0	306,3	4,9	216,9	89,4
Vestur-Ísafjarðarsýsla .	83,1	1,9	56,4	26,7	6,2	–	25,0	114,3	1,8	105,3	9,0
Norður-Ísafjarðarsýsla.	87,5	2,0	34,5	53,0	19,4	10,5	70,0	187,4	3,0	108,9	78,5
Strandasýsla	229,5	5,2	121,4	108,1	–	31,0	15,5	276,0	4,4	182,5	93,5
Vestur-Húnavatnssýsla	102,2	2,3	94,2	8,0	1,2	27,0	42,0	172,4	2,8	172,4	0
Austur-Húnavatnssýsla	115,2	2,6	115,2	–	15,0	10,0	23,5	163,7	2,6	163,7	0
Skagafjarðarsýsla	212,6	4,8	181,4	31,2	33,0	22,5	38,0	306,1	4,9	296,1	10,0
Eyjafjarðarsýsla	170,5	3,8	156,7	13,8	30,0	32,0	19,0	251,5	4,0	245,5	6,0
Suður-Þingeyjarsýsla ..	277,3	6,2	210,0	67,3	37,8	43,0	40.0	398,1	6,4	390,1	8,0
Norður-Þingeyjarsýsla.	319,0	7,1	229,0	90,0	41,9	–	4,5	365,4	5,9	315,0	50,4
Norður-Múlasýsla	456,0	10,2	250,7	205,3	–	56,0	51,5	563,5	9,1	492,5	71,0
Suður-Múlasýsla	390,2	8,7	224,9	165,3	26,5	62,0	35,0	513,7	8,3	414,7	99,0
Austur-Skaftafellssýsla	203,2	4,5	109,9	93,3	17,0	28,0	5,5	253,7	4,1	192,7	61,0
Vestur-Skaftafellssýsla.	193,2	4,3	176,9	16,3	4,5	31,0	17,5	246,2	4,0	226,2	20,0
Rangárvallasýsla	163,6	3,7	163,6	–	17,5	39,0	51,0	271,1	4,4	267,4	3,7
Árnessýsla	368,9	8,8	340,3	28,6	69,2	20,5	43,2	501,8	8,2	463,7	38,1
	4436,9	100,0	3272,3	1164,6	473,5	597,5	707,0	6214,9	100,0	5505,4	709,5

Framlög til sýsluvegasjóða 1950.

		‰	Ríkissjóður	Sýsla og hreppar
1.	Gullbringusýsla	6	28 087.50	28 087.50
2.	Borgarfjarðarsýsla	12	70 091.00	50 991.00
3.	Mýrasýsla	12	59 395.00	60 054.60
4.	Dalasýsla	12	28 326.00	16 995.60
5.	A.-Barðastrandarsýsla	8	5 778.50	4 622.80
6.	V.-Barðastrandarsýsla	10	24 986.85	17 847.75
7.	V.-Húnavatnssýsla	12	29 231.00	33 441.25
8.	A.-Húnavatnssýsla	12	51 382.50	110 554.51
9.	Skagafjarðarsýsla	12	86 202.00	88 272.33
10.	Eyjafjarðarsýsla	12	115 698.00	71 334.80
11.	S.-Þingeyjarsýsla	12	60 556.00	45 493.60
12.	N.-Múlasýsla	12	50 630.00	30 378.00
13.	V.-Skaftafellssýsla	12	25 672.00	15 468.00
14.	Rangárvallasýsla	12	66 427.00	123 994.20
15.	Árnessýsla	12	214 608.00	183 272.43
	Samtals kr.		917 071.35	880 808.37

Framlög til sýslusjóða 1950.

	Ríkissjóður	Sýsla og hreppur	
1. Kjósarsýsla	20 000.00	40 000.00	
2. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	67 780.00	118 319.80	
3. V.-Ísafjarðarsýsla	33 300.00	33 300.00	(áætlun)
4. N.-Ísafjarðarsýsla	35 000.00	42 000.00	—
5. Strandasýsla	40 200.00	40 200.00	—
6. N.-Þingeyjarsýsla	20 000.00	62 000.00	—
7. S.-Múlasýsla (vegasj. 1951)	38 800.00	65 381.17	
8. A.-Skaftafellssýsla	972.89	15 468.00	
9. Borgarvirkisvegur Hvs.	3 129.44	0.00	
Samtals kr.	259 182.33	416 668.97	

21. nóvember 1951.

Á. Á.

Nd. 350. Frumvarp til laga [146. mál]

um afnám laga nr. 99 1933, um veitingaskatt.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, og öll lagaákvæði um breyting á þeim lögum falla úr gildi 31. des. 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 99 19. júní 1933 var ákveðið, að greiða skyldi 10% skatt til ríkissjóðs af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annarra neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum veitingastöðum.

Á sínum tíma var þessi skattur sniðinn eftir danskri fyrirmynd og þá einnig rökstuddur sem eins konar „luxus"-skattur.

Síðan hafa miklar breytingar á orðið, sem mæla eindregið með því, að þessi skattur verði nú afnuminn.

Veitingastarfsemi er orðin miklu almennari þáttur í atvinnulífinu og mikil þörf á því, að bætt séu skilyrði til gistihúsahalds og veitingastarfsemi, bæði vegna gerbreyttra samgönguskilyrða og almennra ferðalaga innanlands og eins vegna þess, hversu æskilegt er að stuðla að frekari heimsóknum erlendra ferðamanna.

Danir hafa fyrir löngu afnumið veitingaskattinn hjá sér nema á áfengum drykkjum, en hér á landi stendur hann fyrir þrifum eðlilegri þróun í gistihúsahaldi og veitingastarfsemi.

Ríkissjóð munar nú ekki miklu, þótt þessi skattur sé afnuminn, enda mundi um leið sparast töluvert fé, sem fer í innheimtu hans, og einnig skapast nýjar tekjur af fjölþættari starfsemi og bættum hag þess atvinnurekstrar, sem skatturinn hvílir þungt á. Nánar í framsögu.

Nd. 351. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, álögðum 1952, sem hér segir:
   Tekjuskattur gjaldanda með 30 þús. kr. eða lægri hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður.
   Tekjuskattur gjaldanda með 30001—33000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að þrem fjórðu hlutum.
   Tekjuskattur gjaldanda með 33001—36000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að hálfu leyti.
   Tekjuskattur gjaldanda með 36001—40000 kr. hreinar árstekjur og konu og eitt barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal falla niður að fjórða hluta.
   Þessi sérstaka tilslökun skal framkvæmd þannig, að tekjur manns að frádregnum skatti skuli aldrei verða lægri en þess, er greiðir lægri skatt.
   Þeirrar hlutfallslækkunar á tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir, er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.
2. Við 4. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, er heimilt að telja fram sérstaklega til skatts þær tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi að eða hluthafi í, og skal þá leggja á hana samkvæmt því.
   Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar konunnar niður.
   Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga lögboðinn persónufrádrátt, áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.

Ed. 352. Frumvarp til laga [147. mál]

um vistheimili fyrir drykkjusjúka menn.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ráðherra skal skipa sérstakan lækni, sem hefur sérþekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, til þess að hafa með höndum yfirumsjón með gæzlu drykkjusjúkra manna þeim til umönnunar og lækningar. Hann skal rækja starfið sem aðalstarf og tekur laun samkvæmt III. flokki launalaga. Hann skal einnig vera áfengisráðunautur ríkisstjórnarinnar án sérstakra launa.

2. gr.

Ríkisstjórnin lætur setja á stofn nú þegar vistheimili fyrir drykkjusjúka menn. Staður fyrir vistheimilið skal valinn með sérstöku tilliti til þess, að hann sé vel

til þess fallinn, að þar sé rekin fjölbreytt framleiðsla, svo að hverjum vistmanni gefist kostur á að starfa þar eftir því, sem heilsa hans og hæfileikar leyfa.

Kostnaður við stofnunina greiðist af því fé, sem fyrir hendi er eða síðar verður greitt samkvæmt 15. gr. laga nr. 55 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 55 1949 var ákveðið, að á árunum 1950—1956 skyldi greiða í sérstakan sjóð 750 þús. kr. á ári af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins og verja fé þessu meðal annars til þess að koma upp og starfrækja vistheimili fyrir drykkjusjúka menn, sem álitið væri, að unnt væri að lækna á skömmum tíma. Í sömu lögum var ákveðið, að ríkissjóður skyldi greiða til sveitarfélaga, sem koma vildu upp hælum fyrir drykkjusjúka menn, sem vitað var að þyrftu lengri hælisvist, hliðstæð framlög og ríkissjóður greiðir til sjúkrahúsa í landinu. Þótt liðin séu nú 2 ár frá því að lög þessi tóku gildi, hefur það eitt þokazt áfram í þessum málum, að safnað hefur verið því fé, sem tilskilið er í lögunum, og mun nú vera í þeim sjóði um 1.5 millj. króna. Með því að brýna nauðsyn ber til þess, að hafizt sé nú þegar handa um að koma á stofn vistheimili fyrir þá drykkjumenn, sem vegna drykkjusýki eiga ekkert athvarf eða hvað eftir annað lenda í höndum lögreglunnar, og þar sem það enn fremur er vitað, að frumskilyrði fyrir því, að verulegur árangur náist í þessum málum, er að skipaður verði þegar sérstakur áfengisvarnalæknir til þess að hafa yfirumsjón með þessum málum og forustu í að koma stofnuninni upp, er frumvarp þetta borið fram og þess vænzt, að alþingismenn ljái því óskipt lið sitt, svo að það megi verða að lögum á yfirstandandi þingi.

Sþ. 353. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um jöfnunarverð á olíum og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið gaumgæfilega og mælir með, að till. verði samþykkt. Jafnframt vill nefndin beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún gefi því góðar gætur, að útsöluverð á þessum vörum hækki ekki vegna verðjöfnunarinnar.

Reynist torvelt að koma þessu í framkvæmd án sérstakrar lagasetningar, þá telur nefndin, að ríkisstjórnin eigi að koma málinu fram með setningu bráðabirgðalaga.

Alþingi, 6. des. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Magnús Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 354. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að söluskatturinn verði ekki framlengdur, en er að öðrum kosti fús til samninga um undanþágu frá söluskatti fyrir vörur og þjónustu, sem mest áhrif hafa á framfærslu- og framleiðslukostnað.

Alþingi, 5. des. 1951.

Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 355. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá Jóni Sigurðssyni, Pétri Ottesen og Magnúsi Jónssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Héraðsnefndir skulu meta hús, ræktunarumbætur þær og aðrar framkvæmdir, er eigi hafa verið metnar aukafasteignamati frá 1940. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar fasteignamati. Enn fremur breytingar á samgönguskilyrðum, rafmagnslagningum og öðrum félagslegum umbótum, er gerðar hafa verið frá sama tíma. Skal í viðbótarmati þessu farið eftir sömu reglum og giltu við síðasta fasteignamat. Að þessu fengnu skulu þær ákveða breytingu á matsverði hverrar fasteignar með tilliti til þeirra verðlagsbreytinga, er orðið hafa síðan 1940. Þessi hækkun má þó hvergi vera meiri en svo, að heildarmatsverð fasteignar fjórfaldist.
2. Við 11. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist þannig: Eftir að sá kostnaður hefur verið greiddur að fullu, skal fasteignaskatturinn samkvæmt nefndum lögum renna til bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hann er á lagður. Fasteignaskattur sveitarfélaga greiðist í sýslusjóð hlutaðeigandi sýslu og innheimtist hjá gjaldendum af sýslumönnum á manntalsþingum með öðrum þinggjöldum. Nú reynist greiddur fasteignaskattur úr einhverjum hreppi hærri en niðurjafnað sýslusjóðsgjald hreppsins á því ári, og á hreppurinn þá rétt á endurgreiðslu sem því nemur. Bæjarfélög annast sjálf innheimtu skattsins.
3. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Opinber gjöld, sem miðuð eru við ákveðna hundraðstölu af fasteignamati, önnur en fasteignaskatt, skal reikna af grunnmati fasteigna áður en verðlagshækkunin er á lögð.

Ed. 356. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., sem þegar hefur náð samþykki neðri deildar Alþingis, en var flutt þar af meiri hluta iðnaðarnefndar og er, eins og segir í greinargerð þess, flutt samkvæmt beiðni bankanefndar iðnaðarsamtakanna í landinu.

Meiri hluti iðnaðarnefndar Ed. telur, að iðnaðarsamtökin í landinu eigi rétt á því, að skoðanir þeirra séu teknar til greina að því er það mál snertir, er hér ræðir um, og að leyfð sé stofnun þess banka, sem frv. ræðir um.

Á fundi iðnaðarnefndar Ed. þegar málið var afgreitt var einn nefndarmanna, 1. þm. N-M. (PZ), ekki viðstaddur. Í meiri hlutanum, sem vill samþ. frv. óbreytt, eru allir aðrir nefndarmenn að undanskildum 8. þm. Reykv. (RÞ), sem taldi sig ekki vera viðbúinn að taka ákvörðun um málið. 4 landsk. þm. (StgrA) sagðist mundu bera fram brtt. um hækkun á hlutafé bankans, en fylgja frv. að öðru leyti.

Alþingi, 6. des. 1951.

Gísli Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 357. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hlutafé félagsins skal nema allt að 11 millj. króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 5 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 2½ millj. kr. hlutafjár, en 1 millj. kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður, að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

Nd. 358. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. laga þessara.

Ed. 359. Frumvarp til laga [72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja ábúanda Helgastaða í Hraunhreppi í Mýrasýslu, Gísla Jónssyni, eyðijörðina Múlasel í sama hreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfa eða alla jörðina Hróastaði í Öxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 360. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

VI. kafli laganna (36.—40. gr.) breytist þannig:

1. 38. gr. laganna verður 36. gr.
2. Á eftir 36. gr. komi ný grein (37. gr.), svo hljóðandi:

   Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér hentugra að gera fyrst nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama styrks úr landnámssjóði til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo.

   Þessi styrkveiting er þó bundin eftirfarandi skilyrðum:

   a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
   b. Að framkvæmdirnar, sem styrks njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
   c. Að styrkþegi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur. Að öðrum kosti endurgreiði hann landnámssjóði styrkinn með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
   d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

   Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.
3. 36. og 37. gr. laganna verði 38. og 39. gr.
4. 39. og 40 gr. laganna verða 40. og 41. gr.
5. Fyrirsögn kaflans verði:

   Um landnám einstaklinga og nýbýli.

2. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr (VII.) kafli (42.—48. gr.), svo hljóðandi:

VII. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum.

a. (42. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði.

Nýbýlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar.

b. (43. gr.) Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

c. (44. gr.) Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 43. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

d. (45. gr.) Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi.

e. (46. gr.) Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og trygga örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

f. (47. gr.) Verði jarðareigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

g. (48. gr) Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 46. og 47. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkv. ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 45. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 38. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 35 1946 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 361. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá meiri hl. varnarsamningsnefndar

Þetta frv., sem þegar hefur verið samþykkt af neðri deild Alþingis, er samhljóða bráðabirgðalögum nr. 65 24. maí 1951, eins og segir í greinargerð þess. Ísland er sem kunnugt er aðili að því varnarbandalagi, sem nefnt er í varnarsamningnum Norður-Atlantshafsbandalagið, og hefur þegar með þátttöku sinni í því bandalagi tekið á sig ákveðnar skuldbindingar, en um leið lýst yfir því, að vér hefðum eigi herafla sjálfir til að verja land vort.

Sá varnarsamningur, sem hér ræðir um og gerður hefur verið milli Íslands og Bandaríkjanna f. h. Norður-Atlantshafsbandalagsins, er eðlileg afleiðing af því, sem fram var tekið í upphafi, þegar Ísland gekk í áður nefnt varnarbandalag. Minni hluti nefndarinnar, 7. landsk. (FRV), hreyfði nokkrum breytingum, sem meiri hlutinn taldi a. m. k. sumar hverjar enga þýðingu hafa. Minni hlutinn vildi þó ekki skuldbinda sig til að fylgja frv., jafnvel þótt fallizt yrði á breytingartillögur hans, og klauf því nefndina.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að eins og nú er ástatt með öryggið í heimsmálunum væri óafsakanlegt að hafa landið án allra varna, og álítur þess vegna, að staðfesta beri þann varnarsamning, sem hér ræðir um, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1951.

Bernharð Stefánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Karl Kristjánsson.
	H. Guðmundsson.	

Ed. 362. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952 skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvísitölu næsta mánaðar á undan.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkazt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á

laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Verðlagsuppbót þessi greiðist frá 1. maí 1950. Viðkomandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslið 1. gr., áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellinum hækki tilsvarandi frá sama tíma og launahækkunin verður.

3. gr.

2. efnismálsgr. 2. gr. laga nr. 117/1950 orðast svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða söltunar, og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram fyrir 1. júní n. k. athugun á launum og viðbótarlaunum starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, svo að ljóst sé, hverjar heildartekjur þeirra eru í launum frá ríkissjóði eða ríkisfyrirtækjum, samfara upplýsingum um þann vinnutíma, sem aðili lætur í té fyrir greidd laun. Að lokinni þeirri athugun og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir, skal ríkisstjórnin gera á ný tillögur um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og leggja þær síðan ásamt upplýsingunum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 363. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Fyrir 1.—12. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:
      Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur ríkissjóður fram til hans kr. 3300000 á árinu 1952, kr. 800000 árlega árin 1953—1961, að báðum árum meðtöldum, og síðan kr. 300000 árlega.
   b. (2. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Nd. 364. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Birni Ólafssyni.

Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, svolátandi:

Í stað síðasta málsl. 4. málsgr. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

Ed. 365. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins, hefur orðið halli á rekstri Tryggingastofnunarinnar á síðustu tveim árum og hefur af þeim sökum verið gengið verulega á sjóði stofnunarinnar.

Með frumvarpinu er stefnt að því að draga úr þessum rekstrarhalla, en nefndin lítur svo á, að ákvæði frumvarpsins tryggi það ekki nægilega, að ekki verði í framtíðinni gengið á sjóði Tryggingastofnunarinnar og starfsemi hennar þannig hætta búin. Telur nefndin nauðsynlegt, að svo sé búið um, að fjárhagsgrundvöllur stofnunarinnar raskist ekki, og að rétt sé að breyta frumvarpinu með tilliti til þess.

Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni, og annar nefndarmaður (HG) áskilur sér rétt til þess að bera fram breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Síðasta málsgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr., skulu innheimt með álagi samkvæmt áætlun um meðalkaupgjaldsvísitölu gjaldársins, er ríkisstjórnin gerir, þegar kunnugt er um kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar. Þó skal innheimta iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkvæmt 112. gr. með álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til áætlun um meðalvísitölu er fullgerð. Nú reynist áætlun um meðalvísitölu ársins of lág, þannig að halli verður á starfsemi tryggínganna á árinu af þeim sökum, og greiðir þá ríkissjóður hallann.

Alþingi, 6. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.

H. Guðmundsson.

Ed. 366. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um ódýra uppdrætti að íbúðarhúsum, eftirlit með byggingum o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og sent það til umsagnar til bæjarráðs Reykjavíkur og Sambands sveitarfélaga með tilmælum um, að sambandið sendi frumvarpið til sveitarfélaga, sem það mundi snerta, ef að lögum yrði. Svör hafa borizt frá bæjarstjóranum á Seyðisfirði og bæjarstjórn Keflavíkur, og hafa þessir aðilar tjáð sig samþykka frumvarpinu.

Nefndin gat þó ekki orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, en leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þau bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, skulu láta útbúa til afnota fyrir hvern sem þess óskar uppdrætti nokkurra íbúðarhúsa af mismunandi gerðum, og fylgi þeim séruppdrættir, sem nauðsynlegir teljast við byggingu hússins. Jafnframt getur hver sá, sem sjálfur vinnur að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig og byggir það samkvæmt þessum uppdráttum, fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá faglærðum starfsmönnum bæjarins. Kemur það eftirlit í stað umsjónar meistara með byggingunni. Gjald fyrir uppdrætti og leiðbeiningar má ákveða í byggingarsamþykkt, en má þó eigi vera hærra samtals en 3 krónur fyrir hvern teningsmetra í húsinu.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
4. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
5. Fyrirsögn frv. verður: Frumvarp til laga um ódýra uppdrætti og eftirlit með byggingu íbúðarhúsa.

Alþingi, 6. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 367. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Aftan við nr. 16 í 9. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
16a Síldarkrydd, blandað	1 kg	7	2
2. Nr. 11 í 15. kafla orðast svo:			
— olívuolía (viðsmjör)	—	2	8

	Toll-eining	Vöru-Magns-tollur aurar	Verð-tollur %
3. Nr. 55 í 28. kafla orðast svo:			
55 — ostahleypir og annað enzym	—	7	8
4. Aftan við nr. 13 í 31. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
13a — bragðbætandi efni í gosdrykki, ót. a.	—	7	10
Aths. Bragðbætandi efni í gosdrykki teljast því aðeins til nr. 13a, að viðtakandi vörunnar reki tollvörugerð, þar sem úr vöru þessari er framleidd vörutegund, sem greitt er af tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði notuð þannig.			
5. Í stað nr. 4—6 og 8—13 í 33. kafla koma þrjú nr., svo hljóðandi:			
Lím og steiningarefni alls konar:			
4 — kaseinlím	—	7	30
5 — trélím	—	7	10
6 — annað	—	7	30
6. Við nr. 6a í 34. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka vörumagnstoll af eldflugum og blysum til slysavarna niður í 2 aura af kg og verðtoll af þeim niður í 2%.			
7. Við nr. 52 í 40. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.			
8. Í stað orðanna „sem vegur 40—75 g/m²“ í nr. 17 í 44. kafla kemur: sem vegur allt að 100 g/m².			
9. Nr. 21a í 44. kafla fellur niður.			
10. Við nr. 2 í 45 kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella að nokkru eða öllu leyti niður aðflutningsgjöld af hljóðfæranótum prentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, enda sé ekki unnt að inna prentun þeirra af hendi hér á landi.			
11. Nr. 7 í 48. kafla orðast svo:			
7 — annað	—	7	5
12. Aftan við nr. 4 í 54. kafla bætist: gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór.			
13. Nr. 45, 46 og 51 í 63. kafla orðast svo:			
45 Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og því líkar vörur	1 kg	7	15
46 Lásar og lyklar	—	7	15
51 Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ. h.	—	7	15
14. Við nr. 66 í 63. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.			
15. Aftan við nr. 1 í 66. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
1a Gaddavír	—	7	
16. Í stað nr. 25 í 71. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
25a — aðrar	1 kg	7	30
17. Nr. 20 í 72. kafla fellur niður.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
18.	Í stað nr. 27 í 72. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
	Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, graftar og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
	27 — skurðgröfur og aðrir kranar	—	2	2
	28 — aðrar	—	2	8
19.	Nr. 31 í 77. kafla orðast svo:			
	31 — aðrar	—	7	8
20.	Við athugasemdina við 3 í 79. kafla bætist: og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
21.	Í stað nr. 8 í 82. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	8 — þynnur 0.75 mm eða þynnri, einnig áletraðar			2
	8a — aðrar þynnur og plötur, einnig áletraðar, stengur, duft og deig, ót. a.	—	7	15
22.	Aftan við 3. gr. bætast tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:			
	v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af farartækjum fyrir lamað eða bæklað fólk, svo og af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, enda sé þörf þess fyrir þessar vörur sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar.			
	x. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af lýsi, sem flutt er inn til þess að bæta íslenzkt útflutningslýsi, svo og af lýsi og öðrum fiskafurðum, sem keyptar eru af erlendum fiskiskipum, enda séu sönnur færðar á, að afurðir þessar verði fluttar út aftur og viðskiptamálaráðuneytið mæli með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna.			

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 42 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Fjármálaráðuneytinu hafa borizt ýmsar beiðnir um breytingar á tollskrárlögunum. Hefur ráðuneytið tekið upp í frumvarp þetta þær af þessum breytingartillögum, sem því hafa fundizt á rökum reistar. Einnig hefur komið í ljós við framkvæmd laganna, að nauðsynlegt er að breyta nokkrum atriðum, og eru þau tekin upp í frumvarpið. Breytingatillögur þær, sem í frumvarpinu felast, eru sem sagt aðeins leiðréttingar, og um þær allar má segja það, að þær hafa sáralitla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð.

Um einstök atriði þykir ástæða að taka fram það, sem fer hér á eftir:

Um 1. gr.

1. Samkvæmt 3. gr. tollskrárlaganna, eins og þau voru samþykkt 1939, var skylt að endurgreiða aðflutningsgjöld af kryddi, sem notað væri við verkun síldar til útflutnings. Með 4. lið 3. gr. laga nr. 71/1947, um breytingar á tollskrárlögunum, sbr. j-lið 3. gr. tollskrárlaganna eins og þau eru nú, var endurgreiðsluskyldunni breytt í endurgreiðsluheimild og var þessu breytt þannig til þess að hægt væri að setja

þau skilyrði fyrir endurgreiðslunum, sem tryggðu það, að þær tækju ekki til annarra vara en þeirra, sem notaðar væru í útflutningsvörur. Nú hafa síldarútflytjendur kvartað yfir því, að þeir þurfi þannig að festa fé í aðflutningsgjöldum af kryddinu, og fyrst þeir eigi á annað borð að fá gjöldin endurgreidd, sé eðlilegast að sleppa gjöldunum þegar við tollafgreiðslu og með því móti megi einnig losna við þá fyrirhöfn, sem sé samfara endurgreiðslubeiðnunum og við að finna þær út. Þar eð blandað síldarkrydd mun aðeins notað við verkun síldar er með tillögunni orðið við hér um ræddri beiðni með því að lagt er til, að blandað síldarkrydd verði í 7 aura vörumagnstolli og 2% verðtolli.

2. Olívuolía er hér á landi mest notuð við niðursuðu fiskjar og þykir því sanngjarnt, að verðtollur á henni sé lækkaður og að hann verði sá sami og er á öðrum sams konar iðnaðarolíum úr jurtaríkinu.

3. Farið er fram á að lækkaður sé tollur á enzyminu Maltolysin, sem er notað við ölgerð. Þar eð hér er um að ræða efni til iðnaðar og þar að auki enzym, en slík efni eru aðallega notuð til iðnaðar og yfirleitt alls staðar tolluð á sama hátt og lágt, er lagt til, að orðalaginu á nr. 55 í 28. kafla verði breytt þannig, að það taki til allra enzyma, en ekki aðeins til ostahleypis og að þau verði öll tolluð á sama hátt.

4. Ósykruð bragðefni í gosdrykki teljast nú til 31. kafla tollskrár með 7 aura vörumagnstolli og 40% verðtolli, en séu þau sykruð og flutt inn af gosdrykkjaverksmiðjum, sem nota þau í gosdrykki, teljast þau til nr. 9 í 21. kafla með 7 aura vörumagnstolli og aðeins 10% verðtolli. Þar eð ekki þykir sanngjarnt að tolla bragðefni ósykruð hærra en sykruð, og hár framleiðslutollur er á gosdrykkjum, er lagt til, eins og farið fram á af forráðamönnum gosdrykkjaverksmiðjanna, að sams konar ákvæði og er um tilbúna gosdrykkjasaft í nr. 9 í 21 kafla verði tekið upp í 31. kafla um ósykruð bragðefni í gosdrykki, enda er náttúrleg gosdrykkjasaft í nr. 9 í 20. kafla í aðeins 10% verðtolli.

5. Óþarfi er að hafa lím eins sundurliðað og það er í 33. kafla og leiðir slíkt aðeins af sér aukna vinnu við tollskoðun. Lagt er því til, að flokkunin sé gerð einfaldari, en af breytingunni stafar engin teljandi tollabreyting. Breytingin er í samræmi við síðasta tollskrárfrumvarp Evrópustofnunarinnar í Brüssel.

6. Fyrirskipað er, að í skipum séu jafnan eldflugur og blys til notkunar í sjávarháska. Lagt er til, að heimilt verði að tollafgreiða þessar nauðsynjavörur með sömu tollum og björgunartæki, sem teljast til nr. 4 í 41. kafla tollskrár. Hafa þráfaldlega borizt beiðnir um það.

7. og 14. Frá því að tollskráin gekk í gildi hefur verið óánægja út af því, að skápar undir lækningatæki væru tollaðir í hinum háu tollum, sem eru á húsgögnum. Þar eð sanngjarnt þykir, að skápar þessir séu í lægri tollum en venjulegir húsgagnaskápar, sérstaklega ef slíkir skápar verða ekki smíðaðir hér á landi, er lagt til, að ráðuneytinu sé heimilt að færa niður verðtollinn á læknaskápunum.

8. Fluttur hefur verið inn smjörpappír og pergamentpappír til fiskumbúða þyngri en 75 grömm fermeterinn og til þess að þessi þyngri pappír af þessum tegundum komi í hinn lága toll eftir nr. 17 í 44. kafla, er borin fram breytingartillaga sú, sem hér um ræðir.

9. og 21. Brezkt fyrirtæki hefur fengið skrásett hér vörumerkið Cellophane og hefur það þess vegna kvartað yfir því, að vörumerkið sé notað í tollskránni. Enda þótt vafasamt sé, að skrásetja hefði átt vörumerki þetta hér vegna ákvæðanna í niðurlagi 1. liðs 1. gr. vörumerkjalaganna og þar sem það var fyrir í tollskránni, hefur ekki þótt ráðlegt að ógilda skrásetninguna fyrst hún hefur á annað borð átt sér stað, enda engin nauðsyn að nota þetta orð í tollskránni og blátt áfram rangt að tala um sellófanpappír, því að hér er ekki um eiginlegan pappír að ræða, þar eð hann er ekki trefjakenndur og ekki framleiddur úr trefjakenndum efnum, heldur upplausn af sellulósahydrati (viskósa).

Til þess að lagfæra flokkunina og til þess að orðið sellófan hverfi úr toll-

skránni er lagt til, að þess háttar þynnur úr plastefnum, sem að þykkt samfara þeirri vöru, sem gengur undir nafninu sellófanpappír, teljist eftirleiðis til nr. 8 í 82. kafla og að nr. 21a í 44. kafla falli niður. Þá er tekið upp í nr. 8a, sem var áður nr. 8, duft og deig, þar eð hér er um að ræða lítt unnar vörur úr plastefnum eins og plötur og stengur, sem voru fyrir í nr. 8.

Markalínan 0.75 millimetrar, milli þynna og platna er tekin eftir tollskrárfrumvarpi Evróputollstofnunarinnar í Brüssel.

10. Farið hefur verið fram á niðurfellingu aðflutningsgjalda af hljóðfæranótum fyrir ýms meiri háttar tónverk íslenzkra höfunda vegna þess, að ekki hefur verið hægt að prenta nóturnar af þeim hér á landi. Tollur á hljóðfæranótum prentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, er fyrst og fremst til verndar innlendri prentvinnu. Sé ekki hægt að prenta hljóðfæranóturnar hér á landi, þykir sanngjarnt, að slíkar nótur geti orðið tollfrjálsar.

11. Tilgangurinn með lögum nr. 42/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., var sá, að lækka vörumagnstoll á öðru baðmullargarni en tvinna og netjagarni úr 20 aurum í 7 aura af kg og verðtollinn úr 8% í 5%. En fyrir misskilning á bréfi tollstjóra til fjárhagsnefndar neðri deildar, dags. 2. febr. 1951, hefur við breytinguna verið miðað við tollskrárnúmerin á garni, sem telst til 46B. kafla tollskrárinnar, í stað tollskrárnúmeranna á garni í 48. kafla. Þessu til leiðréttingar er tillaga sú, sem hér um ræðir.

12. Af breytingunni leiðir, að strigaskór og aðrir inniskór með gúmmísólum verða tollaðir á sama hátt og sams konar skór með leðursólum. Með niðurfellingu 9. liðs 54. kafla tollskrárinnar, sbr. 26. lið 1. gr. laga nr. 6/1945, var tilætlunin, að strigaskór með gúmmísólum yrðu tollaðir lægra en venjulegir leðurskór. En þar eð ekki þykir ástæða til að tolla strigaskó með gúmmísólum með lægra tolli en strigaskó með leðursólum, enda gerlegt að gera skó þessa hér á landi, er lagt til, að allir strigaskór verði tollaðir á sama hátt, en það leiðir af breytingunni.

13. Lásar og lyklar eru nú í 10% verðtolli, en handföng í 30% verðtolli. Þegar lásar og lyklar koma sér fara þeir í 10% verðtoll, en komi þeir með handföngum í einu verði, eins og oft á sér stað, fara lásarnir og lyklarnir í 30% verðtoll, sbr. 12. gr. tollskrárlaganna. Hefur þannig orðið til tvenns konar verð á lásum og lyklum og stafar þetta af misháum verðtolli af hliðstæðum vörum. Til þess að bæta úr þessu, er lagt til, að sami tollur verði á þessum hliðstæðu vörum og einnig af lömum, skrám og þess háttar vörum. Lækkunin eftir nr. 51 vinnst upp með hækkunum, sem gert er ráð fyrir að verði í nr. 45 og 46 í 63. kafla.

15. Beiðnir um lækkun á tolli af alúmíniumgaddavír hafa borizt víða að. Þar eð hér er um nauðsynjavöru að ræða og hún hefur þann kost fram yfir sams konar vöru úr járni, að hún ríðgar ekki, er lagt til, að lækkaður sé tollur á þessari vöru, sem nú telst til nr. 2 í 66. kafla. Gaddavír úr járni telst til 63. kafla 31 með 2 aura vörumagnstolli, en ætlazt er til, að alúmíniumvírinn verði með 7 aura vörumagnstoll af kg, þar eð hann er léttari.

16. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur flutt inn áletraðar alúmíniumþynnur undir útflutningsfisk og mjólkurbú kaupfélaganna sams konar þynnur undir mysuost og gráðaost. Þar eð sanngjarnt þykir að þessar umbúðir njóti sömu tollhlunninda og aðrar útflutningsumbúðir eftir 44. kafla 17 og 33 og 45. kafla 20a er borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir. Markalínan 0.25 millimetrar hefur verið notuð í framkvæmdinni undanfarið, þegar til álita hefur komið, hvort tiltekin vara kæmi undir þynnur í 71. kafla 25 eða undir plötur í köflunum á undan. Er þessari markalínu haldið hér.

17—18. Kranar eru notaðir jöfnum höndum til graftrar, fermingar, affermingar og lyftingar, og þarf yfirleitt ekki annað en að skipta um arma eða tæki fest við þá til þess að nota megi kranana til hvors sem er. Hafi kranar við innflutning aðeins verið með arma eða tæki til skurðgraftar, hafa þeir verið taldir til skurðgrafa í nr. 20 í 72. kafla, en hafi þeir verið með annars konar arma eða hvort

tveggja, hafa þeir verið taldir til véla til bygginga- og mannvirkjagerðar í nr. 27 í 72. kafla. Óánægja hefur skapazt út af þessari tvenns konar tollun á sams konar vöru og til þess að bæta úr því, er lagt til, að nr. 20 í 72. kafla verði fellt niður og að í stað nr. 27 í 72. kafla komi tvö ný númer og í öðru þeirra verði skurðgröfur og aðrir kranar með 2 aura vörumagnstoll af kg og 2% verðtolli og í nr. 28, sem fellt var niður með 30. lið laga nr. 49/1950 og notað verður hér að nýju, komi aðrar vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, með 2 aura vörumagnstoll og 8% verðtolli. Verða þá skurðgröfur í sömu tollum og áður og tollarnir á öðrum vélum til bygginga- og mannvirkjagerðar einnig þeir sömu og áður að öðru leyti en því, að allir kranar verða tollaðir á sama hátt og eftir nr. 27.

19. Fram hafa komið kvartanir frá hraðfrystihúsunum um að tollur af vogum til frystihúsanna sé of hár, en þær hafa verið tollaðar eftir nr. 31 í 77. kafla með 30% verðtolli og er farið fram á, að sá tollur verði lækkaður í 8%. Er hér orðið við þeirri beiðni og lagt til, að verðtollurinn á vogum, sem teljast nr. 31 verði lækkaður í 8%. Þó undir lækkunina komi og vogir notaðar til annars en vigtunar á fiski, þykir það ekki ósanngjarnt, þar sem mest af þeim vogum, sem falla undir númerið, eru annað hvort nauðsynleg atvinnutæki eða heimilistæki, en mörg heimilistæki eru einmitt í 8% verðtolli, sbr. nr. 6—8 í 72. kafla og 37—44 í 73. kafla.

20. Kvartað er yfir of háum tollum á hljóðfærum til notkunar við kennslu í skólum. Og þar eð sanngjarnt þykir að lækka toll af hljóðfærum notuðum í þessu skyni, er lagt til, að heimildin í nr. 3 í 79. kafla tollskrárinnar verði rýmkuð þannig, að hún geti einnig tekið til hljóðfæra innfluttra í nefndu skyni.

22v. Þráfaldlega berast ráðuneytinu erindi um lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjalda af farartækjum fyrir lamað fólk og gervilimum fyrir bæklað fólk. Þar eð tæki þessi eru yfirleitt mjög dýr, þykir sanngjarnt, að ráðuneytinu heimilist að gefa eftir að nokkru eða öllu leyti gjöld af slíkum tækjum.

22x. Flutt hefur verið inn indverskt hákarlalýsi til að bæta vítamíninnihald innlends lýsis og gera það verðmeira. Lagt er til, að ráðuneytinu heimilist að lækka eða fella niður tolla af slíku lýsi. Þá er gert ráð fyrir sams konar heimild um lýsi og aðrar fiskafurðir, sem keyptar yrðu hér af erlendum fiskiskipum, en slík kaup geta stundum verið hagstæð og yrðu oft útilokuð ef greiða á hina háu tolla, sem eru á þessum vörum eftir 2. og 15. kafla tollskrárinnar.

Ed. 368. Breytingartillögur [37. mál]

við frv. til laga um heimilishjálp í viðlögum.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 7. gr.

1. Orðin „þó eigi yfir 100 þúsund krónur á ári“ í 1. málsgr. falli niður.
2. Síðasti málsl. 2. málsgr. falli niður.

Nd. 369. Lög [95. mál]

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.)

Samhljóða þskj. 166.

Nd. 370. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólann á Akureyri til vorsins 1954, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa. Utanbæjarnemendur við menntaskólanám (í 3.—6. bekk) sitji fyrir heimavist í skólanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 371. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og leitað um það álits Búnaðarbanka Íslands. Leggur bankinn til að fella niður síðustu málsgr. 5. greinar, og fellst nefndin á það. Einnig leggur hún til að miða lánsfjárhæð út á búpening og verkfæri við skattmat, en ekki kaupverð, og hafa heimildina um lánin ⅝ skattmats.

Aðalatriði þessa máls eru tvö: Í fyrsta lagi að leitast við að mæta þeirri ríku þörf, sem er á lánsfé handa frumbýlingum, sem nú eru í sívaxandi þröng, eftir því sem allt verðlag hækkar. Hitt er svo það að gera tilraun með, hvort eigi er hægt að auka sparifjársöfnun með því að bjóða fram þá undanþágu að þurfa eigi að telja fram til skatts það fé, sem til þessarar stofnunar er lagt. Ef þessi tilraun heppnast, enda þótt lágir vextir séu í boði, þá mætti síðar rýmka heimildina og láta hana ná til annarra peningastofnana, því að mikil sanngirni mælir með því að undanþiggja sparifé sköttum, svo þýðingarmikið sem það er til að greiða úr lánsfjárskortinum og svo illa sem með það hefur verið farið af gengislækkunum og verðbólgu síðustu ára.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirgreindum breytingum, en áskilur sér rétt til að fylgja frekari breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „út á búpening 35% og út á verkfæri 30%“ komi: og út á búpening og verkfæri ⅝ skattmats.
2. Við 5. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli burt.

Alþingi, 7. des. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form. — Jón Sigurðsson, fundaskr. — Jón Pálmason, frsm.

Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara. — Andrés Eyjólfsson.

Ed. 372. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá Páli Zóphóníassyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um iðnaðarmálaráð.

Ed. 373. Frumvarp til laga [16. mál]

um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um stjórn iðnaðarmála.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Ráðherra skipar iðnaðarmálastjóra til þess að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Skal hann vera iðnaðarverkfræðingur að menntun og taka laun samkv. III. fl. launalaganna.

Ráðherra skipar og 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Skal það skipað til 4 ára í senn, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, Félags íslenzkra iðnrekenda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna; skipar ráðherra einn af hinum tilnefndu mönnum formann ráðsins. Ráðherra skipar enn fremur og ræður fasta starfsmenn iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum þeirra. Laun og annar kostnaður við starfið greiðist úr ríkissjóði, og veitist til þess fé árlega í fjárlögum.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til meðlima framleiðsluráðs.

3. gr.

Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum.

II. KAFLI
Um verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs.

4. gr.

Iðnaðarmálastjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa eða styrkir aðra til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Skal hann og hafa yfirumsjón með öllum slíkum framkvæmdum fyrir hönd ríkissjóðs. Hann skal og veita sams konar aðstoð bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum, ef þess er óskað, gegn hæfilegu gjaldi.

5. gr.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru:

1. Að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó.

2. Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:
   a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
   b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma;
   c. að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er vér öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan erlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands.
3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því:
   a. að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té;
   b. að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum;
   c. að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna;
   d. að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins.
4. Að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í ísl. iðjuverum.
5. Að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði.
6. Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan.
7. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun eldri iðjuvera.
8. Að gera tillögur um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum.
9. Að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

6. gr.

Til þess að jafnan sé unnt að hafa heildaryfirlit yfir iðnaðarmálin í landinu, lætur framleiðsluráð stofna og gefa út ár hvert skýrslu um eftirfarandi atriði: Skrásetningu þeirra iðnaðarfyrirtækja, sem starfrækt eru í landinu, hversu margir menn starfa við fyrirtækið og hversu mikinn tíma af árinu það er starfrækt og á hvaða árstíðum, hve mikil vinnulaunagreiðslan er, hver tegund framleiðslunnar er og hvaða framleiðslumagn, úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið, hve mikill hráefnakostnaðurinn er og hvernig hann skiptist á erlendan og innlendan gjaldeyri, hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notuð eru til framleiðslunnar, og hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt út, hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sambærilegum innfluttum vörum, hve mikill erlendur gjaldeyrir sparast við að framleiða vöruna fyrir innlendan markað og hve mikinn erlendan gjaldeyri varan skapar í útflutningi.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

7. gr.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, sem hafa með höndum vinnslu eða sölu íslenzkra afurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geti að gagni komið við störf þess og þær geta veitt. Sama gildir og um þær opinberar stofnanir, sem skýrslum safna, og þá einstaklinga, sem skyldir hafa um skýrslugerðir til slíkra stofnana.

Framleiðsluráð lætur búa út skýrsluform til útfyllingar fyrir þá aðila, er það óskar upplýsinga frá.

8. gr.

Skylt skal Atvinnudeild háskólans, og öðrum þeim stofnunum, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsoknir og tilraunir, eftir því sem þær hafa ástæður til og að gagni má verða fyrir iðnaðarmálin.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 374. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Síðari málsliður gr. orðist svo: Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur.

Ed. 375. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Frumvarp þetta sendi nefndin raforkumálastjóra til umsagnar. Sendi hann nefndinni langt og ýtarlegt erindi um raforkumál Vestfjarða almennt og benti þar m. a. á, að æskilegt væri, að hafizt væri handa nú þegar um samvirkjun fyrir alla Vestfirði, en það mál eigi þó enn langt í land, þar sem nauðsynlegt sé að rannsaka miklu betur en gert hefur verið virkjunarmöguleika í stórám á Vestfjörðum, og sé mjög aðkallandi, að þetta verði gert sem allra fyrst. Hins vegar sé svo brýn þörf að bæta úr raforkumálum þessara héraða, að nauðsynlegt sé að taka það til athugunar, hvort heppilegra sé að leysa það á þann hátt að fara í sérvirkjanir, sem óhjákvæmilega mundi tefja samvirkjun, eða aðstoða á einn eða annan hátt héruðin til

að reka olíustöðvar, þar til samvirkjun er komið upp. Staðfesti raforkumálastjóri þetta á fundi hjá nefndinni.

Eftir að þessi ummæli lágu fyrir, var flutt í efri deild annað frumvarp á þskj. 276, 130. mál, um ný orkuver á Austurlandi, og auk þess boðaði þingmaður Vestmannaeyinga brtt. við frv. um nýja orkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja. Af þessum ástæðum þótti nefndinni rétt að ræða málið á ný við raforkumálastjóra, sem var sammála nefndinni um, að heppilegast væri að taka allar tillögurnar upp í eitt frv., og þar sem hér væri aðeins um heimildarlög að ræða, sem ekki mættu koma til framkvæmda nema að undangenginni nánari athugun um kostnað, orkugjöf og fleira, auk þess sem tryggja ætti fjárframlag til framkvæmdanna, áður en verkið yrði hafið, tjáði hann sig fylgjandi því, að frumvarpið næði fram að ganga, með þeim breytingum, er hann afhenti nefndinni og hún hefur samþykkt að leggja til að gerðar verði á því.

Hvað viðvíkur hinum einstöku virkjunum, upplýsir raforkumálastjóri, að kostnaðurinn sé áætlaður sem hér segir:

1. Vestfjarðavirkjanir	10.5	millj. kr.
2. Fjarðar- og Grímsárvirkjanir	15.5	— —
3. Vopnafjarðarvirkjun	4.0	— —
4. Vestmannaeyjaveita	10.0	— —
Alls	40.0	millj. kr.

Rannsókn hefur farið fram á botni milli lands og Vestmannaeyja, og er upplýst, að hægt sé að leggja veituna alla leið á sandbotni, en það þykir nauðsynlegt til að koma í veg fyrir skemmdir á veitunni, að botn, sem henni yrði valinn, sé ekki grýttur.

Með tilvísun til þess, sem sagt er hér að framan, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:
   1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
   2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
   3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:
      a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri;
      b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri og leggja frá orkuveri aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
   4. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „13 millj.“ komi: 40 millj.
   b. Í stað „4.33 millj.“ komi: 13.4 millj.
3. Bráðabirgðaákvæði fellur niður.

Alþingi, 7. des. 1951.

Gísli Jónsson, form., frsm. Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Páll Zóphóníasson. Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 376. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er því meðmælt, að það verði samþykkt, en hefur orðið ásátt um að bera fram við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Fyrri málsgr. hljóði þannig:
   Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaganna.
2. Við 3. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: frá meðeigendum.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „gilda þá sömu reglur .... í lögum þessum“ komi: gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.
4. Við 9. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. komi:
      Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, þannig að afnot girðingarinnar notist ekki að öðrum kosti.
      Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegeiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.
   b. Í stað orðanna „Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða beitiland er girt, þar sem vegur liggur“ komi: Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar.
5. Við 12. gr.
   a. Í stað „alfaravegi“ í 1. málsgr. komi: vegi.
   b. Í stað „á hina hlið vegarins“ í 2. málsgr. komi: að girðingu á hina hlið vegarins.
6. Við 13. gr. Í stað „hreppsveg“ í 1. málsgr. komi: aðra vegi.

Alþingi, 7. des. 1951.

Páll Zóphóníasson, form. — Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. — Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson. — F. R. Valdimarsson.

Ed. 377. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. XV. 80. (Staður í Grunnavík).
   Fyrir liðinn koma tveir liðir, svo hljóðandi:
   a. *Staður í Aðalvík:* Staðar- og Hesteyrarsóknir. Prestssetur: Staður.
   b. *Staður í Grunnavík:* Staðarsókn. Prestssetur: Staður. (Fyrst um sinn sé Staðarprestakalli í Aðalvík þjónað frá Stað í Grunnavík.)
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Nd. 378. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

36. gr. 1. mgr. laganna orðist svo: Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingafélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingamál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum.

2. gr.

36. gr. 2. mgr. orðist svo: Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minna en sem svari 25000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Tryggingafélögum, sem annast bifreiðatryggingar, skal skylt að halda bókhaldi lögboðinna bifreiðatrygginga sérgreindu. Sameiginlegur reksturskostnaður tryggingafélagsins skal reiknast hinum lögboðnu bifreiðatryggingum hlutfallslega eftir upphæðum iðgjaldagreiðslna. Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, en laun endurskoðunarmanna skulu greidd af viðkomandi tryggingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rekstrarreikning hvers árs yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skal tryggingafélag birta í Lögbirtingablaðinu eigi síðar en 1. okt. næsta ár á eftir. Telji endurskoðunarmenn, að á reikning lögboðinna bifreiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athugasemdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingarfélagi, ber að birta athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga tryggingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.

Ed. 379. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi, og var að þeirri umræðu lokinni ákveðið að senda það til umsagnar Háskóla Íslands, þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að eignarréttur að sömdu máli skuli undir vissum kringumstæðum falla til háskólans. Einnig var samþykkt að leita umsagnar Rithöfundafélags Íslands og Félags íslenzkra rithöfunda. Nú hafa svör borizt frá öllum þessum aðilum.

Bendir háskólinn á, að í nokkur undanfarin ár hafi lögfræðinganefndir frá Norðurlöndunum flestum unnið að endurskoðun á höfundalögum þessara ríkja með samræmingu fyrir augum. Er viðurkennt, að íslenzku höfundalögin þurfi breytinga við í ýmsum greinum, en þó talið ráðlegt að bíða endanlegra tillagna norrænu nefndanna áður en hafizt verði handa um breytingar á höfundalögum okkar.

Í svari rithöfundafélaganna segir, að stjórnir beggja félaganna séu á einu máli um það, að þær vilji ekki að svo stöddu mæla með því, að vikið verði frá hinni almennu reglu um rithöfundarétt á þann hátt, sem í frumvarpinu segir, enda telji stjórnir rithöfundafélaganna, að nær mundi liggja að athuga ýmis önnur atriði í þessu sambandi, ef breyta ætti ákvæðum laganna um þetta efni.

Svör háskólans og rithöfundafélaganna eru prentuð í heild með nefndarálitinu.

Að fengnum þessum svörum taldi nefndin rétt að afgreiða málið á þessu þingi með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð sameiginleg endurskoðun er fyrir nokkru hafin á höfundalögum flestra Norðurlandanna með samræmingu fyrir augum, telur deildin ekki rétt að afgreiða breytingar á íslenzku höfundalögunum að svo stöddu, heldur bíða þess, að kunn verði niðurstaða norrænu lögfræðinganefndanna, er að hinni sameiginlegu endurskoðun starfa, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. des. 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Brynjólfur Bjarnason.	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 8. nóv. 1951.

Háskólaráð hefur farið þess á leit við laga- og hagfræðideild, að deildin léti uppi álit um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, en frumvarp þetta hefur Alþingi sent háskólaráði til umsagnar.

Guðrún Ragúels	1690.50		
Guðrún Sveinsdóttir	10785.52		
Guðrún Torfadóttir	3933.00		
Halldóra Ólafsdóttir	10350.00		
Halldóra Þórðardóttir	3363.75		
Harriet Jónsson	2518.50		
Hedvig Blöndal	1690.50		
Helga Finnsdóttir	6727.50		
Helga Jónsdóttir	3933.00		
Helga Skúladóttir	3519.00		
Helga I. Stefánsdóttir	1690.50		
Helga Stephensen	1725.00		
Hildur Björnsdóttir	4422.90		
Hlín Johnson	10091.25		
Hrefna Ingimarsdóttir	6727.50		
Hrefna Jóhannesdóttir	3363.75		
Ingibjörg Jakobsdóttir	2070.00		
Ingibjörg Jónasdóttir	3933.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	3933.00		
Ingileif Aðils	2242.50		
Ingveldur Einarsdóttir	3933.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	1681.87		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3500.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	3795.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5000.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	3933.00		
Jóhanna Thorlacius	1690.50		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	4830.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Jóney Guðmundsdóttir	3363.75		
Júlíana Jónsdóttir	2811.75		
Katrín Sveinsdóttir	2242.50		
Kristín Guðmundsd., ekkja E. Helgasonar	3363.75		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1681.87		
Kristín Pálsdóttir	2811.75		
Kristín Sigurðardóttir	3000.00		
Kristín Thorberg	2070.00		
Kristín Thoroddsen	2070.00		
Kristín Þórarinsdóttir	3363.75		
Kristjana Benediktsdóttir	2242.50		
Kristólína Kragh	2242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	2242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarp. Þorkelss.	3500.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	13351.50		
Lilja Haraldsdóttir	2760.00		
Líney Sigurjónsdóttir	5054.25		
Lovísa Sveinbjörnsson	17430.00		
Lydia Lúðvíksdóttir	3268.87		
Magdalena Ásgeirsdóttir	690.00		
Margrét Árnadóttir	3363.75		
Margrét Ásmundsdóttir	2242.50		
Margrét Jónasdóttir	3933.00		
Margrét Jónsdóttir	1690.50		
Margrét Lárusdóttir	5175.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2242.50		
Margrét Þórðardóttir	3363.75		
Margrethe Kaldalóns	15749.25		
María Guðlaugsson	4140.00		
Maria J. Klemenz	1690.50		
Marta Þórarinsdóttir	2811.75		
Níelsína Ólafsdóttir	3363.75		
Ólafía Finnbogadóttir	1121.50		
Ólína Snæbjörnsdóttir	3933.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	5606.25		
Ólöf Steingrímsdóttir	2811.75		
Ragnheiður Bjarnadóttir	5606.25		
Ragnheiður Jónasdóttir	10350.00		
Ragnheiður Jónasson	4485.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1690.50		
Ragnheiður Torfadóttir	2242.50		
Rannveig Tómasdóttir	3363.75		
Rigmor Ófeigsson	4485.00		
Rósa Jónsdóttir	1121.50		
Sesselja Eiríksdóttir	1690.50		
Sigríður Arnljótsdóttir	4485.00		
Sigríður Finnbogadóttir	4485.00		
Sigríður Fjeldsted	3363.75		
Sigríður Gísladóttir	1690.50		
Sigríður Guðmundsdóttir	1690.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	8452.50		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2811.75		
Sigríður Kjartansdóttir	6727.50		
Sigríður Pétursdóttir	5000.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2811.75		
Sigríður Snæbjörnssen	3933.00		
Sigríður Steingrímsdóttir	1121.50		
Sigrún Bjarnason	3363.75		
Sigrún Kjartansdóttir	3933.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	3933.00		
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	1121.50		
Sigurlaug G. Gröndal	2242.50		
Soffía Hjaltested	3363.75		
Sólveig Árnadóttir	1690.50		
Sólveig Eggerz	14257.12		
Stefanía Hjaltested	2811.75		
Steinunn P. Eyjólfsson	2979.94		
Steinunn Jóhannesdóttir	3363.75		
Steinunn Oddsdóttir	2811.75		
Steinunn E. Stephensen	3363.75		
Súsanna Friðriksdóttir	2811.75		
Theódóra Thoroddsen	6727.50		
Unnur Skúladóttir	5606.25		
Valborg Einarsson	5606.25		
Valgerður Benediktsson	20334.36		
Valgerður Sveinsdóttir	3933.00		
Vigdís G. Blöndal	2811.75		
Viktoría Bjarnadóttir	845.25		
Vilborg Torfadóttir	1690.50		
Þóra Sigurðardóttir	1690.50		
Þóra Skaftason	1690.50		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25		
Þórdís Claessen	14908.59		
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50		
Þórunn Hafstein	2242.50		
Þórunn Pálsdóttir	5606.25		
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50		
Þórunn Þórðardóttir	1035.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00		
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50		
Þuríður Káradóttir	6500.00		
	781691.90		
Verðlagsuppbót ...	320493.68		
		1 102 186	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	1690.50		
2. Barn Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis, Egill Snorrason, f. 2/8 1936	1690.50		
3. Barn Guðna sál. Hjörleifssonar, hér-			

18. gr.

		kr.	kr.
	aðslæknis, Guðni Ólafur Guðnason, f. 2⅝ 1936	1690.50	
4.	Barn séra Þorsteins sál. Kristjánssonar, Helgi Þorsteinsson, f. 1⅜ 1936	1690.50	
5.	Barn séra Jóns sál. Jakobssonar, Jakob Jónsson, f. 29/12 1936	1690.50	
6.	Börn Bergsveins sál. Haraldssonar kennara:		
	a. Auður Bergsveinsdóttir, f. 24/6 1936	1690.50	
	b. Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 5/1 1942	1690.50	
7.	Barn Sigurðar sál Gíslasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 21/6 1939	1690.50	
		13524.00	
	Verðlagsuppbót ...	5544.84	
			19 069
			2 912 665
III.	Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)		6 000 000
IV.	Framlag ríkissjóðs samkv. l. nr. 48/1942 og reglug. 155/1944 6. gr., sbr. reglug. 87/1945 og reglug. 88/1945		700 000
V.	½ % uppbót á lífeyri, sbr. 23. gr. fjárlaga		75 000
	Samtals ...	. . .	10 393 167

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til dýrtíðarráðstafana		25 000 000
2.	Til óvissra útgjalda		1 500 000
	Samtals ...	. . .	26 500 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	900 000	
	2. — 11. — A.	15 000	
	3. — 12. —	90 000	
	4. — 13. — B.	300 000	
	5. — 13. — C.	300 000	
	6. — 13. — D.	300 000	
	7. — 15. — B.	50 000	
	8. — 16. — A.	65 000	
	9. — 16. — D.	330 000	
			2 350 000
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
IV.	Lán tekin á árinu vegna fjárskipta		3 000 000
	Samtals ...	. . .	5 950 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 17389500		
	b. Lán í dönskum bönkum ... 1161575		
		18551 075	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (3. gr. A. 2)	850 000	
			19 401 075
II.	Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		7 000 000
III.	Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		3 820 000
IV.	Til kaupa á hlutabréfum í „Áburðarverksmiðjan h.f."		2 500 000
V.	Til bygginga á jörðum ríkisins		300 000
VI.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VII.	Til byggingar varðskips		2 400 000
VIII.	Til sementsverksmiðju		1 000 000
IX.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 600 000	
	2. Til byggingar fávitahælis	500 000	
			2 100 000
X.	Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða		900 000
XI.	Til flugvallagerða		1 320 000

20. gr.

		kr.	kr.
XII.	1. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	50 000	
	4. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi	55 000	
			795 000
XIII.	Til byggingar þjóðminjasafns		200 000
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		950 000
XV.	Til byggingar prestsseturshúss á Hólum		100 000
XVI.	Til útihúsa á prestssetrum		300 000
XVII.	Til byggingar sýslumannabústaða		600 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		150 000
XIX.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		150 000
XX.	Til rafveituframkvæmda á Hólum		150 000
XXI.	Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri		150 000
XXII.	Til kaupa á radartækjum í strandferðaskipin		320 000
XXIII.	Til kaupa á vatnsréttindum Titans h.f. á Íslandi		1 570 000
XXIV.	Til viðbyggingar Málleysingjaskólans		300 000
XXV.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		150 000
	Samtals ...	. . .	46 776 075

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		270 850 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		82 393 378
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 935 000
5. gr.	Óvissar tekjur		1 500 000
	Samtals ...	...	356 688 378

II. Sjó

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	356 688 378
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	2 350 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
— IV.	Lán tekin á árinu	3 000 000
	Greiðslujöfnuður ...	7 291 868
	Samtals ...	369 930 246

Yfirlit.

Yfirlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		3 783 775
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		438 035
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		3 544 170
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		10 883 264
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	21 849 776	
— B.	Opinbert eftirlit	1 575 686	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	8 562 945	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 250 000	34 238 407
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		24 451 170
13. gr. A.	Vegamál	33 869 221	
— B.	Samgöngur	4 530 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	10 441 205	
— D.	Flugmál	3 582 617	52 423 043
14. gr. A.	Kirkjumál	5 491 442	
— B.	Kennslumál	50 597 722	56 089 164
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	4 101 333	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	5 627 790	9 729 123
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	38 175 859	
— B.	Sjávarútvegsmál	4 941 300	
— C.	Iðnaðarmál	1 201 220	
— D.	Raforkumál	5 807 361	50 125 740
17. gr.	Til félagsmála		40 555 113
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		10 393 167
19. gr.	Óviss útgjöld		26 500 000
	Rekstrarafgangur		33 534 207
	Samtals ...	. . .	356 688 378

Yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	323 154 171
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	46 776 075
	Samtals ...	369 930 246

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

IV. Að kaupa landsspildu og sumarbústað, svonefnt Kóngstún, við Geysi í Haukadal, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

V. Að kaupa 1.6 ha landsspildu, sem liggur að Keldnalandi, fyrir allt að 32 þús. kr., ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1949 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja allt að 4 þús. kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VIII. Að verja allt að 2 milljónum króna til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna skv. 13. gr. D.

IX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

X. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

XI. Að taka allt að 1½ millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.

XII. Að ábyrgjast lán, allt að 2 milljónum króna, til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.

XIII. Að ábyrgjast lán, allt að 1.6 millj. kr., fyrir fiskiðjuver ríkisins.

XIV. Að ábyrgjast lán, allt að 1½ millj. kr., til greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar Þjóðleikhússins, enda verði tekjur byggingarsjóðs Þjóðleikhússins veðsettar fyrir lánunum.

XV. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er stjórn Íslenzk-dansks orðabókarsjóðs tekur fyrir hönd sjóðsins til þess að láta ljósprenta orðabók Sigfúsar Blöndals.

XVI. Að endurgreiða og gefa eftir aðflutningsgjöld af fiskiskipum, innfluttum eftir síðustu styrjöld.

XVII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum, innfluttum á árunum 1951 og 1952.

XVIII. Að endurgreiða Rauðakrossi Íslands aðflutningsgjöld af tveimur sjúkrabifreiðum.

XIX. Að endurgreiða eða gefa eftir öll aðflutningsgjöld, söluskatt og rafmagnseftirlitsgjöld af geislalækningatækjum, er Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur ákveðið að gefa landsspítalanum.

XX. Að gefa Íþróttabandalagi Reykjavíkur eftir eftirstöðvar af kaupverði íþróttahúss við Hálogaland.

XXI. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1952 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III.	flokki	launalaga	10 %
- — —	IV.	—	—	12 —
- — —	V.— IX.	—	—	15 —
- — —	X.—XV.	—	—	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera, á sama tíma, 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1952 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1951 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 381. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá minni hl. varnarsamningsnefndar (FRV).

Nefndin hefur ekki orðið sammála um þetta mál, enda er þess varla að vænta, þar sem upplýst er, að 4 nefndarmenn hafa lofað atkvæði sínu með því fyrir 7 mánuðum.

Ég er málinu andvígur, þegar af þeirri ástæðu, að ég tel samninga þá, sem samþykkja á með frv., ekki gerða með stjórnskipulegum hætti, þar sem í þeim felast kvaðir á íslenzku landi og landhelgi, en slíka samninga má ekki gera samkvæmt ótvíræðum ákvæðum 21. gr. stjórnarskrárinnar, nema með samþykki Alþingis.

Ég tel sjálfstæði og fullveldi Íslands stórlega skert með þessum samningum. Ísland er með þeim gert að hernaðarlegu verndarríki um ófyrirsjáanlegan tíma.

Ríki, sem felur öðru ríki hervarnir sínar í friði og ófriði og afsalar sér, svo sem hér hefur verið gert, hluta af fullveldisrétti sínum í hendur margfalt stærra ríki, hafa hingað til ekki verið talin í flokki fullkomlega sjálfstæðra og fullvalda ríkja að þjóðarétti. Slík verndarríki eru nú orðin fá í heiminum, og í Vestur-Evrópu eru þau engin, nema Ísland.

Á Íslandi gilda nú tvenn lög, íslenzk og amerísk. Á þeim svæðum, sem hinn ameríski her hefur þegar lagt undir sig eða kann að leggja undir sig — en þau eru á engan hátt ákveðin í samningnum, — fara amerísk yfirvöld með lögsögu og lögreglueftirlit, íslenzk yfirvöld sömuleiðis í sumum efnum, en þó hafa hin amerísku yfirvöld oft forrétt til lögsögu, eins og nánar segir í samningnum.

Staða Íslands er að þessu leyti líkust því ástandi, sem nú ríkir, þjóðréttarlega séð, á Súez-svæðinu og í Súdan og Marokkó, enda eru sum ákvæði „varnarsamningsins“ frá 5. maí, t. d. uppsagnarákvæðin, nauðalík ákvæðum brezk-egypzka samningsins frá 1936, sem Egyptar eru nú að reyna að brjótast undan.

Ég mun á sérstöku þskj. flytja brtt. um, að „samningssvæðin“, þar sem ísl. yfirráðaréttur er takmarkaður og íslenzk lög verða að víkja fyrir amerískum, og þannig er ekki lengur ísl. ríki, heldur eins konar samríki (coimperium) Bandaríkjanna og Íslands, verði ákveðin með lögum og Alþingi ákveði nú og framvegis, hvaða hluta Íslands það leggi undir amerísk yfirráð.

Íslendingar hafa ekki enn áttað sig á því til fulls, að þeir eru komnir í tölu þjóða, sem búa við þann háska, að erlent herveldi ágirnist land þeirra sem herbækistöð í friði og ófriði. Við erum enn í vímu yfir því að hafa borið fullkomið sigurorð af Dönum með stofnun lýðveldisins 1944. Við höfum eigin þjóðhöfðingja og formlegt sjálfstæði. En hinu má ekki gleyma, að smáríki, og þó miklu stærri þjóðir en Íslendingar, hafa ratað í þær raunir nú á tímum að halda hvoru tveggja þessu í friði fyrir stórveldum, en glata þó raunverulega sjálfstæði og sjálfsforræði. En sjálfsforræði, eigin stjórn allra okkar mála, er okkur nauðsyn, því að sagan sýnir, að íslenzkum málum verður aldrei vel ráðið af útlendum mönnum, þótt þeir kunni að vera okkur vitrari og stjórnsamari í sínu landi, og hversu vinsamlegir sem þeir kunna að vera í okkar garð. Mun svo reynast um þau góðu ráð, sem koma frá Washington, eins og um hin, sem áður komu frá Kaupmannahöfn. Þegar Bandaríkin báru fram kröfur sínar um herstöðvar á Íslandi næstu hundrað árin í október 1945, urðu þáttaskil í sögu þjóðarinnar og íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu. Íslendingum var þá, rúmu ári eftir stofnun lýðveldisins, gert tilboð um að halda formlegu sjálfstæði, en glata raunverulegu sjálfsforræði næstu hundrað árin.

Sá maður, sem manna bezt veit, hvers eðlis þessar kröfur voru, því að hann tók á móti þeim, en birti þær aldrei, var Ólafur Thors, þá forsætisráðherra. Hann hefur lýst þeim á þessa leið:

„Í fyrra báðu Bandaríkin okkur um Hvalfjörð, Skerjafjörð og Keflavík. Þau fóru fram á langan leigumála, kannske 100 ár, vegna þess að þau ætluðu að leggja í mikinn kostnað. Þarna áttu að vera voldugar herstöðvar. Við áttum þarna engu að ráða. Við áttum ekki svo mikið sem að fá vitneskju um, hvað þar gerðist. Þannig báðu Bandaríkin þá um land af okkar landi til þess að gera það að landi af sínu landi. Og margir óttuðust, að síðan ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi.“ (Alþt. 1946, aukaþing, B. 140.)

Þegar Bandaríkin höfðu þessar skuggalegu fyrirætlanir um að misnota Ísland, gera það að hluta af sínu landi og stjórna því næstu 100 árin, var engin ófriðarhætta og krafan var þá ekki borin fram í þágu neinna alþjóðasamtaka, heldur aðeins vegna hernaðarlegra eiginhagsmuna Bandaríkjamanna einna. Öryggi Íslendinga var þá ekki einu sinni haft að yfirskini. Hershöfðingjar Bandaríkjamanna, sem þá eins og nú réðu utanríkisstefnu þeirra, að byggja herveldi þeirra á atómstöðvum víða um heim, höfðu komið auga á Ísland sem heppilegustu stöðina í Norðvestur-Evrópu og voru ráðnir í að tryggja sér hana næstu 100 árin. Þessari stefnu mótmæltu 100 brezkir þingmenn þegar í stað, og sænska stjórnin mótmælti henni í Washington. Íslenzkir stjórnmálamenn mótmæltu líka — fyrir kosningar —. En allt, sem síðan hefur gerzt í viðskiptum Bandaríkjamanna og Íslands, Keflavíkursamningur, þátttaka Íslands í Atlantshafssamningi og þessi „varnarsamningur“, er afleiðing af þessari stefnu og áfangar að því yfirlýsta markmiði amerísku hershöfðingjanna að hafa herstöðvar á Íslandi einungis vegna eiginhagsmuna Bandaríkjanna og til stuðnings hervæðisstefnu þeirra.

Skylt er að taka það fram, að ameríska þjóðin, sem vitanlega er ein merkasta þjóð í heiminum, stendur ekki einhuga að þessari stefnu hershöfðingja og auðjöfra og á ekki sök á henni. Hin frjálslyndu öfl í Ameríku, sem Roosevelt forseti kynnti heiminum bezt á þessari öld, gagnrýna hana og reyna að hamla gegn henni, en hafa lotið í lægra haldi í bili.

Á sama hátt berjast nú stórir hópar og heilir flokkar frjálslyndra manna, áhrifamikil flokksbrot, samtök og blöð jafnaðarmanna (sósial-demokrata), auk vinstri sósíalista og kommúnista, í hverju einasta landi Evrópu og víða um heim

gegn því, að stríðsæðið, sem hershöfðingjunum og stríðsflokki þeirra hefur tekizt að vekja í Bandaríkjunum, taki ráðin af heilbrigðri skynsemi þjóðanna og leiði þær út í styrjöld, sem allir vita, að leiðir aðeins til ósigurs fyrir alla og hruns heimsmenningarinnar. Allt tal í sambandi við þennan samning um skyldur Íslands til þess að taka við amerískum her vegna þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi, þar sem nú séu ófriðartímar, um aukið öryggi Íslendinga, um yfirvofandi hættu á árás á Ísland o. s. frv. er yfirskinsvaðall og blekking ein.

Hægt væri að tilfæra ótal ummæli æðstu hershöfðingja og ráðherra Atlantshafsríkjanna, sem sýna, að þeir telja enga yfirvofandi stríðshættu næstu 2—3 árin, því síður, að nú þegar séu komnir ófriðartímar.

Þessi samningur er beint framhald af Keflavíkursamningnum. Bandaríkin vildu fá hann gerðan í vor, vegna þess að Keflavíkursamningurinn gat fallið úr gildi þá og þegar, um leið og formlegu hernámi Þýzkalands yrði aflétt. Það hefur staðið til síðan í fyrra, en dregizt vegna ósamkomulags um formið á nýrri hervæðingu Þjóðverja. Það var yfirvofandi hætta á, að Keflavíkursamningurinn félli úr gildi, en ekki „yfirvofandi ófriðarhætta", sem olli því, að þessi samningur var gerður.

Í herverndarsamningnum frá 1941 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn „undireins og ófriðnum væri lokið". Ófriðnum lauk í Evrópu í maí 1945. Bandaríkin neituðu að fara burt með her sinn og gerðu kröfur til langvarandi herstöðva. Samkvæmt „skilningi" þeirra er síðasta ófriði ekki lokið enn. Herstöðvakröfurnar voru látnar niður falla í bili gegn því, að Keflavíkursamningurinn væri gerður. Þegar hætta varð á, að hann félli niður, var þess krafizt, að þessi samningur yrði gerður. Hann hefur verið gerður, og Íslendingar eru samkvæmt honum skuldbundnir til þess að hafa herstöðvar og her í landi sínu í friði og ófriði um ófyrirsjáanlegan tíma. Spurningin er því, eins og nú er komið, aðeins sú, hvernig þessi samningur verður haldinn, og þá sérstaklega, til hvers þessar herstöðvar verða notaðar í ófriði. Það er sagt, að þær eigi aðeins að nota til varnar Íslandi. Í yfirlýsingu ríkisstj. frá 7. maí í vor er sagt, að „aðilar samningsins séu sammála um, að ætlunin sé ekki að koma hér upp mannvirkjum til árása á aðra, heldur eingöngu til varnar". Ég flyt á sérstöku þskj. brtt. um, að þetta komi orðrétt inn í frv. sjálft, svo að Alþingi sýni einnig vilja sinn í þessu efni.

Í fullu samræmi við yfirlýstan tilgang hinna fyrirhuguðu varnarráðstafana og anda samningsins sem varnarsamnings eru einnig aðrir liðir brtt. minna, að engar árásir sé heimilt að gera frá Íslandi, nema landið eða íslenzk skip eða flugför hafi áður orðið fyrir árás, og að alveg sérstaklega sé óheimilt að gera flugárásir frá Íslandi á önnur lönd með kjarnorkuvopnum, nema landið hafi áður orðið fyrir slíkri árás.

Í Bretlandi er nú vakin öflug hreyfing fyrir því, að lýst verði yfir afdráttarlaust af hálfu brezkra stjórnarvalda, og væntanlega sett í lög, samkvæmt yfirlýsingu Churchills, að stöðvar í Bretlandi verði ekki notaðar til kjarnorkuárása á önnur lönd, þótt til ófriðar komi. Báðir aðalflokkarnir og forustumenn þeirra virðast sammála um, að þetta sé nauðsynlegt og sjálfsagt vegna öryggis brezku þjóðarinnar.

Ég tel alveg sjálfsagt og nauðsynlegt, að Alþingi setji einmitt í þessi lög um varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna skýlaust bann við kjarnorkuárásum frá Íslandi, eins og Bretar eru ráðnir í að setja hjá sér. Þótt láðst hafi að setja þetta í samninginn, hefur það tvímælalaust stoð í honum sem samningi um varnir einungis og fullkomið gildi jafnframt ákvæðum hans. Vil ég ekki trúa því að óreyndu, að Alþingi taki á sig þá ábyrgð að fella þetta sjálfsagða ákvæði.

Alþingi, 7. des. 1951.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 382. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Samningssvæðin samkvæmt samningum þessum skulu ákveðin með lögum.

b. (3. gr.) Aðstöðu þá, sem Bandaríkjastjórn er látin í té samkvæmt samningum þessum, má eingöngu nota til varnarráðstafana. Bandaríkjastjórn er óheimilt að koma hér upp mannvirkjum til árása á aðra, heldur eingöngu til varnar Íslandi.

Engar árásir er heimilt að gera frá íslenzkum landssvæðum á ófriðartímum, nema árásir hafi áður verið gerðar á íslenzk landssvæði, skip eða flugför.

Óheimilt er að gera árásir frá Íslandi á önnur lönd, nema árás hafi áður verið gerð á landið.

Flugárásir á önnur lönd með kjarnorkuvopnum er með öllu óheimilt að gera frá Íslandi, nema landið hafi áður orðið fyrir slíkri árás.

Nd. 383. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 1. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (3. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (4. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (5. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

Ed. 384. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til laga um afnám laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. það, sem hér um ræðir, hefur aðeins verið tekið fyrir í nefndinni tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið þann 26. okt., og var málið þá ekki rætt neitt efnislega, heldur ákveðið að senda frv. til umsagnar til nokkurra aðila, þar sem nefndinni þótti sjálfsagt að fá sem ýtarlegastar upplýsingar og álit um efni þess, áður en hún tæki afstöðu til málsins. Þykir rétt að birta hér sem fylgiskjal bréf það, sem nefndin sendi þessum aðilum í sambandi við afgreiðslu málsins. Í síðara skiptið var málið tekið fyrir þann 5. des., eða eftir nærri 7 vikur frá því að það hafði fyrst verið til umræðu. En þá höfðu enn engar umsagnir borizt til nefndarinnar frá þeim aðilum, sem málið var sent til. Málið er þá heldur ekki rætt efnislega í nefndinni, m. a. vegna þess, að engar umsagnir lágu fyrir, svo sem fyrr segir. Meiri hl. n. lagði því til, að frv. yrði fellt, án þess þó að önnur eða frekari athugun færi fram en að ofan greinir, og hefur hann þegar gefið út nál., þar sem fram er tekið, að hann getur ekki lagt til, að hætt verði að afla ríkinu tekna með tekju- og eignarskatti, og leggur þar af leiðandi til, að frv. verði fellt. Engin rök eru færð fyrir því, hvers vegna beri að halda áfram að afla ríkinu tekna með tekju- og eignarskatti, jafnvel þótt sýnilegt sé, að allt stefnir að því, að tekjurnar af skattinum dugi ekki nema rúmlega fyrir kostnaði af innheimtu, álagningu og eftirliti, og þótt vitað sé og játað, að hér er verið að viðhalda löggjöf, sem er ranglátust allrar löggjafar í landinu og langmest brotin án verulegs ámælis frá því opinbera. Engin tilraun er gerð til þess að upplýsa almenning um áhrif laganna á fjárhagskerfi þjóðarinnar, til góðs eða ills, ekki einu sinni komið nærri því að benda á það gífurlega ósamræmi, sem er í gildandi skattalöggjöf, og hvort nauðsynlegt sé að lagfæra það og þá á hvern hátt, og sýna þá jafnframt fram á, hvaða áhrif slík lagfæring hefði á tekjur ríkissjóðs og atvinnulífið í landinu.

Það má vel vera, að megin ástæðan fyrir því, að meiri hl. n. afgreiðir málið úr nefndinni þannig, sé sú, að ekki hefur fengizt fram umsögn þeirra aðila, sem málið var sent til, þrátt fyrir það þótt þeir hafi haft 7 vikur til þess að segja um það álit sitt, en sannarlega átti það eitt út af fyrir sig ekki að hafa afgerandi áhrif á afgreiðslu málsins. Að vísu hefur sú venja lengi verið ríkjandi í Alþingi að senda deilumál til umsagnar til ýmissa aðila utan þings, og þá einkum til félagssamtaka eða stofnana, og þá einnig þótt rétt að afgreiða slík mál ekki fyrr en upplýsingar og umsagnir hafa legið fyrir frá þessum aðilum. Hefur þessi háttur margoft tafið um of afgreiðslu mála. En þegar svo lítil háttvísi er sýnd Alþingi, að sjálfar ríkisstofnanirnar svara ekki slíkum málaleitunum, sýnist kominn tími til þess að hætta að tefja störf þingsins með því að senda til þeirra mál til umsagnar, heldur afgreiða þau án íhlutunar þeirra til góðs eða ills.

Þegar litið er á þau frv. og þær tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á skattalöggjöfinni nú ár eftir ár, og á þær umræður, sem fram hafa farið um þessi mál utan þings og innan, er sýnilegt, að Alþingi verður fyrr eða síðar að láta undan þeim þunga, sem liggur á bak við þessar tillögur, og gera róttæktar breytingar á skattalögunum. Þessa staðreynd viðurkennir þegar mikill meiri hl. þingsins. Er þá rétt að gera sér ljóst, hverjar þessar kröfur eru og hve mikið fylgi þær sýnast hafa í Alþingi. Ber þá fyrst að líta á kröfurnar, en þær eru sem hér segir:

1. að gerbreyta skattstiganum frá því, sem nú er, og samræma hann við gildandi verðmæti peninganna, miðað við það, sem var, þegar lögin voru samin, í stað þess að umreikna lágtekjur eins og nú er gert. Má telja víst, að slík breyting næði fram að ganga, ef lögunum yrði breytt eitthvað á annað borð. En þessi

breyting mundi hafa í för með sér allverulega rýrnun á tekjum ríkissjóðs af tekjuskattinum, án þess að nokkur sparnaður kæmi á móti;
2. að hækka allverulega persónufrádrátt frá því, sem nú er. Fyrir því er einnig mjög mikið fylgi í þinginu, en breytingin hlyti að verka á sama hátt á tekjur ríkissjóðs eins og breytingin undir lið 1;
3. að fella niður stríðsgróðaskattinn og skattaukann, sem nú eru í gildandi lögum. Jafnvel Framsóknarflokkurinn, sem fastast heldur í lögin óbreytt, telur, að þessi breyting eigi þó fullan rétt á sér og verði að koma vegna hagsmuna samvinnufélaganna, sem þennan skatt greiða nú eftir sömu reglu og aðrir. Mundi þessi breyting stórlega rýra tekjur ríkissjóðs;
4. að hætta að samskatta tekjur hjóna. Er ekki sýnilegt annað en að þessi breyting á lögunum eigi mikið fylgi í þinginu, en hún mundi verka til stórkostlegrar lækkunar á tekjum ríkisins af tekjuskatti;
5. að hækka enn verulega skattfrjálsan varasjóðshluta samvinnufélaga og ýmissa atvinnufyrirtækja. Mundi þessi breyting einnig hafa sömu áhrif á tekjurnar og hinar aðrar, sem rætt hefur verið um.

Ef breytingar þær, sem hér voru taldar upp, næðu allar fram að ganga, og fyrir þeim er raunverulega meiri hl. í þinginu, hvað er þá eftir af skattalögunum annað en það, sem bakar ríkissjóði milljóna útgjöld og viðheldur dýru og algerlega óþörfu skrifstofubákni, sem þó sýnist þjóna því eina verkefni að hefta frjálst framtak dugmikilla manna, sem ávallt verða tryggustu auðlindir fyrir ríkissjóðinn, ef þeim er aðeins leyft að starfa í friði að framfaramálum og efnahagsmálum þjóðarinnar? Það er þessi kjarni málsins, sem meiri hl. nefndarinnar lokar augunum fyrir. Það er þessi staðreynd, sem meiri hl. n. vill ekki trúa, að það verður ekki miklu lengur staðið á móti réttlátum umbótum á skattalöggjöfinni og að þær umbætur muni leiða betur í ljós en nokkuð annað, að rétt sé og sjálfsagt að afnema lögin með öllu, vegna þess að þær slitrur, sem eftir verða, muni ekki gefa ríkissjóði nægilegt fé til að standast kostnað við framkvæmdirnar. Meiri hl. n. hryllir við þessari hugsun, og í stað þess að mæta hinu breytta viðhorfi með manndómi, víkur hann málinu frá sér og skýtur ábyrgðinni á þá aðila, sem ekki heldur höfðu manndóm í sér að segja nefndinni hug sinn allan um þessi mál eftir margra ára dýra reynslu.

Eftir að málið hafði verið afgreitt í nefndinni og nál. þetta ritað, barst umsögn frá ríkisskattanefndinni um frv. Þótt ríkisskattanefndin gangi alveg fram hjá meginatriðum, sem upplýsa áttu málið alþm. til leiðbeiningar, þá er þó sýnilegt af svarinu, að einnig þetta virki, sem hlaðið hefur verð til varnar skattalögunum, er að hrynja, þótt ekki sé farið lengra að þessu sinni en að viðurkenna, að nauðsyn beri til að endurskoða núgildandi skattalög.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir, leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1951.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

26. okt. 1951.

Fjárhagsnefnd efri deildar sendir yður hér með hjálagt frumvarp til laga á þskj. 96, 70. mál, um afnám laga um tekjuskatt og eignarskatt. Óskar nefndin umsagnar yðar um málið í heild og þá alveg sérstaklega um eftirfarandi atriði:

1) Hvaða áhrif teljið þér, að frumvarpið komi til með að hafa í för með sér á tekjur og gjöld ríkissjóðs, ef frumvarpið yrði að lögum?

2) Hvaða embætti teljið þér að leggja mætti að fullu niður eða fækka starfsfólki hjá, ef frumvarpið yrði samþykkt?

3) Sérhvað annað, sem þér teljið að geti orðið til að upplýsa málið í sambandi við afgreiðslu þess.

Óskar nefndin heiðraðs svars yðar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en innan 14 daga.

Á það skal bent, að í 1. gr. frumvarpsins er prentvilla, þar stendur 1951, en á að vera 1952, og hefur það verið leiðrétt í frumvarpinu.

F. h. fjárhagsnefndar efri deildar,

Bernharð Stefánsson.

Gísli Jónsson.

Bréf þetta er sent til:
ríkisskattanefndar, skattstjórans í Rvík, tollstjórans í Rvík og fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

RÍKISSKATTANEFNDIN

Reykjavík, 3. des. 1951.

Hæstvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi sínu, dags. 26. október s. l., óskað umsagnar ríkisskattanefndar um frumvarp til laga um afnám laganna um tekju- og eignarskatt, á fylgiskjali 96 — 70. mál. Í nefndu bréfi er lögð aðaláherzla á þrjú atriði, og með því að nefndin taldi, að fjármálaráðuneytið hefði bezta aðstöðu til að svara þeim, leitaði hún til ráðuneytisins um þau. Ráðuneytið kvaðst þá hafa fengið sams konar bréf og ríkisskattanefnd og mundi svara fyrirspurnum þessum. Nefndin sér því ekki ástæðu til að svara fyrstu og annarri spurningu. Hvað viðvíkur þriðja atriðinu og almennri umsögn um málið, þá skal það tekið fram, að skiptar skoðanir eru meðal nefndarmanna um málið, en í heild má segja það, að þeir eru ekki meðmæltir því, að skattar þessir séu lagðir niður og tollar hækkaðir í staðinn, þótt hins vegar nauðsyn beri til að endurskoða núgildandi skattalög.

Virðingarfyllst,

f. h. ríkisskattanefndar.

Þórólfur Ólafsson
skrifstofustjóri.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 385. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til laga um framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Skömmu eftir að frv. var vísað til nefndarinnar, sendi hún það stjórn Búnaðarbankans til umsagnar. Í svari sínu mælir stjórn Búnaðarbankans mjög eindregið með því, að frv. verði samþykkt, en bendir jafnframt á nauðsyn þess, að veðdeildinni verði auk þess fjár, sem frv. gerir ráð fyrir, séð árlega fyrir nokkru fé næstu árin, svo að lánveitingar úr veðdeildinni stöðvist ekki að mestu á nýjan leik.

Landbúnaðarnefnd er sammála um, að knýjandi þörf er á, að veðdeild Búnaðarbankans sé efld, svo að hún geti sinnt því hlutverki, sem henni er ætlað. Fjár-

skortur veðdeildarinnar hefur orðið tilfinnanlegur þeim mönnum, sem til hennar hafa þurft að leita, eftir því sem verðbólgan hefur vaxið og örðugra hefur orðið að afla lánsfjár. Einkum hefur þetta komið hart niður á þeim, er ætluðu að reisa bú í sveit eða þurftu af einhverjum ástæðum að kaupa sér jarðnæði til þess að geta búið í sveitinni, því að telja má, að fyrir þessum mönnum hafi á síðari árum verið allar dyr lokaðar til lántöku til jarðarkaupa. Vita þó allir, að það er frumskilyrði fyrir hvern búanda, að hann hafi umráð yfir landi. Þetta hefur orðið þess valdandi, að mun færra fólk hefur hafið búskap í sveitum síðustu árin en ella hefði orðið, ef greiðari aðgangur hefði verið að jarðakaupalánum í veðdeild Búnaðarbankans, og án efa hefur nokkur hluti þess hröklazt á mölina til að stofna þar heimili.

Nefndin verður því að leggja áherzlu á, að úr þessu verði bætt, jafnframt og áframhaldandi starfsemi veðdeildarinnar yrði tryggð með aðstoð ríkisstjórnarinnar við sölu veðdeildarbréfa bankans.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Þó þannig, að í fyrirrúmi sitji jarðakaupalán til manna, sem eru að hefja búskap, og til leiguliða, sem verða jarðnæðislausir.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin ábyrgist sölu á veðdeildarbréfum veðdeildar Búnaðarbanka Íslands með nafnverði að upphæð allt að 1 millj. kr. á ári í 5 ár (1953—1957).

Alþingi, 8. des. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.
Jón Pálmason,	Andrés Eyjólfsson.	

Ed. 386. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að ⅔ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 387. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi sparifjár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og rætt efni þess. Leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (ÞÞ) tekur fram, að hann muni — ef til vill — flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 10. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form. Karl Kristjánsson, frsm. Gísli Jónsson, fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 388. Nefndarálit [38. mál.]

um frv. til laga um hámark húsaleigu o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og m. a. rætt um það við borgarstjórann í Reykjavík, hvort ekki mundi eðlilegt að bæta inn í frumvarp þetta ákvæði um það, að bindingarákvæði húsaleigulaganna um húsnæði í húsum, sem húseigandi býr ekki í sjálfur, sem á að falla úr gildi 14. maí 1952, yrði framlengt. Tjáði borgarstjóri nefndinni þá skoðun sína, að slíks væri ekki þörf, þar sem nú væri óðum að rísa upp ný hús, sem bæta mundu úr húsnæðisvandræðunum, og sömuleiðis taldi hann ekki rétt, að breytt væri um stefnu, úr því að þingið hefði eitt sinn ákveðið að afnema bindingarákvæðin.

Meiri hluti nefndarinnar telur þó, að með tilliti til þess, að nú liggur fyrir þinginu nýtt frumvarp til húsaleigulaga, sem væntanlega verður afgreitt á næsta þingi, vinnist ekki tími til að samþykkja það á þessu, þá sé rétt að halda í eitt ár enn þá þeim takmörkunum, sem enn eru í húsaleigulögunum, og leggur því til, að frv. sé breytt í þá átt. Einn nm. (LJóh) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir orðin „14. maí 1952“ á tveim stöðum í 7. gr. laga nr. 56 1950, um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, kemur: 14. maí 1953.

Alþingi, 10. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Páll Zóphóníasson. F. R. Valdimarsson.

H. Guðmundsson.

Ed. 389. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundi sínum í dag og meðal annars átt viðræður um það við skipaskoðunarstjóra og Viggó Jessen vélaeftirlitsmann, en þeir voru ráðunautar ríksstjórnarinnar um þau togarakaup, sem frv. þetta fjallar um.

Frv. var borið fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 9. apríl þ. á., en í hv. Nd. var nokkru aukið við hin upprunalegu bráðabirgðalög, til samræmis við þær ráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur gert í þessu efni. Eru skiptar skoðanir í nefndinni um þær ráðstafanir, en nefndin leggur þó til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nm. (GJ) skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. Karl Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Sþ. 390. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur eins og áður fjallað um undirbúning tillagna um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún aflað sér upplýsinga og skýrslna um rekstur og afkomu þessara samgöngutækja og notið þar aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eins og jafnan áður. Fylgir skýrsla hans með nefndarálitinu.

Um rekstrarafkomu flóabátanna á þessu ári er það að segja, að hún hefur orðið mjög slæm. Ástæður þess eru einkum tvær: Í fyrsta lagi veruleg hækkun á kaupgjaldi, og í öðru lagi stórhækkað verðlag á olíum, varahlutum og öllu því, er lýtur að viðhaldi véla og skipa. Hins vegar hafa bátarnir ekki getað aukið tekjur sínar með hækkuðum far- og farmgjöldum til þess að mæta hinum aukna rekstrarkostnaði. Eru þau víðast hvar orðin það há, að ógerlegt er að hækka þau.

Styrkjum til flóabátanna hefur s. l. 5 ár verið haldið svo að segja óbreyttum. Kemur það greinilega í ljós, ef athugaðar eru þær upphæðir, sem varið hefur verið í þessu skyni á fjárlögum. Árið 1947 voru styrkirnir kr. 916200.00, 1948 kr. 912200.00, 1949 kr. 878000.00, 1950 kr. 958000.00 og árið 1951 kr. 975000.00.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, hefur orðið verulegur rekstrarhalli á mörgum flóabátanna. Er nú svo komið, að rekstur nokkurra þeirra mun stöðvast algerlega, ef styrkur til þeirra fæst ekki hækkaður að mun. Nefndin hefur því ekki komizt hjá að leggja til, að þeir verði hækkaðir allmikið og þar með komið í veg fyrir stórfellt óhagræði, sem stöðvun flóabátaferða hefði í för með sér fyrir athafnalíf og allan almenning í þeim byggðarlögum, sem byggja samgöngur sínar að miklu leyti á þessum ferðum, ýmist allt árið að hluta þess.

Á síðasta Alþingi beindi samvinnunefnd samgöngumála þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún léti fram fara fyrir næsta þing ýtarlega rannsókn á því, hvernig flóabátaferðunum verði ódýrast og hagkvæmast fyrir komið. Enn fremur að rann-

sökuð yrði flutningaþörf þeirra héraða, sem verst eru sett um samgöngur og aðdrætti á landi og styrks hafa notið úr ríkissjóði.

Í samræmi við þessa tillögu nefndarinnar skipaði samgöngumálaráðuneytið 2. apríl s. l. þriggja manna nefnd til þess að vinna umrætt verk. Starfaði hún á s. l. sumri og skilaði áliti 20. september s. l. Hefur ráðuneytið sent samvinnunefndinni það til athugunar.

Nefnd þessi safnaði ýtarlegum upplýsingum um rekstur og tilhögun flóabátaferðanna og um flutninga á landi til þeirra héraða, sem styrks hafa notið til þeirra. Niðurstaða hennar eru í stuttu máli sú, að hún telur, að unnt muni vera að fella niður styrk til fimm flóabáta. Eru það þessir bátar: Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátur, Rangársandsbátur, Flateyjarbátur á Breiðafirði, Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur og Húnaflóa- og Strandabátur.

Í þessu samband ber að geta þess, að milliþinganefndin ætlast til, að Stykkishólmsbátur ræki eftirleiðis einn allar flóabátaferðir við Breiðafjörð.

Með því að fella niður styrki til fyrr greindra flóabáta gerir nefndin ráð fyrir að spara megi 197 þús. kr., miðað við heildarstyrkupphæð í fjárlögum yfirstandandi árs.

Að öðru leyti hefur milliþinganefndin talið að halda yrði þessum samgöngum í svipuðu horfi og nú er. Í áliti sínu ræðir hún þó nokkuð um minni háttar breytingar á fyrirkomulagi ferða einstakra flóabáta. Hún telur enn fremur nauðsynlegt að halda áfram að styrkja þau héruð, sem verst eru sett um samgöngur á landi, til vöruflutninga.

Segja má, að athuganir milliþinganefndarinnar séu mjög í samræmi við ýmsar raddir, sem uppi hafa verið í samvinnunefnd samgöngumála undanfarin ár. En framkvæmd tillagna í þessa átt hefur ævinlega strandað á mótmælum þingmanna hlutaðeigandi héraða og andmælum heiman úr þeim byggðarlögum sjálfum, sem rætt hefur verið um að svipta styrkjum til flóabátaferða. Sú hefur einnig orðið niðurstaðan að þessu sinni. Nefndin hefur ekki talið fært að leggja til, að fylgt verði tillögum milliþinganefndarinnar um styrksviptingu 5 flótabáta. Hún fellst á, að Rangársandsbátur, sem að vísu naut aðeins smávægilegs styrks, verði felldur niður. Frá Vestmannaeyjum og úr héruðum Suðurlandsundirlendisins hafa borizt eindregnar óskir um, að Stokkseyrarbáturinn verði rekinn áfram. Þá er talið, að ókleift sé að láta Stykkishólmsbát taka að sér ferðir Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts, sökum þess að svo stór bátur eigi erfiðara með að athafna sig á ýmsum viðkomustöðum hans en lítill bátur, sem verið hefur þar í förum.

Samkomulag hefur heldur ekki náðst um að fella niður ferðir Flateyjarbáts, sem annazt hefur ferðir um norðanverðan Breiðafjörð, en fela þær síðar Stykkishólmsbát. Virðist og auðsætt, að með þeirri fyrirkomulagsbreytingu gæti varla orðið um mikinn sparnað að ræða, þar sem hækka yrði þá allverulega styrk til hins síðarnefnda.

Um Strandabátinn er það að segja, að samkvæmt upplýsingum samgöngumálaráðherra, þingmanns Strandasýslu, mun verða hægt að fella niður ferðir hans á næstu árum, þegar vegagerð er fulllokið frá Hólmavík að Drangsnesi og bryggja byggð í Kaldrananesi. Verður þá akfært alla leið þangað, og gæti lítill bátur þá annannazt flutninga þaðan norður til hafnanna í Árneshreppi, sem er nyrzti hreppur Strandasýslu.

Að öllu þessu athuguðu hefur samvinnunefndin ekki treyst sér til að fella niður styrki til umræddra báta.

Um einstaka flótabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að styrkur til Flateyjarbáts hækki um 10 þús. kr. Rekstrarhalli hefur verið á ferðum bátsins undafarin ár, og telja stjórnendur hans ómögulegt að halda

ferðunum áfram án aukns stuðnings. Rekstur Stykkishólmsbátsins hefur hins vegar gengið sæmilega, og er gert ráð fyrir, að styrkur hans verði óbreyttur. Enn fremur er lagt til, að Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur fái sama styrk og áður.

Ísafjarðarsamgöngur:

Sama skip og áður, m/s Fagranes, hefur annazt þessar samgöngur. Hefur rekstur þess orðið óhagstæðari með hverju árinu, sem liðið hefur. Samkvæmt upplýsingum í nefndaráliti milliþinganefndarinnar hefur rekstrarhalli s. l. tvö ár orðið samtals nær 100 þús. kr. þrátt fyrir hinn háa ríkisstyrk, sem Djúpbáturinn h/f hefur notið. Á þessu ári hefur einnig orðið mikill halli á rekstrinum. Er fyrirsjáanlegt, að ókleift verður að halda þessum samgöngum uppi án mjög aukins styrks frá ríkinu. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur í tillögum sínum til nefndarinnar lagt til, að hann verði hækkaður um 130 þús. kr. á næsta ári. Telur hann, að ekki verði unnt að komast af með minni hækkun. Nefndin hefur þó ekki treyst sér til að hækka framlagið til þess flóabáts svo mikið og leggur til, að hækkunin nemi 100 þús kr.

Enginn kostur er á að leggja þessar ferðir niður. Sveitirnar við Ísafjarðardjúp sjá Ísafjarðarkaupstað að mestu fyrir mjólk. Flestar þeirra eru hins vegar með öllu akvegalausar og geta því ekki komið afurðum sínum á markað með öðrum hætti en sjóleiðis. Vetrarmánuðina er einnig nauðsynlegt að halda uppi ferðum milli Ísafjarðar og sumra kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa bændur í Önundarfirði selt töluvert af mjólk þangað undanfarin ár. Má og segja, að allar samgöngur sveitanna við Djúp og í norðurhreppum héraðsins byggist á ferðum Djúpbátsins.

Hugsanlegt væri að halda þessum ferðum uppi með minni bát en „Fagranesinu“ yfir vetrarmánuðina, eins og milliþinganefndin bendir á í áliti sínu. En þegar þess er gætt, að verkefni hlyti þá að skorta fyrir stærra skipið þann tíma, er mjög óvíst um hver sparnaður yrði af slíkri ráðstöfun.

Norðurlandssamgöngur:

Þar er lagt til, að Húnaflóa- og Strandabátur fái 18 þús. kr. styrkhækkun. Hefur orðið 24 þús. kr. halli á ferðum hans á þessu ári. Telur útgerðarmaður bátsins ókleift að halda rekstri hans áfram með þá skuld á bakinu og án hækkaðs framlags. Rekstur Norðurlandsbátsins hefur einnig gengið mjög illa. Leggur nefndin til, að styrkur hans hækki um 40 þús., en þar að auki verði honum veittur 30 þús. kr. aukastyrkur vegna nauðsynlegrar viðgerðar, sem útgerð hans hefur enga möguleika á að kosta af eigin rammleik.

Þá er lagt til, að styrkur Hríseyjarbáts verða hækkaður um 1 þús. kr., en auk þess verði honum veittur 3 þús. kr. styrkur vegna viðgerðar, sem fram fór á honum snemma á þessu ári. Að lokum er lagt til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki um 1 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur:

Gert er ráð fyrir, að ferðir smábátanna, sem annast flutninga milli fjarða á Austfjörðum, verði með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Lagt er til, að styrkir til flestra þeirra hækki smávægilega. Þannig er gert ráð fyrir, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts hækki um 4 þús. kr. Bátur þessi fékk á þessu ári 10 þús. kr. vélarstyrk. Verður heildarfjárveiting til hans nú því 6 þús. kr. lægri en á yfirstandandi ári. Styrkur til Mjóafjarðarbáts er hækkaður um 2500 kr., og lagt er til, að Eskifjarðarbátur fái 5 þús. kr. vélastyrk.

Suðurlandsskip:

Alþingi hefur fyrir löngu viðurkennt sérstöðu Skaftafellssýslna í samgöngumálum. Mestur hluti þessara víðlendu héraða er algerlega hafnlaus og getur því ekki notið strandferða eins og flest önnur byggðarlög landsins. Hefur því verið

veittur nokkur styrkur til þess að greiða niður flutningskostnað á hinni löngu leið frá Reykjavík til Víkurkauptúns.

Í áliti milliþinganefndarinnar er frá því skýrt, að flutningskostnaður Vestur-Skaftfellinga sé 83—268 kr. hærri á tonn en til þeirra héraða á landinu, sem þó verða að nota dýrar flóabátaferðir frá höfnum strandferðaskipanna. Hefur þá verið dreginn frá flutningastyrkur sá, sem Vestur-Skaftfellingar njóta og er frá 50—65 kr. á hvert tonn þeirra nauðsynja, sem styrkurinn nær til.

Um ástæður til þess, að flutningskostnaður hefur aukizt stórkostlega til þessara héraða, þarf ekki að fjölyrða. Svo augljósar eru þær. Samvinnunefndin hefur ekki talið sér annað fært en að leggja til nokkra hækkun á flutningastyrknum. Leggur hún til, að hann hækki um 30 þús. kr.

Enn fremur leggur hún til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa hækki um 7 þús. kr., en þeir flutningar fara nú að verulegu leyti fram flugleiðis og eru eins og að líkum lætur mjög dýrir.

Faxaflóasamgöngur:

Nokkur undanfarin ár hefur verið unnt að halda uppi ferðum milli Reykjavíkur, Borgarness og Akraness án ríkisstyrkja. Hefur m/s Laxfoss, sem er stærsti og fullkomnasti flóabátur landsins, annazt þessar ferðir. En nú er svo komið, að einnig þessar samgöngur eru reknar með stórfelldum halla. Hófst þessa árs rekstur h/f Skallagríms, sem annast útgerð Laxfoss, með rúmlega 140 þús. kr. yfirfærðu tapi. Hafði félagið þá einnig eytt öllum varasjóði sínum, sem var um 200 þús. kr. Þá hefur kostnaður vegna vélaviðgerðar og varahluta í vél skipsins orðið nær 100 þús. kr. á þessu ári. Samtals gerir stjórn félagsins ráð fyrir, að óumflýjanlegt tap á rekstri Laxfoss á þessu ári verði nær 260 þús. kr. Hefur hún skýrt nefndinni frá því, að hún sjái sig neydda til að hætta ferðunum, ef félaginu verði ekki veittur styrkur sem nemur þessum rekstrarhalla.

Augljóst er, að ekki verður hjá því komizt að styrkja þessar samgöngur, ef ferðir Laxfoss eiga ekki að falla niður til mikils óhagræðis fyrir þau byggðarlög, sem þeirra njóta. Hefur nefndin því lagt til, að h/f Skallagrími verði veittur 100 þús. kr. styrkur vegna rekstrar Laxfoss á næsta ári.

Enn fremur hefur hún talið óumflýjanlegt að flytja tillögu um, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða félaginu 100 þús. kr. styrk vegna vélaviðgerða á árinu 1951. Virðist þetta vera lágmarksaðstoð til þess að þessum ferðum verði haldið uppi.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar áætlar hún styrk til flóabátaferða og vöruflutninga í fjárlögum ársins 1952 samtals kr. 1 323 000. Er það 348 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs. Sprettur þessi mikla hækkun framlaga til þessarar nauðsynlegu þjónustu, eins og áður er getið, af því, að rekstrarkostnaður flóabátanna hefur aukizt stórkostlega af völdum hækkaðs kaupgjalds og aukinnar dýrtíðar. Enn fremur hefur styrkjunum verið haldið mjög niðri undanfarin ár, á sama tíma sem aðrir útgjaldaliðir fjárlaga hafa hækkað stórlega eða jafnvel margfaldazt. Það er skoðun samvinnunefndarinnar, að minni hækkun styrkjanna en sú, sem hér er gert ráð fyrir, nægi alls ekki til þess, að flóabátaferðunum verði haldið uppi í samræmi við þarfir þeirra héraða, sem þeirra njóta.

Nefndin leggur til, að styrksupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur ...../.....	kr.	340 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	—	100 000.00
Norðurlandsbátur	—	260 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar	—	30 000.00
Hríseyjarbátur	—	7 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar	—	3 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	12 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	10 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	16 000.00

Eskifjarðarbátur	kr.	18 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	5 000.00
Berufjarðarbátur	—	4 000.00
Suðurlandsskip	—	130 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir	—	30 000.00
Sami, vikulegar ferðir Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir	—	35 000.00
Stykkishólmsbátur	—	85 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur ..	—	11 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	2 500.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	42 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrarbátur	—	80 000.00
Til h/f Skallagr. vegna ferða m/s Laxfoss	—	100 000.00
Samtals	kr.	1 323 000.00

Alþingi, 10. des. 1951.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Gíslason, fundaskr. Nd.-nefndar.	Karl Kristjánsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Ásgeir Bjarnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Magnús Jónsson.	Steingr. Aðalsteinsson.
Lúðvík Jósefsson.	Þorst. Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 19. nóv. 1951.

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála leyfi ég mér hér með að senda skýrslu í stórum dráttum um rekstur flóabátanna á yfirstandandi ári.

Djúpbáturinn:

Eins og áður hefur h/f Djúpbáturinn á Ísafirði annazt flóabátaferðir um Djúpið og nágrenni með bát sínum Fagranesi. Hefur báturinn siglt eftir fastri áætlun og ferðum verið hagað eins og undanfarin ár. Samkvæmt bráðabirgða rekstrarreikningi hefur orðið mikill rekstrarhalli á bátnum, og þegar við bætist, að halli hefur verið á rekstri bátsins á undanförnum árum, er sýnt, að auka verður styrk til þessa báts allríflega, ef hann á að geta haldið áfram á næsta ári.

Húnaflóa—Strandabátur:

Bátur þessi hefur ferðir um vestanverðan Húnaflóa. Voru venjulega farnar 2 ferðir á viku milli Ingólfsfjarðar og Hólmavíkur með viðkomum á öllum milliliggjandi stöðum. Alls hafði báturinn 440 viðkomur og flutti um 470 farþega, auk þess nokkuð af pósti og öðrum flutningi. Síldaraflinn brást á þessu sumri eins og áður, og var því verkefni bátsins of lítið til þess að tekjurnar nægðu fyrir rekstrarkostnaði, og hefur því orðið tilfinnanlegt tap á rekstrinum, eða í kringum 24 þús. kr.

Norðurlandsbátur:

Steindór Jónsson útgerðarmaður á Akureyri hefur eins og undanfarin ár séð um ferðir þessa flóabáts með bát sínum Drang (74 lestir). Sigldi báturinn eftir fastri

áætlun, og var ferðunum hagað eins og á undanförnum árum. Fjárhagslega hefur rekstur bátsins gengið mjög erfiðlega og það svo, að áætlað er samkvæmt bráðabirgða rekstraryfirliti, að hallinn á rekstrinum verði minnsta kosti 35 þús. kr. Er því auðsætt, að hækka verður styrk til þessa báts allverulega, ef hann á að ganga á næsta ári.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi er eins konar ferja, sem gengur milli Hríseyjar og lands. Eru venjulega farnar 2 fastar ferðir í viku og svo aukaferðir, þegar þurfa þykir. Eru þessar ferðir aðallega í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri. Mun báturinn hafa flutt um 700 farþega, það sem af er árinu. Fjárhagsafkoma bátsins er fremur léleg, enda þurfti dýra viðgerð á bátnum í byrjun ársins.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur. Er venjulega farin ein föst ferð í viku og svo aukaferðir, eftir því sem þurfa þykir. Oddviti Flateyjarhrepps hefur umsjá með, að ferðir þessar komi að sem mestum notum fyrir Flateyinga. Uppgjör hefur ekki borizt fyrir bát þennan, svo að um rekstrarafkomuna verður ekki sagt með vissu, en frekar má gera ráð fyrir, að hún sé ekki sem álitlegust.

Loðmundarfjarðarbátur:

Bátur þessi hefur ferðir milli Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar. Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði hefur umsjá með ferðum þessum. Eru venjulega farnar 2 fastar ferðir á mánuði yfir sumarmánuðina og aukaferðir, þegar þess gerist sérstaklega þörf. Engin skýrsla er enn þá komin um rekstrarafkomu þessara ferða. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, má búast við, að styrkurinn þurfi að hækka nokkuð.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og fer einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur umsjá með, að ferðirnar komi að sem beztum notum fyrir Mjófirðinga. Rekstrarreikningar fyrir bátinn eru ekki komnir enn þá, en samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er talið fullvíst, að styrkurinn þyrfti að hækka eitthvað.

Eskifjarðarbátur:

Bátur þessi gengur milli Búðareyrar og Eskifjarðar annars vegar og Hafraness hins vegar, aðallega til þess að koma Fáskrúðsfirði í bifreiðasamband við Austur- og Norðurland, enda er ferðum bátsins hagað í samræmi við ferðir bifreiða til og frá Austurlandi. Garðar Jónsson útgerðarmaður á Reyðarfirði hefur eins og undanfarið séð um þessar ferðir með bát sínum Heklu (10 lestir). Mun rekstur þessa báts ekki hafa gengið sem verst. Hins vegar kvartar eigandi bátsins mjög undan skuld, sem hvílir á bátnum vegna vélakaupa í hann á árinu 1949, sem honum hefur enn ekki tekizt að greiða niður.

Berufjarðarbátur:

Ferðir þessa báts eru frá Djúpavogi að Stakk á Berufjarðarströnd í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Austurlandi. Er ekki annað vitað en ferðir þessar hafi gengið eins og til stóð.

Mýrabátur í Faxaflóa:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á Mýrum, sem hafa trillubáta, séð um ferðirnar og styrknum skipt á milli þeirra, og hefur það verið látið ganga í gegnum alþingismann kjördæmisins.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:

Bátur þessi gengur um norðanverðan Breiðafjörð, og annast h/f Norðri í Flatey ferðirnar með bát sínum Konráð (18 lestir). Var siglt eftir fastri áætlun og ferðum hagað eins og á undanförnum árum og einnig farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Samkvæmt bráðabirgða rekstraruppgjöri, sem fyrir liggur, mun verða í kringum 10 þús. kr. halli á rekstri bátsins. Á undanförnum árum hefur orðið nokkur halli á rekstri þessa báts, og má því segja, að fjárhagur hans sé mjög slæmur.

Stykkishólmsbátur:

Bátur þessi gengur um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi séð um ferðirnar með bát sínum Baldri (38 lestir). Hefur verið siglt eftir fastri áætlun og ferðunum hagað eins og undanfarin ár, en þess á milli farnar aukaferðir, eftir því sem þurfa þótti og tími vannst til. Reikningar yfir rekstur bátsins eru enn ekki fyrir hendi, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun reksturinn hafa gengið allsæmilega, og ætti væntanlega ekki að þurfa að hækka styrkinn fyrir næsta ár.

Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur:

Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi. Hafa þær verið farnar eftir föstum áætlunum og aukaferðir, þegar þurfa þótti. Skýrslu vantar enn yfir, hvernig ferðir þessar hafa gengið fjárhagslega.

Patreksfjarðarbátur:

Ferðir þessa báts eru milli Vatneyrar, Örlygshafnar og Hvalskers. Er styrkurinn ætlaður til að létta undir með mjólkurflutningum bænda á þessari leið. Hefur alþingismaður kjördæmisins og oddviti Patreksfjarðarhrepps umsjá með, að styrkurinn komi að tilætluðum notum.

Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur:

Bátur þessi gengur milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar yfir sumarmánuðina. Mótorbáturinn Gísli Johnsen hefur eins og undanfarið verið í ferðum þessum. Voru farnar 46 ferðir og í þeim fluttir rúml. 700 farþegar og ca. 120 tonn af ýmsum varningi, 222 sauðkindur og 8 stórgripir. Nokkur halli hefur orðið á rekstri bátsins, en þó ekki tilfinnanlega mikill.

Rangársandsbátur:

Styrkur til Rangársandsbáts var ætlaður til ferða milli Rangársands og Vestmannaeyja, en enginn bátur hefur um árabil verið í þessum ferðum, heldur hefur styrkurinn eða hluti af honum stundum verið notaður til að létta undir með flutningum bænda milli Rangársands og Vestmannaeyja, þegar um slíka flutninga hefur verið að ræða, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutunina á styrknum.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti, hefur fjárhagshlið á rekstri flóabátanna á þessu ári gengið mjög illa og engar líkur fyrir, að úr rætist í því efni á næsta ári. Orsökin til þessa bágborna ástands er, eins og nefndinni mun kunnugt, fyrst og fremst hin ört vaxandi hækkun á öllum rekstrarkostnaði skipa og svo samdráttur í öllum flutningum vegna minnkandi kaupgetu og í þriðja lagi vaxandi samkeppni alls konar flutningatækja, sem grípa inn í á stuttum leiðum.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Reykjavík.

Ed. **391. Frumvarp til laga** **[109. mál]**

um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*

1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs-, Vopnafjarðar- og Möðrudalssóknir.
   Prestssetur: Hof.
3. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Kirkjubær.
4. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ásssóknir.
   Prestssetur: Valþjófsstaður.
5. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur, Húsavíkur- og Hjaltastaðarsóknir.
   Prestssetur: Desjarmýri.
6. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
   Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*

7. *Vallanes.* Vallaness-, Þingmúla- og Eiðasóknir.
   Prestssetur: Vallanes.
8. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
   Prestssetur í Neskaupstað.
9. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
   Prestssetur á Eskifirði.
10. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. *Heydalir.* Heydala-, Stöðvarfjarðar- og Berunessóknir.
    Prestssetur: Heydalir.
12. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
    Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

13. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
    Prestssetur: Bjarnanes.
14. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
    Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
    Prestssetur: Sandfell.
    Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

16. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
    Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
17. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
    Prestssetur: Ásar.
18. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
    Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

19. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
20. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
21. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
22. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
23. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
24. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

VI. *Árnesprófastsdæmi.*

25. *Hruni.* Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
26. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar-, Búrfells- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. *Hraungerði.* Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.
29. *Selfoss.* Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.
30. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
31. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

32. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
33. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
34. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
35. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
36. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells-, Viðeyjar- og Þingvallasóknir.
Prestssetur: Mosfell.
37. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
38. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

39.—47. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

48. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
49. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
50. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
51. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýraprófastsdæmi.*

52. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
53. *Borg.* Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Borg.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

54. *Söðulsholt.* Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Akrasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
55. *Staðastaður.* Staðastaðar-, Fáskrúðarbakka-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
56. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur í Ólafsvík.
57. *Setberg.* Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Setberg.
58. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólsstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur í Stykkishólmi.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

59. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
60. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Staðarfells- og Dagverðarnessóknir.
Prestssetur: Hvammur.
61. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls- og Skarðssóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

62. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
63. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
64. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.
65. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
66. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
67. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

68. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
69. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
70. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
71. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
72. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

73. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
74. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
75. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
76. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
77. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi.*

78. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
79. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
80. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi.*

81. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
82. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar-, Víðidalstungu-, Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
83. *Steinnes.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
84. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.
85. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*

86. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.

87. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
88. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
89. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
90. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
91. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur-, Hofstaða- og Hofssóknir (Hofsós).
Prestssetur: Hólar.
92. *Barð.* Barðs-, Knappsstaða- og Fellssóknir.
Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*

93. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
94. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
95. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
96. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
97. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
98. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
99.—100. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
101. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

102. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
103. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
104. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Vatnsendi.
105. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
106. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
107. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

108. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
109. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
110. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Mjóafirði, Hofi í Öræfum, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

7. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

8. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

9. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 8. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er

gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

10. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

11. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. 392. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar bankaráði Búnaðarbanka Íslands, og mælir það með frumvarpinu.

Nefndin hefur einnig athugað frumvarpið, og telur hún, að hér sé um mjög athyglisverða tilraun að ræða til hjálpar frumbýlingum. Með vaxandi dýrtíð hefur það sýnt sig betur en áður, hversu erfitt það reynist efnalitlum mönnum að byrja búskap. Það má því einskis láta ófreistað til að hjálpa þeim við að koma búrekstrinum vel af stað. Samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar geta frumbýlingar fengið lán út á 1. veðrétt í búfé og vélum að upphæð sem nemur ⅖ hlutum af skattmati veðsins, og er það heldur minna en frumvarpið gerði ráð fyrir upphaflega. En þar sem bankaráð telur veð í vélum og búfé heldur ótryggt, miðað við veð í fasteignum, þá sá nefndin sér ekki fært annað en halda sér að tillögum bankaráðs, þar sem það hefur reynslu í þessum efnum. Þá leggur nefndin til, að á þessu ári verði veðdeildinni veittar 4 millj. kr. í staðinn fyrir á næsta ári, eins og frumvarpið gerði ráð fyrir. Þetta er gert með tilliti til þess, að nægjanlegt fé verði til staðar strax í vetur. Að öðru leyti eru fjáröflunarmöguleikar veðdeildarinnar þeir sömu og ráðgert er í frumvarpinu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir „1952“ komi: 1951.
2. Við 4. gr. Í staðinn fyrir „⅔“ komi: ⅖.

Alþingi, 10. des. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.
Jón Pálmason. Andrés Eyjólfsson.

Nd. 393. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Leiðin úr alþingishúsinu niður í Verkamannaskýlið við Reykjavíkurhöfn er ekki löng. Alþingismenn hefðu gott af að ganga stundum þessa leið og kynna sér ástandið á hinum enda hennar.

Í dag hefðu þeir t. d. getað hitt í Verkamannaskýlinu ungan mann, sem á fyrir konu og þrem börnum að sjá; hann kveðst hafa verið tiltölulega heppinn með vinnu upp á síðkastið, haft þetta 2—3 daga í viku til jafnaðar, eða ca. 300.00 kr. í laun. Af þessum peningum verður hann að nota yfir 100.00 kr. í olíukaup til kyndingar. Hann býr nefnilega í bragga, og ef knappt er kynnt, má búast við, að sama hitastig ríki inn í bragganum og fyrir utan hann. — Þetta er einn hinna heppnari verkamanna við Reykjavíkurhöfn.

Alþingismenn hefðu líka getað komizt þarna í kynni við gamlan mann, sem ekki hefur fengið handtak að gera síðan um miðjan júlí í sumar. Til þess tíma hafði hann verið fastur maður í bæjarvinnunni. Áratugum saman hafði hann þjónað Reykja-

víkurbæ með haka og skóflu, vetur og sumar. En um miðjan júlí var sem sagt allt í einu ekki lengur þörf fyrir hann. Og honum var sagt upp. -- Hann er að vonast til að fá kannske tveggja—þriggja daga vinnu fyrir jólin.

Alþingismenn hefðu líka getað fundið þarna að máli mann, sem á fyrir tveim gamalmennum og tveim ungum börnum að sjá. Hann hefur ekki fengið tækifæri til að vinna sér inn einn einasta eyri þrjár seinustu vikurnar. Og þar áður hafði vinna hans verið mjög stopul, stundum engin dögunum saman.

Og alþingismenn hefðu líka getað spurzt þarna frétta hjá fjölskyldumanni, sem hafði vinnu annan hvern dag að meðaltali í seinasta mánuði, en hefur ekki fengið neina vinnu það sem af er þessum, öðrum fjölskyldumanni, sem hefur verið algerlega atvinnulaus í hálfan mánuð, enn öðrum, sem hefur haft vinnu í tvo og hálfan dag síðan í lok októbermánaðar, enn öðrum, sem getur ekki sagt hann hafi haft handtak að gera í allt haust, — og þannig mætti langa lengi upp telja.

Undirritaður kastaði tölu á þá atvinnulausa verkamenn, sem hann sá saman komna í Verkamannaskýlinu í dag. Þeir voru 109. En þetta var eftir hádegið. Í morgun var fjöldi þeirra slíkur, að ekki komust nærri allir inn í skýlið. Þetta er þó býsna rúmgott skýli. — Mennirnir sögðu, að í morgun hefði hópurinn verið eitthvað yfir 400. Flestir fara heim þegar sýnt er, að vinna dagsins verður ekki fyrir þá. Aðrir standa í hríðinni á hafnarbakkanum í von um, að einhvers staðar verði bætt við manni í skip, sem verið er að ferma eða afferma. En skip gerast nú fá. Og það er sjaldan bætt við manni.

Undirritaður ræddi við menn þá, sem nefndir voru hér að framan, og marga fleiri. Þeir báðu hann fyrir þau skilaboð hingað í þingsali, hvort alþingismenn þeir, sem ráða mestu um stjórn þjóðfélagsins, mundu ekki sjá sér fært að skreppa núna einhvern daginn niður í Verkamannaskýlið til skrafs og ráðagerða um ástand og horfur. Þeir þykjast nefnilega hafa orðið þess varir, að stundum ríki furðu lítið samræmi milli fullyrðinga á Alþingi og staðreynda í Verkamannaskýlinu.

Hér liggur fyrir frv. um atvinnuleysistryggingar. Það hefur verið flutt af sósíalistum hvað eftir annað, og ætti því efni þess að vera orðið fullkunnugt alþingismönnum. En þarna er í stuttu máli gert ráð fyrir, að á tiltölulega einfaldan og handhægan hátt verði komið á fót atvinnuleysissjóðum innan verkalýðsfélaga, sem veiti verkafólki tryggingu fyrir því, að það sé ekki algerlega á köldum klaka, ef atvinnuleysi ber að höndum. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa nauðsynjamáls. Þrír nefndarmanna (KS, HelgJ, PÞ) vilja vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar, en einn (GÞG) vill halla sér að þeirri lausn, sem borin er fram á þingskjali 14, þar sem gert er ráð fyrir, að nefnd verði sett til að athuga málið og yfirvega og gera einhvern tíma seinna meir tillögur í því; undirritaður hefur hins vegar of lítið traust á umbótavilja ríkisstjórnarinnar og of litla trú á vinnugleði nefnda, sem undir henni starfa, til að fylgja þarna meðnefndarmönnum sínum; og vill hann í því sambandi benda á, að málið hefur verið í athugun í ýmsum nefndum síðasta áratuginn án árangurs. Hér er ekki eftir neinu að bíða. Meðan alþingismenn lesa þessar línur, sitja tugir og hundruð atvinnulausra manna í Verkamannaskýlinu við Reykjavíkurhöfn eða ráfa um hafnarbakkann. Margir þeirra hafa ekki svo vikum skiptir fengið að vinna sér inn einn einasta eyri til framfærslu fjölskyldum sínum; og þó skyldum vér minnast þess, að atvinnuástandið er víða á landinu enn þá verra en í Reykjavík.

Menn þeir, sem hér um ræðir, æskja þess eins að fá að vinna. En þeir fá það ekki. Þjóðfélagið þykist geta verið þekkt fyrir að neita þeim um að vinna. Eftir er að vita, hvort það þykist geta verið þekkt fyrir að láta börn þeirra svelta.

Undirritaður leggur eindregið til, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1951.

Jónas Árnason.

Nd. 394. Lög [2. mál]

um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.)

Samhljóða þskj. 362.

Nd. 395. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla.

Frá menntamálaráðherra.

1. gr. frv. hljóði svo:

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra getur heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

Ed. 396. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um Fyrningarsjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Málið hefur verið tekið til umræðu í nefndinni á tveimur fundum, í fyrra skiptið þ. 13. nóv. Var þá aðeins ákveðið að senda frv. til umsagnar til eftirfarandi aðila: Búnaðarbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Landsbanka Íslands, Iðnlánasjóðs, Landssambands ísl. útvegsmanna, Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur og Sambands ísl. sveitarfélaga, og þeir beðnir að senda umsagnir sínar eigi síðar en eftir 14 daga. Þótt liðinn sé nærri mánuður síðan óskað var eftir umsögnum um málið, hafa aðeins tveir af fyrrnefndum aðilum svarað. Allir aðrir aðilar, þar á meðal allar peningastofnanirnar, hafa ekki talið það ómaksins vert að segja Alþingi álit sitt á frv. Sýnist lítil ástæða til að tefja afgreiðslu mála á Alþingi fyrir það eitt að senda slíkum aðilum þau til umsagnar. Í seinna skiptið var málið tekið fyrir 5. des. Kynnti nefndin sér þá fram komnar umsagnir, sem birtar eru hér sem fylgiskjöl. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að ræða frv. efnislega, en leggur til, að það verði fellt. Minni hlutinn leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og færir fyrir því eftirfarandi rök:

Sú öra þróun, sem orðið hefur hér á landi á þessari öld, hefur krafizt miklu meira fjármagns en lánsstofnanirnar hafa getað látið í té á hverjum tíma. Afleiðingin hefur eðlilega orðið sú, að útlánsvextir hafa jafnan verið mjög háir í landinu, og hafi lán verið veitt til lengri tíma, hefur jafnan orðið að greiða auk vaxtanna allveruleg afföll, svo sem átt hefur sér stað um veðdeildarlán o. fl.

Vegna þessa ástands í fjármálunum hefur ríkissjóður orðið að leggja fram mjög stórar fjárfúlgur til þess á ýmsum tímum að bæta úr brýnustu lánsþörfinni, bæði til framleiðslutækja, byggingar húsa o. fl. Nægir að benda á í þessu sambandi framlög til fiskveiðasjóðs, fiskimálasjóðs, landnámssjóðs, byggingarfélaga o. m. fl., en öll slík framlög eru tekin af þjóðinni sem skattur í einni eða annarri mynd.

Aðeins eitt stutt tímabil á þessari öld hefur þjóðin verið sér nóg um rekstrarfé, bæði innlent og erlent, en það var á árunum 1941—1945. Þjóðin aflaði á þessum árum óhemju tekna, sem vegna erfiðleika á vörukaupum voru hvorki notaðar að fullu í venjulegar neyzluvörur né til uppbyggingar í landinu. Af þessum orsökum lækkuðu útlánsvextir svo í landinu, að þeir hafa aldrei verið lægri, enda aldrei auðveldara að fá löng og hagkvæm lán til hvers sem vera skyldi en á þessu tímabili. Varasjóðir, sem mynduðust á þessum árum, voru síðar notaðir til uppbyggingar í atvinnulífinu, bæði til lands og sjávar. En jafnskjótt og viðskipti milli landa komust á ný í eðlilegt horf, voru sjóðirnir notaðir til fulls, svo að þjóðin er aftur komin á sama stig sem fyrr, að vera allt of háð lánsstofnunum um fé, bæði til uppbyggingar og rekstrar í atvinnulífinu. Er nú svo komið, að svo að segja hver aðili, sem hefur atvinnurekstur með höndum, á í þrotlausri baráttu við fjárskortinn, sem lamar eðlilega þróun atvinnulífsins. Nýjar, stórar fjárfúlgur frá ríkissjóði til styrktar eða til lána, svo að mögulegt sé að bæta úr fjárþörfinni á þennan hátt, hljóta að kosta nýjar, þungar álögur á þjóðina og þá fyrst og fremst á atvinnuvegina og fasteignaeigendur í landinu. Slík fjármálastefna er sjúk, og ber að forðast hana í lengstu lög. Hinu ber að stefna að markvíst, að byggja upp varasjóði bæði fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Frv. það, sem hér um ræðir, ef að lögum verður, er öruggasta leiðin til þess, að svo megi verða. Það væri mikið glapræði að fresta slíkri fjárhagslegri uppbyggingu, einkum þegar vitað er, að fjölmargir nýir möguleikar í landinu kalla á nýtt fjármagn, sem ekki verður fyrir hendi, nema hafizt verði handa um söfnun fjár á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Minni hl. leggur því áhrezlu á, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1951.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 21. nóv. 1951.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 20. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um frumvarp til laga um Fyrningarsjóð Íslands, fer hér á eftir álit og tillaga, sem samþykkt var á aðalfundi Landssambandsins, sem haldinn var 7.—11. þ. m., svo hljóðandi:

„Íslenzkur sjávarútvegur hefur undanfarin ár átt við mikla örðugleika að stríða sökum aflabrests og vaxandi tilkostnaðar við útgerðina. Hefur þetta leitt til þess, að meginhluti sjávarútvegsins hefur verið rekinn með tapi. Hefur því eigið fé útgerðarfélaga og útgerðarmanna gengið til þurrðar og safnazt svo miklar skuldir hjá útgerðinni, að orðið hefur að taka meginhluta bátaflotans til skuldaskila, svo að hægt væri að halda áfram rekstri. Mjög fast er nú sorfið fjárhagslega að þeim útgerðarfélögum og útgerðarmönnum, sem nýkomnir eru úr skuldaskilum.

Sökum stóraukins tilkostnaðar við allan rekstur sjávarútvegsins, sem aukizt hefur tiltölulega meira en sem nemur hækkun verðlags sjávarafurða, og vegna aflabrestsins eru aðrar greinar útvegsins nú einnig mjög aðþrengdar og skortir rekstrarfé. Á þeim árum og í þeim tilfellum, sem um hagnað hefur verið að ræða, hefur hagnaðurinn ekki orðið nema að litlu leyti að notum fyrir útgerðina sökum þess, hve varasjóðstillag er takmarkað og skattar og útsvör gífurlega há á þeim hluta nettóteknanna, sem ekki njóta varasjóðshlunninda.

Það hefur hjálpað útvegsmönnum verulega, að leyft hefur verið að draga eðlilega fyrningu frá skattskyldum tekjum og einnig að bæta henni við tap þannig, að tap vegna fyrninga, sem færðar hafa verið, hefur mátt draga frá hagnaði á næstu tveimur árum, þegar verið er að reikna skattskyldar tekjur félags eða einstaklinga.

Fyrning eigna og verðmæta er fyrst og fremst viðurkenning á því, að viðkomandi eignir og verðmæti rýrni í verði með aldrinum við það, að þau verða fyrir sliti og ganga úr sér. Það er því alveg fráleit hugmynd, sem nú er komin fram í frumvarpi á Alþingi, að eigendur skipa, fasteigna og fleiri verðmæta, sem rýrna með aldrinum og ganga úr sér og hingað til hefur mátt afskrifa um vissan hluta árlega, eigi hér eftir að svara einum fjórða hluta rýrnunarinnar eða fyrningarinnar eða jafnvel henni allri út í peningum, í sérstakan sjóð í vörzlum tiltekinna stofnana, jafnvel þótt slíkur sjóður sé talinn eign þeirra, sem féð er tekið frá.

Ef slík innheimta yrði framkvæmd, mundi hún rýra það fjármagn, sem útgerðarfyrirtæki hafa til umráða, og þannig verða til að lama en ekki styrkja þennan undirstöðuatvinnuveg, sem nú skortir mjög rekstrarfé.

Aðalfundur L. Í. Ú. mótmælir því fram komnu frumvarpi um Fyrningarsjóð Íslands og skorar á Alþingi að fella það."

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna
Sigurður H. Egilsson.

Til form. fjárhagsnefndar Ed. Alþingis,
Bernharðs Stefánssonar, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FASTEIGNAEIGENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 30. nóv. 1951.

Með bréfi dags. 20. þ. m. hefur háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um Fyrningarsjóð Íslands.

Vér munum eigi hirða um að gagnrýna einstakar greinar frumvarpsins, enda þótt ýmis atriði séu þar harla vafasöm, heldur aðeins ræða kjarna málsins, sjóðsstofnun þá, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Vér erum flutningsmanni sammála um það, að mikil nauðsyn sé á auknum sparnaði í þjóðfélaginu og mikilvægt sé að stuðla að því, að hægt sé að endurnýja þau mannvirki, sem frumvarpinu er ætlað að ná til. Á hitt er aftur á móti ekki hægt að fallast, að nú sé sérstaklega heppilegur tími til þess að leggja nýja skatta á þjóðfélagsborgarana og atvinnurekstur þeirra. Að vísu má segja svo, að hér sé um nokkurs konar skyldusparnað að ræða, þar eð framlög til fyrningarsjóðs eru að nafninu til eign þeirra, sem féð greiða. Þó ber þess að gæta, að þessi skyldusparnaður kemur öllum þorra eigenda fasteigna að litlum notum, og einmitt nú er síður en svo heppilegur tími til þess að innleiða skyldusparnað, þótt hann hefði átt mikinn rétt á sér og verið skynsamlegur í peningaflóði stríðsáranna.

Með því að skylda alla eigendur fasteigna til þess að greiða árlega í sérstakan fyrningarsjóð 2% af verðmæti fasteigna sinna eru lagðar nýjar álögur á þessa aðila, sem oft geta reynzt þeim mjög þungbærar. Fyrningarfrádráttur sá, sem leyfður hefur verið frá skattskyldum tekjum, hefur hjá fæstum verið lagður til hliðar, heldur hefur þessi smávægilegi frádráttur oftast ekki einu sinni nægt til þess að vega upp á móti skattauka vegna meira og minna áætlaðra óbeinna tekna af fasteignunum.

Væru menn nú skyldaðir til þess að leggja árlega tiltekna upphæð í fyrningarsjóð, mundi það verka sem bein ný skattlagning. Fyrir þá menn, sem staðið hafa í húsbyggingum undanfarin ár, mundu þessi fyrningargjöld reynast skattauki, sem áreiðanlega mörgum þeirra mundi reynast um megn að standa undir, ekki sízt ef fyrir dyrum stendur hækkun fasteignamatsins. Fyrningarfrádrátturinn nægir í

þessum tilfellum ekki einu sinni til að mæta þeirri skattaukningu, sem verður vegna áætlaðra tekna af eigin húsnæði. Um hin eldri hús er það að segja, að undanfarinn áratug hafa þau þeirra, sem út hafa verið leigð, verið eigendunum baggi, en ekki tekjuauki. Vafalaust er, að mörgum tekjulitlum húseigendum yrði algerlega um megn að leggja árlega til hliðar fyrir áætlaðri fyrningu.

Þegar það er haft í huga, hversu mikill skortur er nú á rekstrarfé, mun flestum vera það ljóst, að erfitt er að leggja þann skatt á atvinnufyrirtæki, sem frumvarpið ráðgerir. Getur orðið harla vafasamur hagnaður að því fyrir þjóðfélagið að þrengja enn kost atvinnuveganna með nýrri skattlagningu, enda þótt þetta fé eigi að nafninu til að vera áfram eign þeirra, sem greiða fyrningarfé.

Þá er þess loks að gæta, að þótt ýmsir kynnu að hafa getu og aðstöðu til að leggja til hliðar árlega einhverja fjárfúlgu vegna fyrningar fasteigna sinna, þá er nokkurn veginn víst, að það fé mundi bera meiri arð fyrir eigandann í hans eigin höndum heldur en þessa fyrirhugaða sjóðs. Að vísu eru engin ákvæði í frumvarpinu, er ákveði vexti til eigenda fyrningarfjárins, en eigi það að fara eftir venjulegum innlánsreglum bankanna, þá mun þessi nýja bankastarfsemi ekki reynast þeim búhnykkur fyrir eigendur fyrningarfjárins.

Að lokum viljum vér vekja athygli á því, að með því að nema úr gildi lögin um sérstakar fyrningarafskriftir, svo sem lagt er til í 18. gr. frv., er verið að afnema mjög mikilvæg hlunnindi, sem veitt hafa verið þeim, sem á síðustu árum hafa keypt ýmis atvinnutæki. Mun það hafa verið mjög samhljóða skoðun hins háa Alþingis, að óumflýjanlegt væri að veita slík skatthlunnindi.

Þar sem vér teljum víst, að háttvirtri fjárhagsnefnd séu fullljós öll þau rök, sem mæla gegn frumvarpi þessu, teljum vér þess ekki þörf að skýra nánar þau atriði, sem vér höfum hér drepið á. Vér viljum hins vegar geta þess, að frumvarp þetta hefur vakið almenna andstöðu fasteignaeigenda, og mælum vér eindregið gegn því, að frumvarp þetta verði að lögum.

Með mikilli virðingu,

f. h. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur,
Magnús Jónsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 397. Lög [59. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 134.

Ed. 398. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Aftan við 22. lið bætist:

y. Að heimta ekki aðflutningsgjald af kirkjugripum.

Ed. 399. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Töluliður XIX. 97 orðist svo:
   Stærra Árskógur. Stærra-Árskógs- og Hríseyjarsóknir. Prestssetur Stærra-Árskógur.
2. Við 6. gr. Orðið „Mjóafirði“ falli niður.

Ed. 400. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað síðasta málsl. 4. málsgr. 1. gr. laganna kemur: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningsferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma.

2. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —.“ komi: 3% — þrír af hundraði —.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal sérleyfisgjaldið frá 1. jan. 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. laga þessara.

Ed. 401. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna og á lögum nr. 8 1944 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.
   Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.
26. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.

Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. l. nr. 8 1944 koma tvö ný héruð, þannig:

a. *Egilsstaðahérað vestra:* Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur, Læknissetur á Egilsstöðum.
b. *Egilsstaðahérað eystra:* Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Nd. 402. Frumvarp til laga [60. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1952, með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

Við a-lið 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir að greiða.

4. gr.

Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

5. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

6. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Ed. 403. Frumvarp til laga [38. mál]

um hámark húsaleigu o. fl.

(Eftir 2. umr. Ed.)

1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt.

3. gr.

Fyrir orðin „14. maí 1952“ á tveim stöðum í 7. gr. laga nr. 56 1950, um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, kemur: 14. maí 1953.

4. gr.

Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.

Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar.

Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

5. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 404. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég tel, að ekki megi dragast, að sett verði löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Það er að vísu frumstæðasta skylda ríkisvaldsins að sjá svo um, að í þjóðfélaginu sé ekkert atvinnuleysi. En þegar ríkisvaldið bregst þeirri skyldu sinni, verður þjóðin í heild að sjá þeim, sem atvinnuleysið bitnar á, fyrir lífvænlegum tekjum. Með atvinnuleysistryggingum verður m. ö. o. að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi valdi beinni örbirgð og neyð. Stjórnarstefna núverandi ríkisstjórnar hefur verið og er þannig, að atvinnuleysi hefur á ný haldið innreið sína í þjóðarbúskap Íslendinga og farið vaxandi. Þess vegna verður nú að hefjast handa um ráðstafanir til að létta þeim lífsbaráttuna, sem verða fyrir heimsókn þessa vágests.

Þegar almannatryggingalögin voru sett, var svo ráð fyrir gert, að sett yrði löggjöf um Atvinnustofnun ríkisins, sem m. a. skyldi hafa atvinnuleysistryggingar með höndum. Þær tillögur náðu þó ekki fram að ganga. En í þeim umræðum, sem síðan hafa farið fram um slíkar tryggingar, hefur gætt nokkurs skoðanamunar á því, hversu þeim skuli hagað. Sumir hafa talið skynsamlegast, að ein stofnun, t. d. Atvinnustofnun ríkisins, hefði þær með höndum, en aðrir hafa álitið heppilegra að styrkja atvinnuleysissjóði einstakra stéttarfélaga, og gerir frv. þetta ráð fyrir því. Nægilega ýtarleg athugun hefur því miður ekki farið fram enn á þessum atriðum og ekki heldur á ýmsum hliðum fjárhagsgrundvallar slíkra trygginga. Vegna þessa hefur einn af þingmönnum Alþýðuflokksins, Haraldur Guðmundsson, flutt tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að semja frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. Slík nefndarskipun þyrfti ekki að verða til þess að tefja framgang málsins, en mundi hins vegar vera því til mikillar tryggingar, að löggjöfin hvíldi á öruggum og traustum grundvelli.

Nú er liðið að þinglokum og vonlaust að koma frv. gegnum báðar deildir. En þingsályktunartillögu um skipun milliþinganefndar ætti að vera hægt að afgreiða. Alþýðuflokkurinn mun því fyrst og fremst leggja áherzlu á að koma þeirri tillögu fram og telur, að með því móti sé vænlegast að þoka atvinnuleysistryggingamálinu fram á við. Tryggingaráð, sem heilbrigðis- og félagsmálanefnd leitaði umsagnar um frv. þetta hjá, vildi ekki mæla með samþykkt þess, en lagði hins vegar með því, að málið yrði undirbúið frekar, t. d. á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í fyrrnefndri tillögu.

Alþingi, 11. des. 1951.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 405. Lög [17. mál]

um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 17.

Ed. 406. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur klofnað í máli þessu. Finnbogi R. Valdimarsson leggur til, að frv. verði fellt, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
H. Guðmundsson.

Sþ. 407. Fyrirspurn [149. mál]

til menntamálaráðherra um veitingasölu í þjóðleikhúsinu.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Hvers vegna var veitingaaðstaðan í þjóðleikhúsinu seld einstaklingi á leigu?

Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

(Lögð fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, sem gerð var á 32. Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1949, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Greinargerð.

Samþykkt sú, sem hér með fylgir, var gerð á 32. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem háð var í Genf sumarið 1949, og er hún í nánum tengslum við samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess, sem fullgilt var af Íslandi á s. l. ári. Þessi nýja samþykkt er nánast gerð til tryggingar þeim réttindum, sem samþykktin frá 1948 ræðir um.

Það var á alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1947 sem undirbúningur hófst að setningu alþjóðareglna um þau atriði, sem þessi samþykkt fjallar um, en þá var ákveðið um leið og fyrri umræða um samþykktina um félagafrelsi fór fram, að tekin skyldu fyrir á næsta þingi nokkur atriði nátengd henni, þ. á m. um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Í nóvember 1947 sendi Alþjóðavinnumálaskrifstofan ríkisstjórnum allra aðildarríkja stofnunarinnar skýrslu um málið ásamt spurningaskrá um hvað tekið skyldi upp í væntanlegar alþjóðareglur um það.

Svör við þessum spurningum bárust frá 26 ríkisstjórnum, þ. á m. ríkisstjórn Íslands. Í svari sínu tjáir íslenzka ríkisstjórnin sig fylgjandi setningu alþjóðareglna um þetta mál og skýrir almennt frá, hversu þessum málum er háttað hér á landi, án þess að taka afstöðu til hverrar einstakrar spurningar sérstaklega.

Með tilliti til þeirra skoðana, er fram komu í svörum ríkisstjórnanna, voru síðan samin drög að alþjóðareglum, og voru þau lögð til grundvallar umræðum um málið á þinginu 1948 í San Francisco.

Við umræðurnar á San Franciscoþinginu báru fulltrúar atvinnurekenda fram breytingartillögu þess efnis, að jafnframt því að tryggður væri réttur verkamanna og vinnuveitenda til að stofna og ganga í félög, bæri einnig að kveða á um rétt þessara sömu aðila til að láta hjá líða að ganga í félög, ef þeir óskuðu þess, svo að enginn væri neyddur til að ganga í félög gegn vilja sínum. Fulltrúar ríkisstjórna og verkamanna lögðust báðir gegn þessari tillögu. Í umræðunum um þetta atriði sýndi stjórnarfulltrúi Bretlands fram á það, að slíkt ákvæði mundi valda miklum erfiðleikum. Benti hann á ýmis dæmi máli sínu til stuðnings. M. a. varpaði hann fram þeirri spurningu, hvort af þessu ákvæði mundi ekki m. a. leiða það, að gera yrði öll verkföll ólögleg þegar félagsbundnir verkamenn neituðu að vinna með þeim verkamönnum, sem ekki vildu ganga í verkalýðsfélög. Verkamannafulltrúarnir töldu þetta umrædda ákvæði ekki eiga heima í alþjóðasamþykkt sem þessari. Á einstökum greinum frumvarpsins voru gerðar smávægilegar breytingar og ákveðið, að á næsta ársþingi skyldi fara fram endanleg afgreiðsla málsins.

Alþjóðavinnumálaskrifstofan samdi síðan nýtt frumvarp í samræmi við afgreiðslu þingsins í San Francisco og sendi það ríkisstjórnunum til umsagnar. Svör bárust frá 23 ríkjum, þ. á m. Íslandi. Í svari sínu gerir íslenzka ríkisstjórnin engar breytingartillögur við frumvarpið og er samþykk því, að það verði tekið fyrir til umræðu á næsta þingi, óbreytt.

Í samræmi við svör ríkisstjórnanna var síðan samið endanlegt frumvarp um mál þetta og lagt fyrir 32. Vinnumálaþingið, sem haldið var í Genf sumarið 1949.

Á Genfarþinginu lögðu atvinnurekendur til, að ákvæðin um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega yrðu sett í formi álitsgerðar, þar sem hér væri einungis um það að ræða að setja reglur um raunhæfa beitingu hinna almennu reglna um félagafrelsi, sem felast í samþykktinni frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess. Fulltrúar verkamanna voru andvígir þessu sjónarmiði. Stjórnarfulltrúarnir fylgdu verkamönnum að málum um þetta atriði, næstum óskiptir, og bentu m. a. á það, að máli þessu hefðu Sameinuðu þjóðirnar vísað til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og hvíldi því á henni sérstök alþjóðleg ábyrgð í þessu efni. Við atkvæðagreiðslu á þingfundi var samþykkt með 100 atkvæðum gegn 35, að málið skyldi afgreitt með alþjóðasamþykkt.

Hér skal ekki farið út í það að rekja þær breytingartillögur, sem gerðar voru við frumvarpið, en sem heild var það samþykkt með litlum breytingum með 90 atkvæðum gegn 14.

Í þessari samþykkt er svo kveðið á, að verkamenn skuli verndaðir fyrir því, að þeir séu látnir gjalda þess um atvinnu, að þeir séu félagsbundnir. Eru í þessu sambandi einkum hafðar í huga athafnir sem þær, er verkamönnum er sagt upp vinnu vegna þátttöku sinnar í félagssamtökum eða að ráðning þeirra í vinnu er bundin því skilyrði, að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr því. Þá er og ákvæði um sjálfstæði verkamanna- og atvinnurekendafélaga hverra gagnvart öðrum og afskipti þeirra hverra af annarra starfsemi. Einkum er hér haft í huga að koma í veg fyrir það, að atvinnurekendur eða samtök þeirra reyni með fjárframlögum eða á annan hátt að koma félögum verkamanna undir sín yfirráð að meira eða minna leyti.

Þessu næst mælir samþykktin svo fyrir, að þar sem þörf gerist skuli gera sérstakar ráðstafanir, er hæfi hverri þjóð, til þess að framangreind ákvæði séu virt og félagafrelsið í heiðri haft.

Samþykktin hvetur til þess, að verkamenn og vinnuveitendur færi sér í nyt að-

stæðurnar til að semja á frjálsum grundvelli og skipa ráðningar- og vinnuskilyrðum með heildarsamningum.

Hverju því aðildarríki, sem samþykktina fullgildir, er heimilt að ákveða með lögum eða reglugerðum, að hve miklu leyti hún skuli taka til hermanna og lögreglumanna, en hún skerðir í engu rétt þann, sem þessir menn kunna að hafa í þeim málum, sem hún fjallar um.

Undanskildir ákvæðum samþykktarinnar eru opinberir starfsmenn, sem vinna að stjórnarframkvæmdum, en hún skerðir í engu rétt þann, er þeir kunna að hafa. Að síðustu eru svo í samþykktinni hin venjulegu ákvæði um gildistöku, uppsögn o. þ. h.

Reglur þær, sem í samþykktinni felast, eru almennt viðurkenndar og virtar hér á landi og felst staðfesting þess bæði í lögum nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og í stjórnarskránni.

Eins og fyrr segir hefur Ísland þegar fullgilt samþykktina frá 1948 um félagafrelsi, og er það fyrsta og eina samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins, sem Ísland hefur gerzt aðili að.

Ekki fer hjá því að aðrar þjóðir, sem ekki þekkja til þróunar á sviði tryggingamála, verkalýðsmála og annarra félagsmála hér á landi, meti ástandið í þessum efnum hér eftir því, hversu margar alþjóðasamþykktir á þessu sviði við höfum fullgilt, en sá mælikvarði mundi gefa allt aðrar hugmyndir um þessi mál en rétt er, því að óhætt mun að segja, að Íslendingar standi allframarlega meðal þjóðanna í þessum efnum.

Félagsmálaráðuneytið mun því hér eftir leggja aukna áherzlu á, að fullgiltar verði sem fyrst þær samþykktir Alþjóðasamvinnumálaþingsins, sem hægt er að fullgilda hér án róttækra breytinga á íslenzkri löggjöf.

Samþykkt sú, sem hér með fylgir og óskað er heimildar Alþingis til fullgildingar á, hefur til þessa verið fullgilt af Bretlandi og Svíþjóð, og gekk hún í gildi hjá þeim ríkjum 16. júlí s. l.

Fylgiskjal.

Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 32. þingsetu sinnar í Genf 8. júní 1949, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um beitingu réttarins til þess að stofna félög og semja sameiginlega, en það er fjórða mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 1. júlí 1949, svo hljóðandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1949 um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega.

1. gr.

1. Verkamenn skulu tilhlýðilega verndaðir fyrir því, að þeir séu látnir gjalda þess um atvinnu, að þeir eru félagsbundnir.
2. Slík vernd skal sérstaklega beinast að athöfnum, sem miða að því.:
   a) að binda ráðningu verkamanna til vinnu því skilyrði, að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi;
   b) að verkamönnum sé sagt upp vinnu eða þeim gert annað ógagn vegna hlutdeildar sinnar í félagsskap, þátttöku í félagsstarfsemi utan vinnutíma, eða í vinnutíma með samþykki vinnuveitandans.

2. gr.

1. Félög vinnuveitenda og verkamanna skulu nægilega vernduð fyrir afskiptum hverra af öðrum við stofnun þeirra, starfsemi og stjórn, hvort sem þau afskipti eru bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga.
2. Einkum skulu athafnir þær, sem miða að því að stuðla að stofnun verkalýðsfélaga undir yfirráðum vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, eða að styrkja verkalýðsfélög fjárhagslega eða á annan hátt í því skyni að koma þeim undir stjórn vinnuveitenda eða félagssamtaka þeirra, taldar afskipti í merkingu þessarar greinar.

3. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, skal koma á ráðstöfunum, sem við eiga eftir aðstæðum hjá hverri þjóð, til tryggingar því, að félagafrelsið, eins og það er skýrt í undanfarandi greinum, sé í heiðri haft.

4. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, skulu gerðar ráðstafanir, eftir því sem við á hjá hverri þjóð, til þess að hvetja og efla til fullrar þróunar í hagnýtingu aðstæðnanna til sjálfviljugra samninga milli vinnuveitenda eða félaga þeirra og verkamanna með það fyrir augum að skipa ráðningar- og vinnuskilyrðum með heildarsamningum.

5. gr.

1. Ákveða skal með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

6. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til stöðu opinberra starfsmanna, sem vinna að stjórnarframkvæmdum ríkisins, né heldur skal hún skilin á þann veg, að hún skerði rétt þeirra eða stöðu á nokkurn hátt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalframkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá aðalframkvæmdastjóranum.
3. Síðan skal samþykktin öðlast gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgr. 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:
   a) Landsvæði þau, sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana,
   b) landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktar þessarar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,

c) landsvæði þau, sem samþykktin tekur ekki til, og upplýsingar um ástæður til þess,
d) landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.

2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a) og b) í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni, í samræmi við stafliðina b), c) eða d) í 1. málsgrein þessarar greinar.
4. Í hvert skipti sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 11. greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalframkvæmdastjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

10. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 4. og 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, er fyrri yfirlýsing tiltók.
3. Hvenær sem hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 11. greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnarvöld, sem í hlut eiga, sent aðalframkvæmdastjóranum yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktarinnar.

11. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum, frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundið af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

12. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalframkvæmdastjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu hinnar annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

13. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. grein stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

14. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

15. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 11. greina hér að framan líður, ef hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma er það gerðist;
   b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlaðist þildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

16. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti ályktunar þeirrar, sem löglega var gerð á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 2. júlí 1949.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, 18. ágúst 1949.

Forseti þingsins

Guildhaume Myrddin-Evans.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

David A. Morse.

Sþ. 409. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um orlof með launum fyrir farmenn.

(Lögð fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn, sem gerð var á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I. L. O.) í Genf 1949, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Greinargerð.

Árið 1946 kom Alþjóðavinnumálaþingið saman til aukaþings í Seattle til þess eingöngu að ræða mál, er varða sjómenn og siglingar. Um aðdragandann að því þingi og störf þess vísast til Skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 28. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem lögð var fyrir Alþingi á árinu 1948.

Á þessu þingi voru gerðar níu alþjóðasamþykktir um ýmis hagsmuna- og velferðarmál sjómanna. Ein þessara samþykkta fjallaði um orlof farmanna. Sú samþykkt

kom í stað eldri samþykktar um sama efni, sem gerð hafði verið á Alþjóðavinnumálaþinginu 1936, en hafði aldrei gengið í gildi, vegna þess að hinn tilskildi fjöldi aðildarríkja hafði ekki fullgilt hana. Þessar samþykktir Seattle-þingsins voru gerðar til að reyna að fullnægja þeim kröfum, sem fram höfðu komið á stríðsárunum um hagsbætur til handa sjómönnum, og lagði þingið mikla áherzlu á, að aðildarríkin fullgiltu þessar samþykktir sem fyrst. Taldi þingið það hinn bezta þakklætisvott, sem hægt væri að sýna þessari stétt fyrir þá hetjulund, sem hún hafði sýnt í styrjöldinni, og þær stórkostlegu fórnir, sem hún hefði orðið að færa, og jafnframt sýndi það hver einlægni hefði fylgt óskum þeim, sem fram hefðu komið sjómannastéttinni til handa.

Það kom fljótlega í ljós, að ýmis atriði í samþykktum þessum voru þrándur í götu til fullgildinga á þeim.

Síðari hluta árs 1947 var því vakið máls á því, að breytingar á samþykktum þessum mundu vera æskilegar. Var þá hafin rannsókn á því, hvað ríkisstjórnir aðildarríkja stofnunarinnar hefðu aðhafzt í því skyni, að fullnægt væri ákvæðum Seattle-samþykktanna og þær fullgiltar. Einnig var það kannað, hvaða atriði samþykktanna það væru einkum, sem kæmu í veg fyrir fullgildingar. Að þessari athugun lokinni ákvað stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að á ársþinginu 1949 skyldi fara fram endurskoðun á 4 samþykktum um sjómannamálefni. Ein þessara samþykkta var samþykktin um orlof farmanna. Nefnd sú, sem undirbjó þetta mál fyrir þingið og skipuð var fulltrúum sjómanna, útgerðarmanna og ríkisstjórna, lagði ekki til neinar ákveðnar breytingar á þessari samþykkt, en einkum höfðu komið til álita tillögur til breytinga á tveimur ákvæðum hennar, og voru þær breytingartillögur teknar til umræðna á þinginu 1949.

Samþykktin frá 1946 hafði einungis kveðið á um 12 mánaða samfellt starf sem skilyrði orlofsréttar. Breytingartillagan var þess efnis, að krafizt yrði þess, að 12 mánaða tíma hefði orlofsþeginn unnið hjá sama útgerðarfyrirtækinu. Verkamannafulltrúarnir voru andvígir þessari breytingu og töldu hana ástæðulausa, þar sem mjög fá ríki hefðu gert athugasemdir við samþykktina. Ríkisstjórnafulltrúar Norðurlandanna beittu sér einnig gegn tillögunni, þar sem þeir töldu hana spor í öfuga átt og gagnstæða þeim reglum, er um langt skeið hafa gilt á Norðurlöndum. Tillagan var felld í nefnd með 30 atkvæðum gegn 23.

Síðari breytingartillagan var um það, að fella bæri niður ákvæði samþykktarinnar um skyldu útgerðarinnar til að greiða farmönnum fæðispeninga meðan á orlofi stendur. Þessi breytingartillaga var felld með jöfnum atkvæðum, en í hennar stað var samþykkt miðlunartillaga frá verkamannafulltrúunum þess efnis, að niður væri fellt ákvæðið um að útgerðin væri skyld til að greiða fæðispeninga í þessum tilfellum, en í stað þess væri sett ákvæði um að slíkt væri heimilt.

Með þessari breytingu var samþykktin afgreidd með 85 atkvæðum gegn 20 á þingfundi.

Samþykkt þessi er ekki enn þá gengin í gildi, þar sem aðeins eitt ríki, Noregur, hefur til þessa fullgilt hana.

Tilgangurinn með samþykkt þessari er sá, að tryggja farmönnum árlegt orlof með launum. Lengd orlofsins skal vera a. m. k. 18 dagar virkir fyrir yfirmenn, en 12 dagar fyrir aðra skipsmenn, og skal það veitt að lokinni tólf mánaða samfelldri þjónustu, en í einstöku tilfellum skal veita orlof ef starfstiminn nemur 6 mánuðum. Meðan á orlofi stendur skal orlofsþeganum greitt hið venjulega kaup hans, en einnig er heimilt að greiða honum fæðispeninga.

Samkvæmt orlofslögunum (l. 16/1943) er kveðið á um það, að allir, sem starfi í annarra þjónustu, skuli fá árlegt orlof með venjulegum launum í 12 daga virka, og fullnægir það ákvæði því reglum samþykktarinnar um orlof undirmanna á skipum. Að því er snertir yfirmenn og loftskeytamenn er þeim með heildarsamningum tryggt orlof, sem er 20 dagar virkir eftir eins árs þjónustu, en yfirleitt 30 dagar árlega að loknu tveggja ára starfi. Ákvæðum samþykktarinnar virðist því vera fyllilega framfylgt hér á landi og ekkert því til fyrirstöðu, að hún verði fullgilt hér.

Fylgiskjal.

Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 32. þingsetu sinnar í Genf 8. júní 1949, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur varðandi endurskoðun að nokkru á samþykktinni frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn, sem gerð var á 28. þingi þess, en þetta mál er nú undir 12. dagskrárlið þingsins, og þar sem það álítur, að tillögur þessar beri að gera í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 18. júní 1949, svo hljóðandi samþykkt sem nefna ber Samþykkt frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð).

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra vélknúinna hafskipa (sea-going vessels), sem stunda flutninga á mönnum eða munum í atvinnuskyni, og skráð eru innan landsvæðis, sem samþykkt þessi tekur til, hvort sem þau eru í eigu hins opinbera eða einstaklinga.
2. Í lögum hvers lands eða reglugerðum skal ákveðið hvenær skip skuli talin hafskip.
3. Samþykkt þessi tekur til:
   a) tréskipa af frumstæðri gerð svo sem „dhow“ og „junk“,
   b) skipa, sem stunda fiskveiðar eða störf nátengd þeim, selveiðar eða hliðstæða atvinnu,
   c) skipa, sem notuð eru í árósum.
4. Með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má undanskilja skip, sem eru innan við 200 brúttó rúmlestir, ákvæðum þessarar samþykktar.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra þeirra, sem ráðnir eru til hvers konar starfa á skipi nema:
   a) leiðsögumanna, sem ekki tilheyra skipshöfninni,
   b) lækna, sem ekki tilheyra skipshöfninni,
   c) hjúkrunarliðs og annars starfsfólks, sem einungis stundar hjúkrun og önnur störf í sambandi við aðhlynningu sjúkra en tilheyrir ekki skipshöfninni,
   d) fólks, sem vinnur eingöngu fyrir eigin reikning eða fær í laun aðeins hluta af ágóða eða tekjum,
   e) fólks, sem ekki fær nein laun fyrir störf sín eða einungis málamyndalaun,
   f) fólks, sem ráðið er á skip af öðrum vinnuveitanda en útgerðarmanni, að undanteknum lofskeytamanni eða starfsmönnum loftskeytafélaga,
   g) hafnarverkamanna, sem ferðast á milli hafna, en tilheyra ekki skipshöfninni,
   h) fólks, sem ráðið er á hvalveiðaskip, fljótandi verksmiðjur, eða á annan hátt við hvalveiðar eða hliðstæð störf við skilyrði, sem ákveðin séu í sérstökum heildarsamningum um hvalveiðar eða hliðstæðum samningum um launakjör, vinnutíma og önnur vinnuskilyrði, sem sjómannasamtök hafa gert,
   i) fólks, sem ráðið er til vinnu í höfn, en er yfirleitt ekki ráðið til starfa á sjó.
2. Lögbært stjórnarvald getur að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna undanskilið skipstjóra, fyrstu stýrimenn og fyrstu vélstjóra ákvæðum þessarar samþykktar, enda njóti þeir samkvæmt lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum eigi lakari kjara en þessi samþykkt krefur, að því er snertir árlegt orlof.

3. gr.

1. Hverjum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, ber að loknu tólf mánaða samfelldu starfi árlegt orlof með launum, er eigi sé skemmra en:

a) átján dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir skipstjóra, aðra yfirmenn og loftskeytamenn.
b) tólf dagar virkir fyrir hvert starfsár að því er snertir aðra skipverja.

2. Maður, sem unnið hefur a. m. k. sex mánuði samfleytt, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum virkum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
3. Maður, sem vikið er úr starfi án saka, áður en hann hefur unnið samfleytt í sex mánuði, skal, er hann lætur af því starfi, eiga rétt á orlofi, er nemi einum og hálfum degi fyrir hvern heilan starfsmánuð, sé um skipstjóra, aðra yfirmenn eða loftskeytamenn að ræða, en einum virkum degi, sé um aðra skipverja að ræða.
4. Við útreikning á því, hvenær réttur til orlofs hefst, skal:
   a) telja störf utan samningsbundins vinnutíma með samfelldum starfstíma,
   b) ekki telja, að stutt hlé á starfi komi í veg fyrir að starfstíminn fyrir og eftir það hlé teljist samfelldur, enda stafi það ekki af breytni eða yfirsjón starfsmannsins og fari ekki fram úr sex vikum á hverjum tólf mánuðum,
   c) ekki telja, að samfelldur starfstími hafi slitnað þó að breyting verði á framkvæmdastjórn eða eignarrétti að skipi því eða skipum, sem hlutaðeigandi hefur unnið á.
5. Með launuðu orlofi skal ekki telja:
   a) almenna og hefðbundna frídaga,
   b) starfshlé vegna veikinda og slysa.
6. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða á um skiptingu árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari í hluta, svo og að leggja megi orlof frá einu ári við næsta árs orlof.
7. Í lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum má kveða svo á, að þegar alveg sérstaklega stendur á og starfsemin krefur, megi láta peningagreiðslu koma í stað árlegs orlofs samkvæmt samþykkt þessari, enda má hún ekki vera lægri en greiðsla sú, sem kveðið er á um í 5 gr.

4. gr.

1. Þegar að því kemur að veita árlegt orlof, skal það veitt eftir samkomulagi eins fljótt og þarfir starfseminnar leyfa.
2. Engan má krefja án samþykkis hans til að taka árlegt orlof, sem honum ber, í höfn utan þess lands, þar sem hann var ráðinn á skip, eða heimalands hans. Að fullnægðu þessu skilyrði skal orlofið veitt í höfn, sem samþykkt er með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum.

5. gr.

1. Allir þeir, sem orlof taka samkvæmt 3. grein þessarar samþykktar, skulu fá venjuleg laun sín allan orlofstímann.
2. Venjuleg laun, sem greiða ber samkvæmt fyrri málsgrein, skulu reiknuð á þann hátt, sem ákveðinn sé með lögum eða reglugerðum hvers lands eða heildarsamningum, og mega þau fela í sér hæfilega fæðispeninga.

6. gr.

Að undanskilinni heimildinni í 7. málslið 3. greinar skulu allir samningar um afsal réttarins til árlegs orlofs með launum eða niðurfellingu orlofs vera ógildir.

7. gr.

Maður, sem fer eða er vikið úr þjónustu vinnuveitanda síns áður en hann hefur tekið orlof það, sem honum ber, skal fá greiðslu þá, sem ákveðin er í 5. gr., fyrir hvern orlofsdag, sem honum ber samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal tryggja raunhæfa beitingu ákvæða hennar.

9. gr.

Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á nokkur lög, úrskurði, venjur eða samninga milli útgerðarmanna og farmanna, sem tryggja betri kjör en ákveðin eru í samþykkt þessari.

10. gr.

1. Samþykkt þessari má veita gildi: a) með lögum eða reglugerðum, b) með heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna, eða c) sameiginlega með lögum eða reglugerðum og heildarsamningum útgerðarmanna og farmanna. Ákvæði samþykktar þessarar skulu látin taka til allra skipa skrásettra innan aðildarríkis, sem hefur fullgilt hana, og allra þeirra, sem ráðnir eru á slík skip, enda sé ekki öðruvísi kveðið á í henni sjálfri.
2. Þegar einhverjum ákvæðum samþykktar þessarar hefur verið veitt gildi með heildarsamningi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skal aðildarríki, innan hvers samningurinn gildir, ekki skylt að gera neinar ráðstafanir í samræmi við 8. gr. þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum hennar líður, að því er tekur til þeirra ákvæða samþykktarinnar, sem hafa verið tekin upp í heildarsamninga.
3. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal gefa aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar upplýsingar um ráðstafanir þær, sem gerðar eru til að framfylgja henni, þar á meðal upplýsingar um alla heildarsamninga, þar sem einhver ákvæði hennar eru tekin upp, og í gildi eru, þegar aðildarríkið fullgildir samþykktina.
4. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, undirgengst að senda þrískipta sendinefnd til þátttöku í störfum hverrar þeirrar nefndar, sem sett kann að verða á stofn til þess að rannsaka þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að framfylgja þessari samþykkt, og skipuð er fulltrúum ríkisstjórna og félaga útgerðarmanna og farmanna, svo og ráðgefandi fulltrúum frá siglingamálanefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
5. Aðalframkvæmdastjórinn leggur fyrir umrædda nefnd yfirlit yfir upplýsingar þær, sem honum berast samkvæmt 3. málsgrein hér að framan.
6. Nefndin skal athuga, hvort heildarsamningar þeir, sem henni eru tilkynntir, veiti ákvæðum samþykktar þessarar fyllilega gildi. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykktina, skuldbindur sig til að taka til athugunar hverjar þær athugasemdir og tillögur, sem nefndin kann að gera varðandi framkvæmd samþykktarinnar. Enn fremur skuldbindur það sig til að kynna samtökum verkamanna og vinnuveitenda, sem hlut eiga að einhverjum þeim heildarsamningum, sem um getur í 1. málsgrein, allar athugasemdir og tillögur fyrrgreindrar nefndar um, að hve miklu leyti slíkir samningar gefa ákvæðum samþykktarinnar gildi.

11. gr.

Að því er snertir 17. grein í samþykkt frá 1936 um orlof með launum fyrir farmenn, skal þessi samþykkt skoðuð sem endurskoðun á þeirri samþykkt.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem látið hafa aðalframkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að fullgildingar níu eftirtalinna ríkja hafa verið skrásettar: Argentína, Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brasilía, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Kanada, Kína, Noregur, Pólland, Portúgal, Sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svíþjóð og Tyrkland. Að minnsta kosti fimm þessara níu ríkja skulu hvert um sig hafa skipastól, sem sé a. m. k. ein milljón rúmlestir brúttó. Þetta ákvæði er sett hér til þess að auðvelda og flýta fyrir fullgildingu aðildarríkjanna á samþykktinni.
3. Eftir það gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, sex mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri málsgrein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bundið af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

15. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir aðildaríkjum stofnunarinnar skrásetningu síðustu fullgildingarinnar, sem þarf til þess að samþykktin gangi í gildi, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

16. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði næstu greina greina hér á undan.

17. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta hennar, skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast sem tafarlaus uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 14. greinar hér að framan líður, frá þeim tíma er hin nýja, endurskoðaða samþykkt hefur öðlazt gildi;
   b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt; frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

Þetta er staðfestur texti samþykktar þeirrar, sem löglega var gerð á 32. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið 2. dag júlímánaðar 1949.

Þessu til staðfestu höfum vér undirritað hann í dag, átjánda dag ágústmánaðar 1949.

Forseti þingsins

Guildhaume Myrddin-Evans.

Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

David A. Morse.

Nd. 410. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til laga um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu þriggja manna yfirmatsnefnd við endurskoðun fasteignamatsins og þrjá til vara. Ráðherra skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefnd þess skal semja reglur til leiðbeiningar fyrir undirmatsnefndir og vinna að samræmingu á mati þeirra.
2. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Hið hækkaða fasteignamat gengur þó eigi í gildi fyrr en tryggt hefur verið með löggjöf, að eigendur fasteigna geti fengið veðlán með hæfilegum kjörum út á eignirnar, er nemi að minnsta kosti ⅗ hins nýja matsverðs.

Ed. 411. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við III. 15. (Hof í Öræfum).
      Síðasta málsgr. falli niður.
   b. Við VII. 36. (Mosfell í Mosfellssveit).
      Fyrir „Lágafells-, Viðeyjar- og Þingvallasóknir“ komi: Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
   c. Við XII. 61. (Staðarhólsþing).
      Síðasta málsgr. falli niður.
   d. Við XV. 75. (Ögurþing).
      Síðasta málsgr. falli niður.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Ráðherra skipar prest að Þingvöllum að fengnum tillögum biskups og guðfræðideildar Háskóla Íslands. Skal Þingvallapresti skylt án sérstakrar greiðslu að leiðbeina gestum, sem heimsækja staðinn og þess óska, um allt það, er lýtur að örnefnum, helgi hans og sögu. Aldurstakmark í embættisþjónustu gildir ekki hvað viðvíkur þessu embætti.
   Prestssetur: Þingvellir.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Ed. 412. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin kynnti sér frumvarpið og greinargerð þess og ræddi það á einum fundi sínum. Vildu tveir nefndarmenn, þeir StgrA og HV leggja til, að frumvarpið yrði samþykkt, en þar sem meiri hluti nefndarinnar gat ekki á það fallizt, en vildi vísa því til stjórnarinnar með tilmælum um, að hún léti kanna möguleika þess að framkvæma hugmyndir þær, er í frumvarpinu felast, og með sérstöku tilliti til þess, hversu áliðið er þings, og þannig vonlítið um, að hægt verði að þoka málinu lengra áleiðis með öðru móti, féllust þeir Steingrímur Aðalsteinsson og Hannibal Valdimarsson einnig á þessa afgreiðslu. Nefndin er því öll sammála um að leggja til, að málið verði að þessu sinn afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti kanna möguleika þess að framkvæma hugmynd þá til úrlausnar á atvinnuleysisvandamálinu, er í frumvarpinu felst, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. des. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Hannibal Valdimarsson, frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson.	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 413. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Rómverskir liðir III og IV verði einn liður, er heitir: Skaftafellsprófastsdæmi.
   b. Rómverskir liðir IX og X verði einn liður, er heitir: Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi.
   c. Rómverskir liðir XI og XII verði einn liður, er heitir: Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
   d. Rómverskir liðir XVI og XVII verði einn liður er heiti: Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmi.
   e. Rómverskir liðir XX og XXI verði einn liður, er heiti: Þingeyjarprófastsdæmi.
2. Við 6. gr. Orðið „Súgandafirði“ falli niður.

Nd. 414. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt margar umsóknir um ríkisborgararétt.

Frá ráðuneytinu voru umsóknir að berast nefndinni nærri til nóvembermánaðarloka. Og jafnvel enn síðar bárust nefndinni umsóknir. Nefndin hefur eftir föngum kynnt sér þessar umsóknir og skjöl þau og vitnisburði, er umsóknunum fylgja. Við afgreiðslu málsins hefur nefndin í höfuðatriðum lagt til grundvallar ákvæði laga nr. 64 1935, um ríkisborgararétt.

Það útlenda fólk, sem nefndin leggur nú til að öðlist íslenzkan þegnrétt, hefur minnst átt hér heimili um 10 ár, en margt af því hefur átt heima hér miklu lengur, sumir yfir 20 ár.

Margt af þessu fólki er fjölskyldufólk, útlendir menn giftir íslenzkum konum. Börn sumra eru í æsku, en annarra eru uppkomin. Þau hafa notið uppeldis hér, hlotið menntun í skólum landsins o. s. frv., o. s frv.

Með umsóknum þessa fólks er vitnisburður mætra og þekktra manna um framkomu og hegðun þess.

Frá mörgum mönnum bárust nefndinni umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, sem hún treysti sér ekki að taka til greina. Er það fyrst og fremst sakir þess, að þetta fólk hefur átt hér heima of skamman tíma.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
2. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
3. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
4. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
5. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
6. Husby Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
7. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
8. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
9. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
10. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
11. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
12. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
13. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
14. Lönning, Eilif Olufsen, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
15. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.

16. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
17. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
18. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
19. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
20. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
21. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
22. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
23. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.
    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
24. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.

ÁkJ hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma við málið.

Alþingi, 10. des. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Emil Jónsson.
Áki Jakobsson. Jónas G. Rafnar.

Ed. 415. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem lagt er fram samhliða frv. á þskj. 326 um breyting á l. um fiskveiðasjóð, og miða frv. þessi bæði að því að gera þeim, sem endurnýja þurfa vélar í bátum sínum, mögulegt að fá hagkvæmt peningalán til þeirra hluta. En með því frv., sem hér liggur fyrir, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands heimilað að gefa þeim bátaeigendum, sem þar skulda, en þurfa að fá sér nýja vél í bát, sem veðsettur er stofnlánadeildinni, veðleyfi, til þess að fiskveiðasjóður geti veitt lán til kaupa á nýjum aflvélum í báta.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form,. frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.
Bernh. Stefánsson. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 416. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og haft tal af framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs, sem telur, að þótt sú breyting, sem hér er fyrirhuguð á lögunum, verði gerð, sé sjóðurinn samt fær um að lána eins og venjulega til skipakaupa. Einnig er sýnt, að mikil þörf er á að greiða úr fyrir þeim, sem orðið hafa illa úti vegna þess, að vonir manna um aflvélarnar í þeim bátum, sem Svíar smíðuðu handa Íslendingum, hafa brugðizt. — Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1951.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.
Bernh. Stefánsson. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 417. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Fyrri grein þess skapar nýbýlingum möguleika til að reisa nýbýli, án þess strax að þurfa að byrja á íbúðarhúsbyggingu, og getur það oft verið hentugra. Ákvæðið er því til bóta.

VII. kaflinn er nýr og ætlað að gera hvort tveggja, gefa nýbýlanefnd vald til að reyna að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði, og styðja að því, að nefndin geti komið jörðum, sem farið hafa í eyði, í byggð aftur. Það er nokkuð hæpið, hve virk ákvæðin verða í framkvæmd, en þau eru tilraun til úrbóta á þessu sviði, sem nefndin telur rétt að samþykkja til reynslu.

Alþingi, 12. des. 1951.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 418. Þingsályktun [31. mál]

um rannsókn á slysum á íslenzkum togurum og öðrum veiðiskipum.

(Afgreidd frá Sþ. 12. des.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega rannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenzkum togurum og öðrum veiðiskipum frá ársbyrjun 1948 og hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um öryggisráðstafanir á skipum skal ríkisstjórnin undirbúa og fá lögfest svo fljótt sem verða má ákvæði, sem tryggi svo sem auðið er öryggi skipverja gegn slysum.

Sþ. 419. Þingsályktun [57. mál]

um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum, prjónavélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa.

(Afgreidd frá Sþ. 12. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gefa nú þegar frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum, ásamt tilheyrandi verkfærum og tækjum, svo og prjónavélum;
b. að gefa á árinu 1952 frjálsan innflutning á landbúnaðarbifreiðum (jeppum og landrover), ef nægur gjaldeyrir er fyrir hendi, enda verði jafnframt settar reglur, sem komi í veg fyrir, að bifreiðarnar fari til annarra en þeirra, sem stunda landbúnaðarstörf að aðalatvinnu.

Sþ. 420. Þingsályktun [106. mál]

um jöfnunarverð á olíum og benzíni.

(Afgreidd frá Sþ. 12. des.)

Samhljóða þskj. 199.

Ed. 421. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er ágæt mynd af afstöðu „lýðræðisflokkanna“, sem svo nefna sig í grg. frv., til lýðræðisins. Þeir krefjast lýðræðis fyrir sig, þegar þeim hentar og er hagur að, en eru reiðubúnir til að afnema lýðræðisreglur, jafnskjótt og framkvæmd þeirra er þeim að einhverju leyti í óhag.

Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn krefjast hlutfallskosninga til Alþingis, til þess að styrkur þeirra og áhrif á Alþingi sé í réttu hlutfalli við styrk þeirra og áhrif meðal kjósenda. Framsóknarflokkurinn heimtar fleiri þingmenn og meiri áhrif á Alþingi en í hlutfalli við kjósendatölu sína.

Full áhrif á Alþingi hafa flokkar ekki, nema þeir eigi fulltrúa í nefndum þingsins, þar eru málin athuguð og afstaða til þeirra mörkuð og áríðandi fyrir flokka að geta komið þar að athugasemdum sínum og tillögum. Flokkur, sem engan mann ætti í neinum nefndum þingsins, hefði lítil áhrif á afgreiðslu mála. Þess vegna hefur lýðræðisreglan um hlutfallskosningar til nefnda Alþingis verið talin sjálfsögð fram að þessu. Meira eða segja hefur t. d. þótt rétt að lofa Alþýðuflokknum að eiga mann í 5 manna nefndum efri deildar, þótt flokkurinn sé nú orðinn svo lítill, að hann eigi ekki rétt á því samkv. lýðræðisreglu hlutfallskosninga. Væri fækkað nm. í öll-

um nefndum Sþ. og deilda í 3, fengi Alþýðufl. engan mann í neina nefnd, Sósialistafl. ekki heldur. Væri farin sú leið að láta nefndir þingsins, 5, 7 og 9 manna, kjósa 3 manna undirnefndir, eða réttara sagt yfirnefndir, til þess að annast aðalstörf og hlutverk nefndanna, fengi Alþýðufl. ekki heldur neinn mann í þeim nefndum.

Það er þetta, sem Alþýðuflokkurinn er nú með í að gera um utanríkismálanefnd. Hann gleymir því, að einmitt með slíkri aðferð hefur lýðræði og þingræði oft verið afnumið, eftir krókaleiðum og í áföngum.

Vinfengi foringja Alþýðuflokksins og þægð við stjórnarflokkana á að vera flokknum trygging fyrir því, að þessari aðferð verði ekki beitt gegn honum, hvorki nú um utanríkismálanefndina né síðar. En þeir gæta þess ekki, þingmenn Alþýðuflokksins eða aðrir þm., sem ljá þessu frv. fylgi sitt, að með því er skapað fordæmi, sem vitna má til síðar og vafalaust verður vitnað til, ef meiri hluti á Alþingi, jafnvel naumasti meiri hluti, vildi svipta minni hlutann lýðræðislega réttmætum áhrifum á Alþingi. Lagaákvæðin um utanríkismálanefnd hafa verið þverbrotin undanfarin 6 ár, hvenær sem ríkisstjórn eða utanríkisráðherra hefur boðið svo við að horfa. Hefur það bitnað á fulltrúum Framsóknarflokksins, meðan þeir voru „utan garðs“ og ótryggt, að þeir fylgdu hverju sem væri í samningum við Bandaríkin. Gagnrýndu þeir þá harðlega aðferðirnar við meðferð utanríkismálanna og lögbrotin í sambandi við hana. Engin trygging er fyrir því, að sömu aðferðum verði ekki beitt við þá 3 manna undirnefnd utanríkismálanefndar, sem stofna á samkv. frv.

Frv. þetta gengur í berhögg við lýðræðis- og þingræðisreglur, þar sem yfirlýstur tilgangur þess er að svipta þingflokk lögmætum áhrifum á þingmál og þjóðmál. Ég tel Alþingi vansa að samþykkja það og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1951.

F. R. Valdimarsson.

Ed. 422. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 6. gr. Á eftir orðinu „kennarastörfum“ komi: enda fullnægi þeir ákvæðum gildandi fræðslulaga um menntun kennara.
2. Við 11. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

Nd. 423. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 1. gr.

1. Við A. 2. Aftan við „til Sandgerðis“ komi: og að Stafnesi.
2. Við B. 63. Nýr liður:
   Fjarðarhliðarvegur: Af Gufudalsvegi við Vattarfjörð að Firði.
3. Við C. 3. Orðin „á væntanlegri brú“ falli niður.

4. Við C. 8. Orðin „með álmu að Hnausakoti í Austurárdal“ falli niður.
5. Við C. 8. Nýr liður:
   Austurárdalsvegur: Af Austursíðuvegi hjá Austurárbrú að Hnausakoti.
6. Við C. 14. Orðið „væntanlega“ falli niður.
7. Við C. 25. Aftan við orðin „til Hofsóss“ bætist: með álmu inn Deildardal að Kambi.
8. Við C. 28. Orðin „með álmu inn Deildardal að Kambi“ falli niður.
9. Við C. 42. Í stað orðanna „á Eyjafjarðará, hjá Hólum“ komi: á Eyjafjarðará þar, um Hóla.
10. Við C. 50. Orðin „í Aðaldal“ á fyrri stað í tölul. falli niður.
11. Við C. 61. Nýr liður:
    Langanesvegur: Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.
12. Við C. 63. Í stað „Eiðavegur“ komi: Eiðisvegur.
13. Við D. 17. Í stað orðanna „út að Sandbrekku“ komi: og Sandbrekku á Úthéraðsveg austan við Gagnstöð.

Nd. 424. Breytingartillaga [107. mál]

við brtt. á þskj. 355 [Fasteignamat].

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. brtt. Á eftir orðunum „verið metnar fasteignamati“ orðist tillagan svo: Skulu þessar umbætur metnar eftir sömu reglum sem giltu í síðasta fasteignamati. Þegar verði umbótanna hefur verið bætt við núgildandi matsverð hverrar fasteignar, skulu nefndirnar ákveða breytingu á heildarmati eignarinnar. Enga fasteign má þó hækka meira en að þrefalda heildarmatið eins og það verður, þegar matsverði umbótanna hefur verið bætt við.

Nd. 425. Breytingartillögur [107. mál]

við brtt. á þskj. 355 [Fasteignamat].

Frá Jóni Sigurðssyni, Pétri Ottesen og Magnúsi Jónssyni.

1. Við 2. brtt. Við næstsíðasta málslið bætist: en sé skatturinn lægri en sýslusjóðsgjaldið, ber hreppnum að greiða það, sem á vantar.
2. Við 3. brtt. Aftan við tillöguna bætist: nema öðruvísi verði ákveðið með sérstakri breytingu á gildandi reglugerðum og gjaldskrám um þessi gjöld.

Ed. 426. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundi sínum í dag og varð sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1951.

Páll Zóphóníasson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Sig. Óli Ólafsson, fundaskr.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Finnbogi R. Valdimarsson.	

Ed. 427. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir, þannig:

d. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 3.00 pr. m^3.
e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni, kr. 1.50 pr. m^3.

Alþingi, 13. des. 1951.

Páll Zóphóníasson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Þorst. Þorsteinsson.	F. R. Valdimarsson.	

Ed. 428. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. þetta. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt, þar sem það er aðeins framlenging laga, er áður hafa gilt og gilda til næstu áramóta. Telur meiri hl. ekki fært að skerða tekjur ríkissjóðs um þann tekjuauka, er frumvarpið hefur í för með sér, og álítur ekki nauðsyn á, eins og málið liggur fyrir, að koma fram með breytingartillögur við það, er tefja mundu fyrir afgreiðslu þess.

Einn nefndarmanna (GJ) mun skila sérstöku nefndaráliti. Annar nefndarmaður (BrB) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Karl Kristjánsson.

Ed. 429. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra getur heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **430. Frumvarp til laga** [145. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis og að Stafnesi.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Miðnesheiðarvegur:* Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
5. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
6. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
7. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
8. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
9. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
10. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
11. *Krýsuvíkur- og Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
12. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
13. *Reykjavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði í Ölfusi að Reykjaskóla.
14. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
15. *Tjarnarvegur:* Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Tjörn.
16. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
17. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
18. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
19. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
20. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns, hjá Úlfljótsvatni á Sogsveg vestan Sogs nálægt Alviðru, með álmu yfir Írafossbrú á Sogsveg hjá Syðri-Brú.
21. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
22. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.

23. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
24. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi austan Laxárbrúar að Auðsholti.
25. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
26. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
27. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
28. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla að Gaulverjabæjarvegi.
29. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
30. *Hamarsvegur:* Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
31. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
32. *Kaldaðarnesvegur:* Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
33. *Ásvegur:* Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás að Sandhólaferju.
34. *Vetleifsholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
35. *Heiðarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Hárlaugsstaði um Heiði, Kamb og Raftholt að Hreiðri.
36. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
37. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
38. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
39. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
40. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandssvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
41. *Út-Landeyjavegur:* Af Bakkabæjavegi nálægt Fróðholti um Eystri-Hól að Ytra-Hóli, með álmu að Skúmsstöðum.
42. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
43. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
44. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
45. *Fljótshlíðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
46. *Vallarvegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
47. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
48. *Sandhólmavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri, ofan við Lambhúshól á Suðurlandsveg hjá Hvammi.
49. *Skógaskólavegur:* Af Suðurlandsvegi austan Skógaár að Skógaskóla.
50. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
51. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
52. *Mýrdalsvegur syðri:* Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand á Áftaversveg nálægt Hraunbæ.
53. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.

54. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
55. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
56. *Holtsvegur á Síðu:* Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti.
57. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
58. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra undan Bjarnanesi.
59. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.
60. *Bæjarvegur í Lóni:* Af Suðurlandsvegi hjá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Svínhólum.
61. *Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:* Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufuá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. *Keldnavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
3. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
4. *Kjalarnesvegur innri:* Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallaveg hjá Seljabrekku.
5. *Eyrarfjallsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
6. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
7. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
8. *Dragháls- og Skorradalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
9. *Andakílsfossavegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum, Grund og Háafelli um Fitjabrú að Vatnshorni.
10. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá, yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
11. *Svínadalsvegur:* Af Leirársveitarvegi hjá Hóli norðan Laxár að Eyri.
12. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
13. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
14. *Melasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
15. *Hvalfjarðarferjuvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu

sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.

16. *Mófellsstaðavegur:* Af Vesturlandsvegi innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði á Skorradalsveg hjá Vatnsósnum.
17. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalssvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
18. *Skálpastaðavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði og Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.
19. *Bæjarsveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalsárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi, með hliðarálmu að flugvelli á Kálfanesmelum.
20. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal að Skógum.
21. *Reykdælavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum inn Reykholtsdal, yfir Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti.
22. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufuár.
23. *Ferjubakkavegur:* Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
24. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur, yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
25. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalandsskóla.
26. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
27. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
28. *Kleifavegur:* Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
29. *Hvítársíðuvegur:* Af Kleifavegi um Hvítársíðu, Hvítársíðukrók og hjá Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut fyrir innan Húsafell, með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
30. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólmsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
31. *Grímsstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
32. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.
33. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.
34. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
35. *Kolviðarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.
36. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
37. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, hjá Miklaholti og Ytra-Skógarnesi að Syðra-Skógarnesi.
38. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt að Krossum.
39. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla og Lýsudal að Lýsuhóli.

40. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
41. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
42. *Búðavegur:* Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
43. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
44. *Rifsvegur:* Af Hellissandsvegi að Rifi.
45. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík til Hellissands.
46. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
47. *Framsveitarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði út fyrir Eyrarfjall, um Setberg og á Eyrarsveitarveg nálægt Vindási.
48. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi til Bjarnarhafnar með álmu að Seljum.
49. *Helgafellssveitarvegur:* Af Stykkishólmsvegi nálægt Grishól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
50. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
51. *Miðdalavegur:* Frá Vesturlandsvegi vestan Tunguár, hjá Kvennabrekku og Svalbarði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
52. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Kross.
53. *Hörðudalsvegur:* Af Skógarstrandarvegi um Hörðudal, hjá Hlíð að Fremri-Vífilsdal.
54. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
55. *Laugavegur:* Af þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
56. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
57. *Efribyggðarvegur:* Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
58. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
59. *Staðarhólsvegur:* Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.
60. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
61. *Gautsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
62. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn um Reykhóla og Stað að Laugalandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum að Hofstöðum.
63. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
64. *Fjarðarhlíðarvegur:* Af Gufudalsvegi við Vattarfjörð að Firði.
65. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
66. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikluháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðaheiði.
67. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.

68. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
69. *Gjögurvegur:* Frá Eyri í Ingólfsfirði um Árnes að Gjögri í Reykjarfirði.
70. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd, um Drangsnes, um Bæ til Kaldrananess.
71. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
72. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Mýri.
73. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall, meðfram Mjóafirði, um Ögur að Hjöllum í Skötufirði.
74. *Vatnsfjarðarvegur:* Af Ögurvegi við Ísafjarðarbotn um Vatnsfjörð að Skálavík með álmum að Púfum og til Reykjaness.
75. *Jökulfjarðavegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Dynjanda.
76. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
77. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
78. *Tungudalsvegur:* Frá Seljalandsárbrú um Tungudal að Bunuá.
79. *Engidalsvegur:* Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.
80. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
81. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
82. *Fjarðarvegur:* Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn að Eyri í Seyðisfirði.
83. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði, um Suðureyri að Stað.
84. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
85. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
86. *Núpsvegur:* Frá Alviðruvör um Núp að vegamótum Ísafjarðarvegar hjá Gemlufalli.
87. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
88. *Dýrafjarðarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli inn fyrir Dýrafjörð að norðan og út að sunnan til Þingeyrar.
89. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
90. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri til Haukadals.
91. *Álftamýrarvegur:* Frá Rafnseyri til Álftamýrar.
92. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
93. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal um Bakka að Selárdal í Dalahreppi.
94. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Reykjarfirði.
95. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
96. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga og Brjánslæk, um Þingmannaheiði og Klettsháls að Kletti í Kollafirði.
97. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.

98. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Mývatnsheiði, Mývatnssveit og Mývatnsöræfi, um Jökulsárbrú til Grímsstaða á Fjöllum.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá nálægt Núpi.
4. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár að Kollufossi.
8. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brýr á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
9. *Austurárdalsvegur:* Af Austursíðuvegi hjá Austurárbrú að Hnausakoti.
10. *Ásabæjavegur:* Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
11. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu og yfir brú á Víðidalsá.
12. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá og út austan ár að Norðurlandsvegi.
13. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
14. *Flugvallarvegur:* Af Húnvetningabraut að flugvelli hjá Akri.
15. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi hjá Svínavatni, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
16. *Svínadalsvegur:* Af Reykjabraut hjá Svínavatni um Auðkúlu á Svínvetningabraut innan við Svínavatn.
17. *Svartárdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð að Bergsstöðum.
18. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum.
19. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
20. *Skagavegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal og Skaga að sýslumörkum.
21. *Reykjastrandarvegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
22. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
23. *Sæmundarhlíðarvegur:* Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði að Sólheimum.

24. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
25. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
26. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss með álmu inn Deildardal að Kambi.
27. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.
28. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi hjá Miklahóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
29. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
30. *Flókadalsvegur eystri:* Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
31. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
32. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
33. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl að Hörgárdalsvegi innri með álmu að Barká.
34. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
35. *Hauganesvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
36. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
37. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
38. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum, um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
39. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
40. *Dagverðareyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri.
41. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli.
42. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
43. *Vatnsendavegur:* Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda.
44. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
45. *Fnjóskadalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
46. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Illugastöðum.
47. *Kljástrandarvegur:* Af Fnjóskadalsvegi utan við Gljúfurárbrú, um Höfða að Kljáströnd.
48. *Svalbarðseyrarvegur:* Af Vaðlaheiðarvegi ofan við Geldingsárbrú til Svalbarðseyrar.
49. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldu-

kinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Þingeyjarsýslubraut hjá Garði í Aðaldal.

50. *Út-Kinnarvegur:* Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
51. *Reykjahverfisvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Þingeyjarsýslubraut hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
52. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
53. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
54. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, um Bárðardal austan Skjálfandafljóts, inn að Bjarnastöðum.
55. *Þingeyjarsýslubraut:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri, um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes og Kelduhverfi, um Jökulsárbrú í Axarfirði að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega.
56. *Mývatnssveitarvegur nyrðri:* Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.
57. *Reykjaheiðarvegur:* Frá Húsavík um Reykjaheiði að vegamótum Tjörnesvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
58. *Laugaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.
59. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
60. *Sandsvegur:* Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú.
61. *Hólsfjallavegur:* Frá vegamótum austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi, á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
62. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
63. *Langanesvegur:* Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.
64. *Eiðisvegur:* Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði.
65. *Ytra-Lónsvegur:* Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkauptúni.
4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.

6. *Sunnudalsvegur í Vopnafirði:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi austan við Hofsá að Sunnudal.
7. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
8. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðs- og Borgarfjarðarveg nálægt Hóli.
9. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og Úthéraðs- og Borgarfjarðarveg hjá Bóndastöðum.
10. *Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka um Hallfreðarstaði og Kirkjubæ að Gunnhildargerði.
11. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valþjófsstað.
12. *Fellavegur efri:* Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Hafrafell og Fjallsel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
13. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
14. *Seyðisfjarðarvegur:* Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
15. *Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
16. *Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiða, út Hjaltastaðaþinghá hjá Bóndastöðum og yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum. Yfir Vatnsskarð um Njarðvík til Bakkagerðis í Borgarfirði.
17. *Hjaltastaðarvegur:* Af Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Úthéraðsveg austan við Gagnstöð.
18. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
19. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
20. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
21. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
22. *Vaðlavíkurvegur:* Af Viðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði að Vöðlum í Vaðlavík.
23. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valþjófsstað.
24. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg.
25. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði á Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
26. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi ofan við Miðhús um Eyvindarárdal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Hofi í Mjóafirði.
27. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
28. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
29. *Kolfreyjustaðarvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi út ströndina að Kolfreyjustað.
30. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.

31. *Norðurdalsvegur:* Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
32. *Breiðdalsvegur syðri:* Af Austurlandsvegi sunnan við Breiðdalsárbrú að Flögu.
33. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1952 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Ed. 431. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr.

a. Við I. (Norður-Múlaprófastsdæmi).
Liðurinn orðist svo:
1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
3. *Hofteigur:* Hofteigs-, Eiríksstaða- og Sleðbrjótssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
4. *Valþjófsstaður:* Valþjófsstaðar- og Ássóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
5. *Kirkjubær.* Eiða-, Kirkjubæjar- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur á Seyðisfirði.

Til vara:

I. (Norður-Múlaprófastsdæmi) og II. (Suður-Múlaprófastsdæmi) breytist þannig:
1. Töluliður 2 orðist svo:
Hof í Vopnafirði. Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
2. Töluliður 5 orðist svo:
Desjarmýri. Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
3. Töluliður 7 orðist svo:
Vallanes. Vallaness-, Þingmúla-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Vallanes.

b. Við XVII. (Húnavatnsprófastsdæmi).
1. Á eftir tölulið 81 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.

2. 82. töluliður breytist þannig, að niður falla Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir.

c. Við XX. (Suður-Þingeyjarprófastsdæmi).
Töluliður 105 orðist svo:
Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar-, Víðihóls- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.

Nd. 432. Breytingartillaga [21. mál]

við brtt. á þskj. 414 [Ríkisborgararéttur].

Frá Áka Jakobssyni.

Á eftir 2. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.

Nd. 433. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt. EOl áskilur sér rétt til að bera fram brtt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Ásg. Ásgeirsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 434. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt. EOl áskilur sér rétt til að bera fram brtt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Ásg. Ásgeirsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 435. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við mælum með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Ásg. Ásgeirsson, frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 436. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til laga um lánasjóð stúdenta.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 437. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að leiða aftur í lög skyldu ríkisins til að aðstoða bæjar- og sveitarfélög til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þörfin á að útrýma þeim ægilegu vistarverum, sem þúsundir fjölskyldna nú eru af þjóðfélaginu dæmdar til að hírast í, hefur aldrei verið brýnni en nú, og geta þjóðfélagsins og ríkisins til þess að byggja góðar íbúðir í staðinn hefur aldrei verið meiri en nú. Allt mælir því með því að samþykkja þetta frv.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur hins vegar lagzt gegn því, en ég legg til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Einar Olgeirsson.

Ed. 438. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 1. gr.

1. Við VI. 25. (Hruni). Fyrir liðinn koma tveir liðir, þannig:
   a. *Skarð.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. Prestssetur: Skarð.
   b. *Hruni.* Hruna- og Tungufellsóknir. Prestssetur: Hruni.
2. Við VI. 28. (Hraungerði). Fyrir orðin „Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir“ kemur: Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.

Ed. 439. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 28. marz 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
H. Guðmundsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 440. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að stofnaðir verði atvinnuleysissjóðir á vegum verkalýðsfélaga og að sjóðirnar gegni því hlutverki að veita styrki þeim, sem verða atvinnulausir skemmri eða lengri tíma. Fé það, sem renna á til sjóðanna samkvæmt frv., eiga atvinnurekendur, ríkissjóður og bæjarfélög að leggja fram, þannig að atvinnurekendur skulu greiða til atvinnuleysissjóðs — aukreitis við kaupgjaldið — fjóra af hundraði af heildarfjárhæð vinnulaunanna. Ríkissjóði skal gert að skyldu að leggja fram 150 kr. að viðbættri verðlagsuppbót fyrir hvern félagsmann, sem atvinnuleysissjóður nær til. Bæjarfélög skulu greiða helming á móti framlögum ríkisins.

Skoðanir eru skiptar um fjárhagsgrundvöll atvinnuleysistrygginga og um það, hvernig framkvæmd þeirra skuli haga. Sumir telja heppilegast, að ein stofnun hefði slíkar tryggingar með höndum, en aðrir telja þá leið betri, sem mörkuð er með frv. þessu.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að mál þetta þurfi í heild nánari athugunar en orðið er, og leggur til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 13. des. 1951.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr. Helgi Jónasson.

Nd. 441. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [107. mál]

í málinu: Frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá Áka Jakobssyni.

Með því að frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur allverulega hækkun á opinberum gjöldum í för með sér, ef að lögum verður, ofan á skatta- og gjaldabyrði, sem er orðin það þung, að allur þorri manna rís ekki undir henni, og með því að frv. leysir ekki fjárhagsvandamál bæjar- og sveitarfélaga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 442. Breytingartillaga [107. mál]

við brtt. á þskj. 355 [Fasteignamat].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. brtt. Á eftir orðunum „önnur en fasteignaskatt“ komi: samkv. lögum nr. 66 1921.

Nd. 443. Breytingartillögur [21. mál]

við brtt. á þskj. 414 [Ríkisborgararéttur].

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Í brtt. bætist í stafrófsröð:

1. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
2. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.

Ed. 444. Breytingartillaga [87. mál]

við brtt. á þskj. 357 [Iðnaðarbanki].

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Annar málsl. brtt. orðist svo:
Ríkissjóður skal leggja fram 6 milljónir króna.

Ed. 445. Breytingartillaga [87. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f (Varatillaga við brtt. á þskj. 444).

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. og 2. málsl. 3. gr. frv. orðist svo:
Hlutafé félagsins skal nema allt að 7½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja fram 4 milljónir króna.

Ed. 446. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt, en minni hlutinn (GJ) setur það að skilyrði fyrir fylgi sínu, að inn í frumvarpið verði bætt nýrri grein, er fyrirskipi endurskoðun skattalaganna

nú þegar og að henni skuli lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis. Nefndin hefur því klofnað um málið. Einn nefndarmanna (BrB) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Minni hlutinn gerir eftirfarandi grein fyrir afstöðu sinni í málinu:

Á síðasta Alþingi bar ég undirritaður fram breytingartillögu við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Lagði ég þá til, að skattalögin yrðu felld úr gildi frá 1. janúar 1952 og ríkisstjórninni falið á yfirstandandi ári að gera nauðsynlegar ráðstafanir í sambandi við afnám skattalaganna, svo sem að fækka starfsliði í embættisrekstri, sem af því leiddi, að lögin yrðu felld úr gildi, og leggja önnur niður, sem þá væru óþörf, o. m. fl. Tillaga þessi var felld, svo og allar aðrar tillögur, sem fram voru bornar á þinginu til breytingar á skattalögunum. Ég hef á ný borið fram í frumvarpsformi tillögu um, að skattalögin skuli falla úr gildi 1. janúar 1953. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til, að þetta frv. verði fellt, og ekki einu sinni viljað fallast á að breyta því þannig, að ríkisstjórninni skuli skylt að láta fara fram endurskoðun á skattalögunum, sem þó allir viðurkenna að ekki verði komizt öllu lengur hjá að gerð verði. Ekki færri en sjö frv. til laga um breytingar á skattalögunum hafa verið borin fram á yfirstandandi þingi, og þess utan ein þáltill. um að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á þeim fyrir næsta samkomudag reglulegs Alþingis. Allt þetta sýnir, hve það er orðið aðkallandi, að lögin verði endurskoðuð og þeim breytt í samræmi við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu eða felld úr gildi, ef það að undangenginni athugun sýnist vera hagkvæmast fyrir fjárhagskerfi landsins, atvinnuvegina og ríkissjóð. Ber því brýna nauðsyn til þess, að slík athugun fari fram og lagðar verði fram á næsta Alþingi tillögur til breytinga, sem byggðar yrðu á slíkri athugun. Er sýnt, að ekki er tryggt, að þetta verði gert, nema því aðeins að þetta verði beinlínis fyrirskipað með lögum.

Tekjuskattsviðauki eftir nokkurn veginn sömu reglum og fyrir er mælt í frv. þessu var lögtekinn á Alþingi árið 1943 og þá nefndur „verðlækkunarskattur“ og átti aðeins að gilda í eitt ár. Árið 1945 er hann tekinn upp á ný og þá nefndur „tekjuskattsviðauki“. Var þá heldur ekki ætlazt til þess, að hann stæði nema það eina ár. Síðan hafa þessi lög þó ávallt verið framlengd. Er því sýnilegt, að ekkert er gert til þess að létta skattinum aftur af, þótt viðurkennt sé allajafna, hversu óhæfur hann er sem fastur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Má þetta ekki ganga svo til miklu lengur. Hitt er auðsætt, að ríkissjóður má ekki við því að missa þær tekjur, sem reiknað er með að skatturinn gefi á næsta ári, nema eitthvað annað komi í staðinn, annaðhvort auknar tekjur af meiri veltu í viðskiptum og framleiðslu að óbreyttri tollalöggjöf við það, að skatturinn yrði felldur niður, eða meiri sparnaður í rekstri ríkisins í sambandi við skattaálagningu, innheimtu og eftirlit. Ég mæli því ekki gegn því, að frv. verði samþykkt í þetta skipti, ef full trygging fæst fyrir því, að hin mjög svo aðkallandi athugun á skattalöggjöfinni verði þegar framkvæmd, og tel því, að fyrirmæli um það eigi að setja í frv., heldur legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 5. gr. kemur ný grein, er orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur nú þegar fara fram endurskoðun á skattalöggjöfinni, og skal henni lokið áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Skal hún beita sér fyrir því, að sett verði á næsta þingi heildarlög um skattamál.

Alþingi, 13. des. 1951.

Gísli Jónsson,
fundaskr.

Ed. 447. Frumvarp til laga [78. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:
   a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri;
   b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri og leggja frá orkuveri aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
4. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 40 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 13.4 millj. kr., þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 448. Lög [6. mál]

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 262.

Nd. 449. Frumvarp til laga [53. mál]

um framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal á næsta ári leggja til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 5 milljónir króna af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951. Framlag þetta er óafturkræft og skal varið til útlána samkvæmt lögum og reglugerð um veðdeildina, þó þannig, að í fyrirrúmi sitji jarðakaupalán til manna, sem eru að hefja búskap, og til leiguliða, sem verða jarðnæðislausir.

2. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist sölu á veðdeildarbréfum veðdeildar Búnaðarbanka Íslands með nafnverði að upphæð allt að 1 millj. kr. á ári í 5 ár (1953—1957).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 450. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1951 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1953. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefna frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en ⅔ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en

10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 451. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Fyrir orðin „2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1953“ kemur: 2 milljónir króna árlega á árunum 1953—1962, að báðum meðtöldum.

Nd. 452. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um útflutning á saltfiski.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsagnir Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Þegar til atkvæðagreiðslu kom í nefndinni greiddu undirritaðir atkvæði með frv., og aðrir tveir (PO og SÁ) voru því andvígir, en einn nefndarmanna (LJós) greiddi ekki atkvæði og kvaðst skila sérstöku nefndaráliti ásamt breytingartillögum við frv.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur nú annazt sölu íslenzkra afurða erlendis um nálega 40 ára skeið, og reynsla þess í þeim efnum er því meiri en flestra eða allra annarra verzlunarfyrirtækja hér á landi. Í Sambandinu eru nú 55 samvinnufélög um land allt, og um 30 þessara félaga munu undanfarin ár hafa haft saltfisk til sölu frá félagsmönnum sínum. Ekkert er heldur því til fyrirstöðu, að útgerðarmenn fái inngöngu í samvinnufélög og að sérstök samvinnufélög útvegsmanna geti fengið fisk sinn seldan á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga. Þess er ekki að vænta, að útgerðarmenn í samvinnufélögum sætti sig við það til lengdar, að landssamtökum þeirra sé meinað að flytja út eina af aðalframleiðsluvörum landsmanna.

Rétt er að vekja athygli á því, að Sambandið hefur annazt útflutning á freðfiski ávallt síðan sá útflutningur hófst samhliða öðrum samtökum útvegsmanna, og virðist ekki óeðlilegt, að eins sé um saltfisksöluna.

Með skírskotun til þess, sem sagt er hér að framan, leggur minni hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1951.

Halldór Ásgrímsson,	Gísli Guðmundsson,
frsm.	fundaskr.

Ed. 453. Lög [101. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 338.

Nd. 454. Frumvarp til laga [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
2. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
3. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
4. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
5. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
6. Husby Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
7. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
8. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
9. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
10. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
11. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
12. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
13. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
14. Lönning, Eilif Olufsen, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
15. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
16. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
17. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
18. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
19. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
20. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
21. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
22. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.

23. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.
    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
24. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 455. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Aftan við nr. 16 í 9. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
16a Síldarkrydd, blandað	1 kg	7	2
2. Nr. 11 í 15. kafla orðast svo:			
— olívuolía (viðsmjör)	—	2	8
Menntamálanefnd efri deildar.			
3. Nr. 55 í 28. kafla orðast svo:			
55 — ostahleypir og annað enzym	—	7	8
4. Aftan við nr. 13 í 31. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
13a — bragðbætandi efni í gosdrykki, ót. a.	—	7	10
Aths. Bragðbætandi efni í gosdrykki teljast því aðeins til nr. 13a, að viðtakandi vörunnar reki tollvörugerð, þar sem úr vöru þessari er framleidd vörutegund, sem greitt er af tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði notuð þannig.			
5. Í stað nr. 4—6 og 8—13 í 33. kafla koma þrjú nr., svo hljóðandi:			
Lím og steiningarefni alls konar:			
4 — kaseinlím	—	7	30
5 — trélím	—	7	10
6 — annað	—	7	30
6. Við nr. 6a í 34. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka vörumagnstoll af eldflugum og blysum til slysavarna niður í 2 aura af kg og verðtoll af þeim niður í 2%.			
7. Við nr. 52 í 40. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.			
8. Í stað orðanna „sem vegur 40—75 g/m²“ í nr. 17 í 44. kafla kemur: sem vegur allt að 100 g/m².			
9. Nr. 21a í 44. kafla fellur niður.			
10. Við nr. 2 í 45. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella að nokkru eða öllu leyti niður aðflutningsgjöld af hljóðfæranótum prentuðum erlendis fyrir íslenzka útgefendur, enda sé ekki unnt að inna prentun þeirra af hendi hér á landi.			
11. Nr. 7 í 48. kafla orðast svo:			
7 — annað	—	7	5

12. Aftan við nr. 4 í 54. kafla bætist:
gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór.

	Toll-einingar	Vöru-Magns-tollur aurar	Verð-tollur %
13. Nr. 45, 46 og 51 í 63. kafla orðast svo:			
45 Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og því líkar vörur	1 kg	7	15
46 Lásar og lyklar	—	7	15
51 Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ. h.	—	7	15

14. Við nr. 66 í 63. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll af skápum undir tæki fyrir lækna og sjúkrahús niður í 30%.

15. Aftan við nr. 1 í 66. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
1a Gaddavír	—	7	
16. Í stað nr. 25 í 71. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
25a — aðrar	—	7	30
17. Nr. 20 í 72. kafla fellur niður.			
18. Í stað nr. 27 í 72. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi:			
Vélar til bygginga og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, graftar og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
27 — skurðgröfur og aðrir kranar	—	2	2
28 — aðrar	—	2	8
19. Nr. 31 í 77. kafla orðast svo:			
31 — aðrar	—	7	8
20. Við athugasemdina við 3 í 79. kafla bætist:			
og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
21. Í stað nr. 8 í 82. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
8 — þynnur 0.75 mm eða þynnri, einnig áletraðar			2
8a — aðrar þynnur og plötur, einnig áletraðar, stengur, duft og deig, ót. a.	—	7	15
22. Aftan við 3. gr. bætast tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:			
v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af farartækjum fyrir lamað eða bæklað fólk, svo og af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, enda sé þörf þess fyrir þessar vörur sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar.			
x. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af lýsi, sem flutt er inn til þess að bæta íslenzkt útflutningslýsi, svo og af lýsi og öðrum fiskafurðum, sem keyptar eru af erlendum fiskiskipum, enda séu sönnur færðar á, að afurðir þessar verði fluttar út aftur og viðskiptamálaráðuneytið mæli með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna.			
y. Að heimta ekki aðflutningsgjald af kirkjugripum.			

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 42 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Ed. 456. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. mai 1950.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir, þannig:

d. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 3.00 pr. m^3.
e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni, kr. 1.50 pr. m^3.

2. gr.

Í stað „1952“ í 3. málsgr. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 457. Lög [141. mál]

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 326.

Ed. 458. Lög [142. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 386.

Nd. 459. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu sem í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé sparifféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

Ed. 460. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. á fundi sínum í dag og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1951.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr.
Steingr. Aðalsteinsson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 461. Breytingartillaga [139. mál]

við brtt. á þskj. 365 [Almannatryggingar].

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meginmál tillgr. orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr., skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Nú hefur vísitöluálag á tekjustofna Tryggingastofnunarinnar næstliðið ár verið lægri en vísitöluuppbót á bætur hennar, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að hækka álagið á tekjuliðina um allt að því, sem vísitölumismunurinn nam. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi skv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

Ed. 462. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 51/1951 og gefa síðan þau lög út svo breytt.

Ed. 463. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

a. Við A. 38. Í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ“ komi: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
b. Við B. 19. Í stað orðanna „að Reykholtsdalsvegi“ komi: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.

c. Við B. 67. Liðurinn orðist svo:
Kaldrananesvegur: Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
d. Við C. 27. Í stað orðanna „að Ríp“ komi: um Ríp að Eyhildarholti.
e. Við C. 31. Í stað „Ólafsfjarðar“ komi: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
f. Á eftir D. 7. komi nýr liður, er orðist svo:
Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi á Jökuldal, yfir brú á Jökulsá hjá Hjaðarhaga út Jökuldal að austan og á Austurlandsveg hjá Þrívörðum í Heiðarenda.

Ed. 464. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.
1. Við B. 80. Í stað orðanna „Frá Ísafirði“ komi: Frá Engjavegi, Ísafirði.
2. Við B. 82. Fyrir „Fjarðarvegur“ komi: Fjarðavegur.
3. Í eftir B. 96. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
Arnarfjarðarvegur: Af Barðastrandarvegi á Þingmannaheiði norður til Arnarfjarðar í samband við Þingeyrarveg.

Nd. 465. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1948, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1951.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ásmundur Sigurðsson.
Jón Pálmason. Andrés Eyjólfsson.

Ed. 466. Frumvarp til laga [152. mál]

um skyldu geðveikrahælisins á Kleppi til að taka við óðu fólki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Þangað til sett hafa verið sérstök geðveikralög, svo sem mælt er í lögum nr. 54 frá 1932, skal geðveikrahælinu á Kleppi skylt að veita móttöku fólki, sem skyndilega brjálast og er að dómi héraðslæknis hættulegt umhverfi sínu eða ætla má að fari sér að voða.

Heimilt er sveitarstjórn að flytja slíkan sjúkling á geðveikrahælið, eftir að liðnir eru 2 sólarhringar frá því, að hælinu var tilkynnt með símskeyti eða á annan fullnægjandi hátt um komu sjúklingsins, og er hælinu skylt að annast hann að öllu leyti, þar til hann hefur náð þeim bata að dómi yfirlæknis hælisins, að hann þarfnist ekki slíkrar umönnunar lengur.

2. gr.

Kostnað við flutning þessara sjúklinga skal greiða að ⅘ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅕ hluta úr viðkomandi sveitarsjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn við dvöl þeirra á hælinu samkvæmt gildandi lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hefur að tilhlutan Sambands ísl. sveitarfélaga verið borið fram frumvarp til laga um öryrkjahæli, sem sveitarfélögin kæmu sér upp í sameiningu og rækju sameiginlega. Sýnt er nú, að það frumvarp nær ekki fram að ganga á þessu þingi.

Ein höfuðröksemdin, sem færð hefur verið fram fyrir nauðsyn öryrkjahælis sveitarfélaganna, er sú, að þeim sé þráfaldlega synjað um vist á geðveikrahælinu að Kleppi fyrir það fólk, sem skyndilega brjálast og engin tök eru á að varðveita, svo að öruggt sé, á heimilum eða í venjulegum sjúkrahúsum. Veldur þetta fólk sveitarfélögunum jafnan stórfelldum útgjöldum vegna gæzlu þeirrar, sem hafa verður á því dag og nótt, og eru tilfærð dæmi um það í greinargerðum þeim, sem fylgt hafa frumvarpi Sambands ísl. sveitarfélaga. En auk þessa gífurlega gæzlukostnaðar eru mörg önnur stórfelld óþægindi, einkum í smærri byggðarlögum, þar sem til engra þeirra yfirvalda er að leita, sem beinar skyldur hafa í þessum efnum.

Þótt furðulegt megi teljast, er það svo, að engin ákvæði eru til í lögum um skyldu geðveikrahælis ríkisins til að taka við öðrum sjúklingi og varðveita hann það tryggilega, að hvorki honum sjálfum né öðrum stafi lífshætta af sjúkdómi hans. Er nauðsynlegt að fá slíkt ákvæði tekið í lög, og er frumvarp þetta þess vegna flutt. Af samþykkt frumvarps þessa leiðir það óhjákvæmilega, að koma verður upp nokkrum klefum við sjúkrahúsið á Kleppi til geymslu á hinu óða fólki, meðan sjúkdómur þess er á því stigi, svo að jafnan sé hægt að taka við sjúklingum, sem þannig er ástatt um. Þann kostnað yrði ríkissjóður að bera, og getur hann tæpast orðið mikill samanborið við fjárútlát sveitarfélaganna í þessu efni.

Þegar geðveikralög verða samin, verður að sjálfsögðu rækilega um þetta atriði búið, svo að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

Rétt þykir, að ríkissjóður taki í sama kostnaðarhlutfalli þátt í flutningi óðs manns á geðveikrahæli eins og hann tekur að því er dvöl hans á hælinu snertir, því að flutningur þessa fólks er oftast mjög kostnaðarsamur. Það verður ekki flutt nema í gæzlu fleiri en eins manns, og marghátt aður annar kostnaður er einnig óhjákvæmilegur, þegar svo stendur á.

Nd. 467. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

I. Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
1. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
2. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.
3. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.

II. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

Nd. 468. Frumvarp til laga [99. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign, og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs og út á búpening og verkfæri ⅔ skattmats. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 1 milljón króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu og í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé spariféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1952.

Ed. **469. Frumvarp til laga** [90. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1951 og 2 milljónir króna árlega á árunum 1953—1962, að báðum meðtöldum. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefna frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en ⅔ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 470. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

EOl leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en meiri hluti nefndarinnar vill vísa málinu frá.

ÁÁ óskar þess getið, að hann muni greiða atkvæði með fjárveitingu á fjárlögum, en telji ekki rétt, hvorki í þessu efni né öðru, að ríkissjóði sé gert að skyldu að greiða ótakmarkaðar fjárhæðir, sem aðrir aðilar ákveða.

Meiri hlutinn leggur til, að málið sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykkt hefur verið í sameinuðu Alþingi þingsályktunartillaga um lánveitingar til íbúðabygginga og í trausti þess, að hæstv. ríkisstjórn leggi fyrir þingið tillögur til úrbóta, sem við það miðist, að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Ásgeir Ásgeirsson.	

Ed. 471. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um Fyrningarsjóð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd sendi frumvarp þetta ýmsum til umsagnar. Aðeins tveir, sem frumvarpið var þannig borið undir, sendu umsagnir. Þeir voru: Landssamband ísl. útvegsmanna og Fasteignaeigenda félag Reykjavíkur. Bæði þessi félagssamtök mæla á móti því, að frumvarpið verði samþykkt.

Fjárhagsnefnd klofnaði í afstöðunni til málsins. Flutningsmaður frumvarpsins (GJ), sem á sæti í nefndinni, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Hefur hann þegar gefið út minnihlutaálit á þskj. 396.

Meiri hlutinn telur, að í frumvarpinu komi að vísu fram athyglisverð hugmynd, en lítur hins vegar svo á, að slíkur skyldusparnaður sem frumvarpið gerir ráð fyrir væri — eins og sakir standa — fullkomlega ofraun mörgum, sem samkvæmt frumvarpinu ættu að leggja fé til hliðar. Er þetta álit meiri hlutans í samræmi við skoðun áðurnefndra félagssamtaka, og leyfir meiri hlutinn sér að vitna til umsagna þeirra, sem birtar eru á þskj. 396.

Meiri hlutinn mælir af framangreindum ástæðum á móti því, að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Alþingi, 17. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Brynj. Bjarnason.	

Nd. 472. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið var tekið til umræðu á fundi nefndarinnar í dag. Samþykkti nefndin að mæla með því.

Alþingi, 17. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásgeir Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 473. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóhanni Hafstein og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Bay, Leif Jan Agnar Axel, prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. september 1922 í Danmörku.
2. Eilertsen, Isak Jentoft Dagfin, sjómaður, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1920 í Noregi.
3. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.

Nd. 474. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — EmJ var ekki viðstaddur á fundi nefndarinnar og tók því ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 17. des. 1951.

Jörundur Brynjólfsson, form. Áki Jakobsson, frsm.

Nd. 475. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun fjár úr mótvirðissjóði til atvinnu- og framleiðsluaukningar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég undirritaður legg til, að frv. verði samþykkt, en áskil mér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1951.

Áki Jakobsson.

Ed. 476. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar til þess að Tryggingastofnunin geti á árinu 1952 greitt bætur með fullri uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu án þess að skerða tryggingasjóðinn.

Ed. 477. Lög [114. mál]

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 360.

Ed. 478. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 267.

Nd. 479. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá Jóni Pálmasyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Sparifé, sem lagt er inn í stofnlánadeild samkvæmt 5. gr. og stendur þar 2 ár eða lengur, enda sé um eitt þúsund krónur eða hærri upphæð að ræða, skal endurgreitt með verðuppbót, ef hækkun verður á skattmati búpenings á tímabilinu. Miðast verðuppbótin við hækkun á matsverði á ám og kúm eingöngu.

Lán, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu einnig endurgreidd með sams konar verðuppbót að svo miklu leyti sem þau hafa eigi verið endurgreidd að tveim árum liðnum frá lántökudegi. Skal verðuppbótin reiknuð af afborgunum árlega, eftir því sem verðbreytingin til hækkunar stendur, þá er afborgun fer fram. Þó reiknast eigi verðuppbót af lægri upphæð en 100 krónum.

Nd. 480. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um það að setja í skattalögin ný ákvæði um skattgreiðslu hjóna. Til fjárhagsnefndar hefur einnig verið vísað frumvarpi á þingskjali 27, um breyting á ákvæðum sömu laga um persónufrádrátt, og frumvarpi á þingskjali 236, um nýjar reglur varðandi frádrátt húsnæðiskostnaðar við skattaframtal.

Það er sameiginlegt um öll þessi 3 frumvörp, að samþykkt þeirra hefði í för með sér verulega lækkun á tekjuskatti af háum tekjum, en hins vegar mundu ákvæði þeirra hafa litla þýðingu fyrir þá, sem hafa lágar tekjur, því að tekjuskattur þeirra nemur nú aðeins litlum fjárhæðum.

Tillaga um heildarendurskoðun skattalaganna liggur nú fyrir sameinuðu Alþingi, og má telja líklegt, að þún verði samþykkt. Með skírskotun til þess, er það tillaga meiri hlutans, að frumvarpi þessu, svo og áðurnefndum frumvörpum á þskj. 27 og 236, verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 17. des. 1951.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.

Ed. 481. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Biskup ræður einn prest, aðstoðarprest, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður greiðist honum samkvæmt reikningi, er kirkjustjórnin úrskurðar.

Ed. 482. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Í staðinn fyrir 1.—11. gr. kemur ein grein, er verður 1. gr. og orðast svo:
   Í stað orðanna: „1. janúar 1952“ á tveim stöðum í 3. gr. laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, kemur: 1. janúar 1953.
2. Við 12. gr. (verður 2. gr.). Greinin orðast svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðast svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Ed. 483. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Karli Kristjánssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Hlutafé félagsins skal nema allt að 8 milljónum króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 milljónum króna. Félagi íslenzkra iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga skal heimilt, hverju um sig, að leggja fram 1½ milljón króna í hlutafé, en ½ milljónar króna skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

Ed. 484. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (StgrA) var ekki á fundinum, er málið var afgreitt, og tók því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 17. des. 1951.

Gísli Jónsson, form. frsm.
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson.
Páll Zóphóníasson.

Nd. 485. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Áka Jakobssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.

Nd. 486. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
1. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
2. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.

Ed. 487. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um öryrkjahæli.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Með frv. því, sem hér um ræðir, ef það verður að lögum, er Sambandi ísl. sveitarfélaga heimilað að reisa og reka öryrkjahæli fyrir þá líkamlegu og andlegu öryrkja, sem þeim ber að annast framfærslu á og eigi verður með öðrum hætti séð fyrir viðunanlegum dvalarstað. Er hugsað, að sveitarfélögin leggi fram 35—50 kr. stofngjald fyrir hvern íbúa, að viðbættum 50%, ef nauðsynlegt þætti, en auk þess komi frá ríkissjóði 1.5 millj. kr. í eitt skipti fyrir öll sem stofnkostnaður. Þátttaka ríkissjóðs í rekstri yrði engin, önnur en sú, sem innifalin er í örorkustyrk til vistmanna á hverjum tíma. Ef miðað væri við þá fólkstölu, sem nú er í landinu, og öll sveitarfélög tækju þátt í kostnaðinum, þá mundi Reykjavík greiða í stofnkostnað um 2.8 millj., en önnur sveitarfélög um 3.5 millj., eða alls 6.3 millj. Með ríkisframlagi yrði stofnfé um 7.8 millj. Nú er engin vissa fyrir því, að Reykjavík vildi vera þátttakandi, og verður því að gera ráð fyrir því, að upphæðin lækki niður í 5 millj. kr., nema því aðeins að notuð yrði heimildin til að bæta 50% ofan á stofngjaldið. Er sýnilegt, að þetta eitt út af fyrir sig er allþungur baggi á sveitarfélögin, sem þegar kvarta mjög undan álögum. Hér við bætist, að líkindi eru til, að mjög verulegur halli yrði árlega á rekstrinum, ef marka má afkomu sjúkrahúsa og hæla almennt, og mundu þær upphæðir verða að greiðast af sveitarfélögunum. Það er því engin vissa fyrir því, að heimildarlögin yrðu notuð, þótt frv. yrði gert að lögum, beinlínis vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaganna. En hér kemur einnig ýmislegt fleira til greina. Samkv. greinargerð, sem fylgdi þessu sama frv., er það var borið fram á síðasta Alþingi, voru fyrirliggjandi upplýsingar frá 76 sveitarfélögum um alls 154 persónur, er telja mætti að þyrftu hælisvist, þar sem þær njóta engrar fyrirgreiðslu frá því opinbera. Má þó gera ráð fyrir því, að þessar tölur séu eitthvað

eða allverulega hærri. Flokkast fólk þetta í 7 flokka og þess utan í bæði kynin. Hefur landlæknir fullyrt við nefndina, að gersamlega sé ógerlegt að taka alla þessa flokka á eitt hæli. Yrði þá þegar í upphafi að hafa hælin fleiri, en það mundi auka mjög verulega bæði stofnkostnaðinn og rekstrarkostnaðinn.

Samkvæmt fyrrnefndri greinargerð eru 60 manns af þessum fjölda geðsjúkt fólk, sem beinlínis á heima á geðveikrahæli, 44 fávitar, sem eiga heima á fávitahælum, og 6 ofdrykkjumenn, sem eiga heima á drykkjumannahælum. Er þetta þorri þeirra manna, sem upplýsingar liggja fyrir um. Nefndin hefur einnig fengið upplýst, að á næsta ári verði nýtt fávitahæli tekið í notkun í Kópavogi og að allverulegar upphæðir séu þegar til, sem ákveðnar er til áframhaldandi byggingar fávitahælis, svo að vænta má, að bráðlega verði bætt verulega úr þeim vandræðum, sem snerta þann flokk öryrkja, en þeir eru samkv. fyrrnefndri skýrslu 44. Þá er nú komið fram á Alþingi frv. um að byggja nú þegar hæli fyrir drykkjusjúka menn, en til þess er einnig allmikið fé í sjóði, og er þess því að vænta, að frv. nái fram að ganga og hafizt verði handa um byggingu þess á n. á. Þá er enn fremur komið fram annað frv., er leggur þá skyldu á geðveikrahælið á Kleppi, ef að lögum verður, að taka á móti öllum óðum sjúklingum. Er þetta allt miklu eðlilegra en að sveitarfélögin séu að byggja fyrir þetta fólk sérstök hæli, sem mundi hafa miklu meiri heildarkostnað í för með sér en stækkun þeirra hæla, sem fyrir eru, þar sem því verður við komið.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hraða svo sem unnt er byggingu fávitahælisins í Kópavogi, eins og það er fyrirhugað, og láti enn fremur á næsta ári reisa hæli fyrir drykkjusjúka menn, en vitað er, að fé er fyrir hendi til þessara framkvæmda, og geri enn fremur nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að geðveikrahælið á Kleppi geti jafnan tekið á móti geðveikisjúklingum, sem óðir eru og ekki er unnt að vista í venjulegum sjúkrahúsum eða á heimilum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Gísli Jónsson, frsm.

Finnbogi R. Valdimarsson. — Haraldur Guðmundsson.

Ed. 488. Breytingartillaga [109. mál]

við brtt. á þskj. 411 [Skipun prestakalla].

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við tölul. 2. Annar málsliður falli niður.

Nd. 489. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Ed. 490. Breytingartillögur [87. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr.

1. Í stað „kr. 3.00“ í staflið d. komi: kr. 5.50.
2. Í stað „kr. 1.50“ í staflið e. komi: kr. 3.00.

Nd. 491. Frumvarp til laga [153. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 15% skattsins renni í ríkissjóð, unz greiddar eru að fullu skuldir, er ríkissjóður tekur að sér að greiða vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins.
c. 35% skattsins renni í félagsheimilasjóð og skal varið eftir því, sem fyrir er mælt í l. nr. 77/1947, um félagsheimili.
d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en helmingur til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Innheimta skal skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, og skulu tekjur af því álagi renna til ríkissjóðs. Heimilt er ráðherra að greiða helming af tekjum þessum til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

3. gr.

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, renni í ríkissjóð. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgr. 14. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

4. gr.

Ríkissjóður tekur að sér greiðslu skulda, er myndazt hafa vegna byggingar þjóðleikhússins, gegn endurgreiðslu á þann hátt, er greinir í 1., 2. og 3. gr. þessara laga. Heimilt er ríkissjóði að taka lán innanlands til greiðslu skuldanna.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, telji hann þess þörf, að tekjuskipting milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs þjóðleikhússins samkvæmt a- og b-liðum 1. gr. skuli gilda fyrir árið 1951.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árstekjur af skemmtanaskatti eru áætlaðar 3.4 milljónir króna að núgildandi lagaákvæðum óbreyttum. Þar í er falið sérstakt álag, sem óskipt rennur í byggingarsjóð þjóðleikhússins og nemur um 306 þús. kr. Hinn hluti skemmtanaskattsins, kr. 3 096 000.00, skiptist þannig nú, að rekstrarsjóður leikhússins fær 25% (kr. 773 500.00), byggingarsjóður 32% (kr. 990 080.00), félagsheimilasjóður 35% (kr. 1 080 900.00) og lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn 8% (kr. 247 520.00).

Samkvæmt upplýsingum frá þjóðleikhúsráði og þjóðleikhússtjóra er gert ráð fyrir, að rekstrarhalli leikhússins verði a. m. k. 500 þús. kr. á ári, að fengnum framangreindum tekjum af skemmtanaskatti og þrátt fyrir að leikhúsið sjálft greiðir engan skemmtanaskatt. Verður því að leita nýrra ráða til að tryggja rekstur leikhússins. Stjórn stofnunarinnar hefur leitazt við að draga úr gjöldum eins og hún telur fært. Verð aðgöngumiða verður ekki hækkað frá því, sem nú er. — Menntamálaráðuneytið telur, að eigi beri að draga úr þeim kröfum, sem gerðar eru til þjóðleikhússins, og sé því eigi að svo komnu fært að fækka sýningum og reyna að draga úr kostnaði á þann hátt. Er lagt til, að farin verði sú leið, sem frumvarp þetta felur í sér, að ríkissjóður taki að sér greiðslu byggingarskulda leikhússins og hluti rekstrarsjóð af skemmtanaskattinum aukinn. Byggingarskuldir leikhússins nema rúmlega 10.5 milljónum króna. Þar af eru umsamin lán kr. 6 057 350.00, vextir af þeim allt lánstímabilið kr. 1 662 030.00, óumsamdar skuldir 2.7 millj. kr. og áætlaðir ársvextir af þeim 162 þús. kr. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkissjóður fái í sinn hlut 15% skemmtanaskattsins, unz hann hefur fengið endurgreitt það, sem hann borgar af skuldum leikhússins. Enn fremur fái ríkissjóður 10% álag á skemmtanaskattinn og hagnað viðtækjaeinkasölunnar árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, en þeim tekjum er samkvæmt lögum nr. 65/1950 ætlað að ganga til greiðslu byggingarskuldanna árin 1950—1952.

Um skemmtanaskatt ársins 1951 er að sjálfsögðu ekki vitað til fulls enn þá, en samkvæmt uppgjöri fyrir árið 1950 skiptist skatturinn það ár sem hér segir:

Rekstrarsjóður fékk	kr.	735 261.67
Byggingarsjóður fékk	—	1 086 414.39
Félagsheimilasjóður fékk	—	1 073 138.45
Lestrarfélög og kennslukvikmyndir fengu	—	252 792.56
Samtals	kr.	3 147 607.07.“

Ed. 492. Frumvarp til laga [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
2. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
3. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
4. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
5. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.

6. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
7. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.
8. Husby Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
9. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
10. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
11. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
12. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
13. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
14. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
15. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
16. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
17. Lönning, Filif Olufsen, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
18. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
19. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
20. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
21. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.
22. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
23. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
24. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
25. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
26. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
27. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.

    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
28. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
29. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 493. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 5. gr. Á eftir orðunum „með minnst 6 mánaða fyrirvara“ orðist greinin svo:
Með tilliti til þessa skattfrelsis er stjórn bankans heimilt að taka 1% gjald af sparifénu, og rennur sú upphæð til bankans.

Nd. 494. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi 2.—5. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.
   b. (5. gr.) 24. gr. laga nr. 100/1948 orðist svo:
      Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1952 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra missiri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1952 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra missirisins og tilkynna hann skattgreiðanda fyrir lok júlímánaðar 1952, síðara missirisins fyrir lok októbermánaðar 1952 og janúarmánaðar 1953. Skattur af sölu fyrra missirisins skal síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1952, en hins síðara 1. nóvember 1952 og 1. febrúar 1953. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.
      Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 30 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.
      Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

Ed. 495. Lög [117. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 229.

Nd. 496. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 455.

Nd. 497. Frumvarp til laga [109. mál]

um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*

1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
   Prestssetur: Hof.
3. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Kirkjubær.
4. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ássóknir.
   Prestssetur: Valþjófsstaður.
5. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
   Prestssetur: Desjarmýri.
6. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
   Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*

7. *Vallanes.* Vallaness-, Þingmúla-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
   Prestssetur: Vallanes.
8. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
   Prestssetur í Neskaupstað.
9. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
   Prestssetur á Eskifirði.
10. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. *Heydalir.* Heydala-, Stöðvarfjarðar- og Berunessóknir.
    Prestssetur: Heydalir.
12. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
    Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi.*

13. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
    Prestssetur: Bjarnanes.
14. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
    Prestssetur: Kálfafellsstaður.
15. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
    Prestssetur: Sandfell.
    Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

16. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
17. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
18. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

19. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
20. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
21. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
22. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
23. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
24. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

V. *Árnesprófastsdæmi.*

25. *Hruni.* Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
26. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
27. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar-, Búrfells- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
28. *Hraungerði.* Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.
29. *Selfoss.* Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.
30. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
31. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

32. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
33. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
34. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
35. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
36. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
37. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.

38. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

39.—47. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

VIII. *Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

48. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
49. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
50. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
51. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Ás-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
52. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
53. *Borg.* Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Borg.

IX. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.*

54. *Söðulsholt.* Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Akrasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
55. *Staðastaður.* Staðastaðar-, Fáskrúðarbakka-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
56. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur í Ólafsvík.
57. *Setberg.* Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Setberg.
58. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells-, Breiðabólsstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur í Stykkishólmi.
59. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
60. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Staðarfells- og Dagverðarnessóknir.
Prestssetur: Hvammur.
61. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls- og Skarðssóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

X. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

62. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
63. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
64. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.

65. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
66. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
67. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XI. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

68. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
69. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
70. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
71. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
72. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Suðureyri.

XII. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

73. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
74. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
75. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
76. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
77. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XIII. *Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmi.*

78. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
79. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
80. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
81. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
82. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar-, Víðidalstungu-, Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
83. *Steinnes.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
84. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.

85. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XIV. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*

86. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.
87. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
88. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
89. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
90. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
91. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur-, Hofstaða- og Hofssóknir (Hofsós).
Prestssetur: Hólar.
92. *Barð.* Barðs-, Knappsstaða- og Fellssóknir.
Prestssetur: Barð.

XV. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*

93. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
94. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
95. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
96. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
97. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
98. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
99.—100. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
101. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XVI. *Þingeyjarprófastsdæmi.*

102. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
103. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
104. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Vatnsendi.
105. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar-, Víðihóls- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
106. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
107. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

108. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
109. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
110. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra skipar prest að Þingvöllum að fengnum tillögum biskups og guðfræðideildar Háskóla Íslands. Skal Þingvallapresti skylt án sérstakrar greiðslu að leiðbeina gestum, sem heimsækja staðinn og þess óska, um allt það, er lýtur að örnefnum, helgi hans og sögu. Aldurstakmark í embættisþjónustu gildir ekki hvað viðvíkur þessu embætti.
Prestssetur: Þingvellir.

5. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

6. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

7. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

8. gr.

Biskup ræður einn prest, aðstoðarprest, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður greiðist honum samkvæmt reikningi, er kirkjustjórnin úrskurðar.

9. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

10. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

11. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 10. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

12. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

13. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 7. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.
Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.
Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.
Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.
Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Ed. 498. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og átt viðræður um það við forustumenn Íþróttabandalags Reykjavíkur, sem hafa gefið ýmsar upplýsingar um það, hvernig rekstur töluspjaldahappdrættis sé hugsaður. Happdrætti sem þetta er óþekkt hér á landi og ekki unnt að segja fyrir, hvernig framkvæmd þess fari úr hendi, ef það er rekið í stórum stíl, t. d. í sambandi við kvikmyndasýningar. Hins vegar hafa ungmenna- og íþróttafélög með höndum margs konar skemmtistarfsemi, þar sem auðgert væri að koma þessu happdrætti við og hafa af því nokkrar tekjur. Mundi þá einnig fást nokkur reynsla í þessu efni og væntanlega síðar verða úr því skorið, hvort æskilegt væri að reka happdrættið á eins breiðum grundvelli og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
Nefndin hafði samráð við hv. flutningsmann um afgreiðslu frumvarpsins og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó"-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

Alþingi, 18. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.
Lárus Jóhannesson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson.
H. Guðmundsson.
Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 499. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og athugað umsagnir tryggingafélaga og bifreiðaeigenda, sem sendar voru allsherjarnefnd Nd., en sú nefnd hafði frv. til meðferðar, og er birt hér með til skýringar sem fylgiskjal áætlun um væntanlega iðgjaldahækkun, eins og tryggingafélögin gera ráð fyrir, að hún verði, miðað við hækkun úr 30 þús. kr. tryggingu upp í 100, 150 og 300 þús. kr. tryggingu.

Nefndinni þótti rétt að koma til móts við óskir bifreiðaeigenda um íhlutun um þessi mál með því að gefa þeim bifreiðaeigendafélögum, sem hafa sent Alþingi sameiginleg erindi um þau, tækifæri til að fylgjast með bókhaldi tryggingafélaganna, að því er viðkemur lögboðinni bifreiðatryggingu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað 3. málsl. komi tveir málsliðir, er orðist svo:

Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Laun endurskoðenda skulu greidd af viðkomandi tryggingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Alþingi, 18. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.
Lárus Jóhannesson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson.
H. Guðmundsson.
Finnbogi R. Valdimarsson.

Fylgiskjal.

	30 þús. kr.	100 þús. kr.	150 þús. kr.	300 þús. kr.
1. áhættusvæði:				
Fólksbifreið til einkaafnota	500.00	560.00	580.00	590.00
Fólksbifreið til fólksfl. gegn borgun ..	1 175.00	1 320.00	1 360.00	1 380.00
Vörubifreið til einkaafnota	600.00	675.00	695.00	705.00
Vörubifreið notuð við atvinnurekstur .	875.00	980.00	1 010.00	1 030.00
Vörubifreið til vörufl. gegn borgun ...	1 000.00	1 120.00	1 150.00	1 170.00
Jeep bifreið	600.00	675.00	695.00	705.00
2. áhættusvæði:				
Fólksbifreið til einkaafnota	375.00	420.00	435.00	445.00
Fólksbifreið til fólksfl. gegn borgun ..	875.00	980.00	1 010.00	1 025.00
Vörubifreið til einkaafnota	475.00	535.00	550.00	560.00
Vörubifreið notuð við atvinnurekstur .	675.00	760.00	780.00	790.00
Vörubifreið til vörufl. gegn borgun ..	800.00	900.00	920.00	940.00
Jeep bifreið	475.00	535.00	550.00	560.00
3. áhættusvæði:				
Fólksbifreið til einkaafnota	300.00	340.00	345.00	355.00
Fólksbifreið til fólksfl. gegn borgun ..	725.00	815.00	840.00	850.00
Vörubifreið til einkaafnota	450.00	505.00	520.00	530.00
Vörubifreið notuð við atvinnurekstur .	550.00	620.00	635.00	645.00
Vörubifreið til vörufl. gegn borgun ...	625.00	700.00	720.00	735.00
Jeep bifreið	450.00	505.00	520.00	530.00

Skýringar.

1. áhættusvæði: Bifreiðar skrásettar í Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfirði og Keflavík.
2. áhættusvæði: Bifreiðar skrásettar í Árnes-, Rangárvalla- og Eyjafjarðarsýslu og Akureyri.
3. áhættusvæði: Bifreiðar skrásettar annars staðar á landinu.

Ed. 500. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau. (Varatill. við brtt. á þskj. 365.)

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

Nd. 501. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ í 5. tölulið 21. gr. laganna komi: Samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Síðasta málsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

3. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1952.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952, og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 51/1951 og gefa síðan þau lög út svo breytt.

Sþ. **502. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við 10. gr.	III. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn orðist svo:			
		a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkvæmt launalögum	225 300		
		b. Laun annarra starfsmanna	3 500		
		c. Annar kostnaður	49 800		
					278 600
2.	— 11. —	A. 6. b. (Frá Tryggingastofnun ríkisins). Fyrir „700 000“ kemur			450 000
3.	— 11. —	A. 9. (Landhelgisgæzla). Fyrir „9 259 000“ kemur			9 700 000
4.	— 12. —	V. e. (Berklavarnir, annar kostnaður). Fyrir „80 000“ kemur			160 000
5.	— 12. —	IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús). Fyrir „550 000“ kemur			1 000 000
6.	— 13. —	A. VII. 5. (Ræktunarvegir, Hrísey). Fyrir „4 000“ kemur			8 000
7.	— 13. —	A. XII. (Verkstjóranámskeið). Fyrir „5 000“ kemur			10 000
8.	— 13. —	A. XVI. Nýr liður: Til sveitarfélaganna á Fljótsdalshéraði til kaupa á snjóbíl			20 000
9.	— 14. —	A. II. 5. (Eftirlaun presta og prestsekkna). Fyrir „45 000“ kemur			75 000
10.	— 14. —	B. XIV. 9. b. (Handíðaskólinn, annar kostnaður). Fyrir „20 000“ kemur			35 000
11.	— 15. —	A. IX. 1. (Hið ísl. bókmenntafélag). Fyrir „45 000“ kemur			55 000
12.	— 15. —	A. IX. 4. (Sögufélagið). Fyrir „12 000“ kemur			20 000
13.	— 15. —	A. X. Nýr liður: Til rithöfundasjóðs Kelvins Lindemans enda verði fénu varið til dvalarkostnaðar fyrir skandinaviskan rithöfund hér á landi.			2 500
14.	— 15. —	A. XIII. Nýr liður: Til Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi til sögu- og fræðiiðkana			5 000
15.	— 15. —	A. XXI. 15. Nýr liður: Til Bandalags íslenzkra leikfélaga			20 000
16.	— 15. —	A. XXV. Nýr liður: Til Guðmundar Baldvinssonar, til söngnáms á Ítalíu			8 000
17.	— 15. —	A. XXIX. Nýir liðir:			
		a. Til Kristins Þorl. Hallssonar, til söngnáms í London			8 000
		b. Til Magnúsar Jónssonar, til söngnáms á Ítalíu			8 000
		c. Til Ólafs Jakobssonar, til söngnáms á Ítalíu			8 000
18.	— 15. —	A. XXXIV. Nýir liðir:			
		a. Til menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands, til að halda norrænt blaðamannamót á Íslandi sumarið 1952			25 000
		b. Til Egilsgarðs að Borg á Mýrum			5 000

19. Við 15. gr. B. VIII. 2. (Sjómælingar, annar kostnaður).
Fyrir „175 000“ kemur 250 000
20. — 16. — A. 17. b. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs í Gerðahreppi í Gullbringusýslu 25 000
21. — 16. — A. 32. g. (Sauðfjársjúkdómavarnir, flutningskostnaður).
Fyrir „1 050 000“ kemur 1 410 000
22. — 16. — B. 10. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til fiskideildanna í Norðlendingafjórðungi vegna sjóvinnunámskeiða 40 000
23. — 16. — C. 6. (Bygging iðnskóla).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
24. — 16. — D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „1 360 000“ kemur 1 860 000
25. — 16. — D. XIII. (Brennisteinsrannsóknir).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
26. — 17. — 19. b. Nýr liður:
Til áfengismálaráðunauts 12 000
27. — 17. — 21. Nýr liður:
Til heimilisiðnaðarfélags Íslands, til leiðbeiningarstarfsemi í heimilisiðnaði 12 000
28. — 17. — 24. (Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga).
Fyrir „600 000“ kemur 1 000 000
29. — 17. — 28. (Vatnsveitur).
Fyrir „200 000“ kemur 350 000
30. — 18. — II. a.

a. Eftirfarandi liðir falla niður:
Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsmaður.
Eiríkur Sigfússon, fyrrv. póstur.
Guðbrandur Þorsteinsson, fyrrv. vitavörður.
Ingvar Nikulásson, fyrrv. sóknarprestur.
Stefán Kristinsson, fyrrv. sóknarprestur.

b. Jóhann Scheving, fyrrv. kennari.
Fyrir „2 000“ kemur 3 450.00

c. Jóhannes Jóhannesson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður.
Fyrir „Jóhannesson“ kemur: Jónasson.

d. Matthías Þórðarson, fiskifræðingur.
Fyrir „6 727.50“ kemur 10 000.00

e. Við bætast í stafrófsröð:
Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari 5 000.00
Bjarni Jósefsson, efnafræðingur 8 000.00
Björn Jósefsson, fyrrv. héraðslæknir 8 000.00
Björn Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur 5 000.00
Einar Blandon 3 000.00
Gísli Eiríksson, fyrrv. póstafgreiðslumaður 5 500.00
Guðbrandur Björnsson, fyrrv. sóknarprestur 5 000.00
Haraldur Brynjólfsson, fyrrv. fiskimatsmaður 2 242.50
Jóhann H. Havsteen, fyrrv. fiskimatsmaður 2 000.00
Jón Brandsson, fyrrv. sóknarprestur 5 000.00
Jón Sveinbjörnsson, fyrrv. sendiráðsritari 5 000.00
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskimatsmaður 2 242.50
Ólafur Ó. Lárusson, fyrrv. héraðslæknir 8 000.00
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari 6 500.00

			Sigurður Heiðdal	4 500.00
			Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari	5 000.00
			Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri	4 000.00
			Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	1 000.00
31.	Við 18. gr.	II.	b.	
			a. Camilla Hallgrímsson.	
			Fyrir „2 578.87“ kemur	4 500.00
			b. Helga Stephensen.	
			Liðurinn fellur niður.	
			c. Katrín Sveinsdóttir.	
			Fyrir „2 242.50“ kemur	3 500.00
			d. Kristín Þórarinsdóttir.	
			Fyrir „3 363.75“ kemur	5000.00
			e. Súsanna Friðriksdóttir.	
			Fyrir „2 811.75“ kemur	5 000.00
			f. Við bætast í stafrófsröð:	
			Árný Stígsdóttir	1 690.00
			Guðrún Oddgeirsdóttir	4 000.00
			Guðrún Þorvarðsson	6 500.00
			Hanna Þormar	3 000.00
			Hansína Pálsdóttir	1 500.00
			Lára Guðnadóttir	5 000.00
			Oddný Vigfúsdóttir	5 000.00
			Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5 000.00
			Stefanía Stefánsdóttir	5 500.00
			Valgerður Ólafsdóttir	4 000.00
32.	— 18.	—	V. (Uppbót á lífeyri).	
			a. Fyrir „½% uppbót“ kemur: Helmingur uppbótar.	
			b. Nýr liður:	
			Vísitöluuppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins, barnakennara, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna	575 000
33.	— 19.	—	1. Nýr liður:	
			Vantalin verðlagsuppbót	3 500 000
34.	— 20.	—	Út. IX. 1. Liðurinn orðist svo:	
			Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 800 000
			Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.	
35.	— 20.	—	Út. XVIII. (Lögreglustöð í Reykjavík).	
			Fyrir „150 000“ kemur	250 000
36.	— 22.	—	VII. (Styrkir til hjúkrunar).	
			Fyrir „4 þús. kr.“ kemur: 10 þús. kr.	
37.	— 22.	—	VIII. Nýr liður:	
			Að verja allt að 1 milljón króna til byggingar sementsverksmiðju.	
38.	— 22.	—	IX. Nýr liður:	
			Að greiða hafnarsjóði Húsavíkur vegna samnings við Síldarverksmiðjur ríkisins allt að 240 þús. kr.	
39.	— 22.	—	X. Nýr liður:	
			Að greiða allt að 25 þús. kr. til foreldra Sólheimadrengsins, ef að því ráði yrði hnigið að fara með hann til Bandaríkjanna og koma honum þar á skóla fyrir vansköpuð börn.	

40. Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að lána bændum á harðindasvæðum frá 1949—51 allt að 5 milljónum króna, enda greiðist féð af tekjum ríkissjóðs árið 1951.

41. — 22. — XII. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast lán, allt að 6 milljónum króna, til bygginga hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja.

42. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast nýtt rekstrarlán, að upphæð 700 þús. kr., fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjalundi.

43. — 22. — XVI. Nýir liðir:
a. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af minkum, kr. 23 413.29, er fluttir voru inn frá Kanada á árinu 1946 í því skyni að endurbæta minkastofn landsmanna.
b. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af skólabíl, sem trúbræður 7. dags aðventista hafa gefið söfnuðinum hér til afnota fyrir heimavistarskólann að Vindheimum í Ölfusi.

44. — 22. — XVII. Nýr liður:
Að gefa eftir að einhverju leyti aðstoðarlán úr ríkissjóði, sem veitt voru á árunum 1945—49 til síldarútvegsmanna, er ekki hafa notið eftirgjafar samkvæmt lögum nr. 120 1950.

45. — 22. — XVIII. Nýr liður:
Að endurgreiða Akureyrardeild Rauðakross Íslands aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið.

46. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

Ed. 503. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Með því að samkomulag hefur orðið innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar um, að 8 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs þetta ár verði varið sem hér segir:

1. Til þess að greiða ógreiddan hluta ríkisins til skólabygginga .. 5 millj. kr.
2. Til þess að greiða ógreiddan hluta ríkisins til hafnargerða og lendingarbóta ..... 2 — —
3. Til þess að greiða framlag til veðdeildar Búnaðarbankans ..... 1 — —

þá leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:
4.—7. gr. falla niður, og breytist greinatalan samkv. því.

Alþingi, 18. des. 1951.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 504. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill samþykkja frumv. með þeirri breytingu, að ákvæði þau, sem samþ. voru í neðri deild um, að ¼ hluti skattsins skuli renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, falli niður. — Ég legg hins vegar til, að frumv. verði fellt, þar sem ég tel söluskattinn bæði ranglátan og skaðlegan efnahagslífi þjóðfélagsins.

Ég er einnig andvígur þeirri breytingu, sem meiri hl. nefndarinnar vill gera á frumv., því ef illt á að ske og frumv. verður endanlega samþ., verður ekki um það deilt, að sveitarfélögin hafa brýna þörf fyrir þann ¼ hluta skattsins, sem átti að renna til þeirra samkv. frumv. eins og neðri deild gekk frá því.

Alþingi, 18. des. 1951.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 505. Frumvarp til laga [60. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1952, með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

Við a-lið 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Ed. 506. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hlutafé félagsins skal nema allt að 9 millj. króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 4 millj. króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skulu safna og leggja til hvort um sig 2 millj. króna hlutafé, en 1 millj. króna skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

Ed. 507. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 11. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Árin 1952—1961, að báðum meðtöldum, leggur ríkissjóður fram til iðnlánasjóðs 700 000 kr. árlega, auk þess framlags, sem ákveðið er í lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Ed. 508. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Páli Zóphóníassyni.

(Varatillaga, verði tillaga á þskj. 363 ekki samþykkt.)

Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um Iðnbanka Íslands h.f.

Ed. 509. Lög [83. mál]

um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 241.

Ed. 510. Lög [145. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 430 með þeirri leiðréttingu, að fyrir „*Fjarðarvegur*“ í 1. gr. B., tölul. 82, kemur: *Fjarðavegur*.

Nd. 511. Breytingartillögur [60. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

Sþ. 512. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 13. gr. C. VIII. 26. (Bolungavík).
   Fyrir „60 000“ kemur 260 000
2. Við 14. gr. B. II. Aftan við liðinn bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Af fjárveitingunni skulu 275 þús. kr. veittar námsmönnum sem lán með hagkvæmum kjörum samkv. reglum, er menntamálaráðuneytið setur.
3. Við 14. gr. B. V. Nýr rómv. liður:
   Til menntaskóla á Laugarvatni 100 000
4. Við 17. gr. 7. (Samband ísl. berklasjúklinga).
   Fyrir „⅓ af andvirði Silfurtúns“ kemur: lokagreiðsla vegna Silfurtúns.

5. Við 18. gr. II. a.
   Við bætast í stafrófsröð:
   Ágúst Elíasson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður 3 000.00
   Jón Sveinsson, fyrrv. skattdómari 4 000.00
6. Við 18. gr. II. b.
   a. Helga Finnsdóttir.
      Fyrir „6 727.50“ kemur 12 000.00
   b. Við bætist í stafrófsröð:
      Sólveig Pétursdóttir 5 000.00

Nd. 513. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Framan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   3. gr. laganna orðist svo:
   Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar opinberar skemmtanir: a) Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fé, svo sem stúdentafyrirlestrar. b) Innanfélagsskemmtanir, sem aðeins eru fyrir félaga og gesti þeirra. Ef það sannast, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðast sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki. c) Dansleikir skóla, annarra en dansskóla, og skólafélaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og séu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.
   Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá því að greiða skemmtanaskatt af skemmtunum, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefnum, er miða að almenningsheill, enda fylgi beiðni um slíkar undanþágur reikningsuppgjör fyrir hlutaðeigandi skemmtanir.
   Ráðherra ákveður nánar með reglugerð um framkvæmd þessara undanþága.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Nd. 514. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1948, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 305.

Sþ. 515. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (ÁS).

1. Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir og sjúkrahús).
   Fyrir „550 000“ kemur 1 550 000
2. Við 15. gr. A. XXI. 15. Nýr liður:
   Til Bandalags íslenzkra leikfélaga 30 000
3. Við 15. gr. A. XXXII. Nýr liður:
   Til dvalar íslenzkra stúdenta við Norræna sumarháskólann 25 000
   Til vara 15 000
4. Við 17. gr. 28. (Vatnsveitur).
   Fyrir „200 000“ kemur 500 000
5. Við 20. gr. Út. XII. 1. Nýr liður:
   Til byggingar Kennaraskólans 500 000
6. Við 22. gr. XII. Liðurinn orðist svo:
   Að ábyrgjast eða lána allt að 6 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja.

Nd. 516. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá menntamálaráðherra.

Aftan við 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að ákveða, telji hann þess þörf, að tekjuskipting milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs þjóðleikhússins samkvæmt a- og b-liðum 1. gr. skuli gilda fyrir árið 1951.

Nd. 517. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Emil Jónssyni.

Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fari söluskatturinn fram úr þeirri upphæð, sem áætlað er í fjárlögum, rennur það, sem umfram er, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til skipta í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna.

Nd. 518. Lög [60. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 505.

Sþ. 519. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „41 000 000“ kemur	45 000 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „93 000 000“ kemur	105 000 000
3.	—	2. —	11. (Stimpilgjald). Fyrir „6 000 000“ kemur	7 000 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun. 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „29 251 531“ kemur	31 751 531
5.	—	18. —	II. a. Niður falla eftirtaldir liðir: Ingivaldur Nikulásson, fyrrv. barnakennari. Runólfur M. Jónsson, fyrrv. sóknarprestur. Sigurjón Björnsson, fyrrv. fiskimatsmaður.	
6.	—	22. —	XI. (Lán fyrir raforkusjóð). Fyrir „1½ millj. kr.“ kemur: 8 millj. kr.	
7.	—	22. —	XVI. Nýr liður: Að endurgreiða hafnarsjóði Þorlákshafnar kostnað af lagningu Þorlákshafnarvegar, kr. 262 851.81, á næstu þrem árum með jöfnum afborgunum.	

Sþ. 520. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

I. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 12. IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús).
Fyrir „550 000“ kemur 1 250 000

II. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. X. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

III. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. XI. (Heilbrigðisstofnanir í Reykjavík).
Fyrir „1 000 000“ kemur 3 000 000
Til vara 2 400 000

IV. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 18. Nýr liður:
Hellissandsvegur (Ennisvegur) 200 000
2. — 13. — A. III. 4. (Kársstaðaá).
Fyrir „130 000“ kemur 170 000

V. Frá *Jóni Gíslasyni* og *Jóhanni Hafstein.*
Við 13. gr. A. III. 21. (Kerlingardalsá).
Fyrir „120 000“ kemur 200 000

VI. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 20. (Siglufjörður).
Fyrir „100 000“ kemur 220 000

VII. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 28. (Ólafsvík).
Fyrir „60 000“ kemur 150 000

VIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 14. gr. B. V. Nýr liður:
Til kennslu í 1. bekk menntaskóla á Ísafirði 30 000

IX. Frá *Jóhanni Hafstein.*
Við 14. gr. B. XVI. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 700 000

X. Frá *Gunnari Thoroddsen, Jónasi Árnasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Jóhanni Hafstein.*
Við 14. gr. B. XVI. 2. Nýr liður:
Til byggingar æskulýðshallar í Reykjavík 160 000

XI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Magnúsi Jónssyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XXVI. Nýr liður:
Til dr. Sveins Bergsveinssonar, til rannsókna á íslenzkri hljóðsögu og framburði í íslenzku 15 000

XII. Frá *Lárusi Jóhannessyni* og *Jónasi Árnasyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 4. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).
Fyrir „6 250“ kemur 10 000

XIII. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 13. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „4 500“ kemur 10 000

XIV. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 15. Nýr liður:
Til sýslubókasafnsins á Hvammstanga 2 000

XV. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 21. Nýir liðir:
a. Til bókasafns Dalvíkur 1 000
b. Til bókasafns Hríseyjar 1 000

XVI. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 16. gr. A. 17. b. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Siglufjarðareyri, gegn jafnháu framlagi annars staðar að 100 000

XVII. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 16. gr. D. VI. (Lán til dieselrafstöðva).
1. Við a. Fyrir „500 000“ kemur 800 000
2. Við b. Fyrir „150 000“ kemur 300 000

XVIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Jóhanni Jósefssyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur* og *Ásmundi Sigurðssyni.*
Við 17. gr. 17. b. (Umferðarslysavarnir).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000

XIX. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 17. gr. 24. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 2 000 000
Til vara 800 000

XX. Frá *Sigurði Guðnasyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 17. gr. 30. Nýr liður:
Til atvinnu- og framleiðsluaukningar 9 000 000

XXI. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við 18. gr. II. a. (Gísli Sveinsson).
Fyrir „4 894.00“ kemur 7 394.00

XXII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 20. gr. Út. IX. 2. Nýr liður:
Til viðbótarhúsnæðis á Kleppi 1 000 000
Til vara 600 000

XXIII. Frá *Lúðvik Jósefssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að verja allt að 500 þús. kr. til verðlækkunar á olíum til almenningsrafveitna, sem framleiða raforku með dieselvélum.

XXIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Sigurði Ágústssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að leggja fram 100 þús. kr. aukastyrk til þess að örva leiklistarstarfsemi leikfélaga utan Reykjavíkur, enda úthluti menntamálaráðherra styrknum, og miðist hann við tölu leiksýninga á árinu 1952 á hverjum stað.

XXV. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að verja í samráði við vitamálastjóra fé til að ljúka viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á mannvirkinu 10. des. 1950.

XXVI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Sigurði Bjarnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Gunnari Thoroddsen, Jónasi Árnasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða Finni Jónssyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

XXVII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að taka fé að láni eða taka fé af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1951 til þess að lána bæjar- og sveitarfélögum til útrým-

ingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, og sé lánsupphæðin í hlutfalli við framlög ríkissjóðs samkvæmt lögum.

XXVIII. Frá *Sigurði Ágústssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að greiða Sigurði Birkis, Reykjavík, 20 þús. kr. byggingarstyrk.
Til vara: 15 þús. kr.

XXIX. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að verja allt að 5 milljónum króna til atvinnubóta og atvinnuaukningar í kaupstöðum og kauptúnum, gegn allt að jafnmiklu framlagi frá hlutaðeigandi sveitarsjóðum.
Til vara: allt að 3 milljónum króna.

XXX. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir h/f Skipanaust vegna dráttarbrautar og skipasmíðastöðvar allt að 6 millj. kr. lán (sbr. fjárl. 1949 22. gr. XXXIV.).

XXXI. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að greiða að fullu kostnað við viðgerðir skemmda, sem urðu á hafnargarðinum á Dalvík haustið 1950.

Sþ. 521. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1.	Við 2. gr.	1.	(Tekju- og eignarskattur). Fyrir „41 000 000“ kemur	48 000 000
2.	— 2. —	4.	(Verðtollur). Fyrir „93 000 000“ kemur	106 000 000
3.	— 2. —	5.	(Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „9 500 000“ kemur	10 500 000
4.	— 2. —	9.	(Bifreiðaskattur). Fyrir „3 000 000“ kemur	4 000 000
5.	— 2. —	11.	(Stimpilgjald). Fyrir „6 000 000“ kemur	7 000 000
6.	— 2. —	17.	(Söluskattur). Fyrir „77 000 000“ kemur	98 000 000
7.	— 3. —	A.	Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun, tekjur). Fyrir „59 915 345“ kemur	61 915 345
8.	— 3. —	A.	Sundurliðun. 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „29 251 531“ kemur	32 251 531

Sþ. **522. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni, Pétri Ottesen, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Kristinu Sigurðardóttur, Páli Þorsteinssyni, Halldóri Ásgrímssyni* og *Vilhjálmi Hjálmarssyni.*

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. (Áfengisverzlun ríkisins).
   Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:
   Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 4. (Tóbakseinkasala ríkisins).
   Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:
   Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á tóbaki né annað, nema ákveðin séu í lögum.

II. Frá *Andrési Eyjólfssyni.*

1. Við 13. gr. A. II. a. 11. (Hvítársíðuvegur).
   Fyrir „60 000“ kemur 90 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 12. (Álftaneshreppsvegur).
   Fyrir „80 000“ kemur 90 000
3. Við 13. gr. A. II. a. 13. (Hraunhreppsvegur).
   Fyrir „110 000“ kemur 125 000
4. Við 13. gr. A. II. a. 14. (Þverárhlíðarvegur).
   Fyrir „15 000“ kemur 25 000

III. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*

Við 13. B. II. (Flóabátastyrkir).
Fyrir „850 000“ kemur 1 323 000

IV. Frá *Andrési Eyjólfssyni.*

Við 14. gr. B. XIV. 6. (Skallagrímsgarður).
Fyrir „1 000“ kemur 5 000

V. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 14. gr. B. XXV. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „10 000“ kemur 100 000

VI. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi 100 þús. kr. vegna vélaviðgerðar á árinu 1951.

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Lárusi Jóhannessyni, Steingrími Aðalsteinssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Emil Jónssyni.*

Við 22. gr. X. Nýr liður:
Að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, uppbætur vegna taps á smíðinni, er nemi 25 þús. kr. á minni tegund bátanna, en 35 þús. kr. á þá stærri.

VIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að verja af tekjuafgangi ársins 1951 til eftirtalinna framkvæmda á árinu 1952:
1. Til byggingar íbúðarhúsa samkv. lögum um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og til smáíbúðabygginga 25 millj. kr.
2. Til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva 10 millj. kr.
3. Til raforkuframkvæmda á Vestfjörðum og Austurlandi 6 millj. kr.
4. Til bæjar- og sveitarfélaga til atvinnu- og framleiðsluaukningar 10 millj. kr.
5. Til Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs í Búnaðarbanka Íslands 15 millj. kr.

IX. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að verja allt að 13 millj. kr. til þess að inna af hendi vangreidd framlög ríkissjóðs vegna skólabygginga, hafnarmannvirkja og sjúkrahússbygginga.
2. Að lána Ísafjarðarkaupstað allt að 4 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvers, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 523. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

I. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
Við 11. gr. A. 12. Nýr liður:
Til fangahjálpar, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra 60 000

II. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Hannibal Valdimarssyni, Steingrími Aðalsteinssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 22. gr. VII. Nýr liður:
Að verja allt að 120 þús. kr. til þess að bæta tjón vegna slysfara á Bolungavíkurvegi s. l. sumar.

Sþ. 524. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1952.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 20. gr. Út. XI. 1. Nýr liður:
Til byggingar skólahúss og heimavistar fyrir Menntaskólann í Reykjavík (1. greiðsla) 1 000 000

Nd. 525. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Framan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   3. gr. laganna orðist svo:
Ingveldur Ólafsdóttir	1681.87		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3500.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	3795.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5000.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	3933.00		
Jóhanna Thorlacius	1690.50		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	4830.00		
Jóney Guðmundsdóttir	3363.75		
Júlíana Jónsdóttir	2811.75		
Katrín Sveinsdóttir	3500.00		
Kristín Guðmundsd., ekkja E. Helgasonar	3363.75		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1681.87		
Kristín Pálsdóttir	2811.75		
Kristín Sigurðardóttir	3000.00		
Kristín Thorberg	2070.00		
Kristín Thoroddsen	2070.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5000.00		
Kristjana Benediktsdóttir	2242.50		
Kristólína Kragh	2242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	2242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarp. Þorkelss.	3500.00		
Lára Guðnadóttir	5000.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	13351.50		
Lilja Haraldsdóttir	2760.00		
Líney Sigurjónsdóttir	5054.25		
Lovísa Sveinbjörnsson	17430.00		
Lydia Lúðvíksdóttir	3268.87		
Magdalena Ásgeirsdóttir	690.00		
Margrét Árnadóttir	3363.75		
Margrét Ásmundsdóttir	2242.50		
Margrét Jónasdóttir	3933.00		
Margrét Jónsdóttir	1690.50		
Margrét Lárusdóttir	5175.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2242.50		
Margrét Þórðardóttir	3363.75		
Margrethe Kaldalóns	15749.25		
María Guðlaugsson	4140.00		
Maria J. Klemenz	1690.50		
Marta Þórarinsdóttir	2811.75		
Níelsína Ólafsdóttir	3363.75		
Oddný Vigfúsdóttir	5000.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1121.50		
Ólína Snæbjörnsdóttir	3933.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ólína Þorsteinsdóttir	5606.25		
Ólöf Steingrímsdóttir	2811.75		
Ragnheiður Bjarnadóttir	5606.25		
Ragnheiður Jónasdóttir	10350.00		
Ragnheiður Jónasson	4485.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1690.50		
Ragnheiður Torfadóttir	2242.50		
Rannveig Tómasdóttir	3363.75		
Rigmor Ófeigsson	4485.00		
Rósa Jónsdóttir	1121.50		
Sesselja Eiríksdóttir	1690.50		
Sigríður Arnljótsdóttir	4485.00		
Sigríður Finnbogadóttir	4485.00		
Sigríður Fjeldsted	3363.75		
Sigríður Gísladóttir	1690.50		
Sigríður Guðmundsdóttir	1690.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	8452.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2811.75		
Sigríður Kjartansdóttir	6727.50		
Sigríður Pétursdóttir	5000.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2811.75		
Sigríður Snæbjörnssen	3933.00		
Sigríður Steingrímsdóttir	1121.50		
Sigrún Bjarnason	3363.75		
Sigrún Kjartansdóttir	3933.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	3933.00		
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	1121.50		
Sigurlaug G. Gröndal	2242.50		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5000.00		
Soffía Hjaltested	3363.75		
Sólveig Árnadóttir	1690.50		
Sólveig Eggerz	14257.12		
Sólveig Pétursdóttir	5000.00		
Stefanía Hjaltested	2811.75		
Stefanía Stefánsdóttir	5500.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	2979.94		
Steinunn Jóhannesdóttir	3363.75		
Steinunn Oddsdóttir	2811.75		
Steinunn E. Stephensen	3363.75		
Súsanna Friðriksdóttir	5000.00		
Theódóra Thoroddsen	6727.50		
Unnur Skúladóttir	5606.25		
Valborg Einarsson	5606.25		
Valgerður Benediktsson	20334.36		
Valgerður Ólafsdóttir	4000.00		
Valgerður Sveinsdóttir	3933.00		
Vigdís G. Blöndal	2811.75		
Viktoría Bjarnadóttir	845.25		
Vilborg Torfadóttir	1690.50		
Þóra Sigurðardóttir	1690.50		
Þóra Skaftason	1690.50		

18. gr.

		kr.	kr.
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25		
Þórdís Claessen	14908.59		
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50		
Þórunn Hafstein	2242.50		
Þórunn Pálsdóttir	5606.25		
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50		
Þórunn Þórðardóttir	1035.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00		
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50		
Þuríður Káradóttir	6500.00		
	838432.53		
Verðlagsuppbót	343757.34		
		1 182 190	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur	1690.50		
2. Barn Snorra sál. Halldórssonar, héraðslæknis, Egill Snorrason, f. 2/3 1936	1690.50		
3. Barn Guðna sál. Hjörleifssonar, héraðslæknis, Guðni Ólafur Guðnason, f. 2/2 1936	1690.50		
4. Barn séra Þorsteins sál. Kristjánssonar, Helgi Þorsteinsson, f. 1/3 1936	1690.50		
5. Barn séra Jóns sál. Jakobssonar, Jakob Jónsson, f. 2/12 1936	1690.50		
6. Börn Bergsveins sál. Haraldssonar kennara:			
a. Auður Bergsveinsdóttir, f. 2/3 1936	1690.50		
b. Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 5/1 1942	1690.50		
7. Barn Sigurðar sál Gíslasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 2/3 1939	1690.50		
	13524.00		
Verðlagsuppbót	5544.84		
		19 069	
			3 102 729
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)			6 000 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkv. l. nr. 48/1942 og reglug. 155/1944 6. gr., sbr. reglug. 87/1945 og reglug. 88/1945			700 000
V. Helmingur uppbótar á lífeyri, sbr. 23. gr. fjárlaga			75 000
VI. Vísitöluuppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins, barnakennara, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna			575 000
Samtals		. . .	11 158 231

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		25 000 000
2. Vantalin verðlagsuppbót		3 500 000
3. Til óvissra útgjalda		1 500 000
Samtals ...	. . .	30 000 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	900 000	
2. — 11. — A.	15 000	
3. — 12. —	90 000	
4. — 13. — B.	300 000	
5. — 13. — C.	300 000	
6. — 13. — D.	300 000	
7. — 15. — B.	50 000	
8. — 16. — A.	65 000	
9. — 16. — D.	330 000	
		2 350 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
IV. Lán tekin á árinu vegna fjárskipta		3 000 000
Samtals ...	. . .	5 950 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 17389500		
b. Lán í dönskum bönkum 1161575		
	18551 075	
2. Lán rikisstofnana:		
a. Landssíminn (3. gr. A. 2)	850 000	
		19 401 075
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		7 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		3 820 000
IV. Til kaupa á hlutabréfum í „Áburðarverksmiðjan h.f."		2 500 000
V. Til bygginga á jörðum ríkisins		300 000
VI. Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VII. Til byggingar varðskips		2 400 000
VIII. Til sementsverksmiðju		1 000 000
IX. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 800 000	
Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.		
2. Til byggingar fávitahælis	500 000	
		2 300 000

20. gr.

		kr.	kr.
X.	Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða		900 000
XI.	Til flugvallagerða		1 320 000
XII.	1. Til byggingar heimavistarskólahúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	50 000	
	4. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi	55 000	
			795 000
XIII.	Til byggingar þjóðminjasafns		200 000
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		950 000
XV.	Til byggingar prestssetursbúss á Hólum		100 000
XVI.	Til útihúsa á prestssetrum		300 000
XVII.	Til byggingar sýslumannabústaða		600 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		250 000
XIX.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		150 000
XX.	Til rafveituframkvæmda á Hólum		150 000
XXI.	Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri		150 000
XXII.	Til kaupa á radartækjum í strandferðaskipin ...		320 000
XXIII.	Til kaupa á vatnsréttindum Titans h.f. á Íslandi		1 570 000
XXIV.	Til viðbyggingar Málleysingjaskólans		300 000
XXV.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		150 000
	Samtals ...	. . .	47 076 075

21. gr.

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		287 850 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		84 893 378
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 935 000
5. gr.	Óvissar tekjur		1 500 000
	Samtals ...	. . .	376 188 378

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	376 188 378
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	2 350 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
— IV.	Lán tekin á árinu	3 000 000
	Samtals ...	382 138 378

Yfirlit.

yfirlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		3 783 775
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		438 035
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		3 544 170
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		10 899 264
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	22 600 776	
— B.	Opinbert eftirlit	1 575 686	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	8 562 945	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 250 000	34 989 407
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		24 981 170
13. gr. A.	Vegamál	33 978 221	
— B.	Samgöngur	5 003 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	10 641 205	
— D.	Flugmál	3 582 617	53 205 043
14. gr. A.	Kirkjumál	5 521 442	
— B.	Kennslumál	50 771 722	56 293 164
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	4 222 083	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	5 702 790	9 924 873
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	38 560 859	
— B.	Sjávarútvegsmál	4 981 300	
— C.	Iðnaðarmál	1 701 220	
— D.	Raforkumál	6 807 361	52 050 740
17. gr.	Til félagsmála		41 129 113
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		11 158 231
19. gr.	Óviss útgjöld		30 000 000
	Rekstrarafgangur		43 791 393
	Samtals ...	. . .	376 188 378

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	332 396 985
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	47 076 075
	Greiðslujöfnuður ...	2 665 318
	Samtals ...	382 138 378

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að kaupa íbúð handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

IV. Að kaupa landsspildu og sumarbústað, svonefnt Kóngstún, við Geysi í Haukadal, ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

V. Að kaupa 1.6 ha landsspildu, sem liggur að Keldnalandi, fyrir allt að 32 þús. kr., ef samkomulag næst um verð og greiðsluskilmála.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1949 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VIII. Að verja allt að 2 milljónum króna til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna skv. 13. gr. D.

IX. Að verja allt að 1 milljón króna til byggingar sementsverksmiðju.

X. Að verja í samráði við vitamálastjóra fé til að ljúka viðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík vegna skemmda, er urðu á mannvirkinu 10. des. 1950.

XI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

XIII. Að greiða allt að 25 þús. kr. til foreldra Sólheimadrengsins, ef að því ráði yrði hnigið að fara með hann til Bandaríkjanna og koma honum þar á skóla fyrir vansköpuð börn.

XIV. Að greiða Finni Jónssyni listmálara 30 þús. kr. byggingarstyrk.

XV. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi 100 þús. kr. vegna vélaviðgerðar á árinu 1951.

XVI. Að greiða hafnarsjóði Húsavíkur vegna samnings við Síldarverksmiðjur ríkisins allt að 240 þús. kr.

XVII. Að greiða að fullu kostnað við viðgerðir skemmda, sem urðu á hafnargarðinum á Dalvík haustið 1950.

XVIII. Að taka allt að 8 millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.

XIX. Að ábyrgjast lán, allt að 2 milljónum króna, til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.

XX. Að ábyrgjast lán, allt að 1.6 millj. kr., fyrir fiskiðjuver ríkisins.

XXI. Að ábyrgjast lán, allt að 1½ millj. kr., til greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar Þjóðleikhússins, enda verði tekjur byggingarsjóðs Þjóðleikhússins veðsettar fyrir lánunum.

XXII. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er stjórn Íslenzk-dansks orðabókarsjóðs tekur fyrir hönd sjóðsins til þess að láta ljósprenta orðabók Sigfúsar Blöndals.

XXIII. Að ábyrgjast lán, allt að 6 milljónum króna, til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja.

XXIV. Að ábyrgjast fyrir h/f Skipanaust vegna dráttarbrautar og skipasmíðastöðvar allt að 6 millj. kr. lán (sbr. fjárl. 1949 22. gr. XXXIV.).

XXV. Að ábyrgjast nýtt rekstrarlán, að upphæð 700 þús. kr., fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjalundi.

XXVI. Að lána bændum á harðindasvæðum frá 1949—51 allt að 5 milljónum króna, enda greiðist fé af tekjum ríkissjóðs árið 1951.

XXVII. Að gefa eftir að einhverju leyti aðstoðarlán úr ríkissjóði, sem veitt voru á árunum 1945—49 til síldarútvegsmanna, er ekki hafa notið eftirgjafar samkvæmt lögum nr. 120 1950.

XXVIII. Að endurgreiða og gefa eftir aðflutningsgjöld af fiskiskipum, innfluttum eftir síðustu styrjöld.

XXIX. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum, innfluttum á árunum 1951 og 1952.

XXX. Að endurgreiða Rauðakrossi Íslands aðflutningsgjöld af tveimur sjúkrabifreiðum.

XXXI. Að endurgreiða Akureyrardeild Rauðakross Íslands aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið.

XXXII. Að endurgreiða eða gefa eftir öll aðflutningsgjöld, söluskatt og rafmagnseftirlitsgjöld af geislalækningatækjum, er Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur ákveðið að gefa landsspítalanum.

XXXIII. Að gefa Íþróttabandalagi Reykjavíkur eftir eftirstöðvar af kaupverði íþróttahúss við Hálogaland.

XXXIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af minkum, kr. 23 413.29, er fluttir voru inn frá Kanada á árinu 1946 í því skyni að endurbæta minkastofn landsmanna.

XXXV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af skólabíl, sem trúbræður 7. dags aðventista hafa gefið söfnuðinum hér til afnota fyrir heimavistarskólann að Vindheimum í Ölfusi.

XXXVI. Að endurgreiða hafnarsjóði Þorlákshafnar kostnað af lagningu Þorlákshafnarvegar, kr. 262 851.81, á næstu þrem árum með jöfnum afborgunum.

XXXVII. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

XXXVIII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1952 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III.	flokki	launalaga	10 %
— — —	IV.	—	—	12 —
— — —	V.— IX.	—	—	15 —
— — —	X.—XV.	—	—	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera, á sama tíma, 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1952 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1951 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um bátagjaldeyrisskipulagið.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera undir Alþingi til samþykktar eða synjunar reglur þær, sem hún hefur sett varðandi ráðstöfunarrétt útvegsmanna á gjaldeyri þeim, er þeir fá fyrir tilteknar bátaafurðir, svo og allar breytingar, sem gerðar kunna að verða á þessum reglum.

Greinargerð.

Þegar ljóst var orðið á síðastliðnum vetri, að gengislækkun sú, sem framkvæmd hafði verið vorið 1950, mundi ekki ná þeim tilgangi sínum að tryggja afkomu bátaflotans, greip ríkisstjórnin til þess úrræðis að halda áfram á gengislækkunarbrautinni og lækka krónuna nú óbeint gagnvart verulegum hluta innflutningsins og útflutningsins, og hefur það skipulag verið kennt við bátagjaldeyri. Útflytjendur tiltekinna bátaafurða hafa haft frjálsan ráðstöfunarrétt yfir helmingi útflutningsandvirðisins til kaupa á tilteknum vörutegundum, sem aðeins hefur mátt kaupa fyrir þennan gjaldeyri. Í skjóli þess, að verðlagseftirlit allt með vörum þessum hefur verið afnumið, hafa eigendur gjaldeyrisins selt innflytjendum hann með álagi, sem numið hefur allt að 60%, en þeir hafa síðan lagt gjald þetta á vöruna, auk þess sem þeir hafa jafnframt hækkað álagningu sína gífurlega í kjölfar þess, að verðlagsákvæði hafa verið afnumin.

Ráðstafanir þessar voru svo stórfelldar, að með þeim var í raun og veru tekin upp tvenns konar skráning á íslenzkri krónu. Útflytjendur flestra bátaafurða fá annað verð fyrir þann gjaldeyri, sem þeir eignast, en útflytjendur annarra íslenzkra afurða. Innflytjendur verða að greiða tvenns konar verð fyrir gjaldeyrinn eftir því, hvaða vörur á að kaupa fyrir hann, og neytendur verða að greiða tilteknar vörur miklu hærra verði en svarar til hinnar opinberu gengisskráningar.

Það hlaut að orka mjög tvímælis, hvort slíkt skipulag gæti samrýmzt reglum alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Íslendingar eru aðilar að. Það vakti undrun, að ríkisstjórn sú, sem beitt hafði sér fyrir gengislækkuninni vorið 1950, skyldi fara út á þessa braut, þar eð slíkar ráðstafanir, þ. e. tvöföld skráning á íslenzku krónunni til styrktar tiltekinni útflutningsframleiðslu, höfðu verið fordæmdar mjög eindregið í hagfræðilegri álitsgerð, sem fylgdi gengislækkunarfrumvarpinu sem megin-rökstuðningur fyrir þeim ráðstöfunum, er þar var gert ráð fyrir.

Jafnvel enn furðulegra var þó, að ríkisstjórnin skyldi treysta sér til að gera slíkar ráðstafanir sem þessar sem stjórnarathafnir einvörðungu, þ. e. án þess að Alþingi fjallaði um þær, og það meira að segja rétt eftir að Alþingi lauk. Ríkisstjórnin mun rökstyðja heimild sína til þessara ráðstafana með því, að hér sé í raun og veru aðeins um það að ræða, að útvegsmenn fái hluta af því verði, sem hægt sé að fá

hér innanlands án verðlagseftirlits fyrir vörur þær, sem fluttar eru inn fyrir bátagjaldeyrinn. En í því sambandi verður þess að minnast, að útvegsmenn fá gjald sitt greitt í skjóli þess, að þeim hefur verið veittur einkaréttur til innflutnings vissra vörutegunda og jafnframt heimild til að framselja þennan rétt sinn. Nú er það að vísu svo, að lögum samkvæmt úthlutar ríkisvaldið innflutningsleyfum fyrir þeim vörum, sem innflutningur er ekki frjáls á, og eru það venjulegar stjórnarathafnir, en markmið innflutningsleyfaskipulagsins hefur auðvitað verið að áskilja ríkisvaldinu ákvörðunarrétt um, hversu mikið sé flutt til landsins af hverjum einstökum vöruflokki. Að því er snertir vörurnar á hinum skilyrðisbundna frílista (bátavörulistanum) heldur ríkisvaldið ekki ákvörðunarrétti sínum um, hversu mikið sé flutt inn af hverjum flokki. Ríkisvaldinu er ekki ætlað að hafa nokkur afskipti af því, þótt fluttir væru inn nælonsokkar eða niðursoðnir ávextir fyrir allan bátagjaldeyrinn, ef eigendur hans teldu sér slíkt hagkvæmt. Hlutverk bátavörulistans er það eitt að tryggja, að vara sú, sem á honum er, verði ekki flutt inn fyrir gjaldeyri, sem keyptur er við hinu opinbera gengi, og veita eigendum bátagjaldeyrisins þannig skilyrði til þess að fá hærra verð fyrir sinn gjaldeyri. Hlutverk bátavörulistans og þeirra innflutningsleyfa, sem veitt eru samkvæmt honum, er því að tryggja eigendum tiltekins gjaldeyris hærra gengi en skráð er. Hér er um að ræða gerbreytingu á hlutverki innflutningsleyfakerfisins. Fyrir slíkri beitingu þessa kerfis er ekki hægt að finna stoð í þeim lögum, sem kveða á um takmörkun innflutnings og innflutningsleyfi í því sambandi.

Forsætisráðherra boðaði það í áramótaræðu þeirri, sem hann flutti í útvarpið, að bátagjaldeyrisskipulaginu yrði haldið áfram á ári því, sem nú er nýbyrjað, og að fleiri vörur yrðu settar á bátavörulistann. Alþýðuflokkurinn telur sjálfsagt, að Alþingi fjalli um þetta mál. Með birtingu bátavörureglugerðarinnar á síðastliðnu ári var gengi íslenzkrar krónu í raun og veru lækkað á ný gagnvart tilteknum innflutningi og útflutningi. Nú virðist eiga að halda áfram á sömu braut og sigla þannig hraðbyri í átt til nýrrar almennrar lækkunar á krónunni. Gengisskráningarvaldið er óumdeilanlega í höndum Alþingis. Ef ríkisstjórnin hyggst halda bátagjaldeyrisskipulaginu — sem í fyrra var sagt, að tekið hafi verið upp til bráðabirgða, og gefið var í skyn um, að yrði ekki framlengt — og meira að segja láta það ná til fleiri vörutegunda, án afskipta Alþingis, þá er hún raunverulega að svipta Alþingi hinu eiginlega gengisskráningarvaldi. Svo kann þá að fara eftir stuttan tíma, að hið opinbera gengi, sem Alþingi hefur ákveðið með lögum, verði nafnið eitt, og lagasetning um nýja gengislækkun formsatriði fyrst og fremst, þar eð hin raunverulega gengislækkun hafi þegar verið framkvæmd af ríkisstjórninni með stjórnarathöfnum.

Alþýðuflokkurinn telur, að slíkt megi ekki eiga sér stað. Þær ráðstafanir, sem gera á, verður að ræða á Alþingi fyrir opnum tjöldum, áður en þær eru gerðar. Og Alþingi sjálft verður að taka um þær ákvörðun. Að öðrum kosti er gengið á snið við hinar mikilvægustu lýðræðisreglur.

Nd. 537. Frumvarp til laga [155. mál]

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 38 millj. króna af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir:

1. Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði ..... 15 millj. kr.
2. Að lána byggingarsjóði verkamanna ..... 4 — —

3. Að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, skv. III. kafla laga nr. 44/1946 ..... 4 millj. kr.
4. Að lána til byggingar smáíbúða ..... 4 — —
5. Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir ..... 3 — —
6. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir ..... 5 — —
7. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar ..... 2 — —
8. Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands ..... 1 — —

Vextir af lánum, skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hentara þykir, að lána úr mótvirðissjóði fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið 1. gr., enda sé þá varið jafnháum fjárhæðum af tekjum ríkissjóðs árið 1951 til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verulegur greiðsluafgangur mun verða hjá ríkissjóði árið 1951. Á þessu stigi er ekki hægt að segja nákvæmlega um það, hversu mikill þessi afgangur verður, en þess er vænzt, að hann verði ekki innan við 50 millj. króna. Þar sem fjárþörf til þeirra mála, sem um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps er mjög brýn, hefur ríkisstjórnin talið rétt að fá heimild Alþingis til þess að verja 38 millj. króna af greiðsluafgangi ríkissjóðs svo sem þar greinir. Reyndar hefði ríkisstjórnin talið æskilegra að hægt hefði verið að verja til skuldagreiðslu eða hafa tiltæka stærri fjárhæð af greiðsluafgangi ársins en hægt verður að gera, þegar búið er að ráðstafa því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, einkum þar sem tvísýnt er um afkomuhorfur, en vegna þess hve þörfin er brýn fyrir framlög þau, sem í frumvarpinu eru greind, þykir ríkisstjórninni nauðsyn til bera að leggja fram það fé, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og leitar því heimildar Alþingis.

Ed. 538. Frumvarp til laga [84. mál]

um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó"-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 539. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

36. gr. 1. mgr. laganna orðist svo: Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingafélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingamál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 150000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 300000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum.

2. gr.

36. gr. 2. mgr. orðist svo: Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minna en sem svari 25000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggingafélögum, sem annast bifreiðatryggingar, skal skylt að halda bókhaldi lögboðinna bifreiðatrygginga sérgreindu. Sameiginlegur rekstrarkostnaður tryggingafélagsins skal reiknast hinum lögboðnu bifreiðatryggingum hlutfallslega eftir upphæðum iðgjaldagreiðslna. Reikningar hvers tryggingafélags yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skulu endurskoðaðir af 2 endurskoðunarmönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til þess, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Laun endurskoðenda skulu greidd af viðkomandi tryggingafélagi eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Rekstrarreikning hvers árs yfir lögboðnar bifreiðatryggingar skal tryggingafélag birta í Lögbirtingablaðinu eigi síðar en 1. okt. næsta ár á eftir. Telji endurskoðunarmenn, að á reikning lögboðinna bifreiðatrygginga séu færð gjöld, sem ekki eiga þar heima, ber þeim að gera athugasemdir um það, og séu þær ekki teknar til greina af tryggingafélagi, ber að birta athugasemdirnar í Lögbirtingablaðinu með rekstrarreikningi ásamt svörum félagsins þar að lútandi. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um gerð reikninga tryggingafélaga og endurskoðun þeirra og birtingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1952.

Ed. 540. Lög [33. mál]

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Ed. 4. jan.)

Samhljóða þskj. 400 með þeirri leiðréttingu, að í stað „1. gr. laga þessara“ í 3. gr. kemur: 2. gr. laga þessara.

Ed. 541. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 1. gr. Orðin „tollgreiðslu af ölinu“ falli niður.

Ed. 542. Frumvarp til laga [156. mál]

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt, er heimilt að draga skuldatöp atvinnufyrirtækja, samkv. II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mörg atvinnufyrirtæki, einkum iðnfyrirtæki, hafa orðið fyrir verulegu tjóni í sambandi við skuldaskil útvegsmanna. Þykir sanngjarnt að veita þessum aðilum heimild til að draga töp þessi frá skattskyldum tekjum sínum nokkur næstu ár, þar eð það mundi ekki koma þeim nema að mjög takmörkuðum notum að verða að láta allar hinar töpuðu skuldir koma til frádráttar á einu ári. Er með frumvarpi þessu lagt til að heimila þeim að draga töpin frá skattskyldum tekjum á allt að fimm ára tímabili, en þó þannig, að jafnstór hluti tapanna komi til frádráttar hvert ár.

Þá þykir einnig ósanngjarnt að reikna þessar töpuðu skuldir mönnum til eignar við ákvörðun stóreignaskatts, og er því gert ráð fyrir því, að stóreignaskattur, sem fyrirtæki þessi kunna að eiga að greiða, verði umreiknaður með hliðsjón af skuldatöpunum.

Nd. 543. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Á undan 1. tölul. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   að virkja Sandá í Þistilfirði í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar.
2. Við 2. gr. Í stað „40 millj. kr.“ komi: 52 millj. kr. — og í stað „13,4 millj. kr.“ komi: 17,4 millj. kr.

Ed. 544. Lög [72. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 7. jan.)

Samhljóða þskj. 359.

Nd. 545. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Ágústssyni.

I. Við 1. gr.

1. Við VIII. (Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi).
   a. 53. töluliður breytist þannig, að niður falli Álftártungusókn.
   b. Á eftir tölulið 53 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
      54. *Staðarhraun.* Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.
      Prestssetur: Staðarhraun.
2. Við IX. (Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi).
   Liðurinn orðist svo:
   55. *Miklaholt.* Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
   Prestssetur: Söðulsholt.
   56. *Staðastaður.* Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
   Prestssetur: Staðastaður.
   57. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
   Prestssetur: Ólafsvík.
   58. *Setberg.* Setbergssókn.
   Prestssetur: Setberg.
   59. *Stykkishólmur:* Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
   Prestssetur: Stykkishólmur.
   60. *Breiðabólstaður.* Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
   Prestssetur: Breiðabólstaður.
   61. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir.
   Prestssetur: Kvennabrekka.
   62. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Staðarfells- og Dagverðarnessóknir.
   Prestssetur: Hvammur.
   63. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls- og Skarðssóknir.
   Prestssetur: Hvoll.
   Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.
   Töluliðir frumvarpsins á eftir færast upp samkvæmt þessu.

II. Við 7. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal ..... o. s. frv.

Nd. 546. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 2. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „40 millj. kr.“ komi: 48.8 millj. kr.
   b. Í stað „13.4 millj. kr.“ komi: 16.3 millj. kr.

Ed. 547. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr. Meginmálsgreinin orðist svo:
Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði eigi lægri tollar og skattar greiddir af því öli en af öli, sem framleitt er fyrir notkun almennings innanlands. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað má setja með reglugerð.

Ed. 548. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr. Meginmálsgreinin orðist svo:
Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

Ed. 549. Frumvarp til girðingalaga. [134. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum.

Stórgripagirðingar með einum eða fleiri strengjum skulu ávallt þannig gerðar, að efri brún girðingarinnar sé hvergi minna en 70 cm frá jörðu.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi byggingarlóða eða ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þessum landeigendum er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni; þar kosti viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag girðinguna að jöfnu við lóðar- eða landeiganda.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna.

6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, þannig að afnot girðingarinnar notist ekki að öðrum kosti.

Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir.

Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanrækslа í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá grindin vera að minnsta kosti 3 metra breið á reiðvegi, en 4 metra breið á akfærum vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 550. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 551. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

1. Aftan við VIII, 53 komi nýr liður:
   Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.
   Prestssetur: Staðarhraun.
2. Við IX, 54. Í stað „Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Akrasóknir“ komi: og Kolbeinsstaðasóknir.

Nd. 552. Frumvarp til laga [37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir ⅓ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.

Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 553. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist:

Lánadeild smáíbúðarhúsa og breytist kaflaskipting laganna og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast að koma upp að verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

3. gr.

(39. gr.) Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

4. gr.

(40. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem fé er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til eins smáhýsis en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáhýsis, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

5. gr.

(41. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

6. gr.

(42. gr.) Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

7. gr.

(49. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1946 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Aftan við lögin komi nýtt bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu vera þau, að ársvextir séu 5½ af hundraði og lánstími 20 ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til við Alþingi, að 12 milljónum króna af tekjuafgangi þeim, sem varð hjá ríkissjóði á árinu 1951, skuli varið til lánveitinga í kaupstöðum og kauptúnum til þess að styðja þar að byggingum íbúðarhúsa.

Gert er ráð fyrir, að áðurnefndri upphæð verði varið sem hér segir:

1. Fjórar milljónir króna renni til Byggingarsjóðs verkamanna og verði lánaðar til bygginga verkamannabústaða samkvæmt I. kafla laga nr. 44/1946 um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Fjórum milljónum króna verði varið til að útrýma heilsuspillandi húsnæði í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, samanber þó bráðabirgðaákvæði þessa frumvarps.
3. Fjórum milljónum króna verði varið til að lána fjölskyldum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hyggjast koma sér upp smáíbúðum aðallega með eigin vinnu.

Í lögum nr. 44/1946 eru ákvæði um verkamannabústaði og um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum.

Með frumvarpi þessu er engin breyting gerð á ákvæðum þeirra laga (nr. 44/1946), að því er tekur til verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélaga.

Með lögum nr. 55/1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., var frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 44/1946, en sá kafli fjallar um útrýmingu heilsu-

spillandi húsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Þar er svo fyrir mælt að fresta skuli framlögum og lánveitingum af hálfu ríkissjóðs og sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og skyldu þau ákvæði laganna því aðeins koma til framkvæmda, að sérstök heimild væri veitt til þess í fjárlögum hverju sinni. (Stj.tíð. 1948, bls. 155).

Þegar framkvæmd III. kafla laga nr. 44/1946 var frestað árið 1948, hafði verið varið úr ríkissjóði til lánveitinga samkv. honum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 6.3 milljónum króna. Þar af 5.3 milljónum króna til Skúlagötuhúsanna í Reykjavík og einni milljón króna til Fjarðarstrætishúsanna á Ísafirði.

Með lögum nr. 22/1950 um gengisskráningu o. fl. var ákveðið, að hluti af gengishagnaði þeim, sem til varð við það, að gengi krónunnar var breytt, skyldi að nokkru varið til íbúðabygginga samkv. III. kafla laga nr. 44/1946.

Félagsmálaráðuneytinu hafa verið afhentar af fé þessu 2.3 milljónir króna, og hefur Reykjavík fengið af því fé 1 milljón króna til Bústaðavegshúsanna og Ísafjörður 218 þúsund krónur til að ljúka Fjarðarstrætishúsunum. Þá hefur og Blönduós fengið 50 þúsund krónur og Sauðárkrókur 400 þúsund krónur af fé þessu til að útrýma heilsuspillandi húsnæði á þeim stöðum.

Lán þau, sem til þessa hafa verið veitt til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, hafa verið veitt með þeim kjörum, sem ákveðin eru í 31. gr. laga nr. 44/1946, en þau eru þessi: Ríkissjóður lánar 85% af byggingarkostnaðinum, þar af 75% með 3% vöxtum til 50 ára, en 10% vaxtalaust til sama tíma.

Með bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa er lagt til að frá þeim ákvæðum verði vikið og lánstími verði 20 ár, en ársvextir 5½ af hundraði á því fé, sem nú verður lagt fram til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Á síðustu árum hafa kröfurnar um það, að einstaklingar, sem ekki eiga þess kost að eignast íbúðir í verkamannabústöðum eða byggingarsamvinnufélögum, en reyna að koma sér upp smáhúsum til íbúðar með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar og e. t. v. öðrum styrk ættmenna, nytu nokkurrar hjálpar til þess af opinberri hálfu. Þegar lögin um opinbera aðstoð til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum voru sett, var ekki gert ráð fyrir neinni opinberri aðstoð til slíkra bygginga.

En þar sem nú er fengin nokkur reynsla í þessu efni og vart hefur orðið mikils áhuga meðal fólks í hinum stærri kaupstöðum, og þá einkum í Reykjavík, til þess að leysa húsnæðisvandræði sín á þennan veg, þykir rétt að gerð verði fyrsta tilraun til að styrkja þessa viðleitni með því að festa nokkurt fé með hagkvæmum lánum í slíkum byggingum, og er frumvarp þetta því fyrst og fremst flutt af því tilefni.

Hér er lagt til að bætt verði nýjum kafla inn í lög nr. 44/1946 um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Fjallar kafli þessi um stofnun sérstakrar lánadeidar, er veiti lán til smáíbúðarhúsa, sem menn, er í húsnæðisvandræðum eiga, koma sér upp til eigin íbúðar, að verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Höfuð nýmæli frumvarps þessa er það, að lagt er til, að lán þau, sem hið opinbera veitir til smáíbúða, séu veitt út á 2. veðrétt í húsunum, sem byggð verða, en eiganda sé heimilt að taka út á 1. veðrétt allháa fjárupphæð, áður en lán 2. veðréttar er veitt. Fer þá það lán, sem veitt mun samkvæmt frumvarpi þessu, ef að lögum verður, aðallega til þess að gera mönnum kleift að ljúka byggingu, en það er efnalitlu fólki oft erfiðast að fá slík lán og þess mörg dæmi, að þó menn hafi getað aflað sér nokkurs fjár út á fyrsta veðrétt, hafa engin tök verið á að fá lán út á 2. veðrétt til að fullgera húsið.

Hér á landi hefur þessi leið ekki verið reynd fyrr í lánveitingum hins opinbera í kaupstöðum og kauptúnum. Það hefur jafnan áskilið sér fyrsta veðrétt í þeim eignum, sem lánað hefur verið til, eða ábyrgzt hafa verið lán fyrir. Sums staðar erlendis hefur sá háttur verið upp tekinn á síðari árum að veita hina opinberu aðstoð út á annan veðrétt og heimila, að ákveðin upphæð hvíli á fyrsta

veðrétti á undan láni hins opinbera. Þetta fyrirkomulag hefur verið reynt, t. d. í Finnlandi og hefur gefizt þar mjög vel.

Upphæðir þær, sem í frumvarpinu eru nefndar, eru miðaðar við, að kostnaðarverð hæfilegrar smáíbúðar fyrir 4—6 manna fjölskyldu verði um 120 þúsund krónur og eigandinn leggi fram í vinnu eða á annan hátt um 30 þúsund krónur, geti aflað sér, ef með þarf, allt að 60 þúsund króna eða helming kostnaðarverðs út á fyrsta veðrétt og fái svo 30 þúsund krónur út á annan veðrétt.

Ein höfuðorsök þess, að menn sækja mjög á um að fá að byggja smáíbúðir, er sú, að barnafjölskyldum gengur miklu verr að fá leigt, en barnlausu fólki. Þykir því rétt, að barnafjölskyldur sitji fyrir um lán samkvæmt ákvæðum þessa kafla laganna. Nokkuð hefur einnig á því borið, að ungu fólki, sem hyggst að stofna til hjúskapar, gangi illa að fá húsnæði og verði því oftlega að fresta hjónabandi sínu af þeim sökum. Þykir því rétt að styrkja einnig slíkt fólk, sem þannig sýnir fyrirhyggju og dugnað í því að koma sér upp frambúðarheimili og miða ákvæði 6. gr. frumvarpsins að því að tryggja þetta hvort tveggja.

Að lokum skal það tekið fram, að rétt þykir, að lög nr. 44 1946 verði gefin út í heild, ef frumvarp þetta verður samþykkt.

Fleira en nú hefur sagt verið þykir ekki ástæða til að taka fram.

Ed. 554. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til laga um lánasjóð stúdenta.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað og rætt frv., og var hún sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. jan. 1952.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 555. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Mál þetta hefur nefndin rætt alls á 6 fundum. Kallaði hún til sín til viðræðna flm. frv. og forstjóra fyrir eftirliti með verksmiðjum og vélum og ræddi við þá um frv. í heild og einstök atriði þess. Eftir að þær umræður höfðu farið fram, var málið enn rætt mjög ýtarlega, svo og þær breytingartillögur, sem minni hl. ber hér fram. Nefndin hefur þó ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vegna þess ágreinings, sem orðið hefur um afgreiðslu málsins á undanförnum þingum, þótti undirrituðum rétt að láta koma fram þær breytingar, sem þeir telja að gera þurfi á frv., þótt engin líkindi séu til þess, að tími vinnist til fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, sem hugsað er að ljúki innan skamms. 2. minni hl. (PZ og RÞ) tjáði sig

fylgjandi ýmsum af þessum breytingum, en öðrum ekki, og væri því ekki viðbúinn á þessu stigi að koma fram með víðtækari breytingar eða að mæla með frv. Hann mun því gefa út sérstakt nál. eða gera grein fyrir afstöðu sinni á annan hátt. Einn nefndarmanna (StgrA) hefur ekki tekið afstöðu til málsins. Hefur hann aðeins mætt á 1 fundi, er mál þetta hefur verið til umræðu. Mun hann því einnig gera grein fyrir afstöðu sinni til frv.

Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „einn verkamaður“ í 1. mgr. kemur: 3 verkamenn.
   b. Í stað orðanna „á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða“ í 1. tölulið kemur: á skipum, sem eru undir eftirliti skipaskoðunarstjóra.
   c. Á eftir 4. tölul. kemur nýr töluliður, er orðist svo:
      almenn skrifstofuvinna.
   d. Í staðinn fyrir orðið „öryggismálastjóra“ í 3. mgr. — og hvarvetna síðar í frv. — kemur: forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „einn“ í 2. mgr. kemur: þrjá.
   b. Í stað orðsins „tveim“ í 3. mgr. kemur: fjórum.
   c. Orðin „annar eða“ í 3. mgr. og orðin „hinn eða“ í sömu mgr. falli niður.
   d. Í stað orðsins „öryggiseftirlitinu“ í 3. mgr. — og hvarvetna síðar í frv. — kemur: véla- og verksmiðjueftirlitinu.
3. Við 6. gr. Síðasta mgr. falli niður.
4. Við 7. gr. Aftan við síðari mgr. bætist: enda sé þar viðvörun á áberandi stað, að óviðkomandi sé bannaður aðgangur.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður falli niður.
6. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: nema hún tæki lengri tíma en hálfa klst. fyrir hvern verkamann.
7. Við 10. gr. Orðin „seljandinn eða“ í síðari mgr. falli niður.
8. Við 12. gr. Í stað orðanna „verzlunarstöðum, skrifstofum, við fermingu og affermingu skipa, mannflutninga og aðra flutninga og við aðra starfsemi, eftir því sem ástæða þykir til“ komi: eða við sérhverja aðra starfsemi, sem skylt er að hafa eftirlit með samkv. lögum þessum.
9. Við 13. gr. Í stað tveggja síðustu mgr. komi ein mgr., sem orðist svo:
   Ráðherra setur, að fengnum tillögum forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins, reglugerð um varnir gegn slysum við mannvirkjagerðir, hverju nafni sem nefnast.
10. Við 14. gr. Greinin falli niður.
11. Við 16. gr. Greinin falli niður.
12. Við 17. gr. Greinin falli niður.
13. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur, að fengnum tillögum frá forstjóra véla- og verksmiðjueftirlitsins, reglugerð um skilyrði fyrir réttindum til gæzlu eimkatla og suðukatla. Menn með vélstjóraréttindum skulu þó jafnan hafa rétt til að gæta slíkra áhalda.
14. Við 23. gr. Síðari mgr. falli niður.
15. Við 25. gr. Greinin falli niður.
16. Við V. kafla. Kaflinn (28.—30. gr.) falli niður.
17. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirlit með því, að ákvörðun laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim sé framfylgt, hefur véla- og verksmiðjueftirlit ríkisins. Ráðherra setur eftirlitinu starfsreglur og ákveður starfsmenn þess.

18. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
Forstjóri véla- og verksmiðjueftirlitsins hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni, tryggingalækni Tryggingastofnunarinnar og berklalækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna. Fastráðnir starfsmenn véla- og verksmiðjueftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má að komi í bága við aðalstarfið.
19. Við 33. gr. Greinin falli niður.
20. Við 35. gr.
a. Orðin „stærri" í síðasta málslið fyrri mgr. falli niður.
b. Aftan við greinina komi ný mgr., er orðist svo:
Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum samkv. reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum forstjóra véla- og skipaeftirlitsins.
21. Við 36. gr. Greinin falli niður.
22. Við 45. gr.
a. Í stað 2. og 3. málsl. komi þrír málsliðir, er orðist svo: Þegar að lokinni hinni árlegu skoðun samkv. 35. gr. skal gefa út skoðunarvottorð, er gildi í næstu 12 mánuði, enda hafi þá verið bætt úr þeim ágöllum, er kunna að hafa á verið. Skal eigandi þá jafnframt greiða allt skoðunargjaldið. Getur starfsmaður eftirlitsins stöðvað rekstur fyrirtækisins, sé gjaldið eigi greitt, enda afhendi hann þá eigi skoðunarskírteini.
b. 2. mgr. falli niður.

Alþingi, 8. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 556. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða 500—50000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í reglugerð getur ráðherra sett fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða, þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á að slíkur sjúkdómur hafi komið upp. Enn fremur ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsunarkostnaðar, svo og önnur þau atriði, er þurfa þykir. Í reglugerð má ákveða, að bætur fyrir slátrun gripa og afurðatjón skuli ákveðnar af þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti og verði mati þeirra ekki skotið til yfirmats.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Í lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, eru ekki bein ákvæði, er heimili ráðherra að setja reglugerð um niðurskurð sýktra gripa eða einangrun heimila eða héraða, ef gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar kæmu upp, svo og um bætur fyrir slíkar aðgerðir.

Vegna þeirrar hættu, sem nú er talin á því, að gin- og klaufaveiki kunni að berast til landsins vegna breyttra samgangna, þykir rétt að setja reglugerð um þau atriði, er hér hafa verið nefnd, og annað til varnar gegn veikinni. Hefur slík reglugerð þegar verið samin og mun verða gefin út strax og þessi breyting hefur verið gerð á lögunum. Yrði það einn liður í þeim ráðstöfunum, sem nú eru gerðar til varnar gegn veikinni.

Auk þeirra ráðstafana, sem heimilaðar verða í reglugerðinni, hefur ráðuneytinu tekizt að útvega bóluefni gegn veikinni frá Hollandi, og yrði að sjálfsögðu reynt að hefta útbreiðslu hennar með bólusetningu, ef svo illa tækist til, að veikin kæmi upp hér."

Sþ. 557. Fyrirspurn [159. mál]

til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá Karli Kristjánssyni.

Hvað líður störfum sjö manna nefndarinnar, sem Alþingi með þingsályktun 24. maí 1947 fól þáverandi ríkisstjórn að skipa, „til þess" — eins og í ályktuninni segir — „að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands"?

Má vænta álits og tillagna nefndarinnar innan skamms?

Eða þarf Alþingi að gera nýjar ráðstafanir til þess, að endurskoðun þessi verði framkvæmd?

Ed. 558. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „atvinnufyrirtækja" komi: skattþegna.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „sbr. lög nr. 22 1950" komi: og endurgreiðist sá hluti skattsins, sem til lækkunar kemur samkvæmt þessum frádrætti.

Alþingi, 8. janúar 1952.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson. Brynj. Bjarnason.

Nd. **559. Breytingartillaga** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. XIV. (Skagafjarðarprófastsdæmi).
Fyrir liðina 91 og 92 komi þrír liðir:

a. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Hólar.
b. *Hofsós.* Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur: Hofsós.
c. *Barð.* Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Barð.

Ed. **560. Breytingartillögur** [134. mál]

við frv. til girðingarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Vilji eigandi eða notandi byggingarlóða eða ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þessum landeigendum er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.
2. Við 9. gr. Fyrir orðin „þannig að afnot girðingarinnar notist ekki að öðrum kosti“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Nd. **561. Breytingartillaga** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 7. gr. Orðið „Súgandafirði“ falli niður.

Nd. **562. Breytingartillögur** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. II. (Suður-Múlaprófastsdæmi).

a. Töluliður 11 orðist svo:
Heydalir. Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.

b. Töluliður 12 orðist svo:
Djúpivogur. Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir. Prestssetur á Djúpavogi.

Sþ. 563. Breytingartillögur [103. mál]

við till. til þál. um ræðuritun á Alþingi.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Aftan við tillgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Einnig skorar Alþingi á forseta þingsins og ríkisstjórn að hlutast til um það, að breytt verði útgáfu alþingistíðinda á þann veg, að umræður verði prentaðar án tafar og gefnar út í heftum, eigi sjaldnar en einu sinni í viku á meðan Alþingi er háð.
2. Aftan við fyrirsögn tillögunnar komi: og um breytta útgáfu á umræðuhluta alþingistíðinda.

Sþ. 564. Þingsályktun [80. mál]

um rekstur tunnuverksmiðja ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 9. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við stjórn tunnuverksmiðja ríkisins, að verksmiðjurnar verði í vetur látnar smíða allar þær tunnur, sem gert er ráð fyrir að þurfi að nota næsta sumar og haust, og lagt verði nú þegar allt kapp á að fá nægilegt efni til þessarar framleiðslu.

Nd. 565. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. IX. (Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi).
a. Fyrir „Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi“ kemur: Snæfellsnessprófastsdæmi.
b. Á eftir 58 kemur nýr rómv. liður: X. Dalaprófastsdæmi.
c. Við 59. Liðurinn orðist svo:
Kvennabrekka. Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Snóksdalssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
d. Við 60. Liðurinn orðist svo:
Hvammur í Dölum. Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
e. Við 61. Liðurinn orðist svo:
Staðarhólsþing. Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnessóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

Nd. 566. Breytingartillaga [107. mál]

við tillögu til rökstuddrar dagskrár í málinu: Frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

Tillagan orðist þannig:

Með því að frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur allverulega hækkun á opinberum gjöldum í för með sér, ef að lögum verður, ofan á skatta- og gjaldabyrði, sem er orðin það þung, að leiðréttinga er þörf, en fyrir sameinuðu þingi liggur tillaga til þingsályktunar um heildarendurskoðun á skattalögum og þar á meðal tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga, og þar sem telja má, að sú tillaga hafi stuðning meiri hluta þings og þessi mál verði því í heild endurskoðuð fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 567. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Úr staflið c. í 1. gr. laganna falli niður orðið „ókeypis".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með íþróttalögunum, nr. 25 frá 1940, var lögboðin sundskylda í skólum landsins. Hér í bænum hefur sundkennslan að allverulegu leyti farið fram í Sundhöll Reykjavíkur. Á tímabilinu frá 1. okt. til 20. maí er hún mestmegnis notuð til sundnáms frá kl. 10—16¼ fimm daga í viku hverri (mánud.—föstud.), og á þeim tíma má heita, að hún sé lokuð almennum sundhallargestum.

Vegna ákvæðis þess, sem lagt er til að fellt verði niður með frv. þessu, hefur ríkissjóður neitað að greiða fyrir þessi afnot af sundhöllinni, enda þótt kostnaðurinn vegna þeirra sé mjög mikill og sívaxandi. Heildarkostnaður við sundhöllina nam árið 1950 900 þús. kr., eða 200 kr. á hverja rekstrarstund.

Liggur í augum uppi, að óeðlilegt er, að bæjarsjóður beri einn allan þennan kostnað við framkvæmd íþróttalaganna að þessu leyti, enda munu sundlaugar og sundhallir utan Reykjavíkur fá greiðslur úr ríkissjóði vegna hliðstæðra afnota. Virðist eðlilegt, að gert verði slíkt samkomulag um greiðslu þessa kostnaðar, að hann skiptist milli ríkissjóðs og bæjarsjóðs í sömu hlutföllum og annar kostnaður við skólahald.

Nd. 568. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Á eftir 4. málsgr. 4. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar sem bæjar- eða sveitarstjórnir kosta skipulagsdeildir, er undirbúa eða gera skipulagsuppdrætti samkvæmt lögum þessum, skal gjald það, sem um ræðir í þessari

grein og lagt er á nýbyggingar í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi, renna í bæjar- eða sveitarsjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fyrst og fremst flutt með hliðsjón af kostnaði við skipulagsmál í Reykjavík. Á undanförnum árum hafa skipulagsuppdrættir þar svo til eingöngu verið gerðir af skipulagsdeild bæjarins, og hefur hann einn greitt allan kostnað vegna þessarar starfsemi. Fyrir aðra staði á landinu mun skrifstofa skipulagsstjóra ríkisins hafa annazt þessi störf, og virðist samkvæmt lögunum, að sama máli hefði átt að gegna í Reykjavík. Slíkt hefði þó naumast verið framkvæmanlegt þar vegna hinna miklu og öru framkvæmda. Ljóst er þó, að þessi störf hefðu átt að greiðast af því fé, sem lögum samkvæmt er ætlað til þeirra, en vegna ákvæða laganna hefur það ekki verið gert. Er frumvarpinu ætlað að leiðrétta þetta ástand.

Nd. 569. Frumvarp til laga [162. mál]

um gjald af kvikmyndasýningum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar.

2. gr.

Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur.

3. gr.

Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

4. gr.

Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá numin úr gildi lög nr. 34 22. nóv. 1918, að því leyti sem þau eiga við kvikmyndasýningar.

Greinargerð.

Frv. er flutt að tilhlutan bæjarráðs Reykjavíkur vegna ágreinings, sem kvikmyndahúsin í bænum hafa gert um skyldu sína til að greiða í bæjarsjóð fast gjald fyrir leyfi til kvikmyndasýninga í bænum.

Hinn 5. ágúst 1943 gerði bæjarstjórn Reykjavíkur svofellda samþykkt um fast gjald til bæjarsjóðs af kvikmyndahúsunum:

„Bæjarstjórnin ákveður, að kvikmyndahús bæjarins greiði sýningargjald til bæjarsjóðs, er nemi sem hér segir fyrir hvert sæti í sýningarsal:

Kr. 3.00 á mánuði fyrir allt að 10 sýningar vikulega.
— 4.00 — — — — — 11—16 — —
— 5.00 — — — — — 17 — — og þar yfir.

Gjaldið greiðist með álagi samkvæmt verðlagsvísitölu. Gjalddagar eru 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 31. des. fyrir liðinn ársfjórðung.

.....“

Þessi ályktun var gerð með samþykki eigenda kvikmyndahúsanna, enda greiddu þau gjöld samkvæmt samþykktinni með fullum skilum frá því að hún var gerð til ársloka 1948.

Þegar líða tók á árið 1949 og á árinu 1950 fór að bera á því, að flest kvikmyndahúsin greiddu ekki sætagjaldið skilvíslega, og þar kom að lokum, að þau töldu sig ekki geta greitt það, enda væri vafasamt, að gjaldið hefði stoð í lögum.

Sá ágreiningur leiddi til þess, að gert var sérstakt samkomulag um greiðslu vangoldinna sætagjalda frá 1949—1950, svo og greiðslu á gjaldinu 1951.

Kvikmyndahúseigendur hafa nú sagt upp þessu samkomulagi.

Þykir bæjarráði því æskilegt, að tekin verði af öll tvímæli um rétt bæjar- og sveitarsjóða til að leggja slíkt sérstakt gjald á þennan atvinnurekstur, en ekki mun ágreiningur um sanngirni og réttmæti þess, að bæjar- og sveitarsjóðir hafi allríflegar tekjur af kvikmyndasýningum í umdæminu umfram útsvarstekjur, enda er það alþekkt fyrirbrigði víða um lönd, og reyndar hér undanfarin ár samkvæmt fyrrgreindri samþykkt bæjarstjórnar og samkomulagi við eigendur kvikmyndahúsanna.

Þá er og nauðsynlegt að fá lögtaksrétt fyrir gjaldinu.

Þegar talað er um sveitarsjóð, er að sjálfsögðu bæði átt við sjóði kaupstaða og hreppa.

Nd. 570. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið til athugunar hjá fjárhagsnefnd. Eru nefndarmenn á einu máli um það, að hyggilegt sé að verja erfðafjárskattinum og erfðafé ríkissjóðs fyrst um sinn til þess að koma upp vinnustöðvum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að gera því fólki kleift að vinna fyrir sér, að svo miklu leyti sem starfsgeta þess leyfir. En nefndin telur rétt, að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu til þess að gera fyrirmæli þess ákveðnari en þau eru nú. Í fyrsta lagi telur nefndin rétt, að það sé fram tekið í væntanlegum lögum um þetta efni, að erfðafjárskatturinn og erfðafé renni í sérstakan sjóð, sem verði aðgreindur frá öðru fé, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur í sínum vörzlum. Í öðru lagi virðist eðlilegt, að ákvæði séu í lögunum um það, að heimilt sé að verja fé sjóðsins bæði til lána og styrkveitinga handa þeim aðilum, sem koma upp vinnuhælum og vinnustofum fyrir öryrkja, og að ákveðin sé hámarksupphæð lána og styrkja í hlutfalli við stofnkostnað fyrirtækjanna.

Í frv. er gert ráð fyrir, að veita megi lán til sveitarfélaga eða ákveðinna félagssamtaka, sem setji á stofn vinnuheimili fyrir öryrkja. Nefndin telur einnig rétt, að sett sé í lögin heimild til aðstoðar við einstaklinga, sem setja á fót slíkar stofn-

anir. Einnig virðist geta komið til greina að veita einstökum öryrkjum aðstoð til að afla sér hentugra vinnutækja, sem gætu orðið til að auðvelda þeim leiðina til sjálfsbjargar.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjársjóður, og skal sjóðurinn vera í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr ⅔ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjársjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

Alþingi, 9. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. — Sig. Ágústsson, fundaskr. — Einar Olgeirsson, með fyrirvara.
Ásg. Ásgeirsson. — Jóhann Hafstein.

Ed. 571. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. telur ekki þörf jafnvíðtækra breytinga á frv. og minni hl. (GJ og JJós) leggur til að gerðar verði. Leggur meiri hl. því til, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér rétt til þess að fylgja breytingartillögum.

Hins vegar hefði meiri hl. talið nauðsynlegt, að nánar yrði rannsakað, hvort ekki væri ástæða til að sameina undir eina stjórn — öryggisráð — allt það eftirlit, sem nú er með skipum, verksmiðjum, flugi og bílflutningum í landinu. Með öllu þessu er öryggiseftirlit, sem kostar ærið fé, og telur meiri hl., hvernig sem um afgreiðslu þessa máls fer, að athuga beri, hvort sameining allra þessara öryggismálastofnana mundi ekki gera hvort tveggja, spara ríkissjóði fé og gera eftirlitið virkara og nothæfara fyrir þjóðina í heild.

Alþingi, 10. jan. 1952.

Páll Zóphóníasson, frsm. — Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.
Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 572. Lög [18. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Afgreidd frá Nd. 10. jan.)

Samhljóða þskj. 539.

Nd. 573. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt — nema Ásgeir Ásgeirsson áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Minni hl. (EOl) skilar sérstöku nefndaráliti og flytur breytingartillögur.

Alþingi, 10. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form.	Sig. Ágústsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Ed. 574. Frumvarp til laga [156. mál]

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt, er heimilt að draga skuldatöp skattþegna, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, og endurgreiðist sá hluti skattsins, sem til lækkunar kemur samkvæmt þessum frádrætti, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 575. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir VII. c. í 11. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir, þannig:

d. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m^3.
e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni, kr. 3.00 pr. m^3.

2. gr.

Í stað „1952“ í 3. málsgr. bráðabirgðaákvæða laganna komi: 1954.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 576. Breytingartillaga [134. mál]

við brtt. á þingskjali 560 [Girðingalög].

Frá Karli Kristjánssyni.

Við tölul. 1. Í stað orðanna í upphafi 2. málsl. „þessum landeigendum er skylt“ komi: Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar byggingar- eða ræktunarlóðir, er skylt.

Nd. 577. Frumvarp til girðingalaga. [134. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar með einum eða fleiri strengjum skulu ávallt þannig gerðar, að efri brún girðingarinnar sé hvergi minna en 70 cm frá jörðu.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar

þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi byggingarlóða eða ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar byggingar- eða ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um virgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna.

6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá grindin vera að minnsta kosti 3 metra breið á reiðvegi, en 4 metra breið á akfærum vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Sþ. 578. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um smíði 10 fiskibáta innanlands.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta hefja smíði innanlands á 10 fiskibátum, að stærð 25—60 tonn brúttó, er seldir verði útvegsmönnum með góðum greiðsluskilmálum og vaxtakjörum.

Ef jafnframt skorað á ríkisstjórnina að afla sér lagaheimilda, sem hún telur þurfa til lántöku í sambandi við smíðina og til veitingar stofnlána út á bátana.

Greinargerð.

Nýsköpunarstjórnin hóf smíði á bátum innanlands, og var ætlun hennar að smíða alls 50 báta, 35 tonna og 55 tonna. Þegar hún fór frá í febrúar 1947, var smíði þessari ekki lokið, og var þá smíðinni hætt af stjórn Stefáns Jóhanns, sem tók við völdum. Þó var lokið smíði þeirra báta, sem þá var hafin smíði á. Lokið var smíði 26 báta af þeim 50, sem fyrirhugaðir voru. Bátar þessir hafa allir reynzt mjög vel og útgerð þeirra yfirleitt gengið vel. Smíði þessara báta sannaði, að bátar, sem smíðaðir eru innanlands, reynast betur en bátar keyptir erlendis, jafnvel þótt þeir séu smíðaðir samkv. íslenzkum teikningum. Íslendingar gera yfirleitt hærri kröfur um styrkleika báta en nágrannaþjóðirnar, enda hafa íslenzk-byggðir bátar reynzt betur en erlendir bátar í ofviðrum og stórsjóum. Sérstaklega hafa gamlir bátar keyptir erlendis frá, svo sem gamlir sænskir og danskir bátar, reynzt illa, og hafa sumir þeirra farizt — að því er séð verður — af því, að yfirbyggingar þeirra hafa ekki reynzt nægilega traustar.

Á síðustu 2—3 árum hefur nær alveg tekið fyrir nýsmíði báta hér á landi, þrátt fyrir það þótt ekkert ár líði svo, að ekki gangi margir bátar úr sér. Hefur þetta orðið til þess, að enn hafa verið fluttir inn erlendir bátar til að fylla í skörðin. Það er að sjálfsögðu ótækt að leggja niður smíði báta innanlands, eins og gert hefur verið, einkum vegna þess, hvað íslenzkir bátar hafa reynzt miklu betri en erlendir bátar, og enn fremur og ekki síður vegna þess, að það er því nær ókleift að reka skipasmíðastöðvar til viðgerða á bátaflotanum, sem þó er óhjákvæmilegt, nema þær hafi jafnframt með höndum nýsmíði báta, sem hægt er að láta vinna við milli þess, sem unnið er að viðgerðum, sem getur orðið allt að þrem mánuðum og það oft bezta vinnutíma ársins, þ. e. sumartímann.

Íslenzkir bátar hafa stundum orðið dýrari en bátar byggðir erlendis, en verulega orsök að því eru há aðflutningsgjöld á efni í þá og vélum og tækjum þeirra. Hins vegar hafa þeir yfirleitt orðið miklu ódýrari í rekstri, vegna þess að þeir eru byggðir svo rammbyggilega, að viðhaldskostnaður þeirra er sáralítill sem enginn fyrstu 10 árin, og þegar tekið er tillit til þessa, verða þeir í reyndinni ódýrari en erlendir bátar, sem reynzt hafa dýrir í viðhaldi frá upphafi.

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að koma í veg fyrir, að felldar verði alveg niður innlendar bátasmíðar, sem væri þjóðhagslega mjög skaðlegt. Þörf fyrir nýja báta er mikil eins og nú er og hlýtur ætíð að verða nokkur vegna þess, hve fiskibátar landsmanna týna ört tölunni.

Nd. 579. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr.

1. Við V. 25. (Hruni). Fyrir liðinn koma tveir liðir, þannig:
   a. *Skarð.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
      Prestssetur: Skarð.
   b. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir.
      Prestssetur: Hruni.
2. Við V. 28. (Hraungerði). Fyrir orðin „Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir“ kemur: Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.

Nd. 580. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til laga um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Jóhann Hafstein og Jónas Rafnar voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 11. jan. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Áki Jakobsson, frsm. Emil Jónsson.

Nd. 581. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá Einari Olgeirssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og að lána úr mótvirðissjóði samtals 136 milljónir króna svo sem hér segir:

1.	Til að lána bæjar- og sveitarfélögum til atvinnu- og framleiðsluaukningar samkv. 2. gr. þessara laga	50	millj. kr.
2.	Til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. I. og III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum	20	— —
3.	Til lánveitinga út á smáíbúðir samkv. 3. gr. laga þessara	15	— —
4.	Til Búnaðarbanka Íslands samkv. 4. gr. þessara laga	30	— —
5.	Til að greiða upp í hluta ríkissjóðs af vangreiddum framlögum til skólabygginga, hafnargerða og sjúkrahúsa	10	— —
6.	Til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva	8	— —
7.	Til að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h/f	3	— —

   Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, hvað af þessum upphæðum er veitt af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og hvað úr mótvirðissjóði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lánum þeim, sem veitt eru bæjar- og sveitarfélögum til atvinnu- og framleiðsluaukningar samkv. 1. tölulið 1. gr., skal fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum til að bæta framleiðsluskilyrði þeirra, svo sem til byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og hagnýtingar sjávarafurða og annarra framkvæmda til eflingar atvinnulífinu.
   Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um ráðstöfun þessa fjár. Skal hún gera tillögur til atvinnumálaráðherra um lánveitingar af fé þessu, en ráðherra ákveður síðan um lánveitingu.
   Heimilt er að lána bæjar- og sveitarfélögum fé þetta til 20 ára með 4% ársvöxtum, enda samþykki nefndin ráðstöfun fjárins og tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánunum.
   Heimilt er bæjar- og sveitarfélögum að endurlána einstaklingum og félögum lán þessi, enda sé þá jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnuaukningar á staðnum.

3. Á eftir 2. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (3. gr.) Lán þau, sem veitt eru til smáíbúða samkv. 3. tölul. 1. gr., skulu veitt þeim, sem hafa byggt til eigin nota íbúðir, sem bygging er hafin á árið 1947 eða síðar, enda séu íbúðirnar eigi stærri en 100 fermetrar að gólffleti.
   Lánin skulu veitt til 15 ára með 4% ársvöxtum. Lánsupphæð má nema 30000 kr. á hverja íbúð, en þó aldrei yfir 50% af byggingarkostnaði íbúðar. Til tryggingar lánum þessum skal taka veð í viðkomandi íbúð, og má lán þetta ásamt þeim veðskuldum, sem hvíla á íbúðinni með hærri veðrétti ekki nema meiru en 75% af kostnaðarverði íbúðarinnar.
   b. (4. gr.) Fjárhæð sú, sem rennur til Búnaðarbanka Íslands samkv. 4. tölulið 1. gr., skal skiptast milli hinna þriggja aðaldeilda bankans: byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar — eftir tillögum bankastjórnar bankans og nýbýlastjórnar. Lán þetta skal veitt til 20 ára með 4% ársvöxtum.
   c. (5. gr.) Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd 3. og 4. gr. þessara laga, m. a. um, hvaða skilyrði lántakendur samkvæmt 3. gr. þurfa að uppfylla mat á íbúðunum, ef ágreiningur verður um kostnaðarverð, reglur um útborgun lána, eftir því sem byggingu miðar áfram, og annað, sem þurfa þykir.
   d. (6. gr.) Skuldabréf fyrir lánum samkvæmt lögum þessum skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.
   e. (7. gr.) Ríkisstjórnin getur falið opinberum lánsstofnunum að annast afgreiðslu hinna ýmsu lána samkv. þessum lögum og innheimtu.

Nd. 582. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mæla nefndarmenn með, að það verði samþykkt óbreytt, nema ÁkJ, sem er andvígur málinu.

Alþingi, 11. jan. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas Rafnar.
Emil Jónsson. Áki Jakobsson.

Nd. 583. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 1. gr.
a. Í stað „38 millj. króna“ í 1. málsl. gr. komi: 44 millj. króna.
b. Í stað „4 millj. kr.“ í 2. tölul. gr. komi: 10 millj. kr.
c. Í stað „5½%“ í síðasta málsl. gr. komi: 4%.

Ed. 584. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um skattfrelsi sparifjár.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir frumvarpsgreinunum komi svo hljóðandi

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI:

Sparifé, er staðið hefur inni í innlánsstofnunum, sem tilgreindar eru í 1. gr., óhreyft síðustu sex mánuði áður en fyrsta skattframtal fer fram eftir að lög þessi öðlast gildi, er skattfrjálst í það sinn.

Nd. 585. Frumvarp til laga [93. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allt sparifé landsmanna, sem geymt er til ávöxtunar innanlands á uppsagnarbókum eða innlánsskírteinum í bönkum, opinberum sparisjóðum eða löglegum innlánsdeildum félaga, skal vera skattfrjálst. Sömuleiðis skulu vextir af þessu fé vera skattfrjálsir sem tekjur, ef þeir leggjast við höfuðstólinn.

Skattfrelsi þetta nær þó aðeins til þeirra innstæðna, sem eru óuppsegjanlegar nema með minnst 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir hinu skattfrjálsa fé, þegar þeir telja fram til skatts, og hvar það stendur inni, þótt það eða viðlagðir vextir þess reiknist ekki með við útreikning skattsins.

3. gr.

Forstjórar banka, sparisjóða og innlánsdeilda eru skyldugir að svara tafarlaust fyrirspurnum skattanefnda um upphæð skattfrjálsrar innstæðu framteljanda.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Sparifé, er staðið hefur inni í innlánsstofnunum, sem tilgreindar eru í 1. gr., óhreyft síðustu sex mánuði áður en fyrsta skattframtal fer fram eftir að lög þessi öðlast gildi, er skattfrjálst í það sinn.

Nd. **586. Lög** [37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Afgreidd frá Nd. 11. jan.)

Samhljóða þskj. 552.

Nd. **587. Lög** [87. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Afgreidd frá Nd. 11. jan.)

Samhljóða þskj. 575.

Sþ. **588. Tillaga til þingsályktunar** [164. mál]

um sölu þjóð- og kirkjujarða.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þeim bændum, sem búa á þjóð- og kirkjujörðum, verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar fyrir fasteignamatsverð.

Greinargerð.

Í landinu er mikið af þjóð- og kirkjujörðum. Samkvæmt lögum er landeigandi skyldur til að byggja íbúðarhús á þeim jörðum, sem nauðsynlegt telst að endurbyggja. Þessari lagaskyldu hefur ríkið ekki fullnægt, enda væri það mjög kostnaðarsamt. En til þess að ekki væri með öllu útilokað, að byggt væri á jörðunum, hefur ríkið horfið að því ráði að gefa ábúendum veðleyfi fyrir byggingarláni. Landsetar ríkisins hafa því margir byggt á sinn kostnað og tekið byggingarlán undir eigin nafni, eftir að séð var, að ríkið gat ekki uppfyllt þær skyldur, sem á því hvíla samkvæmt ábúðarlögunum.

Á mörgum jörðum hefur í seinni tíð verið hafin framræsla og landþurrkun í ríkum mæli. Landeiganda ber að standa straum af þeim kostnaði, að svo miklu leyti sem styrkur ríkissjóðs hrekkur ekki til. Hefur það valdið miklum árekstrum og erfiðleikum milli ríkisins og ábúenda þjóð- og kirkjujarða, hvernig snúast beri við þeim útgjaldalið. Ríkið hefur ekki haft fé til að leggja fram í þessu skyni, og hvílir þessi kostnaður því nú á mörgum ábúendum ríkisjarða. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru ætlaðar 150 þús. kr. til að mæta þessum útgjöldum. Mun það tæplega nægja til greiðslu þeirra skulda, sem þegar hefur verið stofnað til, og því ekki fé fyrir hendi til að greiða það, sem unnið verður á þessu ári.

Nokkuð mörg sveitabýli hafa nú þegar fengið rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, þar á meðal þjóð- og kirkjujarðir. Landeiganda ber að greiða heimtaugargjald um leið og rafmagn er leitt heim á býlið. Heimtaugargjaldið er frá 5—15 þús. kr. á býli eftir því, hversu hátt fasteignamat jarðar og húss er. Á fjárlögum er ekkert ætlað fyrir þessum útgjöldum, enda þótt augljóst sé, að ríkið getur ekki skorazt undan að greiða heimtaugargjöld fyrir þau býli, sem eru í eigu þess. Af þessu er ljóst, að ef ríkið uppfyllir lagalegar og siðferðislegar skyldur við ábúendur þjóð- og kirkjujarða, kostar það geysimikil útgjöld fyrir ríkissjóð.

Má því fullyrða, að það er röng stefna fyrir ríkið að halda í þann eignarrétt, sem það hefur á mörgum jörðum í landinu. Það er einnig að öðru leyti þjóðhagslegt tjón, vegna þess að bændur bæta fremur þær jarðir, sem þeir eiga sjálfir, heldur en ef þeir eru leiguliðar, hvort heldur það er hjá ríkinu eða einstaklingum. Þess vegna er lagt til, að ábúendum ríkisjarða verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar. Mundu bændur taka því boði yfirleitt með þökkum og ríkissjóður þannig losna við bagga, sem eðlilegt er að losa hann við að bera.

Ed. 589. Lög [132. mál]

um lánasjóð stúdenta.

(Afgreidd frá Ed. 11. jan.)

Samhljóða þskj. 278.

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um aukningu hótelhúsnæðis.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson,
Ásmundur Sigurðsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita fyrir næsta sumar úrræða til þess að auka hótelhúsnæði í landinu, svo að auðveldara verði að veita viðtöku erlendum ferðamönnum. Í því sambandi verði m. a. athugað, hvort ekki sé unnt að breyta báðum stúdentagörðunum í Reykjavík í hótel yfir sumartímann og búa þá húsgögnum í því skyni. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem stjórn stúdentagarðanna kynni að vilja taka í þessu skyni, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að bæta skilyrði hér á landi til þess að veita viðtöku erlendum ferðamönnum, en höfuðerfiðleikarnir í því sambandi eru skortur á hótelhúsnæði. Ýmis vandkvæði eru að sjálfsögðu á byggingu og rekstri hótela, sem ekki væri hægt að reka nema yfir sumartímann. Hefur því oftlega verið á það minnzt, að rétt væri að hagnýta skólahús og heimavistarhús við skóla í þessu skyni. Sérstakar ráðstafanir þarf þó að gera til þess að unnt sé að nota slíkt húsnæði sem hótelhúsnæði, t. d. varðandi húsbúnað.

En með tilliti til þess, hve brýn þörfin er á aukningu hótelhúsnæðisins, er það lagt til í till. þessari, að ríkisstjórnin leiti sérstakra úrræða þegar fyrir næsta sumar, enda er vitað, að þá er von allmikils ferðamannastraums til landsins, og fyrirsjáanlegir erfiðleikar á að sjá öllum fyrir sómasamlegu hótelhúsnæði. Í tillögunni er sérstaklega bent á, að hagnýta mætti stúdentagarðana í Reykjavík í þessu skyni. Alllengi undanfarið hefur annar þeirra verið rekinn sem hótel um sumartímann, en erfiðleikar hafa verið á að nota þar allt húsnæði sökum húsgagnaskorts. Stjórn stúdentagarðanna mun hafa mikinn áhuga á því að búa garðana góðum húsgögnum vegna stúdentanna, sem þar búa á vetrum. Ef henni væri veitt einhver aðstoð til þess, væri þar fengið hið ákjósanlegasta hótelhúsnæði á sumrum (um 170—180 herbergi), og mætti í sambandi við þá aðstoð semja við stjórn stúdentagarðanna til alllangs tíma um leigu á görðunum sem sumarhótelum.

Ed. 591. Breytingartillaga [153. mál]

við frv. til l. um skyldu geðveikrahælisins á Kleppi til að taka við óðu fólki.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal, ef þörf krefur, gera ráðstafanir til þess að auka við húsnæði geðveikrahælisins á Kleppi, með viðbyggingum eða á annan hátt, svo að jafnan sé hægt að veita viðtöku án tafar sjúklingum þeim, sem um ræðir í 1. grein.

Ed. 592. Frumvarp til laga [166. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1952 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem skammt mun verða frá lokum yfirstandandi þings til þess er reglulegt Alþingi 1952 á að koma saman samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar, 15. febrúar, og eigi virðist brýn þörf þinghalds af nýju þá þegar, er með frumvarpi þessu lagt til að ákveðið verði, að Alþingi skuli koma saman 1. október n. k., hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Nd. 593. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta, sem miðaðir eru við fasteignamat, og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Ákveða má að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sent áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar um að heimilað verði, að skattar til sveitarsjóðs, sem lagðir eru á eftir fasteignamati, verði innheimtir með allt að 400% álagi, og að heimilað verði að hækkun þessi komi til framkvæmda 1952.

Þau rök eru færð fyrir áskoruninni, að skattar þessir hafi að kalla ekkert hækkað að krónutölu síðan 1940, þótt kostnaður við allt, sem þeim er ætlað að standa undir, hafi allt að tífaldast á þessu árabili. Hér er aðeins um það að ræða að færa skattstofn þenna að nokkru til samræmis við verðbreytingar, sem orðið hafa á síðasta tíu ára tímabili. Rétt þykir að undanskilja vatnsskatt þessari hækkun, því að gjaldskrám vatnsveitna hefur víðast hvar verið breytt á síðustu árum og færðar til samræmis við aðrar hækkanir.

Eins og frumvarpið ber með sér, er gert ráð fyrir, að hér sé aðeins um heimild að ræða, sem sveitarstjórnum er í sjálfsvald sett hvort þær nota eða nota eigi. Þá er lagt einnig í þeirra vald að ákveða hundraðshluta álagsins, sem eigi má þó hærri verða en fimmfaldur sá skattur, sem nú er goldinn.

Nd. 594. Breytingartillaga [107. mál]

við brtt. á þskj. 410 [Fasteignamat].

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tölulið 2 bætist þessi orð: þegar um er að ræða eignir, er metnar væru á 300 þús. kr. eða lægra eftir hinu nýja fasteignamati.

Nd. 595. Frumvarp til laga [168. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1949 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr.	211 940 000.00	kr. 209 791 802.85
2.	— — 3. — A. — ..	—	70 300 372.00	— 79 781 652.15
3.	— — 3. — B. — ..	—	10 000.00	— 16 704.92
4.	— — 4. — — ..	—	964 455.00	— 1 420 701.22
5.	— — 5. — — ..	—	1 500 000.00	— 3 919 897.71
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	2 510 000.00	— 111 325 256.90
	Greiðslujöfnuður	—	504 053.00	
		Kr.	287 728 880.00	Kr. 406 256 015.75

	Útborganir:						Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.		fjárlaga	..	kr.	7 303 344.00	kr.	7 905 307.02
2.	— —	8. —		—	..	—	287 344.00	—	366 422.36
3.	— —	9. —		—	..	—	2 315 576.00	—	2 812 367.02
4.	— —	10. —	I.	—	..	—	3 015 167.00	—	4 221 223.03
5.	— —	10. —	II.	—	..	—	385 175.00	—	401 239.00
6.	— —	10. —	III.	—	..	—	2 059 900.00	—	2 981 960.60
7.	— —	11. —	A.	—	..	—	11 756 088.00	—	13 545 551.02
8.	— —	11. —	B.	—	..	—	858 160.00	—	1 165 740.31
9.	— —	11. —	C.	—	..	—	4 986 614.00	—	6 081 796.32
10.	— —	11. —	D.	—	..	—	1 300 000.00	—	1 122 723.27
11.	— —	12. —		—	..	—	14 056 595.00	—	13 867 162.09
12.	— —	13. —	A.	—	..	—	25 651 950.00	—	29 632 939.46
13.	— —	13. —	B.	—	..	—	2 854 000.00	—	5 080 958.06
14.	— —	13. —	C.	—	..	—	8 940 000.00	—	9 868 877.33
15.	— —	13. —	D.	—	..	—	2 128 203.00	—	2 344 229.57
16.	— —	14. —	A.	—	..	—	3 357 050.00	—	3 613 833.47
17.	— —	14. —	B.	—	..	—	28 304 288.00	—	32 871 500.71
18.	— —	15. —	A.	—	..	—	2 619 025.00	—	3 129 008.77
19.	— —	15. —	B.	—	..	—	3 336 183.00	—	3 532 227.50
20.	— —	16. —	A.	—	..	—	20 266 675.00	—	22 937 747.99
21.	— —	16. —	B.	—	..	—	1 176 624.00	—	1 649 687.38
22.	— —	16. —	C.	—	..	—	751 220.00	—	772 211.10
23.	— —	16. —	D.	—	..	—	5 010 690.00	—	4 943 219.99
24.	— —	17. —		—	..	—	26 443 190.00	—	28 397 230.45
25.	— —	18. —		—	..	—	5 840 231.00	—	6 643 699.79
26.	— —	19. —	1.	—	..	—	64 640 000.00	—	73 115 544.19
27.	— —	19. —	2.	—	..	—	6 500 000.00	—	7 022 956.98
28.	— —	19. —	3.	—	..	—	500 000.00	—	5 713 343 19
29.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.		fjárlaga		—	31 085 588.00	—	108 347 866.39
	Mismunur út- og innborgana							—	2 167 441.39
							Kr. 287 728 880.00		Kr. 406 256 015.75

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1949, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 596. Frumvarp til fjáraukalaga [169. mál]

fyrir árið 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1949, eru veittar kr. 14 992 039.10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 44 809 623.51 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 59 801 662.61.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 73 686 782.52.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstmál:

2.	Póststofan í Reykjavík	kr.	258 889.99
3.	Póstafgreiðslur og bréfhirðingar	—	128 058.24
4.	Póstflutningar	—	281 367.55
5.	Önnur gjöld	—	163 266.88
6.	Fyrningar	—	20 114.49
	samtals	kr.	851 697.15

en tekjur urðu kr. 6 061 484.05.

2. Síminn:

1.	Til notendasíma í sveitum	kr.	727 489.49
2.	Til starfrækslu landssímanna:		
	a. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	—	72 963.81
	b. Ritsíminn í Reykjavík	—	148 807.15
	c. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	9 174.69
	d. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	22 751.29
	e. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	110 524.47
	f. Áhaldahúsið	—	8 152.68
	g. Ritsímastöðin á Akureyri	—	141 863.09
	h. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	—	24 503.63
	i. Ritsímastöðin á Ísafirði	—	5 551.48
	j. Símastöðin á Borðeyri	—	29 090.85
	k. Símastöðin í Vestmannaeyjum	—	138 788.33
	l. Símastöðin á Siglufirði	—	38 983.22
	m. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	421 510.53
4.	Viðbót og viðhald stöðva	—	424 373.50
5.	Viðhald landssímanna	—	3 013 613.07
7.	Ýmis gjöld	—	10 647.28
8.	Fyrning húsa og áhalda	—	47 926.09
10.	Almennar tryggingar	—	281 466.90
11.	Viðhald jarðsíma til Keflavíkur og Selfoss	—	98 598.48
	samtals	kr.	5 776 780.03

en tekjur fóru kr. 5 070 582.43 fram úr fjárlagaáætlun.

Eignahreyfingar:

III.	Eignaaukning Landssímans	kr.	2 860 286.93
	samtals	kr.	2 860 286.93

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	202 647.15
2.	Kostnaður við áfengisútsölur	—	76 463.55
4.	Útsvar	—	615 439.23
5.	Flutningskostnaður	—	160 998.74
6.	Vextir og bankakostnaður	—	20 685.82
7.	Fyrning	—	46 277.78
	samtals	kr.	1 122 512.27

af kr. 5 904 788.07 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

3.	Útsvar	kr.	599 019.15
4.	Fyrning	—	58 866.56
	samtals	kr.	657 855.71

af kr. 7 134 135.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

1.	Laun starfsmanna	kr.	299 924.32
2.	Útvarpsefni	—	470 963.38
3.	Skrifstofukostnaður	—	40 051.06
4.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	51 605.34
5.	Til útvarpsstöðva	—	89 473.80
6.	Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	—	38 161.08
8.	Óviss útgjöld	—	82 641.05
10.	Fyrning á húsum, áhöldum og vélum	—	18 658.06
11.	Söluskattur	—	42 375.00
12.	Bifreiðakostnaður	—	94 796.06
13.	Slysatryggingar	—	18 649.20
14.	Rekstrarhalli viðgerðarstofu	—	14 353.20
	samtals	kr.	1 261 651.55

en tekjur fóru kr. 669 104.35 fram úr fjárlagaáætlun.

Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld		kr.	125 953.16

af kr. 521 118.64 brúttótekjum.

Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins:

Gjöld		kr.	127 965.32

af kr. 508 887.12 brúttótekjum.

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

1.	a. Laun framkvæmdastjóra, skrifstofufólks og afgreiðslufólks	kr.	15 581.80
	c. Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna	—	24 911.71
5.	Fyrning	—	26 495.40
6.	Útsvar	—	11 740.86
7.	Söluskattur	—	64 267.00
	samtals	kr.	142 996.77

af brúttótekjum kr. 2 119 775.51.

8. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld		kr.	187 033.41

af kr. 215 132.74 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

9. Landssmiðjan:

Gjöld		kr.	212 932.37

af kr. 215 132.74 tekjum umfram áætlun.

11. Tunnuverksmiðjur ríkisins:
Gjöld ..... kr. 1 153 913.24
en tekjur fóru kr. 1 153 913.24 fram úr fjárlagaáætlun.

12. Olíuflutningaskipið Þyrill:
Gjöld ..... kr. 581 728.30
af kr. 922 269.88 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

13. Bessastaðabú:
Gjöld ..... kr. 27 501.94
af kr. 56 827.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

14. Vífilsstaðabú:
Gjöld ..... kr. 378 832.21
af kr. 410 125.37 brúttótekjum.

15. Kleppsbú:
Gjöld ..... kr. 286 555.01
af kr. 298 733.69 brúttótekjum.

16. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:
Gjöld ..... kr. 275 481.81
af kr. 300 222.30 brúttótekjum.

17. Skólabúið á Hólum:
Gjöld ..... kr. 299 754.28
af kr. 302 040.90 brúttótekjum.

18. Skólabúið á Hvanneyri:
Gjöld ..... kr. 423 480.34
af kr. 482 915.51 brúttótekjum.

19. Innkaupastofnun ríkisins:
Gjöld ..... kr. 1 097 414.23
en brúttótekjur voru kr. 1 091 308.92.

3. gr.
Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs ..... kr. 601 963.02

4. gr.
Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:
Forsetaembættið ..... — 79 078.36

5. gr.
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I.	Stjórnarráðið:		
	1. Til ráðherra	kr.	40 378.01
	2. a.—i. Laun starfsmanna stjórnarráðsins .	—	578 751.71
	j. Annar kostnaður ráðuneytanna	—	303 931.90
	3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald:		
	a. Laun starfsmanna	—	88 386.50
	b. Annar kostnaður	—	72 001.58
	4. Ýmis kostnaður	—	122 606.33

II.	Hagstofan	kr.	16 064.00	
III.	Utanríkismál:			
2.	Sendiráðið í Stokkhólmi	—	21 077.90	
3.	Sendiráðið í London	—	180 736.59	
4.	Sendiráðið í Washington	—	54 518.88	
5.	Sendiráðið í Moskva	—	44 206.00	
6.	Sendiráðið í París	—	57 215.15	
7.	Sendiráðið í Oslo	—	18 649.87	
9.	Aðalræðismannsskrifstofan í New York	—	41 242.70	
10.	Ferðakostnaður	—	97 800.07	
11.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	208 088.28	
12.	Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum	—	210 159.25	
14.	Kostnaður vegna kjörræðismanna	—	6 052.36	
				kr. 2 161 867.08

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1.	Hæstiréttur	kr.	59 700.90	
2.	Borgardómaraembættið í Reykjavík	—	73 861.18	
3.	Borgarfógetaembættið í Reykjavík	—	30 399.73	
4.	Sakadómaraembættið í Reykjavík	—	68 546.80	
5.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík	—	43 359.50	
6.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:			
	a. Laun	—	76 428.00	
	b. Skrifstofukostnaður	—	711 560.17	
8.	Lögreglukostnaður:			
	a. Ríkislögregla	—	324 492.52	
	b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík	—	226 510.80	
10.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík	—	51 638.30	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni	—	85 915.84	
	d. Kostnaður við önnur fangahús	—	23 879.81	
11.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál	—	58 769.50	
12.	Laun sjódómsmanna	—	27 481.00	
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara	—	52 550.50	
14.	Kostnaður við félagsdóm	—	6 253.45	
15.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	—	3 516.85	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði	—	37 111.20	
17.	Kostnaður vegna laga nr. 68/1947, um siglingadóm	—	32 580.00	
18.	Keypt húsgögn handa hæstirétti	—	63 971.45	
				— 2 058 527.50

B. Opinbert eftirlit:

2.	Eftirlit með verksmiðjum og vélum	kr.	39 877.26	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins	—	162 675.47	
4.	Löggildingarstofan	—	40 932.49	
5.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa	—	107 280.00	

7.	Kostnaður við mat á afurðum:			
	a. Fiskmat	kr.	200 250.00	
	c. Kjötmat	—	1 012.50	
	d. Ullarmat	—	1 800.00	
	f. Ferðakostnaður matsmanna	—	10 967.80	
8.	Kostnaður við vörumerkjaskráningu	—	9 397.72	
11.	Eftirlit með sparisjóðum	—	1 980.00	
12.	Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum	—	1 947 543.34	
13.	Húsaleigueftirlit	—	38 058.70	
14.	Kostnaður við embættiseftirlit	—	4 700.10	
15.	Kostn. vegna laga nr. 62/1938, um bókhald	—	22 860.00	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 5/1949, um kjötmat	—	9 877.07	
				kr. 2 599 212.45

C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta:

I.	Tollar:			
	a. Tollstjóraembættið í Reykjavík	kr.	126 254.32	
	b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík	—	274 015.37	
	2. Tollgæzlan utan Reykjavíkur	—	150 607.80	
II.	Skattar:			
	a. Ríkisskattanefnd	—	20 535.48	
	b. Skattstofan í Reykjavík	—	83 366.33	
	c. Skattstofur utan Reykjavíkur	—	150 102.19	
	d. Undirskattanefndir	—	169 143.82	
	e. Yfirskattanefndir	—	109 814.60	
	f. Skattdómaraembættið	—	7 060.00	
	g. Millimatskostnaður	—	4 282.41	
				— 1 095 182.32

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

I.	Landlæknisembættið	kr.	10 080.00	
II.	Laun héraðslækna	—	432 709.75	
III.	Ríkisspítalarnir:			
	A. Landsspítalinn ..... kr. 500 772.15			
	en tekjur umfram áætlun urðu ..... — 893 404.59			
	C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum ..... — 35 961.18			
	en tekjur umfram áætlun urðu ..... — 82 610.07			
IV.	Til berklavarna	—	2 275.03	
VII.	Til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum	—	3 345.67	
VIII.	Styrkur til læknisbúst. og sjúkraskýla	—	1 340.25	
XVI.	Laun kynsjúkdómalæknis	—	2 511.00	
XXIII.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra	—	80 311.96	
XXIV.	Styrkur til Suðureyrar, til að hafa lærða hjúkrunarkonu	—	1 000.00	
XXV.	Greiddar skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar	—	17 000.00	
XXVI.	Kostnaður vegna laga nr. 7/1924, um eftirlit með lyfjabúðum	—	14 468.98	
XXVII.	Kostnaður vegna laga nr. 21/1937, um störf héraðslækna	—	83 281.39	

XXVIII.	Kostnaður vegna laga nr. 14/1942, um læknaráð	kr.	23 700.00	
XXIX.	Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðingu á rottum	—	54 164.71	
XXX.	Greiðsla skv. þingsályktun um læknabifreiðar	—	9 000.00	
				kr. 735 188.74

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	A. Vegamál:			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða	kr.	81 774.78	
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega	—	538 821.46	
	b. Viðhald og endurbætur	—	2 308 166.64	
III.	Brúargerðir	—	409 400.82	
VI.	Til sýsluvega	—	111 485.60	
VIII.	Til ferjuhalds	—	2 761.15	
X.	Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi	—	7 170.92	
XI.	Til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum	—	48 050.26	
XVII.	Til Miðnesvegar	—	160 000.00	
				— 3 667 631.63
	B. Samgöngur:			
I.	Til strandferða	kr.	1 868 773.50	
IV.	Ferðaskrifstofa ríkisins	—	104 111.07	
V.	Til h/f Skallagríms, Borgarnesi, vegna halla á rekstri m/s Víðis	—	40 000.00	
				— 2 012 884.57
	C. Vitamál og hafnargerðir:			
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála	kr.	90 000.73	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	397 281.29	
IV.	Viðhald og endurbætur vitanna	—	72 780.37	
V.	Sjómerki og viðhald sæluhúsa	—	129 518.28	
VII.	Fyrning	—	462 503.68	
XII.	Til viðgerðar á hafnarmannvirkjum í Bakkafirði	—	140 000.00	
XIII.	Til ferjuhafnar við Melgraseyri	—	7 173.50	
XIV.	Til ferjubryggju við Gemlufall	—	22 807.19	
				— 1 322 065.04
	D. Flugmál.			
I.	Stjórn og sameiginlegur kostnaður flugmála	kr.	185 785.42	
II.	Reykjavíkurflugvöllur	—	258 614.48	
V.	Loranstöðin á Reynisfjalli	—	601.82	
VII.	Blindflugskólinn	—	32 573.74	
VIII.	Ferðakostnaður og mælingar	—	49 908.79	
IX.	Flugmálaráðstefnur og alþjóðflugmálastofnunin	—	99 090.07	
X.	Þjálfun nema í flugumferðastjórn	—	3 155.57	

XII.	Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna	kr.	45 749.99		
XIII.	Fjarskiptaþjónusta landssímans	—	56 644.03		
XIV.	Veðurþjónusta	—	6 107.44		
XV.	Ýmis kostnaður	—	34 232.81		
XVI.	Fyrning	—	485 940.79		
XVII.	Til vegagerðar að flugvelli hjá Akri, A.-Hún.	—	25 000.00		
		Kr.	1 283 404.95		
	÷ tekjur umfram áætlun	—	488 718.13		
				kr.	794 686.82

9. gr.

Tl viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	A. Kirkjumál:				
I.	Biskupsembættið	kr.	42 904.32		
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	—	140 981.06		
III.	Til söngmálastjóra þjóðkirkjunnar	—	2 700.00		
VI.	Til málgagns hinnar íslenzku þjóðkirkju fyrir árin 1948 og 1949	—	5 000.00		
VII.	Kostnaður vegna laga nr. 17/1931, um bókasöfn prestakalla	—	266.72		
VIII.	Kostnaður vegna laga nr. 64/1932, um eftirlit með kirkjujörðum	—	7 200.00		
IX.	Kostnaður vegna laga nr. 38/1947, um skipulag og hýsingu prestssetra	—	20 103.40		
X.	Til viðgerðar kirkjunnar að Bessastöðum	—	24 813.76		
XI.	Annar kostnaður vegna kirkju og kirkjugarðs að Bessastöðum	—	7 646.86		
XII.	Til viðgerðar biskupssetursins að Gimli	—	2 850.00		
XIII.	Til kirkjuráðs (vangreidd fjárveiting 1947)	—	1 500.00		
XIV.	Til viðgerðar Stofholtskirkju	—	817.35		
				—	256 783.47
	B. Kennslumál.				
I.	a. Háskólinn	kr.	213 152.55		
	b. Tilraunastöð háskólans að Keldum	—	95 507.10		
III.	Fræðslumálastjóraembættið	—	65 458.64		
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	187 228.65		
V.	Menntaskólinn á Akureyri	—	84 916.89		
VI.	Kennaraskólinn	—	59 874.23		
VIII.	Vélstjóraskólinn	—	25 215.00		
X.	Búnaðarkennsla:				
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	27 126.62		
XIII.	Almenn barnafræðsla:				
	1. Laun kennara í föstum skólum	—	1 287 066.60		
	5. Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum	—	19 588.07		
	7. Til fyrrv. barnakennara	—	1 800.00		
	8. Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla	—	42 745.00		

	10. Endurgreiðsla á ¼ af rekstrarkostnaði barnaskólanna	kr.	116 204.96	
XIV.	Gagnfræðamenntun:			
	1. Alþýðuskólinn á Eiðum	—	42 879.67	
	2. Til héraðs- og gagnfræðaskóla	—	1 980 515.74	
	9. Til Handiðaskólans, kennaradeilar	—	50 427.37	
XV.	Húsmæðrafræðsla:			
	1. Til húsmæðraskóla	—	628 300.14	
	3. Til húsmæðrakennaraskóla	—	340.60	
	4. Til námsstjóra	—	20 562.80	
XVI.	Til íþróttamála:			
	1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins	—	5 400.00	
	3. Til Íþróttasambands Íslands, vegna framkvæmdarstjórnar	—	12 000.00	
	7. Til ferðakennslu í íþróttum	—	7 761.76	
XVII.	Til kennslu heyrnar- og málleysinga	—	14 216.90	
XXVIII.	Til ransókna á þroska íslenzkra skólabarna	—	11 280.00	
XXX.	Styrkur til húsmæðraskólans á Hallormsstað, til vefnaðarkennslu	—	5 000.00	
XXXI.	Byggingarstyrkir til húsmæðraskóla í Hveragerði og að Löngumýri í Skagafirði	—	50 000.00	
XXXII.	Til Alþýðuskólans í Reykjavík	—	3 000.00	
XXXIII.	Til Samvinnuskólans í Reykjavík, vegna ársins 1947	—	32 886.10	
				kr. 5 090 455.39

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

I.	Landsbókasafnið	kr.	17 370.00	
II.	Þjóðskjalasafnið	—	11 970.00	
III.	Þjóðminjasafnið	—	16 499.00	
IV.	Náttúrugripasafnið	—	25 300.00	
VI.	Safnahúsið	—	13 454.47	
VII.	Styrkur til bókasafna og lesstofa:			
	7. Til bókasafnsins í Bíldudal	—	2 400.00	
	9. Til iðnbókasafns í Reykjavík	—	2 500.00	
	15. Til sýslubókasafns á Blönduósi	—	6 000.00	
	17. Til sýslubókasafna	—	10 350.00	
	30. Til lesstofu á Ísfirði	—	1 250.00	
IX.	Til skálda, rithöfunda og listamanna	—	29 340.00	
XXII.	Til listasafns Einars Jónssonar	—	41 404.64	
XXV.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	43 202.47	
XXVI.	Til umbóta á Þingvöllum	—	84 050.44	
XXIX.	Til Gunnl. Ó. Scheving málara, til að fullgera vinnustofu	—	15 000.00	
XXX.	Byggingarstyrkir til málaranna Sveins Þórarinssonar og Örlygs Sigurðssonar	—	30 000.00	
XXXI.	Keypt blaða- og handritasafn Helga Tryggvasonar	—	270 000.00	
				— 620 091.02

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:

I.	Til atvinnudeildar háskólans	kr.	191 677.30	
IV.	Til Veðurstofu Íslands	—	20 804.77	
V.	Til jöklamælinga	—	24 181.49	
VII.	Til sjómælinga	—	39 893.24	
VIII.	Til húsameistara ríkisins	kr.	43 458.00	
				kr. 320 014.80

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

A. Landbúnaðarmál:

1.	Til Búnaðarfélags Íslands	kr.	35 271.00	
3.	Til búreikningaskrifstofu	—	5 389.00	
4.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum	—	909 461.49	
14.	Til sandgræðslu	—	2 880.00	
20.	Til loðdýraræktar	—	2 520.00	
21.	Til dýralækninga	—	10 777.50	
22.	Til kláðalækninga	—	36 924.69	
23.	Kostnaður vegna sauðfjárveiki	—	1 330 000.00	
25.	Kostnaður vegna laga nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar	—	266 00	
26.	Kostnaður vegna laga nr. 28/1940, um friðun hreindýra	—	4 007.50	
27.	Kostnaður vegna laga nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	—	2 572.50	
28.	Kostnaður vegna laga nr. 89/1941, um eyðingu svartbaks	—	1 743.85	
29.	Kostnaður vegna laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði	—	6 300.83	
30.	Kostnaður vegna laga nr. 20/1943, um búfjártryggingar	—	190 000.00	
31.	Kostnaður vegna laga nr. 113/1945, um fyrirhleðslu Héraðsvatna	—	103 057.23	
32.	Kostnaður vegna laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins	—	28 045.76	
33.	Kostnaður við jarðeignir ríkisins	—	14 017.69	
34.	Framræsla lands á ýmsum stöðum	—	75 926.99	
				— 2 759 162.03

B. Sjávarútvegsmál:

1.	Til Fiskifélags Íslands	kr.	39 210.00	
5.	Til haf- og fiskirannsókna	—	7 676.74	
6.	Kostnaður vegna laga nr. 79/1947, um að reisa síldarverksmiðjur fyrir Austurlandi	—	257 500.00	
7.	Til hreinsunar í Hvalfirði	—	175 000.00	
				— 479 386.74

C. Iðnaðarmál:

9.	Styrkur til 6. norræna yrkiskólaþingsins	kr.	91.10	
10.	Kostnaður vegna laga nr. 96/1938, um iðnaðarnám	—	8 000.00	
11.	Kostn. vegna laga nr. 100/1938, um iðnráð	—	14 400.00	
				— 22 491.10

D. Rarorkumál:

I.	Stjórn raforkumála	kr.	95 844.58	
II.	Rannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir	—	58 115.44	
III.	Rafmagnsveitur ríkisins	—	264 795.67	
X.	Styrkur til rafveitna samkvæmt lögum	—	485 000.00	
XI.	Kostn. við jarðhitarannsóknir á Reykjanesi	—	2 029.50	
				kr. 905 785.19

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Tillag til bjargráðasjóðs	kr.	625 50	
2.	Til alþýðutrygginga	—	233 440.76	
7.	Til Sambands ísl. berklasjúklinga	—	4 440.00	
9.	Kostnaður við barnaverndarráð	—	8 211.75	
14.	Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi	—	500.00	
17.	Til hjálpar nauðstöddum Ísl. erlendis	—	7 877.84	
23.	Til vinnumiðlunar	—	27 076.98	
25.	Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna	—	630 695.11	
28.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna 1948 og 1949	—	280 058.38	
29.	Greiðsla með börnum erlendra manna, lög nr. 80/1947	—	820 280.90	
31.	Tillag til International Labour Organization	—	2 081.80	
32.	Tillag til Sameinuðu þjóðanna	—	18 288.74	
33.	Tillag til Food and Agricultural Organization	—	12.50	
34.	Tillag til World Health Organization	—	237.15	
35.	Örorkubætur til Gunnars K. Guðmundssonar úr Breiðdal	—	22 000.00	
36.	Kostn. vegna laga nr. 97/1941, um ófriðartryggingar	—	1 375.00	
37.	Kostnaður vegna laga nr. 109/1943, um hlutatryggingarfélög	—	12 929.29	
38.	Kostnaður vegna laga nr. 80/1947, um framfærslu	—	102 043.94	
39.	Til Alþjóðasambands lútherskra kirkna 1947—1949	—	2 000.00	
40.	Til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu 1948 og 1949	—	34 935.35	
41.	Til Alþjóðaslysavarnasambandsins	—	107.00	
42.	Til Alþjóðahvalveiðiráðs	—	2 635.10	
				— 2 211 853.09

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

I.—II.	Eftirlaun og styrktarfé	kr.	69 295.16	
III.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	—	637 544.27	
IV.	Framlag ríkissjóðs samkvæmt reglugerð 24. nóvember 1944	—	7 858.27	
V.	Verðlagsuppbót af greiðslu úr lífeyrissjóði	—	7 367.40	
VI.	Kostnaður vegna laga nr. 114/1940, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	81 403.69	
				— 803 468.79

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Til dýrtíðarráðstafana	kr. 8 475 544.19	
2.	Til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests árið 1948	— 522 956.98	
3.	Óviss útgjöld	— 1 618 518.16	
4.	Greitt tap síldarverksmiðja á vinnslu Hvalfjarðarsíldar veturinn 1947—1948	— 3 300 000.00	
5.	Kostnaður vegna laga nr. 110/1943, um olíugeyma o. fl.	— 1 847.68	
6.	Kostnaður vegna laga nr. 58/1947, um Egilsstaðakauptún	— 23 902.25	
7.	Kostnaður vegna laga nr. 100/1948, um fiskábyrgðarnefnd	— 93 000.00	
8.	Kostnaður vegna Alþingissögu	— 22 505.26	
9.	Viðhald húsa og annarra mannvirkja að Bessastöðum	— 73 304.16	
10.	Ýmiss kostnaður vegna Bessastaða	— 6 127.53	
11.	Andvirði vélbáts vegna Bessastaða	— 12 000.00	
12.	Afskrifaðar skuldir námsmanna o. fl. frá styrjaldarárunum	— 49 308.15	
13.	Kostnaður vegna sölu v/s Nanna	— 12 830.00	
			kr. 14 211 844.36
		Samtals kr.	44 809 623.51

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1949. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1949 sýnir, að undanskilinni 9. gr.

Undanfarin ár (1946 til 1948 incl.) hefur fjármálaráðuneytið, í samráði við yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, samið fjáraukalagafrumvarpið í öðru formi en áður tíðkaðist, þ. e. a. s. með sama sniði og frumvarp til laga um samþykkt á ríkisreikningnum, þannig að vísað er í ríkisreikninginn um sundurliðun umframgreiðslnanna, en í sjálft frumvarpið er einungis tekin ósundurliðuð sú fjárhæð gjaldahliðarinnar, sem er umfram gjaldahlið fjárlaganna. Fjáraukalagafrumvarpið varð, þannig úr garði gert, yfirlitsgleggra og samning þess og prentun hafði mun minni kostnað í för með sér.

Nú hefur Alþingi óskað þess, að ráðuneytið semdi frumvarp til fjáraukalaga með sama sniði og áður var, og hefur ráðuneytið orðið við þessum tilmælum.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1949.

Nd. 597. Nefndarálit [134. mál]

við frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, sem var flutt í efri deild af landbúnaðarnefnd þeirrar deildar, hefur nefndin rætt á tveimur fundum og borið saman við gildandi lög. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með tveim smábreytingum, er hér fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Síðasti málsliður orðist þannig:
   Stórgripagirðingar, sem einstakir menn setja upp í heimalöndum, séu ávallt þannig gerðar, að minnst 65 cm séu frá jörðu upp að vírstreng.
2. Við 14. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá hliðið vera að minnsta kosti 3 metra breitt á reiðvegi, en 4 metra breitt á akfærum vegi.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Ásmundur Sigurðsson.
Andrés Eyjólfsson. Jón Pálmason.

Nd. 598. Frumvarp til laga [170. mál]

um innflutning og sölu á jólatrjám.

Flm.: Jónas Árnason, Gylfi Þ. Gíslason, Ásgeir Bjarnason, Jónas Rafnar.

1. gr.

Landgræðslusjóður hefur einkarétt til innflutnings og sölu á jólatrjám og trjágreinum til skreytingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Innflutningur og sala á trjám og greinum til jólagleði hér á landi hefur lengstum verið í höndum einkafyrirtækja, en árið 1950 varð á sú breyting, að landgræðslusjóður fékk hlutdeild í þessari starfsemi. Sjóðurinn sá þá um þriðjunginn af heildarinnflutningnum og hagnaðist tiltölulega vel af, eða um rúmar 47 þús. kr. Hitt féll í hlut tveggja einkafyrirtækja. Um seinustu jól varð ekkert úr þessum innflutningi af ástæðum, sem allir þekkja.

Það þarf ekki að kynna landgræðslusjóð fyrir alþingismönnum. Hann var stofnaður með samskotum árið 1944 og hefur það takmark að efla skógrækt og aðra landgræðslu. Fjárhagur hans hefur ekki verið eins góður og skyldi; þó hafa félög ýmiss konar og samtök fengið lán úr honum til landgræðslu víða um héruð, og er hann þannig þegar orðinn til mikils gagns. Styrktarfélagar hafa lagt sjóðnum talsvert fé. En stuðningur hins opinbera hefur hins vegar ekki verið eins mikill og vert væri. Að vísu voru á sínum tíma gefin vilyrði um, að sjóðurinn yrði efldur með ágóða þeim, sem fengist af sölu setuliðseigna, og um það atriði vitnar t. d. bréf til stjórnar sjóðsins, dagsett 13. marz 1947 og undirritað af sölunefnd setuliðseigna (Skúla Thorarensen, Helga Eyjólfssyni, Birni Bjarnasyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni og Daníel Ágústínussyni), en þar segir svo:

„Samkvæmt fyrirspurn stjórnar landgræðslusjóðs vegna ágóða af sölu setuliðseigna viljum við undirritaðir nefndarmenn taka fram:

Þegar við áttum okkar fyrsta fund með þáverandi fjármálaráðherra, Birni Ólafssyni, er við tókum við starfi okkar, skýrði hann frá því, að hann hefði hugsað sér, að væntanlegum ágóða af framkvæmd samningsins, sem óvíst var hver yrði, skyldi ráðstafað til skógræktar og sandgræðslu. Samkvæmt þessu gaf sölunefndin

mönnum í skyn, að fé því, sem þeir greiddu fyrir eignirnar, yrði vel varið, og telur nefndin, að vegna þess hafi hún a. m. k. á ýmsum stöðum náð hagkvæmari sölu.

Nú hefur þetta farið betur en við var búizt, og nefndin hefur þegar greitt ríkissjóði kr. 2000000.00, og má enn búast við nokkrum ágóða. Þætti nefndinni mjög vel viðeigandi, ef ríkisstjórnin sæi sér fært að efna þetta hálfgildings loforð og láta viðkomandi aðila njóta þess ágóða, sem óuppgerður kann að vera."

En það er skemmst frá að segja, að landgræðslusjóður hefur ekki fengið eyri af þessum mikla ágóða. Hið opinbera stendur þannig í óbættri skuld við sjóðinn; og með því að samþykkja þetta frv. gæti Alþingi séð til þess, að sú skuld yrði að nokkru bætt.

Heildarágóði af innflutningi og sölu á jólatrjám og greinum mun að líkindum ekki vera undir 100 þús. kr. árlega. Starfsemin krefst tiltölulega lítillar fyrirhafnar; þetta er auðfenginn gróði; það virðist sjálfsagt, að hann hætti að ganga til örfárra einstaklinga, en renni þess í stað allur til almenningsheilla og landfegrunar.

Landgræðslusjóður nemur nú um 600 þús. kr., en þegar hann verður orðinn yfir 1 millj. kr., þá er það von manna, að hefja megi úr honum beinar styrkveitingar til þeirra velferðarmála, sem hann er ætlaður. Hundrað þúsund króna árlegur ágóði af sölu á jólatrjám og greinum mundi flýta mjög fyrir, að því takmarki yrði náð.

Þessum rökstuðningi fyrir nauðsyn frumvarpsins mætti svo gjarnan ljúka með því að benda á þá staðreynd, að efling landgræðslusjóðs styttir að sjálfsögðu biðina eftir þeim tíma, þegar Íslendingar geta fengið sín jólatré af eigin landi, en þurfa ekki lengur að verja gjaldeyri til kaupa á þeim erlendis frá.

Sþ. 599. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og er sammála flutningsmönnum um nauðsyn þeirrar rannsóknar, sem þar er rætt um. Nefndin telur hins vegar mjög vafasamt, að auðið sé að miða væntanlega virkjun eða virkjanir við það, að þær geti „örugglega" fullnægt þörfum þessa landshluta á „komandi áratugum", því að auðvitað er ógerlegt að fullyrða með nokkurri vissu um það, hversu þróunin verður á komandi áratugum, jafnt í þessum landshluta sem í öðrum, enda hefur reyndin til þessa oftast orðið sú, að ýmiss konar framkvæmdir, sem átt hafa að vera fullnægjandi um langa framtíð, hafa orðið ófullnægjandi eftir skamman tíma. Nefndin telur því rétt að breyta þessu orðalagi, því að það kynni ella að tefja mjög bæði rannsókn og framkvæmdir.

Nefndin telur sjálfsagt að stefna að því að ljúka rannsóknum þessum fyrir næsta haust, en vill þó ekki ákveða fortakslaust, að þeim verði lokið fyrir þann tíma, ef það gæti orðið því til hindrunar, að hægt væri til hlítar að athuga alla þá möguleika, sem til greina kunna að koma, því að mikilvægt er, að jafndýrar framkvæmdir og virkjanir eru séu vandlega undirbúnar.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði, þannig að fullnægt geti orðið raforkuþörfum þessa landshluta. Skal leitt í ljós með

rannsókninni svo sem auðið er, hvaða möguleikar eru til raforkuframleiðslu á þessu svæði. Rannsókn þessari sé hraðað eftir föngum og að því stefnt, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Jörundur Brynjólfsson.	Magnús Kjartansson.

Ed. 600. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „Lög nr. 84/1936 .... orðist svo“ í upphafi greinarinnar kemur: Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi.
2. Við 2. gr. Orðin „2. gr. Við 1. gr. laga nr. 36/1911 .... svofelld“ í upphafi greinarinnar falli niður, og greinin verði 2. málsgr. 1. gr.
3. Við 3. gr. (verður 2. gr.).
   a. Framan við greinina bætist:
      Á eftir 1. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi.
   b. Fyrir orðin „samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga“ kemur: samkvæmt 1. gr.
4. 4. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.
5. 5. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu haldast óskert kennsluréttindi þeirra manna, sem áður hafa hlotið kennararéttindi.
6. Fyrirsögn orðist svo:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Ed. 601. Breytingartillaga [35. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin.

Frá menntamálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað orðanna „forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu og íslenzkum bókmenntum“ komi: forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu.

Nd. 602. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila báta-útvegsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr., frsm. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 603. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndinni þykir rétt að taka af vafa um það, að lán megi eins veita út á smáíbúðir, sem eru fleiri en ein í sama húsi, og flytur því breytingartillögur við 4. gr., sem miðast við það.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á undan orðinu „verulegu“ í fyrri málsgr. bætist: nokkru eða.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „eins smáhýsis“ í 3. málsl. komi: hverrar smáíbúðar.
   b. Í stað orðsins „smáhýsis“ síðar í sama málsl. komi: smáíbúðar.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sig. Ágústsson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Ásg. Ásgeirsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 604. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frv. þessu er lagt til, að veitt verði heimild til að breyta áður staðfestum skipulagsskrám fyrir sjóði, ef forráðamenn sjóðanna telja þess þörf og óska breytinga á skipulagsskránum.

Í frumvarpinu eru einnig fyrirmæli um það, að eftirlitsmenn opinberra sjóða skuli á árinu 1952 gera skrá yfir þá sjóði, er þeir telja eðlilegast að breyta skipulagsskrá fyrir, og er til þess ætlazt, að þeir sendi skrána til þess ráðuneytis, sem yfirstjórn sjóðsins heyrir undir, en ráðuneytið taki síðan til athugunar í samráði við forráðamenn sjóðanna, hvort og hvernig skuli breyta skipulagsskrá hvers einstaks sjóðs. Tillögur um breytingar séu síðan gerðar til dómsmálaráðuneytisins, sem staðfestir þær.

Fjárhagsnefnd telur rétt, að skýrsla um sjóðina, sem talið er að þurfi að breyta skipulagsskrá fyrir, verði gerð og lögð fyrir Alþingi til athugunar áður en ákvarðanir verða teknar um það, hvort heimila skuli með lögum breytingar á skipulagsskránum. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að eðlilegt virðist, að nákvæmar upplýsingar um þá opinberu sjóði, sem talið er að þurfi að breyta skipulagsskrám fyrir, liggi fyrir Alþingi, áður en það tekur ákvarðanir um, hvort setja skuli lög um breytingar á skipulagsskránum, ákveður deildin að fresta ákvörðun um þetta mál, þar til slíkar upplýsingar liggja fyrir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ágústsson, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 605. Frumvarp til laga [171. mál]

um greiðslu bóta til fyrirtækja og einstaklinga, sem urðu að þola útstrikun á kröfum sínum í sambandi við skuldaskil vélbátaflotans.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Eigendur almennra skuldakrafna, sem urðu að þola útstrikun á kröfum sínum í sambandi við skuldaskil vélbátaflotans, er lokið var á árinu 1951, skulu fá greiddar bætur þannig, að þeir fái eigi lægri upphæð en svo, að endanleg greiðsla ásamt bótum nemi 50% — fimmtíu af hundraði — af kröfum þeirra.

Bótagreiðsla samkv. 1. mgr. kemur aðeins til greina fyrir kröfur, sem til eru orðnar vegna nýsmíði, kaupa eða viðgerðar á skipi, aflvél eða öðrum tækjum tilheyrandi skipi og vél, svo og vegna kaupa eða viðgerða á veiðarfærum og kaupa á öðrum nauðsynjum skips eða skipshafnar, enda séu kröfur þessar til orðnar fyrir 1. janúar 1951 og þeim verið lýst fyrir stjórn skuldaskilasjóðs útvegsmanna samkvæmt auglýsingum hennar.

2. gr.

Fé það, sem þarf til bótagreiðslu samkv. 1. gr. þessara laga, skal að hálfu greitt úr ríkissjóði, en að hálfu af Landsbanka Íslands.

3. gr.

Bótagreiðslur samkv. lögum þessum skulu inntar af hendi í peningum.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við skuldaskil bátaútvegsins, sem lokið var á s. l. ári, hefur fjöldi af viðskiptamönnum bátaútvegsins orðið fyrir stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Skuldaskil þessi, sem voru framkvæmd samkv. lögum, voru búin að standa yfir frá því í desember 1948, er fyrstu lög um þetta efni voru sett. Allan þann tíma var í lögum bann við því að gera aðför í eignum útgerðarmanna eða félaga, og hafði það ákvæði mjög óhagstæð og óholl áhrif á vélbátaútveginn almennt. Aðfararbann þetta varð til þess, að þau fyrirtæki, sem viðskipti áttu við bátaútveginn, misstu traust á honum, og olli því óhjákvæmilega mjög óheppilegum og skaðlegum truflunum á rekstri bátaflotans. Var svo komið, að viðskiptafyrirtæki bátaflotans forðuðust lánsviðskipti af ótta við það, að lánin fengjust ekki greidd, þar eð útgerðarmenn áttu ætíð þess kost vegna gildandi laga um aðfararbann að koma sér hjá greiðslu. Útgerðarmenn hagnýttu sér þessa „lagavernd“ mjög misjafnlega, eins og gengur og gerist, en tilvist hennar torveldaði hins vegar af eðlilegum ástæðum öll eðlileg viðskipti við bátaflotann. Það munu líða mörg ár áður en útgerðarmenn verða búnir að ávinna sér á ný það traust, sem þeir glötuðu við lögfestingu aðfararbannsins og síðari skuldaskil.

Þrátt fyrir aðfararbannið og þá frystingu skulda, sem af því leiddi, gerðu hinir ýmsu viðskiptamenn bátaflotans sér vonir um, að þeir fengju kröfur sínar greiddar, er skuldaskilunum lyki, eða að minnsta kosti verulegan hluta þeirra. Menn áttu erfitt með að láta sér detta annað í hug en að þeir fengju kröfur sínar að verulegu leyti, þegar búið var að hindra þá í því að hagnýta sér lagalegan rétt sinn til að knýja fram greiðslu þeirra í næstum þrjú ár. Í þeirri trú héldu margir áfram viðskiptum við útvegsmenn, eftir að aðfararbannið var lögfest, og jukust þannig útistandandi skuldir þeirra.

Hvernig varð nú framkvæmdin? Skuldaskilin voru framkvæmd á svo furðulegan hátt, að menn áttu raunar engin orð til að lýsa þeim, enda hefur furðu lítið verið um þau rætt eða ritað á opinberum vettvangi. Margir kröfuhafanna hafa algerlega neitað að sætta sig við útstrikun skuldaskilasjóðs á kröfum þeirra, og munu samtök iðnaðarins hafa í hyggju að láta dómstólana skera úr um það, hvort útstrikun skuldaskilasjóðs á kröfum þeirra sé í samræmi við íslenzk lög og stjórnarskrá. *Ég vil ekki leggja neinn dóm á það mál, enda gerist þess ekki þörf, en hitt er annað mál, að útstrikunin, eins og hún er framkvæmd, er mjög óeðlileg og óviðfelldin, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.* Auk þess hefur meðferð skuldaskilasjóðsstjórnar á viðskiptaskuldum bátaútvegsins, útstrikun þeirra, valdið ýmsum af viðskiptamönnum bátaflotans mjög stórfelldu tjóni, sem ef til vill ríður þeim sumum að fullu og sviptir bátaútgerðina öllu viðskiptatrausti um ófyrirsjáanlega framtíð. Áhrif skuldaskilanna eru þau, að enginn vill skipta við bátaflotann nema fá greiðslu fyrir fram eða fullkomna tryggingu fyrir greiðslu. Þetta mun í framtíðinni valda vélbátaútgerðinni erfiðleikum, sem vega upp það hagræði, sem vélbátaútvegurinn kann að hafa af framkvæmd skuldaskilanna.

Ég vil hér með nokkrum orðum lýsa því, hvernig skuldaskilin voru framkvæmd. Sjóðsstjórnin auglýsti eftir kröfum á útgerðir einstakra báta, sem teknir voru til skuldaskila. Þegar kröfulýsingarfrestur var liðinn, var lýstum kröfum raðað samkv. ákvæðum skiptalaganna. Síðan voru eignir útgerðarinnar metnar og allar kröfur, sem veðtryggðar voru, svo sem sjóveðskröfur og samningsbundnar veðkröfur, settar í sérflokk og þær greiddar að fullu eða látnar standa óskertar

áfram. Síðan voru allir eigendur almennra krafna boðaðir á skuldheimtumannafund. Þeir voru fyrst og fremst bankar vegna allra krafna, sem ekki voru veðtryggðar, ríkið vegna hinna ýmsu styrktarlána til útgerðarinnar og svo loks þeir viðskiptamenn, sem frv. þetta fjallar um. Fyrir þennan fund var síðan lagt skuldaskilafrumvarp, sem stjórn skuldaskilasjóðs hafði samið. Ég hef að vísu ekki séð öll þessi skuldaskilafrumvörp, en öllum, sem ég hef séð, var það sammerkt, að almennar kröfur voru strikaðar niður í 10% og mjög margar niður í 2% af kröfuupphæðinni. Frumvörpin voru síðan borin undir atkvæði og samþykkt, að örfáum undanskildum. Á skuldaskilafundunum voru það yfirleitt bankarnir og ríkið, sem greiddu atkvæði með frumvarpinu, en hinir almennu kröfuhafar á móti. Það voru bankarnir, sem réðu úrslitum í flestum tilfellum, og þar með var samþykkt útstrikun hinna almennu skulda samkvæmt ákvæðum skuldaskilafrumvarpsins.

Heildarupphæð útstrikaðra skulda var 48 millj. króna; af þeirri upphæð átti ríkið 20 millj. króna, en bankar og ýmsir einstaklingar og fyrirtæki 28 millj. króna. Ríkið varð að þola varanlega útstrikun á kröfum sínum og almennir kröfuhafar líka, en bankarnir höfðu sérstöðu vegna þess, að allar kröfur þeirra, eða því sem næst, sem ekki voru veðtryggðar, voru tryggðar með ábyrgð einstakra manna, og eru fullar líkur til, að bankarnir tapi litlu sem engu fé í sambandi við skuldaskilin. Bankarnir áttu sem sagt ekkert í hættu við skuldaskilin og útstrikun skulda bátaútvegsins snerti þá ekki. Við þessu er vitanlega ekkert að segja, bankarnir höfðu tryggt sig með persónuábyrgðum. Hitt er óeðlilegt og tæpast sæmilegt, að bankarnir skyldu hafa atkvæðisrétt á skuldheimtumannafundinum og vera gefin aðild til að samþykkja útstrikun á kröfum almennra kröfuhafa, án þess að þurfa að þola nokkrar útstrikanir á sínum kröfum.

Þegar búið var að samþykkja skuldaskilafrumvarp útgerðarfélags, var farið að greiða út. Sjóveðskröfur og lögveðskröfur voru greiddar í peningum, en sumar veðkröfur voru látnar standa, en allar aðrar kröfur voru greiddar með skuldabréfum til 20 ára og 4½% ársvöxtum. Verksmiðja, sem t. d. hafði gert við skip fyrir 100000 kr. og átti það hjá útgerð þess, fékk þannig allt niður í 2000 kr., sem svo voru greiddar með skuldabréfum til 20 ára. Það er ekki furða, þótt nokkur gremja sé ríkjandi meðal ýmissa viðskiptamanna bátaútvegsins, sem þannig hafa verið leiknir. Það er rétt að benda hér á, að samkv. skuldaskilafrumvörpum skuldaskilasjóðs er fjárhagur útvegsfyrirtækjanna sýndur verri en hann raunverulega er, vegna þess að ýmis skipanna voru metin á óeðlilega lágu verði

Ég hef ekki í höndum tölur um, hve mikilli fjárhæð lýstar kröfur þeirra aðila, er um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps, nema, en líkur benda til, að þær hafi samtals numið 15 millj. króna. Þá nema útgjöld samkv. frv. þessu, ef að lögum verður, samtals 7.5 millj. króna, en af því ætti þá ríkissjóður að greiða 3.75 millj. króna og Landsbankinn 3.75 millj. króna.

Ég er þeirrar skoðunar, að viðskiptamenn vélbátaflotans hafi með skuldaskilum hans verið beittir mjög miklu ranglæti og þeir eigi heimtingu á að fá að einhverju leyti leiðréttingu mála sinna. Ég tel enn fremur, að sú leið, sem frv. fer, sé heppileg og eðlileg, og er því hægt að gera sér vonir um, að þeir, sem fyrir óréttinum hafa orðið, geti eftir atvikum sætt sig við þessa lausn málanna.

Ég vil loks benda á það, að bótagreiðsla sú, er frv. þetta gerir ráð fyrir, er enginn styrkur. Hér er aðeins um smávægilegar skaðabætur að ræða til manna, sem beittir hafa verið miklu ranglæti fyrir aðgerðir stjórnarvaldanna, skaðabætur, sem aðeins nema litlum hluta af því fjárhagstjóni, sem þessir menn hafa orðið fyrir.

Við einstakar greinar frv. vil ég gefa þessar skýringar:

Um 1. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að allar kröfur skipasmíðastöðva, vélaverkstæða, útvarpsvirkja, seglasaumara, nóta- og netaverkstæða, veiðarfæraverzlana, matvöruverzlana og fleiri þess háttar fyrirtækja, sem til eru orðnar vegna eðlilegra

viðskipta við útvegsmenn fyrir 1. janúar 1951 og lýst hefur verið fyrir skuldaskilasjóði, verði bættar þannig, að kröfuhafarnir fái alls 50% af kröfum sínum. Bótagreiðslur samkv. þessari grein eru aðeins bundnar við þá viðskiptamenn vélbátaflotans, sem hafa látið honum í té nauðsynjar í einni eða annarri mynd, en ekki fengið greiðslu. Ýmsir aðrir aðilar hafa tapað fé í sambandi við skuldaskilin, þó tæplega mjög verulegu. Ástæðan til þess, að ég vil binda bótagreiðslur við þessa aðila, er sú, að löp margra þeirra raska starfsemi þeirra, en öruggur áframhaldsrekstur er bátaflotanum nauðsynlegur, auk þess sem þörf er á því að endurreisa svo sem tök eru á það viðskiptatraust milli þessara aðila, sem skuldaskilin hafa raskað.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir, að kostnaði við framkvæmd laganna verði skipt milli ríkis og Landsbankans. Skuldaskilin eru framkvæmd samkv. lögum og því eðlilegt, að ríkið annist bótagreiðslur til þeirra, er mest tjón hafa beðið við framkvæmd þeirra. Þegar hins vegar er tekið tillit til þess, hve mikinn ágóða Landsbankinn hefur á ári hverju, þ. e. 15—20 millj. kr. árlega, og allverulegur hluti þess fjár tekinn af vélbátaflotanum og annarri starfsemi, sem byggist á rekstri hans, þykir rétt, að Landsbankinn greiði kostnað af framkvæmd þessara laga að hálfu.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bótagreiðslur fari fram í peningum, með því að bætur þessar koma ekki að neinu haldi, eins og nú er komið um stjórn peningamála á Íslandi, nema þær séu greiddar í peningum. Flest þeirra fyrirtækja, sem fyrir þessu tjóni hafa orðið, eru mjög illa á vegi stödd vegna rekstrarfjárleysis, enda er það hin ríkjandi stefna banka og ríkisstjórnar að draga sem mest úr allri lánastarfsemi.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 606. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og vill eftir atvikum leggja til, að það verði samþykkt með breytingum, sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali. Tveir nm. (FRV og PZ) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. janúar 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., með fyrirvara.	H. Guðmundsson.

Ed. 607. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Bay, Leif Jan Agnar Axel, prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.

2. Hillers, Börge, mjólkuriðnaðarmaður á Selfossi, fæddur 3. júní 1915 í Danmörku.
3. Moolenschot, Geertruida Alphonsa Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 9. febr. 1910 í Hollandi.
4. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir, Akranesi, fædd 5. nóv. 1929 á Íslandi.
5. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.
6. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. jan. 1893 í Þýzkalandi.

Sþ. 608. Nefndarálit [81. mál]

um till. til þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og voru allir nefndarmenn sammála um, að ástæða væri til að endurskoða skattalöggjöfina í heild. Sérstaklega bæri þó nauðsyn til, eins og tekið er fram í tillögunni, að athuga rækilega tekjuskiptinguna milli ríkisins og sveitarfélaganna. Einn nefndarmanna (ÁS) gat þó ekki mælt með tillögunni nema verulega breyttri og skilar því sérstöku nefndaráliti ásamt breytingartillögum. Ingólfur Jónsson og Pétur Ottesen voru ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við fyrri málsgr. tillögugreinarinnar.

1. Í stað orðanna „Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, félögum og atvinnurekstri“ komi: Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri.
2. Aftan við málsgr. bætist: Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.

Alþingi, 14. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.
Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 609. Nefndarálit [63. mál]

um till. til þál. um breyting á gjaldskrá landssímans.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent til umsagnar til póst- og símamálastjóra, og er umsögn hans birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndin er sammála um, að ósanngjarnt sé að gera íbúum sama staðar að greiða sérstök fjarlægðargjöld, en með því að reiknað hefur verið með tekjum af landssímanum að óbreyttu þessu ákvæði í gjaldskránni á yfirstandandi ári, þykir

ekki rétt, að því verði breytt fyrr en á næsta ári. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við tillöguna bætist: frá 1. jan. 1953 að telja.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Hannibal Valdimarsson. Karl Kristjánsson. Ásmundur Sigurðsson.
Pétur Ottesen. Halldór Ásgrímsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 8. janúar 1952.

Með bréfi, dags. 17. desember s. l., hefur háttvirt fjárveitinganefnd óskað umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um tillögu til þingsályktunar á þskj. 89, 63. mál, um breytingu á gjaldskrá landssímans, og leyfir póst- og símamálastjórnin sér í því tilefni að benda á það, sem hér segir:

Eins og háttvirtri fjárveitinganefnd er kunnugt, er nýbúið að gefa út nýja gjaldskrá fyrir símann, sem gerð var í samráði við fjárveitinganefnd og ríkisstjórn með sérstöku tilliti til hinna nýafgreiddu fjárlaga 1952. Þar sem ekki þótti tiltækilegt að taka — að svo stöddu — í þessa gjaldskrá þá breytingu til lækkunar á símatekjunum, sem felst í umræddri þingsályktunartillögu, sér póst- og símamálastjórnin sér ekki fært að mæla með framgangi hennar.

G. Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 610. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd ræddi þessa tillögu, og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að hún verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (GJ), er á fundi var, þegar málið var afgreitt, hefur sérstöðu, er hann mun gera grein fyrir, og skrifar ekki undir þetta nefndarálit.

Tveir nefndarmenn (IngJ og PO) voru fjarstaddir og tóku þar af leiðandi ekki þátt í afgreiðslunni.

Fjárveitinganefnd sendi nefnd þeirri, er starfar að endurskoðun bankalöggjafar landsins, tillöguna til umsagnar, og er umsögn bankanefndarinnar prentuð sem fylgiskjal með áliti þessu.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Helgi Jónasson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.
Jónas G. Rafnar. Halldór Ásgrímsson. Ásmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 9. janúar 1952.

Fjárveitinganefnd Alþingis, hr. Gísli Jónsson, alþingismaður, formaður.

Bankamálanefndin hefur móttekið bréf yðar, dags. 17. des. 1951, þar sem þér æskið þess, að nefndin sendi yður umsögn um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 90, 64. mál, um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum. Nefndin ræddi bréf yðar á fundi hinn 8. þ. m. og gerði eftirfarandi samþykkt:

„Nefndin lítur svo á, að komið gæti til mála, verði sett á fót sérstök fjárfestingarstofnun, að henni yrði meðal annars falið að annast starfsemi svipaða þeirri, sem ráð er gert fyrir í framkominni tillögu til þingsályktunar. Enn sem komið er hefur nefndin þó ekki tekið afstöðu til einstakra atriða varðandi slíka stofnun."

Virðingarfyllst,

Benjamín Eiríksson,
formaður bankamálanefndar.

Sþ. 611. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þegar lög um skólakerfi og fræðsluskyldu voru sett árið 1946, var svo fyrir mælt, að þau skyldu koma til framkvæmda á árunum 1947—1953. Enn er sá tími ekki liðinn, enda eru lögin ekki komin til fullra framkvæmda alls staðar á landinu, svo að lítil reynsla hefur fengizt um framkvæmd þeirra.

Fyrir þær sakir getur meiri hl. nefndarinnar ekki mælt með því, að Alþingi samþykki að svo stöddu víðtæk fyrirmæli um ákveðnar breytingar á fræðslulöggjöfinni. En samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er, telur meiri hl. rétt, að ýmis atriði hennar verði tekin til athugunar, svo sem að stytta skyldunám barna og unglinga, að auka verulega verknám í skólum, sérstaklega skólum gagnfræðastigsins, að gera iðnaðarnám frjálslegra en nú er.

Meiri hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á fræðslulöggjöfinni og framkvæmd hennar. Skal meðal annars taka til athugunar þessi atriði:

1. Að árlegur námstími í barnaskólum verði styttur, þar sem hann er lengstur, og að skyldunámi unglinga ljúki við 14 ára aldur.
2. Að verknám í skólum, einkum gagnfræðastigsins, verði aukið í framkvæmdinni frá því, sem nú er.
3. Að allir eigi þess kost að ganga undir próf í bóklegum og verklegum greinum og hljóti, ef þeir standast prófin, þau réttindi, sem þau veita, hvort sem þeir hafa búið sig undir próf með námi í skóla eða á annan hátt.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Jón Sigurðsson. Magnús Jónsson.

Sþ. **612. Nefndarálit** [81. mál]

um till. til þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn samþykkja tillöguna með lítilli breytingu, en ég tel, hins vegar, að gera þurfi á henni gagngerðar breytingar, og flyt því tillögur um þær og geri grein fyrir þeim í sérstöku áliti.

Ég er sammála flutningsmönnum og meiri hluta nefndarinnar um það, að endurskoða þurfi skattalögin og það hið bráðasta. Er það einnig í samræmi við samþykktir 8. þings Sósialistaflokksins um það efni. En mér virðist tillagan að ýmsu leyti mjög ófullkomin, í hana vanti að tilnefna ýmis helztu atriðin, er taka þurfi fram, og orðalag hennar að öðru leyti mjög ófullkomið og grautarlegt. Breytingartillögu þá, sem ég flyt, bar ég fram í nefndinni, en meiri hlutinn taldi sig ekki geta fallizt á hana.

Skal þá vikið að einstökum atriðum.

Í fyrsta lagi tel ég, að endurskoðun skattalaganna eigi að framkvæmast af milliþinganefnd, sem Alþingi kýs hlutbundnum kosningum. Þetta er mikið verk og nauðsynlegt, að sem flest sjónarmið komi fram. Slíkt verður bezt tryggt með því fyrirkomulagi, sem ég legg til og er raunar eini möguleikinn til að skapa heilbrigt samstarf um lausn þessa mikilsverða máls.

Til þess að ná því marki að gera álagningu og innheimtu einfaldari og ódýrari en nú er virðist einsætt að sameina hina ýmsu beinu skatta. Í því sambandi tel ég einnig, að afnám nefskatta eigi að koma til greina. Nefskattar koma undantekningarlítið óréttlátt niður, þar eð þeir eru lagðir jafnt á einstaklingana án tillits til efnahags og greiðslugetu. Slík skattheimta er úrelt fyrirkomulag, sem yfirleitt hverfur fyrir stighækkandi sköttum í hlutfalli við hækkandi tekjur og eignir alls staðar þar, sem viðurkennt er, að fullkomið réttlæti eigi að ríkja í þessum málum.

Þá tel ég einnig, að við endurskoðun skattalöggjafar eigi að ákveða að hætta skattlagningu á þurftarlaun. Fyrsti og sjálfsagðasti réttur einstaklings í nútíma þjóðfélagi er sá, að honum séu tryggðar fyrir vinnu sína þær lágmarkstekjur, er þarf til lífsframfæris, og framfæri eftir öðrum leiðum, ef hann er óvinnufær. Íslenzka þjóðfélagið hefur næga möguleika til að skapa öllum meðlimum sínum sæmileg lífskjör. Það er því aðeins eðlilegur þáttur þeirra umbóta, er gera þarf á skattakerfi ríkisins, að hætta að innheimta skatta af tekjum, er ekki eru nema þurftartekjur, en láta í þess stað skattheimtu af einstaklingum fyrst hefjast, þegar tekjurnar komast yfir þetta lágmark, og stighækkandi úr því með hækkandi tekjum.

Þá tel ég einnig, að breyta eigi ákvæðum um skattlagningu hjóna í það horf, að tekjur hvors um sig séu skattlagðar sérstaklega.

Eftirlit með skattaframtölum mun að flestra dómi þurfa verulegra endurbóta við. Það er alkunnugt, að stórauðug og tekjuhá fyrirtæki geta farið í kringum skattalögin á ýmsan hátt, t. d. með stofnun gervihlutafélags o. s. frv. Það er því full ástæða til að taka slík atriði til rækilegrar athugunar við endurskoðun skattalaganna.

Þá er það og kunnugt, að hið opinbera hefur gengið mjög langt í skattlagningu bæði á einstaklinga og atvinnurekstur og það svo, að almennt er nú kvartað undan því af forráðamönnum sveitarfélaganna, að vegna hinnar gífurlegu skattheimtu ríkisins geti sveitarfélögin ekki innheimt af sínum skattþegnum þau gjöld, sem þau þurfa nauðsynlega á að halda til sinnar starfsemi. Hefur það mál mjög komið til kasta Alþingis þess, er nú situr, þar sem svo virtist á tímabili sem útlit væri fyrir, að hlutur sveitarfélaganna yrði eitthvað réttur. Er nú sýnilegt, að slíkt verður ekki gert af hálfu þessa þings. En því ríkari skylda ber því til að kveða skýrt á um þetta

atriði í sambandi við heildarendurskoðun skattalaganna, ef það gengur inn á þá braut, sem sjálfsögð virðist, að fyrirskipa slíka endurskoðun.

Ég legg því til, að umrædd tillaga verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu 5 manna milliþinganefnd til að endurskoða lög um skatta og útsvör með tilliti til þess, að álagning og innheimta verði gerð einfaldari og ódýrari í framkvæmd en nú er. Skal endurskoðunin einkum miðuð við eftirfarandi atriði:

1. Hinir ýmsu skattar séu sameinaðir í einn skatt með afnámi nefskatta, svo sem tryggingargjalds, kirkjugjalds, námsbókagjalds o. fl.
2. Engir skattar séu greiddir af þurftarlaunum.
3. Ákvæðum um skattlagningu hjóna sé breytt í þá átt, að tekjur hvors um sig séu skattlagðar sérstaklega.
4. Eftirlit með skattaframtölum sé aukið til tryggingar því, að skattskyldum tekjum einstaklinga og félaga sé ekki skotið undan skattgreiðslu.
5. Tryggð sé eðlileg skipting tekjustofna milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, miðuð við það, að sveitarfélögin geti haldið uppi allri nauðsynlegri starfsemi án þess að ofbjóða gjaldþoli skattþegna sinna.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. 613. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um ráðstafanir til að draga úr atvinnuleysinu.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar eftirfarandi ráðstafanir til þess að bæta úr atvinnuleysi því og framleiðsluminnkun, sem orðið hefur:

1. Gefa frjálsan innflutning á öllum hráefnum til íslenzks iðnaðar.
2. Gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa, miðað við hóflegar íbúðir, og frjálsan innflutning byggingarefnis.
3. Hefta innflutning á þeim útlendum iðnaðarvörum, sem hægt er að framleiða innanlands sambærilegar.
4. Hlutast til um það við bankana, að veitt sé stórum aukið rekstrarfé:
   a. til sjávarútvegsins til að gera mögulega sem fyllsta hagnýtingu aflans innanlands til að auka útflutningsverðmæti hans;
   b. til iðnaðarins til þess að tryggja kaup hans á hráefnum og úrvinnslu;
   c. til íbúðarbygginga.

Greinargerð.

Atvinnuleysið er nú orðið gífurlegt um land allt. Það hefur verið landlægt úti um land síðustu árin, en er nú orðið ægilegt í Reykjavík líka. Nú eru í höfuðstaðnum 1471 atvinnulausir í 13 verkalýðsfélögum. Ef taldir eru með þeir, sem atvinnulausir eru í öðrum verkalýðsfélögum, meðal handverksmanna og verzlunar- og skrifstofufólks, er óhætt að fullyrða, að um 2500 manns séu atvinnulausir í Reykjavík. Þetta atvinnuleysi er afleiðing af stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og fjár-

málum. Sumpart hefur ríkisstjórnin gert beinar ráðstafanir til þess að skapa atvinnuleysi, svo sem með hindrunum sínum á innflutningi hráefna til innlends iðnaðar, byggingarefnis og höftum sínum á byggingum. Enn fremur hefur hún aðstoðað við að skapa atvinnuleysi með fyrirmælum sínum til bankanna um að draga úr útlánum. Sumpart hefur svo ríkisstj. látið undir höfuð leggjast að beita ríkisvaldinu og því mikla fjármagni, sem það hefur yfir að ráða, til þess að auka atvinnu og framleiðslu.

Þessi tillaga miðar einvörðungu að því að fá ríkisstjórnina til að hætta þeim aðgerðum sínum, sem skapa atvinnuleysi, og gefa landsfólkinu frelsi til að mega reyna að bjarga sér sjálft. Virðist ekki til mikils mælzt. Framkvæmd þessarar tillögu mundi ekki kosta ríkissjóð einn einasta eyri, en hins vegar gefa honum tekjur sökum aukins atvinnulífs og vaxandi framleiðslu.

Ástandið í þjóðfélaginu er nú gerólíkt því, sem var hér á hinum ægilegu kreppuárum 1931—34. Þá skall markaðskreppa yfir Ísland, sem var fátæklega búið að framleiðslutækjum, togarar þess voru „ryðkláfar“ og hraðfrystihús engin til.

Nú er engin markaðskreppa, heldur þvert á móti hægt að selja allar afurðir, sem Ísland getur framleitt. Og þjóðin á nýtízku stórvirk framleiðslutæki á öllum sviðum, sem geta framleitt stórkostleg verðmæti. Það er því fyrst og fremst ríkisstjórnin og stefna hennar, sem stendur í veginum fyrir fullri hagnýtingu framleiðslutækjanna og markaðanna.

Innihald þessara tillagna er í samræmi við þær óskir, sem atvinnumálanefnd fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna hefur flutt þingmönnum Reykjavíkur. Hins vegar felast ekki í þessum tillögum allar tillögur þeirrar nefndar, en aðrar þeirra hafa hins vegar þegar verið bornar fram í frumvörpum og breytingartillögum við frumvörp.

Sþ. 614. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um lánastarfsemi veðdeildar Landsbankans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum í dag og varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hlutast til um, að útlánareglum veðdeildarinnar við Landsbanka Íslands verði þegar á þessu ári breytt á þann veg, að unnt sé að festa fyrsta veðrétt fasteigna í slíkum lánum.

Jafnframt sé lagt fyrir ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til greiðrar sölu veðdeildarbréfa með sem allra minnstum afföllum frá nafnverði þeirra.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Magnús Jónsson.	Magnús Kjartansson.
	Jón Sigurðsson.	

Nd. 615. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 3. umr. Ed.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkvæmt 1. gr. að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11 júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu haldast óskert kennsluréttindi þeirra manna, sem áður hafa hlotið kennararéttindi.

Nd. 616. Lög [19. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

(Afgreidd frá Nd. 15. jan.)

Samhljóða þskj. 550.

Nd. 617. Frumvarp til laga [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjársjóður, og skal sjóðurinn vera í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr ⅔ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja.

3. gr.

Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjársjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 618. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar og sent það til umsagnar til fræðslumálastjóra, stjórnar landssambands framhaldsskólakennara, fræðslufulltrúa gagnfræðastigsins og menntaskólanna í Reykjavík og Akureyri. Svör hafa nefndinni borizt frá öllum þessum aðilum. Skólameistari menntaskólans á Akureyri og kennarafundur menntaskólans í Reykjavík mæla með samþykkt frumvarpsins, en hinir mæla á móti samþykkt þess.

Í menntamálanefnd voru skoðanir skiptar um frumvarpið. Kom í ljós, að meiri hlutinn (HV, BrB, PZ) vildi fella það, en minni hlutinn (ÞÞ og SÓÓ) vildi samþykkja það óbreytt.

Að samkomulagi varð þó, að fjórir nefndarmenn fallast á, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar, heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild til vorsins 1954.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson.
	Brynj. Bjarnason.	

Fylgiskjal I.

MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. des. 1951.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 19. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla. Hef ég í dag lagt mál þetta fyrir kennarafund, og gerði hann svofellda ályktun:

„Kennarafundur lýsir sig samþykkan frumvarpinu, eins og það liggur nú fyrir, og vísar að öðru leyti til bréfs rektors og kennarafundar til Alþingis, dags. 10. des. þ. á."

Við ályktun þessa hef ég engu að bæta, en leyfi mér aðeins að óska þess fyrir skólans hönd, að frumvarp þetta nái fram að ganga óbreytt.

Virðingarfyllst,

Pálmi Hannesson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Akureyri, 28. des. 1951.

Mér hefur borizt bréf háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis, þar sem nefndin beiðist umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Það skal þegar tekið fram, að ég mæli eindregið með því, að frumv. þetta verði samþykkt, þó að raunar verði það að teljast galli, ef bundið verður með lögum, að miðskóladeildin skuli óskipt, skilyrðislaust, hvernig sem á stendur.

Annars hefur Menntaskólinn á Akureyri staðið að því einhuga og óskiptur að æskja þess, að miðskóladeild starfaði við skólann. Var það einlægur vilji fyrirrennara míns, Sigurðar skólameistara Guðmundssonar, að neðri bekkirnir héldust áfram í skólanum, enda eru þeir sú rót, sem skólinn er sprottinn af, og hafa notið góðs af uppeldi og áhrifum þjóðkunnra skólamanna, svo að margir munu telja það vafasaman greiða við þjóðfélagið að tæta það sundur, er þeir Stefán skólameistari og Sigurður skólameistari höfðu hlúð að.

Skólinn hefur oftar en einu sinni flutt rök sín fyrir máli þessu, svo að nálega virðist óþarft að stagla þau oftar. Þó skal ég víkja að nokkrum atriðum.

Er það fyrst, að skólinn telur sér og nemendum hag í því, að sumir nemenda að minnsta kosti komi sem yngstir í skólann og verði á þann hátt samgrónari skólanum en ella. Það skapar meiri festu, og er þess sízt vanþörf í rótleysi því, er nú ríkir. Hins vegar er ekki með þessu verið að neyða neinn til að sækja menntaskólana. Aðrir skólar standa jafnopnir eftir sem áður. Möguleikunum fyrir unga námsmenn er aðeins fjölgað, og fæ ég ekki séð, hvernig þeim, sem telja sig bera hag æskunnar fyrir brjósti, ætti að vera það þyrnir í augum. Þau mótrök, að óheppilegt miseldri verði með nemendum menntaskólanna, ef þar eru miðskóladeildir, fá ekki staðizt þá reynslu, er fengizt hefur í Menntaskólanum á Akureyri. Ég held ég þori að fullyrða, að bæði neðstu- og efstu-bekkingar hafi fremur haft gott en illt af sambúðinni á undanförnum árum. Eins og stundum gerist á heimilum, hafa oft skapazt holl og skemmtileg tengsl með þeim yngstu og elztu, og efri-bekkingar stundum fengnir til þess af skólastjórn að líta til með fyrstu-bekkingum, er stuðn-

ings þurftu við. Hefur þetta verið einn fegursti þátturinn í skólalífinu, og mundi skólinn fátækari eftir, ef þetta hyrfi úr sögunni.

Það er annað, að nemendum mun óhjákvæmilega fækka til muna og skólinn minnka, ef stýfðir verða neðan af tveir neðstu bekkirnir, eins og fræðslulögin nýju gera ráð fyrir. Slík minnkun á gömlum skóla hlýtur að valda margvíslegum vandkvæðum inn á við í skólanum. Skólinn hefur á að skipa föstu kennaraliði, sem Sigurður Guðmundsson hafði viðað að skólanum af sinni alkunnu forsjá. Var tilætlunin, að hver sérmenntaður kennari hefði nægilegt verkefni í sinni sérgrein, en til þess að svo geti verið, þarf skólinn að vera nokkurn veginn af þeirri stærð, sem verið hefur undanfarið. Við breytinguna og minnkunina verða slík verkefni ekki lengur til. T. d. má nefna, að kennslustundir í náttúrufræði verða aðeins 18 á viku í menntadeildum skólans næsta vetur, kennsla í sögu 21 stund og kennsla í dönsku 15 stundir. Kennararnir hafa ekki lengur verkefni við sitt hæfi. Þarf ekki skólafróðan mann til að skilja, hvert ógagn má af því hljótast. Ef hinir og þessir kennarar fara að kenna hinar og þessar námsgreinar, sem þeir hafa ekki sérmenntun í, er hætt við, að kennslan verði lélegri og þá um leið skólinn allur. Sú hætta virðist mér að nú vofi yfir Menntaskólanum á Akureyri, ef hin einstrengingslegu fræðslulög verða ekki sveigð til betra horfs. Ég hlýt því, til þess að forðast skemmdir á skólastarfinu, að mæla eindregið með því, að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Að lokum vil ég aðeins benda á það, sem öllum nefndarmönnum er raunar kunnugt, að húsrými mun verða nægilegt í Menntaskólanum á Akureyri fyrir miðskóladeild á næstu árum. Getur það varla talizt annað en vantraust á skólanum, ef menn telja, að húsrúm sé þar betur ónotað en notað.

Þórarinn Björnsson,
skólameistari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 31. des. 1951.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla (þskj. 429).

Um sjálft frumvarpið á þskj. 429 vil ég segja þetta:

1. Ég tel, að vart komi til mála að setja heimild handa menntaskólum til miðskólahalds inn í þá grein menntaskólalaganna, sem greinir í grundvallaratriðum — og eingöngu — frá skipan sjálfs menntaskólanámsins — áður lærdómsdeilda menntaskólanna.
2. Heimildin er hvorki tímabundin, staðbundin né háð takmörkuðu kennslurými eða heimavistarmöguleikum.
3. Með fjárveitingu þeirri, er Alþingi samþykkti í þessum mánuði, til menntaskóla á Laugarvatni (fjárlög f. 1952) mun talið, að löglega sé gengið frá stofnun 3. menntaskólans hér á landi (sjá 1. gr. l. nr. 58/1946). Heimild í frumv. á þskj. 429 — ef samþykkt verður — hlýtur þá einnig að ná til þessa skóla — fyrr eða síðar.
4. Að því leyti tel ég frumv. á þskj. 429 betra en fyrri frumv. um sama — eða svipað — efni, að nú er um þriggja ára miðskólanám að ræða í stað tveggja.
5. Vegna þess, að til þessa hefur verið um bráðabirgðaheimild handa M. A. að ræða, hafa mið- og gagnfræðaskólakennarar ekki gengið ríkt eftir því, að starfstími og laun þeirra kennara, er kenndu í miðskóladeildum, yrðu hin sömu,

hvort sem um menntaskóla eða gagnfræðastigsskóla væri að ræða. En vart mun hægt að loka augunum fyrir því, að sanngjarnt sé, að sömu laun og sami starfstími verði við hliðstæða kennslu.

Eins og sjá má á meðfylgjandi plöggum, hef ég verið — og er — þeirrar skoðunar, að mjög geti verið viðsjárvert að hafa miðskóladeildir í menntaskólunum, enda hefur ekki verið sýnt með dómi reynslunnar, að ástæða sé til þess að raska þannig grundvallaratriðum skólakerfisins og baka ríkissjóði með því aukin útgjöld að nauðsynjalausu. Ég legg því til, að frumvarp, sem opnar leiðir til stofnunar miðskóladeilda í menntaskólunum, verði ekki lögfest.

Helgi Elíasson.

Fylgiskjöl:

1. Bréf fræðslumálastj., dags. 27. nóv. 1951, til menntamálan. Nd. um frumv. á þskj. 169.
2. Fskj. með ofangr. bréfi: Yfirlit um tölu menntaskólanem. 1948—1951 o. fl.
3. Nefndarálit meiri hluta menntamálan. Ed. 1950—1951, þskj. 809, ásamt fskj.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. des. 1951.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefur óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Af þessu tilefni leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

Kostir þeirrar verkaskiptingar milli gagnfræðaskóla og menntaskóla, sem upp var tekin með fræðslulögunum frá 1946, eru einkum fólgnir í þessu þrennu: (I.) Inntökuprófið í menntaskólana frestast um 2—3 ár. Mun almennt álit skólamanna, að með því móti sé hægt að haga vali nemenda til menntaskólanáms miklu farsællegar en áður var. (II.) Það þykir samrýmast miklu betur lýðræðisþjóðfélagi, að unglingarnir eigi sem lengst samleið á námsbrautinni. Með því móti er auðveldara að forðast rig og öfund út af mismunandi hlutskipti. Um 15—16 ára aldur taka áhugaefni unglinganna að skýrast. Margir, jafnvel flestir, sem ætla sér t. d. í iðnskóla eða verzlunarskóla o. s. frv., hafa tekið ákvörðun um það. Greiningin kemur því oftast nær af sjálfu sér og sársaukalaust. (III.) Þroskafar nemenda á aldrinum 13 ára til tvítugs er svo geysilíkt, bæði andlegt og líkamlegt, að það er vafasöm ráðstöfun að ala þá upp í sömu stofnun, ef annars er kostur.

Þetta eru allt almenn atriði, sem hafa verður til hliðsjónar við skipun skólamála. Tel ég þau öll mæla gegn því fyrirkomulagi, sem frumvarpið ráðgerir að heimila. En nú mun ég ræða, hvaða áhrif hið ráðgerða fyrirkomulag hefur á hvorum staðnum fyrir sig, Reykjavík og Akureyri.

Reykjavík. Með þessari breytingu er stefnt að því að taka upp sama hátt á inntöku nemenda í menntaskólann sem tíðkaðist áður en fræðslulögin nýju tóku gildi. Er ekki úr vegi að rifja upp, hversu það fyrirkomulag gafst, áður en það yrði vakið upp að nýju. Velja skyldi 25 nemendur í eina 1. bekkjar deild. Prófið þreyttu hins vegar oft hátt á annað hundrað. Starfandi var undirbúningsdeild, rekin af einum kennara menntaskólans. Þetta hafði þær verkanir í barnaskólunum, að fullnaðarprófsdeildum þeirra hélt við upplausn. Börnin voru langt fram á vetur að tínast í undirbúningsdeildina. Það var tekið við þeim án tillits til þess, hvort þeim hentaði slíkt nám eða ekki. Þau börn, sem ekki höfðu efni á að kosta sig til þessa, sátu eftir með sárt ennið, sáróánægð við skólann og allt og alla. Er stundir

liðu, tók þessarar upplausnar einnig að gæta í 12 ára og jafnvel í 11 ára deildunum. Þegar hér var komið sögu, sáu barnaskólarnir sig tilneydda að hamla á móti þessum ófarnaði og stofnuðu undirbúningsdeildir. Að fáum árum liðnum var svo komið, að flestallir nemendur, sem inngöngu fengu í menntaskólann, komu úr undirbúningsdeildum barnaskólanna. Var þá lokið eftirsókn barnanna að komast burt úr skólunum. En deildir þessar voru vandræðastofnanir innan skólanna. Ásóknin að komast í þær var svo hörð, að sumir skólar létu tilleiðast að hafa tvo og gott ef ekki þrjá bekki með þessu sniði, þótt vitað væri, að aðeins u. þ. b. 5—7 börn úr hverjum skóla mundu ná inntöku í menntaskólann. Auk þess hygg ég, að það hafi verið dómur flestra þeirra, er reynslu hafa af starfi barnaskóla, að þeir kennsluhættir, sem þar var neyðzt til að viðhafa prófsins vegna, hafi verið mjög óskynsamlegir, að ekki sé meira sagt.

Slíkt samkeppnispróf sem hér um ræðir átti „formælendur fá", meðan það var haldið. Enginn vissi það fyrir fram, hvers konar kröfur hann þurfti að standast til þess að hljóta skólavist. Undirbúningurinn undir það var óslitin örvæntingarbarátta. Það þjóðfélag, sem hrindir börnum sínum út í slíkan leik, tekur á sig mikla ábyrgð. Er vandséð, að þau bíði þess öll bætur í bráð. Þykist ég geta rakið ýmis víxlspor unglinga mér kunnugra til þessa prófstríðs, þótt vitanlega sé erfitt að færa sönnur á slíkt.

Heyrt hef ég því fleygt, að Menntaskólinn í Reykjavík geti hugsað sér annan hátt á inntöku nemenda í fyrirhugaða 1. bekkjar deild en samkeppnispróf, þ. e. að honum verði úthlutað tiltekið hverfi eins og á sér stað um gagnfræðaskóla bæjarins. Nú þykir það mjög vel ílagt, ef gert er ráð fyrir, að 20 hverra 100 unglinga upp og ofan séu lagaðir til menntaskólanáms. Það yrðu því 5—6 „menntaskólanemendur" í allra hæsta lagi í hverjum bekk í þessari óskiptu miðskóladeild. Til þess að kenna saman nemendum mjög ólíkt á vegi stöddum í námi þarf mikla þjálfun, ef hlutur einskis á að vera fyrir borð borinn. En ég hygg, að okkar ágætu menntaskólakennurum sé enginn óréttur ger, þótt því sé haldið fram, að þeir hafi allra kennara minnsta æfingu í þeim vinnubrögðum, sem til þess eru nauðsynleg. Væri því ærið undarlegt að byrja á slíkum tilraunaskóla einmitt þar.

Niðurstaða mín til viðbótar því, sem áður hefur verið sagt, er því þessi: Þar sem ég fæ ekki komið auga á neina viðhlítandi leið til þess að velja nemendur í óskipta miðskóladeild við Menntaskólann i Reykjavík og einkum vegna þeirrar óskemmtilegu reynslu, sem ég hef af vali nemenda í slíka deild, tel ég það mjög misráðið að stofna til hennar.

Þess er vert að minnast, að gagnfræðadeildin við Menntaskólann í Reykjavík var á sínum tíma afnumin í góðu samkomulagi við kennara skólans, sbr. fylgiskjal I með greinargerð fyrir frv. til laga um menntaskóla, bls. 110, í Um menntamál á Íslandi 1944—1946.

Akureyri. Um miðskóladeild við Menntaskólann á Akureyri skilst mér gegna að mörgu leyti líku máli. Samkeppnin um inntöku nemenda mun þó aldrei svipað því eins hörð og í Reykjavík. Hins vegar bitnar slík deild þar enn harðar á starfi gagnfræðaskóla bæjarins, þar eð hann með því móti mundi sviptur velflestum hæfustu nemendunum til bóknáms. Og þar koma því enn skýrar fram þeir ókostir, sem nefndir eru hér að framan, á því að skipta unglingum á gagnfræðaskólaaldri milli skóla eftir því, hvort þeir eru vel lagaðir til bóknáms eða ekki. Hlýtur það að valda óheilbrigðri togstreitu og metingi milli unglinga í bænum.

Aftur á móti virðist mér rök geta legið til þess að hafa miðskóladeild við M. A. fyrir nemendur úr sveitum norðanlands, ef skilyrði eru til þess að hafa slíka deild við skólann, en engin í hlutaðeigandi byggðarlögum. Þó tel ég, að slíkt ætti aðeins að vera ráðstöfun til bráðabirgða. Hverjum þeim, sem er það áhugamál, að íslenzkar sveitir megi eflast að menningu og jafnframt varðveita og rækta þá sérstæðu og stórum merkilegu menningu, sem er vissulega séreign ýmissa byggðarlaga, hlýtur að vera það keppikefli, að þar megi rísa menntastofnanir, sem annast uppfræðslu

unglinganna. Hverju héraði er það vafasamt vinsemdarbragð að vera leyst undan þeim vanda, sem það vex af að sigrast á.

Ég sé það á hjálögðu frumvarpi, að ekki er lengur gert ráð fyrir „tveggja vetra miðskóladeild". Ég ræði því ekki það atriði, þar eð ég tel það úr sögunni. Miðskóladeild hlýtur að merkja, ef annað er ekki fram tekið, þriggja ára skóla, samkvæmt skilgreiningu í lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, 4. gr. Og hlyti heimild til ráðherra, ef frumvarpið næði fram að ganga, að vera bundin við að stofna slíka deild.

Þá tel ég óeðlilegt að setja heimild um miðskóladeild inn í lög um menntaskóla. Ef hún á heima í lögum, virðist réttara, að hún kæmi inn í lög um gagnfræðanám.

Með virðingu,

Ármann Halldórsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal V.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 2. janúar 1952.

Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara hefur kynnt sér frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 frá 1946, um menntaskóla (þskj. 429).

Um leið og sambandsstjórnin ítrekar eindregið fyrri andmæli sín gegn þeirri stefnu, er fram kemur í þessu frumvarpi, leyfir hún sér að taka þetta fram til viðbótar:

1. Á fjölsóttu uppeldismálaþingi, sem háð var í Reykjavík 13.—16. júní 1951, voru ræddar og samþykktar ýtarlegar ályktanir um unglingafræðslu. Þar segir svo m. a.:

   „Þingið vill leggja áherzlu á, að það telur skipan gagnfræðastigsins, eins og fræðslulögin gera ráð fyrir, skynsamlega og tiltölulega sveigjanlega í framkvæmd, nema ef vera skyldi að því leyti, að aðgreining verknáms og bóknáms sé á skyldunámsárunum óþarflega ákveðin.

   Sérstaklega vill þingið vara alvarlega við þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til að kljúfa gagnfræðastigið á þann veg, að miðskóladeildir verði tengdar menntaskólunum, að ekki sé nefnd sú óhæfa að ætla unglingum aðeins tveggja vetra nám frá barnaprófi til landsprófs miðskóla."

   Þessi samþykkt uppeldismálaþingsins var gerð einróma að lokinni rækilegri athugun í fjölmennri þingnefnd og umræðum á þingfundi. Þingseta var heimil öllum kennurum og auglýst í þingboði, að unglingafræðslan yrði annað aðalumræðuefni þingsins. Þingið sátu kennarar barna- og framhaldsskóla víðs vegar af landinu. Verður því varla andmælt með rökum, að samþykktir þingsins sýni því afstöðu kennarastéttar landsins almennt til viðfangsefnanna.

   Stjórn landssambandsins leyfir sér því að vænta þess, að háttvirt Alþingi taki til greina rökstutt álit þings kennarastéttarinnar og lögfesti ekki umrætt frumvarp.

2. Auk þeirrar stórfelldu truflunar, sem samþykkt þessa frumvarps hefði í för með sér á fræðslukerfi landsins, vill stjórn landssambandsins einnig ítreka nú alvarlega fyrri ábendingar um röskun þá, sem samþykkt frumvarpsins hefði

einnig á starfstíma og laun fjölmargra kennara. Vitanlega mundu allir miðskólakennarar krefjast sömu launa og starfskjara eins og greinilega kom fram í yfirlýsingu, sem 20 miðskólakennarar sendu háttvirtri menntamálanefnd í febrúar 1951.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara,

Helgi Þorláksson, form. Helgi Tryggvason, ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 619. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Undirritaður er sammála þeim HV og BrB um, að frumvarp þetta eigi ekki að samþykkjast. Rökstuðningur fyrir því er óþarfur, því að hann er öllum ljós, líka þeim, sem af ýmsum annarlegum ástæðum vilja láta samþykkja frumvarpið.

Fyrir sameinuðu þingi liggur tillaga um, að ríkisstjórnin láti endurskoða skólalöggjöfina. Væntanlega verður sú tillaga samþykkt, þótt svo sé ekki enn, og í von um, að svo verði, tel ég rétt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti athuga málið, um leið og skólalöggjöfin öll verður endurskoðuð. — Fyrir því legg ég til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Páll Zóphóníasson, fundaskr.

Sþ. 620. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn vill láta samþykkja tillöguna, með verulegum breytingum þó; við teljum hins vegar, að endurskoðun á fræðslulöggjöfinni sé ekki enn tímabær, þar sem löggjöfin hefur ekki komið til framkvæmda á veigamiklum sviðum, t. d. ákvæðin um verknám. Sú gagnrýni, sem fram hefur komið, stafar að verulegu leyti af töfum á framkvæmd laganna.

Nefndin leitaði til Landssambands framhaldsskólakennara og fræðslumálastjóra, og fara álit þeirra um þingsályktunartillöguna hér á eftir sem fylgiskjöl.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Magnús Kjartansson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 10. nóv. 1951.

Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara leyfir sér hér með að skora á hið háa Alþingi að vísa frá tillögu til þingsályktunar um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni, sem flutt er í sameinuðu þingi á þskj. 83.

Stjórn landssambandsins telur vafalaust, að gildandi fræðslulöggjöf þurfi endurskoðunar við, þegar næg reynsla er fengin af framkvæmd hennar, en telur, að sú endurskoðun sé engan veginn tímabær enn, þar sem löggjöfin hefur tæplega eða ekki komið til framkvæmda enn þá, t. d. ákvæðin um verknám o. fl. Gagnrýni, sem þegar hefur komið fram, orsakast miklu fremur af töfum á framkvæmd laganna en löggjöfinni sjálfri.

Virðingarfyllst,

fyrir Landssamband framhaldsskólakennara,

Helgi Þorláksson, formaður. Helgi Tryggvason, ritari.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. nóvember 1951.

Vegna tillögu til þingsályktunar um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni, sem háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis sendi mér til umsagnar 15. þ. m., skal þetta tekið fram:

1. Í sambandi við ákvæði laga nr. 22/1946 um fræðsluskyldu (8. gr.) leyfi ég mér að benda á, að þótt almenna reglan sé sú, að hún skuli ná frá 7—15 ára aldurs, þá getur fræðsluráð ákveðið með samþykki fræðslumálastjórnar, að hún nái aðeins til 14 ára aldurs. Einnig vil ég geta þess, að samkvæmt lögum um fræðslumálastjórn frá 1930 stýrir fræðslumálastjóri framkvæmdum í kennslu- og skólamálum (sjá 2. gr.), og ég hef lagt — og mun leggja — áherzlu á það, að fræðsluskylda verði eigi framlengd til 15 ára aldurs fyrr en hlutaðeigandi skólahverfi hefur fengið aðstöðu til þess að framkvæma hana sómasamlega.
2. Með lögboðinni fræðsluskyldu — og skólavist — er verið að tryggja börnum og unglingum réttindi til lágmarksfræðslu, sem þeim er talin nauðsynleg til undirbúnings væntanlegra starfa sinna í þágu lands og lýðs. Að draga úr þessu lágmarki er því raunverulega hið sama og að svipta þessa verðandi borgara réttindum, sem þeim hafa verið veitt.
3. Á það skal bent, að allt frá því að fyrstu fræðslulögin voru sett 1907 hefur fræðsluskyldualdurinn ekki verið lægri en 14 ára, og þegar verið var að undirbúa síðustu skólalöggjöf, vildi mikill hluti þeirra skólanefnda, sem gerðu tillögur um skólaskyldu, miða hana við 15—16 ára aldur. Gerðar eru heldur minni kröfur til barnaprófs (13 ára) en fullnaðarprófs (14 ára) — einkum í öðrum greinum en móðurmáli og reikningi. Ég tel, að ekki sé fært að draga úr námskröfum og fræðsluskyldu frá því, sem er, þegar svo að segja allar starfsgreinar þjóðfélagsins gera síauknar kröfur um meiri og betri undirbúningsmenntun.

4. Árið 1881 voru lögfestar kröfur um kunnáttu allra barna í lestri, skrift og reikningi, og eru þær raunverulega þær sömu og enn eru gerðar til 10 ára barna. Samkvæmt síðustu fræðslulögum er fræðsluskylda, en skólaskylda því aðeins, að heimilin geti ekki annazt fræðsluskylduna. Með því er tryggt, að börn og unglingar fái þá lágmarksfræðslu, sem þeim er nauðsynleg og þau eiga kröfu til. Búseta eða efnahagur aðstandenda barnanna má ekki ráða því, hvort börnin fá þessa lágmarksfræðslu eða ekki. Það er staðreynd, að þrátt fyrir mjög bættan húsakost í byggð og bæ, þá er mun erfiðara um framkvæmd heimafræðslu en áður var. Fólksfæð á heimilunum mun valda einna mestu þar um. Verkaskipting í þjóðfélaginu, „fagmennskan“ o. fl., á sinn þátt í því, að fólk telur, að til þess séu kennarar, að þeir létti kennslustörfum af heimilunum. Þótt fræðslumálaskrifstofan geri sitt til þess, að heimakennslu verði haldið — a. m. k. í dreifbýli — í lengstu lög til 10 ára aldurs, þá bendir flest til þess, að innan nokkurra áratuga muni einnig umræddrar „frumkennslu“ verða krafizt af barnaskólunum, svo sem raun hefur á orðið í nágrannalöndunum.
5. Engin ósk eða tilmæli hafa komið hingað um það frá þeim bæjum og þorpum, sem hafa 1000 íbúa eða meira, að stytta árlegan kennslutíma úr 9 mánuðum. Flestir skólar aðrir starfa 6—8 mánuði ár hvert, og í mjög fámennum skólahverfum er skólatíminn enn styttri.
6. Ákvæði skólalöggjafarinnar frá 1946 og 1947 um sjálft námsefnið og meðferð þess í skólunum eru svo rúm, að segja má, að vart megi þau rýmri vera. Það, sem lögin leggja höfuðáherzlu á, er, að nemendur fái kennslu eftir hæfileikum og þroska hvers og eins. Móðurmálið og þjóðleg fræði skulu skipa fyrsta sæti í öllum skólum. Um þetta fjalla aðallega 1. og 44. gr. laganna um fræðslu barna og 2. og 27.—29. gr. laganna um gagnfræðanám.

   Framkvæmd kennslu og prófa skal ákveða með reglugerðum. Í barna- og gagnfræðaskólum er nú starfað eftir drögum að námsskrám, og leitað er að því, sem hagkvæmast og bezt má verða, til þess að tilgangi fræðslulaganna um hagnýta, þjóðlega og holla fræðslu verði náð. Hver skóli hefur frjálsræði til þess að reyna þær leiðir, sem hann telur hentastar nemendunum til farsældar, og námsstjórar leiðbeina og líta eftir skólunum. En þótt frjálsræði sé til allra góðra hluta í kennslustörfunum, þá vantar mjög mikið á, að í þeim efnum sé náð því marki, sem keppa ber að. Húsnæðisskortur skólanna er einna verstur þrándur í götu hvað aðbúð viðkemur, kennslutæki ófullkomin, námsbækur misjafnar og skortur handbóka fyrir nemendur og kennara. Kennsluaðferðir og starfsaðferðir þurfa endurbóta, o. fl. o. fl. mætti upp telja. En til úrbóta á þessum sviðum þarf ekki breytingar á fræðslulögunum, heldur það, sem e. t. v. sízt má nefna: peninga, þ. e. aukin fjárframlög til skólabygginga og ýmiss konar útbúnaðar. Næst góðum kennurum kemur aðstaða og öll aðbúð til kennslu- og uppeldisstarfa.
7. Á fyrri hluta þessa árs fól menntamálaráðherra allmörgum sérfróðum mönnum um skóla- og uppeldismál að athuga, hvort ekki væri ástæða til breytinga á skólalöggjöfinni. Aðeins einn þessara manna átti sæti í skólamálanefndinni, er undirbjó umrædda löggjöf. Menn þessir munu hafa skilað áliti sínu í vor. Hefur mér verið sagt, að þeir hafi eigi talið ástæður vera fyrir hendi til breytinga á umræddri skólalöggjöf að svo stöddu.
8. Annar töluliður þingsályktunartillögunnar á ekki við skólalöggjöfina frá 1946 og '47, heldur — eins og greinargerðin ber með sér — við núgildandi lög og reglur um iðnfræðslu. Ég er tillögumönnum sammála um, að þar sé þörf breytinga. Skólamálanefndin samdi og sendi menntamálaráðuneytinu frumvarp til laga um iðnfræðslu fyrir nokkrum árum, og iðnskólamenn og iðnþing féllust á það með mjög litlum breytingum.
9. Enginn má halda, að ég telji skólalöggjöfina frá 1946 og '47 svo vel úr garði gerða, að á henni muni ekki þurfa neinar breytingar um langan aldur. Lög

þessi voru samþykkt á Alþingi mótatkvæðalaust að kalla, og sitja flestir sömu menn enn á þingi. Það virðist því, að allgild rök ættu að þurfa til þess, að sömu þingmenn teldu ástæðu til breytinga á lögunum.

Ég tel, að fást þyrfti næði til þess í nokkur ár enn a. m. k. að vinna í samræmi við hin rúmu ákvæði laganna, svo fremi að eigi komi í ljós gallar á þeim, sem torvelda svo framkvæmd æskilegra starfshátta í skólunum, að eigi verði við unað.

Fræðslumálastjórn, námsstjórar, kennarar og eigi sízt aðstandendur nemenda þurfa að vera vel á verði um allt, er verða má kennslu- og uppeldisstörfum skólanna, einstaklingum og þjóðarheild til farsældar. Sjálfsagt er að athuga vel og reyna nýjar leiðir í þessum málum, en eigi má „forkasta“ því, sem gamalt er, fyrr en séð er, að hið nýja verði betra.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Sþ. 621. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um lán úr mótvirðissjóði til landbúnaðarframkvæmda.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Það varð að samkomulagi í nefndinni að senda tillögu þessa til forsætisráðherra og óska umsagnar ríkisstjórnarinnar um hana.

Nefndinni hefur nú borizt bréf frá forsætisráðherra, þar sem frá því er skýrt, að samkomulag hafi orðið um það í ríkisstjórninni að mæla með því við Alþingi, að það samþykkti tillöguna þannig orðaða, að mótvirðissjóði verði að hálfu varið til lánastarfsemi í þágu landbúnaðarins, en að hálfu til lánastarfsemi til eflingar framleiðslu og framkvæmda fyrir kaupstaði og kauptún.

Meiri hluti fjárveitinganefndar getur fallizt á þessa breytingu og telur skiptingu þá á sjóðnum, sem hér um ræðir, eðlilega. Með þessari ákvörðun ætti að vera lagður grundvöllur að hagkvæmri og affarasælli notkun þessa fjár, þegar tímar líða. Má gleggst af því marka, hve þýðingarmikið spor er stigið með þessari ákvörðun til stuðnings og eflingar framkvæmdum, bæði í sveit og við sjó, að heildarupphæð sú, sem hér um ræðir, mun nema hátt upp í 300 milljónir króna.

Fé þessu hefur verið ráðstafað til lána handa Sogs- og Laxárvirkjununum og til byggingar áburðarverksmiðju. En fé þetta á að endurgreiðast á 20 árum. Þróast sjóðurinn að sjálfsögðu og vex af vöxtum þeim, sem fyrrgreind fyrirtæki greiða af lánunum. Notkun sjóðsins í því augnamiði, sem í tillögunni greinir, takmarkast að sjálfsögðu af þeirri ráðstöfun, sem gerð hefur verið og hér er lýst um fyrstu notkun fjárins.

Meiri hluti fjárveitinganefndar mælir eindregið með samþykkt tillögunnar með þeirri breytingu, sem ríkisstjórnin hefur orðið ásátt um.

Ásmundur Sigurðsson hefur nokkra sérstöðu um afgreiðslu málsins og gefur út sérstakt nefndarálit.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að mótvirðissjóði verði, þegar fé hans er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar, varið til

lánastarfsemi að hálfu í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun á mótvirðissjóði.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Ingólfur Jónsson. Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 622. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um útflutning á saltfiski.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd afgreiddi þetta mál í desembermánuði síðastliðnum. Þá átti sæti í nefndinni af hálfu Sósíalistaflokksins Lúðvík Jósefsson. Nefndin hafði tvíklofnað í máli þessu, en LJós vannst ekki tími til að skila áliti, áður en hann fór austur fyrir jólafríið.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, stefnir að því að veita Sambandi ísl. samvinnufélaga (S. Í. S.) jafnhliða Sambandi ísl. fiskframleiðenda (S. Í. F.) rétt til að flytja út saltfisk. Undanfarið hefur S. Í. F. haft einkaleyfi til útflutnings á saltfiski, sem atvinnumálaráðherra veitir til eins árs í senn. Frá því að lög þau, sem einkaleyfi þetta byggist á, voru sett, árið 1933, hefur S. Í. F. haft einkaleyfi óslitið, að því undanteknu, að meðan ég gegndi atvinnumálaráðherrastörfum, árin 1945 og 1946, veitti ég ekki einkaleyfi þetta.

Starfsemi S. Í. F. hefur verið gagnrýnd mjög harðlega, og hefur stofnun þessari einkum verið fundið það til foráttu, að innan hennar hafi hreiðrað um sig menn, sem nota einkaleyfið til fjárplógsstarfsemi fyrir sjálfa sig. Þessir menn hafa fastan umboðsmann í aðalmarkaðslandinu, Ítalíu, og hefur lengi legið sterkur grunur á því, að fyrir milligöngu hans tryggi þeir sér stórfelldan milliliðagróða af sölu ísl. saltfisks þar, en við það missa þessir sömu menn áhugann fyrir því að halda uppi verði á saltfiski okkar. Staðreynd er, að það hefur hvað eftir annað komið í ljós, að hægt hefur verið að koma fram sölum á saltfiski, bæði með hærra verði, fljótari afskipun og meira magni en stjórn S. Í. F. og umboðsmaður hennar höfðu talið mögulegt.

Fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna í London sendi þeim samtökum skýrslu um saltfiskverzlunina, sem leiddi í ljós, að stórfelldar misfellur væru í starfi S. Í. F. og margt benti á, að ákveðnir menn notuðu sér þessi samtök til ófyrirleitins gróðabralls. Skýrsla þessi varð til þess, að fyrirskipuð var opinber rannsókn á starfrækslu S. Í. F. og sakargiftum þessum. Rannsókn þessari er ekki enn lokið, og bendir allt til þess, að rannsókninni hafi aldrei verið ætlað annað hlutverk en að breiða blæju gleymskunnar yfir þær hörðu og rökstuddu ádeilur, sem fólust í skýrslunni.

Ég er þeirrar skoðunar, að einokun sú, sem S. Í. F. hefur haft á útflutningi saltfisks, sé mjög óheppileg, leiði af sér fjármálaspillingu og hafi orðið til þess að lækka verð á fiskinum og gera framleiðslu hans mjög erfiða. Hefur starfsemi S. Í. F. og þar af leiðandi lágt verð á saltfiski, mikill dráttur á afskipunum og loks

mjög mikill seinagangur á greiðslum til fiskeigenda orðið þess valdandi, að mjög mikið hefur dregið úr saltfiskframleiðslu landsmanna, þrátt fyrir það að ísl. saltfiskur sé eftirsóttasti saltfiskur, sem framleiddur er. Ég tel óhjákvæmilegt, að breytingar verði gerðar á saltfisksölunni og hún gefin frjáls, með opinberu eftirliti með því, að Íslendingar bjóði ekki niður verð hver fyrir öðrum, svo sem heimild er til í útflutningslögum. Væru með því móti gefnir óhindraðir möguleikar fyrir útvegsmenn og útgerðarfélög að stofna frjáls samtök um söluna, ef þeir telja það æskilegt. Sú steinrunna einokun, sem nú fer með fisksölumálin, hefur ótakmarkaða möguleika til að beita fiskframleiðendur bolabrögðum, eins og reynslan hefur sýnt, enda virðast þar ráða mestu þeir menn, sem sjálfir vilja ekki koma nærri saltfiskframleiðslu. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur því of skammt. En með tilliti til þeirrar nauðsynjar, sem á því er að brjóta einhver skörð í þá einokun, sem nú ríkir í þessum málum, og þar sem Framsóknarflokkurinn, sem að frv. stendur, virðist ófáanlegur til þess að ganga lengra en gert er í frv. að svo komnu máli, vil ég stuðla að því, að frv. nái fram að ganga. Á það skal einnig bent, að atvinnumálaráðherra lýsti því yfir við fyrstu umræðu þessa máls í neðri deild, að hann mundi, ef frv. þetta yrði að lögum, veita fleiri aðilum en S. Í. S. útflutningsleyfi. Er því hugsanlegt, ef frv. þetta verður lögfest, að af því leiði meiri rýmkun á saltfisksölunni en þá, er beinlínis felst í frumvarpinu.

Ég mun, ef tækifæri gefst til og ef það leiðir ekki til þess, að þessu frv. verði stefnt í hættu, leitast við að koma fram á því breytingum, er miði að því að losa enn meir á þeim höftum, sem nú eru á saltfiskverzluninni, en frv. gerir ráð fyrir, og áskil ég mér því rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Með tilvísun til þessa mæli ég með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Áki Jakobsson.

Sþ. 623. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um hraðfrystihús á Siglufirði.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að verja af ríkisfé allt að 1.5 millj. króna í því skyni að koma upp hraðfrystihúsi á Siglufirði og ábyrgjast allt að 1.5 millj. króna til þessara framkvæmda, verði þess talin þörf.

Greinargerð.

Undanfarna mánuði hefur farið fram athugun á því, hvað helzt væri tiltækilegt að gera til hjálpar atvinnulífi á Siglufirði, en sá kaupstaður hefur orðið flestum öðrum stöðum verr úti undanfarin ár, vegna þess að síld hefur lítið veiðzt síðustu sjö árin í samanburði við það, sem áður var, en síldveiðar og síldarvinnsla er svo sem kunnugt er aðalatvinnuvegur Siglfirðinga.

Á síðast liðnu ári átti ríkisstjórnin hlut að því, að Siglufjörður fengi togara til viðbótar þeim, sem bærinn átti fyrir, í því skyni að auka með því atvinnu í kaupstaðnum. Hefur af þessu orðið nokkur atvinnubót, en sökum þess hve frystihúsakostur er lítill á Siglufirði hefur ekki tekizt að nytja afla togaranna þar heima svo sem æskilegt hefði verið.

Nú er til athugunar að finna leiðir til að bæta úr þessari vöntun. Áætlun hefur verið gerð um byggingarkostnað hæfilegs hraðfrystihúss, og er talið, að það muni kosta uppkomið um 4 millj. króna. Fullvíst er og, að slíku fyrirtæki verður ekki komið upp á Siglufirði, eins og nú háttar þar atvinnumálum, nema með aðstoð ríkissjóðs í einhverri mynd.

Með tillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til stuðnings við þetta málefni, og er gert ráð fyrir, ef Alþingi fellst á tillöguna, að málið verði tekið til nánari athugunar af ríkisstjórninni.

Sþ. 624. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um lán úr mótvirðissjóði til landbúnaðarframkvæmda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu málsins. Ágreiningurinn var þó eigi um aðalefni tillögunnar, heldur um það form, er haft yrði á endurgreiðslu þess fjár, er hér um ræðir, þegar það greiðist inn frá þeim fyrirtækjum, er þegar hafa fengið það að láni.

Því er yfir lýst af hæstv. ríkisstjórn, að hér sé a. m. k. að mestu leyti um að ræða fé mótvirðissjóðs, þegar það greiðist inn aftur, vegna þess að því hafi þegar verið að mestu ráðstafað til annarra framkvæmda. Í raun og veru er hér um að ræða vexti og afborganir af því fé, sem þegar hefur verið ráðstafað, jafnóðum og það greiðist til baka. Svo sem kunnugt er, var mótvirðissjóður stofnaður samkvæmt þeim ákvæðum Marshallsamningsins, að jafnvirði þess fjár, er við fengjum að gjöf samkvæmt þeim samningi, skyldi greitt í íslenzkum krónum í sérstakan sjóð, er geymdur væri í Landsbanka Íslands og eigi mætti ráðstafa nema með leyfi Marshallstofnunarinnar.

Nú mun Marshallstofnunin vera um það bil að hætta störfum, en í hennar stað stofnuð önnur, sem útlit er fyrir að eigi fyrst og fremst að láta hernaðarmál til sín taka. Verður þá ekki um frekari framlög að ræða frá Marshallstofnuninni. Tel ég því rétt, að jafnframt því sem fé mótvirðissjóðs er allt lánað út í framkvæmdir, svo sem verða mun nú alveg á næstunni, þá sé honum ekki haldið við lengur í sínu upprunalegu formi. Hann er þá ekki lengur neinn mótvirðissjóður í þeirri merkingu, sem hann hefur verið fram að þessu.

Framkvæmdasjóður ríkisins var stofnaður með lögum nr. 55 4. júlí 1942. Átti hlutverk hans að vera að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna eftir þar til settum reglum. Á starfsemi hans hefur lítið borið, en lögin munu þó enn vera í gildi. Það er því eðlilegasta fyrirkomulag þessara mála, að vextir og afborganir af því fé, er lánað hefur verið úr mótvirðissjóði, renni í framkvæmdasjóð ríkisins og lögum um hann verði breytt í samræmi við það, sem Alþingi vill ákveða um notkun þessa fjár á hverjum tíma.

Þá skal enn fremur á það bent, að það væri síður en svo í neinu ósamræmi við það, sem á undan er gengið í þessum málum, að hin nýja stofnun, sem tilkynnt hefur verið að stofnuð yrði í stað Marshallstofnunarinnar, leggi fram fé til ýmiss konar hernaðarundirbúnings á Íslandi, og í sambandi við slík framlög yrði þess krafizt, að mótvirðissjóði verði við haldið með sömu skilyrðum og áður. Er því að öllu leyti óruggara að koma því fjármagni, er hér um ræðir, í algerlega íslenzkan sjóð, er starfar að öllu eftir íslenzkum lögum einum, en ekki samkvæmt samningi íslenzku ríkisstjórnarinnar við erlend ríki. Sýnist mér slíkt eina tryggingin fyrir því, að við fáum að nota féð eins og okkur hentar bezt og alveg að eigin ákvörðun.

Um heildarskiptingu þessa fjár eins og tillagan gerir ráð fyrir geri ég ekki ágreining. Hins vegar tel ég rétt að taka það fram, að heimilt sé að nota einnig þetta fé til raforkuframkvæmda og skóggræðslu í sveitum landsins.

Samkvæmt framansögðu vil ég leggja til, að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta afborganir og vexti af lánum, sem veitt eru úr mótvirðissjóði, renna í framkvæmdasjóð ríkisins og undirbúa undir næsta Alþingi breytingar á lögum nr. 55 frá 4. júlí 1942 um þann sjóð, er miði að því, að sjóðnum sé varið í þeim tilgangi, er hér segir:

1. Helmingnum af fé sjóðsins sé varið til landbúnaðar, raforku og skóggræðslu í sveitum landsins.
2. Helmingnum sé varið til framkvæmda í þágu sjávarútvegs og iðnaðar, til byggingarstarfsemi og annarra framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Ásmundur Sigurðsson.

Nd. 625. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jónas Árnason, Áki Jakobsson.

1. gr.

Á eftir g-lið 10. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
Vinnufatakostnað sjómanna og annars verkafólks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að kostnaður sá, sem verkafólk verður fyrir vegna vinnufataslits, skuli dreginn frá, þegar tekjur eru taldar fram til skatts. Kostnaður þessi er að vísu mismunandi eftir starfsgreinum, en hjá mörgum er hann svo tilfinnanlegur, að fullkomið óréttlæti mætti kallast, ef ríkisvaldið vildi engu sinna óskum um, að hér yrði á einhvern hátt létt undir. Þessara óska er nú mjög farið að gæta, einkum meðal togarasjómanna, enda er þyngstur þeirra baggi í þessum efnum. Hafa þeir og alloft látið frá sér heyra í málinu, og á þessum vettvangi verður sennilega beztur sá rökstuðningur að vitna til nýskrifaðrar greinar eftir einn þeirra, en þar segir svo meðal annars:

„Maður, sem fer til sjós á togara og þarf að kaupa sér hlífðarföt, eyðir meiri hluta þess kaups, sem gera má ráð fyrir að hann fái fyrir túrinn, ef hann útbýr sig sæmilega með fatnað. — Nauðsynleg fatakaup mundu verða:

Tveir stakkar á 240 kr. stykkið	kr.	480.00
Tvö pör stígvél á 180—240 kr.	—	400.00
Einn sjóhattur	—	40.00
Sex pör fingravettlinga á 10 kr. parið	—	60.00
Tvö pör sjóvettlinga á 20 kr. parið	—	40.00
Samtals kr.		1020.00

Ótalin eru vinnuföt, svo sem peysur, buxur og annar nauðsynlegur fatnaður, sem óhætt er að fullyrða að mundi kosta um kr. 2000.00.“ — Þegar síðan við þennan byrjunarkostnað bætist endurnýjunar- og viðhaldskostnaður af fötunum, þá mun varla ofmælt, að samanlagður vinnufatakostnaður fullstarfandi togarasjómanns sé aldrei undir 5 þús. kr. á ári.

Dæmið um togarasjómenn er að vísu þungvægast í rökstuðningi fyrir nauðsyn þessa máls, en fleiri svipuð dæmi mætti nefna, og þykir því flm. fara bezt á því að láta ákvæði frumvarpsins ná til alls verkafólks.

Hér er á ferðinni réttlætismál, sem óskandi er, að Alþingi beri gæfu til að samþykkja.

Sþ. 626. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna skipasmíða á vegum ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Lárus Jóhannesson, Steingrímur Aðalsteinsson, Emil Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson og Jónas Rafnar.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurgreiða skipasmíðastöðvum þeim, sem smíðuðu fiskiskip fyrir ríkisstjórnina á árunum 1945—1949, aðflutningsgjöld af efni því og tækjum, sem inn var flutt til smíðanna og skipasmíðastöðvarnar lögðu til samkvæmt smíðasamningunum, enda verði endurgreiðsla þessi eigi hærri en 35 þúsund krónur á hvert skip 60 smálesta og stærra og 25 þúsund krónur á hvert þeirra skipa, er minni voru.

Greinargerð.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1952 báru fjórir af flutningsmönnum þessarar tillögu fram brtt. við fjárlagafrv. þess efnis, að ríkisstjórninni yrði heimilað að greiða skipasmíðastöðvum þeim, sem smíðuðu fiskiskip fyrir ríkisstjórnina á árunum 1945—1949, uppbætur á umsamið kaupverð skipanna, er næmu allt að 35 þús. kr. á hvern stærri bátanna og 25 þús. kr. á hvern hinna minni. Var ástæða tillögunnar sú, að skipasmíðastöðvarnar urðu fyrir miklum halla á skipasmíði þessari vegna mjög aukins tilkostnaðar eftir að um smíði skipanna var samið, og þótti ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður létti eitthvað undir með skipasmíðastöðvunum vegna þessa tjóns.

Við atkvæðagreiðslu um þessa brtt. við fjárlagafrv. lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún teldi ekki gerlegt að greiða skipasmíðastöðvunum bætur í því formi, sem tillagan fól í sér, en lofaði um leið að taka til athugunar, hvort eigi væri tiltækilegt að endurgreiða skipasmíðastöðvum þessum aðflutningsgjöld af innfluttu efni og tækjum til bátasmíðanna, sem skipasmíðastöðvarnar lögðu til samkv. smíðasamningunum. Var brtt. tekin aftur vegna þessarar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, þar eð vitað var, að aðflutningsgjöldin mundu að minnsta kosti nema þeim upphæðum, sem lagt var til að greiða skipasmíðastöðvunum með breytingartillögunni.

Með þáltill. þessari er lagt til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þeirrar ráðstöfunar, sem fólst í áðurgreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Er tillagan orðuð í samræmi við yfirlýsinguna. Ekki er enn athugað til hlítar, hversu hárri upphæð aðflutningsgjöldin á hvert skip nema, en samkomulag er um það við ríkisstjórnina að binda hámark endurgreiðslunnar við þær upphæðir, sem greinir í tillögunni.

Nd. **627. Frumvarp til laga** [176. mál]

um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Allar leigubifreiðar í kaupstöðum, hvort sem það eru fólks-, vöru- eða sendibifreiðar, skulu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnir skulu, að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins, hafa heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða þeirra, er greinir í 1. málsgr.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal kveða nánar á um takmörkun skv. 1. gr. með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilmælum stjórna bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og vörubílstjórafélagsins Þróttar. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Við undirritaðir höfum athugað, hvort nauðsyn bæri til þess að skipuleggja akstur leigubifreiða hér í bæ og annars staðar að því er snertir leigubifreiðar til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, svo og vörubifreiðar, sem leigðar eru almenningi og hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, aðallega með það fyrir augum, hvort nauðsynlegt væri að setja löggjöf um takmörkun þeirra.

Við athugun höfum við sannfærzt um það, að atvinnumöguleikar fyrir leigubifreiðar eru mjög takmarkaðir eins og nú er, miðað við þann fjölda bifreiða, sem notaðar eru í þessu efni nú.

Leigubifreiðar til fólksflutninga, sem taka allt að 8 farþega, eru nú um 450 hér í Reykjavík og um 250 vörubifreiðar, og virðist það vera mun fleiri bifreiðar en nokkur þörf er fyrir. Er því fyrirsjáanlegt, að brýn nauðsyn er til þess að takmarka fjölda leigubifreiða, eigi að vera nokkur möguleiki til þess að þeir menn, sem stunda akstur leigubifreiða sem aðalatvinnu, geti haft það sér og sínum til lífsviðurværis, enda mun nú svo komið, að í flestum menningarlöndum er tala slíkra flutningatækja takmörkuð með löggjöf.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur á hverjum tíma fer geysilega mikið vinnuafl til ónýtis, auk þess sem við þessa flutninga eru bundnar miklu fleiri bifreiðar en þörf er á, en það leiðir að sjálfsögðu af sér aukinn innflutning á alls konar rekstrarvörum til bifreiða.

Loks má benda á það, að fjöldi manna hefur lagt mikið fé í það að kaupa sér dýrar bifreiðar í þeirri von, að akstur vöru- og fólksflutningabifreiða sé mjög arðvænleg atvinnugrein, en margir þessara manna hafa síðan komizt í miklar fjárkröggur vegna þessa, en af því hefur oft og einatt leitt alls konar spillingu, sem hægt væri að komast hjá með því að takmarka tölu bifreiðanna við flutningaþörfina og tryggja þannig að fullu hagnýtingu vinnuafls og tækja í þessum starfsgreinum.

Í sambandi við setningu löggjafar um þessi mál teljum við brýna nauðsyn bera til þess, að fyrrgreindar bifreiðar til almenningsnota hafi fasta afgreiðslu á bifreiðastöð, enda mundi allt eftirlit með slíkri löggjöf verða mjög erfitt, ef bifreiðarnar hefðu ekki skyldu til þess að vera í fastri afgreiðslu á bifreiðastöð.

Með tilvísun til framanritaðs erum við undirritaðir því sammála um, að nauðsyn beri til þess, að sett verði löggjöf um heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til vöru- og mannflutninga í kaupstöðum landsins og að það gæti orðið á Alþingi því, sem nú situr.

Bergsteinn Guðjónsson, form. Hreyfils.
Friðleifur I. Friðriksson, form. V.B.S. Þróttar.

Ed. 628. Breytingartillaga [131. mál]

við brtt. á þskj. 331 [Prófessorsembætti í læknadeild háskólans].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við tölul. 1. 2. efnismálslið skal orða svo:
Hið fyrrnefnda skal veitt í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja, en hið síðarnefnda frá 1. júlí 1952, og skal sá prófessor jafnframt vera yfirlæknir röntgendeildar landsspítalans.

Sþ. 629. Breytingartillaga [69. mál]

við brtt. á þskj. 614 [Veðdeild Landsbankans].

Frá Áka Jakobssyni.

Við 2. málsgr. tillögugreinarinnar. Fyrir orðin „með sem allra minnstum afföllum“ komi: án affalla.

Sþ. 630. Breytingartillögur [173. mál]

við till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að verja af ríkisfé allt að þremur milljónum króna í því skyni að koma upp hraðfrystihúsum á Siglufirði og Ísafirði og ábyrgjast allt að þremur milljónum króna til þessara framkvæmda, verði þess talin þörf. Bæði láns- og ábyrgðarupphæðirnar skiptist að jöfnu milli staðanna.
2. Við fyrirsögn till. bætist: og Ísafirði.

Ed. 631. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um skyldu geðveikrahælisins á Kleppi til að taka við óðu fólki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, gera ráðstafanir til þess að auka húsrými fyrir geðsjúkt fólk með viðbyggingum við geðveikraspítalann á Kleppi eða á annan hátt, svo að jafnan sé unnt að veita viðtöku án tafar öllu því fólki, sem brjálast skyndilega og er að dómi læknis hættulegt umhverfi sínu eða ætla má að fari sér að voða.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal láta fram fara á þessu ári athugun á því, á hvern hátt bezt verði komið í framkvæmd nægilegri aukningu á húsrými fyrir geðsjúkt fólk, og leggja tillögur sínar um þetta efni fyrir næsta Alþingi.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um húsrými fyrir geðsjúkt fólk.

Sþ. 632. Þingsályktun [81. mál]

um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreitt frá Sþ. 16. jan.)

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör, sem stefni að því, að lögfest verði heilsteypt kerfi skattamála, sem byggist á eðlilegri og samræmdri tekju- og verkaskiptingu ríkisins annars vegar og bæjar- og sveitarfélaga hins vegar. Sé jafnframt við það miðað að ofþyngja ekki einstaklingum, hjónum, félögum og atvinnurekstri í opinberum gjöldum, tryggt samræmi og jafnrétti við álagningu gjaldanna, sem mundi auðvelda eftirlit með því, að framtöl séu rétt. Lögð skal einnig áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt.

Rannsókn og undirbúningi málsins sé hraðað svo, að ríkisstjórnin leggi frv. til laga um málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 633. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (FRV) er andvígur frumvarpinu og gefur út sérstakt nefndarálit, en meiri hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.
	H. Guðmundsson.	

Nd. 634. Frumvarp til laga [177. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 95 milljónir króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Lán úr mótvirðissjóði skulu vera með 5½% vöxtum og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, og áskilja einstakir nefndar menn sér óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Með lögum nr. 47 16. marz 1951 var heimilað að lána 120 milljónir úr mótvirðissjóði til virkjananna við Sog og Laxá og til áburðarverksmiðju.

Með þessu lagafrumvarpi er heimilað að lána 95 milljónir í viðbót til þessara fyrirtækja. Er þó ekki líklegt, að það fé hrökkvi til þess að brúa bilið milli kostnaðarverðs fyrirtækjanna og þess, sem til þeirra er fram lagt annars staðar frá. Þykir þó ekki tímabært eða nauðsynlegt að samþykkja nú frekari heimildir til lána úr mótvirðissjóði en hér er lagt til.

Fé því, sem heimilað er að lána úr mótvirðissjóði, ber að skipta þannig milli fyrirtækjanna þriggja, að þau fái samtals af Marshallfé (þ. e. samanlagt af Marshalllániu og mótvirðissjóðslániu) hvert um sig jafnháa fjárhæð hlutfallslega miðað við stofnkostnað fyrirtækjanna.

Kostnaðarverð þessara mannvirkja er nú áætlað sem hér segir:

Sogsvirkjunin	190	milljónir
Laxárvirkjunin	54	—
Áburðarverksmiðjan	108	—
Samtals	352	milljónir

Gera má ráð fyrir, að í mótvirðissjóð komi samtals um 340 milljónir króna, miðað við þau Marshallframlög, sem nú hafa verið ákveðin.

Til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs eru ætlaðar 50 milljónir, og til fyrirtækjanna hafa verið heimilaðar 215 milljónir, verði þetta frumvarp samþykkt.“

Nd. 635. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins.

Yfirskoðunarmenn hafa gert athugasemdir við ríkisreikninginn í 29 liðum, og eru þær prentaðar með reikningnum, eins og venja er til, ásamt svörum fjármálaráðherra. Einnig eru prentaðar með reikningnum tillögur yfirskoðunarmanna til Alþingis vegna athugasemdanna, og er 11 atriðum þar vísað til aðgerða Alþingis.

Í tilefni af þessum athugasemdum vill fjárhagsnefnd benda á nauðsyn þess, að þau dæmi, sem þar eru nefnd um aðfinnsluverða hluti, verði höfð til viðvörunar framvegis.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ágústsson, fundaskr. Ásgeir Ásgeirsson.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 636. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur undirritaður meiri hluti til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „skatta, sem miðaðir eru við fasteignamat“ komi: skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Skúli Guðmundsson, form. Sigurður Ágústsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 637. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um þetta mál, og er ég einn andvígur því, að það nái fram að ganga að svo stöddu.

Það, sem veldur því, að ég álít varasamt að hækka verulega þau gjöld, sem menn greiða af fasteignum, er eftirfarandi:

Sem stendur er ómögulegt að fá lán út á fasteignir, en mikill atvinnuskortur hjá þorra landsmanna. Er hvort tveggja, lánsfjárskorturinn og atvinnuleysið, sök hins opinbera. Fjöldi manna, sem unnið hafa baki brotnu að því undanfarinn áratug að reyna að eignast íbúðir fyrir sig og sína, sér nú fram á mikla erfiðleika við að halda þessum eignum sínum. Auk minnkandi atvinnu og vaxandi dýrtíðar hvílir aukin skatta- og tollabyrði ríkissjóðs svo þungt á þessum mönnum, að við liggur, að þeir sligist undir því. Hækkun fasteignagjalda getur riðið baggamuninn hjá þessum mönnum, sem berjast í bökkum, þótt stóreignamenn hins vegar muni ekki um þá hækkun. Þar sem lánsfjárskorturinn, atvinnuleysið, dýrtíðin og skatta- og tollabyrðin nú nálgast það að vera ránsherferð á hendur þeim almenningi, sem eitthvað hefur eignazt á undanförnum áratug, fæ ég ekki séð, að á það sé bætandi. Hins

vegar væri allt öðru máli að gegna, ef einhver tilslökun yrði sýnd í ránsherferðinni, annaðhvort þannig, að veðlán yrðu fáanleg út á fasteignir með hóflegum kjörum, atvinna yrði aftur almenn hjá landsmönnum, tollabyrðinni að einhverju leyti létt af eða dregið úr dýrtíðinni.

Hins vegar er vitanlegt, að bæjarfélögin þurfa auknar tekjur, og ætti ríkisvaldið að sýna skilning á því með því að slaka á klónum sjálft og veita sveitarfélögunum nokkuð af þeim tekjum, er það fær nú, en ekki bæta í sífellu á álögur á almenningi.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Einar Olgeirsson.

Sþ. 638. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um sérfræðilega aðstoð vegna búfjársjúkdóma.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita sérfræðilegrar aðstoðar hjá matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) til útrýmingar búfjársjúkdómum í landinu.

Greinargerð.

Á yfirstandandi Alþingi var þeirri fyrirspurn beint til landbúnaðarráðherra, hvort ekki væri líklegt, að matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna gæti veitt Íslendingum sérfræðilega aðstoð í baráttunni við búfjársjúkdóma þá, sem valdið hafa íslenzkum landbúnaði þungum búsifjum undanfarin ár. Lét ráðherrann þá skoðun í ljós í svari sínu, að hann væri því hlynntur, að slíkrar aðstoðar yrði leitað. Svipuð var afstaða sauðfjársjúkdómanefndar til málsins. Rannsóknarstöðin á Keldum virtist hins vegar ekki telja, að mikils árangurs væri að vænta af sérfræðilegri aðstoð frá umræddri stofnun.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja sjálfsagt, að freistað verði allra ráða í baráttunni gegn búfjársjúkdómunum. Þess vegna telja þeir eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi láti á ótvíræðan hátt í ljós þann vilja sinn, að leitað verði sérfræðilegrar aðstoðar landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Byggist nauðsyn þess ekki hvað sízt á því, að nokkurs skoðanamismunar hefur orðið vart á því hjá þeim aðilum, sem um sauðfjársjúkdómana hafa fjallað, hversu mikillar nytsemdar megi vænta af slíkri ráðstöfun.

Ed. 639. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég get ekki að svo stöddu fylgt þessu frv.

Það var eitt af helztu loforðum núverandi ríkisstjórnar til þjóðarinnar, er hún settist að völdum, að hún skyldi koma í veg fyrir atvinnuleysi í landinu. Nú er meira atvinnuleysi hér á landi en þekkzt hefur síðustu 20 árin. Mun ekki ofsagt, að þúsundir manna séu nú atvinnulausar í kaupstöðum og kauptúnum landsins, og í sumum þeirra hreint neyðarástand vegna atvinnuleysis.

Ég tel, að það eigi að vera eitt aðalverkefni Alþingis og siðferðileg skylda þess að finna úrlausnir, þegar slíkt ástand hefur skapazt, hvort sem ríkisstjórnin sér skyldu sína eða ekki.

Fyrir Alþingi liggja nú tillögur um ráðstafanir til að draga úr atvinnuleysinu, bornar fram af þingmönnum Sósialistaflokksins. Þingi og stjórn hafa borizt kröfur um slíkar aðgerðir frá verkalýðssamtökunum í Reykjavík og annars staðar.

Ég tel, að þingið megi ekki hætta störfum og samþykkja frestun á samkomudegi reglulegs Alþingis til 1. okt. n. k., nema það hafi áður gert ráðstafanir, sem dugi til þess að draga úr því stórkostlega atvinnuleysi, sem þegar hefur skapazt, og koma í veg fyrir, að það aukist enn, eins og sýnilega stefnir að, sé ekkert að gert.

Verði engar slíkar ráðstafanir gerðar, áður en þessu þingi lýkur, tel ég brýna þörf til þinghalds að nýju hinn 15. febrúar n. k., en þá á reglulegt Alþingi að koma saman skv. 35. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og á stendur er ég því andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 16. jan. 1952.

F. R. Valdimarsson.

Nd. 640. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Leggur n. til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Sigurður Guðnason.
Emil Jónsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 641. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um Akademíu Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Mál þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum n., en nefndarmenn hafa eigi getað orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Undirrituð telja mál þetta athyglisvert og mæla með samþykkt þess með þeirri breytingu, að félögum Akademiunnar verði eigi ákveðin sérstök laun fyrir störf sín þar. Leggjum við því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 9. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir.

Sþ. 642. Þingsályktun [52. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði, þannig að fullnægt geti orðið raforkuþörfum þessa landshluta. Skal leitt í ljós með rannsókninni svo sem auðið er, hvaða möguleikar eru til raforkuframleiðslu á þessu svæði. Rannsókn þessari sé hraðað eftir föngum og að því stefnt, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.

Nd. 643. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við 4. lið bætist nýr töluliður:
   að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „40 millj. kr.“ komi: 44.6 millj. kr.
   b. Í stað „13.4 millj. kr.“ komi: 14.9 millj. kr.

Nd. 644. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um Akademíu Íslands.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, og hafa nefndarmenn ekki orðið einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir Alþingi liggur tillaga um akademíu (listarráð), sem hafi önnur verkefni en þau, er greinir í frumvarpi þessu, og þar sem Bandalag íslenzkra listamanna hefur óskað þess, að frestað verði ákvörðun um verksvið þeirrar stofnunar, og með því að ekki liggur ljóst fyrir, hvaða reglur gilda um akademíur með öðrum þjóðum, hvort starfsemi þeirra er skipað með lögum, eftir hvaða reglum valið er til þeirra, hve víðtækt verksvið þeirra er og hver árangur hafi orðið af starfsemi þeirra, þá telur deildin ekki tímabært að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Nd. 645. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um skógræktardag skólafólks.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Kristín Sigurðardóttir. Jónas Árnason.

Nd. 646. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Auk þess hefur formaður rætt það við menntamálaráðherra og formann nefndar þeirrar, er undirbjó frumvarpið, dr. Finn Guðmundsson.

Áður en frumvarp þetta verður að lögum, telur nefndin rétt að fá umsagnir sýslunefnda og bæjarstjórna um það í því skyni að afla sem gleggstra upplýsinga um hinar ólíku aðstæður víðs vegar um land varðandi fuglalíf og fuglaveiðar. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði að sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin sendi frumvarp þetta til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, og leggi það að nýju fyrir Alþingi að fengnum umsögnum þessara aðila, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.
Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Nd. 647. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. ýtarlega á nokkrum fundum. Hefur hún orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, er nú skal greina, og eru till. um þær fluttar á sérstöku þskj.

1. Hofteigs- og Hofsósprestaköll verði tekin að nýju upp í frv., en Ed. hafði fellt þau niður.
2. Þau 10 prófastsdæmi, sem Ed. sameinaði í 5, verði aftur upp tekin.

3. Skipun sókna í prestaköll var breytt töluvert í Ed. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að rígbinda þau mál í lögum og leggur því til, að sett verði skýr ákvæði í 10. gr. um það, að flytja megi sóknir milli prestakalla, ef söfnuðir þeir og héraðsfundir, er hlut eiga að máli, æskja þess. Leggur n. því ekki til, að breytt verði ákvörðunum Ed. um sóknaskipun.
4. Í frv. var ákvæði um Þingvallaprestakall, er skyldi ná yfir Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir eins og nú er í lögum. Í Ed. var þetta ákvæði fellt niður, en samþ. í þess stað ný gr., 4. gr., um að skipa skuli prest að Þingvöllum án kosningar og skuli lög um aldurshámark eigi ná til hans. Nefndin leggur til, að þetta sé fært í sama horf og var í frv. upphaflega. Páll Þorsteinsson hefur fyrirvara um þetta atriði.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja og flytja brtt.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.
Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.

Nd. 648. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

I. Við 1. gr.
1. Við I. 3. (Kirkjubær). Liðurinn orðist svo:
Hofteigur. Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
2. Við I. 4. Nýr liður:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
3. Við II. 7. (Vallanes). Fyrir orðin „Þingmúla-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir“ kemur: Þingmúlasóknir.
4. Við III. Fyrir orðið „Skaftafellsprófastsdæmi“ kemur: Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
5. Á undan 16. kemur nýr rómverskur liður:
Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.
6. Við V. 27. (Mosfell í Grímsnesi). Fyrir orðin „Stóruborgar-, Búrfells- og Úlfljótsvatnssóknir“ kemur: Stóruborgar- og Búrfellssóknir.
7. Við V. 27. Nýr liður:
Þingvellir: Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
8. Við VIII. Fyrir orðin „Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi“ kemur: Borgarfjarðarprófastsdæmi.
9. Á undan 52. kemur nýr rómverskur liður:
Mýraprófastsdæmi.
10. Við IX. Fyrir orðin „Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi“ kemur: Snæfellsnessprófastsdæmi.
11. Á undan 59. kemur nýr rómverskur liður:
Dalaprófastsdæmi.
12. Við XIII. Fyrir orðin „Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmi“ kemur: Strandaprófastsdæmi.

13. Á undan 81. kemur nýr rómverskur liður:
Húnavatnsprófastsdæmi.
14. Við XIV. 91. (Hólar í Hjaltadal). Fyrir orðin „Viðvíkur-, Hofstaða- og Hofssóknir (Hofsós)“ kemur: Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
15. Við XIV. 91. Nýr liður:
Hofsós. Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur á Hofsósi.
16. Við XIV. 92. (Barð). Fyrir orðin „Barðs-, Knappsstaða- og Fellssóknir“ kemur: Barðs- og Knappsstaðasóknir.
17. Við XVI. Fyrir orðið „Þingeyjarprófastsdæmi“ kemur: Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.
18. Við XVI. 105. (Skútustaðir). Fyrir orðin „Reykjahlíðar-, Víðihóls- og Möðrudalssóknir“ kemur: Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
19. Á undan 108. kemur nýr rómverskur liður:
Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

II. Við 4. gr. Greinin fellur niður.

III. Við 10. gr. Á eftir orðunum „takmörkun prestakalla“ í 1. málsl. greinarinnar kemur: flytja sókn úr einu prestakalli í annað.

Nd. 649. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 1. gr.

1. Við XIII. 81. Nýr liður:
Tjörn á Vatnsnesi. Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.
2. Við XIII. 82. (Breiðabólstaður í Vesturhópi). Fyrir orðin „Breiðabólstaðar-, Víðidalstungu-, Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir“ kemur: Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.

Sþ. 650. Nefndarálit [175. mál]

um till. til þál. um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna skipasmíða á vegum ríkisstjórnarinnar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og mælir með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 17. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.
Hannibal Valdimarsson.	Ingólfur Jónsson.	Ásmundur Sigurðsson.

Sþ. **651. Skýrsla**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrsla um tekjur og gjöld frá 1. jan. 1949 til 31. des. 1950.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1949:			
a. Veðskuldabréf	kr.	12600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	6000.00	
c. Bankainnstæða	—	5302.70	
			kr. 23902.70
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	1260.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	600.00	
c. — bankainnstæðu	—	409.26	
			— 2269.26
			Kr. 26171.96

Gjöld:

1. Greiddur auglýsingakostnaður			kr. 131.00
2. Eign í árslok 1950:			
a. Veðskuldabréf	kr.	12600.00	
b. Ríkisskuldabréf	—	6000.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	7440.96	
			— 26040.96
			Kr. 26171.96

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. jan. 1951.

F. h. r.
Kristinn Stefánsson.

B. Skýrsla frá verðlaunanefnd.

Hinn 12. janúar 1950 gaf nefnd sú, er kosin hafði verið af Alþingi til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, út auglýsingu um það, að þeir, sem til verðlauna hygðu, skyldu gefa sig fram við nefndina fyrir lok ársins.

Hinn 20. marz næsta ár kom nefndin saman til fundar. Höfðu engin handrit borizt henni samkvæmt ofangreindri auglýsingu, en hins vegar hafði hún fengið í hendur rit Guðbrands Jónssonar prófessors, Herra Jón Arason, með tilmælum um, að höfundurinn yrði sæmdur verðlaunum af Gjöf Jóns Sigurðssonar fyrir það verk.

Nefndin varð sammála um, að höfundurinn hefði í þessu verki sýnt mikla kostgæfni, leiðrétt ýmislegt, sem máli skiptir, og honum tekizt að bregða nýju ljósi yfir ýmis atriði. Taldi hún því rétt að sæma rit þetta og höfund þess verðlaunum af Gjöf Jóns Sigurðssonar, 2000.00 kr.

Reykjavík, 11. janúar 1952.

Þorkell Jóhannesson. Þórður Eyjólfsson. Matthías Þórðarson.

Nd. 652. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í fyrstu málsgrein falli niður orðin „38 millj. króna".
   b. Í stað „15 millj. kr." í 1. tölul. komi: 20 millj. kr.
   c. Í stað „4 millj. kr." í 2. tölul. komi: 9 millj. kr.
   d. Í stað „4 millj. kr." í 3. tölul. komi: 9 millj. kr.
   e. Í stað „4 millj. kr." í 4. tölul. komi: 9 millj. kr.
   f. Á eftir 8. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva 7 millj. kr.
   g. Í stað „5½%" í síðustu málsgrein komi: 4½%.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að lána úr mótvirðissjóði þær fjárhæðir, sem heimilað er að verja samkv. 1. gr., þegar tekjur ríkissjóðs á árinu 1951 hrökkva eigi lengur.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 og lán úr mótvirðissjóði.

Ed. 653. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. jan. 1952.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 654. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir 8. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Að lána 1.5 millj. kr. til byggingar fiskiðjuvers þess, er Fiskiðjan h.f. á Hornafirði hefur nú í smíðum.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og 8. tölulið" komi: 8. og 9. tölulið.

Nd. 655. Frumvarp til laga [131. mál]

um stofnun tveggja nýrra prófessorsembætta í læknadeild Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal tvö ný prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, annað í lífeðlis- og lífefnafræði og hitt í röntgenfræði. Hið fyrrnefnda skal veitt í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja, en hið síðarnefnda frá 1. júlí 1952, og skal sá prófessor jafnframt vera yfirlæknir röntgendeildar landsspítalans.

Um prófessora þessa gilda að öllu leyti sömu reglur sem um prófessora þá, sem fyrir eru í háskólanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 656. Þingsályktun [51. mál]

um ráðstöfun á mótvirðissjóði.

(Afgreidd frá Sþ. 17. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að mótvirðissjóði verði, þegar fé hans er tiltækt til slíkrar ráðstöfunar, varið til lánastarfsemi að hálfu í þágu landbúnaðarins og að hálfu til eflingar framleiðslu og framkvæmdum fyrir kaupstaði og kauptún.

Sþ. 657. Þingsályktun [150. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

(Afgreidd frá Sþ. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 408.

Sþ. 658. Þingsályktun [151. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um orlof með launum fyrir farmenn.

(Afgreidd frá Sþ. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 409.

Sþ. 659. Breytingartillögur [173. mál]

við till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Aftan við tillögugreinina bætist:
   Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hraðfrystihúsum og fiskvinnslustöðvum í Reykjavík verði séð fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, til þess að togarar í Reykjavík geti lagt afla sinn þar á land til vinnslu, og að iðnaðarfyrirtæki þurfi eigi að fella niður starfsemi vegna skorts á rekstrarfé. Jafnframt beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að nú þegar verði hafizt handa um þær byggingarframkvæmdir í Reykjavík, sem fé hefur verið veitt til í fjárlögum, svo sem byggingu iðnskóla, heilsuverndarstöðvar og bæjarspítala, og að gefinn verði frjáls innflutningur á nauðsynlegum hráefnum til íslenzks iðnaðar. Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að verja úr ríkissjóði allt að 4 millj. króna til þess að bæta úr atvinnuleysi í kaupstöðum og kauptúnum á yfirstandandi ári gegn framlagi frá hlutaðeigandi sveitarstjórnum, eftir því sem ríkisstjórnin telur fært að ætla þeim að greiða.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til atvinnuaukningar og atvinnubóta.

Ed. 660. Frumvarp til laga [152. mál]

um húsrými fyrir geðsjúkt fólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem þörf krefur, gera ráðstafanir til þess að auka húsrými fyrir geðsjúkt fólk með viðbyggingum við geðveikraspítalann á Kleppi eða á annan hátt, svo að jafnan sé unnt að veita viðtöku án tafar öllu því fólki, sem brjálast skyndilega og er að dómi læknis hættulegt umhverfi sínu eða ætla má að fari sér að voða.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal láta fram fara á þessu ári athugun á því, á hvern hátt bezt verði komið í framkvæmd nægilegri aukningu á húsrými fyrir geðsjúkt fólk, og leggja tillögur sínar um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 661. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og m. a. kallað til sín landlækni og enn fremur flutningsmenn að þeirri breytingartillögu, sem borin var

fram á þskj. 231 og samþykkt var í neðri deild, en þeir telja mikla nauðsyn bera til þess, að Egilsstaðalæknishéraði verði skipt í tvö læknishéruð, eins og fyrir er mælt í 2. gr. frv. Landlæknir tjáði sig hins vegar andvígan þessari skipan málanna og telur það ekki til bóta fyrir íbúa héraðsins, að hún verði lögtekin. Af þeim gögnum, sem nefndin hefur haft aðgang að, og þeim upplýsingum, sem gefnar voru, þykir rétt, að málið fái betri undirbúning, og leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verði séð fyrir læknisþjónustu í Blönduóshéraði og Egilsstaðahéraði, og leggi fram frv. um það, ef nauðsyn þykir, fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. jan. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Gísli Jónsson, frsm.
H. Guðmundsson. — F. R. Valdimarsson.

Nd. 662. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til athugunar og sent það vegamálastjóra til umsagnar. Svar hans barst nefndinni 16. þ. m., og er hann andvígur því, að frumvarp þetta verði samþykkt nú á þessu þingi.

Nefndin er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að þörf sé á að auka tekjur sýsluvegasjóðanna til framkvæmda í vegamálum héraðanna. En nú er komið að síðustu dögum, sem þetta Alþingi situr að störfum, og þess vegna engar líkur til þess, að frumvarpið verði að lögum nú á þessu þingi, enda líka búið í fjárlögum fyrir árið 1952 að ákveða það fé, sem til sýslusjóðanna fer á þessu ári. Vegna þeirra ástæðna, sem fyrir hendi eru, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún ásamt vegamálastjóra leggi fyrir næsta þing tillögur um auknar tekjur sýsluvegasjóðanna.

Bréf vegamálastjóra fylgir hér með.

Alþingi, 18. jan. 1952.

Sigurður Bjarnason, form. — Jón Gíslason, fundaskr., frsm. — Magnús Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. — Magnús Kjartansson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. janúar 1952.

Samþykktir um sýsluvegasjóði.

Með bréfi dags. 5. f. m. sendi háttvirt samgöngumálanefnd mér til umsagnar 2 frv. til laga um breytingar á gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, á þskj. 141 og 180.

Í báðum tillögunum er lagt til, að framlög ríkissjóðs til sýsluvegasjóða verði hækkuð allverulega.

Sýsluvegasamþykktir eru nú í 16 sýslum, en voru 1950 í 15. Þá var framlag ríkissjóðs til 15 vegasjóða um 917 þús. kr., en framlög samtals úr sýsluvegasjóðum og sérframlög úr héruðunum um 881 þús. kr. Þessar 881 þús. kr. skiptast þannig, að um 217 þús. kr. eru sérframlög, sem ekkert framlag úr ríkissjóði kemur á móti, en fasteignaskatturinn, sem er framlagshæfur, nam um 564 þús. kr., og námu þannig sérframlögin, sem ekki voru framlagshæf, fullum ⅓ heildarframlaga frá sýslufélögunum.

Er hér af augljóst, að sýslurnar vilja allmikið á sig leggja, og er þó vitanlegt, að fé það, sem sýslurnar hafa haft til umráða í þessu skyni, hefur verið allt of lítið, miðað við vaxandi þörf vegabóta og hækkun verðlags. Þetta hefur Alþingi viðurkennt og bætt mjög úr með nýsamþykktum breytingum á vegalögunum, er um 977 km var bætt við þjóðvegakerfið, en flestir þessara nýju vegakafla voru í tölu sýsluvega. 1947 voru sýsluvegir á landinu samtals 2557 km að lengd, og hefur þannig verið létt af sýslunum nær ⅓ hluta sýsluveganna, miðað við lengd. Hefur þannig mjög verið létt af sýslufélögunum vegabótakostnaðinum.

Ég viðurkenni þó, að mikil þörf er enn ríflegri fjárframlaga til sýsluvega yfirleitt, enda má vænta þess, að sumar sýslurnar bæti enn við nýjum sýsluvegum í stað þeirra, sem nú hefur verið létt af þeim, þótt hins vegar sé nú svo komið, að teknar eru í tölu sýsluvega allvíða heimreiðar á jafnvel 1—2 bæi, og verður þá ekki lengra komizt.

Þrátt fyrir þetta þykir mér ekki rétt að fara lengra í þessu efni nú á þessu þingi en þegar hefur verið gert, enda mundi það valda hækkun á lögbundnum útgjöldum fram yfir það, sem veitt er í fjárlögum. Þá þykir og rétt að bíða átekta um, hvernig fer um hækkun fasteignamats, sem hefur verið rædd á Alþingi og kann að ná fram í einhverri mynd, annaðhvort á þessu þingi eða næsta. Mun þá þurfa að taka til endurskoðunar hlutfallstölur þær, sem framlag ríkissjóðs er miðað við.

Legg ég því til, að frumvörp þessi verði ekki afgreidd á þessu þingi.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.

Nd. 663. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo:			
6 — annað	1 kg	1	2
2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.			
3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
60c Hexan	—	2	

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

Um efni frv. skal þetta tekið fram:

Um 1.—3. Farið hefur verið fram á lækkun aðflutningsgjalda af leir og hexani, sem hvort tveggja er notað til lýsisvinnslu í hinni nýju verksmiðju Faxa s/f í Reykjavík. Tollurinn á efnum þessum er nú það hár, að rétt þykir að lækka hann verulega, enda er hér um nýjan innflutning að ræða á efnum, sem notuð verða til vinnslu á íslenzkum útflutningsvörum.

Nd. 664. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til meðferðar frá þingbyrjun. Hefur nefndin fjórum sinnum rætt það á fundum sínum og átt tal við fulltrúa botnvörpuskipaeigenda og sjómanna. Á fundi nefndarinnar í dag var málið endanlega afgreitt. Meiri hl. vill afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, en minni hl., ég undirritaður, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég vil sérstaklega benda á það, að ef frv. þetta yrði lögfest, þá væri með því búið að létta undir hvað snertir lausn á þeirri deilu milli togaraeigenda og togarasjómanna, sem nú stendur fyrir dyrum og búizt er við að hefjist þann 15. febr. n. k. Má búast við, að sú deila geti orðið langvarandi og það verði miklum örðugleikum bundið að leysa hana. Full ástæða og raunar nauðsyn er því á, að Alþingi geri sitt til að auðvelda lausn deilunnar með því að lögfesta frv.

Með tilvísun til þessa og annarra raka, sem ég hef áður gert grein fyrir hér á Alþingi, legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. jan. 1952.

Áki Jakobsson.

Ed. 665. Lög [121. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Afgreidd frá Ed. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 617.

Nd. 666. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Jóni Pálmasyni og Skúla Guðmundssyni.

Við. 1. gr. XIII. 83. Í stað nafnsins „Steinnes“ í upphafi liðarins komi: Þingeyraklaustur.

Nd. 667. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað „5½%“ í síðari málsgrein komi: 4%.

Nd. 668. Lög [156. mál]

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 574.

Ed. 669. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar, heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild til vorsins 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 670. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist:

Lánadeild smáíbúðarhúsa — og breytist kaflaskipting laganna og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

3. gr.

(39. gr.) Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

4. gr.

(40. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

5. gr.

(41. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

6. gr.

(42. gr.) Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1946 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Aftan við lögin komi nýtt bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu 5½ af hundraði og lánstími 20 ár.

Nd. 671. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvildartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fjórum fundum og leitað um það umsagnar Alþýðusambands Íslands og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Á 6. fund nefndarinnar, 13. nóv. komu að eigin ósk stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda til að gera ýtarlegri grein en áður fyrir áliti sínu. Aðspurðir kváðust hinir mættu fulltrúar útgerðarmanna allir vera þeirrar skoðunar, að hvíldartíminn ætti fremur að vera samningsatriði en löggjafaratriði.

17. janúar óskaði einn nefndarmanna eftir því, að málið yrði afgreitt frá nefndinni, en slík ósk hafði ekki komið fram fyrr innan nefndarinnar.

Daginn eftir voru greidd atkvæði í nefndinni. Minni hlutinn (ÁkJ) mælir með frumvarpinu, en meiri hlutinn (PO, HÁ, SÁ og GG) leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem aðilar hafa þegar samið um 12 stunda lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum, nema þegar fiskurinn er fluttur ísvarinn beint á erlendan markað, og eðlilegt þykir, að ákvörðun þess hvíldartíma, sem enn er ósamið um, sé einnig samningsatriði, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. jan. 1952.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Sig. Ágústsson.

Nd. 672. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fjórum fundum og leitað um það umsagnar Alþýðusambands Íslands og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Á 6. fund nefndarinnar, 13. nóv. komu að eigin ósk stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda til að gera ýtarlegri grein en áður fyrir áliti sínu. Aðspurðir kváðust hinir mættu fulltrúar útgerðarmanna allir vera þeirrar skoðunar, að hvíldartíminn ætti fremur að vera samningsatriði en löggjafaratriði.

Minni hlutinn (ÁkJ) tekur ekki afstöðu til þessa frumvarps og vísar til afstöðu sinnar til frumvarps sama efnis á þskj. 7, en meiri hlutinn (PO, HÁ, SÁ og GG) leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem aðilar hafa þegar samið um 12 stunda lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum, nema þegar fiskurinn er fluttur ísvarinn beint á erlendan markað, og eðlilegt þykir, að ákvörðun þess hvíldartíma, sem enn er ósamið um, sé einnig samningsatriði, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. jan. 1952.

Pétur Ottesen, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Sig. Ágústsson.

Ed. 673. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [21. mál]

í málinu: Frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gísla Jónssyni.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa, og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þeim lögum, þar sem ákveðnar reglur eru settar fyrir því, hvaða skilyrði menn skuli uppfylla til þess að öðlast ríkisborgararétt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **674. Frumvarp til laga** [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bay, Leif Jan Agnar Axel, prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.
2. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
5. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
6. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
7. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
8. Hillers Börge, mjólkuriðnaðarmaður á Selfossi, fæddur 3. júní 1915 í Danmörku.
9. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.
10. Husby Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
11. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
12. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
13. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
14. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
15. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
16. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
17. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
18. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
19. Lönning, Eilif Olufsen, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
20. Moolenschot, Geertruida Alphonsa Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 9. febr. 1910 í Hollandi.
21. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
22. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
23. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
24. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.
25. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
26. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.

27. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir, Akranesi, fædd 5. nóv. 1929 á Íslandi.
28. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
29. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
30. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
31. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.

    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
32. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
33. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.
34. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.
35. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1893 í Þýzkalandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 675. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. XI. 72. Í stað orðanna „Prestssetur á Suðureyri“ komi: Prestssetur á Stað eða Suðureyri.

Ed. 676. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [70. mál]

í málinu: Frv. til l. um afnám l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Með því að Alþingi hefur nú samþykkt áskorun til ríkisstjórnarinnar um að endurskoða skattalöggjöfina í heild og í trausti þess, að við þá endurskoðun verði meðal annars athuguð þau rök, sem talin eru til gildis frv. því, er hér ræðir um, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 677. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [167. mál]

í málinu: Frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá Jóni Pálmasyni.

Þar sem aðaltekjur sveitar- og bæjarfélaga eru útsvör, þar sem þau ber að leggja á eftir efnum og ástæðum og þar sem sveitar- og bæjarstjórnir geta sam-

kvæmt þeirri reglu reiknað fasteignir með öðru og hærra verði en matsverði, ef þær telja það sanngjarnt, við álagningu útsvaranna, þá telur deildin þetta frumvarp óþarft og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 678. Frumvarp til laga [109. mál]

um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*
1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
3. *Hofteigur.* Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
4. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
5. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ássóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*
8. *Vallanes.* Vallaness- og Þingmúlasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
9. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur í Neskaupstað.
10. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur á Eskifirði.
11. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
12. *Heydalir.* Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
13. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*
14. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
15. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
16. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
Prestssetur: Sandfell.

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

17. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
18. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
19. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

20. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
21. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
22. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
23. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
24. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
25. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

VI. *Árnesprófastsdæmi.*

26. *Hruni.* Hruna-, Hrepphóla-, Stóra-Núps- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
27. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
28. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar- og Búrfellssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
29. *Þingvellir.* Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
30. *Hraungerði.* Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.
31. *Selfoss.* Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.
32. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
33. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

34. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
35. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
36. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
37. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
38. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.

39. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
40. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

41.—49. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

50. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
51. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
52. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
53. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Ás-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýraprófastsdæmi.*

54. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
55. *Borg.* Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Borg.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

56. *Miklaholt.* Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
57. *Staðastaður:* Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
58. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
59. *Setberg:* Setbergssókn.
Prestssetur: Setberg.
60. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
61. *Breiðabólstaður.* Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

62. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Snóksdalssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
63. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
64. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnesssóknir.
Prestssetur: Hvoll.

Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

65. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
66. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
67. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.
68. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
69. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
70. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

71. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
72. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
73. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
74. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
75. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Stað eða Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

76. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
77. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
78. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
79. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
80. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi.*

81. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
82. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
83. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi.*

84. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.

85. *Tjörn á Vatnsnesi.* Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.
86. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
87. *Steinnes.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
88. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.
89. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*

90. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.
91. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
92. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
93. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
94. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
95. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Hólar.
96. *Hofsós.* Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur á Hofsósi.
97. *Barð.* Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*

98. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
99. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
100. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
101. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
102. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
103. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
104.—105. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
106. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

107. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.

108. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
109. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Vatnsendi.
110. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
111. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
112. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

113. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
114. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
115. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Súgandafirði, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

7. gr.

Biskup ræður einn prest, aðstoðarprest, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður greiðist honum samkvæmt reikningi, er kirkjustjórnin úrskurðar.

8. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

9. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, flytja sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

10. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 9. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

11. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

12. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. 679. Lög [84. mál]

um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

(Afgreidd frá Nd. 18. jan.)

Samhljóða þskj. 538.

Ed. 680. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frumvarp þetta allýtarlega og samþykkti að mæla með því, að það yrði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BrB) var ekki á fundi þeim, er tók afstöðu til málsins, og skilar væntanlega sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Bernh. Stefánsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.	Gísli Jónsson, fundaskr.
	Þorst. Þorsteinsson.	

Ed. 681. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á einum fundi. Leggur hún til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Bernh. Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson. Brynj. Bjarnason.

Ed. 682. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar vill láta samþ. frv. óbreytt. Ég tel hins vegar, að gera þurfi á því gagngerðar breytingar, og eru breytingartillögur mínar bornar fram á sérstöku þingskjali.

Til þess að bæta úr því alvarlega atvinnuástandi, sem nú er í landinu, er frv. þetta, eins og það er borið fram af hæstv. ríkisstjórn, gersamlega ófullnægjandi. Í Nd. báru sósíalistar fram breytingartillögur þess efnis, að það fjármagn, sem fyrir hendi er, bæði af tekjuafgangi ársins 1951 og af óráðstöfuðu fé mótvirðissjóðs, yrði notað til verklegra framkvæmda og þá fyrst og fremst þeirra, sem mesta þýðingu hafa til að auka framleiðslu og atvinnu landsmanna til frambúðar. Allar þessar tillögur voru felldar. Ég vil nú freista þess að bera fram í þessari deild breytingartillögur, sem ganga í sömu átt, en upphæðirnar eru hins vegar verulega lækkaðar.

Alþingi, 18. jan. 1952.

Brynj. Bjarnason.

Ed. 683. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og að lána úr mótvirðissjóði samtals 100 milljónir króna svo sem hér segir:
   1. Að lána bæjar- og sveitarfélögum til atvinnu- og framleiðsluaukningar ..... 40 millj. kr.
   2. Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði ..... 15 — —
   3. Að lána til verkamannabústaða og útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. I. og III. kafla laga nr. 44/1946, um byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum ..... 15 — —

4. Að lána til bygginga smáíbúða ..... 10 millj. kr.
5. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af vangreiddum framlögum til skólabygginga, hafnargerða og sjúkrahúsa ..... 10 — —
6. Til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva 6 — —
7. Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h/f fyrir ..... 3 — —
8. Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands ..... 1 — —

Vextir af lánum samkv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera 4½% á ári og lánstími 20 ár.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, hvað af þeim upphæðum, sem um ræðir í þessari grein, skuli veitt af tekjum árið 1951 og hvað úr mótvirðissjóði.

2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.

Sþ. 684. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um ódýra sumargististaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Magnús Kjartansson.	Magnús Jónsson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Nd. 685. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr.

1. Við VI. 26. (Hruni). Fyrir liðinn koma tveir liðir, þannig:
   a. *Skarð.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
      Prestssetur: Skarð.
   b. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir.
      Prestssetur: Hruni.
2. Við VI. 30. (Hraungerði). Fyrir orðin „Hraungerðis-, Ólafsvalla- og Villingaholtssóknir“ kemur: Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.

Nd. 686. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar vegamálastjóra. Svar hans var á þá leið, að hann var því andvígur, að frumvarpið yrði samþ. á þessu þingi.

Nefndin öll er á einu máli um það, að þörf sé að auka tekjur sýsluvegasjóðanna, en þar sem þetta þing er að ljúka störfum, er fyrirsjáanlegt, að frumvarpið nær ekki að verða að lögum nú. Leggur því nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún ásamt vegamálastjóra leggi fyrir næsta þing tillögur um auknar tekjur sýsluvegasjóðanna.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Sigurður Bjarnason, form. Jón Gíslason, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.
Magnús Kjartansson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 687. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um aukningu hótelhúsnæðis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Magnús Kjartansson. Jón Sigurðsson. Hannibal Valdimarsson.
Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 688. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að samræming á leturborðum ritvéla sé þarfleg aðgerð, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Magnús Kjartansson, frsm.
Hannibal Valdimarsson. Magnús Jónsson. Jón Sigurðsson.
Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 689. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. — ÁkJ er andvígur málinu.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Emil Jónsson.

Sþ. 690. Nefndarálit [103. mál]

um till. til þál. um ræðuritun á Alþingi.

Frá allsherjarnefnd.

Þessi tillaga um ræðuritun á Alþingi fer í þá átt, að komið sé á hraðritun við allar ræðuskriftir, sem fram fara í þinginu.

Aðrir hafa viljað hafa annan hátt á skjalfestingu þingræðna, þannig að þær væru „teknar á stálþráð", sem svo er nefnt.

Ekki náðist samkomulag um það í nefndinni að mæla með þáltill. óbreyttri, en á hitt féllust allir nefndarmenn, að mikilla úrbóta þyrfti á skriftum og útgáfu ræðupartsins. Til athugunar var brtt. 8. landsk. (StJSt) við þessa þáltill., á þskj. 563, um hraðari útgáfu alþingistíðinda en nú tíðkast.

Það er vitaskuld algerlega innan verksviðs forseta Alþingis að reyna a. m. k. að koma ræðuritun eða upptöku þingræðna í viðunandi lag, og er óhætt að segja, að á engu þjóðþingi, sem vér þekkjum til, er annar eins seinagangur í ritun og prentun þingræðna og hér á sér stað, og voru allir nefndarmenn ásáttir um, að forsetum bæri að láta þessi vinnubrögð til sín taka og gera hæfilegar umbætur á þann hátt, er þeir að beztu og færustu manna ráði teldu unnt að koma í framkvæmd.

Með þetta fyrir augum urðu nefndarmenn ásáttir um að mæla með samþykkt þáltill. með svofelldri

BREYTINGU:

Alþingi ályktar að skora á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til að koma ræðuritun á Alþingi í viðunandi horf svo fljótt sem auðið er og að hlutast til um það, að breytt verði, ef fært er, útgáfu alþingistíðinda þann veg, að umræður verði prentaðar án tafar og gefnar út vikulega, meðan Alþingi er háð hverju sinni.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Jörundur Brynjólfsson. Magnús Kjartansson. Jón Sigurðsson.
Magnús Jónsson.

Sþ. 691. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls, en hefur útvegað umsögn félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. des. 1951, sem sýnir mikinn vilja til að upplýsa, hversu með lík mál er farið í nálægum löndum, og að öðru leyti til að undirbúa tillögur í málinu hér á landi, sem allir aðilar gætu að lokum stutt.

Meiri hl. nefndarinnar telur því að svo komnu máli, að það sé bezt, að ríkisstjórnin hafi málið áfram til athugunar, og leggur því til, að þáltill. sé vísað til stjórnarinnar. Minni hl. mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 19. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jón Gíslason, fundaskr. Magnús Jónsson.
Jörundur Brynjólfsson. Jón Sigurðsson.

Ed. 692. Lög [158. mál]

um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Afgreidd frá Ed. 19. jan.)

Samhljóða þskj. 556.

Nd. 693. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Ákveða má, að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 694. Frumvarp til girðingalaga. [134. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Styrkúthlutun úr ríkissjóði til öflunar nauðsynlegra innanstokksmuna og áhalda handa sjúkrahúsum er þeim annmörkun bundin, að erfitt er að meta nauðsynina. Allir vita, hver munur er á íburði venjulegra húsgagna, og er auðvitað hið sama að segja um búnað sjúkrahúsa. Er jafnvel hætt við, að búnaður sjúkrahúsa geti liðið baga við það, ef færa á fjarlægum aðila sönnur á nauðsyn hvers eins, sem ráðamönnum sjúkrahúss leikur hugur á að afla til þess. Og ekki öfunda ég sjúkrahúslækna að eiga undir slíka skriffinnsku að sækja.

Það situr ekki á mér að mæla gegn því, að Alþingi sýni þá rausn af sér að auka enn styrkveitingar ríkissjóðs til byggingar bæjar- og sveitarsjúkrahúsa með svo

stórkostlegum framlögum sem felast í ákvæðum frumvarps þess, sem hér um ræðir, einkum ef eg mætti treysta því, að Alþingi vanrækti ekki fyrir það enn frekar en það hefur gert þær heilbrigðisstofnanir, sem ríkinu eru enn skyldari, og á ég þar við sjúkrahús ríkisins, sem ár eftir ár fá því nær engar undirtektir Alþingis undir hinar sjálfsögðustu kröfur þeim til eflingar.

Löng reynsla hefur reyndar sýnt, að bæjar- og sveitarfélög, þar sem ekki hefur brostið almennan áhuga né verið vant traustrar forustu, hafa hvert eftir annað hrist fram úr ermi sér að koma upp hinum vönduðustu sjúkrahúsum og sjúkraskýlum, jafnvel á hinum verstu krepputímum og með miklu minni ríkissjóðsstyrk en nú stendur til boða. Annað hefur kreppt meira að bæjar- og sveitarfélögum, einkum hin síðustu ár, og það er að standa undir rekstri þessara stofnana, enda hafa hin smærri sjúkraskýli unnvörpum gefizt upp og hætt öllum rekstri. Að því er mig minnir, hef ég áður bent háttvirtri nefnd á, að ríkissjóðsstyrkur til byggingar sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga getur jafnvel orðið of hár. Það verður hann, ef hann leiðir til þess, að bæjar- og sveitarfélög „yfirbyggja" sig að sjúkrahúsum og sjúkraskýlum, sem þau ráða ekki við að reka og verða jafnvel að láta standa auð og ónotuð. Heilbrigt er, að það sé drjúgt átak fyrir bæjar- og sveitarfélög að koma upp þessum stofnunum, en verði byggingarstyrkir auknir mikið umfram það, sem nú er, hættir hér að verða um nokkurt átak að ræða. Það byrjar fyrst með rekstrinum, sem gera má ráð fyrir, að verði því erfiðari, því hægara sem reynist að byggja stórt og mikið. Fyrir því ætla ég, að betur væri séð fyrir hag bæjar- og sveitarfélaga, að því er varðar sjúkrahúsmál þeirra, að fundin yrði frambúðarleið til þess að létta þeim rekstur sjúkrahúsa sinna og sjúkraskýla, en með því að reisa þau að mestu leyti fyrir þau. Með það í huga samdi ég fyrir skömmu frumvarp um nokkra tekjuöflun m. a. til rekstrarstyrkja handa bæjar- og sveitarsjúkrahúsum. Mun heilbrigðismálaráðherra hafa komið frumvarpinu á framfæri við háttvirta nefnd, og leyfi ég mér að minna á frumvarp þetta í þessu sambandi.

Vilmundur Jónsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 704. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Kristín Sigurðardóttir.
	Gísli Guðmundsson.	

Nd. 705. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um gjald af kvikmyndasýningum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þess.
Leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Minni hl., ÁkJ, er andvígur frv.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jónas Rafnar.
Emil Jónsson.

Ed. 706. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. í dag á fundi sínum og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Bernharð Stefánsson, form. Gísli Jónsson, fundaskr. Þorsteinn Þorsteinsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 707. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Þorsteinn Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 708. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Henni hefur borizt álitsgerð frá íþróttafulltrúa ríkisins, dags. 17. jan. 1952. Hefur íþróttafulltrúi gert tillögu um orðun stafliðar c í 1. gr. laganna, og leggur nefndin til, í samræmi við það, að frv. verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. orðist svo:
Stafliður c í 1. gr. laganna orðist þannig:
Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái aðgang til sundnáms í sundhöllinni, enda geri fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur samkomulag sín á milli um kostnað, sem af þessu hlýzt, og greiðslu þess kostnaðar.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Jörundur Brynjólfsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Emil Jónsson.
Áki Jakobsson. Jónas Rafnar.

Nd. 709. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr.

a. Við X. 55. (Borg). Fyrir orðin „Álftaness- og Álftártungusóknir“ kemur: Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
b. Við X. 56. Liðurinn orðist svo:
Miklaholt. Fáskrúðarbakka-, Rauðamels-, Kolbeinsstaða- og Staðarhrauns-sóknir
Prestssetur: Söðulsholt.

Nd. 710. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gunnari Thoroddsen, Páli Þorsteinssyni, Kristínu Sigurðardóttur og Jónasi Árnasyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „gegna þar kennslustörfum“ kemur: enda fullnægi þeir ákvæðum laga um menntun kennara.

Nd. 711. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Við 1. gr.

a. Við X. 55. (Borg). Fyrir orðin „Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir“ kemur: Borgarness- og Álftanesssóknir.

b. Við X. 55. Nýr liður:
Staðarhraun. Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Staðarhraun.

Ed. 712. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1949, og eru niðurstöðutölur réttar.

Yfirskoðunarmenn hafa gert 29 athugasemdir við ríkisreikninginn, þar af vísað 11 þeirra til aðgerða Alþingis. Ekki er samt nein till. frá þeim um það, hvers konar aðgerða sé þörf. Verður þó að telja eðlilegt, að þeir af yfirskoðunarmönnunum, sem eru alþingismenn, gæfu þinginu leiðbeiningar í því efni.

Samkvæmt þessum athugasemdum virðast nokkrar misfellur hafa átt sér stað á árinu 1949, einkum hjá sumum ríkisstofnunum, og endurskoðun þar verið of seinlát.

Væntir nefndin þess, að ríkisstjórnin sjái svo um, að slíkar misfellur endurtaki sig ekki, og í trausti þess, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Þorsteinn Þorsteinsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 713. Lög [155. mál]

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

(Afgreidd frá Ed. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 537.

Nd. 714. Lög [96. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 669.

Nd. 715. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:
   a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri,
   b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri,

   og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar;
5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga;
7. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja;
8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.

II. Við 2. gr.

a. Í stað „40 millj. kr.“ komi: 74 millj. kr.
b. Í stað „13.4 millj. kr.“ komi: 25 millj. kr.

Ed. 716. Nefndarálit [167. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin athugaði og ræddi frumvarpið, og urðu undirritaðir nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Tveir nefndarmenn (BrB og GJ) tjáðu sig mótfallna frumvarpinu.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Bernharð Stefánsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.	Þorsteinn Þorsteinsson.

Nd. 717. Breytingartillaga [134. mál]

við frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr. Orðin „byggingarlóða eða“ í fyrsta málslið og orðin „byggingar- eða“ í öðrum málslið falli niður.

Ed. 718. Frumvarp til girðingalaga. [134. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar, sem einstakir menn setja upp í heimalöndum, séu ávallt þannig gerðar, að minnst 65 cm séu frá jörðu upp að vírstreng.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli

við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna.

6. gr.

Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið.

Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um.

Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

12. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr.

14. gr.

Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá hliðið vera að minnsta kosti 3 metra breitt á reiðvegi, en 4 metra breitt á akfærum

vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast.

16. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt.

23. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingalög, nr. 66 22. nóv. 1913, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. 719. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins hverju sinni, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanteknum, enda séu útsvarsgreiðslur lækkaðar sem nemur þeim tekjuauka, er felst í þessum lögum, ef heimildin er notuð.

Ed. 720. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt nokkuð frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþykkt, en á þetta getur minni hl. ekki fallizt. Minni hl. telur, að mál þetta hafi ekki fengið nægilegan undirbúning, m. a. liggi ekki fyrir neinar umsagnir frá viðkomandi aðilum, en slíkt teljum við nauðsynlegt, áður en svo miklu fjárhagsatriði sem hér um ræðir er ráðið til lykta. Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Gísli Jónsson, fundaskr., frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. **721. Breytingartillaga** [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Jóni Pálmasyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. XVII. 87. Í stað nafnsins „Steinnes“ í upphafi liðarins komi: Þingeyraklaustur.

Nd. **722. Breytingartillaga** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 6. gr. Orðið „Súgandafirði“ falli niður.

Nd. **723. Breytingartillaga** [109. mál]

við brtt. 685 [Skipun prestakalla].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. a. Fyrir orðið „Skarð“ í upphafi liðarins kemur: *Stóri-Núpur.*

Ed. **724. Frumvarp til laga** [109. mál]

um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*

1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
   Prestssetur: Hof.
3. *Hofteigur.* Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
   Prestssetur: Hofteigur.
4. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
   Prestssetur: Kirkjubær.
5. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ásssóknir.
   Prestssetur: Valþjófsstaður.
6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
   Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
   Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*

8. *Vallanes.* Vallaness- og Þingmúlasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
9. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur í Neskaupstað.
10. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur á Eskifirði.
11. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
12. *Heydalir.* Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
13. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

14. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
15. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
16. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
Prestssetur: Sandfell.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*

17. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
18. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
19. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

20. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
21. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
22. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
23. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
24. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
25. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

VI. *Árnesprófastsdæmi.*

26. *Stóri-Núpur.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
27. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.

28. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
29. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar- og Búrfellssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
30. *Þingvellir.* Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
31. *Hraungerði.* Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.
32. *Selfoss.* Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.
33. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
34. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

35. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
36. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
37. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
38. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
39. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
40. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
41. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

42.—50. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

51. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
52. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
53. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
54. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýraprófastsdæmi.*

55. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.

56. *Borg.* Borgar-, Borgarness- og Álftanesssóknir.
Prestssetur: Borg.
57. *Staðarhraun.* Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Staðarhraun.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

58. *Miklaholt.* Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
59. *Staðastaður:* Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
60. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
61. *Setberg:* Setbergssókn.
Prestssetur: Setberg.
62. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
63. *Breiðabólstaður.* Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

64. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Snóksdalssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
65. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
66. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnesssóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

67. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
68. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
69. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.
70. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
71. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
72. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

73. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
74. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
75. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
76. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
77. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Stað eða Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

78. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
79. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
80. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
81. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
82. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi.*

83. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
84. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
85. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi.*

86. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
87. *Tjörn á Vatnsnesi.* Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.
88. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
89. *Þingeyraklaustur.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
90. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.
91. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*

92. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.
93. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
94. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
95. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
96. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
97. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Hólar.

98. *Hofsós.* Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur á Hofsósi.
99. *Barð.* Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*

100. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
101. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
102. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
103. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
104. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
105. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
106.—107. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
108. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

109. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
110. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
111. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Vatnsendi.
112. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
113. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
114. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

115. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
116. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
117. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.

2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um menntun kennara, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

7. gr.

Biskup ræður einn prest, aðstoðarprest, til þess að gegna þjónustu í forföllum sóknarprests um stundarsakir og til annarra starfa í þjónustu kirkjunnar, þar sem hann telur mesta þörf hverju sinni. Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður greiðist honum samkvæmt reikningi, er kirkjustjórnin úrskurðar.

8. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

9. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, flytja sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

10. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 9. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er

gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

11. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

12. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tima eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Sþ. 725. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Fyrir þessu þingi liggur frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, 10. mál, flutt af formanni verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Sigurði Guðnasyni. Ég tel, að í því frumvarpi felist mjög skynsamleg lausn á þessu veigamikla og brýna máli, enda hafa mörg verkalýðsfélög lýst yfir eindregnu fylgi við það og skorað á Alþingi að samþykkja það. Það mál var afgreitt úr nefnd fyrir miðjan desember, en hefur af einhverjum ástæðum ekki verið tekið á dagskrá síðan. Það virðast því engar líkur til, að frumvarpið nái afgreiðslu á þessu þingi.

Mér virðist tillaga sú, sem hér liggur fyrir um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, ekki líkleg til verulegs árangurs. Annað mikilvægt mál alþýðusamtakanna, hvíldartími sjómanna, var afgreitt með slíkri nefndarskipun fyrir nokkrum árum að frumkvæði Alþýðuflokksins, og varð ekki af því neinn jákvæður árangur. Engu að síður get ég fallizt á, að þessi leið sé reynd, með þeim fyrirvara, að það verði ekki málinu til tafar. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar samkvæmt þeim meginreglum, sem felast í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir neðri deild á þingskjali 10. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Skal hún hraða störfum sínum svo, að niðurstöður hennar liggi fyrir í upphafi næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Magnús Kjartansson.

Nd. 726. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jóhanni Hafstein og Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Eilertsen, Isak Jentoft Dagfinn, sjómaður, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1920 í Noregi.
2. Rafn, Vidkun Amandus, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 26. maí 1923 í Noregi.

Ed. **727. Frumvarp til laga** [78. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:
   a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri,
   b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri,
   og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar;
5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga;
7. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja;
8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 74 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 25 millj. kr., þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 728. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „einn verkamaður“ í 1. málsgr. komi: tveir verkamenn.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „einn eða fleiri“ í 2. málsgr. komi: tvo eða fleiri.
   b. Í stað orðanna „tveim mönnum“ í 3. málsgr. komi: þrem mönnum.
   c. Orðin „annar eða“ í sömu málsgr. falli niður.
   d. Orðin „hinn eða“ í sömu málsgr. falli niður.
3. Við 23. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um öryggisráðstafanir um fermingu og affermingu skipa.
4. Við 32. gr.
   a. 3. málsgr. falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist: Fastráðnir starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má, að komi í bága við aðalstarfið.

Ed. 729. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við 1. gr. 4. töluliður greinarinnar orðist svo:
Allur búrekstur, nema þar sem notaður er vélakostur, sem er 1 hestafl eða meira.

Nd. 730. Frumvarp til laga [47. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 700 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Lög þessi ná til sérhverrar starfsemi, þar sem tveir verkamenn eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafl eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.
Undanþegin lögum þessum eru:
1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjöl, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur,
5. almenn skrifstofuvinna.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr. hljóðar svo:

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni tvo eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, rekið af þrem mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Framkvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með rekstrinum, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

23. gr. hljóðar svo:

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um öryggisráðstafanir um fermingu og affermingu skipa.

32. gr. hljóðar svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Fastráðnir starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má, að komi í bága við aðalstarfið.

Ed. 731. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr töluliður (verður 4. töluliður), svo hljóðandi:
   Nr. 4 í 54. kafla orðast svo:

4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk	—	20	40

2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og 12. liður laga nr. 108 frá 1951, um breyting á sömu lögum.

Nd. 732. Lög [35. mál]

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

(Afgreidd frá Nd. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 615.

Nd. 733. Lög [166. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1952.

(Afgreidd frá Nd. 21. jan.)

Samhljóða þskj. 592.

Sþ. 734. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna ásamt þeim breytingartillögum, sem fram eru komnar við hana. Hefur hún ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggur meiri hl. til, að tillagan verði samþykkt með nokkrum breytingum, en minni hl. (PO) vildi setja ákveðin skilyrði fyrir fylgi sínu, er meiri hl. gat ekki fallizt á, og gefur hann því út sérstakt nál.

Meiri hluta nefndarinnar er ljóst, að Siglufjörður er engan veginn sá eini staður á landinu, sem svo er ástatt með, að aðstoð ríkissjóðs sé nauðsynleg til að koma atvinnumálum íbúanna í viðunandi horf, einkum ef svo skyldi fara, að aflabrestur eða önnur óhöpp skyldu enn steðja að, og því sé ekki unnt að binda aðstoðina við þann stað einan, heldur beri að afgreiða þáltill. þannig, að ríkisstjórnin hafi heimild til að veita einnig aðstoð til annarra staða á landinu, þar sem þess er þörf, eftir að hún hefur látið athuga málið gaumgæfilega. Er þá jafnframt óhjákvæmilegt að hækka þá upphæð, sem ríkisstjórninni er heimilt að verja í þessu skyni, frá því, sem kveðið er á um í þáltill. á þskj. 623. Hins vegar telur meiri hl. ekki ástæðu til að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán til framkvæmda í þessu skyni, þar sem henni er heimilt samkvæmt 22. gr. fjárlaga að ábyrgjast lán allt að 8 millj. króna til að koma upp hraðfrystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, enda sjálfsagt að nota þær heimildir í sambandi við framkvæmdir þessara mála, eftir því sem nauðsyn krefur og við á. Einkum telur meiri hl. nefndarinnar, að ábyrgðarheimildina samkvæmt XIX. lið 22. gr. fjárlaga, að upphæð 2 milljónir króna, beri að nota í sambandi við þær framkvæmdir, sem hér um ræðir.

Meiri hl. nefndarinnar þykir rétt, að tekið sé fram í þál., að ríkisstjórninni sé heimilt að setja ákveðin skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt henni, m. a. um mótframlög, tryggingar o. fl., svo sem stjórnin kann að telja nauðsynlegt í sambandi við það, að aðstoðin komi að sem beztum notum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur

heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari, um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynleg.
2. Fyrirsögn till. verði:
Till. til þál. um ríkisaðstoð vegna atvinnuörðugleika.

Alþingi, 21. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Ásmundur Sigurðsson. Karl Kristjánsson. Hannibal Valdimarsson.
Jónas G. Rafnar. Ingólfur Jónsson.

Nd. 735. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stafliður c í 1. gr. laganna orðist þannig:

Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái aðgang til sundnáms í sundhöllinni, enda geri fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur samkomulag sín á milli um kostnað, sem af þessu hlýzt, og greiðslu þess kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 736. Frumvarp til laga [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Bay, Leif Jan Agnar Axel prentmyndasmiður í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1922 í Danmörku.
2. Berlin, Johannes Erik Fridolf, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. janúar 1916 í Finnlandi.
3. Blumenstein, Kurt Karl Andreas, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 28. janúar 1908 í Þýzkalandi.
4. Bröring, Francisca Elisabeth Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 13. júlí 1910 í Hollandi.
5. Eilertsen, Isak Jentoft Dagfinn, sjómaður, Reykjavík, fæddur 23. ágúst 1920 í Noregi.
6. Förelund, Ingvald, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. maí 1920 í Noregi.
7. Halldóra Elín Jónsdóttir, saumakona á Akureyri, fædd 10. október 1928 á Íslandi.
8. Hansen, Harald, rafvirki í Reykjavík, fæddur 17. júní 1906 í Noregi.
9. Hillers, Börge, mjólkuriðnaðarmaður á Selfossi, fæddur 3. júní 1915 í Danmörku.
10. Hirst, Karl Heinrich Max Moritz, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 31. júlí 1907 í Þýzkalandi.

11. Husby, Oskar Ingmar, verkamaður í Reykjavík, fæddur 29. október 1918 í Noregi.
12. Hüter, Margarethe Justine Anna Elisabeth, saumakona á Akureyri, fædd 27. desember 1911 í Þýzkalandi.
13. Juul, Thyra Marie, lyfjafræðingur í Reykjavík, fædd 1. marz 1897 í Danmörku.
14. Keil, Max Robert Heinrich, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 14. janúar 1908 í Þýzkalandi.
15. Knauf, Edvard Carl Walter, blikksmiður á Ísafirði, fæddur 28. marz 1910 í Þýzkalandi.
16. Kummer, Gunnar Paul, verkamaður í Grindavík, fæddur 3. október 1934 í Þýzkalandi.
17. Kummer, Kristmundur Herbert, nemandi í Grindavík, fæddur 8. ágúst 1933 á Íslandi.
18. Larsen, Kristoffer Andreas, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. september 1918 í Noregi.
19. Lindberg, Peter Hans, skipasmiður í Hafnarfirði, fæddur 5. ágúst 1920 í Færeyjum.
20. Lönning, Eilif Olufson, verkamaður í Kópavogshreppi, fæddur 7. janúar 1896 í Noregi.
21. Moolenschot, Geertruida Alphonsa Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd 9. febr. 1910 í Hollandi.
22. Mortensen, Jens Victor Ludvig, skipasmiður í Reykjavík, fæddur 28. desember 1916 í Færeyjum.
23. Münch, Ferdinand Emil Bruno, nemandi í Reykjavík, fæddur 17. september 1937 í Þýzkalandi.
24. Pettersen, Alexander Hartmann, rafvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 21. september 1908 í Noregi.
25. Pietsch, Heribert Jósef, gleraugnasérfræðingur í Reykjavík, fæddur 12. marz 1910 í Þýzkalandi.
26. Rafn, Vidkun Amandus, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 26. maí 1923 í Noregi.
27. Rosenthal, Harry, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 15. júlí 1895 í Þýzkalandi.
28. Schulz, Frithjof Max Karlsson, nemandi í Reykjavík, fæddur 6. maí 1937 í Þýzkalandi.
29. Steinunn Ásta Guðmundsdóttir, Akranesi, fædd 5. nóv. 1929 á Íslandi.
30. Syre, Gerd, vinnukona á Ísafirði, fædd 28. febrúar 1904 í Noregi.
31. Syre, Valborg, saumakona á Ísafirði, fædd 15. ágúst 1908 í Noregi.
32. Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, vélamaður í Reykjavík, fæddur 17. nóvember 1916 í Finnlandi.
33. Thomassen, Olufine Louise, vinnukona á Patreksfirði, fædd 8. ágúst 1912 í Noregi.
    Réttur þessi tekur og til barns hennar, Jan Wladysläw Lotkowski, sem fæddur er 15. marz 1943 í Reykjavík.
34. Vedder, Wilhelm, úrsmiður í Reykjavík, fæddur 18. júní 1903 í Þýzkalandi.
35. Vroomen, Pieter Martin Hubert, prestur, Landakoti í Reykjavík, fæddur 13. ágúst 1906 í Hollandi.
36. Walbom, Wagner, pylsugerðarmaður í Reykjavík, fæddur 19. marz 1916 í Danmörku.
37. Weg, Otto Arnold, kennari í Reykjavík, fæddur 8. janúar 1893 í Þýzkalandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 737. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Nr. 6 í 25. kafla orðist svo:			
	6 — annað	1 kg	1	2
2.	Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.			
3.	Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	60c Hexan	—	2	
4.	Nr. 4 í 54. kafla orðist svo:			
	4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk	—	20	40

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939, og 12. liður laga nr. 108 frá 1951, um breyting á sömu lögum.

Ed. 738. Lög [157. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 670.

Ed. 739. Lög [168. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 595.

Nd. 740. Lög [47. mál]

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Nd. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 730 (sbr. 700).

Ed. 741. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það við hæstv. kirkjumálaráðherra. Í samráði við hann leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum breytingum, og eru þær að mestu í samræmi við tillögur milliþinganefndarinnar.

BREYTINGARTILLÖGUR:

I. Við 1. gr.
   a. Við VI. 31. Liðurinn orðist svo:
      Hraungerði. Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir.
      Prestssetur: Hraungerði eða Selfoss.
   b. Við VI. 32. (Selfoss). Liðurinn falli niður.
   c. Við X. 56. Liðurinn orðist svo:
      Borg. Borgar-, Borgarness-, Álftaness- og Álftártungusóknir.
      Prestssetur: Borg.
   d. Við X. 57. (Staðarhraun). Liðurinn falli niður.
   e. Við XI. 58. Liðurinn orðist þannig:
      Söðulsholt. Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Akrasóknir.
      Prestssetur: Söðulsholt.
   f. Við XI. 59. (Staðastaður). Í stað orðanna „og Hellnasóknir" komi: Hellna- og Fáskrúðarbakkasóknir.
   g. Við XI. 61. Liðurinn orðist svo:
      Setberg. Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir.
      Prestssetur: Setberg.
   h. Við XI. 62. Liðurinn orðist svo:
      Stykkishólmur. Stykkishólms-, Helgafells-, Narfeyrar- og Breiðabólstaðarsóknir.
      Prestssetur í Stykkishólmi.
   i. Við XI. 63. (Breiðabólstaður á Skógarströnd). Liðurinn falli niður.
   j. Við XVII. 87. (Tjörn á Vatnsnesi). Liðurinn falli niður.
   k. Við XVII. 88. (Breiðabólstaður í Vesturhópi). Í stað „og Víðidalstungusóknir" komi: Víðidalstungu-, Vesturhópshóla- og Tjarnarsóknir.

II. Við 6. gr. Orðin „Breiðabólstað á Skógarströnd" falli niður.

Alþingi, 22. jan. 1952.

Þorsteinn Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson.
	Brynjólfur Bjarnason.	

Ed. 742. Lög [78. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 727.

Ed. 743. Girðingalög. [134. mál]

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 718.

Ed. 744. Lög [21. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 736.

Nd. 745. Lög [38. mál]

um hámark húsaleigu o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 403.

Sþ. 746. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1949.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn 1949. Breytingartillögur ber nefndin fram á sérstöku þingskjali, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 22. jan. 1952.

Gísli Jónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	Pétur Ottesen.
Hannibal Valdimarsson.	Ásmundur Sigurðsson.	Ingólfur Jónsson.

Sþ. 747. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1949.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. málsgr. 1. gr.
   a. Fyrir „kr. 14 992 039.10“ kemur: kr. 15 014 768.40.
   b. Fyrir „kr. 44 809 623.51“ kemur: kr. 45 878 401.93.
   c. Fyrir „kr. 59 801 662.61“ kemur: kr. 60 893 170.33.

2. Við 2. gr.
   a. Við A. 3.1. (Áfengisverzlunin, laun starfsmanna).
      Fyrir „kr. 202 647.15“ kemur: kr. 239 700.65.
   b. Við A. 4. (Tóbakseinkasalan).
      Fyrir „kr. 657 855.71“ kemur: kr. 657 885.71.
   c. Við A. 5. (Ríkisútvarpið).
      Liðurinn „14. Rekstrarhalli viðgerðarstofu kr. 14 353.20“ fellur niður.
   d. Við A. 8. (Grænmetisverzlunin).
      1. Fyrir „kr. 187 033.41“ kemur: kr. 187 032.41.
      2. Fyrir „kr. 215 132.74“ kemur: kr. 242 688.02.
   e. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 15 014 768.40.
3. Við 6. gr.
   a. Við C.I.a. (Tollstjóraembættið í Reykjavík).
      Fyrir „kr. 126 254.32“ kemur: kr. 169 581.28.
   b. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 5 796.249.23.
4. Við 7. gr. III. Liðurinn orðist svo:
   Ríkisspítalarnir:
   a. Landsspítalinn ..... kr. 500 772.15
      af 893 404.59 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.
   b. Heilsuhælið á Vífilsstöðum ..... — 35 961.18
      af 82 610.07 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.
5. Við 8. gr.
   a. Við D. (Flugmál).
      Niðurlagið orðist svo: kr. 1 283 404.95
      en tekjur umfram áætlun urðu kr. 488 718.13.
   b. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 8 285 986.19.
6. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 5 347 238.86.
7. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 940 105.82.
8. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist samtala, þannig: kr. 4 166 825.06.
9. Við 14. gr.
   a. Fyrir orðin „Samtals kr. 44 809 623.51“ í niðurlagi gr. kemur samtala úr 3.—14. gr., þannig: kr. 45 878 401.93.
   b. Aftan við gr. bætist:
      1. Samtala úr 2.—14. gr., þannig: kr. 60 893 170.33.
      2. Ný grein:
         Til eignaaukningar samkv. 20. gr.
         Út eru veittar ..... kr. 73 686 782.52
         Inn fór 108 815 256.90 kr. fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 134 579 952.85

Ed. 748. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr.

a. Við II. 8. Nýr liður:
   Mjóifjörður. Brekkusókn.
   Prestssetur í Brekkuþorpi.

b. Við II. 9. Liðurinn orðist svo:
   Norðfjörður. Norðfjarðarsókn.
   Prestssetur í Neskaupstað.

Nd. 749. Lög [179. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 22. jan.)

Samhljóða þskj. 737.

Ed. 750. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

a. Við I. 3. (Hofteigur). Liðurinn falli niður.
b. Við I. 4. Liðurinn orðist svo:
Kirkjubær. Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða og Sleðbrjótssóknir. Prestssetur: Kirkjubær.
c. Við II. 8. (Vallanes). Í stað „og Þingmúlasóknir" komi: Þingmúla-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
d. Við VI. 26. Í stað „Stóri-Núpur" komi: Skarð.
e. XVII. 89. Í stað „Þingeyraklaustur" komi: Steinnes.
f. XX. 112. (Skútustaðir). Í stað orðanna „og Víðihólssóknir" komi: Víðihóls- og Möðrudalssóknir.

Ed. 751. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til laga um gjald af kvikmyndasýningum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

Ed. 752. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá Nd. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþykkja það með nokkrum breytingum, sem ég er andvígur. Einnig álít ég, að verði nú samþ. breytingartillögur við frumvarpið, sé því stefnt í óþarfa hættu, þar sem nú mun mjög skammt til þingslita. Ég legg því til, að breytingartillögur meiri hlutans verði felldar, en frumvarpið samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. jan. 1952.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 753. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Hermanni Jónassyni og Bjarna Benediktssyni.

Við 6. gr. Á eftir orðinu „Grímsey“ bætist: Tjörn á Vatnsnesi, Staðarhraun.

Sþ. 754. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Það varð að samkomulagi í fjárveitinganefnd að gerbreyta að forminu til tillögu þeirri, sem hér um ræðir, þannig að ríkisstjórnin fengi heimild til þess að veita nauðsynlega aðstoð á þeim stöðum, þar sem atvinnuörðugleikar eru það miklir, að eigi yrði hjá slíkum ráðstöfunum komizt. Það voru leidd rök að því, að þörf væri aðstoðar í þessu efni víðar en á Siglufirði. Í samræmi við þessa breytingu var og rýmkað nokkuð til um þá fjárupphæð, sem ríkisstjórnin hefði til umráða í þessu skyni. Um þessar breytingar var enginn ágreiningur í nefndinni. Hins vegar vildi meiri hluti nefndarinnar ekki á það fallast, að þegar um það væri að ræða, að veitt yrði aðstoð til þess að koma upp fyrirtækjum, t. d. hraðfrystihúsum eða fiskimjölsverksmiðjum, þá væri aðstoðin því skilyrði bundin, að bæjar- eða sveitarfélag eða félag einstakra manna eigi og reki fyrirtækið. Ég tel það mjög þýðingarmikið atriði, að aðstoð og aðgerðum þess opinbera sé beint að því, þegar um slíka hjálparstarfsemi er að ræða, að efla eða koma á fót fyrirtækjum, sem eru í eigu þeirra manna, er viðkomandi stað byggja, og rekin á þeirra ábyrgð. Það er mín skoðun, að með þessum hætti sé stefnt að raunhæfari og heilbrigðari lausn þess vanda, sem við blasir, heldur en að farið væri að koma upp ríkisfyrirtæki á staðnum, er rækja ætti þetta hlutverk. Ég hef því í breytingartillögu minni markað þetta sjónarmið.

Í brtt. meiri hluta nefndarinnar er svo að orði komizt, að ríkisstjórninni sé heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana. Þetta felur í sér, eftir orðanna hljóðan, að upphæð sú, sem hér um ræðir, allt að 4 millj. króna, ef hún er öll notuð, verði af hendi látin án þess að féð sé endurkræft. Þetta tel ég ofrausn. Það er vitað, að lán úr ríkissjóði mundi í mörgum tilfellum koma hér að haldi, og er því fráleitt að vera að binda hendur ríkisstjórnarinnar um það, að féð sé óendurkræft. Ég hef því og flutt brtt. um þetta atriði.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Meginmál 1. liðar brtt. 734 orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja eða lána af ríkisfé, annaðhvort eða hvort tveggja, allt að 4 millj. króna til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, eftir því sem nauðsynlegt er. Þegar slík aðstoð er veitt til þess að koma upp fyrirtækjum, skal hún því aðeins látin í té, að bæjar- eða sveitarfélag eða félag einstakra manna eigi og reki fyrirtækið. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari, um mótframlög, tryggingar og annað, sem hún telur nauðsynleg.

Alþingi, 22. jan. 1952.

Pétur Ottesen.

Ed. 755. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   Ráðherra skipar sóknarprest á Þingvöllum að fengnum tillögum frá biskupi og guðfræðideild Háskóla Íslands.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 756. Frumvarp til fjáraukalaga [169. mál]

fyrir árið 1949.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1949, eru veittar kr. 15 014 768.40 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 45 878 401.93 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 60 893 170.33.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 73 686 782.52.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstmál:

2.	Póststofan í Reykjavík	kr.	258 889.99	
3.	Póstafgreiðslur og bréfhirðingar	—	128 058.24	
4.	Póstflutningar	—	281 367.55	
5.	Önnur gjöld	—	163 266.88	
6.	Fyrningar	—	20 114.49	
				kr. 851 697.15

en tekjur urðu kr. 6 061 484.05.

2. Síminn:

1.	Til notendasíma í sveitum	kr.	727 489.49	
2.	Til starfrækslu landssímanna:			
	a. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	—	72 963.81	
	b. Ritsiminn í Reykjavík	—	148 807.15	
	c. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	9 174.69	
	d. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	22 751.29	
	e. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	110 524.47	
	f. Áhaldahúsið	—	8 152.68	
	g. Ritsímastöðin á Akureyri	—	141 863.09	
	h. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	—	24 503.63	
	i. Ritsímastöðin á Ísafirði	—	5 551.48	
	j. Símastöðin á Borðeyri	—	29 090.85	
	k. Símastöðin í Vestmannaeyjum	—	138 788.33	
	l. Símastöðin á Siglufirði	—	38 983.22	
	m. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	421 510.53	

4.	Viðbót og viðhald stöðva	kr.	424 373.50	
5.	Viðhald landssímanna	—	3 013 613.07	
7.	Ýmis gjöld	—	10 647.28	
8.	Fyrning húsa og áhalda	—	47 926.09	
10.	Almennar tryggingar	—	281 466.90	
11.	Viðhald jarðsíma til Keflavíkur og Selfoss	—	98 598.48	
				kr. 5 776 780.03

en tekjur fóru kr. 5 070 582.43 fram úr fjárlagaáætlun.

Eignahreyfingar:

III.	Eignaaukning landssímans	kr.	2 860 286.93	
	samtals	kr.	2 860 286.93	

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	239 700.65	
2.	Kostnaður við áfengisútsölur	—	76 463.55	
4.	Útsvar	—	615 439.23	
5.	Flutningskostnaður	—	160 998.74	
6.	Vextir og bankakostnaður	—	20 685.82	
7.	Fyrning	—	46 277.78	
				— 1 159 565.77

af kr. 5 904 788.07 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

3.	Útsvar	kr.	599 019.15	
4.	Fyrning	—	58 866.56	
				— 657 885.71

af kr. 7 134 135.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

1.	Laun starfsmanna	kr.	299 924.32	
2.	Útvarpsefni	—	470 963.38	
3.	Skrifstofukostnaður	—	40 051.06	
4.	Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	51 605.34	
5.	Til útvarpsstöðva	—	89 473.80	
6.	Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	—	38 161.08	
8.	Óviss útgjöld	—	82 641.05	
10.	Fyrning á húsum, áhöldum og vélum	—	18 658.06	
11.	Söluskattur	—	42 375.00	
12.	Bifreiðakostnaður	—	94 796.06	
13.	Slysatryggingar	—	18 649.20	
				— 1 247 298.35

en tekjur fóru kr. 669 104.35 fram úr fjárlagaáætlun.

Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld		—	125 953.16

af kr. 521 118.64 bráttótekjum.

Viðgerðarstofa ríkisútvarpsins:

Gjöld		—	127 965.32

af kr. 508 887.12 bráttótekjum.

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

1. a.	Laun framkvæmdastjóra, skrifstofufólks og afgreiðslufólks	kr.	15 581.80	
	c. Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna	—	24 911.71	
5.	Fyrning	—	26 495.40	
6.	Útsvar	—	11 740.86	
7.	Söluskattur	—	64 267.00	
				kr. 142 996.77

af brúttótekjum kr. 2 119 775.51.

8. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld ..... — 187 032.41
af kr. 242 688.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

9. Landssmiðjan:

Gjöld ..... — 212 932.37
af kr. 215 132.74 tekjum umfram áætlun.

11. Tunnuverksmiðjur ríkisins:

Gjöld ..... — 1 153 913.24
en tekjur fóru kr. 1 153 913.24 fram úr fjárlagaáætlun.

12. Olíuflutningaskipið Þyrill:

Gjöld ..... — 581 728.30
af kr. 922 269.88 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

13. Bessastaðabú:

Gjöld ..... — 27 501.94
af kr. 56 827.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

14. Vífilsstaðabú:

Gjöld ..... — 378 832.21
af kr. 410 125.37 brúttótekjum.

15. Kleppsbú:

Gjöld ..... — 286 555.01
af kr. 298 733.69 brúttótekjum.

16. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:

Gjöld ..... — 275 481.81
af kr. 300 222.30 brúttótekjum.

17. Skólabúið á Hólum:

Gjöld ..... — 299 754.28
af kr. 302 040.90 brúttótekjum.

18. Skólabúið á Hvanneyri:

Gjöld ..... — 423 480.34
af kr. 482 915.51 brúttótekjum.

19. Innkaupastofnun ríkisins:

Gjöld ..... — 1 097 414.23
en brúttótekjur voru kr. 1 091 308.92.

Samtals kr. 15 014 768.40

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs	kr.		601 963.02

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Forsetaembættið	—		79 078.36

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra	kr.	40 378.01	
2. a.—i. Laun starfsmanna stjórnarráðsins	—	578 751.71	
j. Annar kostnaður ráðuneytanna	—	303 931.90	
3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun starfsmanna	—	88 386.50	
b. Annar kostnaður	—	72 001.58	
4. Ýmis kostnaður	—	122 606.33	
II. Hagstofan	—	16 064.00	
III. Utanríkismál:			
2. Sendiráðið í Stokkhólmi	—	21 077.90	
3. Sendiráðið í London	—	180 736.59	
4. Sendiráðið í Washington	—	54 518.88	
5. Sendiráðið í Moskva	—	44 206.00	
6. Sendiráðið í París	—	57 215.15	
7. Sendiráðið í Oslo	—	18 649.87	
9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York	—	41 242.70	
10. Ferðakostnaður	—	97 800.07	
11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	208 088.28	
12. Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum	—	210 159.25	
14. Kostnaður vegna kjörræðismanna	—	6 052.36	
			— 2 161 867.08

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur	59 700.90	
2. Borgardómaraembættið í Rvík	73 861.18	
3. Borgarfógetaembættið í Rvík	30 399.73	
4. Sakadómaraembættið í Rvík	68 546.80	
5. Lögreglustjóraembættið í Rvík	43 359.50	
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustj. utan Rvíkur:		
a. Laun	76 428.00	
b. Skrifstofukostnaður	711 560.17	
8. Lögreglukostnaður:		
a. Ríkislögregla	324 492.52	
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík	226 510.80	
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
a. Hegningarhúsið í Reykjavík	51 638.30	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni	85 915.84	
d. Kostn. við önnur fangahús	23 879.81	

11.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál	58 769.50	
12.	Laun sjódómsmanna	27 481.00	
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara	52 550.50	
14.	Kostnaður við félagsdóm	6 253.45	
15.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	3 516.85	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði	37 111.20	
17.	Kostnaður vegna laga nr. 68 1947, um siglingadóm	32 580.00	
18.	Keypt húsgögn handa hæstarétti	63 971.45	
			kr. 2 058 527.50

B. Opinbert eftirlit:

2.	Eftirlit með verksm. og vélum	39 877.26	
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins	162 675.47	
4.	Löggildingarstofan	40 932.49	
5.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa	107 280.00	
7.	Kostnaður við mat á afurðum:		
	a. Fiskmat	200 250.00	
	c. Kjötmat	1 012.50	
	d. Ullarmat	1 800.00	
	f. Ferðakostnaður matsmanna	10 967 80	
8.	Kostn. við vörumerkjaskráningu	9 397.72	
11.	Eftirlit með sparisjóðum	1 980.00	
12.	Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum	1 947 543.34	
13.	Húsaleigueftirlit	38 058.70	
14.	Kostnaður við embættiseftirlit	4 700.10	
15.	Kostnaður vegna laga nr. 62 1938, um bókhald	22 860.00	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 5 1949, um kjötmat	9 877.07	
			— 2 599 212.45

C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta:

I.	Tollar:		
	a. Tollstjóraembættið í Rvík	169 581.28	
	b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík	274 015.37	
	2. Tollgæzlan utan Rvíkur	150 607.80	
II.	Skattar:		
	a. Ríkisskattanefnd	20 535.48	
	b. Skattstofan í Reykjavík	83 366.33	
	c. Skattstofur utan Rvíkur	150 102.19	
	d. Undirskattanefndir	169 143.82	
	e. Yfirskattanefndir	109 814.60	
	f. Skattdómaraembættið	7 060.00	
	g. Millimatskostnaður	4 282.41	
			kr. 1 138 509.28
			kr. 5 796 249.23

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

I.	Landlæknisembættið		kr.	10 080.00
II.	Laun héraðslækna		—	432 709.75
III.	Ríkisspítalarnir:			
	A. Landsspítalinn ..... af 893 404.59 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.	500 772.15		
	C. Heilsuhælið á Vífilsst. af 82 610.07 kr. tekjum umfram fjárlagaáætlun.	35 961.18		
			—	536 733.33
IV.	Til berklavarna		—	2 275.03
VII.	Til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum		—	3 345.67
VIII.	Styrkur til læknisbúst. og sjúkraskýla		—	1 340.25
XVI.	Laun kynsjúkdómalæknis		—	2 511.00
XXIII.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		—	80 311.96
XXIV.	Styrkur til Suðureyrar, til að hafa lærða hjúkrunarkonu		—	1 000.00
XXV.	Greiddar skaðabætur vegna langvarandi sóttkvíar		—	17 000.00
XXVI.	Kostnaður vegna laga nr. 7/1924, um eftirlit með lyfjabúðum		—	14 468.98
XXVII.	Kostnaður vegna laga nr. 21/1937, um störf héraðslækna		—	83 281.39
XXVIII.	Kostnaður vegna laga nr. 14/1942, um læknaráð		—	23 700.00
XXIX.	Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðingu á rottum		—	54 164.71
XXX.	Greiðsla skv. þingsályktun um læknabifreiðar		—	9 000.00
				kr. 1 271 922.07

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

	A. Vegamál:			
I.	Stjórn og undirbún. vegagerða	81 774.78		
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega	538 821.46		
	b. Viðhald og endurbætur	2 308 166.64		
III.	Brúargerðir	409 400.82		
VI.	Til sýsluvega	111 485.60		
VIII.	Til ferjuhalds	2 761.15		
X.	Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi	7 170.92		
XI.	Til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum	48 050.26		
XVII.	Til Miðnesvegar	160 000.00		
			kr.	3 667 631.63

B. Samgöngur:

I.	Til strandferða	1 868 773.50	
IV.	Ferðaskrifstofa ríkisins	104 111.07	
V.	Til h/f Skallagríms, Borgarnesi, vegna halla á rekstri m/s Víðis	40 000.00	
			kr. 2 012 884.57

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála	90 000.73	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna ..	397 281.29	
IV.	Viðhald og endurbætur vitanna	72 780.37	
V.	Sjómerki og viðhald sæluhúsa	129 518.28	
VII.	Fyrning	462 503.68	
XII.	Til viðgerðar á hafnarmannvirkjum í Bakkafirði	140 000.00	
XIII.	Til ferjuhafnar við Melgraseyri	7 173.50	
XIV.	Til ferjubryggju við Gemlufall	22 807.19	
			— 1 322 065.04

D. Flugmál:

I.	Stjórn og sameiginlegur kostnaður flugmála	185 785.42	
II.	Reykjavíkurflugvöllur	258 614.48	
V.	Loranstöðin á Reynisfjalli ..	601.82	
VII.	Blindflugskólinn	32 573.74	
VIII.	Ferðakostn. og mælingar ...	49 908.79	
IX.	Flugmálaráðstefnur og alþjóðaflugmálastofnunin	99 090.07	
X.	Þjálfun nema í flugumferðarstjórn	3 155.57	
XII.	Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna	45 749.99	
XIII.	Fjarskiptaþjónusta landssímans	56 644.03	
XIV.	Veðurþjónusta	6 107.44	
XV.	Ýmis kostnaður	34 232.81	
XVI.	Fyrning	485 940.79	
XVII.	Til vegagerðar að flugvelli hjá Akri, A.-Hún.	25 000.00	
			— 1 283 404.95

en tekjur umfram áætlun urðu kr. 488 718.13.

kr. 8 285 986.19

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

I.	Biskupsembættið	42 904.32
II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	140 981.06

III.	Til söngmálastjóra þjóðkirkj.	2 700.00	
VI.	Til málgagns hinnar ísl. þjóðkirkju fyrir árin 1948 og 1949	5 000.00	
VII.	Kostnaður vegna laga nr. 17 1931, um bókasöfn prestakalla	266.72	
VIII.	Kostnaður vegna laga nr. 64 1932, um eftirlit með kirkjugörðum	7 200.00	
IX.	Kostnaður vegna laga nr. 38 1947, um skipulag og hýsingu prestssetra	20 103.40	
X.	Til viðgerðar kirkjunnar að Bessastöðum	24 813.76	
XI.	Annar kostnaður vegna kirkju og kirkjugarðs á Bessastöðum	7 646.86	
XII.	Til viðgerðar biskupssetursins að Gimli	2 850.00	
XIII.	Til kirkjuráðs (vangreidd fjárveiting 1947)	1 500.00	
XIV.	Til viðgerðar Stafholtskirkju	817.35	
			kr. 256 783.47

B. Kennslumál:

I.	a. Háskólinn	213 152.55	
	b. Tilraunastöð háskólans að Keldum	95 507.10	
III.	Fræðslumálastj.embættið .	65 458.64	
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík	187 228.65	
V.	Menntaskólinn á Akureyri	84 916.89	
VI.	Kennaraskólinn	59 874.23	
VIII.	Vélstjóraskólinn	25 215.00	
X.	Búnaðarkennsla:		
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	27 126.62	
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara í föstum skólum	1 287 066.60	
	5. Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum .	19 588.07	
	7. Til fv. barnakennara ..	1 800.00	
	8. Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla	42 745.00	
	10. Endurgreiðsla á ¼ af rekstrarkostn. barnask.	116 204.96	
XIV.	Gagnfræðamenntun:		
	1. Alþýðusk. á Eiðum ..	42 879.67	
	2. Til héraðs- og gagnfræðaskóla	1 980 515.74	
	9. Til Handíðaskólans, kennaradeildar	50 427.37	

XV.	Húsmæðrafræðsla:		
	1. Til húsmæðraskóla ...	628 300.14	
	3. Til húsmæðrakennaraskóla	340.60	
	4. Til námsstjóra	20 562.80	
XVI.	Til íþróttamála:		
	1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins	5 400.00	
	3. Til Íþróttasambands Íslands, vegna framkvæmdarstjórnar	12 000.00	
	7. Til ferðakennslu í íþróttum	7 761.76	
XVII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	14 216.90	
XXVIII.	Til rannsókna á þroska íslenzkra skólabarna	11 280.00	
XXX.	Styrkur til húsmæðraskólans á Hallormsstað, til vefnaðarkennslu	5 000.00	
XXXI.	Byggingarstyrkir til húsmæðraskóla í Hveragerði og að Löngumýri í Skagaf.	50 000.00	
XXXII.	Til Alþýðuskólans í Rvík .	3 000.00	
XXXIII.	Til Samvinnuskólans í Rvík, vegna ársins 1947 ..	32 886.10	
		kr. 5 090 455.39	
			kr. 5 347 238.86

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

I.	Landsbókasafnið	17 370.00
II.	Þjóðskjalasafnið	11 970.00
III.	Þjóðminjasafnið	16 499.00
IV.	Náttúrugripasafnið	25 300.00
VI.	Safnahúsið	13 454.47
VII.	Styrkur til bókasafna og lesstofa:	
	7. Til bókasafnsins í Bildudal	2 400.00
	9. Til iðnbókasafns í Reykjavík	2 500.00
	15. Til sýslubókasafns á Blönduósi	6 000.00
	17. Til sýslubókasafna ...	10 350.00
	30. Til lesstofu á Ísafirði .	1 250.00
IX.	Til skálda, rithöfunda og listamanna	29 340.00
XXII.	Til listasafns Einars Jónssonar	41 404.64

XXV.	Kostn. við friðun Þingvalla	43 202.47		
XXVI.	Til umbóta á Þingvöllum	84 050.44		
XXIX.	Til Gunnlaugs Ó. Scheving málara, til að fullgera vinnustofu	15 000.00		
XXX.	Byggingastyrkir til málaranna Sveins Þórarinssonar og Örlygs Sigurðssonar .	30 000.00		
XXXI.	Keypt blaða- og handritasafn Helga Tryggvasonar .	270 000.00		
			kr.	620 091.02

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu:

I.	Til atvinnudeildar háskólans	191 677.30		
IV.	Til Veðurstofu Íslands	20 804.77		
V.	Til jöklamælinga	24 181.49		
VII.	Til sjómælinga	39 893.24		
VIII.	Til húsameistara ríkisins	43 458.00		
			kr.	320 014.80
			kr.	940 105.82

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

A. Landbúnaðarmál:

1.	Til Búnaðarfélags Íslands	35 271.00		
3.	Til búreikningaskrifstofu	5 389.00		
4.	Gjöld skv. jarðræktarlögunum	909 461.49		
14.	Til sandgræðslu	2 880.00		
20.	Til loðdýraræktar	2 520.00		
21.	Til dýralækninga	10 777.50		
22.	Til kláðalækninga	36 924.69		
23.	Kostnaður vegna sauðfjárveiki	1 330 000.00		
25.	Kostnaður vegna laga nr. 27 1940, um friðun Eldeyjar	266.00		
26.	Kostnaður vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra	4 007.50		
27.	Kostnaður vegna laga nr. 64 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	2 572.50		
28.	Kostnaður vegna laga nr. 89 1941, um eyðingu svartbaks ...	1 743.85		
29.	Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði ..	6 300.83		
30.	Kostnaður vegna laga nr. 20 1943, um búfjártryggingar	190 000.00		
31.	Kostnaður vegna laga nr. 113 1945, um fyrirhleðslu Héraðsvatna	103 057.23		
32.	Kostnaður vegna laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins	28 045.76		
33.	Kostn. við jarðeignir ríkisins .	14 017.69		
34.	Framræsla lands á ýmsum stöðum	75 926.99		
			kr.	2 759 162.03

B. Sjávarútvegsmál:

1.	Til Fiskifélags Íslands	39 210.00		
5.	Til haf- og fiskirannsókna	7 676.74		
6.	Kostnaður vegna laga nr. 79 1947, um að reisa síldarverksmiðju á Austurlandi	257 500.00		
7.	Til hreinsunar í Hvalfirði	175 000.00		
			kr.	479 386.74

C. Iðnaðarmál:

9.	Styrkur til 6. norræna yrkiskólaþingsins	91.10		
10.	Kostnaður vegna laga nr. 96 1938, um iðnaðarnám	8 000.00		
11.	Kostnaður vegna laga nr. 100 1938, um iðnráð	14 400.00		
			—	22 491.10

D. Raforkumál:

I.	Stjórn raforkumála	95 844.58		
II.	Rannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir	58 115.44		
III.	Rafmagnsveitur ríkisins	264 795.67		
X.	Styrkur til rafveitna samkvæmt lögum	485 000.00		
XI.	Kostnaður við jarðhitarannsóknir á Reykjanesi	2 029.50		
			—	905 785.19
				kr. 4 166 825.06

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Tillag til bjargráðasjóðs		kr.	625 50
2.	Til alþýðutrygginga		—	233 440.76
7.	Til Sambands ísl. berklasjúklinga		—	4 440.00
9.	Kostnaður við barnaverndarráð		—	8 211.75
14.	Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi		—	500.00
17.	Tíl hjálpar nauðstöddum ísl. erlendis		—	7 877.84
23.	Til vinnumiðlunar		—	27 076.98
25.	Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna .		—	630 695.11
28.	Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna 1948 og 1949		—	280 058.38
29.	Greiðsla með börnum erlendra manna, lög nr. 80/1947		—	820 280.90
31.	Tillag til International Labour Organization		—	2 081.80
32.	Tillag til Sameinuðu þjóðanna		—	18 288.74
33.	Tillag til Food and Agricultural Organization		—	12.50
34.	Tillag til World Health Organization		—	237.15
35.	Örorkubætur til Gunnars K. Guðmundssonar úr Breiðdal		—	22 000.00
36.	Kostn. vegna laga nr. 97/1941, um ófriðartryggingar		—	1 375.00
37.	Kostnaður vegna laga nr. 109/1943, um hlutatryggingarfélög		—	12 929.29

38.	Kostnaður vegna laga nr. 80/1947, um framfærslu	kr.	102 043.94	
39.	Til Alþjóðasambands lútherskra kirkna 1947—1949	—	2 000.00	
40.	Til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu 1948 og 1949	—	34 935.35	
41.	Til Alþjóðaslysavarnasambandsins	—	107.00	
42.	Til Alþjóðahvalveiðiráðs	—	2 635.10	
				kr. 2 211 853.09

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

I.—II.	Eftirlaun og styrktarfé	kr.	69 295.16	
III.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	—	637 544.27	
IV.	Framlag ríkissjóðs samkvæmt reglugerð 24. nóvember 1944	—	7 858.27	
V.	Verðlagsuppbót af greiðslu úr lífeyrissjóði	—	7 367.40	
VI.	Kostnaður vegna laga nr. 114/1940, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	81 403.69	
				— 803 468.79

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Til dýrtíðarráðstafana	kr.	8 475 544.19	
2.	Til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests árið 1948	—	522 956.98	
3.	Óviss útgjöld	—	1 618 518.16	
4.	Greitt tap síldarverksmiðja á vinnslu Hvalfjarðarsíldar veturinn 1947—1948	—	3 300 000.00	
5.	Kostnaður vegna laga nr. 110/1943, um olíugeyma o. fl.	—	1 847.68	
6.	Kostnaður vegna laga nr. 58/1947, um Egilsstaðakauptún	—	23 902.25	
7.	Kostnaður vegna laga nr. 100/1948, um fiskábyrgðarnefnd	—	93 000.00	
8.	Kostnaður vegna Alþingissögu	—	22 505.26	
9.	Viðhald húsa og annarra mannvirkja að Bessastöðum	—	73 304.16	
10.	Ýmis kostnaður vegna Bessastaða	—	6 127.53	
11.	Andvirði vélbáts vegna Bessastaða	—	12 000.00	
12.	Afskrifaðar skuldir námsmanna o. fl. frá styrjaldarárunum	—	49 308.15	
13.	Kostnaður vegna sölu v/s Nanna	—	12 830.00	
				— 14 211 844.36

Samtals 3.—14. gr.	kr.	45 878 401.93
2. gr.	—	15 014 768.40
Samtals	kr.	60 893 170.33

15. gr.

Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar	—	73 686 782.52
Inn fór 108 815 256.90 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	134 579 952.85

Sþ. 757. Þingsályktun [64. mál]

um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 90.

Sþ. 758. Þingsályktun [173. mál]

um ríkisaðstoð vegna atvinnuörðugleika.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 4 milljónum króna til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari, um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynleg.

Sþ. 759. Þingsályktun [175. mál]

um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna skipasmíða á vegum ríkisstjórnarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 626.

Sþ. 760. Fjáraukalög [169. mál]

fyrir árið 1949.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 756.

Sþ. 761. Þingsályktun [165. mál]

um aukningu hótelhúsnæðis.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 590.

Sþ. 762. Þingályktun [126. mál]

um ódýra sumargististaði.

(Afgreidd frá Sþ. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 266.

Ed. 763. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Heimilt er sveitarstjórn að ákveða“ í upphafi greinarinnar komi: Heimilt er bæjarstjórn Akureyrarbæjar að ákveða.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórn Akureyrarbæjar til að innheimta með álagi fasteignaskatta til bæjarsjóðs.

Ed. 764. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til. um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 6. gr. Á eftir orðinu „Skeggjastöðum“ bætist: Mjóafirði.

Ed. 765. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Í stað 1.—12. gr. kemur ein grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Frestað skal til 1. janúar 1954 framkvæmd laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 1907, um skipun prestakalla.
2. Við 13. gr. (verður 2. gr.) Greinina skal orða svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til l. úm frestun á framkvæmd laga nr. 37 1951, um breyting á lögum nr. 45 1907, um skipun prestakalla.

Ed. 766. Breytingartillaga [109. mál]

við brtt. á þskj. 753 [Skipun prestakalla].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Orðið „Staðarhraun“ falli niður.

Nd. **767. Frumvarp til laga** **[109. mál]**

um skipun prestakalla.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Prófastsdæmum og prestaköllum landsins skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.*
1. *Skeggjastaðir.* Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. *Hof í Vopnafirði.* Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.
3. *Hofteigur.* Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Hofteigur.
4. *Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.
Prestssetur: Kirkjubær.
5. *Valþjófsstaður.* Valþjófsstaðar- og Ássóknir.
Prestssetur: Valþjófsstaður.
6. *Desjarmýri.* Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjörður.* Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir.
Prestssetur á Seyðisfirði.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.*
8. *Vallanes.* Vallaness- og Þingmúlasóknir.
Prestssetur: Vallanes.
9. *Norðfjörður.* Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
Prestssetur í Neskaupstað.
10. *Eskifjörður.* Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
Prestssetur á Eskifirði.
11. *Kolfreyjustaður.* Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
12. *Heydalir.* Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Heydalir.
13. *Djúpivogur.* Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir.
Prestssetur á Djúpavogi.

III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.*
14. *Bjarnanes.* Bjarnaness- og Stafafellssóknir.
Prestssetur: Bjarnanes.
15. *Kálfafellsstaður.* Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir.
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
16. *Hof í Öræfum.* Hofssókn.
Prestssetur: Sandfell.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Sandfell og flytja prestssetrið á hentugri stað.

IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.*
17. *Kirkjubæjarklaustur (Kirkjubær).* Prestsbakka- og Kálfafellssóknir.
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
18. *Ásar.* Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir.
Prestssetur: Ásar.
19. *Vík.* Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
Prestssetur í Vík.

V. *Rangárvallaprófastsdæmi.*

20. *Holt undir Eyjafjöllum.* Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
Prestssetur: Holt.
21. *Bergþórshvoll.* Kross- og Akureyjarsóknir.
Prestssetur: Bergþórshvoll.
22. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð.* Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
23. *Oddi.* Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
Prestssetur: Oddi.
24. *Kirkjuhvoll.* Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
Prestssetur: Kirkjuhvoll.
25. *Fellsmúli.* Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir.
Prestssetur: Fellsmúli.

VI. *Árnesprófastsdæmi.*

26. *Stóri-Núpur.* Stóra-Núps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir.
Prestssetur: Skarð.
27. *Hruni.* Hruna- og Tungufellssóknir.
Prestssetur: Hruni.
28. *Skálholt.* Skálholts-, Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu- og Úthlíðarsóknir.
Prestssetur: Skálholt.
29. *Mosfell í Grímsnesi.* Mosfells-, Miðdals-, Stóruborgar- og Búrfellssóknir.
Prestssetur: Mosfell.
30. *Þingvellir.* Þingvalla- og Úlfljótsvatnssóknir.
Prestssetur: Þingvellir.
31. *Hraungerði.* Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir.
Prestssetur: Hraungerði eða Selfoss.
32. *Eyrarbakki.* Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
Prestssetur á Eyrarbakka.
33. *Hveragerði.* Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur í Hveragerði.

VII. *Kjalarnessprófastsdæmi.*

34. *Grindavík.* Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur í Grindavík.
35. *Útskálar.* Útskála- og Hvalsnesssóknir.
Prestssetur: Útskálar.
36. *Keflavík.* Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur í Keflavík.
37. *Hafnarfjörður.* Hafnarfjarðar-, Kálfatjarnar- og Bessastaðasóknir.
Prestssetur í Hafnarfirði.
38. *Mosfell í Mosfellssveit.* Lágafells- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
39. *Reynivellir.* Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
40. *Vestmannaeyjar.* Ofanleitissókn.
Prestssetur: Ofanleiti.

VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi.*

41.—49. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðaráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi.*

50. *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.* Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
51. *Akranes.* Akranessókn.
Prestssetur á Akranesi.
52. *Hvanneyri.* Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Hvanneyri.
53. *Reykholt.* Reykholts-, Stóra-Ás-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.

X. *Mýraprófastsdæmi.*

54. *Stafholt.* Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir.
Prestssetur: Stafholt.
55. *Borg.* Borgar-, Borgarness- og Álftanesssóknir.
Prestssetur: Borg.
56. *Staðarhraun.* Staðarhrauns-, Akra- og Álftártungusóknir.
Prestssetur: Staðarhraun.

XI. *Snæfellsnessprófastsdæmi.*

57. *Miklaholt.* Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
58. *Staðastaður:* Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
59. *Ólafsvík.* Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
60. *Setberg:* Setbergssókn.
Prestssetur: Setberg.
61. *Stykkishólmur.* Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
62. *Breiðabólstaður.* Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.

XII. *Dalaprófastsdæmi.*

63. *Kvennabrekka.* Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Snóksdalssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
64. *Hvammur í Dölum.* Hvamms-, Hjarðarholts- og Staðarfellssóknir.
Prestssetur: Hvammur.
65. *Staðarhólsþing.* Staðarhóls-, Skarðs- og Dagverðarnesssóknir.
Prestssetur: Hvoll.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvol og flytja prestssetrið á hentugri stað.

XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi.*

66. *Flatey.* Flateyjar- og Múlasóknir.
Prestssetur í Flatey.
67. *Reykhólar.* Reykhóla-, Garpsdals-, Staðar- og Gufudalssóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
68. *Brjánslækur.* Brjánslækjar- og Hagasóknir.
Prestssetur: Brjánslækur.
69. *Sauðlauksdalur.* Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Breiðuvíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.

70. *Patreksfjörður.* Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur á Patreksfirði.
71. *Bíldudalur.* Bíldudals- og Selárdalssóknir.
Prestssetur á Bíldudal.

XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

72. *Hrafnseyri.* Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Hrafnseyri.
73. *Þingeyri.* Þingeyrar- og Hraunssóknir.
Prestssetur á Þingeyri.
74. *Núpur í Dýrafirði.* Núps-, Mýra- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Núpur.
75. *Holt í Önundarfirði.* Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
76. *Súgandafjörður.* Staðarsókn.
Prestssetur á Stað eða Suðureyri.

XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.*

77. *Bolungarvík.* Hólssókn.
Prestssetur í Bolungarvík.
78. *Ísafjörður.* Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir.
Prestssetur á Ísafirði.
79. *Ögurþing.* Ögur- og Eyrarsóknir.
Prestssetur: Hvítanes.
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Hvítanes og flytja prestssetrið á hentugri stað.
80. *Vatnsfjörður.* Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.
81. *Staður í Grunnavík.* Staðar-, Hesteyrar- og Staðarsókn í Aðalvík.
Prestssetur: Staður.

XVI. *Strandaprófastsdæmi.*

82. *Árnes.* Árnessókn.
Prestssetur: Árnes.
83. *Hólmavík.* Hólmavíkur-, Staðar-, Drangsness-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur á Hólmavík.
85. *Prestsbakki í Hrútafirði.* Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.

XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi.*

84. *Melstaður.* Melstaðar-, Kirkjuhvamms-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
86. *Tjörn á Vatnsnesi.* Tjarnar- og Vesturhópshólasóknir.
Prestssetur: Tjörn.
87. *Breiðabólstaður í Vesturhópi.* Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólstaður.
88. *Þingeyraklaustur.* Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir (Blönduósshreppur).
Prestssetur: Steinnes.
89. *Æsustaðir.* Holtastaða-, Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu- og Svínavatnssóknir.
Prestssetur: Æsustaðir.

90. *Höskuldsstaðir.* Höskuldsstaða-, Skagastrandar- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höskuldsstaðir.

XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi.*

91. *Hvammur í Laxárdal.* Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Hvammur.
92. *Sauðárkrókur.* Sauðárkróks- og Rípursóknir.
Prestssetur á Sauðárkróki.
93. *Glaumbær.* Glaumbæjar-, Reynistaðar- og Víðimýrarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
94. *Mælifell.* Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
95. *Miklibær.* Miklabæjar-, Silfrastaða- og Flugumýrarsóknir.
Prestssetur: Miklibær.
96. *Hólar í Hjaltadal.* Hóla-, Viðvíkur- og Hofstaðasóknir.
Prestssetur: Hólar.
97. *Hofsós.* Hofsóss-, Hofs- og Fellssóknir.
Prestssetur á Hofsósi.
98. *Barð.* Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Barð.

XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi.*

99. *Grímsey.* Miðgarðasókn.
Prestssetur: Miðgarðar.
100. *Siglufjörður.* Siglufjarðarsókn.
Prestssetur á Siglufirði.
101. *Ólafsfjörður.* Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur á Ólafsfirði.
102. *Vellir.* Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
Prestssetur: Vellir.
103. *Hrísey.* Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur í Hrísey.
104. *Möðruvellir í Hörgárdal.* Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
105.—106. *Akureyri.* Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir.
Prestssetur á Akureyri.
107. *Laugaland.* Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

108. *Laufás.* Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
109. *Háls.* Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
110. *Vatnsendi.* Ljósavatns-, Þóroddsstaðar- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Vatnsendi.
111. *Skútustaðir.* Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
112. *Grenjaðarstaður.* Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
113. *Húsavík.* Húsavíkur- og Brettingsstaðasóknir.
Prestssetur á Húsavík.

XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.*

114. *Skinnastaður.* Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
115. *Raufarhöfn.* Raufarhafnarsókn.
Prestssetur á Raufarhöfn.
116. *Sauðanes.* Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðaráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Verkefni ráðsins er:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður nota sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og prestsseturshús, sem reist verða samkvæmt lögum þessum. Skulu lóðirnar valdar á hentugum stöðum með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Sóknarprestarnir á Skeggjastöðum, Hofi í Öræfum, Breiðabólstað á Skógarströnd, Sauðlauksdal, Hrafnseyri, Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey, Tjörn á Vatnsnesi, Staðarhrauni og Raufarhöfn skulu jafnframt gegna þar kennarastörfum, enda fullnægi þeir ákvæðum laga um menntun kennara, og taka þeir þá laun fyrir hvor tveggja þessi störf í næsta launaflokki fyrir ofan aðra sóknarpresta.

7. gr.

Andvirði prestssetra þeirra, sem lögð verða niður samkvæmt lögum þessum, skal verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum.

8. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkun prestakalla, flytja sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum

safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

9. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 8. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra í samráði við biskup skipa þrjá menn til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að syngja þar messur án sérstaks endurgjalds.

10. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega að fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar.

Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

11. gr.

Kirkjustjórn hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku þessara laga.

Ákvæði 6. gr. koma til framkvæmda jafnóðum og kennarastöður losna í hlutaðeigandi skólahverfum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952. Frá sama tima eru úr gildi numin:

Lög nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna.

Lög nr. 27 26. okt. 1917, um breytingu á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 36 27. júní 1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Lög nr. 37 31. maí 1927, um breytingu á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Lög nr. 19 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Lög nr. 63 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 76 7. maí 1940, um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.
Lög nr. 45 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Lög nr. 37 14. marz 1951, um breyting á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.
Svo og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Ed. 768. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

Ed. 769. Breytingartillögur [167. mál]

við brtt. á þskj. 763 [Fasteignaskattar til sveitarsjóða].

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Í stað orðanna „Heimilt er bæjarstjórn Akureyrarbæjar“ í 1. tölul. komi: Heimilt er bæjarstjórn Akureyrar- og Ísafjarðarbæjar.
2. Í stað „Akureyrarbæjar“ í 2. tölul. komi: Akureyrar- og Ísafjarðarbæjar.

Ed. 770. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist:
Álaginu má þó aðeins beita á skattstofnana að því leyti, sem ekki hvíla á þeim veðskuldir.

Nd. 771. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

2. gr.

Ákveða má, að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 772. Frumvarp til laga [162. mál]

um gjald af kvikmyndasýningum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar.

2. gr.

Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

3. gr.

Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

4. gr.

Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá numin úr gildi lög nr. 34 22. nóv. 1918, að því leyti sem þau eiga við kvikmyndasýningar.

Ed. 773. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um gjald af kvikmyndasýningum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að leggja sérstakt gjald á almennar kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

Til vara.
Aftan við greinina bætist: aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

Nd. 774. Frumvarp til laga [162. mál]

um gjald af kvikmyndasýningum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.
Sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

2. gr.
Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

3. gr.
Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

4. gr.
Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

5. gr.
Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.
Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 500 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum, allt að 10 000 krónum.
Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá numin úr gildi lög nr. 34 22. nóv. 1918, að því leyti sem þau eiga við kvikmyndasýningar.

Ed. **775. Lög** [160. mál]

um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 23. jan.)

Samhljóða þskj. 735.

Nd. **776. Breytingartillögur** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. VI. 31.

a. Liðurinn orðist svo:
Hraungerði. Hraungerðis- og Villingaholtssóknir.
Prestssetur: Hraungerði.

b. Nýr liður:
Selfoss. Laugardælasókn.
Prestssetur á Selfossi.

Nd. **777. Breytingartillaga** [109. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Við 6. gr. Orðið „Staðarhraun" falli burt.

Nd. **778. Lög** [167. mál]

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

(Afgreidd frá Nd. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 771.

Nd. **779. Lög** [162. mál]

um gjald af kvikmyndasýningum.

(Afgreidd frá Nd. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 774.

Nd. **780. Lög** [109. mál]

um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 767.

Sþ. 781. Nefndaskipun.

(71. löggjafarþing.)

I.

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Helgi Jónasson, fundaskrifari,
Pétur Ottesen,
Halldór Ásgrímsson,
Ásmundur Sigurðsson,
Ingólfur Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Jónas Rafnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1952 (1, n. 290 (meiri hl.), n. 292 (1. minni hl.), n. 296 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
2. Till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga (25, n. 135 (meiri hl.), n. 144 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Rafnar.
   Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
3. Till. til þál. um æskulýðshöll í Reykjavík (79).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um breyt. á gjaldskrá landssímans (89, n. 609).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
5. Till. til þál. um veðlán til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum (90, n. 610 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Till. til þál. um rannsókn á brúarstæði yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi (94).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um greiðslu verðlagsuppbótar á lífeyri starfsmanna ríkisins (127).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um lán úr mótvirðissjóði til landbúnaðarframkvæmda (73, n. 621 (meiri hl.), n. 624 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Ottesen.
   Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.
9. Till. til þál. um ráðstafanir til hjálpar ofdrykkjumönnum (136).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Till. til þál. um heildarendurskoðun á skattalögum, tekjuskiptingu og verkaskiptingu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga (132, n. 608 (meiri hl.), n. 612 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas Rafnar.
    Frsm. minni hl.: Ásmundur Sigurðsson.

11. Till. til þál. um eftirlitsbát fyrir Norðurlandi (197).
Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um landhelgisgæzlu á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes (302).
Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1949 (596, n. 746).
Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
14. Till. til þál. um rannsókn á vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur (196).
Nefndarálit kom ekki.
15. Till. til þál. um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna skipasmíða á vegum ríkisstjórnarinnar (626, n. 650).
Frsm.: Pétur Ottesen.
16. Till. til þál. um hraðfrystihús á Siglufirði (623, n. 734 (meiri hl.), n. 754 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.

2. *Allsherjarnefnd:*
Jóhann Jósefsson, formaður,
Jón Gíslason, fundaskrifari,
Jón Sigurðsson,
Lúðvík Jósefsson,[1])
Jörundur Brynjólfsson,
Stefán Stefánsson,[2])
Finnur Jónsson.[3])

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um atvinnuleysistryggingar (14, n. 691 (meiri hl.), n. 725 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Kjartansson.
2. Till. til þál. um réttarrannsókn á slysum, sem orðið hafa á íslenzkum togurum (33, n. 185).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Till. til þál. um námslánasjóð (65).
Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um frjálsan innflutning á heimilisdráttarvélum og bifreiðum til landbúnaðarþarfa (81, n. 316).
Frsm.: Jón Gíslason.
5. Till. til þál. um innflutning bifreiðavarahluta (70).
Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni (83, n. 611 (meiri hl.), n. 620 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. minni hl.: Magnús Kjartansson.
7. Till. til þál. um rekstur tunnuverksmiðja ríkisins (129, n. 254).
Frsm.: Magnús Jónsson.
8. Till. til þál. um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum (75, n. 599).
Frsm.: Magnús Jónsson.

---

1) Í fjarveru hans (14. jan. til þingloka) tók sæti hans í nefndinni Magnús Kjartansson.
2) Er hann hvarf af þingi 5. nóv. sakir sjúkleika, tók sæti hans í nefndinni varamaður hans, Magnús Jónsson.
3) Vegna veikinda Finns Jónssonar gegndi starfi hans í nefndinni um hríð Stefán Jóh. Stefánsson og síðan Hannibal Valdimarsson.

9. Till. til þál. um samræmingu á leturborðum ritvéla (148, n. 688).
   Frsm.: Magnús Kjartansson.
10. Till. til þál. um jöfnunarverð á olíum og benzíni (199, n. 353).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
11. Till. til þál. um lánastarfsemi veðdeildar Landsbankans (95, n. 614).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
12. Till. til þál. um ræðuritun á Alþingi (195, n. 690).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
13. Till. til þál. um landtökuvita á Norðausturlandi (244).
   Nefndarálit kom ekki.
14. Till. til þál. um aukningu hótelhúsnæðis (590, n. 687).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
15. Till. til þál. um ódýra sumargististaði (266, n. 684).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Ólafur Thors,
Hermann Jónasson,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Jörundur Brynjólfsson, formaður,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Bjarni Benediktsson.

Varamenn:

Gunnar Thoroddsen,
Eysteinn Jónsson,
Jóhann Hafstein,
Einar Olgeirsson,
Páll Zóphóníasson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Björn Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og grundvallarfrjálsræðis (78).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um aðild Íslands að viðbótarsamningi við Norður-Atlantshafssamninginn varðandi þátttöku Grikklands og Tyrklands (114, n. 161 (minni hl.), n. 165 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Finnbogi R. Valdimarsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.

4. Kjörbréfanefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskrifari,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Gísli Guðmundsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Magnúsar Jónssonar, 2. (vara)þm. Eyf., og lét uppi munnlegt álit um það.

5. Þingfararkaupsnefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson, fundaskrifari,
Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður,
Jónas Rafnar,
Áki Jakobsson,
Andrés Eyjólfsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Bernharð Stefánsson, formaður,
Gísli Jónsson, fundaskrifari,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Karl Kristjánsson,
Brynjólfur Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952 (5, n. 98).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 frá 28. des. 1950, um framlengingu á gildi III. kafla l. nr. 100 frá 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (11).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um lánveitingar til smáíbúða (34).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um aukaframlög til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna (56).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. (85, n. 97 (minni hl.), n. 99 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
   Frsm. meiri hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um afnám l. um tekjuskatt og eignarskatt (96, n. 346 (meiri hl.), n. 384 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
7. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 9 6. febr. 1951, um breyt. á og viðauka við l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (38).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (52, n. 208).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (31).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka (87, n. 173).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
11. Frv. til l. um skattfrelsi sparifjár (163, n. 387).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (51, n. 207).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
13. Frv. til l. um Fyrningarsjóð Íslands (164, n. 396 (minni hl.), n. 471 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
14. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (138, n. 334 (meiri hl.)).

Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

15. Frv. til l. um hluta sveitarfélaga af söluskatti (211).
Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins (262, n. 389).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
17. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl. (229, n. 428 (meiri hl.), n. 446 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
18. Frv. til l. um lánasjóð stúdenta (278, n. 554).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
19. Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 frá 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (402, n. 503 (meiri hl.), n. 504 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
20. Frv. til l. um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins (542, n. 558).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
21. Frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 (537, n. 680 (meiri hl.), n. 682 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
Frsm. minni hl.: Brynjólfur Bjarnason.
22. Frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs (634, n. 681).
Frsm.: Gísli Jónsson.
23. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949 (595, n. 712).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (670, n. 707).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
25. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (663, n. 706).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
26. Frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða (693, n. 716 (meiri hl.), n. 720 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (367).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Karl Kristjánsson, fundaskrifari,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson, formaður,
Steingrímur Aðalsteinsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 (23).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (400, n. 460).
Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 390 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóníasson, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um skógræktardag skólafólks (172, n. 304).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
2. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (166, n. 215).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (71, n. 225).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 (339, n. 427).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu (359, n. 426).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (360, n. 417).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 1949, um eyðingu refa og minka (301).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands (449).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands (469).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins (468).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (556, n. 653).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum (88).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til girðingalaga (288, n. 376).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1948, um búfjárrækt (305).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Jóhann Jósefsson, formaður,
Bernharð Stefánsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,
Hannibal Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild) (3, n. 193 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum (32, n. 192).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
3. Frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar (157, n. 412).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til útvegsmanna (167, n. 219 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands (326, n. 416).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands (386, n. 415).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Jóhann Jósefsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (19, n. 484).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð (16, n. 133 (1. minni hl.), n. 174 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 3. marz 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna (92, n. 317).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (125, n. 375).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
5. Frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (271 (sbr. 257), n. 555 (minni hl.), n. 571 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Páll Zóphóníasson.
6. Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (276).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f (241, n. 356 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður,
Gísli Jónsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um ódýra uppdrætti að íbúðarhúsum, eftirlit með byggingum o. fl. (29, n. 366).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
2. Frv. til l. um forfallahjálp húsmæðra (41, n. 154).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Frv. til l. um Atvinnustofnun ríkisins (117).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um öryrkjahæli (212, n. 487).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau (318, n. 365).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 28. marz 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (267, n. 439).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
7. Frv. til l. um framkvæmd á heilsugæzlukafla l. um almannatryggingar, nr. 50 1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkvæmt þeim l. (336).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim l. (401, n. 661).
   Frsm.: Gísli Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila (239).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
2. Frv. til l. um vistheimili fyrir drykkjusjúka menn (352).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
3. Frv. til l. um skyldu geðveikrahælisins á Kleppi til að taka við óðu fólki (466).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um öryrkjahæli (212).
Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

7. Menntamálanefnd:

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Hannibal Valdimarsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðargreindu lögin (39, n. 313).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt (59, n. 379).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
3. Frv. til l. um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands (277, n. 319).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (429, n. 618 (meiri hl.), n. 619 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Ó. Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
5. Frv. til l. um gjald af kvikmyndasýningum (569).
   Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um skipun prestakalla (205).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Nefndin skilaði áliti um málið á þskj. 741 (meiri hl.) og 752 (minni hl.).
   Frsm. meiri hl.: Páll Zóphóníasson.
   Frsm. minni hl.: Sigurður Ó. Ólafsson.

8. *Allsherjarnefnd:*
   Páll Zóphóníasson,
   Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
   Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður,
   Finnbogi R. Valdimarsson,
   Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940 (20, n. 66).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum (105, n. 189).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
3. Frv. til l. um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis (139, n. 498).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum (230, n. 265).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
5. Frv. til l. um hámark húsaleigu o. fl. (270, n. 388 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (338, n. 406 (meiri hl.), n. 421 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Lárus Jóhannesson.
   Frsm. minni hl.: Finnbogi R. Valdimarsson.
7. Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941 (378, n. 499).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
8. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar (492, n. 606).
   Frsm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
9. Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1952 (592, n. 633 (meiri hl.), n. 639 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Rannveig Þorsteinsdóttir.
   Frsm. minni hl.: Finnbogi R. Valdimarsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigurður Ágústsson, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson, formaður,
Jóhann Hafstein,
Einar Olgeirsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins (6, n. 121).
   Frsm.: Jóhann Hafstein.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (2, n. 128).
   Frsm.: Jóhann Hafstein.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild) (3, n. 120).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
4. Frv. til l. um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar (47, n. 68).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum (37, n. 175).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum (12, n. 294 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (51, n. 122 (meiri hl.), n. 149 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (52, n. 123).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (15, n. 434 (minni hl.), n. 480 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
   Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl. (40, n. 437 (minni hl.), n. 470 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
    Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
11. Frv. til l. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða (53, n. 435 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 1942, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (27).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 (80).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

14. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka (87, n. 124).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
15. Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (86, n. 343 (meiri hl.), n. 344 (1. minni hl.), n. 354 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Einar Olgeirsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm (8, n. 433 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
17. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1952 (5, n. 147).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
18. Frv. til l. um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl. (229, n. 322).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
19. Frv. til l. um raforkulánadeild Búnaðarbanka Íslands (210).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (236).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 5. júní 1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (243).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Frv. til l. um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila (283, n. 570).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
23. Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. (134, n. 323 (meiri hl.), n. 345 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ágústsson.
    Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
24. Frv. til l. um lánasjóð stúdenta (278, n. 436).
    Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
25. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum (284, n. 604).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
26. Frv. til l. um afnám l. nr. 99 1933, um veitingaskatt (350).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (455, n. 472).
    Frsm.: Sigurður Ágústsson.
28. Frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 (537, n. 573 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
29. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum (553, n. 603).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
30. Frv. til l. um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins (574, n. 602).
    Frsm.: Sigurður Ágústsson.
31. Frv. til l. um skattfrelsi sparifjár (585).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

32. Frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða (593, n. 636 (meiri hl.)), n. 637 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurður Ágústsson.
Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
33. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949 (595, n. 635).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl. (200).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs (634).
Frsm. var ekki kosinn.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (663).
Frsm. var ekki kosinn.

2. Samgöngumálanefnd:

Sigurður Bjarnason, formaður,
Jón Gíslason, fundaskrifari,
Stefán Stefánsson,[1])
Lúðvík Jósefsson,[2])
Ásgeir Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 (24).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (103).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (141, n. 662).
Frsm.: Jón Gíslason.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. nóv. 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði (180, n. 686).
Frsm.: Jón Gíslason.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins (237).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um leigubifreiðar í kaupstöðum (627).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 (349).
Frsm.: Magnús Jónsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1135.

3. Landbúnaðarnefnd:

Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Ásgeir Bjarnason, formaður,
Jón Pálmason,
Ásmundur Sigurðsson,
Andrés Eyjólfsson.

---

1) Er hann hvarf af þingi 5. nóv. sakir sjúkleika, tók sæti hans í nefndinni varamaður hans, Magnús Jónsson.

2) Í fjarveru hans (14. jan. til þingloka) tók sæti hans í nefndinni Magnús Kjartansson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 9 6. febr. 1951, um breyt. á og viðauka við l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (38, n. 100).
   Frsm.: Jón Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra (71, n. 150).
   Frsm.: Andrés Eyjólfsson.
3. Frv. til l. um framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands (77, n. 385).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Múlasel í Mýrasýslu (102, n. 220).
   Frsm.: Andrés Eyjólfsson.
5. Frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum (130, n. 186).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
6. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950 (142, n. 248).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands (155, n. 392).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
8. Frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins (179, n. 371).
   Frsm.: Jón Pálmason.
9. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (166, n. 279).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla (282).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1948, um búfjárrækt (305, n. 465).
    Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
12. Frv. til girðingalaga (577, n. 597).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (216).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka (301).
   Frsm. var ekki kosinn.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins (556).
   Frsm.: Jón Pálmason.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Pétur Ottesen, formaður,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Ágústsson,
Lúðvík Jósefsson,[1])
Halldór Ásgrímsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 28. des. 1950, um aðstoð til bátaútvegsmanna (30, n. 153).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.

1) Í fjarveru hans (14. jan. til þingloka) tók sæti hans í nefndinni Áki Jakobsson.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 117 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. (31, n. 126).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum (32, n. 116).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (7, n. 664 (minni hl.), n. 671 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Áki Jakobsson.
   Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (9, n. 672 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
6. Frv. til l. um útflutning á saltfiski (273, n. 452 (1. minni hl.), n. 622 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Áki Jakobsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands (326).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands (327).
   Frsm.: Pétur Ottesen.

5. Iðnaðarnefnd:

Gunnar Thoroddsen, formaður,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
Sigurður Guðnason,
Skúli Guðmundsson,
Emil Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (64, n. 184).
   Frsm.: Emil Jónsson.
2. Frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f (137, n. 156 (meiri hl.), n. 187 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gunnar Thoroddsen.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 25. maí 1949, um breyt. á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 (162).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um virkjun jarðgufu í Krýsuvík (335).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (447, n. 640).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
6. Frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð (373).
   Nefndarálit kom ekki.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f (137).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:
Kristín Sigurðardóttir, fundaskrifari,
Páll Þorsteinsson, formaður,
Jónas Árnason,
Helgi Jónasson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar (10, n. 393 (1. minni hl.), n. 404 (2. minni hl.), n. 440 (meiri hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Jónas Árnason.
Frsm. 2. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 1949, um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. (91, n. 703).
Frsm.: Helgi Jónasson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 1951, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau (140).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um heimilishjálp í viðlögum (182, n. 260).
Frsm.: Kristín Sigurðardóttir.
5. Frv. til l. um vistheimili fyrir drykkjusjúka menn (352).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 1951, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau (501, n. 529).
Frsm.: Helgi Jónasson.
7. Frv. til l. um húsrými fyrir geðsjúkt fólk (660).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (194).
Frsm.: Helgi Jónasson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 28. marz 1947, um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 (267).
Frsm.: Páll Þorsteinsson.

7. Menntamálanefnd:
Gunnar Thoroddsen, formaður,
Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,
Kristín Sigurðardóttir,
Jónas Árnason,
Gísli Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun (4, n. 646).
Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
2. Frv. til l. um Akademíu Íslands (22, n. 641 (minni hl.), n. 644 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Gunnar Thoroddsen.
Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um laun skálda, rithöfunda og annarra listamanna og listarráð (93).
Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

Styrkur til leikfélags Neskaupstaðar. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., fer fram á, að leikfélagi Neskaupstaðar verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 2250.00 kr. styrkur til starfsemi sinnar. Enn fremur fer hann þess á leit, að Sigdóri Brekkan, kennara í Neskaupstað, verði veitt eftirlaun í sömu fjárl. — Bréf 23. okt. (Db. 125).
Stýrimannaskólinn. Samgmrn. sendir erindi skólastjóra stýrimannaskólans, dags. 7. okt., þar sem farið er fram á, að framlag til stundakennslu í skólanum verði í fjárl. fyrir árið 1952 hækkað um 32 þús. kr. — Bréf 15. okt. (Db. 103). — Sjá einnig: Stundakennsla í stýrimannaskólanum, Tillögur.

Stækkun landhelginnar.
1. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á Alþingi og ríkisstjórn að vinna af alefli, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, að rýmkun landhelginnar. — Bréf ódags. (Db. 375).
2. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., sendir erindi frá 72 sjómönnum og útgerðarmönnum í Grafarnesi í Grundarfirði, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn, með hliðsjón af úrskurði Haagdómstólsins í landhelgisdeilu Breta og Norðmanna, að stækka íslenzku landhelgina í 4 sjómílur. — Bréf 16. jan. (Db. 615).

Stærðfræðitímarit, sjá Norrænt tímarit um stærðfræðileg efni.
Stöðvarfjörður, sjá Prestakallaskipun 8.
Suðurbólsá á Rauðasandi, sjá Virkjun Fossár í Suðurfjörðum.
Sumarháskóli, sjá Íslandsdeild norræna sumarháskólans.
Sundhöll Reykjavíkur. Umsögn íþróttafulltrúa um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík. — Bréf 17. jan. (Db. 649).
Súsanna Friðriksdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 32.
Svava Þorleifsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 33.
Sveinbjörn Jónsson, sjá Gjaldskrá landssímans 3.
Sveinn Bergsveinsson, sjá Rannsóknir í þágu íslenzkra málvísinda.
Sveinn Jóhannsson, sjá Dragnótaveiði í landhelgi 4.
Svifrannsóknir, sjá Fiskideild atvinnudeildar háskólans.
Syre, Gerda, sjá Ríkisborgararéttur.
Syre, Valborg, sjá Ríkisborgararéttur.
Sýslubókasafnið á Hvammstanga. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., fer þess á leit, að 2000 kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til sýslubókasafnsins á Hvammstanga. — Bréf 10. des. (Db. 519).
Sýslumaðurinn í Árnessýslu, sjá Austurvegur.
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, sjá Sýslusjúkrahúsið á Patreksfirði.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, sjá: Fulltrúi sýslumanns Skagafjarðarsýslu, Læknisþjónusta í Fljótum.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sjá: Refavinnsla, Skattmat bústofns.
Sýslusjúkrahúsið á Patreksfirði. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu fer fram á, að veittur verði aukinn styrkur úr ríkissjóði til rekstrar sýslusjúkrahússins á Patreksfirði. — Bréf 10. jan. (Db. 604).
Sæmundur Halldórsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 34—35.
Söderholm, Einar Leander Gustav-Adolfsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Sögufélagið. Stjórn Sögufélagsins fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði í fjárl. fyrir árið 1952 hækkaður í 30 þús. kr. — Bréf 26. okt. (Db. 144).
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, sjá Útflutningur á saltfiski 1, 3.

Tala fanga í hegningarhúsinu í Reykjavík, sjá Fangahjálpin á Íslandi.
Tannlæknakennsla við háskólann. Menntmrn. sendir afrit af bréfi háskólarektors, dags. 17. sept., ásamt bréfi prófessorsins í tannlækningum við háskólann, dags. 6. sept., þar sem farið er fram á fjárveitingu til þess að ráða fastan aukakennara í tannréttingu og til kaupa á tækjum til þeirrar kennslu. — Bréf 29. sept. (Db. 39).
Tekjur og gjöld ríkissjóðs.
1. Fjmrn. sendir sjóðsyfirlit ríkissjóðs fyrir árið 1950. — Bréflaust. (Db. 663).
2. Fjmrn. sendir yfirlit um tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1951 til nóvemberloka. — Bréflaust. (Db. 513).
3. Fjmrn. sendir yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1951 til septemberloka og eignabreytingar á sama tíma. — Bréflaust. (Db. 662).

4. Fjmrn. sendir yfirlit yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs árið 1951 til 1. nóv. og eignabreytingar á sama tíma. — Bréf 26. nóv. (Db. 428).

Tekjuskattur og eignarskattur. Kvenfélag Alþýðuflokksins skorar á Alþingi að samþykkja: 1) fram komið frv., flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild, um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, varðandi hækkun persónufrádráttar, og 2) fram komið frv. um mæðralaun. — Bréf 8. nóv. (Db. 278). — Sjá einnig: Afnám tekjuskatts og eignarskatts, Atvinnuleysistryggingar 3, Bygging íbúðarhúsa 1, Skattamál hjóna.

Thomassen, Olufine Louise, sjá Ríkisborgararéttur.

Tillögur um fjárveitingar í fjárlögum 1952 frá eftirtöldum embættismönnum, ríkisfyrirtækjum og stofnunum: alþýðuskólanum á Eiðum (Db. 96), atvinnumálaráðuneytinu (Db. 64, 96, 107), áburðarsölu ríkisins (Db. 60), Áfengisverzlun ríkisins (Db. 60), barnaverndarráði (Db. 96), bifreiðaeftirliti ríkisins (Db. 74), biskupi Íslands (Db. 96), borgardómara (Db. 74), borgarfógeta (Db. 74), Búnaðarfélagi Íslands (Db. 107), bæjarfógetum (Db. 74), bændaskólanum á Hólum (Db. 96), bændaskólanum á Hvanneyri (Db. 96), dómsmálaráðuneytinu (Db. 64, 74, 107), eftirlitsmanni sparisjóða (Db. 74), Ferðaskrifstofu ríkisins (Db. 96), félagsmálaráðuneytinu (Db. 107), Fiskifélagi Íslands (Db. 107), fiskmatsstjóra (Db. 74), fjármálaráðuneytinu (Db. 64), flugráði (Db. 96), forsætisráðuneytinu (Db. 64, 96, 107), fræðslumálastjóra (Db. 96), garðyrkjuskólanum á Reykjum (Db. 96), Hagstofu Íslands (Db. 64), Handíða- og myndlistarskólanum (Db. 96), Háskóla Íslands (Db. 96), hegningarhúsinu í Reykjavík (Db. 74), heilsuhælinu í Kristnesi (Db. 96), Hinu íslenzka bókmenntafélagi (Db. 107), húsameistara ríkisins (Db. 107), húsbyggingarnefnd sjómannaskólans (Db. 107), hæstarétti (Db. 74), iðnfræðsluráði (Db. 107), innkaupastofnun ríkisins (Db. 60), íþróttafulltrúa (Db. 96), kennaraskólanum (Db. 96), landbúnaðarráðuneytinu (Db. 96, 107), landhelgisgæzlunni (Db. 74, 96), landlækni (Db. 96), landsbókaverði (Db. 107), landssambandi iðnaðarmanna (Db. 107), landssmiðjunni (Db. 60), lýsismatinu (Db. 74), löggildingarstofunni (Db. 74), lögreglustjórum utan Reykjavíkur (Db. 74), matvælaeftirlitinu (Db. 74), málleysingjaskólanum (Db. 96), menntamálaráðuneytinu (Db. 96, 107), Menntaskólanum á Akureyri (Db. 96), Menntaskólanum í Reykjavík (Db. 96), náttúrugripasafninu (Db. 107), póst- og símamálastjóra (Db. 60), raforkumálastjóra (Db. 107), rannsóknaráði ríkisins (Db. 107), rannsóknarstöðinni í Elliðahvammi (Db. 107), reikningaskrifstofu sjávarútvegsins (Db. 107), ríkisféhirði (Db. 64), ríkisprentsmiðjunni Gutenberg (Db. 60), ríkisskattanefnd (Db. 74), ríkisspítölunum (Db. 96, 107), Ríkisútvarpinu (Db. 60), sakadómaranum í Reykjavík (Db. 74), samgöngumálaráðuneytinu (Db. 64, 96, 107), Samvinnuskólanum (Db. 96), sandgræðslunni (Db. 107), sauðfjárveikivörnunum (Db. 107), síldarmati ríkisins (Db. 74), skattstjóranum á Ísafirði (Db. 74), skattstjóranum í Reykjavík (Db. 74), skipaskoðunarstjóra (Db. 74), Skipaútgerð ríkisins (Db. 96), skógrækt ríkisins (Db. 107), stjórnarráðinu (Db. 64), stýrimannaskólanum (Db. 96), sýslumönnum (Db. 74), tilraunastöð háskólans að Keldum (Db. 96), tollgæzlunni í Reykjavík (Db. 74), tollgæzlunni utan Reykjavíkur (Db. 74), tollstjóranum í Reykjavík (Db. 74), Tóbakseinkasölu ríkisins (Db. 60), Tryggingastofnun ríkisins (Db. 107), tunnuverksmiðjum ríkisins (Db. 60), ullarmatinu (Db. 74), utanríkisráðuneytinu (Db. 64, 107), veðurstofunni (Db. 107), vegamálastjóra (Db. 96, 107), veiðimálastjóra (Db. 107), verksmiðjuskoðunarstjóra (Db. 74), Verzlunarskóla Íslands (Db. 96), vélskólanum (Db. 96), viðgerðarstofu ríkisútvarpsins (Db. 60), viðskiptamálaráðuneytinu (Db. 64, 107), Viðtækjaverzlun ríkisins (Db. 60), vinnuhælinu á Litla-Hrauni (Db. 74), vita- og hafnarmálastjóra (Db. 96), vörumerkjaskrárritara (Db. 74), yfirdýralækni (Db. 107), þjóðminjasafninu (Db. 107), þjóðskjalasafninu (Db. 107).

Tilraunastjórinn á Akureyri, sjá Jarðræktartilraunir.
Tilraunastöð háskólans að Keldum. Menntmrn. leggur til, að samkv. eindreginni ósk forstöðumanns tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum verði keypt 1,6 ha. landspilda, sem liggur að Keldnalandi, fyrir allt að 32 þús. kr. — Bréf 28. sept. (Db. 36). — Sjá einnig Tillögur.
Tilraunastöð háskólans í meinafræði, sjá Tilraunastöð háskólans að Keldum.
Tjarnarprestakall, sjá Prestakallaskipun 5, 15.
Togarakaup ríkisins. Forsrn. sendir fjhn. Nd. brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins, varðandi ábyrgð ríkisins á lánum til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingartæki í þá og fer fram á, að nefndin flytji hana. — Bréf 9. nóv. (Db. 265).
Togaraslys, sjá Rannsókn á togaraslysum 1.
Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. Verkalýðsfélag Stykkishólms skorar á Alþingi að samþykkja frv. Hannibals Valdimarssonar, 6. landsk. þm., og Haralds Guðmundssonar, 4. þm. Reykv., um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar. — Bréf 12. nóv. (Db. 337).
Tolleftirgjöf af sjúkrabifreiðum. Fjmrn. leggur til, að ríkisstjórninni verði heimilað í fjárl. fyrir árið 1952 að endurgreiða Rauðakrossi Íslands aðflutningsgjöld af tveimur sjúkrabifreiðum. — Bréf 23. nóv. (Db. 396).
Tolleftirgjöf vegna bátasmíða. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir erindi skipasmíðastöðva víðs vegar á landinu, er smíðuðu á sínum tíma báta fyrir ríkissjóð, um tolleftirgjöf eða uppbót vegna hvers báts sökum tjóns þeirra á bátasmíðinni. — Bréf 14. nóv. (Db. 298).
Tollgæzlan í Reykjavík, sjá Tillögur.
Tollgæzlan utan Reykjavíkur, sjá Tillögur.
Tollskrá.
1. Félag ísl. iðnrekenda leggur til, að gerðar verði tilteknar breytingar á fram komnu frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. — Bréf 11. des. (Db. 531).
2. Félag ísl. iðnrekenda sendir afrit af bréfi félagsins, dags. 11. des., til fjhn. Ed., þar sem farið var fram á, að tilteknar breytingar yrðu gerðar á frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl. — Bréf 17. des. (Db. 564).
3. Fjmrn. biður fjhn. Ed. að leiðrétta prentvillur í frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. — Bréf 19. okt. (Db. 112).

Tollstjórinn í Reykjavík, sjá Tillögur.
Tollur af íslenzkum nótum. Snæbjörn Kaldalóns fer þess á leit, að felldur verði niður tollur af íslenzkum nótum, sem stungnar eru erlendis. — Bréf 18. okt. (Db. 116).
Tollvernd iðnaðarins. Landssamband iðnaðarmanna sendir ályktanir iðnþings Íslendinga, þar sem m. a. er skorað á Alþingi og ríkisstjórn: 1) að tryggja iðnaðinum nægilegt rekstrarfé, 2) að breyta tollalöggjöfinni þannig, að tæki og hráefni til iðnaðar verði tollað í sömu flokkum og hráefni til landbúnaðar og sjávarútvegs, 3) að nema úr gildi söluskatt á þessu ári, 4) að hraða svo sem verða má byggingu hinnar fyrirhuguðu sementsverksmiðju, 5) að hraða eins og unnt er undirbúningi að breytingu á stjórnarskrá landsins, 6) að samþykkja frv. til l. um iðnskóla, og 7) að setja lög um Iðnaðarbanka Íslands h/f. — Bréf 10. sept. (Db. 35).
Tóbakseinkasala ríkisins sendir rekstrarreikning einkasölunnar fyrir árið 1950 og efnahagsreikning miðaðan við árslok s. á. — Bréf 27. marz. (Db. 1). — Sjá einnig Tillögur.
Tónlistarfélag Ísafjarðar, sjá Tónlistarskóli Ísafjarðar 2.
Tónlistarskóli Ísafjarðar.
1. Skólanefnd tónlistarskóla Ísafjarðar fer fram á, að 20 þús. kr. verði veittar til rekstrar skólans í fjárl. fyrir árið 1952. — Bréf 25. okt. (Db. 180).

2. Tónlistarfélag Ísafjarðar fer þess á leit, að því verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 20 þús. kr. styrkur til starfsemi sinnar. — Bréf 25. okt. (Db. 165).

Tónlistarskóli Vestmannaeyja. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., fer fram á, að 10 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til tónlistarskóla Vestmannaeyja. — Bréf 10. okt. (Db. 79).

Tónlistarskólinn á Siglufirði. Formaður skólanefndar tónlistarskólans á Siglufirði fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði veittur sami styrkur til skólans og til annarra hliðstæðra skóla. — Bréf 27. okt. (Db. 196).

Tónskáldafélag Íslands, sjá Ljósprentun tónverka.

Tónverk Kaldalóns, sjá Útgáfa tónverka Kaldalóns.

Trolle & Rothe h/f, sjá Bifreiðalög 4.

Tryggingastofnun ríkisins, sjá: Almannatryggingar, Atvinnuleysistryggingar 6, Framlag Tryggingastofnunar ríkisins til sýslumanna og bæjarfógeta, Slys á árinu 1951, Tillögur.

Tungnaá, sjá Vegamál 17.

Tunnuverksmiðjur ríkisins.

1. Bæjarstjórinn á Siglufirði sendir ályktun bæjarstjórnar, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að samþykkja þáltill. Jónasar Rafnar, þm. Ak., um rekstur tunnuverksmiðja ríkisins. — Símskeyti 20. jan. (Db. 573).
2. Verkamannafélag Akureyrar skorar á Alþingi að samþykkja sömu þáltill. — Bréf 20. nóv. (Db. 398).

— Sjá einnig: Atvinnuleysistryggingar 3, Mæðralaun 3, Tillögur.

Tye, Iris Dalmar, sjá Ríkisborgararéttur.

Ullarmatið, sjá Tillögur.

Umdæmisstúka Suðurlands, sjá Vínveitingar ríkisstjórnarinnar.

Umsóknir um störf við Alþingi 1951—52. (Db. 672).

Ungmennafélag Ásahrepps, sjá Bandalag íslenzkra leikfélaga 8.

Ungmennafélagið Baldur í Hraungerðishreppi, sjá Bandalag íslenzkra leikfélaga 9—10.

Uppeldisstofnun fyrir vandræðabörn.

1. Borgarstjórinn í Reykjavík fer fram á, að fé verði veitt í fjárl. fyrir árið 1952 til þess að koma á fót uppeldisstofnun fyrir vandræðabörn og ungmenni. — Bréf 19. nóv. (Db. 383).
2. Borgarstjórinn sendir ályktun bæjarráðs, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að setja sem fyrst á stofn hæli eða uppeldisstofnun fyrir unglinga samkv. 37. gr. l. nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna. — Bréf 18. okt. (Db. 106).
3. Menntmrn. leggur til, að 300 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til byggingar barnahæla. Jafnframt sendir rn. bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 3. okt., ásamt skýrslu Þorkels Kristjánssonar og Magnúsar Sigurðssonar um staðarval fyrir barnahæli. — Bréf 14. nóv. (Db. 334).
4. Menntmrn. sendir fjvn. til athugunar uppdrætti og áætlun um kostnað við byggingu uppeldisheimila fyrir vangæf börn og ungmenni. — Bréf 26. okt. (Db. 194).

— Sjá einnig Bygging íbúðarhúsa 1.

Uppfinningastarfsemi Magnúsar Guðnasonar. Páll Ísólfsson fer þess á leit, að Magnúsi Guðnasyni verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur ríflegur styrkur til uppfinningastarfsemi. — Bréf 12. des. (Db. 548).

Upptaka á þingræðum, sjá Vélræn upptaka á þingræðum.

Utanfararstyrkur til karlakórsins Geysis. Formaður karlakórsins Geysis fer þess á leit, að kórnum verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 30 þús. kr. utanfararstyrkur. — Bréf 8. okt. (Db. 259).

Utanríkisráðuneytið, sjá: Brennisteinsframleiðsla, Eftirlaun og styrktarfé 15, Ræðismannsskrifstofa í Hamborg, Sendiráðið í London, Sendiráðið í Osló, Sendiráðið í Stokkhólmi, Tillögur, Útgáfa Árbókar Norðurlanda.
Útbreiðsla næmra sauðfjársjúkdóma, sjá Varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.
Útflutningur á dilkakjöti. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., sendir útdrátt úr fundargerð stjórnar Kaupfélags Þingeyinga frá 26. nóv., þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að leyfa útflutning á því magni dilkakjöts, sem S. Í. S. hefur farið fram á að flytja á Bandaríkjamarkað. — Bréf 30. nóv. (Db. 465).
Útflutningur á saltfiski.
1. Aðalfundur sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda skorar á Alþingi að fella fram komið frv. til laga um útflutning á saltfiski. — Bréf 5. des. (Db. 492).
2. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um sama frv. — Bréf 13. des. (Db. 538).
3. Umsögn sölusambands ísl. fiskframleiðenda um sama frv. — Bréf 12. des. (Db. 535).

Útgáfa Árbókar Norðurlanda. Fjmrn. sendir erindi utanrrn., dags. 2. nóv., þar sem farið er fram á, að 20 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til að greiða hluta Íslands af kostnaði við útgáfu Árbókar Norðurlanda. — Bréf 17. nóv. (Db. 370).
Útgáfa íslenzkra æviskráa, sjá Íslenzkar æviskrár eftir Pál Eggert Ólason.
Útgáfa rita Jóns Dúasonar. Dr. Jón Dúason fer fram á, að honum verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 25 þús. kr. styrkur, auk verðlagsuppbótar, til útgáfu rita hans. — Bréf 12. okt. (Db. 94).
Útgáfa tónverka Kaldalóns. Snæbjörn Kaldalóns fer þess á leit, að honum verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 20 þús. kr. styrkur til útgáfu á tónsmíðum föður síns, Sigvalda heitins Kaldalóns. — Bréf 30. okt. (Db. 176).
Útgáfustarfsemi Alþýðusambands Íslands. Alþýðusamband Íslands fer þess á leit, að því verði veittar 150—200 þús. kr. í fjárl. fyrir árið 1952 til fræðslu- og útgáfustarfsemi. — Bréf 30. okt. (Db. 167).
Útskálaprestakall, sjá Prestakallaskipun 1.
Útvarpsstjóri, sjá: Ríkisútvarpið, Viðgerðarstofa útvarpsins.
Útvarpsumræða. Formaður þingflokks Alþýðuflokksins óskar, að útvarpað verði frá neðri deild Alþingis 1. umræðu um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. — Bréf 3. okt. (Db. 53).

Valgerður Ólafsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11, 36.
Vallanesprestakall, sjá Prestakallaskipun 8—9.
Varaþingmenn.
1. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., tilkynnir, að Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., hafi vegna annríkis heima fyrir næstu vikur farið fram á, að varamaður, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti hans á Alþingi, á meðan hann er forfallaður. — Bréf 14. jan. (Db. 616).
2. Forseti Nd. tilkynnir, að borizt hafi bréf frá Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf., þar sem hann fer fram á, að varamaður sinn, Magnús Jónsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í veikindaforföllum sínum. — Bréf 3. nóv. (Db. 217).
3. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., símar, að hann geti ekki komið til þings vegna annríkis heima fyrir næstu vikur, og fer fram á, að varamaður taki sæti sitt á þingi á meðan. — Símsk. 15. jan. (Db. 617).
4. Magnús Jónsson, 2. (vara)þm. Eyf., sendir drengskaparheit sitt um að halda stjórnarskrá landsins. — Bréflaust. (Db. 242).
5. Magnús Jónsson lögfræðingur sendir kjörbréf sitt. — Bréflaust. (Db. 241).

6. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., tilkynnir forseta Nd., að hann vegna veikinda treysti sér ekki til að sitja lengur á yfirstandandi þingi, og fer fram á, að varamaður, Magnús Jónsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni. — Bréf 3. nóv. (Db. 204).
7. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm., tilkynnir, að hann þurfi að fara utan til funda á þingi Evrópuráðsins í Strasbourg og dvelja þar um tveggja vikna skeið, og fer fram á, að varamaður, Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni. — Bréf 26. nóv. (Db. 430).

Varðgæzla í Faxaflóa, sjá Landhelgisgæzla 1.

Varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma. Umsögn fjmrn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1950, um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. — Bréf 30. okt. (Db. 159).

Vatnsfjörður, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 11.

Vatnsveita á Breiðdalsvík. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., fer þess á leit, að 30 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til vatnsveitu á Breiðdalsvík. — Bréf 16. okt. (Db. 93).

Vatnsveita á Hvammstanga, sjá Vegamál 15.

Vatnsveita á Patreksfirði. Oddvitinn á Patreksfirði fer þess á leit, að 100 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 sem styrkur eða lán til vatnsveitufram-kvæmda á Patreksfirði. — Bréf 30. nóv. (Db. 521).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, sjá Búnaðarbanki Íslands.

Veðurstofan, sjá: Aukavinna í veðurstofunni, Tillögur.

Vegalög. Vegamálastjóri sendir samvn. samgm. samrit af bréfi sínu til nefndarinnar, dags. 17. jan. 1951, með tillögum um þá vegakafla, er hann lagði þá til, að teknir yrðu í tölu þjóðvega. — Bréf 19. okt. (Db. 105).

Vegamál.

1. Austurvegur. Vegamálastjóri leggur til, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 1,5 millj. kr. veittar til Austurvegar. — Bréf 21. nóv. (Db. 413).
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf., fer fram á, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 320 þús. kr. veittar til vega í sýslunni, 190 þús. til brúa þar og 250 þús. kr. til hafnargerða. — Bréf ódags. (Db. 444).
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., og Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm., fara fram á, að 520 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til vega í Dalasýslu. — Bréf ódags. (Db. 295).
4. Barðastrandarvegur. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hraða lagningu vegar vestur eftir Barðastrandarsýslu og veita ríflega fjárhæð til þess vegar í fjárl. fyrir árið 1952. — Bréf ódags. (Db. 372).
5. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á Alþingi að veita á næstu árum rífleg fjárframlög til tiltekinna vega um byggðir við Ísafjarðardjúp. — Bréf ódags. (Db. 373).
6. Fljótsvegur. Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps fer þess á leit, að 20 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til brúargerðar á svokölluðum Fljótsvegi við Akurey. — Bréf 20. okt. (Db. 140).
7. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 440 þús. kr. veittar til vega í Norður-Þingeyjarsýslu og 460 þús. kr. til hafna þar. — Bréf 9. nóv. (Db. 263).
8. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., sendir tillögur sínar um fjárveitingar til vega og hafna í N.-Múlasýslu á árinu 1952. — Bréf ódags. (Db. 668).
9. Jón Gíslason, þm. V-Sk., sendir tillögur sínar um fjárveitingar til vega í Vestur-Skaftafellssýslu á árinu 1952. — Bréf ódags. (Db. 669).
10. Jón Pálmason, þm. A-Húnv., sendir tillögur sínar um fjárveitingar til vega í Austur-Húnavatnssýslu á árinu 1952. — Bréf 26. nóv. (Db. 670).

11. Mývatnsöræfavegur. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., og Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., fara þess á leit, að fé verði veitt í fjárl. fyrir árið 1952 til Mývatnsöræfavegar. — Bréf 19. okt. (Db. 121).
12. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., fer fram á, að 330 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til þjóðvega í sýslunni, 500 þús. kr. til brúargerða þar, 425 þús. kr. til hafnargerðar í Hornafirði og 10 þús. kr. til fyrirhleðslu í Hólmsá. — Bréf ódags. (Db. 390).
13. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., fer fram á, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 585 þús. kr. veittar til þjóðvega í sýslunni, 170 þús. kr. til að brúa Kárastaðaá og 940 þús. kr. til hafnargerða og lendingarbóta þar. — Bréf 22. nóv. (Db. 392).
14. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., og Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm., fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 460 þús. kr. veittar til þjóðvega í Norður-Ísafjarðarsýslu, 520 þús. kr. til að brúa Selá og til hafnargerða þar samkvæmt áætlun vitamálastjóra. — Bréf 22. nóv. (Db. 393).
15. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 220 þús. kr. veittar til þjóðvega í Vestur-Húnavatnssýslu, 255 þús. til að brúa Víðidalsá hjá Víðidalstungu, 25 þús. til lendingarbóta á Hvammstanga, 50 þús. til vatnsveitu þar og 2 þús. til sýslubókasafnsins á sama stað. — Bréf 9. nóv. (Db. 294).
16. Strandavegur. Hermann Jónasson, þm. Str., fer þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði veitt rífleg fjárhæð til Strandavegar norður til Bjarnarfjarðar og til brúargerða á sömu leið og enn fremur 100 þús. kr. til bryggjugerðar á Kaldrananesi. — Bréf 22. nóv. (Db. 408).
17. Tungnaá. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., sendir útdrátt úr fundargerð félags Þingeyinga í Reykjavík, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að gera sem fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess að brúa Tungnaá í afrétti Rangæinga eða setja á hana góða bílferju og opna með því sumarfæra akleið þvert yfir landið. — Bréf 17. des. (Db. 557).
18. Þingmaður Dalasýslu, Ásgeir Bjarnason, og 11. landsk. þm., Þorsteinn Þorsteinsson, senda tillögur sínar um fjárveitingar í fjárl. 1952 til vega í Dalasýslu. — Bréf 26. nóv. (Db. 671).
19. Þingmenn Árnesinga fara þess á leit, að 595 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til þjóðvega í sýslunni og 585 þús. kr. til hafnargerða og lendingarbóta þar. — Bréf 22. nóv. (Db. 391).
20. Þingmenn Eyfirðinga fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 460 þús. kr. veittar til vega í Eyjafirði, 50 þús. til hafna og 14500.00 kr. til bókasafna o. fl. — Bréf 7. nóv. (Db. 256).
21. Þingmenn N.-Múlasýslu fara fram á, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 560 þús. kr. veittar til þjóðvega í Norður-Múlasýslu, 770 þús. kr. til brúa þar, 200 þús. kr. til hafnargerða í sýslunni, 1200 kr. til bókasafns Vopnafjarðar og fé til að launa lögregluþjón í Vopnafjarðarkauptúni tvo mánuði að sumrinu. — Bréf ódags. (Db. 330).
22. Þingmenn Skagfirðinga fara þess á leit, að í fjárl. fyrir árið 1952 verði 545 þús. kr. veittar til þjóðvega í Skagafirði, 400 þús. kr. til brúargerða þar og 450 þús. kr. til hafnargerða og lendingarbóta. — Bréf ódags. (Db. 322).

— Sjá einnig: Brúargerðir 8, Vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Vegamálastjóri, sjá: Brúargerðir 3, 5, 7, Sjóvarnargarður í Gerðahreppi 2, Tillögur, Vegalög, Vegamál 1, Vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um rannsókn vegarstæðis milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. — Bréf 11. jan. (Db. 625).

Veiðimálastjóri. Landbrn. leggur til, að fjárveiting til greiðslu kostnaðar vegna l. nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði, verði í fjárl. fyrir árið 1952 hækkuð í 150 þús. kr., þar sem fyrirhugað sé að skipa á árinu mann í embætti veiðimálastjóra. — Bréf 12. des. (Db. 544). — Sjá einnig Tillögur.

Veitingasala. Samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. það, er milliþinganefnd, er samgmrh. skipaði 16. nóv. 1949 til að endurskoða lög um veitingasölu, gistihúshald o. fl., hefur samið um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Rn. fer fram á, að nefndin kynni sér frv. og flytji það með þeim breytingum, sem hún telur æskilegar, ef hún vill stuðla að því, að það nái fram að ganga. — Bréf 30. okt. (Db. 188).

Verðlag, sjá Útvarpsumræða.

Verðlagsdómur, sjá Útvarpsumræða.

Verðlagseftirlit. Alþýðusamband Íslands sendir ályktun miðstjórnar sambandsins, þar sem talið er, að skýrsla verðgæzlustjóra um vöruhækkun þá, sem orðið hefur síðustu mánuði, sýni, hversu mjög hafi skipt um til hins verra í verðlagsmálum þjóðarinnar, er horfið var að hinni svo kölluðu frjálsu verzlun, og því skorað á Alþingi og ríkisstjórn að setja nú þegar ákvæði um hámarksálagningu og sem öflugast verðlagseftirlit. — Bréf 3. okt. (Db. 51). — Sjá einnig Útvarpsumræða.

Verðlagsuppbót á lífeyri.

1. Fjmrn. leggur til, að 575 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til að greiða vísitöluuppbætur á lífeyri úr lífeyrissjóðum starfsmanna ríkisins, barnakennara, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna. — Bréf 5. des. (Db. 502).
2. Stjórn bandalags starfsmanna ríkis og bæja sendir ályktanir 14. þings bandalagsins, þar sem m. a. er skorað á Alþingi: 1) að gera ráðstafanir til þess, að verðlagsuppbót verði greidd á lífeyri eftir sömu reglum og á laun, 2) að setja ekki í fjárl. ákvæði um lengingu vinnutíma ákveðinna starfshópa, 3) að setja lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 4) að setja ný launalög, 5) að gera tilteknar ráðstafanir til þess að draga úr dýrtíðinni, 6) að hlutast til um, að framfærsluvísitalan verði endurskoðuð, og 7) að láta nú þegar framkvæma endurskoðun skatta- og útsvarslaga. — Bréf 23. nóv. (Db. 400).

Verkalýðsfélag Akraness, sjá Skattamál hjóna 1.

Verkalýðsfélag Álftfirðinga, sjá Ráðstafanir gegn atvinnuleysi 1.

Verkalýðsfélag Stykkishólms, sjá Togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Verkamanna- og sjómannafélögin í Reykjavík, sjá Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík.

Verkamannafélag Akureyrar, sjá Tunnuverksmiðjur ríkisins 2.

Verkamannafélagið Dagsbrún, sjá Atvinnuleysistryggingar 4, 7.

Verkamannafélagið Hlíf, sjá Ráðstafanir gegn atvinnuleysi 2.

Verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði, sjá Mæðralaun 3.

Verksmiðjuskoðunarstjóri, sjá Tillögur.

Verkstjóranámskeið. Samgmrn. sendir bréf verkstjórasambands Íslands, dags. 17. nóv., þar sem farið er fram á, að því verði veittur 15 þús. kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1952 til fræðslu verkstjóra. — Bréf 27. nóv. (Db. 440).

Verkstjórasamband Íslands, sjá Verkstjóranámskeið.

Verkstæði flugmálastjórnarinnar. Fjmrn. sendir eftirrit af bréfi flugvallastjóra til flugmálaráðuneytisins, dags. 25. sept., um rekstur verkstæða flugmálanna. — Bréf 26. okt. (Db. 146).

Verzlunarráð Íslands, sjá: Bifreiðalög 5, Innflutningur bifreiðavarahluta 2.

Verzlunarskóli Íslands, sjá Tillögur.

Vélbátaútvegurinn 1949. Reikningaskrifstofa sjávarútvegsins sendir skýrslur um rekstur vélbátaútvegsins árið 1949. — Bréf 17. júní. (Db. 20).

Vélræn upptaka á þingræðum. Kristján G. Gíslason & Co. gera grein fyrir verði á

tækjum til upptöku á þingræðum. — Bréf 7. apríl. (Db. 7). — Sjá einnig Hljóðritun þingræðna.
Vélskólinn í Reykjavík. Skólastjóri Vélskólans í Reykjavík sendir skrá um laun kennara skólans. — Bréf ódags. (Db. 482). — Sjá einnig Tillögur.
Vélstjóranámskeið. Fjórðungssamband fiskideildanna í Norðlendingafjórðungi fer fram á, að því verði í fjárl. fyrir árið 1952 veittur 40 þús. kr. byggingarstyrkur vegna vélstjóra- og sjóvinnunámskeiða. — Bréf 6. des. (Db. 496).
Viðbygging við landsspítalann. Stjórn kvenfélagsins Hringsins sendir afrit af tveimur bréfum landlæknis og heilbrigðismálaráðherra, dags. 14. febr. og 7. apríl, þar sem lagt er til, að hafizt verði handa um ráðgerða viðbyggingu við landsspítalann, gegn því að Hringurinn leggi fram til hennar allt það fé, sem hann hefur safnað til barnaspítala. — Bréf 29. okt. (Db. 163).
Viðgerðarstofa útvarpsins. Útvarpsstjóri sendir ársreikninga viðgerðarstofu útvarpsins fyrir árið 1950. — Bréflaust. (Db. 291). — Sjá einnig Tillögur.
Viðskiptamálaráðuneytið, sjá Tillögur.
Viðtækjaverzlun ríkisins.
1. Forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins sendir reikning verzlunarinnar fyrir árið 1951 og samanburð á rekstrinum árin 1950 og 1951. — Bréf 15. nóv. (Db. 310).
2. Viðtækjaverzlun ríkisins sendir endurskoðaða ársreikninga verzlunarinnar fyrir árið 1950. — Bréflaust. (Db. 640). — Sjá einnig Tillögur.

Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., sjá: Eftirlaun og styrktarfé 9, Vatnsveita á Breiðdalsvík, Vegamál 11.
Vinnuheimilið að Reykjalundi. Samband íslenzkra berklasjúklinga fer fram á, að vinnuheimilinu að Reykjalundi verði veitt ríkisábyrgð fyrir nýju rekstrarláni að upphæð 700 þús. kr. — Bréf 28. nóv. (Db. 447).
Vinnuhjálp húsmæðra. Aðalfundur sambands austfirzkra kvenna skorar á ríkisstjórnina að bera fram á Alþingi og samþykkja frv. það um vinnuhjálp húsmæðra, er Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv., flutti á síðasta þingi. — Bréf 30. ágúst. (Db. 30).
Vinnuhælið á Litla-Hrauni, sjá Tillögur.
Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði. Umsögn raforkumálastjóra um frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, á þskj. 276 (Fjarðará í Seyðisfirði og Hvammsá í Vopnafirði). — Bréf 20. nóv. (Db. 480).
Virkjun Fossár í Suðurfjörðum. Umsögn raforkumálastjóra um frv. til l. um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins (Fossá í Suðurfjörðum, Seljadalsá í Bíldudal og Suðurbólsá á Rauðasandi). — Bréf 10. nóv. (Db. 652).
Virkjun jarðgufu í Krýsuvík, sjá Jarðgufa í Krýsuvík.
Virkjun Múlaár í Geiradalshreppi. Gísli Jónsson, þm. Barð., sendir iðnn. Ed. bréf raforkumálastjóra, dags. 23. okt., ásamt skýrslu Sigurjóns Rists og mælingum varðandi virkjun Múlaár í Geiradalshreppi. — Bréflaust. (Db. 666).
Virkjun Sandár í Þistilfirði. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., sendir iðnn. Nd. bréf raforkumálastjóra, dags. 14. apríl 1950, um virkjun Sandár í Þistilfirði. — Bréflaust. (Db. 654).
Virkjun Smyrlabjargaár. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., sendir iðnn. Nd. bréf raforkumálastjóra, dags. 18. des., ásamt áætlunum um kostnað við virkjun Smyrlabjargaár. — Bréflaust. (Db. 651).
Vitamálastjóri, sjá: Hafnargerðir og lendingarbætur 2—3, 12—15, Sjómælingar, Tillögur.
Víkingur, Sveinn, sjá Prestakallaskipun 18.
Vinveitingar ríkisstjórnarinnar. Stórstúka Íslands, þingstúka Reykjavíkur, áfengisvarnarnefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði, umdæmisstúka Suðurlands, samvinnunefnd bindindismanna og áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur telja, að vínveitingar ríkisstjórnarinnar brjóti niður starf bindindismanna og það al-

menningsálit, sem þeir reyna að mynda, og skora á Alþingi að hlutast til um, að aðrir og betri hættir verði upp teknir í þessum efnum. — Bréf 30. okt. (Db. 173).
Vísindafélag Íslands fer þess á leit, að útgáfustyrkur til félagsins verði í fjárl. fyrir árið 1952 hækkaður í 15 þús. kr. — Bréf 16. nóv. (Db. 308).
Vorovka, Karel Václav Alexius, sjá Ríkisborgararéttur.
Vörubílstjórafélagið Þróttur, sjá Innflutningur bifreiðavarahluta 1.
Vörumerkjaskrárritari, sjá Tillögur.

Walbom, Wagner, sjá Ríkisborgararéttur.
Weg, Otto Arnold, sjá Ríkisborgararéttur.
Wilberg, Nils Petter Andreas, sjá Ríkisborgararéttur.

Yfirdýralæknir, sjá Tillögur.

Þingmannaheimili. Lúðvíg Hjálmtýsson fer fram á, að forsetar Alþingis hlutist til um, að honum verði veitt fjárhagsleg aðstoð til þess að koma upp þingmannaheimili og gistihúsi. — Bréf 12. nóv. (Db. 657).
Þingmannasambandið, sjá Norræna þingmannasambandið.
Þingmenn Árnesinga, sjá: Brúargerðir 6, Fjósið í Gljúfurholti 2, Vegamál 19.
Þingmenn Eyfirðinga, sjá Vegamál 20.
Þingmenn Norður-Múlasýslu, sjá: Prestakallaskipun 20—21, Vegamál 21.
Þingmenn Rangæinga, sjá Fjósið í Gljúfurholti 2.
Þingmenn Skagfirðinga, sjá: Dragnótaveiði í landhelgi 4, Mjólkursamlag Skagfirðinga, Sólheimadrengurinn, Vegamál 22.
Þingmenn Sunnmýlinga, sjá: Brúargerðir 8, Bætur til bóndans á Kirkjubóli vegna fjármissis.
Þingskriftir, sjá: Eftirlit með þingskriftum, Hljóðritun þingræðna, Vélræn upptaka á þingræðum.
Þingstúka Reykjavíkur, sjá Vínveitingar ríkisstjórnarinnar.
Þjóðleikhúsið. Þjóðleikhússtjóri sendir rekstrar- og efnahagsreikning þjóðleikhússins fyrir árið 1950, rekstraráætlun fyrir 1951, rekstraryfirlit 30. sept. 1951, launaskrá og áætlun um rekstrarkostnað 1952. — Bréf 31. okt. (Db. 177).
Þjóðleikhússtjóri, sjá: Laun erlendra leikara hjá þjóðleikhúsinu, Þjóðleikhúsið.
Þjóðminjasafnið, sjá Tillögur.
Þjóðskjalasafnið, sjá Tillögur.
Þorfinnur Kristjánsson prentari í Kaupmannahöfn. Valtýr Stefánsson, Guðbrandur Magnússon og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson fara þess á leit, að Þorfinni Kristjánssyni prentara í Kaupmannahöfn verði veittur 3500 kr. styrkur í fjárl. fyrir árið 1952 til útgáfu á ársfjórðungsritinu „Heima og erlendis". — Bréf 22. okt. (Db. 197).
Þorgrímur Hermannsson, sjá Dragnótaveiði í landhelgi 4.
Þormar, Hanne, sjá Eftirlaun og styrktarfé 17.
Þorsteinn M. Jónsson, sjá Bókasafn Þorsteins M. Jónssonar.
Þorsteinn Svanlaugsson, sjá Bætur vegna Óshlíðarslyssins 1.
Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm., sjá Vegamál 3, 18.
Þórir Bjarnason, sjá Bætur vegna Óshlíðarslyssins 2.
Þórshöfn, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 7.
Þórunn Jóhannsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 37.
Þuríður Káradóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 38.
Þurrkví. Fjmrn. leggur til, að 100 þús. kr. verði veittar í fjárl. fyrir árið 1952 til að greiða kostnað við athugun á því, hvar á landinu sé hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum. — Bréf 1. nóv. (Db. 199). — Sjá einnig Bygging þurrkvíar.

Sþ. 783. Þingmannaskrá

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, hf. = heilbrigðis- og félagsgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd, þ. = þingfararkaupsnefnd, A = Alþýðu-

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og ár
1	Andrés Eyjólfsson, bóndi	Mýrasýsla	27/5 '86
2	Áki Jakobsson, málflutningsmaður	Siglufjarðarkaupstaður	1/7 '11
3	Ásgeir Ásgeirsson, bankastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/6 '94
4	Ásgeir Bjarnason, bóndi	Dalasýsla	6/9 '14
5	Ásmundur Sigurðsson, bóndi	5. landskjörinn þm.	26/5 '03
6	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri, forseti efri deildar	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '89
7	Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra	Reykjavík, 1. þm.	30/4 '08
8	Björn Ólafsson, viðskiptamálaráðherra	Reykjavík, 3. þm.	26/11 '95
9	Brynjólfur Bjarnason, kennari	1. landskjörinn þm.	26/5 '98
10	Einar Olgeirsson, ritstjóri	Reykjavík, 2. þm.	14/8 '02
11	Emil Jónsson, vitamálastjóri	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02
12	Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '06
13	Finnbogi R. Valdimarsson, oddviti	7. landskjörinn þm.	24/9 '07
14	Finnur Jónsson, forstjóri	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94
15	Gísli Guðmundsson	Norður-Þingeyjarsýsla	2/12 '03
16	Gísli Jónsson, forstjóri	Barðastrandarsýsla	17/8 '89
17	Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri	Reykjavík, 7. þm.	29/12 '10
18	Gylfi Þ. Gíslason, prófessor	3. landskjörinn þm.	7/2 '17
19	Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri, 2. varaforseti Nd.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	17/4 '96
20	Hannibal Valdimarsson, skólastjóri	6. landskjörinn þm.	13/1 '03
21	Haraldur Guðmundsson, forstjóri	Reykjavík, 4. þm.	26/7 '92
22	Helgi Jónasson, héraðslæknir	Rangárvallasýsla, 1. þm.	19/4 '94
23	Hermann Jónasson, landbúnaðarráðherra	Strandasýsla	25/12 '96
24	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri, skrifari í Nd.	Rangárvallasýsla, 2. þm.	15/5 '09
25	Jóhann Hafstein, lögfræðingur	Reykjavík, 5. þm.	19/9 '15
26	Jóhann Þ. Jósefsson, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar	17/6 '86
27	Jón Gíslason, bóndi, 1. varaforseti Nd.	Vestur-Skaftafellssýsla	11/1 '96
28	Jón Pálmason, bóndi, forseti sameinaðs þings	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88
29	Jón Sigurðsson, bóndi	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	13/3 '88
30	Jónas Árnason, blaðamaður	10. landskjörinn þm.	28/5 '23
31	Jónas Rafnar, lögfræðingur, skrifari í Sþ.	Akureyri	26/8 '20
32	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, 1. varaforseti Sþ.	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84
33	Karl Kristjánsson, sparisjóðsstjóri, skrifari í Ed.	Suður-Þingeyjarsýsla	10/6 '95
34	Kristín Sigurðardóttir, húsfrú	9. landskjörinn þm.	23/3 '98
35	Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálafl.maður, 2. varaforseti Ed.	Seyðisfjarðarkaupstaður	21/10 '98
36	Lúðvík Jósefsson, framkvæmdastjóri	2. landskjörinn þm.	16/6 '14
	Í fjarveru LJós tók sæti hans 14/1 til þingloka:		
	Magnús Kjartansson, ritstjóri		25/2 '19
37	Ólafur Thors, atvinnumálaráðherra	Gullbringu- og Kjósarsýsla	19/1 '92
38	Páll Zóphóníasson, búnaðarmálastjóri	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	18/11 '86
39	Páll Þorsteinsson, kennari, skrifari í Nd.	Austur-Skaftafellssýsla	22/10 '09
40	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88
41	Rannveig Þorsteinsdóttir, lögfræðingur, 2. varaforseti Sþ.	Reykjavík, 8. þm.	6/7 '04
42	Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður	Snæfellsnes- og Hnappadalss.	25/3 '97
43	Sigurður Bjarnason, ritstjóri, forseti neðri deildar	Norður-Ísafjarðarsýsla	18/12 '15
44	Sigurður Guðnason, verkamaður	Reykjavík, 6. þm.	21/6 '88
45	Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður, skrifari í Ed.	Árnessýsla, 2. (vara)þm.	7/10 '96
46	Skúli Guðmundsson, skrifari í Sþ.	Vestur-Húnavatnssýsla	10/10 '00
47	Stefán Jóh. Stefánsson, forstjóri	8. landskjörinn þm.	20/7 '94
	Í fjarveru StJSt tók sæti hans 28/11—19/12:		
	Guðmundur Í. Guðmundsson, bæjarfógeti		17/7 '09
48	Stefán Stefánsson, bóndi	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	1/8 '96
	Í sjúkdómsforföllum StSt tók sæti hans 6/11 til þingloka:		
	Magnús Jónsson, lögfræðingur		7/9 '19
49	Steingrímur Aðalsteinsson, verkamaður	4. landskjörinn þm.	13/1 '03
50	Steingrímur Steinþórsson, forsætisráðherra	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	12/2 '93
51	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	20/9 '14
52	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, 1. varaforseti Ed.	11. landskjörinn þm.	23/12 '84

með bústöðum o. fl.

nálanefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfanefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = samlokkur, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur, SAS = Sameiningarflokkur alþýðu, Sósialistaflokkur.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Stjórnmálaflokkur	Þingdeild	Tala
Síðumúli	Hólavallagata 7, 2135	l, i, þ.		F	Nd.	1
Reykjavík	Drápuhlíð 36, 5939	a, þ.	11	SAS	Nd.	2
Reykjavík	Hávallagata 32, 4300, 7060	fjh.	35	A	Nd.	3
Ásgarður í Dalasýslu	Ásvallagata 26, 5682	sa, l.	2	F	Nd.	4
Reyðará í Lóni	Fjólugata 5	l, fjv.	8	SAS	Nd.	5
Akureyri	Hótel Borg	fjh, sj.	35	F	Ed.	6
Reykjavík	Blönduhlíð 35, 2261, 6740	u.	11	S	Ed.	7
Reykjavík	Hringbraut 10, 3901, 6740		3	S	Nd.	8
Reykjavík	Brekkustígur 14 B, 5938	fjh, m.	19	SAS	Ed.	9
Reykjavík	Hrefnugata 2, 1489	fjh.	19	SAS	Nd.	10
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður, 9181, 4982	i.	23	A	Nd.	11
Reykjavík	Ásvallagata 67, 3277, 6740		24	F	Nd.	12
Marbakki í Kópavogshr.	Marbakki, 4904	l, hf, a, u.	2	SAS	Ed.	13
Reykjavík	Reynimelur 49, 5849, 81565	a, aSþ.	24	A	Nd.	14
Reykjavík	Eiríksgata 27, 4245	sj, m, k.	18	F	Nd.	15
Reykjavík	Ægisgata 10, 4084, 1744	fjh, i, hf, fjv.	11	S	Ed.	16
Reykjavík	Oddagata 8, 2822, 1200	i, m.	14	S	Nd.	17
Reykjavík	Aragata 11, 5804	hf.	6	A	Nd.	18
Vopnafjörður	Hótel Borg	sj, fjv.	6	F	Nd.	19
Ísafjörður	Hólavallagata 5, 3807	sj, m, fjv.	6	A	Ed.	20
Reykjavík	Hávallagata 33, 4521	hf, a.	28	A	Ed.	21
Stórólfshvoll	Hótel Borg	hf, fjv.	19	F	Nd.	22
Reykjavík	Tjarnargata 42, 4718, 6740	u.	23	F	Ed.	23
Hella á Rangárvöllum	Hótel Borg	fjv.	11	S	Nd.	24
Reykjavík	Barmahlíð 32, 5433	fjh, a.	6	S	Nd.	25
Reykjavík	Bergstaðastræti 86, 3260, 4884	sj, i, u, aSþ.	35	S	Ed.	26
Norðurhjáleiga í Álftaveri	Hótel Borg	sa, aSþ.	4	F	Nd.	27
Akur í Torfalækjarhreppi	Vesturgata 12, 6472	l.	24	S	Nd.	28
Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9, 3033	l, aSþ.	27	S	Nd.	29
Reykjavík	Ásvallagata 17, 1373	hf, m.	2	SAS	Nd.	30
Akureyri	Hótel Borg	a, fjv, þ.	2	S	Nd.	31
Kaldaðarnes	Snorrabraut 87	a, u, aSþ.	40	F	Nd.	32
Húsavík	Hótel Borg	fjh, sa, fjv.	2	F	Ed.	33
Reykjavík	Bjarkargata 14, 3607	hf, m.	2	S	Nd.	34
Reykjavík	Suðurgata 4, 2324, 4314	hf, a, k.	10	S	Ed.	35
Neskaupstaður	Hótel Borg	sa, sj, aSþ.	10	SAS	Nd.	36
Reykjavík			2			
Reykjavík	Garðastræti 41, 3551, 6740	u.	33	S	Nd.	37
Reykjavík	Sóleyjargata 7, 2278, 3110, 5717	l, i, m, a.	23	F	Ed.	38
Hnappavellir í Öræfum	Bárugata 19, 3969	hf, m.	11	F	Nd.	39
Ytrihólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9, 3033	sj, fjv.	44	S	Nd.	40
Reykjavík	Drápuhlíð 41, 4567, 80205	i, hf, a, þ, k.	2	F	Ed.	41
Stykkishólmur	Skólabraut 13, 6281	fjh, sj.	2	S	Nd.	42
Vigur	Freyjugata 42, 7610, 7307	sa.	11	S	Nd.	43
Reykjavík	Hringbraut 88, 6425	i, k.	10	SAS	Nd.	44
Selfoss	Sólvallagata 3, 1311	sa, l, m.	2	S	Ed.	45
Laugarbakki í Miðfirði	Drápuhlíð 41, 4567	fjh, i.	19	F	Nd.	46
Reykjavík	Ásvallagata 54, 2077, 4277	u.	15	A	Nd.	47
Hafnarfjörður			10			
Fagriskógur	Hótel Borg	sa, aSþ.	13	S	Nd.	48
Reykjavík						
Akureyri	Hótel Borg	sa, sj, i.	11	SAS	Ed.	49
Reykjavík	Ásvallagata 60, 5494, 6740		18	F	Nd.	50
Brekka í Mjóafirði	Hótel Borg	sa, l, sj.	2	F	Ed.	51
Búðardalur	Suðurgata 18, 3106	fjh, sa, l, m, þ, k.	24	S	Ed.	52

Leiðrétting.

Sú villa hefur slæðzt inn við prentun fjárlaga fyrir árið 1952, að XIX. lið 22. gr. (bls. 938) er ofaukið. Liðatalan á eftir, XX—XXXVIII, á því að vera: XIX—XXXVII.